



HELGI P. BRIEM

MINNINGAR MÍNAR

Helgi P. Briem

Minningar mínar

og

fleira efni

Eggert Ásgeirsson

tók saman

Vandinn að skrifa er í því fölginn að þegja yfir nógu mörgu.

Úngur eg var. H.K.L.

Leyft er að nota efni bókarinnar ef heimilda er getið.

Útgefandi: Sigríður Dagbjartsdóttir.

Hönnun og prentun: Björgvín Ragnarsson/Háskólaprent.

ISBN 978-9979-72-034-8

Tölvudisklingur fylgir með efni bókarinnar.

Gefið út sem handrit.

2011

Efnisyfirlit

Eggert Ásgeirsson

Formáli	7
Inngangur.....	9

Helgi P. Briem: Minningar mínar

Bernska 1902-1912.....	37
Til stúdentsprófs.....	60
Nám í Þýskalandi.....	75
Kaupmannahöfn – Oxford - Besançon.....	89
Ferð Helga. P. Briem til Svíþjóðar vorið 1924.....	96
Hversdagslífið heldur áfram.....	109
Próf við Kaupmannahafnarháskóla.....	137
Reykjavík.....	145
Skattstjóri.....	148
Bankastjóri.....	166
Utánríkisþjónustan í myndun.....	175
Fiskifulltrúi.....	176
Bylting á Spáni.....	211
Berlín.....	240
Doktorspróf.....	250
Reykjavík.....	267
Utánríkisþjónustan í mótun.....	268
Portúgal - Bréfamiðlun - fréttabréf.....	270
New York.....	280
Stokkhólmur.....	291
Þýskaland.....	299
Heim.....	306

Eggert Ásgeirsson:

Fréttabréfa- og bréfamiðlun Helga P. Briem 1940-1942.....	309
Fréttabréf Helga P. Briem frá Portúgal.....	325

Helgi P. Briem:

Jón Helgason biskup.....	331
Jón Krabbe.....	339
Albert Einstein.....	350

Annie Whitehead Bielecka:

Doris Parker Briem.....	351
-------------------------	-----

Rúnar Þór Stefánsson

Bréfadreifing Helga P. Briem.....	352
-----------------------------------	-----

Skjalasafn Helga P. Briem. 78 öskjur. Skráð af E.Á.



Helgi P. Briem

Ljósmyndari: Ólafur K. Magnússon

Eggert Ásgeirsson

Formáli

Rit þetta er einkum efni úr skjalasafni Helga P. Briem í handritadeild Landsbókasafns Íslands. Álfheiður Sylvía Helgadóttir Briem veitti mér aðgang að safninu 2006. Þakka ég henni traustið sem ég reyni að endurgjalda með því gera ævi Helga P. Briem dálítil skil, flokka efnið, grófskrá það og gera öðrum tiltækt.

Þá hef ég skrifað upp sitthvað er varpar ljósi á sögu fjölskyldunnar, sumt áður lítt eða ekki þekkt. Til að tengja efnisþætti og fylla í eyður og reyna að lífga samantektina upp hef ég sótt efni í bréfasafn fjölskyldunnar, sem er í mínum fórum, auk þess sem skjalasafn Helga var náma. Eftir þörfum hef ég farið í önnur söfn, gögn og ættartöl, án þess þó að geta um það hverju sinni, enda tel ég að nokkuð megi ráða í hvaðan efnið er. Vona ég að þessi óhefðbundnu aðföng valdi ekki ruglingi.

Í stað þess að skrifa ávisögu frænda míns, sem eins og flestar slíkar, er bæði flókin og margbrotin, hef ég reynt að láta heimildir ráða för; fyllt í eyður með eigin minningum, sem ég vona að ekki séu ruglaðar, þótt sjálfur sé ég kominn til ára minna! Með þessu leyfi ég lesara að komast að niðurstöðum og kynnast skemmtilegum manni. Samkvæmt tíðkaðri ávisagnagerð hefði saga Helga orðið löng og umdeilanleg. Ég hefði þrengt mér inn milli persóna, heimilda og lesenda með hlöðnum umsögnum sem fáir hefðu treyst sér til að sannreyna með því að leita sjálfir heimilda. Með þessu býð ég lesendum upp á að taka afstöðu til Helga P. Briem, ævi hans, fjölskyldusamskipta, sögu og persónuleika.

Því miður þurfti ég að sleppa samskiptunum við fjölskyldu Dorisar Briem á Englandi og vinafólk fjölskyldunnar. Þau reyndust flókin, hópurinn fjölmennur og fjarlægur mér, þó suma hafi ég hitt.

Til að létta leit, notkun og auðvelda afritun, fylgir efnið á tölvudisklingi. Ég hef fengið efnið að miklu leyti frá öðrum og gef öðrum heimild til að nota það og - umfram allt - bæta um betur.

Bestu þakkir færi ég börnunum okkar Sigríðar, Ásgeiri, Degi og Auði, sem hafa lagt sig fram um að leysa vanda er upp hefur komið.

Inngangur

I

Helgi P. Briem hafði áhrif á æskuár mín og uppeldi. Hófst það, þótt ég minnst þess ekki sjálfur, er mér var komið í pössun hjá þeim Dorisi um skeið, hálfis annars árs, um það leyti sem Páll bróðir minn kom í heiminn 22.4.1931.

Kannski væri þetta ekki munað nema vegna þess að Helgi og Doris voru barnlaus og höfðu mig þess vegna í hávegum, bæði meðan á fósturinu¹ stóð og lengi síðan. Við tækifæri upp frá því voru rifjuð upp smáatriði frá Marargötu, en þar bjuggu þau Helgi, uns þau fluttu til Spánar. Meðal þess sem ég gerði í óvitaskap var að setja smáhluti úr baðherbergi þeirra í klósettið og sturta niður. Yfir þessum og öðrum tiltektum mínum skemmtu þau sér oft síðan. Þetta var ekki merkilegt. En fyrir þau, barnlaust fólk, var þetta skemmtilegt og lærdómsríkt. Ég vissi ekki fyrr en ég hóf skráningu minningabrota þessara og efnisöflun að barnkoma var þeim einkum mikilvæg þar sem Doris hafði oftast en einu sinni, að því er virðist, misst fóstur. Ekki síst var þetta þýðingarmikið fyrir Dorisi, en sest hafði að henni ungri illur grunur um að hún yrði óbyrja.

Er ég óx úr grasi var Helgi ópreytandi að skrifast á við mig, og okkur unga frændfólkið, senda gjafir og minnast við okkur á allan hugsanlegan máta. Loks er þau nálgudust starfslokin fluttu þau hingað til lands. Þá fékk ég, þó í litlu væri, færi á að launa fóstur, hlýju og þægilegheit þeirra við fjölskyldu mína og mig.

--

Er við Sigríður höfðum ákveðið að rugla reitum saman vildi svo til að henni var gert starfs vegna að dveljast í Hamborg á jólum 1959. Þá buðu þau henni til sín í Bad Godesberg. Hún kynntist fjölskyldunni og jólahaldi sendiherra í framandi landi, ólíku því sem hún átti að venjast.

Við Sigríður höfðum þá gengið í Byggingasamvinnufélag prentara og festum okkur íbúð á 12. hæð í húsi nr. 23 við Sólheima í Reykjavík. Tók byggingin okkur langan tíma. Við kaupendurnir lögðum fram vinnu okkar við byggingu fyrsta háhýsis landsins.

Öllu þessu fylgdist Helgi með, skoðaði íbúðina og fékk áhuga á húsinu, enda farinn að hugsa heim. Hann ákvað svo að ganga í félagið, kaupa tvær íbúðir á 10. hæð. Kom það í minn hlut að annast kaupin, sameiningu íbúðanna, innréttingar, frágang og aðstoða þau við búferlaflutninga hingað og flutning í húsið sem varð heimili hans og Dorisar upp frá því.

¹ Þetta var orðið sem Helgi nefndi pössunina. Sjálfan mig gjarnan *fóstru*.

Helgi varð áhrifamaður innan þessarar miklu byggingar, formaður hússtjórnar sem átti í deilum við byggingasamvinnufélagið. Reyndi þá á samningatækni Helga. Íbúarnir nutu hugkvæmni hans og myndugleika.

Um sambýli varð því miður ekki að ræða. Sjálf fluttum við ekki í húsið og seldum íbúðina síðar. Eigi að síður varð samgangur náinn og heimsóknir margar í Sólheimana.

Sólheimarnir urðu örlagastaður fyrir fjölskyldu Dorisar og Helga. Í húsinu kynntist Álfheiður Sýlvía lífsförunauti sínum, Magnúsi Pálssyni, og stofnaði með honum til stórrar og myndarlegrar fjölskyldu.

--

Heimsóknir Helga og Dorisar til fjölskyldunnar og dvöl þeirra hjá móður minni, meðan þau bjuggu erlendis, höfðu líka áhrif á mig og uppvöxt okkar Páls bróður míns. Sagði ég í grein, að Helga látnum, að hann hafi orðið föðurmynd mín, en við bræður höfðum ungir misst föður okkar. Heimsóknir Helga og Dorisar til Íslands, sem skv. gögnum virðast ekki hafa verið margar, hafði eigi síður mikil áhrif á okkur og fleiri frændsystkin okkar og minnast þau gjarnan á þær er við komum saman.

Ekki var sjálfsagt að öllum börnum væri veitt athygli og þeim sýnd umhyggja á þeim árum. En barngæska var meðal margra eðliskosta Helga. Hann var glaðsinna fjörmaður, skemmtilegur og áhugasamur um velferð og þroska okkar; frænda og vinafólks. Var það sannarlega dýrmætt fyrir okkur bræður; sjálfsagt fyrir frændsystkinin öll og fjölskyldur þeirra, að eiga hann að. Ekki síst var það þó mikilsvert fyrir barnabörn hans sem ólust upp á næstu grösom við afa sinn og ömmu.

Börnin mín dáðu þennan frænda sinn; ávallt glaðværan með gamanyrði á vörum, kenndi þeim framandi síði, mótandi umhverfi sitt; eftirsóttur gestur og gestrisinn eins og þau Doris bæði.

--

Helgi hélt fjölmargar ræður á ýmsum vettvangi. Hvílík ósköp það voru vissi ég þó ekki vel fyrr en ég fór að skoða eftirlátin gögn hans. Hann kvartaði stundum yfir því fyrr á árum að hann væri stirðmæltur; að því leyti líkur föður sínum. Þeim lét báðum betur að skrifa.

Ýmislegt þekktum við; útgefnar bækur og birtar greinar t.d. það sem finna má á *gegnir.is*, þó aðeins brot þess sem ég kynntist er ég fór að ská gögn hans og raða.

Helgi byrjaði ungur að skrifa. Hófst það með dagbókum, glettnum fjölskyldubréfum og ferðasögum. Hér birtist brot af því efni.

Í gögnum Helga er fjöldi ræðuhandrita sem hann flutti við mörg tækifæri. Sem fyrr sagði hafði hann orð á því að hann væri ekki málliðugur. Það má líka sjá að hann skrifaði stundum nákvæmlega hjá sér það sem hann ætlaði sér að segja. Aðstæður leyfðu ekki alltaf mikinn undirbúning.

Nokkrar upptökur af máli hans í hljóðvarpi hef ég heyrt. Þá setti hann sig gjarna í formlegar stellingar; settlegur í tali. Þetta getum við vel skilið sem eldri erum. Áður var fólk yfirleitt óþjálfað í framsögn og hræddist gagnrýni. Þetta var á þeim tíma er allir fylgdust með öllum, skiptust í fylkingar; mál manna gjarna afflutt og skoðanir gerðar upp. Þurfti því aðgæslu við. Ekki síst var það hlutskipti Helga, bæði meðan hann stundaði nám og síðar er hann tók afstöðu til stjórnmála. Og lengi síðar, því pólitík var langlíf - leið tók, eins og sagt hefur verið.

--

Við Helgi áttum ekki beint samleið eftir að ég óx úr grasi. Ýmislegt áttum við þó sameiginlegt. Í fyrsta sinn er ég fór til útlanda tæplega tvítugur heimsóttum við Páll bróðir minn Helga í Stokkhólmi. Höfðum við gleði af að kynnst þeim hjónum á heimili sínu betur en við höfðum áður gert. Sérstaklega var þó, og er, Álfheiður Sylvía, dóttir þeirra, yndi okkar, eins og allra í fjölskyldunni. Helgi var örlátur í anda og raun.

Þá bjó ég í Stokkhólmi er Helga var falið, haustið 1955, að snúa þangað aftur, stuttan tíma, frá Þýskalandi, eftir að hann hafði látið af sendiherrastörfum þar, til að sjá af ríkisins hálfu um sitthvað í sambandi við afhendingu, réttara sagt, móttöku, Halldórs K. Laxness á Nóbelsverðlaununum.

Kollegi Helga sagði mér: *Helgi gat ekki verið leiðinlegur.*¹ Jafnvel er hann flutti ræður á fundum Varðbergs! Þetta barst í tal er rædd voru heldur neikvæð ummæli Ragnars í Smára um Helga, sem vitnað var til í ágætri bók Jóns Karls Helgasonar.² Helgi virðist hafa farið í taugarnar á Ragnari, þótti hann leiðinlegur, er þeir voru í Stokkhólmi við afhendingu Nóbelsverðlaunanna.

--

Þegar verðlaunin voru tilkynnt var ég við störf í Örebro í Svíþjóð. Er ég kom á gististað, þar sem ég bjó við Storgatan, heyrði ég fjarlægt tal í útvarpinu þar sem einhver var að segja frá lífi sínu og áhrifum ömmu sinnar á sig.

Þótt ég þekkti HKL hafði ég ekki heyrt hann ræða ömmu sína sérstaklega, en það gerði hann nú og oft síðar. Þá var heldur ekki alþekktur sérkennilegur talsmáti hans og rómur, enda var hann ekki orðinn fastur gestur útvarps (fjölmíðla) svo

¹ Persónul. athugasemd. Ólafur Egilsson fyrrv. sendiherra. Varðberg var tengt Samtökum um vestræna samvinnu.

² Jón Karl Helgason: Mynd af Ragnari í Smára. Rvík, 2009.

sem síðar varð. Halldór kom oft í fjölritunarstofu móður minnar, eins og margir listamenn; voru þau góðir vinir.

Þarna rann upp fyrir mér að mikill viðburður hefði átt sér stað. Í fyrsta sinn á ævinni pantaði ég millilandasímtal til að segja fjölskyldu minni frá þessu.

Verkefnið í Stokkhólmi tók Helgi að sér af lítillæti, þrátt fyrir orð Ragnars, blessaðs. Helgi sagði þá í bréfi til Sigurðar Nordal að hann ætti að verða þar til aðstoðar Birgi Möller, sendifulltrúa við að *skenkja í kampavinsglösin*. Það gerði hann reyndar á sinn skemmtilega máta sem við landar gleymum ekki.

--

Helgi vildi allt fyrir Ísland gera, ekki síst fyrir Halldór bekkjarbróður sinn. Um það ber bréfasafn hans vott. Reyndi hann að telja í hann kjark er á móti blés eins og síðar verður dregið á.

Skemmtilegt var að verða vitni þessa viðburðar og alls þess sem gerðist í sambandi við hann. Helgi var líka að skera upp ávöxt af löngu kynningarstarfi í samvinnu við ýmsa mestu andans menn Svía og íslandsvini. Nefni ég rúnafræðinginn, *Rína-Janna*, eins og hann var kallaður í Svíþjóð, Sven B.F. Jansson, seinna ríkisskjalavörð og hafði verið sendikennari hér á landi. Um þær mundir og lengi síðar var hann einhver vinsælasti útvarpsmaður landsins. Hefði eflaust orðið forseti sem Íslendingur!

Þar var að sjálfsögðu laxnessþýðandinn Peter Hallberg í fremstu röð. Peter var háskólakennari í Gautaborg, átti tvær systur frá Dagverðareyri, hvora á eftir annarri. Þá komu að sjálfsögðu til skjalanna ýmsir þeirra átján sem skipuðu Akademiuna.¹

Mikilsverður var, að ég hygg, góðfrægur áhrifamaður, þjóðfræðiprófessor í Uppsöllum, Dag Strömbäck. Hann var einn margra lærdómsmanna sem höfðu búið í Tjarnargötu 24, leigt herbergi og bjó þar oft síðar og var í kosti hjá Álfheiði, móður Helga, frá því er hann stundaði hér ungur íslenskunám. Fámáll en músíkalskur, sagði amma. Þaðan voru kynni þeirra Helga sprottin.² Auk Sigurðar Nordal og Ólafar Jónsdóttur Nordal konu hans komu frá Höfn Jón Helgason prófessor og kona hans Þórunn Björnsdóttir frá Gröf.³

--

Minnisstætt fyrir okkur Pál var að koma til Stokkhólms 1949. Þá var þar haldið upp á hátíðisdag, *Barnens dag*. Mun íslenski fáninn hafa verið dreginn að húni við götur

¹ *De aderton*, sem sænska akademían er nefnd.

² Var fjör í húsinu er Dag Strömbäck kom í heimsókn. Meðal annars var hann hér með söngkórnum fræga *Orfei drängar*, sem hann hafði lengi sungið með. Þótti okkur mörgum nafn kórsins spaugilegt, þar til við höfðum heyrt kórinn syngja.

³ Þar átti sér stað ómerkilegt atvik. Jón fór í vitlausan buxur. Söguna sagði hann oft, og í ýmsum útgáfum; því mergjæðri sem hann sagði hana oftar. Kemur sagan aftur fyrir seinna. Vitni voru ungu hjónin, Jón Hnefill Aðalsteinsson, prófessor, sem þar vann í vöruhúsi, og Svava Jakobsdóttir, rithöf., sem starfaði í sendiráðinu.

borgarinnar fyrst og sporvagnar skreyttir með honum til jafns við aðra norræna þjóðfána. Því hafði Helgi komið til leiðar á sinn hlýlega diplómatiska hátt. Var svo upp frá því lengi.¹ Mjög vorum við Íslendingar ánægðir með þetta fullgildistákn. Nú er ekkert talið sjálfsgæðara. Stórbrotin sjón var þá, fimm árum eftir stofnun lýðveldis, að sjá fánann okkar speglast í Strauminum við enda Drottningargötunnar, gegnt Ríkisdeginum.

--

Sex árum seinna var ég um skeið við starfsnám í Köln, í nágrenni Bad Godesberg, Helga og fjölskyldu hans sem þá var sendiherra í Bonn í Þýskalandi.² Þar kynntist ég enn hvernig hann plægði jörðina fyrir Ísland. Hvarvetna var hann snillingur við að koma á tengslum við *menningareltuna*, lagði sig fram t.d. síðar að koma á framfæri verki Ólafs Jóhanns Sigurðssonar, *Vorkaldri jörð*, sem Ute Jacobshagen³ þýddi. Árangur var í það sinn, því miður, ekki í samræmi við viðleitni. Tími Ólafs Jóhanns var ekki kominn.

Kynnin af Helga í erlendu sendistarfi hans leiddi í ljós að hann var góður fulltrúi fyrir þjóð sína; í essi sínu í menningarumhverfi og hafði áhrif með starfi sínu. Að vísu verð ég að viðurkenna að smekkur okkar á list var ólíkur. Mér þótti t.d. skrítið þegar hann bað mig um að fara á uppboð og bjóða fyrir sig í myndir sem mér þótti ekki neitt til koma, gerði það samt, þótt mér fyndist ég verða mér til hálfgerðar skammar. Enn eru þeir lifandi er muna þetta - og dást að smekk mínum! Ég hækkaði boðið þegar hann tók í eyrnasnepillinn, tveim bekkjum fyrir framan mig í Listamannaskálanum.

Allt þetta hefur runnið upp fyrir mér er ég hef verið að kanna heimildir um Helga P. Briem, lesa bréfin sem hann sendi fjölskyldunni og fleirum ásamt gögnum sem hann lét eftir sig,⁴ Sumu hafði ég gleymt. Annað sé ég nú í nýju og skýru ljósi. Minningarnar eru svo margar að vonlitið er að telja allt upp, hætt við að þessi formálsorðin snúist um mig en ekki Helga. Þó verð ég að segja frá fáum atriðum. Við vorum aldir upp í sama húsi, Tjarnargötu nokkurn veginn á sama heimili – í frændrækni og umhverfi ættarsögunnar.

II

Jón Helgason biskup bjó í næsta húsi við okkur, nr. 22. Hann og Álfheiður amma mín og systir hans, innrættu Helga, og síðar fleirum, virðingu fyrir ættinni og

¹ Á *Barnens dag* var Páll bróðir minn fenginn til að ganga með íslenska fánann í fylkingu um götur borgarinnar. Flaggið var stæst og Páll mun eldri en hinir krakkarnir, gat vart kallast krakki! Var vel lukkað samt!

² Bad Godesberg er útborg Bonn.

³ Hún þýddi líka þjóðsöng Íslands á þýsku.

⁴ Helgi hafði þann hátt á lengst af að vélrita bréf sín. Þannig eru þau oft varðveitt í tvíriti. Móðir mín vélritaði líka og tók afrit; og geymdu. Dágóður bunki!

skyldunni að halda saman gögnum um hana. Tók Helgi mér aldeilis fram í því efni, eins og ég hef reynt. Vissi ég áður fátt um viðfangsefni Helga annað en að hann var sjór af fróðleik, með mörg áhugamál sem hann bjó gjarnan í fjörlegan búning.

Eftir að Helgi P. Briem dó var skjalasafn hans flutt í handritadeild Landsbókasafns. Tók ég fljótlega að kynna mér það og koma því svo fyrir að það yrði aðgengilegt.¹

--

Helgi var vel skriffær. Byrjaði á þeirri þjálfun ungur maður. Hann skrifaði alla tíð margt bréfa. Í því fékk hann *skrifþjálfun*, eins og fleiri systkinanna. Sumu hélt hann til haga. Sjá má í safninu stöku sinnum að hann hafði það í huga að eitthvað af því efni mætti varðveitast. Bendir það til að hann hafi ætlað sér að gera því betri skil síðar, sem sjaldan verður.

Einungis eru 18 rit og greinar eftir hann skráðar í Gegni – vef bókasafnanna. Miklu fleira er skráningarvert. Sumt birtist í tímaritum og blöðum meðan hann var enn við nám.

Í skjalasafni Helga eru handrit af fjölda greina, en ekki getið hvað af þeim varð, hvort efnið var birt eða ekki. Einnig er minnst á birtar greinar sem ekki hafa fundist. Þetta sýnir að hann tók sig ekki hátiðlega. Fleiri skýringar geta þó verið.

Helgi var sívinnandi, lesandi og skrifandi; notaði tímann vel. Að því leyti hafði hann lífsreglu Jóns biskups, frænda síns, sem sagði í sálmi: *Starfa því aldrei aftur, ónotuð kemur stund*. Stundirnar virðast hafa verið stopular og hann ekki ráðið tíma sínum. Sýnast skrif hans stundum hafa verið trufluð í miðju kafi, t.d. er hann fluttist milli landa eða var kallaður frá í skyndi. Sérstaklega á það við fyrri hluta ævi hans, fram að síðara heimsófriðnum þegar hann varð viðskila við gögnin og búslóðina í hálfan áratug.²

Lengi var Helgi á þeytingi um Evrópu í þjónustu landsins. Um árabíl átti hann ekki fastan samastað eða heimili. Stundum virðist hann hafa þurft að pakka saman gögnum sínum og heimili með stuttum fyrirvara. Þá voru sum skrif hans líklega hálfköruð. Er hann komst aftur í gögnin voru stundum mörg ár liðin; vafamál hvort hann hefur pakkað efninu upp aftur eða haft löngun til að taka upp þráðinn þar sem frá var horfið. Sem dæmi um þetta má nefna ævisögu vinar hans, Sigurðar Sigurðssonar búnaðarmálastjóra. En honum var annt um minningu hans og lét Jónasi Þorbergssyni allt efni sitt eftirtölulaust í té er hann reit ævisögu Sigurðar og gaf út.³

¹ Hef ég skilað af mér til Landsbókasafns: *Bréfasafn Halldórs og Susíe Briem*. Einnig slegið bréfasöfnum saman: *Úr fjölskyldubrúbréfasöfnum Susíe og Halldórs Briem; Álfheiðar og Páls Briem*, 2009. Hvort tveggja með skýringum um sögu skjalasafnsins og þátt Álheiðar Sylvíu Briem. Síðast skila ég skýrslu um bréfa og skjalasafn HPB og þessu riti.

² HPB virðist hafa þrúð að fræða og skrifa. Það má sjá á gögnum efri ára hans er hann var þátttakandi í frímúra-, guðspeki- og sálarannsóknasamtökum.

³ Jónas Þorbergsson (1885-1968): *Sigurður Sigurðsson frá Draflastöðum*, ævisaga; 1960.

--

Fyrir heimstjryöldina síðari var Helgi lengi í Kaupmannahöfn. Notaði hann stundir milli ferða í ríkisskjalasafninu. Sama gerði hann er stundir gáfust í Reykjavík svo sem má sjá á skráningarblöðum hans á efni úr Þjóðskjalasafni og Landsbókasafni.¹

Hann hafði lengi hugann við ýmis áhugæfni, t.d. um jarðfræði Íslands, ævi föðurfólks síns og um vesturferðir Íslendinga á landnámstíma. Um þetta og fleira eru minnisblöð, myndir, tilvitnanir og úrklippur á víð og dreif í skjalasafninu. Hefur hann sennilega ætlað sér að snúa sér að því síðar, en tækifæri gengið úr greipum. Eru gögnin stundum torskilin, án skýringa og dagsetninga. Þetta er ekki nefnt neinum til hnjóðs.²

Hinsvegar var margt sem skilaði góðum árangri. Skilningur hans var næmur og hann gat sökkst sér niður í sögu, náttúru- og jarðfræði. Undravert hvernig það var mögulegt.

Helgi átti bréfaskipti við fræðimenn um viðfangsefni sín. En að hann skyldi geta skrifað slík ósköp á ensku um jarðfræði Íslands kemur á óvart. Þetta er ókannað dæmi.

Eins var með landkynningarbækurnar tvær eða þrjár. Fjölskyldan á Íslandi hafði litla hugmynd um að slíkt stæði til; sýnist vart hafa verið nefnt í fjölskyldubréfum.³ Ef rýnt er í gögn hans hefur hann haft bókina *Iceland and the Icelanders* lengi í vinnslu.

Hvernig hann datt niður á þá kenningu, sem birtist í bókinni, sem síðar var sett fram af öðrum, að Ásbyrgi hefði myndast í flóðum, má ótrúlegt teljast. Það gerði hann samt, að því er virðist, eftir stuttar heimsóknir þangað, lykkjur á leið í erindum í þágu banka eða fiskmats.

--

Nám Helga var lítt undirbúið. Kemur fram í minningarbrotum hans að ætlunin var að stunda verslunarnám, þar sem fátækt hamlaði háskólanámi. Þá fékk hann námstyrk til náms á *háskólastigi*, eins og nú er sagt. Því varð hagfræði fyrir valinu. Þetta tafði hann í eitt ár.

Hann valdi Berlín og síðar fleiri staði, stöðugt leitandi eftir því besta, sem einnig hentaði naumum fjárráðum. Hlaut hann ýmsan ávinning af námi í fleiri löndum og hagfræðiskólum og varð sjálfstæður í hugsun. Hann gerði miklar kröfur til sjálfs sín

¹ Skráningin var mikil vinna; allt þurfti þá að handskrifa.

² Tekið skal fram að aðstæður er skjölin voru flutt í handritadeild voru ekki góðar og þau sem bjuggu um þau til flutnings voru Helga P. Briem okunnug.

³ Gæti hafa nefnt það í bréfum til Eggerts bróður síns, en þau virðast ekki hafa varðveist.

og skólanna, þó hann ætti ekki ríka að.¹ Tók sig upp, fyrirvaralaust, ef námið skilaði ekki þeim árangri sem hann óskaði.²

Hagfræðináminu lauk Helgi í Danmörku. Hann þekkti að Íslendingar báru enn virðingu fyrir því sem danskt var og það væri því gagnlegt fyrir starfsframann. Þó undi hann sér þar ekki rétt vel og hvarf þaðan um skeið til náms á Englandi og í Frakklandi.

Námið í Danmörku, stúdentslífið og þátttaka í félagsmálum virðist eigi að síður hafa þroskað hann. Að því er hann sagði stóðu prófessorar hans þar að baki þeim sem hann nam hjá annars staðar.

Helgi var orðinn fær í dönsku, sænsku, þýsku, ensku og frönsku er hann lauk prófi. Það sem meira var, hann hafði náð tókum á vísindalegum vinnubrögðum. Ekki aðeins vegna háskólanáms síns, heldur og með því að fylgja eftir áhuga sínum á sögu og fleiri greinum og kynnast vísindamönnum í skjalasöfnum s.s. British Museum.

Mömmu hans leist hreint ekki á þennan flækning milli skóla og landa. Hún virðist hafa verið neikvæð gagnvart hugmyndum hans; ekki hafa haft skilning á stefnu hans.

Kannski gerði hann henni ekki grein fyrir ætlunarverki sínu eða var sjálfum það óljóst. Hún gat ekki veitt honum fjárhagslegan stuðning, embættismannsekkja á lágum eftirlaunum enda vissi hann það fyrir.³ Hún átti ekki átt trúnað hans. Ýmislegt skýrist þó af bréfaskiptum þeirra systkina og Dorisar og kemur sumt fram síðar.

Neikvæð afstaða mömmu hans sýnist hafa valdið því að samband þeirra mæðginanna þróaðist ekki sem skyldi. Varpa bréf þeirra nokkru ljósi á þennan þátt í persónuleikasögu hans. Samband foreldra og barna er flókið og oft torskilið.

Sama er ekki að segja um tengslin við systkinin. Þau stóðu með honum og studdu hann. Í bréfum þeirra kom fram að sum þeirra lögðu honum til þá fjármuni er þau gátu enda þótt þau ynnu lágt launuð skrifstofustörf. Samband systkinanna tók miklum breytingum í árána rás, enda þroskuðust þau, hvert með sínum hætti sem eðlilegt er.

--

Ekki er vitað hvað varð til þess að Helgi fór að rannsaka Jörund hundadagakóng og sjálfstæði Íslands. Í formála að *Sjálfstæði Íslands 1809 / Byltingin 1809* sagði:

¹ Fékk styrki til viðbótar. Sjá síðar.

² Helgi lauk námi á stuttum tíma, með annarri einkunn. Efnahagurinn leyfði ekki nostur. Lengi var hann, að eigin sögn, skuldum vafinn. En hann hafði hlotið óvenju viðtæka menntun.

³ Er mér í æskuminni hvað henni þótti febrúar góður mánuður, því þá entust eftirlaunin betur.

Haustið 1925 dvaldi ég mánaðartíma í London. Skyggndist ég þá mér til gamans í handrit Jörundar hundadagakóns sem geymd eru í British Museum. Konungsgarður er rúmur inngangs, en þröngur brottfarar sagði Arinbjörn hersir. Og svo reyndist mér. Vildi ég kynnast betur hinum fyrsta konungsgarði á Íslandi, hvernig þjóðinni var stjórnað þaðan, hvernig hún tók innlendri stjórn, og hvernig fór um þessa stjórn.

Ekki ber þessu saman við frásögn hans í *Minningum*, hér á eftir, og skakkar m.a. ári. Segir hann þar að þetta hafi átt sér stað 1924. Bréf hans segja fátt um efnið. Þau Doris ræddu slíkt efni í bréfum sínum meðan þau voru aðskilin. Þá voru þau mikið saman og skrifuðust því ekki á. Þá dró líka eðlilega úr bréfaskriftum við systkinin.¹ Við móður sína ræddi hann þetta lítið. Rannsóknirnar tóku langan tíma og stundum minnst hann á rannsóknarvinnu sína.

--

Söguáhugi Helga virðist lengi hafa verið að gerjast. Það sýna margar minnisgreinar hans sem reyndar eru flestar ódagsettar. Má þó fá vísbendingu af rithöndinni. Líklegt er að hann hafi byrjað að skyggna í skjalasöfn í Höfn áður en hann fór til Englands. Einnig síðar er hann dvaldi í þar milli samningaferða.

Vísindaáhuga hefur hann sennilega fengið frá föður sínum, þótt hann félli frá í frumbersku hans. Ljóni var yfir minningu hans á heimilinu, sem von var, eins og hann átti skilið. Álfheiður dýrkaði Pál ævina á enda og skírskotaði til hans, m.a. til stuðnings, hvatningar og aðfinnslu við Helga.

Páll Briem, faðir Helga, var líka sískrifandi og gaf m.a. út eitt helsta vísindarit Íslendinga í lögfræði og skrifaði það að miklu leyti og kostaði útgáfuna. Þar kom hann við í fleiri vísindagreinum, s.s. faraldsfræði. *Lögfræðing* gaf hann út í fásinni Akureyrar aldamótaáranna um 1900; lífsstarf hans og tímaritið hefur enn ekki verið kannað vísindalega.² Þó eru merki um að svo kunnir að verða gert í rannsóknum á sögu trygginga- og félagsmála við Háskóla Íslands.

Helgi sagði frá því er hann byrjaði að sækja Landsbókasafnið. Ekki líkaði honum viðmót safnvarða. Frá þeim tíma og til þess að hann hóf rannsóknir sínar í London hefur áratugur liðið.

Athyglisvert er að Helga var ekki síst uppsigað við Halldór Briem bókavörð Landsbókasafns, föðurbróður sinn.³ Svo einkennilega vill til að hann fékk einkabréfasafn hans og konu hans í hendur að þeim látnum og varðveitti í marga

¹ Bréfasafn Eggerts P. Briem, bróður Helga, virðist ekki hafa varðveist.

² Helgi sagði svo frá að faðir hans hafi verið með skuldaklafa er hann dó þar sem áskrifendur Lögfræðings borguðu ritið illa. Ekki er það staðfest í öðrum gögnum. H. er ekki samkvæmur sjálfum sér í þessu efni þegar hann harmar að flestar bækur föður hans hafi verið seldar að honum látnum; taldi að hirðuleysi gæti hafa verið um að kenna. Helgi skrifaði upp bókauppboðslýsinguna. Bókaeign hans var furðulega mikil.

³ Eins og reyndar við fleiri föðurbræður. Sjá síðar.

áratugi. Ekkert bendir til að hann hafi kannað safnið. Þar er þó mikið safn bréfa frá föður Helga, afa hans og fleiri ættmennum. Þannig bjargaði hann óvitandi mikilsverðum gögnum, m.a. um Halldór!¹

--

Langlundargeð og þolinmæði hefur þurft til að halda rannsókn á sjálfstæði Íslands áfram á annan áratug þar til að hann fékk tækifæri til að verja doktorsritgerð sína um Jörund hundadagakóng í Rvík árið 1938. Hann var stöðugt, árum saman að reyna að komast til Íslands til að ljúka verkinu formlega. En hann var ekki eigin herra eins og víða kemur fram.

--

Saga Helga eins og hún speglast í minningum og bréfum hans er vitnisburður um stjórnýslu þeirra tíma. Segja má að saga Helga af starfi sínu, í skugga stjórnmalanna, gefi heldur neikvæða mynd af ráðamönnum þjóðarinnar, getu þeirra og framlagi til velferðar landsins. Jafnframt virðingarleysi stjórnmalamanna í garð embættismanna.

--

Vísindastarf sitt þurfti hann að því er virðist að móta að öllu leyti af hyggjuviti. Í þá tíð var doktorsnám ólíkt því sem nú gerist. Þeir er skrifuðu doktorsritgerðir voru einir á báti, lögðu oftast ritgerðir sínar fullgerðar fram. Líkur á að menn fengju þær samþykktar voru stundum litlar; ef marka má almannaróm, margir refir á veginum. T.d. ef niðurstöður voru ekki prófessorum að skapi.² Ekki eins og nú er prófessorar leiða nemendur þrep af þrepi, kenna þeim aðferðir, hjálpa um starfsaðstöðu; jafnvel við öflun styrkja. Kennararnir gera allt sem þeir geta til að doktorsefni verði þeim sjálfum og skólunum til sóma í þjónustu við vísindin.

Því var ekki að heilsa hjá Helga. Hann virðist að hafa þurft að bjarga sér sjálfur. Það tafði doktorsvörn hans að lagadeild tók ekki afstöðu til ritgerðar hans. Loks tók prófessor Sigurður Nordal af skarið, fékk hana tekna til varnar í heimspekideild, en Helgi lagði hana fram í lagadeild H.Í.

Er að prentun ritgerðarinnar kom var Helgi á þeytingi um álfuna starfs síns vegna og þurfti að treysta öðrum. Virðist jafnvel af þeim ástæðum jafnvel hafa þurft að prenta upplagið, eða hluta þess, tvisvar.

--

¹ E.Á.: Bréfasafn Halldórs og Susie Briem, Rvk. 2009, bls. 3-4.

² Ég var alinn upp í fjölrítunarstofu móður minnar Friede P. Briem. Efni, sem henni barst, var vérlitað og samlesið, síðan fjölritað, bundið og afhent. Fyrir kom að doktorsritgerðum var synjað eftir fjölrítun af háskólanum. Minnst þess að hafa burðast með ritgerð til höfundar, bankað uppá, fengið hann til dyra. Er ég kvaddi stóð hann vonsvikinn yfir upplaginu, kannski 100 eintökum sem ekkert var við að gera, fyrirvarð sig kannski; hlaut jafnvel óverðskuldað háð fyrir.

Í ýmsu tilliti er Helgi hliðstæður Páli Briem föður sínum sem vann stöðugt að hugðarefnum sínum, stjórnmalaskrifum og lögvísindum, fjarri bókasöfnum og samskiptum við þá er hægt var að ráðgast við. Hvorugur gafst þó upp. Páll Briem barðist á sínum ferli við erfiða yfirboðara, sem hafa talið að vafasamt framapot gæti jafnvel verið fólgið í vísindastörfum hans og útgáfu.

III

Sumir, sem þóttust vita, sögðu Helga stórættaðan. *Fínt*, sögðu sumir, segja jafnvel enn, *Briemsattarnafnið* vera!

Helgi var sonur ekkju sem sá fyrir mörgum. Hún hafði misst mann sinn frá börnunum ungum, þurfti á lágum eftirlaunum að berjast áfram með ýtrasta sparnaði; hafa kostgangara, leigja út herbergi. Tókst þó að koma börnum sínum til manns. Helgi einn fékk notið langskólamenntunar. Álfheiður hafði ekki annan fjárstuðning en lögbundin eftirlaun. Hún annaðist móður sína en var nátengd systkinum sínum, einkum Jóni biskupi Helgasyni, er bjó í næsta húsi. Hann var sjálfur litlum efnum búinn og eru af því ýmsar sögur.

Álfheiður var ekki nátengd systkinum mannsins síns. Kannski var skapferli um að kenna að hún myndaði tengsl við fáa. Helgi sagði einhvers staðar að hann hefði samanlagt ekki talað við föðurbræður sína ungur nema stutta stund. Hann gladdist síðar á ævinni er hann kynntist ungum frændum sínum þegar þeir voru við nám eða störf í nágrenni hans erlendis.¹

--

Helgi var við fjölbreytt störf frá ungum aldri; virðist hafa komið sér vel og yfirboðaður hans honum vinsamlegir. Hann vann í fiski, bar út blöð, var sendisveinn. Þá tók hann þátt í skátastarfi og eignaðist þar vini og hlaut góða reynslu. Hann ferðaðist um landið á hjóli, eins og hann gerði líka seinna í Frakklandi. Má furðulegt heita að hann skyldi komast ungur á hjóli alla leið austur að Odda á Rangárvöllum, til frænku sinnar, fyrstur manna. Vegakerfið var þá vart annað en troðningur póstvagna.

Hann var nemandi í þeim fræga *fjórtaán skálda bekk* í Menntaskólanum, þó ekki væri hann sjálfur skáldhneigður; tengdist fyrst löngu síðar bekkjarbræðrum sínum; fer reyndar fáum orðum um skólagönguna í skrifum sínum. Hafði svo mikið að gera við landbúnaðarsýninguna, hina fyrstu, í Reykjavík, er Sigurður búnaðarmálastjóri fékk hann til að hjálpa sér við, að hann gat ekki verið viðstaddur stúdentsútskrift sína.

¹ Tek undir orð hans; ég átti lítil samskipti við afbræður mína er bjuggu í nágrenninu. Er ég átti til þeirra erindi var mér vart boðið inn. Rætur geta legið djúpt, aftur til stjórnmalabaráttu aldamótana 1900. Er ég fullorðnaðist komst ég að raun um að slík tengsl voru eins undir mér komin.

--

Á þeim tímamótum stóð hann frammi fyrir erfiðu vali. Meðan hann beið utanfarar vildi hann undirbúa sig vel. Héðinn Valdimarsson hagfræðingur var kennari í bókfærslu við Samvinnuskólann. Sótti Helgi um það til skólastjórans Jónasar Jónssonar frá Hriflu, að mega vera áheyrnarnemandi. Og það fékk hann.

Samtal þeirra Jónasar átti eftir að hafa áhrif á líf hans. Jónas var harðskeyttur og umdeildur stjórnmalamaður. Hann var líka framsýnn, einn merkasti skólamaður og uppalandi landsins, sem tengdist mörgum nemendum sínum náíð og hjálpaði þeim til að fóta sig í lífinu. Margir áttu eftir að dá hann. Óvildarmenn átti hann líka.¹

Virðast þau Jónas og ekki síst Guðrún Stefánsdóttir kona hans hafa tekið Helga af mikilli hlýju og umhyggju. Jónas veitti Helga ekki aðeins aðgang að Samvinnuskólanum, heldur réð hann til kennslu er hann kom heim frá námi. Hann brýndi Helga til dáða og hvatti hann síðar eindregið til að fara til náms við *Ruskin College* í Oxford, en þar hafði hann sjálfur hafði stundað nám.

Jónas var áhrifamikill persónuleiki. Hvað sem um hann má segja var mikils virði fyrir Helga að kynnast honum og ekki síður Guðrúnu Stefánsdóttur og dætrunum Auði og Gerði sem urðu nánar vinkonur meðan þau lifðu. Ekki var stuðningur Jónasar þó sældin ein. Helgi féllst á ráð Jónasar og stundaði nám í skólanum um skeið.

Í *Ruskin College* kynntist hann Dorisi Parker, sem varð eiginkona hans. Hún var af alþýðufólki komin en braust til mennta, vel gefin og mikilhæf.

Ekki verða námsár Helga rakin nánar, enda lýsir hann þeim sjálfur vel í minningabrotum sínum.

--

Starfsferill Helga P. Briem byrjaði á erfiðu starfi; fjármálaeftirliti með reikningum sýslumanna. Þeir höfðu frá öndverðu meira eða minna leikið lausum hala í fjárhagsefnum embætta sinna. Fyrir landssjóð var þetta þýðingarmikið því um hendur þeirra fór á þeim tíma meginhluti tekna ríkisins. Eftirlitið mæltist að sjálfsögðu illa fyrir hjá þeim sem hann kom við kaunin á eða áttu von á því. Faðir minn, Ásgeir Guðmundsson, hafði rannsakað lagaþættina í embættisfærslu sýslumanna. Dró rannsókn hans fram í dagsljósið athafnir sem leiddu til starfsloka. Andaði lengi köldu til beggja, Helga og Ásgeirs, frá skylduliði þeirra sem í hlut áttu, sem einnig voru fjölskylduvínir.

Áþekk atriði áttu sér stað í skattaftirlitinu er Helgi gerðist skattstjóri. Helgi lýsti spaugilega hvernig hann, með litlum stuðningi, tók á því.

¹ Í skjölunum er fjöldi bréfa milli HPB, Jónasar Jónssonar (1885-1968) og fjölskyldu hans.

Fróðlegt er að fræðast um hvernig hann fann í hópi nemenda í Samvinnuskólanum, þá Eysteinn Jónsson og Halldór Sigfússon og þjálfaði til farsælla starfa.¹

Bréf Helga til Dorisar, meðan þau voru í tilhugalífinu, gefa góða mynd af starfinu.

--

Síðan varð Helgi bankastjóri Útvegsbankans, ásamt tveim stjórnámálamönnum; banka, er stóð á brauðfótum. Það átti sér aðdraganda. Hann var í nefndum í bankamál; hafði fjallað um bankamál í ræðu og riti.

Þó hann segi það ekki beinum orðum, leist honum ekki á framtíðina eftir að hafa starfað í stjórn bankans. Féll samt vel við báða bankastjórana sem einstaklinga. Þeir höfðu góða reynslu úr atvinnulífinu – en voru stjórnámálamenn; hann ekki. Dagleg úrlausnarefni virðast mjög hafa lent á hans herðum. Starfsbræðurnir gættu fremur hagsmuna skjólstaðinga, eins og tíðkaðist í bankamálum; þekktist enn; voru uppteknir af stjórnmalastörfum. Verra virðist hafa verið að eiga við formann stjórnar bankans.

--

Helgi bauð sig fram til bæjarstjórnar fyrir Framsóknarflokkinn er flokkslistar voru fyrst bornir fram. Eigi komst hann í bæjarstjórn, en varð varabæjarfulltrúi 1930. Ekki hef ég fundið bréf sem skýra málið frá hans sjónarhóli, einungis nokkrar blaðdagreinar. Sjálfur nefnir hann þennan þátt ekki í drögum að ævisögu sinnar.

--

Svo virðist sem Helgi Guðmundsson² (sjá síðar) fiskifulltrúi í Suðurlöndum hafi verið fullsaddur á starfi sínu þar; útivistinni í Barcelóna og elstu börnin að vaxa úr grasi. Sá hann leik á borði að skipta á störfum við nafna sinn. Tók Helgi fegins hendi að taka til starfa í Barcelóna.

Doris, kona Helga, lét í veðri vaka, að henni félli vel dvölin á Íslandi. Samt hlýtur sú staðreynd að hún var fjarri fjölskyldu sinni að hafa vegið nokkuð er þau fluttu sig um set.

Í bréfum sínum til Dorisar, langan tíma er hún sat í festum, segir hann umbúðalaust frá fjölskylduhögum; ástandinu í landinu, slæmu veðri og hvað honum þótti lífið á Íslandi leiðinlegt og fjölskyldan lítt upplífandi, nema Eggert bróðir hans. Hann gaf lítið út á systur sínar og þeirra líf.

¹ Eysteinn Jónsson (1906-93) var m.a. lengi fjármálaráðherra og Halldór Sigfússon (1908-99) skattstjóri starfsævi sína á enda.

² Helgi Guðmundsson (1890-1972) frá Reykholti, lengst bankastjóri Útvegsbanka Íslands. Hann átti frænku Helga P. Briem frá Stóra-Hrauni, Karítas Ólafsdóttur (1894-1951). Hafði áður stundað berslunar- og bankastörf.

Eðlilega var hann einmana á Íslandi. Hann gegndi erfiðum störfum, hafði ekki eigið húsnæði¹ og lítinn vinnufrið heima, til viðbótar aðskilnaðinum.

Smám saman dró hann úr neikvæðri umfjöllun þegar hann fór að aðlagast íslensku samfélagi.² Þá gæti hann hafa gert sér grein fyrir að neikvæð afstaða væri óheppileg fyrir Dorisi, ef henni ætti að þykja vænlegt að setjast hér að. Sannarlega hýrnaði yfir honum þegar styttast tók í að þau hittust og giftu sig.

--

Helgi var vel undir starfið búinn að því er varðar hagfræði og fjármál. En hann var þekkingarlítill á sviði fiskveiða og vinnslu, þótt hann hefði sem drengur unnið í fiski. Hann tók starfið föstum tókum; lét sér fátt fyrir brjósti brenna, þó stundum andaði köldu frá íslenskum blöðum; sérstaklega frá íhaldssömum stjórnámálamönnum og Morgunblaðinu, sem var tímanna tákn. Að sumu leyti skiljanlegt þar sem Helgi var búinn að *stimpla sig inn* (!) sem náinn vin Jónasar frá Hriflu, umdeildasta stjórnámálamanns landsins.

Gögn Helga fjalla ekki, fyrir utan eina blaðaúrklippu, um þann atburð er *stóra bomban* sprakk; heiftarlegan árekstur frænda hans og æskuvinar Helga Tómassonar og Jónasar frá Hriflu.

Ekki skal það mál rakið að öðru leyti en því að segja frá að Helgi dróst inn í málið, skv. ævisögu Jónasar eftir Guðjón Friðriksson, er Helgi Tómasson sagði í blaðagrein að Helgi P. Briem hefði líka talið að Jónas væri geðveikur. Svar Helga P. Briem var að á kenningu þá sem Helgi Tómasson hafði sett fram við sig, árum fyrr³ um geðveiki, hefði hann fallist. Það væri ekki hið sama og að lýsa Jónas geðveikan.

Eitt hið sorglegasta, frá mínu sjónarmiði, við þennan árekstur var að vinátta þeirra frænda og nafna var þar með úr sögunni og hafði slæm áhrif á tengsl innan fjölskyldunnar. Sárin geru ekki að fullu.

--

Páll Briem kom víða við í lífi sínu; var sýslumaður, fyrst í Dala- og síðar í Rangárvallasýslum. Honum rann til rifja ástand landbúnaðarins og hörmuleg kjör þeirra sem í honum störfuðu. Tók hann til við að efla félagsmál bænda meðan hann starfaði í Rangárvallasýslu. Er hann fluttist sem amtmaður til Akureyrar hélt hann því áfram af afli; einkum á sviði landbúnaðar, ræktunar, félags og skipulagsmála. Eigi má gleyma útrýmingu fjárkláðans. Páll skrifaði mikið og fjallaði um baráttumál sín í þjóðfélagsmálum. Áhugi hans náði ekki síst til heilbrigðis- og félagsmála sem

¹ Hann bjó mest heima hjá móður sinni, deildi herbergi með öðrum, nema þegar hnn fékk að nota íbúð Jónasar Jónssonar og Guðrúnar í fjarveru þeirra.

² Sigríður Erlendsdóttir (1930) sagnfræðingur benti mér á að það muni hafa haft áhrif á hann, og þau bæði, hve aðskilnaður þeirra var langur og söknuður mikill.

³ Þeir bjuggu þá báðir í Danmörku og var samgangur þeirra náinn.

hann skrifaði m.a. um í Lögfræðingi sínum. Ólafur Briem, bróðir hans, fór í sínum stjórnámálum í svipaðan farveg. Hann varð alþingismaður og formaður *Sambands ísl. samvinnufélaga* því merkilega fyrirtæki, sem lenti löngu síðar í ræningjahöndum.

Systur þeirra bræðra unnu mjög að fræðslumálum kvenna. Aðrir bræður hans voru framfaramenn á öðrum sviðum.¹

--

Því er þetta rifjað upp að í ræktunarstarfi fann Páll Briem að landbúnað skorti menntað fólk til starfa. Honum blöskraði fátækt og heilsuleysi, ekki síst í sveitum, og ástand í velferlis- og menntamálum. Hann hófst handa. T.d. stofnaði hann til samtaka í ræktunarmálum þegar hann var sýslumaður Rangárvallasýslu. Páll var náinn vinur Torfa Bjarnasonar í Ólafsdal, studdi hann og hvatti til framkvæmda við búnaðarskólann þar.

Er Páll var amtmaður á Akureyri hafði hann spurnir af og kynntist Sigurði Sigurðssyni frá Draflastöðum ungum. Hann hafði sýnt frumlegan ræktunaráhuga í verki.² Skynjaði Páll hæfileikamann; hvatti og studdi hann til að leita sér menntunar. Þá veitti hann Hólaskóla atbeina. Þar gerðist Sigurður skólastjóri.

Til viðbótar má nefna að Páll starfaði á Norðurlandi með Hallgrími Kristinssyni³ amtsritara sínum. Varð hann forkólfur bænda og samvinnustefnu. Jónas frá Hriflu dáði þessa æð í fari Páls. Hann leitaðist við, eins og hann, að hæna að sér ungt fólk og hvetja. Það tókst; en hann var of pólitískur til að gera það, laust við stjórnmalastefnu

Sigurður Sigurðsson, skólastjóri á Hólum er síðar varð búnaðarmálastjóri, var ekki aðeins skjólstæðingur, heldur einnig samstarfsmaður og aðdáandi Páls. Er hann kynntist Helga Pálssyni Briem sá hann í honum efnismann, tók hann þegar á unglingsárum hans undir sinn væng á Hólum, virkjaði í starfi að sameiginlegum áhugamálum. Hæfileiki Páls var m.a. að hvetja og sá fræjum áhuga í huga ungra manna..

Kynnin af Jónasi frá Hriflu leiddu Helga til vinstri og móts við Framsóknaflokkinn. Hafði það áhrif á líf Helga, þó hann starfaði ekki að stjórnámálum nema ungur.

--

Þessi tengsl urðu til þess að þegar Helgi kom heim fékk hann ýmislegt að sýsla og var skipaður skattstjóri í Rvík, bankastjóri og boðinn fram af Framsóknaflokki í bæjarstjórn Reykjavíkur. Hann náði reyndar ekki kjöri nema sem varamaður. Þetta

¹ Af níttján systkinum uxu þrettán úr grasi.

² E.Á.: Upphaf hitaveitna: Páttur Sigurðar búnaðarmálastjóri frá Draflastöðum. Fréttabréf Samorku, febr. 1996.

³ Hallgrímur Kristinsson (1876-1923), síðar forstjóri SÍS, Sambands íslenskra samvinnufélaga.

var stimpill í augum hægri manna sem hann losnaði seint eða aldrei við. Bein tengsl við flokkinn voru ekki mikil; nema hvað greinar sem hann byrjaði ungur að skrifa, birtust gjarna í Tímanum, er tók þeim af velvilja, að því er virðist, betur en Morgunblaðið, sem stöðugt skaut á hann meinlegum athugasemdum. Þá má benda á að Theodór B. Líndal,¹ mágur hans, var lengi kaupfélags- og framsóknarmaður.

--

Vinátta Helga og Jónasar frá Hriflu og fjölskyldu hans hélst upp frá þessu, þótt stundum viknuðu tengslin. Var hann tekinn fagnandi í fjölskylduna og boðið með henni í sumarleyfi; a.m.k einu sinni í Frakklandi.² Síðar heimsóttu Jónas og Guðrún Helga í Barcelóna á Spáni samtímis Halldóri K. Laxness.

Enginn leikur var að vera vinur Jónasar frá Hriflu. Þeir skrifuðust á lengst af. Er Jónas dó skrifaði Helgi um hann og sagði vináttuna hafa verið stormasama og stundum rofnað.³ Hvernig vináttan þróaðist veit ég ekki; hef ekki rannsakað bréfin sem þeim fóru á milli.

Er Helgi kom í heimsóknir til Íslands, bjó hann oftast hjá okkur í Tjarnargötu 24. Var Jónas gjarnan fyrstur til að hringja í hann til að segja honum skoðanir sínar og frá hugðarefnum sem sum voru einkennileg. Þá hafði Jónas einangrast nokkuð frá gömlum baráttufélögum sínum, barðist sár og einn á báti. Er ég kallaði hann í símann gat hann sér strax til um hver þar var: *Hringir Jónas nú!* Mér skildist að þau samtöl hafi ekki alltaf verið ánægjuleg þar sem með þeim blandaðist Helgi í mál sem hann taldi sér ekki beint viðkomandi. Tryggð Helga var óbifanleg. Eftir að Helgi fluttist til Íslands við starfslok var Jónas og fjölskylda tíðir gestir hjá þeim hjónum Helga og Dorisi.

Þessi tengsl, eins og þau komu öðrum fyrir sjónir, *stimplaði hann inn*, eins og nú er sagt, sem andstæðing sjálfstæðismanna, - öllu heldur forystu þeirra. Kom það fram í meinlegum athugasemdum í Morgunblaðinu. Dæmi má nefna er alþingismaður nokkur skrifaði grein í Morgunblaðið og sagði Helgi nota *fóðruð umslög* utan um bréf á Spáni, sem væri óþarfa *luxus!* Auðvitað voru slík smáatriði ekki svaraverð; svörum varð heldur ekki viðkomið úr fjarlægð. En það var sennilega illbærileg tilfinning fyrir hann, fulltrúa landsins í fjarlægju landi; sem stóð í stöðugu stappi við að koma framleiðslu landsins á framfæri og vinna að hagsmunum þess, að fá þvílíkar ádrepur í blöðum. Hann gat ekkert í málinu gert nema segja mömmu sinni og systkinum hvernig í pottinn væri búið! Þetta gerði þá samskipti við sjálfstæðismenn erfið, t.d. er þeir skipuðu forsætis-, utanríks-, eða viðskiptaráðaherrastóla. Hermann Jónasson⁴ forsætisráðherra skrifaði honum

¹ Theodór Björnsson Líndal (1898-1975), hæstaréttarmálaflutningsmaður (hrm.) og prófessor. Hann átti Þórhildi (1896-1991) systur Helga P. Briem.

² Helgi virðist hafa dvalist þar eða á Englandi.

³ Ekki vítað hvort greinin birtist.

⁴ Hermann Jónasson (1896-1970), áður lögreglustjóri og síðar forsætisráðherra.

einhvern tíma að í utanríkisþjónustunni væri það stöðugt vandamál að ráðherrar mætu menn og réðu til starfa – eftir öðrum mælikvarða en hæfileikum. Þetta var lengi við lýði - er enn.

--

Ég var í Þýskalandi rétt eftir að Ólafur Thors kom þangað í fræga opinbera heimsókn þar sem hann hitti Konrad Adenauer kanslara. Í skjölum Helga kemur fram hvílikur feikna undirbúningur var þar að baki.

Litlu síðar sagði mér Max Konráðsson Adenauer, er var yfirborgarstjóri í Köln, og formaður íslandsvina þar, hve góð og vel heppnuð heimsóknin hefði verið og að þeir Konráð og Ólafur hefðu kynnst vel og lært að meta hvorn annan. Ólafur mun upp frá því hafa verið ánægður með Helga og þakkað honum framkvæmdina og fleira sem hann gerði, þrátt fyrir neikvæða afstöðu Thors bróður síns.

Thor og Helga kom ekki vel saman. Thor var upphaflega og lengi stjórnmalamaður, hafði verið aðalræðismaður í New York og orðinn sendiherra í Washington er Helgi kom til New York. Thor vildi hafa boðvald yfir Helga. En Helgi taldi sig ráðinn þangað af ríkisstjórninni, hafði aðra skoðun á málinu en Thor. virðast þá engar reglur hafa verið settar um utanríkisþjónustuna, enda var hún í mótun, áður en Ísland hafði hlotið fullt sjálfstæði.

Athyglisvert er að lesa bréf sem þeim Thor og Helga fóru á milli. Helgi var háður Thor við að komast í sumarleyfi. Þá þurfti að fá lánaðan starfsmann frá Washington til ræðismannsskrifstofunnar. Tók Thor því með stífni og varð úr málinu talsvert ragarí.

Af lýsingu Helga á fyrstu opinberri heimsókn Sveins Björnssonar forseta Íslands til Bandaríkjanna má e.t.v. fá nokkra skýringu á misklíðinni og sýndi að ekki væri allt Thor að kenna. Eigi var Thor með hreinan skjöld, var sagður mjög drykkfeldur. Skal það mál ekki rakið frekar.

Sem fram kemur í minningum Helga voru Sveinn og Helgi vinir og nánir samstarfsmenn um langt skeið. Helgi undirbjó og stjórnaði komu hans, sérstaklega mikilli móttöku til New York.

Vildi Thor vera þar í fremstu röð. Því hafnaði Helgi; hefur sennilega átt stuðning Sveins í málinu. Af því má samt draga þá ályktun að misklíðin var ekki sök Thors eins.

EKKI virðist það hafa heldur haft neikvæð áhrif á Ólaf Thors að Helgi lagðist gegn því að hann tæki Kristján Albertsson, frænda sinn, með sér í opinberu heimsóknina til Bonn. Hann taldi hann hafa verið, með réttu eða röngu, of tengdan stjórnvöldum Þýskalands er hann var sendikennari í Berlín á Hitlerstímanum. Slíkt gæti verið varasamt í viðkvæmri eftirstríðsárpolitík Þýskalands og gæti skaðað samskipti landanna.

Tók Kristján það allöngu síðar óstinnt upp í eftirminnilegu bréfi til Helga. Sýndi hann Helga fram á hvernig málið hefði verið vaxið. Hann hefði í raun verið fulltrúi Íslands í starfi sínu í Berlín. Allt grerir þó, að því er virtist, um heilt, að því er virðist, með þeim Berlínurum. Varla er hægt að skilja þessa aðgerð Helga nema að honum hafi borist orð frá skrifstofu kanslara. En að hann gæti sagt skrifstofustjóra utanríkisráðuneytisins þetta, átt von á að það bærist ekki til Ólafs, bendir til dómgreindarskorts. Enginn er fullkominn.

IV

Er farið er yfir gögn Helga P. Briem sést hvílikur feikna áhuga- og starfsmaður hann var. Hann lagði niður fyrir sér mál, rannsakaði þau frá mörgum hliðum, skrifaði mikið hjá sér um margvísleg efni. Ekki virtist nema sjaldan hafa verið stefnt að greinaskrifum eða bóka. Þó má nefna ýmsar smágreinar, ábendingar, bréfaskipti við sérfræðinga sem leiddu til kenninga um ýmis efni. Kannski gafst hann upp áður en lokið væri? Jarðfræði var honum hugleikin.

Skrifaði hann mikið efni: *Geology of Iceland*, sem virðist hafa verið nærri fullfrágengin til útgáfu, án þess að úr því hafi orðið. Ekki hef ég rekist á nein skoðanaskipti um þessa útgáfu. Þó skiptist hann á skoðunum við Sigurð Þórarinsson og kunnugur fleiri náttúrufræðingum.

--

Sem fiskifulltrúi tók Helgi við starfi Helga Guðmundssonar. Er Helgi kom til Spánar var Helgi Guðmundsson farinn til Íslands og var upp frá því bankastjóri Útvegsbankans.

Helgi ræddi ekki í bréfum sínum hvernig var að koma til Spánar. Eigi að síður virðist Helgi P. Briem hafa þurft að fara á byrjunarreit í starfi sínu þar, útvega tengiliði og afla sér þekkingar á fisksöllumálum, auk þess sem hann lærði spænsku á skömmum tíma, síðar einnig portúgölsku,

Vitaskuld þurfti hann ekki sjálfur að kunna að fletja fisk. En það var og er samt talið bæta manngildi á því sviði! Helgi beitti hagfræðilegum aðferðum, gerði úttektir á markaðnum og virðist hafa reynt vísindalegar aðferðir í markaðsmálum. Sem dæmi má nefna er í ljós kom að saltfiskurinn væri of þurr. Sumir framleiðendur töldu að það sem tapaðist við pressun fisksins væri hreint vatn, ekki vessar í fiskinum, megingildi afurðarinnar. Gerði Helgi athugun á málinu og fékk prófessor Níels Dungal í lið með sér er að hann gerði sér ljóst hver var orsök galla framleiðslunnar.¹

¹ Helgi hélt fram að Niels Dungal (1897-1965) hefði reynt að slá sér upp á hugmyndinni. Orsök þessa þurra fisks var breyting á vinnutíma á Íslandi. Fiskurinn var tekinn saman heitur, er söl var hátt á lofti, en hafði áður verið tekinn saman á kvöldin. Einnig vanþekking á næringarefnum.

Umfram annað skrifaði hann mörg fréttabréf sem send voru til tengiliða í fiskimálum á Íslandi. Þau vöktu athygli og voru birt í fagtimaritum. Sölusjónarmiðin komust með því móti vel til skila. Komst Helgi í gott samband við matsmenn og fiskframleiðendur um allt land er hann stofnaði til eða mætti á fundum með þeim.

Það var reyndar ekki oft sem hann hafði tækifæri til þess því stjórnvöld héldu mjög aftur af honum um ferðir til Íslands en það hlýtur að hafa háð honum í starfi. Vel kemur fram í bréfum hans hve mikils hann virti matsmenn marga; ekki síst Kristján Bergsson, forkólf og brautryðjanda fiskframleiðenda. Helgi virðist ekki hafa kippt sér upp við andbyr, ef í hlut áttu menn sem hann mat mikils að öðru leyti.

--

Meginstarfið var að ferðast um sölulöndin milli kaupenda. Helgi athugaði kröfur þeirra, óskir og aðfinnslur. Ýmislegt kom fram sem betur mátti fara. Gæði fiskisins voru ónóg og upplýsingar um þyngd stundum rangar; með öðrum orðum var varan svikin. Hann skynjaði lögmál markaðarins, benti mönnum á nýjar aðferðir til að tryggja gæði, sem var forsenda sölu. Er útflutningur saltfisks varð erfiður vegna átaka í stjórnámálum viðskiptalandanna hvatti hann til nýjunga í framleiðslu, s.s. framleiðslu skreiðar, sem þá hafði lengi legið í láginni.

Helgi átti gott með að komast í samband við lykilmenn á hverjum stað, ekki aðeins á sölusviði, heldur einnig í stjórnkerfinu. Var það mikilvægt á ólgu tímum stjórnmalanna í Evrópu.

Var það Helga hjálp að hann fékk fljótlega diplómátíska stöðu og tengdist sendiráðum og konsúlötum Danaveldis. Hann varaðist þó, að því er virðist, nán tengsl við Dani, leitaðist við að halda sjálfstæði gagnvart þeim. Hann gagnrýndi dönsku sendiráðin, ekki síst starfsmannavalið, einkum sendiherrana. Einnig voru hagsmunir þjóðanna ólíkir vegna innkaupa þeirra og framleiðsluvarnings. Á ólgu tímum var það tilfinnanlegt. Þó merkilegt megi heita helst Helga uppi sjálfstæð stefna gagnvart Dönum, t.d. á Ítalíu Mussolinitímans. Einnig virðist hann hafa afstýrt árekstrum við stjórn Spánar í spánarvínamálinu, en það var viðkvæmt mál. Íslendingar keyptu þá vín sín einkum frá Danmörku.

--

Má kalla einstakt hve hann kynntist mörgum framámönnum. Fyrir þá sem þekktu Helga P. Briem var það ekki furða. Hann var vinsamlegur við háa og lága og flestum skemmtilegri. Hann hafði hlotið dýrmæta reynslu sem samstarfsmaður Sveins Björnssonar sem hann mat mikils vegna samstarfs- og samningahæfileika.

Voru sumir fiskframleiðendur óánægðir með að hafa ekki boðvald yfir honum. Þótt það sé ekki sagt berum orðum kemur það fram í skráttinni bók um sögu

saltfisksvinnslu.¹ Þar er Helga ekki getið nema í texta skrípamyndar.² Hann var opinber starfsmaður, í þjónustu ríkisstjórnar og ráðherra. Skýringin getur verið að bókin skrifuð úr þröngu sjónarhorni saltfiskframleiðenda.

Ekki var auðvelt að rífa sig undan stjórn Dana og umgangast sendiherra þeirra á jafnræðisgrundvelli. Ég veit ekki til að samstarf Sveins Björnssonar sendiherra og Helga, hafi verið kannað hvað þetta varðar.

Á Íslandi virðist sem ráðherrar og ráðuneytismenn hafi löngum verið gegnsýrðir af pólitík og átt erfitt með að ákveða sitthvað í sambandi við störf Helga.

Smám saman voru Sveinn Björnsson og hann í auknum mæli sendir til samninga um viðskipti í mörgum löndum. Gat hann á meðan lítt sinnt fisksöllumálum, enda voru þau að mestu ráðin við samningaborð í upplausn fyrirstríðsáranna.

--

Ekki voru þessi ferðalögin auðveld fyrir þau hjónin, Helga og Dorisi. Það hjálpaði til á þeim tíma, að þau Doris voru þá barnlaus og hún gat mikið ferðast með honum. Sveinn Björnsson átti bágð með að vera einn og þurfti stundum að senda eftir konu hans, frú Georgiu, ef samningar drógust á langinn. Sennilega hefur samstarfið verið báðum mikilsvert, sem sjá má af því að sendiherrahjónin tóku Helga og Dorisi sem næst inn í fjölskylduna er þau þurftu að hýrast langtímum saman á hótelum í Höfn, milli samninga.

Doris og Helgi bjuggu að kalla má í ferðatösku lengi á þessum tíma og allt fram að heimsstyrjöldinni. Þó þau ættu um skeið gott heimili í Barcelóna, bjuggu þau mikið í Bilbao í Baskalandi. Samningar við Spán, Ítalíu, Rússland, Þýskaland og fleiri lönd tóku langan tíma.

Helgi taldi sjálfur heppilegra að hafa aðsetur í Bilbao. Barcelóna hafði á sínum tíma verið valin vegna nálægðar við Ítalíu! Helgi taldi hægt að gera betri samninga um flutninga ef fiskurinn væri fluttur beint til Bilbao en ekki suður um Gíbraltarsund til Barcelóna.³

Eftir að hann fluttist frá Spáni til Þýskalands átti hann ekki heldur fastan samastað, nema í litlum leiguíbúðum með húsgögnum. Stóð þá í löngum samningum víða um lönd.

Þegar Jóna, uppeldissystir hans, og Álfheiður móðir hans, komu til Berlínar henni til lækningar leigði hann íbúð með húsgögnum meðan þær stóðu við. Loks

¹ Saltfiskur í sögu þjóðar. Fyrsta og annað bindi. Valdimar U. Valdimarsson og Halldór Bjarnason. Rvík, 1997.

² Teikning Tryggva Magnússonar í Speglinum 1931. HPB hóf starf á því ári.

³ Önnuðust norsk fyrirtæki flutninga og íslendingar því óháðir þeim fjárhagslega og pólitískt. Skömmu síðar tók íslenskt fyrirtæki við flutningunum.

rétt fyrir stríðið fengu þau samastað, en gátu lítið notað íbúðina., þurftu að hafa stúlku til að gæta hennar; lánuðu hana reyndar Kristjáni Albertssyni um skeið. Svo þurftu þau að flytja í skyndi og koma búslóðinni til Hafnar, þar sem hún svo strandaði.

--

Árin sem Helgi var við sendiráð Dana í Berlín var mikil ásókn ofsóttis fólks að komast til Íslands. Sendifulltrúinn var milli steins og sleggju íhaldssamra stjórnvalda, sem tóku mjög tillit til sjónarmiða Þjóðverja. Segja má að þá hafi Ísland verið alveg á áhrifasvæði Þjóðverja. Mótaði það skoðanir Íslendinga og afstöðu í mörgum málum.

Þá gerðist það að Íslandsvinur og gyðingur, Karl Kroner læknir í taugasjúkdómum, kona hans Irmgard og sonur þeirra lentu í ofsóknþrengingum. Hvernig þau komust til Íslands og saga þeirra hér er merkileg saga og Helga til mikils sóma og Þór Whitehead prófessor hefur skrifað um.

--

Óvissutímar voru í Þýskalandi og Evrópu, markaðir hrundu, höft sett á og stjórnskipulag í upplausn.

Ríkisstjórnin gat, eins og fyrr sagði, seint eða aldrei ákveðið mikilsverð atriði fyrir þau hjónin. Þannig var hann, sem fyrr sagði, lengi í Höfn, tilbúinn til samningaferða hvert og hvenær sem skipun kom um það. Stundum var þá lítið að gera.

Þá nýtti hann sér stundir sem gáfust til rannsókna á ýmsu í sögu Íslands og jarðfræði. Oft langaði hann heim. Hann komst ekki til að verja doktorsritgerðina sína við Háskóla Íslands fyrr en 1938 eftir að hafa gengið að mestu frá henni áratug fyrr eða meira.

Merkilegur atburður var það í fjölskyldunni þegar Helgi varði ritgerðina. Doris var þó ekki viðstödd.¹ Vinir Helga, þ.e. Jónas frá Hriflu og einhverjir fleiri gengust fyrir veislu á Hótel Borg. Það leist Helga ekki í fyrstu rétt vel á; hefur sennilega ekki getað greitt veislukostnaðinn. Vinirnir ætluðust til að hver greiddi fyrir sig. Helgi skrifaði Dorisi og sagði að hann þyrfti þá að bjóða fjölskyldunni. Sem hann líka gerði.

Mikil var eftirvæntingin á æskuheimili mínu þegar konurnar voru að búa sig til veislu. Hverjir aðrir voru þar veit ég ekki.

--

¹ Var þá hjá fjölskyldu sinni á Englandi.

Eigur Helga voru í skyndingu fluttar frá Barcelóna er byltingin komst á alvarlegt stig. Samt fór innbúið ekki nema til Berlínar þar sem það var geymt þangað til þau loksins fengu íbúð. Þaðan var búslóðinni bjargað til Hafnar þar sem það sat fast þar til eftir stríð er það var flutt til Íslands. Þar með var mikið af bókum hans, heimildarrit, skjöl og handrit eða mikið af þeim gögnum sem ég hef skráð í Landsbókasafni.

Má vera að það sé þess vegna sem óreiða var á skjalasafni Helga, þegar ég fór að athuga það og skrá. Sumt bar vott um að því hafði verið pakkað í skyndingu eða ekki hreyft lengi, sumt aldrei. Svo var t.a.m. með bréfasafn Halldórs Briem, sem virðist hafa verið varðveitt marga áratugi, hafði bersýnilega ekki verið tekið upp frá því að Halldór gekk frá því í kringum árið 1920 þar til þau fóru í þjóðdeild Landsbókasafns.

--

Er ekki hægt annað en dást að Dorisi sem var mikið með honum í ferðum, en var eigi að síður mikið ein, eins og mikill fjöldi bréfa sem þeim fór á milli, ber vott um. Þau eru þess virði að vera athuguð nánar og eins bréfaskiptin við fjölskyldu hennar. Bréf til Dorisar eru sennilega flest til.

Í bréfum Helga til móður sinnar og systkina er margt ósagt. Álfheiður Briem var ströng, stundum meinhæðin í bréfaskrifum sínum; virðist hafa verið strangtrúuð og pólitísk. Ræddi Helgi nær aldrei stjórnsmál við hana, sagði hana ósveigjanlega í skoðunum. Sennilega var hún íhaldskona – eða öllu heldur, fylgdi málsmetandi vinum að málum.

Er ég var í Tjarnargötu 24 þótti ókurteisi að hnýsast í stjórnsmálaskoðanir heimilisfólks eða annarra. Var samt rætt af frjálsslyndi um stjórnsmál án þess að ráða mætti af því hvaða stjórnsmálaskoðanir fólk aðhylltist, enda enginn áhugi á því. Öll hugsanleg blöð og tímarit komu á heimilið og voru vel lesin.

Á skrifstofu móður minnar komu fulltrúar allra skoðana og hagsmunahópa, málskjöl og margvísleg trúnaðarmál. Þar komu svo dæmi sé tekið, listamenn (klessumálarar!) saman þegar þeir voru í vörn sinni og gagnsókn gegn Hriflu-Jónasi. Þar var leikritið Uppstigning eftir Sigurð Nordal skrifað, best varðveitta leyndarmál þess tíma.¹

--

Ekki verður í fljótu bragði séð að Helgi hafi minnst á Jónas frá Hriflu við móður sína. Enda var Jón biskup, bróðir hennar, svarinn óvinur hans, sérstaklega eftir

¹ Skrifaði leikritið undir dulnefni. Enginn gat sér til um höfundinn, nema Þórbergur Þórðars. sem sendi S.N. vinsamlega kveðju á þá leið að enginn annar hefði getað stolið hugmynd frá sér.

ýmislegt sem hafði farið þeim á milli meðan Jónas var dóms- og kirkjumálaráðherra. Segir Jón biskup frá því í sjálfsævisögu sinni.¹

Í drögum að minningargrein um Jónas frá Hriflu, sem voru í eftirlátnum gögnum Helga Briem og ekki er vitað hvort hafi birst, segir m.a.:

Frá því að við kynntumst fyrst hefur hann ætíð sýnt mér mikla vináttu, svo mikla að ég gat talið hann minn besta vin.

En þó ekki algerlega snurðulausa því hans persónuleiki kom einnig fram í því að hann var algerlega einsýnn á hvert mál og þegar hann hafði tekið afstöðu, sem hann oft gerði að lítt athuguðu máli, virtist honum hvers konar andmæli eða andóf hljóta að vera sprottið af einhverjum persónulegum, venjulega illum eða eigingjörnum hvötum.

Hann átti mjög erfitt með að ræða mál, án þess að lenda í kappræðu, því skapið var mikið og á yngri árum lítt tamið og gætti þess mjög ef hann var þreyttur. –

En þó leiðir skildi, stundum með allmiklum biturleik, talaði hann vel um forna vini og gat rætt um þá og deiluefni þeirra af skilningi og sanngirni. –

Sjálfur taldi hann sig mikinn mannþekkjara, en ég efa að svo hafi verið. Á baráttuárunum átti hann svo mikilli mótstöðu að mæta að hann talaði löngum um þá sem honum var vel við að þeir væru "réttu megin".

Þegar hann varð ráðherra fékk hann allt í einu viðhlæjendur og taldi þá vini sína. –

Í persónulegri framkomu var hann mesta ljúfmenni og var mjög gaman að koma til þeirra Guðrúnar og hans. Hún var síkát og hann með spaugsyrdi á vörum. –

Orðin minna á það sem Lóa Guðmundsdóttir² Wennerström, föðursystir mín, hafði eftir Ívari, manni sínum, framámanni í stjórnámálum Svíþjóðar, róttækum vinstri manni, ritstjóra og ráðherra sem kom nokkrum sinnum til Íslands, kynntist stjórnámálamönnum hér og fékk þá í heimsókn. Lóa sagði mér að af öllum þeim sem Ívar kynntist hefði Jónas verið sá sem honum þótti áhugasamastur fyrir velferð landsins; aðrir fannst honum ekki taka hlutverk sitt föstum tökum.³

V

Í bréfa- og skjalasafni Helga P. Briem er magn gagna um hann og fjölskylduna. Helgi hneigðist snemma að söfnun heimilda, í fyrstu einkum þeim er viðkomu sögu Briemsættar og föður hans. Þar eru m.a. uppskriftir af bréfum í Landsbókasafni og Þjóðskjalasafni. Líka bréf varðandi störf Helga. Fjölskyldubræfin frá Íslandi segja líka sína sögu. Stór hluti er sem vænta má kurteisisbréf, formlegt efni, án mikilvægs innihalds. Þar eru og gögn tengd fjölskyldu Dorisar. Til að kanna þau þarf rannsókn á fjölskylduhögum og - tengslum að koma til; sem varpað geta ljósi á líf og örlög

¹ Jon Helgason.: Það sem á dagana dreif. Handrit og gögn tengd J.H. Eggert Ásgeirsson tók saman. Lbs.

² Lóa Guðmundsdóttir Wennerström frá Nesi við Seltjörn (1889-1984).

³ Páll Línal (1924-92) setti fram kenningu um að giftung þeirra systra, Lóu (Ólafu) og Guðrúnar frá Nesi, og kynni eiginmanna þeirra, sem voru báðir framámenn í stjórnámálum hefði verið ástæða náinna tengsla íslenskra og sænskra jafnaðarmanna, *dúsbæðra*, sem kallað var svo, í háðungarskyni. M.a. var systurdóttir þeirra Helga Ólafs, kona Stefáns Jóhanns Stefánssonar; einnig Dóra Þórhallsdóttir, kona Ásgeirs Ásgeirssonar, vinkonur, frænkur eða skólasystur.

alþýðustúlku frá Birmingham, sem fær menntun í góðum skólum Englands, síðar líka í Danmörku; og hófst til virðingar með manni sínum. Síðast var hún virk í félagslífi á Íslandi, lengi í forystu hjálparsamtaka. Sjá fylgiskjal.

Þessu til viðbótar eru margvísleg gögn í minni vörslu. M.a. bréfaskipti Helga og fjölskyldu hans, frá æsku til efri ára. Eru í skjalasafni Helga bréf þau sem hann sendi Dorisi á festarárum þeirra 1928-29 er hann var í Reykjavík og hún í Höfn eða hjá foreldrunum í Birmingham. Sumt úr bréfunum hef ég þýtt og skrifað upp. Helgi og Doris töluðust alla tíð við á ensku. Bréfasafnið er heimild um líf Helga og fjölskyldunnar er hann var að þreifa sig áfram og leita lífsstarfs. Varpa líka ljósi á sögu Íslands.

--

Við frændsystkin, systkinabörn Helga P. Briem, fengum að njóta hans, einkum úr fjarlægð. Mörg okkar byrjuðum snemma að skrifa á við hann. Eru bréf okkar í safninu, sum skrifuð er við vorum að byrja að draga til stafs. Sjálfur var hann iðinn við að skrifa og senda okkur gjafir á tyllidögum, eins og fram kemur í tilvitnunum.

Var það hátíðaskeið þegar fjölskyldan kom í heimsókn; framandi fólk með erlendum brag. Reyndar fór það oft framhjá mér þar sem ég var í sveit á sumrum. Stundum fékk ég skeyti á afmælinu mínu, 6. ágúst, frá mömmu þar sem þau systkin voru saman í hestaferðum á Snæfellsnesi, Barðaströnd eða annars staðar.

Eftir að Álfheiður Sylvía fæddist og ferðafær voru heimsóknirnar nýttar til stuttra, síðar lengri ferða. Nutum við þeirra; tignuðum yngstu frænkuna, sem var meðal fegurstu barna, talaði mikið og æfði okkur í ensku.

Þá heimsóttum við þau í Stokkhólmi og Bad Godesberg eða nutum bréflegrar leiðsagnar Helga sem bar hag okkar fyrir brjósti. Eftir að þau fluttust til Íslands tók við gestrisni þeirra og tíð *gestabod* sem voru allra samkvæma skemmtilegust, ekki síst er systkini Helga voru saman komin, vel menntuð, orðheppin og fjörmikil.

Við Páll bróðir minn og ég vorum sérstaklega heppnir að búa í Tjarnargötunni, lærðum að meta kosti Helga, gamansemi hans og ærsl. Það gerðu síðar einnig börnin okkar sem m.a. voru tekin í enskunám hjá Dorisi. Þá birtist Helgi með hressingu á bakka; blandaði sér í hópinn og kenndi *etikettur* í leikformi; hvernig ætti að heilsa, skála og ávarpa fólk. Allt með þeirri glaðværð sem honum var eðlislæg.

--

Er fór að halla undan fyrir Helga vegna aldurs sá Páll að við svo búíð mætti ekki standa, nú yrði að reyna að varðveita sitthvað af minningum hans sem við höfðum notið í fjörugri frásögn.

Páll hafði segulbandstæki undir höndum; fór til Helga og taldi hann á að tala inn viðtöl við sig. Var það reynt án merkilegs árangurs. Fólk var á þeim tíma hrætt við *míkerófóna*. Varð ekki meira úr þeirri tilraun að sinni.

Árum síðar kallaði Helgi Pál til sín sem mætti með bandið og hóf upptöku. Þá dró Helgi skjal úr þússi sínu og hóf lestur. Ekki var það þó nákvæmlega það er Páll hafði ætlað sér. Hann sóttist eftir þeirri fjörlegu frásögn, sem við vorum aldir upp við. Lestur Helga var nú býsna formlegur.

Varð ekki meira úr upptökum þá. Skömmu síðar veiktist Helgi, fékk heilablóðfall, náði sér sæmilega, en varð ekki samur maður aftur. Hann dó árið 1981.

Páll vissi ekki hvað af samantektinni varð. Svo þegar ég hóf skráningu skjalasafns Helga fann ég blaðabunka, sem allt bendir til að sé fyrrnefnd samantektin. Tók ég mig til og skráði gögnin, svo sem hér má sjá á eftir: MINNINGAR MÍNAR.

Sjá má að ávinningurinn varð, þrátt fyrir allt, býsna góður, þó ekki væri hann nákvæmlega sá sem Páll óskaði. Kanski fannst Helga minnið ekki jafn öruggt og áður og þótti vissara að athuga heimildir áður en frásögnin færi á flot.

--

Eftir að Doris dó 1999 talaðist svo til milli okkar Álfheiðar Sylvíu að gögn þau sem handritadeild Landsbókasafnsins óskaði eftir yrðu send þangað. Var því vel tekið af safnsins hálfu sem sendi starfsmenn til að velja gögn. Árið 2006 hóf ég að skoða safnið, skrá og koma því fyrir í skjalageymslunum.

Fyrst varð fyrir um tvö þúsund bréfa safn Halldórs E. Briem bókavardar, föðurbróður Helga, sem af einhverjum ástæðum hafði komist í hans vörslu. Ég skráði það, gerði útdrátt og gaf út í takmörkuðu upplagi.¹ Þá steypiti ég gögnunum að nokkru, saman við bréfasafn Páls Briem² sem ég hafði gefið út áður; gaf nú út á nýjan leik. Er það að finna á Landsbókasafninu eins og frumritin, sem eru í handritadeild eða í minni vörslu.

Að því loknu hóf ég skráningu skjalasafns Helga. Er því nú lokið. Auk minninga Helga og efnis úr bréfasafni hans hef ég skotið inn efni úr fjölskyldubrэфasöfnum; rita skýringar og viðbætur sem ég taldi við eiga eins og sjá má í efnisyfirliti.

--

¹ E.Á.: Bréfasafn Halldórs og Susie Briem. 2009.

² E.Á.: Úr fjölskyldubrэфasöfnum. Susie og Halldór Briem; Álfheiður og Páll Briem. 2009.

Tengsl Helga við Eggert bróður sinn voru mikil og nán, einkum fyrri hluta ævinnar. Í minningunum minnst hann vart á systur sínar er þó skrifuðust mjög á við hann. Einkum var Friede, móðir mín, í nánu sambandi; hafði stutt hann fjárhagslega, eins og líklega fleiri systkinanna. Þau voru í nánu sambandi; þó ekki óslitið.

Um skeið virðast tengslin minnka við Eggert. Helgi fer að kvarta yfir sambandsleysi, sem var þó skiljanlegt. Eggert var kominn í fyrirtækjastjórn, með fjölskyldu og stórt heimili; gat vart lagt sig meira fram en að annast fjármál bróður síns hér á landi.

En áhugi þeirra og ekki síst eiginkvenna þeirra var mikill á sálarrannsóknunum. Það tengdi þau aftur nánnum böndum.

--

Helgi var ekki í innilegu trúnaðarsambandi við mömmu sína eftir að hann fór utan; raunar ekki heldur við systur sínar, þegar þær bjuggu heima í Tjarnargötu 24. Hann mátti vita að öll bréf, sem þangað kæmu, væru lesin af öllum á heimilinu.

Þegar móðir mín komst í samband við Ásgeir, föður minn, þurfti að senda bréfin annað svo Álfheiður kæmist ekki á snóðir um efni þeirra, en hún setti sig mjög gegn öllu sambandi dætra sinna við hitt kynið.

Eftir að faðir minn féll frá árið 1935 er eins og sambandið við móður mína verði aftur náíð. Kannski hefur honum fundist hann missa eitthvað er hún trúlofaði sig og giftist.

Er Helgi fékk snilldarhugmyndina um bréfamiðlun milli fólks á meginlandi Evrópu og Íslands í stríðinu leitaði hann liðsinnis móður minnar en hún var með atvinnurekstur og athafnasöm. Friede Ingibjörg, móðir mín, tók að sér fyrirgreiðsluna á Íslandi og allt umstang í því sambandi. Við bræðurnir, bárum svo bréfin út um bæinn. Frá bréfamálinu segir fylgiskjali.

--

Minninga- og bréfasafnið er yfirleitt skemmtilegt, einkum fyrri hluta ævi Helga. Einhvern veginn virðist diplómatalífið hafa orðið dauflegra með tímanum; fjörið í bréfaskriftum minnkaði.

Dvölin og starfið í Portúgal virðist hafa verið indælt og skemmtilegt tímabil í ævi Helga. Fyrst og fremst er þau hjón eignuðust dótturina Álfheiði Sylvíu.

En bréfamiðlunin; ritun *Frétta frá Íslandi* og *Frétta frá Færeyjum*, ásamt miklum og góðum samskiptum hans á þeim árum við Íslendinga á meginlandinu og skyldulið þeirra á Íslandi var annasamt tímabil í ævi hans. Líka var það þroskandi og gaf

honum lífsfyllingu; gerði skjólstæðingunum góðverk. Aldrei hef ég þó séð að hann hrósaði sér af þessu merka framtaki.

--

Þessum áfanga er nú lokið og skila ég verkinu af mér til fjölskyldunnar og handritadeildar Landsbókasafns.

Helgi P. Briem: Minningar mínar

FYRRI HLUTI

*Uppkast gert haustið 1975 eftir að ég hafði gengið frá grein í rit sem átti að heita Í
ÞJÓNUSTU LANDSINS, en það mun bókaútgáfan Örn og Örlygur hafa ætlað að gefa
út með endurminningum*

Helgi P. Briem

Inn á milli eru útdrættir fjölskyldubréfa,
umsagnir og skýringar mínar. E.Á.

Bernska 1902-1912

Ég er fæddur þann 18. júní 1902 kl. 17 á Akureyri í norðvesturenda
amtmannehússins. Nú heitir það Hvammur og hefur verið afhent skátum sem
æskulýðsheimili og gert mjög vel upp, svo að þrem austurstofum hefur verið slegið
saman í einn fundarsal.¹

Faðir minn, Páll Jakob Briem, byggði hús þetta árið 1895 er hann fluttist norður
vegna þess að hann hafði verið skipaður amtmaður norður- og austuramtsins.

Móðir mín, Álfheiður Helga Helgadóttir, lektors Hálfánarsonar var fædd í
Reykjavík 11. nóvember 1868. Hún var um nokkurt skeið elsti íbúi Reykjavíkur og
lést þar 28. sept. 1962 nærri 94 ára gömul.

Faðir minn fæddist 19. október 1856 að Espihóli í Hrafnagilshreppi í Eyjafirði
og dó í Reykjavík 17. desember 1904. Man ég því ekki eftir honum með neinni
vissu um hvað eru minningar eða hvað mér hefur verið sagt.

Amtmannsembættið var lagt niður og móðir okkar fór með okkur 5 systkinin
suður í ágúst, en faðir minn dvaldi áfram á Akureyri.

Í Norðurlandi 1. okt. 1904 segir frá því að Akureyrarbúar héldu Páli Briem
skilnaðarsamsæti 24. september. Friðrik kaupmaður Kristjánsson² flutti aðalræðuna
og afhenti honum gjöf frá Norðlendingum, vandað gullúr með gullkedju. Þetta úr
gaf móðir mín mér þegar ég varð stúdent. Er brotist var inn á heimili mitt í New
York var því stolið.

¹ Nú er hætt að nota húsið í Hafnarstræti sem aðalheimili skáta á Akureyri.

² Friðrik Kristjánsson (1867-1938), kaupmaður og bankastjóri á Akureyri.

Hélt Páll alfarinn suður með Ceres 27. september 1904.¹ Faðir minn mun hafa komið til Reykjavíkur í byrjun desember. Foreldrar mínir höfðu leigt sér húsnæði í Klampenborg sem stóð við Hafnarstræti, alveg við fjörukambinn þar sem Helgi Magnússon byggði seinna steinhús, Hafnarstræti 19.² Ef ég man rétt hafði Thomsen vindlagerð á neðstu hæð og mér finnst ég muna eftir stúlkunum þar sem voru mér góðar. Þetta var víst mjög lélegt húsnæði og gjóstur með öllum gluggum.³

Þann 12. desember fór póstur norður og hafði faðir minn þá sent mörgum vinum sínum bréf, en um sama leyti var Myklestad kláðalækni haldið samsæti og var faðir minn þar að sjálfsögðu, því hann átti mikinn þátt í komu Myklestads.

Fékk hann heiftarlega lungnabólgu og dó á 4. eða 5. degi. Virðist sem sú einkennilega lækniáðferð hafi verið notuð að hafa sem allra kaldast á sjúklingnum. Voru því gluggar opnaðir fyrir vetrarrokinu og ísbakstrar lagðir á líkama sjúklingsins.

Móðir mín hefur sagt mér, að þegar hún hafi séð að hann var að deyja og engin von lengur, hafi hún beðið lækninn um að lofa honum að hafa hlýju síðustu klukkutímana sem hann lifði og var það leyft. Spunnust ýmsar sögur um þessa einkennilegu lækniáðferð en móðir mín sagði að Guðmundur Björnsson⁴, hafi áreiðanlega gert það sem hann gat til að bjarga lífi hans.⁵ Móðir mín tregaði hann allt sitt líf og bar aldrei sitt barr eftir lát hans og virtist varla geta brosað í bernsku minni.

Reykjavík 25. jan. 1905. Úr bréfi Jóns Helgasonar til Finns Jónssonar.

-- Ég ætlaði að skrifa þér með Vestu en þegar sá dagur rann upp var mér harmur í hjarta svo að ég treysti mér ekki því daginn áður hafði ég horft á augnaljós vinar okkar Páls slokkna í dauðanum. Ég held að ég aldrei gleymi því alvarlega augnabliki, enda hefi ég aðeins einu sinni á æfi minn áður séð mann deyja. Sem geta má nærri voru jólin okkur harla alvarleg eins og á stóð.--

¹ Eftir brottför Páls 2.10.1904 birtist kvæði eftir Pál Jónsson kennara og afgreiðslumann blaðsins. Þar segir: *Lengi skal þess mata manns, minning hjá oss geymast... Þú vildir framför og vegsæmd lands og vannst að því dögum úllum.* Páll hafði þá fengið starf sem bankastj. Íslandsbanka.

² Þar er nú Rammagerðin til húsa.

³ Á þeim tíma var húsnæðisskortur í Rvík, ekki síst vegna breytingarinnar á stjórnskipun landsins og aðflutnings embættismanna.

⁴ Páll Briem var lengi berklaveikur og þjáður af blóðspýtingi, eins og kallað var. G.B. héraðslæknir, síðar landlæknir (skáldið *Gestur*) stundað hann meðan hann dvaldi í Reykjavík. Þangað átti hann mörg erindi.

⁵ Í bréfum Páls til Álfheiðar konu sinnar, meðan hann var við nefndar og stjórnmalastörf í Rvík, lýsir hann veikindum sínum og lækningum. Af þeim má ráða að lækningar voru skammt á veg komnar og óhægt, að líkna eða veita aðhlyningu, þeim sem haldnir voru berklum, sjálfsagt fleiri sjúkdómum.

Eftir lát föður míns flutti hún á Þingholtsstræti 28, við hlið Magnúsar Stephensen landshöfðingja.¹ Þar byrjaði ég að muna eftir mér, líklega þriggja ára. Uppi á háaloftinu bjó gömul kona, madama Ingridur og kenndi hún mér að lesa. Sat hún með prjónana sína en hafði alltaf bandprjón til að benda á stafina. Man ég ekki eftir mér svo að ég kunni ekki að lesa.

Móðir mín var heldur heilsutæp. Hún fékk botnlangabólgu og þá var ekki hægt að gera botnlangaskurð hér á landi, svo hún þurfti að sigla til þess.² Seinna losnaði um einhver bönd við nýrað svo hún þurfti að sigla aftur til að fá uppskurð við þá aðgerð, en á bakaleiðinni strandaði skipið Ceres við Færeyjar.³ Mannbjörg varð og tekið var vel á móti henni af þeim indælu Færeyingum, en hún varð að fara aftur til Hafnar til að fá aðgerð við skurðinum. Minnst ég komu hennar (1906). Við systkinin höfðum einhvern veginn náð í flagg og gátum hvergi fest það upp til að fagna komunni. Var loks það ráð tekið að klemma það fast í kómmóduskúffu. Er við vöknudum um morguninn stóð mamma í svefnherberginu. Hún var mögur, tekin og stóreyg. Það þótti mér undarlegast að hún tárfeildi er hún leit yfir hópinn sinn. Við urðum nær ær af fögnuði. Hún færði okkur lítinn fjórhjóna vagn sem við áttum í fjöldamörg ár. Fyrst sem leikfang en síðan sem búmannsþing.

Meðan hún var í burtu var lokið við að smíða hús sem hún hafði gert uppdrátt að. Stóð svo á að faðir minn og bræður hans höfðu keypt grasigróna brekku fyrir vestan Reykjavíkurtjörn. Lögðu þeir þar veg og skiptu landinu milli sín, þannig að hver þeirra fékk lóð nógu stóra fyrir tvö hús.⁴ Gerðu þeir brunn við húsið nr. 20 og gátu pumpað vatni inn í kjallara hússins með litlum handpósti.

Seldi Sigurður Briem helming sinnar lóðar Klemens Jónssyni landritara,⁵ móðir mín Jóni biskupi Helgasyni, bróður sínum helminginn af sinni lóð fyrir 1200 kr.⁶ og Eggert Briem einhverjum sem ég man ekki hver var.

Móðir mín fékk Vilhjálmm Ingvarsson trésmið til að byggja húsið fyrir sig og þreyttist aldrei á að dásama þann mann fyrir hve vel hann hafði unnið það verk og

¹ Bjó í Næpunni, húsi er enn stendur v. Þingholtsstræti. Í minningum Friede Ingibjargar, systur Helga, greinir hún frá því að Magnús Stephensen, sem hafði lengi verið Páli, föður hennar andstædur, hefði nú, um síðir, lagt sig fram um að sýna börnunum hans vinsemd.

² Þetta gæti verið misminni. Botnlangabólga Álfheiðar var þekkt í sögu lækninga því Guðmundur Hannesson mun hafa verið búinn að taka úr hennu botnlangann á Akureyri.

³ Sjúkdómurinn var sagður einhvers konar nýrnalos. Prófessor Rovsing í Kaupmannahöfn var frægur fyrir skurðaðgerðir sínar vegna þessa sjúkdóms. Síðar mun hafa sýnt sig að um slíkan sjúkdóm er ekki að ræða. Því hefur annað valdið veikindum Álfheiðar.

⁴ Eggert og Sigurður Briem fengu eina lóð hvor (28 og 20) og Klemens Jónsson eina (22). Álfheiður Briem fékk tvær lóðir (24 og 26) og Björn Ólafsson tvær (16 og 18).

⁵ Sjá Minningar Sigurðar E. Briem (Rvk, 1944) og viðtal Bjarna Guðmundssonar við Sigurð í skipulagsþættinum Bærinn okkar í dagblaðinu Vísi (dagsetning óviss). Syðstu lóðina, Tjarnargötu 30 fékk Pétur Halldórsson borgarstjóri og bóksali; seldi hana Magnúsi Th. S. Blöndal, sem reisti steinhús. Nyrstu lóðina, nr. 16, mun Sigrún Ísleifsdóttir, ekkja Björns Ólafssonar, og Þorleifur Bjarnason maður hennar hafa selt Georg Ólafsyni bankastjóra, sem skipti henni og seldi. Þar voru svo byggð tvö steinhús.

⁶ Tjarnargötu 26.

samviskusamlega. Þar var nú ekki verið að reyna að hafa af ekkjunni úti í Kaupmannahöfn og öllum fjarri. Hefur húsið reynst öllum vel og gæfa fylgt því.

Móðir mín bjó niðri og hafði þrjú svefnherbergi uppi en amma mín Þórhildur Tómasdóttir hafði þrjú herbergi eða fjögur uppi og voru þau öll smá. Húsið stendur enn og nú býr þar dótturdóttir mömmu, sem Álfheiður heitir¹, en uppi Þórhildur Líndal og Eiríkur Tómasson.² Svo enn eru þar Álfheiður og Þórhildur til húsa.

Fluttum við í húsið 1907. Var þá enn smávegis ógert í húsinu, að ganga frá skápum, setja læsingar o.þ.h. Gerði það trésmiður sem Sigvaldi hét, ljúfmenni hið mesta. Elti ég hann á röndum og dáðist að handverklagni hans. Um haustið var brotist inn í öll húsin í Tjarnargötu nema hús móður minnar. Þá voru innbrot fátíð mjög og þóttu mikil tíðindi og ill. Bárust böndin að Sigvalda, en móðir mín varði Sigvalda og sagði hann hefði haft öll lykjavöld og ekki þyrfti að brjótast inn hjá sér. Því miður reyndist þó Sigvaldi, vinur minn, sannur að sök. Þegar Jóhannes bæjarfógeti³ spurði hann hví hann hafi ekki brotist inn hjá Álfheiði svaraði Sigvaldi með þóttu: *Ég stel aldrei frá vinum mínum.*

Tjarnargatan var einkagata og því tók bærinn ekki þátt í viðhaldi hennar í fjölda mörg ár og urðu lóðareigendur að annast það. Húsin fengu nafn af almannarómi, en ekki áttu eigendur hlut í því. Húsið nr. 18 er Björn Ólafsson augnlæknir⁴ byggði var kallað *Brilla*. Nr. 20 hús Sigurðar póstmeistara var kallað *Póstkassinn* en nr. 22 hús Klemens landritara *Klemmukassinn*. Nr. 24 sem Álfheiður Briem átti var *Heiðarbylið*, en Jóns biskups *Dvergafll* því það þótti einkennilegt í laginu. Húsið nr. 28, eign Eggerts Briem, sem þá var skrifstofustjóri fjármálaskrifstofunnar var kallað *Skildinganes* eins og skrifstofa eigandans.

Í götunni voru margir krakkar á svipuðu reki og léku þeir sér saman og voru nokkuð út af fyrir sig og tóku ekki þátt í erjum vesturbæinga og austurbæinga sem oft börðust fylktu liði með trésverðum og öðrum viðeigandi vopnum. Stóð okkur nokkur stuggur af slíkum vopnaviðskiptum. Hinsvegar mynduðu svokallaðir suðurgötustrákar harðsnúna sveit og börðust þeir einstaka sinnum við miðbæjarstráka.

Við í Tjarnargötunni byrjuðum vorið með því að spila klink og telpurnar fóru í paradís eða París, sem var hopleikur eftir ströngum reglum og einnig sippuðu þær og spiluðu djöflaspil. Það var erlendur leikur. Djöfullinn var tvær keilur er mættust á oddinum og voru málaðar hárauðar. Var mjóddin á djöflinum látin renna á seglgarni sem strengt var milli tveggja smástanga sem haldið var, sinni í hvorri

¹ Álfheiður Líndal Jetzek f. 1932, sem býr þar enn með dóttur sinni Helgu Hansdóttur og fjölskyldu.

² Þórhildur Pálsdóttir Líndal (1951) lögfr. Eiríkur Tómasson (1950) prófessor.

³ Jóhannes Jóhannesson (1866-1950), afi Matthíasar Johannessen.

⁴ Björn Ólafsson (1862-1909), frá Ási í Hegranesi; átti Sigrúnu Ísleifsd. (1875-1959) prests Gíslasonar í Arnarbæli. Hún átti síðar Þorleif Bjarnason yfirkennara.

hendi. Hentu telpurnar djöflinum upp í loftið og gripu í seglgarnið og gerðu margskonar kúnstir af undraverðum fimleik. Hef ég aldrei séð þann leik síðar. Á sumrin var mikið farið í kýlabolta en er hausta tók fóru krakkar í feluleik og að hverfa fyrir horn.

Þegar mamma fór til lækninga 1907 tók amma mín Þórhildur¹ við bústjórninni í Þingholtsstræti 28, en hún bjó ella í Bankastræti 7. Hafði afi minn Helgi Hálfðanarson² keypt húsið af Helga biskup Thordersen. Var það vel byggt með stórum garði, þar sem uxu ribsrunnar og náði garðurinn niður í lóð Gamla bíós og yfir það sem seinna varð Ingólfsstræti. Hafði afi keypt húsið fyrir 1200 kr. en um sama leyti hafði honum boðist Landakot fyrir 4000 kr. Virðist það hafa verið honum hentugra, þar sem þau áttu 10 börn og honum virtist hitt hættuleg fjárfesting.

Húsið var gott og vel byggt og minnst ég að bæði í lofti og hurðum voru mjóir listar lagðir ekta gulli.³ Það sem okkur börnum þótti þó merkilegast við að heimsækja ömmu var að í gluggakistunni bjuggu tvær mýs og var innangengt úr holu þeirra í skilrúm milli tvöfaldra glugga.⁴ Man ég ekki hvernig amma gaf þeim en ég man að hún gerði það og þótti okkur systkinunum það ævintýralegt.

Amma mín sem af 5 börnum Tómasar Sæmundssonar,⁵ prófasts á Breiðabólstað og var elst Sigríðar Þórðardóttur,⁶ sem Tómas skrifaði Jónasi Hallgrímssyni að þar hafi hann séð þá konu sem hann helst vildi eiga. Hann dó 17. maí 1841 en þá gekk einhver farsótt,⁷ og missti þá langamma mín mann sinn, móður sína og tvö börn sín sömu dagana og voru þau öll jörðuð í sömu gröf.⁸ Eftir náðarárið⁹ flutti hún að Flókastöðum með þeim tveimur börnum sínum, sem eftir lifðu, Þórhildi og Þórði.

6. júní 1844 giftist Sigríður í annað sinn Ólafi Stephensen,¹⁰ sekretera í Viðey. Svo virðist sem hann hafi fengið heldur lélega dóma, og mun það stafa af því að hann var aldrei talinn neinn andans maður.¹¹ Alltaf er mér hlýtt til hans vegna þess hve ömmu minni þótti vænt um hann og hve góður hann var henni.

¹ Þórhildur Tómasdóttir (1835-1923).

² Helgi Hálfðanarson (1826-1894) lektor.

³ Blaðgull, eins og notað er m.a. í gyllingu bóka.

⁴ Þá var víða venja að hafa tvöfalda glugga að vetri til.

⁵ Séra Tómas Sæmundsson (1807-1841).

⁶ Sigríður Þórðardóttir, síðar Stephensen (1803-1878).

⁷ Hér mun hafa verið um berkla að ræða sem hann hafði lengi verið þjáður af.

⁸ Auk Þórhildar komst upp Þórður Tómasson, 1837-73, lækni á Akureyri. Átti danska konu sem flutti eftir lát hans til Danmerkur.

⁹ Fyrsta árið eftir lát prests mátti ekkjan sitja jörðina.

¹⁰ Ólafur Stephensen (1791-1872).

¹¹ Að vísu var hann forráðamaður Viðeyjarprents, en útgáfubækur þess voru harðlega gagnrýndar m.a. af Tómasi Sæmundssyni.

Er Þórður Tómasson var við nám í Kaupmannahöfn voru allra bækur Tómasar sendar á undan honum, en skipið fórst og þar með bækurnar. Ég á þó þrjár bækur sem Tómas hefur farið höndum um. Ég rakst einhvern tíma á fyrsta bindið af *ferðabók Olavinsar* í Boghallens Antikvariat í Kaupmannahöfn. Var bókin bundin í alskinn og í góðu standi svo ég keypti hana, vonaðist til að fá 2. bindi seinna. Var bókin vel með farin, nema hvað einhver hafði sett nafn sitt á bókina með barnastimpli og undir stóð: *Á bókina*. Jón Helgason¹ taldi líklegt að bókin hefði verið í láni er Tómas dó og því aldrei verið skilað og lent á flækingi.²

Aðra bók gaf amma mín mér. Hafði Tómas gefið Sigríði Björnsen hana á afmælisdegi hennar 9. okt. 1834. Var það kvæðabók danskra skálda og hafði hann skrifað á saurblaðið þessa vísu eftir Christian B. Tullin:

*Finum þann stað hvar frelsi býr,
hvar sorg konstriek og sjálfgjörð plága.
síst gjöra lífstíð okkar bága,
en grær við armóð gleðin býr;
hvar útrás kunnur frjálsa fá
fjötruðum þanka er löngum sefur,
og vín það drekka í náðum ná
náttúran sjálf sem byrjað hefir.*

Þessi litla bók er einnig bundin í alskinn og gullborði í báðum spjöldum. Einnig sníkti ég frá ömmu minni stafrófskver hennar eða:

*Nýtilegt Barna-gull
eður
Stöfunar- og Lestrar qver banda Börnum
samantekið af Bjarna Arngrímssyni
fyrrum sóknarpresti til Mela og Leirár
í Borgarfjarðar Sýslu*

sem prentuð var í Viðeyjaklaustri 1836.

Stafrófskver þetta er bundið í skinn með tréspjöldum og gyllt á kili, en framspjöldin með gylltum borða á öllum fjórum hliðum og blindborða þar innan í. Á framspjaldi er þrykkt með gylltu, upphafsstafir ömmu minnar: *Th. Th.* en á afturspjaldi ártalið 1842. Virðist svo sem það hafi verið í bandi er langafi minn dó 28. sept. 1835.

Amma mín ólst því upp í Viðey frá því hún var á níunda ári, þangað til hún giftist tæplega tvítug. Sagði hún mér margt frá æsku sinni þar og lífinu á þessu

¹ Biskup.

² Ásgeir Eggertsson á eina guðfræðibók úr eigu Tómasar eftir þýska guðfræðinginn fræga; Schleiermacher.

höfðingjasetri. Var þar fjöldi vinnufólks og héldu sumar vinnukonurnar í Viðey tryggð við hana, meðan þær lifðu.

Einhvern tíma kom langamma mín úr kirkju og sagði þá við eina vinnukonuna: *E ekki vissi ég að þú ætlaðir að fara að gifta þig Siggu mín.* Sigga tók því sem spaugi þangað til frú Sigríður sagði að það hefði verið lýst með henni og einum vinnumanninum. Þá steinleið yfir Siggu. Hafði þá Ólafur sekreteri talið að vel færi á því að þau giftust og lét lýsa með þeim án þess að minnast á það við þau. *En það fór vel á því,* sagði amma mín að lokum.

Þá var mjög mikið æðarvarp í Viðey og verptu kollurnar bæði á þakinu og hlaðinu og voru mjög spakar.

Rottur voru þar miklar og einhverju sinni er keyptur hafði verið sekkur af tvíbökum hurfu allar tvíbökurnar fljótlega. Nokkru seinna var lítið inn í skáp sem lítið var notaðar og hafði þeim verið kyrfilega raðað þar upp að bakhlið og vegg. Einnig sagðist hún hafa séð oftast en einu sinn að rottur fluttu burt æðaregg þannig að ein lá á bakinu og studdi við eggjð en tvær drógu hana á halanum í felustað.

Hún sagðist hafa æft sig á píanó í Viðey að jafnaði 4 tíma á dag og hafi það verið kuldaverk því húsið var mjög kalt.¹

Heimiliskennari var á heimilinu fyrir drengina, en ekki fyrir telpurnar. Þó hún hefði ekki kennsluna sat hún oft í skólastofunni við hannyrðir sínar en lærði þó fljótar en drengirnir bæði latínu, dönsku og þýsku og las dönsku og þýsku sér til skemmtunar frá unglingsárum til elli. Einnig spilaði hún á píanó sér til yndis til dauðadags.

Einnig minnst hún þess að þegar vantaði tappa í rjómaflösku sem sendar voru inn til Reykjavíkur voru rifin niður skjöl allmerkileg útlits. Spurði hún hvort rífa mætti svo falleg skjöl, en fékk það svar: *Það gerir ekkert til, þetta er bara rusl frá honum afa.*

Helgi Hálfðánarson tók guðfræðipróf við Hafnarháskóla 25. jan. 1854, stundaði síðan kennslu veturinn 1854 en vígðist til Kjalarnesþinga 10. júní 1855 og kvongaðist Þórhildi ömmu minni 15. sama mánaðar en þá var hún á tuttugasta ári er hún varð prestkona að Hofi á Kjalarnesi. Hann fékk síðan Garða á Álftanesi 15. apríl 1858 og var það talið eitt besta brauð landsins, en fiskur lagðist frá og varð þá mikil fátækt í kotunum sem ekki höfðu neina búnyt.

Sagði amma mín mér frá atviki er sýnir armóðinn. Hún útbjó smá glaðning handa hverju koti fyrir jólin og sagði mönnum að sækja hann. Eina jólanóttina kom maður af einu kotanna og spurði eftir syni sínum stálpuðum; var sagt að hann hafi

¹ Hún lék alla tíð á píanó, kenndi á hljóðfærið, m.a. Sveinbirni Sveinbjörnssyni tónskáldi. Þá lék hún undir á leiksýningum í Rvík. Þótti sumum nóg um að prestkona gerði slíkt.

tekið við sendingunni um miðjan dag. Fóru þá allir karlmenn að leita hans, en hann fannst von bráðar. Hafði hann verið svo svangur að hann hefði ekki staðist freistinguna að eta tólgarkerti í sendingunni, en þorði þá ekki heim til sín og lagðist fyrir til að deyja þar.

Er amma mín og afi voru að Görðum var þar einnig til heimilis Árni stiftsprófastur Helgason,¹ sem fékk biskupsnafnbót 1858 er hann fékk lausn frá prestskap á 81. aldursári. Ólst amma mín því upp hjá einum andstæðingi föður síns, Ólafi, en hafði allnað sambýli með öðrum, séra Árna.² Hvorugur þeirra létu hana á nokkurn hátt gjalda þess, enda báðir góðmenni og ljúfmenni.

Eftir 9 ára starf í neyðinni á Álftanesi voru efni þeirra mikið gengin til þurrðar og fékk Helgi Hálfðánarson þá kennaraembætti í prestaskólanum árið 1867. Keypti hann þá hús Helga biskups Thordersen, Bankastræti 7, sem andaðist það ár.³

Helgi Hálfðánarson fékk nú næði til ritstarfa og gerðist mikilvirkur rithöfundur. Það mun nú allt úrelt, nema þá helst sálmabókin en hann var formaður sálmabókarnefndarinnar frá 1878, en hún kom út 1886. Þar voru um 200 sálmar þýddir og frumortir af honum og auk þess vék hann mörgu við frá öðrum, svo hægt væri að syngja þá, því t.d. stórkostlegt skáld sem séra Matthías virtist hafa ort sálma sína í guðmóði og af andagift, en án þess að gæta þess hvort hægt væri að syngja þá.

Það var ekki verið að kosta upp á ritara fyrir nefndinni. Sagði móðir mín mér að hún hafi skrifað upp alla sálmabókina fyrir nefndarmenn, en suma kafla hafi hún skrifað 10 sinnum, enda kunni hún megnið af sálmabókinni til æviloka.⁴

Móðir mín hefur sagt mér að mikið hafi komið af farandfólki og fátæklingum á æskuheimili sitt og var þeim að sjálfsögðu veittur beini og fengu eitthvað með sér. Henni var eftirminnilegust kona ein sem kom á hverju ári og var hún holdsveik. Var börnunum skipað að kyssa hana til að hún fyndi minna til nefleysis síns.

Svo einkennilega vill til að langafi minn sr. Hálfðán Einarsson⁵ var prestur á Brjánslæk frá 1835-48 og eru til bréf frá honum sem lýsa því hve unaðslegur honum hafi þótt sá staður sem annar langafi minn kenndi sig við og tók nafn sitt: Briem af Brjamslæk, sem þá var nafn kirkjustaðarins.

Byrjunarlaun kennaraembætta við Prestaskólann voru 500 rd. Helga þótti ekki fært að flytja með fjölda barna til Reykjavíkur með svo lág laun og sótti því um að fá 800 rd. og fékk hann þá upphæð eftir rúmlega árs umhugsunarfrest. Samt gekk

¹ Séra Árni Helgason (1777-1869). Sagt var að sambýlið hafi verið erfitt þar sem séra Árni var drykkfelldur

² Tómas deildi hart á Sunnanpóst séra Árna og sniðgekk hann þangað til undir það síðasta.

³ Áður höfðu þau leigt húsnæði í Sudurgötu 8.

⁴ Álfheiður sagði síðar að henni hefði þótt vænst um sálma séra Björns í Laufási, því þeir væru margir svo stuttir. Hún átti að skrifa einn sálm á dag.

⁵ Séra Hálfðán Einarsson (1801-65), síðast prestur á Eyri við Skutulsfjörð.

honum erfiðlega að lifa á þeim launum og var hann því að hugsa um að sækja um prestsembætti, en var aftrað frá því með því að fá persónulega launauppbót frá 1872 sem nam 400 rd. árlega.

Er móðir mín flutti í húsið Tjarnargötu 24 árið 1907 flutti amma mín og Sigríður Tómasdóttir,¹ sonar- og fósturdóttir hennar í suðurstofurnar uppi á lofti, og bjó hún þar til æviloka 29. jan. 1923. Hafði hún þar gömul húsgögn sín, stóran sófa við vesturhlíð stofunnar og borð fyrir framan í Kristjáns sjöunda stíl. Milli glugganna hafði hún skrifborð sitt og stóðu nokkrar ljósmyndir á því og einnig héngu nokkrar myndir á veggnum yfir skrifborðinu og gifsafsteypa af mynd þeirri af Tómasi föður hennar, sem Bissen myndhöggvari hafði gert og greipt var í minnisvarða hans í kirkjugarðinum á Breiðabólstað.²

Við austurvegg stóð píanó hennar, mjög hljómlítið.³ Við norðurvegg voru bókaskápar 2, lítill að vestan hjá kolaofni en stór til hægri við dyrnar. Fór ég oft þangað og minnst aldrei nema þar væri sól. Getur verið að ég hafi helst lítið til ömmu þegar sól var úti, eða hitt að það standi mér í barnsminni með mikilli birtu.

Amma bauð okkur stundum til kaffidrykkju hjá sér og auk þess hafði hún kaffidrykkju með mikið af sætum kökum, sem hún bakaði, mjög góðar, á aðfangadag. Þá var borðað kl. 12, en milli 2-3 hið mikla boð því svo var ekki borðað aftur fyrr en komið var úr kirkju. Þetta breyttist þó seinna svo ömmu boð var eitthvað fyrr en við borðuðum um kl. 4, svo búið var að borða þegar farið var í kirkju og drukkið súkkulaði og kaffi er komið var úr kirkju.

Þegar Helgi Tómasson⁴ var í Menntaskólanum kom hann og borðaði hjá ömmu. kennsla hófst kl. 8 en frá 10⁴⁰ til 11²⁰ var gefið matarhlé. Helgi bjó hjá móður sinni sem þá bjó á Laugavegi 104 í húsi sem hét Lundur, við Rauðará. Komst hann því ekki heim til sín. Þurfti hann auðvitað alltaf að flýta sér og heyrðum við hann segja: *Take fyrir matinn og kaffið og vertu sæl*, um leið og hann þaut út úr íbúð hennar og niður stigann.

Meðan amma lifði voru ætíð lesnir húslestrar að vetrinum og las mamma þá en við systkinin sátum í kringum borðstofuborðið. Voru lesnar *Péturs hugvekjur*⁵ og mun það vera eitthvert leiðinlegasta guðsorð, sem samið hefur verið á íslensku og ekki man ég til þess að nokkur setning væri þar minnisstæð eða hefði áhrif á

¹ Sigríður Tómasdóttir (1899-1990). Faðir hennar, Tómas Helgason læknir, síðast í Mýrdalshéraði, dó 1904.

² Þessi mynd mun hafa gengið til Jóns sonar hennar og þaðan til barna hans. Í ævisögu Tómasar Sæmundssonar og Sigríðar Þórðardóttur (Rvík, 2007) segi ég, ranglega, að Jón Helgason hafi gert hana eftir eldri lágmynd. Mun þetta vera myndin og hér er getið um, og prýðir kápu bókarinnar.

³ Friede Pálsd. Briem gat þess að amma hennar hefði spilað stórvel á píanó og hrífandi er hljómarnir bárust frá henni af loftinu í Tjarnargötu. Hér ber dálítið á milli.

⁴ Helgi Tómasson (1896-1958), sonarsonur Þórhildar, eldri bróðir Sigríðar, síðar yfirlæknir. Bjó í Rvík. Þeir frændur Helgi Tómasson og Helgi P. Briem voru miklir vinir þar til ágreiningur reis vegna mismunandi afstöðu til Jónasar frá Hríflu.

⁵ Pétur Pétursson biskup (1808-1891).

nokkurt okkar. Móðir mín hafði fallega rödd og var sunginn sálmur fyrir og eftir lesturinn.

Húsið sem móðir mín lét byggja var 17x12 álnir að stærð, tvílyft með kjallara. Voru allháar tröppur upp að forstofudyrnum móti norðri. Tvær stórar stofur og bjartar sneru út að Tjörninni og hafði móðir mín látið gera hornglugga á þær báðar til norðausturs og suðausturs. Var mikið spott gert að horngluggunum í byrjun en þær raddir þögnuðu fljótt, því út um þær gat maður fylgst með umferð um götuna, sérstaklega meðan runnar í garðinum nr. 22 voru lágvaxnir.

Lágum við systkinin löngum tímum við gluggann til norðausturs ef mamma var í burtu og hlupum út til að fagna henni, þegar sást til hennar. Norðausturstofan var nefnd daglega stofan, en ekki var hún notuð daglega, en var gestastofa, mjög vistleg en við börnin vorum þar lítið daglega. Úr miðju lofti hékk stór olíulampi, skrautlegur með allskonar steypu útflúri og út frá miðju voru nokkrir kertastjakar. Úr þeim héngu þrístrendingar úr gleri sem mynduðu fagurt ljósbrot þegar sólin skein á þá.¹

Í horni var kolaofn mikill og fagur, svokallaður kápuofn, sem þýddi það að fåguð blikkkápa var á honum en undir henni var venjulegur kolaofn, en þetta sambyggt með krómuðum hurðum og kórónu úr krómuðum málmum uppi við loft. Kápan var aldrei nema volg og þótti okkur gott að verma hendur á ofninum þegar við komum inn úr kulda. Var þetta sjálfsagt til að við ekki brenndum okkur á ofninum. Var hann miklu fallegri en venjulegir kolaofnar.

Við vesturvegg stóð fortepíanó gott með kertastjökum úr kopar.² Á gólfinu var heimaofið teppi sem mamma hafði gert með hjálp vinnukvenna sinna á Akureyri.³ Var það sett á að haustlagi til vors, og eins voru settar dökkrauðar gardínur að haustinu og tvöfaldir gluggar. Breytti stofan því um svip að vetri og fylgdi þessu mikið amstur þegar tvöföldu gluggarnir voru teknir burt að vori og settir upp á háaloft. Yfir heimaunnu teppunum sem náðu yfir allt gólfíð var erlent teppi, en auk þess sítuð hrosshúð hvít af reiðhesti pabba, sem féll fyrir aldur fram.

Minnist ég unaðslegra stunda þegar mamma sat við píanóið og spilaði og söng fyrir okkur, en við kútveltumst á gólfinu og sungum með.

Auk píanósins var hilla fyrir nótnahefti til hægri við það, en á suðurvegg var mikil rennihurð. Gengu hurðirnar inn í vegginn og þótti geysihaglegt við ýmsa leiki og sérstaklega þegar leiksýningar voru gerðar. Var stór bókaskápur við þann vegg og þar geymd ljósmyndaalbúm, sem sýnd voru gestum en sjaldan skoðuð ella og lítið eitt af guðsordabókum og nokkuð af dönskum bókum sem móðir mín hafði keypt.

¹ Lampanum var breytt fyrir rafmagn og er á mínu heimili. E.Á.

² Í eigu Jónu Einarsdóttur (f.1916), fóstudóttur Álfheiðar.

³ Í bréfasafni fjölskyldunnar er skemmtileg lýsing á gerð þessa mikla gólfteppis.

Önnur stór stofa með gluggum út að götu var notuð sem borðstofa og var hún aðaláverustofa okkar. Þar var einnig ofn í horni.

Sú mikla raun skeði fyrir okkur systkinin að þegar faðir okkar dó voru bækurnar hans settar á uppboð, en móðir mín hafði auðvitað ekkert pláss fyrir þær og var henni því ráðlagt að setja þær á uppboð og gerði hún það. Elsta bróður mínum, Kristni, voru gefnar Íslendingasögur hans.

Við systkinin ólumst upp á heimili sem var að miklu leyti bókalaust. Þó voru eftir nokkrar bækur, ljóðmæli Hallgríms Péturssonar í 2 bindum, Árbækur Espólíns, sem mamma gaf mér er ég varð stúdent og einstaka bækur aðrar. Lagabækur föður míns, bundnar í skinn, fóru margar á 10 auro. Faðir minn reyndi að safna að sér ýmsum skjölum aðallega úr Árnasafni, því hann langaði til að gefa út réttarsögu Íslands. Voru það 9 þakkar, en til allrar hamingju keypti Landsbókasafnið þá fyrir 20 kr. Hafa þeir Ólafur Lárusson og Einar Arnórsson gengið í þá, svo gagn varð að þeim.¹

Er ég komst á þann aldur að vilja lesa var ekkert bókasafn til og aldrei í önnur hús að venda en Landsbókasafnið. Ég mátti ekki nota lesstofuna. Gerði ég það þó einu sinni og fór með Eggert² bróður mínum þangað, líklega 12 ára, því ég var kominn í Menntaskólann. Ég var ekki rekinn út af Halldóri³ föðurbróður mínum, en varð að lofa að koma ekki þangað aftur fyrr en ég væri orðinn 15 ára. Var þó enginn við lestur í lesstofunni, enda var þetta að sumarlagi. Móðir mín skrifaði því til landsbókavardar, en hann leyfði að ég fengi lánaðar bækur á hennar nafni. Þetta var þó til lítils gagns, því ekki mátti lána út íslenskar bækur. Er ég bað um einhverja íslendingasögu fékk ég einhverja þýska útgáfu, mjög vísindalega og prentaða með að minnsta kosti tvennu mismundandi torskildu gotnesku lettri, en latína var með latínuletri. Minnst ég hvílikur fögnuður greip mig þegar Eggert bróðir minn gaf mér Heimskringlu í útgáfu Finns Jónssonar (1911) í góðu skinnbandi. Var hann ætíð minn góði bróðir.

Í horni daglegu stofunnar var skrifborð mömmu og geymd gömul bréf sem henni þótti vænt um og önnur skjöl í læstum skúffum en á því lá skrifmappa hennar en ýmsir smáhlutir til prýðis sem okkur börnunum þóttu mjög merkilegir.

Stólar voru þar stoppaðir og klæddir rauðu plussi. Bakið breikkaði upp og út frá því héngu skúfar listilega gerðir og var spunnið fínu silki um þá. Kettir hússins töldu þá gerða sér til skemmtunar og ípróttæfinga, svo þeir tóku tilhlaup og hentu

¹ Uppboðslistinn verður birtur í bréfasafni fjölskyldunnar. HPB segir annars staðar að faðir hans hafi verið skuldugur vegna tímaritsins Lögfræðings þegar hann dó. Álfheiður hefur ekki átt marga kosti.

² Eggert P. Briem (1898-1985), bóksali, framkvæmdastjóri og fulltrúi í Rvík.

³ Halldór Briem (1852-1929) kennari og bókavörður, síðast í Rvík.

sér upp í þá og róluðu sér í þeim. Eftir að kettirnir höfðu stundað æfingar sínar um nokkurra ára skeið voru þeir orðnir slitlegir og rytjulegir og tók mamma þá af.¹

Er við komum til New York árið 1942 urðum við mjög hissa að sjá stóla alveg eins og þessa og með samskonar skúfum. Voru þeir seldir á ofurverði í allra nýtískulegustu húsgagnabúðum í New York. En ekki virtist sá stíll á húsögnum verða langlífur. Þegar við vorum flutt frá New York til Stokkhólms, árið 1948, sagðist móðir mín þurfa að gera upp húsgögn sín og bað mig kaupa áklæði á þau, helst pluss og nauðsynlegar snúrur, sem spunnar voru á mjög konstferðugan hátt, 8-12 þræðir spunnir saman og helmingur þeirra með undarlegu og óútreiknanlegu handbragði. Er kom til Stokkhólms reyndust þar margir menn sem búið gátu til svona snúrur og höfðu þeir allir aðsetur á Snormakargatan, frá löngu liðinni tíð. Er ég sýndi einum slíkum listamanni snúruna frá 1895, þegar foreldrar mínir keyptu þessi húsgögn, leit hann á hana gegnum stækkunargler og sagðist mundu hafa alveg samskonar snúru til eftir viku. Sendi ég móður minni bæði plussið og snúrurnar, en hún varð lítið hrifin af plussinu, því það væri mesta skítti og mundi ekki duga mikið. Þá var hún 80 ára og vildi auðsjáanlega hafa hlutina endingargóða. En hún varð mjög hrifin af snúrunum.

Yfir píanóinu hékk mikil mynd í gylltum ramma. Var það kítarteikning með svartri og hvítu kít á ígulan pappír, þar sem var fjöldi seglskipa, öll með mismundandi seglbúnaði. Var myndin ákaflega vel gerð af dönskum málara sem Blache hét.² Var teikning þessi gjöf til foreldra minna frá Jóni Norðmann, föður Katrínar Viðar, Jóns píanóleikara, Kristínar konu Páls Ísólfssonar og þeirra systkina.³ Einnig var þar lítil mynd eftir Þórarín B. Þorláksson,⁴ sem lét lítið yfir sér. Sér maður yfir grænan hól til Viðeyjar en í sundinu liggur og þrímöstruð skonnorta, en til hægri sér í Esjuna og langt úti er gufuskip með reykjarslóða á eftir sér. Er þetta útsýni úr herbergi móður minnar í Bankastræti 7, sem faðir minn bað Þórarín um að mála, sem minningu um foreldrahúsin.

Í suðvesturhorni var borðstofan. Hún var klædd dökkum veggjapappír, leðurlíkan, en tréverkið grænmálað, því það þótti sjálfsagt að borðstofur væru dökkar og eitthvað þungbúnar. Úr miðju lofti hékk stór og þungur lampi sem gaf ágæta birtu, enda sátum við öll kringum borðastofuborðið og lásum lexíur okkar, þegar við komumst á skólaaldur.

Húsgögn voru úr mahogni eða rauðleitum viði. Stórt borð sem tólf gátu setið við sem hægt var að lengja með hlerum, stórt hliðarborð.⁵ Upp af borðinu var mikið virki með stórum spegli og snúnum súlum í barokkstíl. Voru þar skúffur þar

¹ Stólarnir, með snúrunum eru á mínu heimili. E.Á.

² Myndin er nú eign Sigurðar Línal (1931).

³ Auk þess Jórunn píanókennari, Óskar kaupmaður og söngvari og Kristín danskennari.

⁴ Blache, danskur listmálari (1867-1924).

⁵ Í eigu Iðunnar Magnúsdóttur (1966).

sem daglegur borðbúnaður var geymdur sem matast var með. Var þess gætt að hver fengi sína skeið. Á borðinu stóð mikil temaskína úr látúni, sem sjaldan var notuð, lampi¹ falletur úr *ónyx* og nokkrir skrautmunir. Í djúpum skápum var geymt spari kaffi- og testell öðrumegin en hinumegin kryddstóll og ýmislegt til daglegrar notkunar. Á austurvegg hékk stór stundaklukka með tveim lóðum og þurfti að draga lóðin upp á viku fresti.² Á gólfinu var dökkt linóleum.

Í suðvesturhorni hússins var minni sofa með glugga út í garðinn, mjög björt og ánægjuleg. Var hún alltaf kölluð *litla stofan*. Var hún oft leigð út til tekjuaukningar mömmu, sem síst veitti af tekjum. Þegar Eggert bróðir minn veiktist af brjóstveiki lét mamma gera hurð út í garðinn og minnka gluggana.³ Var þar gerður allstór pallur og tröppur niður í garðinn.

Eggert lá í litlu stofunni, en alltaf þegar var fært veður lá hann á bedda á pallinum í gæruskinnsþoka. Hann treysti sér ekki til að fara til Vífilsstaða og mamma sá rétt í því að hann mundi fá svo mikið óyndi þar að hann kæmist naumast aftur þaðan. Hinsvegar gætti hún svo vel alls hreinlætis að ekkert okkar systkinanna smitaðist þó við værum mjög með Eggert, okkar góða bróður. Eftir ár var hann talinn hafa sigrast á brjóstveikinni. Hann langaði þó ekki til að byrja aftur í Menntaskólanum einu eða tveimur árum á eftir sambekkingum sínum, svo er hann hressstítt fékk hann atvinnu hjá Eimskipafélagi Íslands sem yngsti maður og sendill, fyrstu þrjá mánuðina kaupaust. Þá voru starfsmenn þess Emil Nielsen forstjóri, Sigurður Guðmundsson, skrifstofustjóri, Halldór Eiríksson, bókhaldari og Valdimar Norðfjörð, skrifstofumaður. Með Eggert var starfslíðið í landi fimm menn. Hafði hann 45 kr. á mánuði, svo okkur þeim yngri fannst hann ríkur sem fursti. Eldri systir mín, Þórhildur, afgreiddi í Bókaverslun Ísafoldar og hafði 15 kr. á mánuði, en síðan kom Valgard Claessen ríkisféhirðir⁴ og bauð henni stöðu hjá sér með 35 kr. mánaðarlaunum og tók hún henni.

Móðir mín hafði 50 kr. eftirlaun á mánuði, en auk þess 100 kr. laun á ári með hverju barni til 16 ára aldurs. Faðir minn hafði líftryggt sig fyrir 15.000 kr. og skyldi sú upphæð greidd fjármálaráðuneytinu – sett föst – svo hún fékk vextina en aldrei umráð yfir höfuðstólnum. Vextir voru 4% svo hún fékk 600 kr. á ári þaðan. Hef ég aldrei skilið hvernig hún komst af með rúmlega 100 kr. og haldið þó fullri reisu sinni. Vildi hún aldrei sækja um uppbót á eftirlaunum sínum eins og margar aðrar ekkjur. Ef einhver vildi vorkenna henni sagði hún jafnan: *Ég held ég geti ekki kvartað.*

¹ Í eigu Páls Ásgeirssonar (1931).

² Í eigu minni. E.Á.

³ Á þessum árum hræddust flestir brjóstveiki. Nágrannarnir óttuðust að börn þeirra myndu smitast af Eggert. Áratugum seinna kom í ljós við berklaleit að Eggert hafði aldrei sýkst af sjúkdóminum. Þannig hefur um annan sjúkdóm verið að ræða.

⁴ Valgard Claessen (1850-1918). Danskur, áður verslunarstjóri á Sauðárkróki; átti Kristínu Briem, elstu föðursystur Helga sem dó 32ja ára.

Hugsíð þið til blessaðra prestsekkanna. Ekki vildi hún heldur að ég sækti um styrk er ég var í skóla, því hún sagði að öðrum mundi fremur liggja á styrk en mér.

Ég byrjaði snemma að selja blöð, svo sem Ísafold, Ingólf o.fl. Bar ég sum út um allan bæ, en Ísafold aðeins í vesturbæ og miðbæ. Þá fannst manni langt að fara vestur á Stýrimannastíg og suður í Ingólfshús.¹ Þá voru ekki komnar bréfarifur á húsin og örsjaldan bréfaþakassar og þeir svo litlir að varla var hægt að koma blöðum í þá. Er mér sérstaklega minnisstætt hús á Stýrimannastíg þar sem íbúarnir voru alltaf fjarri, svo ég varð að skilja blaðið eftir á hurðarhúninum. Ýmist f auk það eða var hirt af einhverjum. Varð ég oft að fara tvívegis með blaðið. Fyrir útburðinn fékk ég 50 aura.

Þegar þurrkur var fórum við tveir strákar inn á Kirkjusand og unnum í saltfiski. Fyrir það fékk ég 9 aura um tímann þegar ég var 9 ára en hækkaði í 10 aura um tímann næsta sumar. Þá varð einn kunningi minn fyrir slysi og bað hann mig taka við starfi sem sendisveinn meðan hann væri veikur og gerði ég það og varð sendisveinn í Ísafoldarprentsmiðju fyrir 5 kr. á viku.

Það þótti mér skemmtileg vinna enda kynntist ég þar mörgum ágætum prenturum sem mér hefur alltaf fundist aðall iðnaðarmanna. Urðum við sumir vinir til dauðadags, eins og t.d. Gunnar Einarsson.² Það fyrsta sem ég þurfti að gera á hverjum degi var að fara með stóreflis könnu í eldhúsið á Hótel Íslandi og kaupa þar kaffi, sem prentararnir drukku kl. rúmlega 9 og borguðu fyrir, 5 aura hver.

Þarna var margt að sjá og skemmtilegt, Í útihúsi var stór steinolíumótor og sneri hann ás undir lofti en allar prentvélnar gátu fengið afl frá honum með gildum leðurreimum. Hann var nokkuð dyntóttur og þegar allt lenti í strandi var fenginn maður til að snúa stóru pressunni svo að Ísafold gæti komið út á réttum tíma. Mun það hafa verið eitthvað erfiðasta verk sem hægt var að fá manni og minnst ég aumingja mannsins sem sneri pressunni svo að rann af honum svitinn.

Einnig var þarna bókband mjög aðlaðandi þar sem alltaf sauð í límpotti og unnu þar 3-4 bókbindarar, þeirra á meðal Gísli Guðmundsson³ með dásamlega fagra söngródd. Þótti varla nokkur sómasamlega grafinn nema Gísli syngi: *Allt eins og blómstrið eina* við gróf hans. Oft heyrði maður ógleymanlega rödd hans niður í Tjarnargötu. Minnst ég þessa sumars alltaf með gleði, vegna þess hvað ég kynntist þar mörgum ágætum manni og hefi alltaf þótt prentsmiðjulykt búa yfir einhverjum töfrum.

¹ Bergstaðastr. 70; Húsið brann. Húsið var vinningur í happdrætti til öflunar fjár til gerðar stytta Einars Jónssonar af Ingólfi Arnarsyni er stendur á Arnarhóli.

² Gunnar Einarsson (1893-1975). Seinna forstjóri Ísafoldarprentsmiðju, bókaútfélandi og kenndur við prentsmiðjuna.

³ Gísli Guðmundsson, (1874-1958), bókbindari og tónlistarmaður.

Síðan varð ég sendisveinn í Braunsverslun sem þá var við Aðalstræti. Verslunarstjóri þar var L.H. Müller,¹ mikill skauta- skíða- og íþróttamaður. Sendi hann á hverju vori til mín að biðja mig um að vera sendisveinn um sumarið. Það var einnig skemmtilegt starf. Hann átti sumarbústað uppi við Selvatn, sem hét Falkheim og ruddi hjólhestabraut þangað. Var góð silungsveiði í vatninu en hann hafði mikið yndi af öllum veiðum. Er hann kom upp eftir skaut hann mófugla, spóa, lóu, endur og rjúpu sem mér þótti sárt.

Hann keypti hvolp af ensku setterkyni sem eru úrvals veiðihundar, mjög fallegir með hvítum blettum og kögri á öllum fótum. Þeir hundar þurfa strangt uppeldi og einhverju sinni er við komum uppeftir kom galsi í hundinn og hann rak upp hvern einasta fugl og gerði mikinn óróa, einmitt þegar Müller vildi hafa frið til að fara á veiðar næsta dag. Sinnti hundurinn hvorki köllum né flauti en skemmti sér konunglega. Þegar Müller náði í hann flengdi hann hundinn með ól svo hann veinaði óskaplega og var mjög reiður húsbónda sínum og neitaði að éta um kvöldið. Lét Müller þá vel að honum, kjassaði hann og klappaði, en hundurinn lét sig ekki og var lengi fátt á milli þeirra.

Hjólaði ég oft upp í Falkheim og gisti þar stundum með Müller, en stundum með Stefáni Bachmann Grímssyni, sem var minn góði eldri félagi og vinur. Er ég var kominn yfir sjötugt keypti maður íbúð á sömu hæð og ég bjó. Var þar kominn Stefán vinur minn og sagði: *Öll þessi ár sem þú hefir verið í útlöndum og flutt land úr landi hefi ég setið á sama stað, meira að segja í sama stól. Allir aðrir hafa fengið krómaða stálstóla en ég hefi viljað sitja á mínum gamla tréstól með sessu.*

Einu sinni ætlaði ég að ná í vellaunaða stöðu og sótti um að verða þingsveinn. En þá vildi svo til að Ólafur Briem, föðurbróðir minn,² var kosinn forseti neðri deildar. Var mér sagt að er hann sá nafnið Briem hafi hann lagt þá umsókn til hliðar og tekið alla hina strákana. Virðist allríkjandi í Briemsættinni *öflugur nepotismi*, eða að forðast að hygla að ættmönnum sínum, þó þeir séu kannski síst verri en keppinautar þeirra.

Móðir mín sagði þess sama hefði gætt hjá Eiríki Briem³ gagnvart föður mínum. Hann var mikill vinur landshöfðingja, en það þýddi að gengið var framhjá föður mínum við embættaveitingar á mjög áberandi hátt. Þá var einkunn við embættispróf þyngst á metunum varðandi embættisframa, en þó hann hefði fyrstu einkunn, var lögfræðingur með þriðju einkunn tekinn fram yfir hann.

Get ég sagt að þetta hafi verið eina og síðasta skiptið sem ég hafi sótt um stöðu. Þó ég hafi síðar sótt um fiskifulltrúastöðuna var það eftir að við Helgi

¹ Stofnaði verslun með sportvörur í Austurstræti.

² Ólafur Briem (1851-1925). Bóndi og alþingismaður á Álfgveirsvöllum í Skagafirði. Forystumaður bænda; form. Sambands íslenskra samvinnufélaga (SÍS), formaður Framsóknarflokksins.

³ Eiríkur Briem (1846-1929). Hann var prestur í Steinnesi; síðar prestaskólakennari og alþingismaður.

Guðmundsson höfðum sætaskipti en Sigurður Kristinsson¹ bað mig senda umsókn af formlegum ástæðum. Þó ég hafi aldrei sótt um eða beðið um nokkra aðra stöðu hef ég einu sinni beðið ráðherra um að senda mig ekki á vissan stað, en þangað var ég kominn eftir rúma tvo mánuði. Eitthvert blað gat um mikla baráttu milli mín og annars manns um stöðu aðalræðismanns í New York eftir Vilhjálm Þór,² en það var lýgi. Ég minntist ekki einu sinni á að fá þá stöðu við þáverandi forsætisráðherra, Hermann Jónasson, sem þó var góður vinur minn.

Hvort það er þessi öfuga frændfylgni sem olli því að ég vingaðist lítið við Briemsættina veit ég ekki. En samskipti við þessa frændur urðu mjög lítil. Auðvitað mætti ég bæði Sigurði³, Eggert⁴ og Ólafi, þegar hann var á þingi, mjög oft. Tók ég ofan fyrir þeim og þeir sáu það stundum, en hvort þeir vissu hver þessi strákur var, veit ég ekki. Ég efast um að ég hafi sagt 10 orð við þá öll mín æskuár, meðan ég bjó í Tjarnargötunni eins og þeir. Mamma var þeim jafn ókunnug og þéraði alla mága sína nema Vilhjálm.⁵

Þeir giftust ágætiskonum og sýndu þær okkur góðvild og hlýleik. Við lékum okkur auðvitað við börn þeirra sem voru á svipuðum aldri og var okkur boðið í afmælisboð leikfélaganna, og þeim til okkar, meðan við vorum lítil, en ekki varð þar nein vinátta, þó við heilsuðumst síðar í lífinu. Einnig bauð mamma föðurbræðrum okkar og konum þeirra í fermingarveislu okkar og brúðkaup dætra sinna, því hún vildi að við hefðum eitthvert samband við föðurætt okkar, þó við hefðum misst föður okkar.

Allt öðru máli gegndi um ætt móður minnar. Hún seldi Jóni bróður sínum⁶ lóðina við hliðina á húsi sínu og hann hafði einhver undarleg makaskipti við Guðmund Jakobsson⁷ trésmíðameistara sem byggði húsið Tjarnargötu 26, en fékk í staðinn Bankastræti 7.

Frá fyrstu tíð voru miklar samgöngur milli húsanna og við krakkarnir lékum okkur saman og gengum út og inn hver hjá öðrum. Jón frændi sem við kölluðum alla tíð kom mjög oft inn og drakk ellefukaffi með mömmu og ræddu þau um ættartölur og allt milli himins og jarðar. Var ég alltaf mæddur er ég kom og sá kaffibolla með vindlaösku á undirskálinni sem merki þess að Jón frændi hefði litið inn og ég misst af fróðlegum skoðanaskiptum. Var Jón frændi mjög kátur að jafnaði

¹ Sigurður Kristinsson (1880-1963). Atvinnumálaráðherra. Bróðir Hallgríms Kristinssonar.

² Vilhjálmur Þór (1899-1972). Forstjóri SÍS, utanríkisráðherra og bankastjóri.

³ Sigurður Briem (1860-1952). Póstmeistari og póstmálastjóri, Tjarnargötu 20.

⁴ Eggert Briem (1867-1936). Síðast hæstaréttardómari, Tjarnargötu 28.

⁵ Séra Vilhjálmur Briem (1869-1950). Prestur; síðast yfir Söfnunarsjóði Íslands og bjó í Sudurgötu 16.

⁶ Jón Helgason (1866-1942), biskup og rithöfundur.

⁷ Guðmundur Jakobsson (1866-1933). Guðmundur átti Þuríði Þórarinsdóttur, systur séra Árna og Þóru, en þau systkini voru þremmenningar. Þó nánar en það, þar eð séra Árni sem hafði missti föður sinn ungur var því nánast uppeldisbróðir Þórhildar Tómasdóttur. M.a. vegna guðfræðiskoðana átti hann í nokkrum útistöðum við Jón biskup frænda sinn. Fer nokkrum ósonnum sögum þar um, sem þó eru ekki frá séra Árna komnar.

og hafði mikið af skráttum á takteinum og ekkert hátíðlegur í dagfari sínu og lét allt fjúka. Hinsvegar gat hann verið allstrangur ef honum fannst við krakkarnir koma eitthvað ótilhlýðilega fram eða við sögðum eitthvað sem særði börn hans og þýddi að þau urðu óörugg í framkomu og jafnvel klaufaleg.

Kona hans var dönsk og hét Martha Marie, fædd Licht, og kölluðum við hana töntu Maríu. Jón frændi talaði alltaf dönsku við hana og hún lærði aldrei íslensku. Er það frægt, er hún talaði við mann einn og þurfti að útskýra eitthvað smávegis fyrir honum. Sagðist hún hafa verið stolt yfir hve vel henni hefði tekist útskýring á íslensku, þegar maðurinn sagði: *Fyrirgefðu en ég skil ekki dönsku*. Hafði hún þá verið rúm 50 ár á Íslandi. Hún var söngvin kona og söng vel og spilaði mjög vel á píanó.¹ Þær mamma höfðu kynnst er þær voru í söngtíma hjá sama kennara í Höfn. Tanta María var besta kona, mjög mild í framkomu og ljúf í skapi. En heldur ófríð og spillti það útliti hennar að hún var mjög nærsýn og úteyg og þurfti alltaf að nota gleraugu, sem að þess tíma sið voru nefklemmur. En þó hún væri ófríð í okkar augum sá Jón frændi það ekki, því þau unnust af öllu hjarta og menn höfðu í flimtingum að hann ávarpaði hana að jafnaði sem *söde Marie*.

Þegar ég man fyrst eftir Jóni frænda mun hann hafa verið forstöðumaður Prestaskólans og síðar prófessor, en árið 1917 var hann vígður biskup og gerði Valdímar Briem² það. Á leiðinni hingað suður datt Valdímar af bakí og fór armurinn úr liði og brákaðist nokkuð. Sagði hann í vígsluveislunni við Jón biskup að hann hefði vígt hann *með hangandi hendi*.

Jón frændi var mjög vel gerður maður. Hann var vel hagarður, teiknaði mikið og málaði, sérstaklega þegar hann var ungur og eru teikningar hans af Reykjavík í bernsku nú í Borgarminjasafni Reykjavíkur.³ Eru þær mikið notaðar til þess að prýða myndir af Reykjavík frá því er hún var að vaxa úr þorpi í bæ. Einnig gerði hann myndir af öllum kirkjum sem hann vísíteraði.⁴

Hann var mikill áhugamaður um guðfræði og predikaði ókeypis í Dómkirkjunni annan hvern sunnudag í 13 ár. Um skeið átti hann í miklum ritdeilum út af svokallaðri nýju guðfræði, en þegar hann varð biskup taldi hann að hann ætti að vera sameiningartákn kirkjunnar og ekki vekja deilur. Tók hann þá að semja ævisögur ýmissa kirkjunnar manna.

Sagði hann nokkrum sinnum að ég hafi verið kveikjan í að hann fór að gefa sig að ævisögum. Á ég bágt með að skilja að það geti verið rétt. Einnig vildi hann að ég

¹ Hún var líka ágætt tónskáld.

² Séra Valdímar Briem (1848-1930), vígslubiskup, prestur á Stóra-Núpi.

³ Vegna aðgæsluleysis erfingjanna hafa myndirnar dreifst nokkuð. Hafa, eins og hann, ekki litið á þær sem listaverk. En hann vissi áreiðanlega sjálfur að þær eru sagnfræðilega merkar.

⁴ Segja má að J.H. hafi verið sá rithöfundur okkar sem helst nýtti myndlistina til að endurskapa/túlka söguna. Sennilega sá myndlistarmaður sem oftast er gripið til við myndskreytingar; jafnframt sjaldnast getið höfundar: Myndstuldur eða hvað?! Hann hefði sjálf sagð ekki tekið þetta alvarlega. Hefur stundum komið til tals að halda sýningu með myndum J.H. Í öðru listasafni kom þetta einnig til tals. Mótbára safnstjóra var: *Hann var ekki lærður listamaður*.

erfði bréf hans og skjöl. Ég var í Portúgal þegar hann lést og skrifaði tanta María hvort hún ætti að senda mér þau en ég bað hana blessaða að gera það ekki því mikil hætta væri á að þau færust á leiðinni eða ritskoðunin í Bretlandi eyðilegði þau og bað hana koma þeim í Landsbókasafnið.¹

Jón frændi þekkti hvert mannsbarn í Reykjavík og var vel látinn af þeim, en það var eins og margir menntamenn væru á móti honum og reyndu að gera hans hlut sem minnstan. Hann gaf út *Árbækur Reykjavíkur* og auðvitað mátti finna einhverjar villur í svo mikilli bók, en úr þeim var gert mjög mikið eins og bókin væri markleysa. Nokkru síðar kom út bók: *Íslenskir Hafnarstúdentar*.² Var hún hafin til skýjanna sem öruggt heimildarrit. Ég þóttist geta dæmt um einn kafla þar, um sjálfan mig og er það nokkur skáldskapur og vitleysa, en um aðra dæmi ég ekki.

Spurði ég einhvern tíma góðan menntamann af hverju hann minntist varla Jóns Helgasonar án þess að hnýta í hann. Sagði hann: *Þessi stíll hans irriterar mig. Setningaskipunin er óíslenskuleg og í stað þess að segja ég, notar hann talshætti eins og: Sá sem hér heldur á þenna o.þ.b.*

Það fór heldur í taugarnar á mönnum þegar sjálfstæðisbaráttan var hörðust að honum var vel við Dani og talaði vel um þá, einn ekki margra Íslendinga.

Ég varð var við að hann tók það nokkuð nærri sér þegar bæjarstjórn Reykjavíkur fól Klemens Jónssyni³ að skrifa sögu Reykjavíkur sem kom út 1929. Átti hann mikið efni um það mál og fór Klemens til hans og bað um að fá afnot þess. Því neitaði hann, breytti um form og gaf síðan út *Árbækur Reykjavíkur* árið 1941.

Elsta systir móður minnar, Sigríður Helgadóttir⁴ giftist Skúla Skúlasyni⁵ sem þá var nývígður prestur í Odda. Var móðir mín á sumrin henni til hjálpar og kynntist þar föður mínum sem var sýslumaður í Rangárvallasýslu.

Þegar móðir mín fór til Danmerkur til lækninga 1907 var ég um sumarið í Odda. Reidi Skúli frændi, eins og við kölluðum hann, mig á hnakkúlunni austur í Odda, og var það eftirminnilegt ferðalag fyrir mig og heldur erfitt. Eftir það var ég nokkur sumur í Odda, og var alltaf vel tekið, en Oddafólkið hélt til hjá mömmu þegar það kom til Reykjavíkur. Páll Skúlason, síðar ritstjóri, bjó sín skólaár í kvistherberginu í Tjarnargötu 24.⁶

¹ Það var gert skömmu síðar. Sjá: J.H.: Það sem á dagana dreif. Lbs.

² Eftir Bjarna Jónsson (1875-1948), lögfræðingur frá Unnarholti.

³ Klemens Jónsson (1862-1930), landritari. Hann skrifaði mikið, m.a. um sögu prentlistar, Grund í Eyjafirði, Lögfræðingatal og Sögu Reykjavíkur. Einnig sögu Akureyrar sem kom út að honum látnum.

⁴ Sigríður Helgadóttir (1862-1947), prestkona í Odda.

⁵ Séra Skúli Skúlason (1861-1933), prófástur í Odda.

⁶ Þar bjó líka Helgi lækni bróðir hans (1892-1983), þó öllu lengur hjá Jóni biskupi Helgasyni.

Mér þótti mjög vænt, bæði um Skúla frænda og systir¹ í Odda. Eitt eða fleiri sumur var ég rjómapóstur² frá Odda, en rjómapúbúð var að Minna-Hofi. Fyrsta árið mun ég hafa verið 7 ára og fórum við 2 eða 3 saman, Otti á Vindási, ágætur félagi, drengur frá Oddhól og ég. Rjóminn var geymdur í brúsum sem sökkt var í gamla brunnninn, sem hætt var að nota. Var þar mjög kalt á honum. Voru brúsarnir síðan látnir í þverbakstösku úr striga en taskan fóðruð með heyi til þess að rjóminn hitnaði ekki á leiðinni og ég settur ofan á. Rorruðum við síðan fetið að Minna-Hofi yfir Lambhagasíki og Geitnasand. Mun ég hafa verið sjö og átta ára þegar ég var rjómapóstur í Odda. Það sem ég minnst helst frá þessum ferðum var þau ógrynni af fuglungum er voru á leiðinni að sikinu og gátum við sjaldan notað göturnar þar því við vorum hræddir að ungarnir yrðu undir hófum hestanna. Voru það aðallega rjúpnauingar, lóuungar og spóauingar. Ég minnst þess að rjúpur settust á hey og bældu þau. Sagt var að einn maður hafi fengið 12 rjúpur í skoti.

Ferðirnar austur voru farnar að Ægissíðu í póstvögnum og gisti á leiðinni. Póstvagnarnir voru fjórhjólarnir vagnar með tveimur hestum fyrir og sæti fyrir líklega 12 manns. Lítið pláss var fyrir farangur. Minnst ég þess að Þorsteinn Erlingsson, skáld,³ kvartaði undan því í spaugi að það væri þreytandi að sitja með fæturna ofan í skólþötu allan daginn. En þessháttar óþægindi þóttu sjálfsoð. Venjulega voru tveir vagnar í hverri ferð og gistu menn úr öðrum vagninum að Kotströnd, en í hinum að Selfossi, hjá Símoni.⁴ Var það góð gisting, en öllu verri að Kotströnd, því þar var notað fýlungafíður og lyktaði maður lengi á eftir. Hans Hannesson⁵ hafði þessar ferðir austur og stjórnaði fyrri vagninum en Sigurður Gíslason,⁶ síðar lögregluþjónn, þeim seinni. Annarhvor þeirra hélt áfram með póstin að Odda, en brautin endaði við Rangá og þar voru vagnarnir skildir eftir. Síðan fór einhver frá Odda með póstin inn í Fljótshlíð.⁷

Það mun hafa verið árið 1912 sem brúin yfir Rangá var gerð. Þá hafði ég eignast notaðan hjólhest og lagði heldur land undir fót og hjólaði austur að Odda. Var það ekki góður vegur og mjög laus í sér. Ég skrönglaðist þó austur í Hraungerði. Hitti ég þar prestinn séra Ólaf Sæmundsson⁸ á hlaðinu og baðst gistingar. Hann sagði að þar væri allt fullt hjá sér en ráðlagði mér að fá gistingu að Skeggjastöðum við veginn austur. Var hún auðfengin og minnst ég hennar enn með ánægju. Allt var þar tandurhreint, gott rúm og ágætar viðtökur. Fyrir gistingu,

¹ Svo. Fól af kynslóð HPB beygði ekki orð eins og systur og bróður. Orðið systir var á þeim tíma notað um frænku, föður eða móðursystur. Fallbeygingar ekki notaðar.

² Þá hafði verið stofnað rjómapúbú, m.a. með stuðningi séra Skúla. Rjómapóstar fóru á milli með rjómann frá bæjum meðlima búsin.

³ Þorsteinn Erlingsson (1858-1914).

⁴ Símon Jónsson (1864-1937), trésmiður, brúarvörður og veitingamaður á Selfossi.

⁵ Hans Hannesson (1867-1928).

⁶ Sigurður Gíslason (1889-1947), *Siggi folli!* Síðar mikilsvirtur lögregluþjónn í Reykjavík.

⁷ Pósthirðing var í Odda.

⁸ Séra Ólafur Sæmundsson (1865-1936).

kvöldmat og morgunmat borgaði ég 4 krónur og mun það hafa verið venjulegur taxti.

Kom ég til Odda milli 2 og 3 um daginn og var fyrsti hjólréiðamaður sem þangað kom og voru nokkrir úti á hlaði og fylgdust með ferðum mínum. Það blikaði á teina hjólanna og stýrið og furðuðu sig ýmsir á hvaða undramaður væri þarna á ferð. Var ég nokkra daga í Odda og voru móttökurarnar góðar. Það mun hafa verið þá sem mér var léður hestur til að fara með Þórhildi frænku,¹ en hún fór í póstferð inn í Fljótshlíð. Hún var elsta dóttirin í Odda, ljómandi stúlka sem dó rúmlega tvítug. Ekki man ég að við kæmum inn nema á Breiðabólstað, því Þórhildur vildi sýna mér minnismerki langafa okkar þar í kirkjugarðinum. Var það ljómandi fallett og smekklegt úr rauðum steinum með hvítum marmaraskjöldum á 4 hliðum. Seinna voru þeir teknir úr og settir eirskildir í staðinn, sem fór illa við hinn rauða stein og runnu lækir af spanskgrænu niður steininn. Er þetta elsta minnismerki landsins því illa leikið.²

Einnig kom ég inn þar³ og þáðum við góðgerðir og minnst ég sérstaklega fjölda landslagsmynda á veggjum, en þær voru útsaumur heimasæturnar frk. Ingunnar,⁴ sem síðar giftist Óskari Thorarensen,⁵ en þeirra sonur er Þorsteinn rithöfundur og sagnfræðingur.⁶ Var þetta mjög ánægjuleg og skemmtileg ferð.

Það jók einnig ánægjuna að þá var alltaf gott veður. Yfirleitt var alltaf gott veður í bernsku minni. Þegar þetta er skrifað, haustið 1975, hefur verið þoka og súld en slíkt veður þekktist ekki þá á Íslandi. Ég minnst aðeins einu sinni í bernsku minni að hafa komið út þegar þoka var. Þótti mér það mjög merkilegt og þó enn merkilegra að mér var sagt að hún væri raunverulega ský, svona neðarlega og man ég þá skýringu ennþá.

Þegar við systkinin vorum lítil hafði móðir mín vinnukonu sér til hjálpar, en þegar stríðið kom hætti hún að hafa efni á því. Fyrst höfðu þær 3 kr. á mánuði. Ég minnst þess, þegar þær byrjuðu að segja móður minni, að þessi stúlkan eða hin væri farin að fá 4 kr. á mánuði. Mamma vildi eyða slíku tali.

¹ Þórhildur Skúladóttir (1889-1918). Kennaramenntuð og hélt unglingaskóla.

² Ekki hefur það batnað síðan. Marmaralágmyndirnar voru teknar úr á sínum tíma, fluttar í Þjóðminjasafn og koparmyndir settar í staðinn. Marmari fer illa utandyra vegna mengunar. Úr koparnum renna spanskgrænutaumar. Steinninn mun á sínum tíma hafa verið tekinn úr grjótnámu á Borgundarhólmi, sem hefur verið lokað m.a. af náttúruverndarsökum. Sigurður Guðmundsson myndlistarmaður, frændi T.S., hefur fundið steintegundir í Kína og myndvinnslufólk, sem endurnýjað geta minnisvarðann. Ráðamenn kirkjugarðanna voru ekki reiðubúnir til þess, er haldið var upp á 200 ára afmæli séra Tómasar.

³ Þá var prestur þar séra Eggert Pálsson (1864-1926) sem átti Guðrúnu Hermannsdóttur sýslumanns á Velli Jónssonar, systur Jóns tollstjóra og Halldórs prófessors í Íþóku.

⁴ Ingunn Eggertsdóttur (1896-1982).

⁵ Óskar Thorarensen (1887-1953) bóndi þar, síðar á Móeidarhvoli og forstjóri BSR.

⁶ Þorsteinn Thorarensen (1927-2006). Lögfræðingur og bókaútfandir.

Margar stúlkurnar voru frá Ólafsvík, en þar bjó besta vinkona mömmu og frændkona hennar, Þuríður Þórarinsdóttir.¹ Var hún mjög hjálpleg mömmu að útvega henni röð af ágætis stúlkum og er mér það í barnsminni hvað þær voru skemmtilegar. Í mínum huga var Ólafsvík stórborg. Þekkti ég svo til hvern mann þar, því stúlkurnar lýstu íbúunum svo lifandi að manni fannst maður hafa lifað þar mörg ár og hvaða smámunir urðu þeim fyndnar og kátlegar sögur. Þóra var mikill aufúsugestur og síst verri sagnakona en sr. Árni bróðir hennar. Þær Þuríður systir hennar, móðir Þórarins tónskálds² höfðu skemmtilegan ýkjuhæfileika. Þegar bólgnaði út frá tönnum var maðurinn bólginn niður á bringu og þegar eldavélin var kynt var hún ekki rauðglóandi, eða gul. Nei, hún var hvít.³

Þegar mamma hætti að hafa vinnukonur sváfum við Eggert bróðir minn í vinnukonuherberginu, norðvestur herbergi hússins. Þar varð engri upphitun komið við og var því stundum smáskafli á lakinu við nasir okkar og vatn frosið í þvottaskálinni. Þótti slíkt sjálfsagður hlutur þá. Seinna setti mamma miðstöð í húsið og var það mikil húsabót. Einnig setti hún rafmagn í húsið fljótlega eftir að það fékkst. Þá voru menn lítt vanir slíku og mjög sparir bæði á slökkvara og innstungur. Af einhverjum ástæðum var talið heppilegra að hafa slíkt dót í útveggjum en nálægt dyrum, svo maður gekk í gegnum herbergið í myrkri og fann slökkvarann undir gardinum milli glugganna. Þegar menn fóru að venjast rafmagni fundu menn þó upp á að hafa þetta sem næst hurðarsnerlinum og lét mamma þá breyta lögnum í þá átt.⁴

Ég mun hafa farið að þekkja stafina þegar ég var 4 ára. Þá bjó gömul kona upp á háaloftinu í Þingholtsstræti 28 og gengum við Friede systir mín til hennar og kenndi hún okkur stafina. Sat hún við þrjónana sína en við stögluðum og þegar á lá benti hún okkur með bandþrjóni. Man ég ekki til að ég kynni ekki að lesa. Þegar mamma flutti niður í Tjarnargötu gekk ég í skóla til frk. Kristínar Arason eða Aradóttur,⁵ systur Guðlaugar Arason.⁶ Höfðu þær tvær Kristínar tvö herbergi uppi yfir rakarastofu Árna Nikulássonar, Kirkjutorgi 6.

Komum við þar nokkrir fyrirmyndar krakkar til lærdómsiðkana. Man ég ekki eftir telpunum, en þær voru nokkrar, en hins vegar man ég vel eftir Haraldi Á. Sigurðssyni,⁷ sem þá þegar var orðinn mjög skemmtilegur. Einnig var þar frændi

¹ Systir séra Árna og Þóru.

² Þórarinn Guðmundsson fíðluleikari (1896-1979).

³ Einhverju sinni átti Álfheiður, móðir Helga, leið um Laugavegin þar sem Þóra bjó. Hún kom út í glugga og fór að segja sögur af dauðveikindum barnanna. Þau brutust um og hömdu sig ekki og vildu koma út í glugga líka. Þá sneri hún sér að þeim, hastaði á þau: *Látid þið ekki sjá ykkur krakkar!*

⁴ Jón biskup var fátækur og var síðastur allra til að hafa ráð á að fá sér rafmagn.

⁵ Kristín Arason (1855-1914) frá Flugumýri í Skagafirði, dóttir Ara Arasonar læknis.

⁶ Guðlaug Arason (1855-1936). Hún var einnig kennari við Barnaskóla Reykjavíkur.

⁷ Haraldur Ásgeirsson Sigurðsson (1901-84). Gamanleikari, revíuhöfundur o.fl. Hann var sonur Ásgeirs Sigurðssonar konsúls og kaupmanns.

hans Friðrik, síðar kaupmaður Lúðvigsson¹ Hafliðasonar. Þótti mér það skemmtilegir dagar og minnst ég þess að mér þóttu biblíusögurnar svo spennandi að ég las 45 síður af þeim og hætti þá ungrú Kristín að setja mér fyrir.

Eftir þennan ágæta skóla gekk ég í Barnaskóla Reykjavíkur og var settur í þriðja bekk. Þar kenndi mér ungrú Elín, dóttir Matthíasar Jochumssonar,² indæl kona, ljómandi falleg og skemmtileg. Af nemendum í þeim bekk var strákur, langur og heldur óaðlaðandi og ekki vel hreinn sem hét Ottó. Minnst ég þess að aumingja Ottó hafði lag á að setja kennara upp á móti sér og var hann sá eini sem ég sá Elínu hrísta einu sinni – og hafði það mikil áhrif á mig, því einhvern veginn fannst mér Ottó vera vangefinn frekar en ódæll. Einhvern tíma er ég var heima í frú mætti ég gömlum manni á Bókhöðustígnum. Hann gekk álútur og báðir handleggirnir héngu niður með síðunum. Þetta var Ottó, minn gamli bekkjarbróðir og gat hann ekki verið nema fertugur, en svona ellilegur! Gat ég ekki annað en spurt sjálfan mig: Hví hann - en ekki ég? Hver var gæfumunurinn? sem kallað er, án þess að ég hafi þó sótt um það.

Þar voru margir kennarar og mér minnistæðir; Helgi Salómonsson, síðar Hjörvar,³ byrjaði það ár sem kennari. Hann kenndi okkur reikning og las fyrir okkur úr *Svanhvíti*,⁴ sérstaklega sorgleg kvæði, því hann var elegískur í sér. Þar var einnig Steingrímur Arason, en báðum þessum mönnum kynntist ég síðar í lífinu, sérstaklega Steingrími, einhverjum besta og göfugasta manni, sem ég hef borið gæfu til að kynnast.⁵

Er ég var aðalræðismaður í New York kom hann til mín með vandræðamál nokkurt. Hann starfaði hjá Vilhjálmi Stefánssyni,⁶ en Vilhjálmur fyrir ameríska herinn sem sérfræðingur í norðurslóðum og Íslandi. Hafði Steingrímur nokkuð með Íslandskort að gera. Við Papós er sker nokkurt, merkt á kortum sem Bóla. Steingrími þótti sem þetta gæti verið röng komma og skerið ætti að heita Bola, ef þarna skyldi hafa verið sumarþeir fyrir bola. Ræddum við þetta með vísindalegum rökum uns ég sagði að þetta mundi nú ekki skipta herstjórnina amerísku miklu máli og upp á það bauð ég honum að borða með mér. Þetta sýnir hans vísindalegu nákvæmni. Þegar við höfðum kynnst vel, sagði ég honum að ég hafi alltaf verið hræddur við hann, því einhvern tíma hafi sessunautur minn verið eitthvað að tala við mig, þegar hann kippti honum upp úr sætinu og út að vegg og þar sló hann

¹ Friðrik Ludvigsson (1901-52).

² Elín Matthíasdóttir Laxdal (1883-1918) átti Jón Laxdal tónskáld. Dóttir þeirra Guðrún, móðir Ragnars Arnalds alþingismanns og ráðherra.

³ Helgi Hjörvar 1888-1965, lengst skrifstofustjóri Útvarpsráðs, frægur fyrir þýðingu og upplestur sögu Börs Börssonar.

⁴ Svanhvít: Nokkur útlend skáldmæli í íslenskum þýðingum eftir Matthías Jochumsson og Steingrím Thorsteinsson. Til í mörgum útgáfum.

⁵ Steingrímur Arason (1879-1951). Varð forystumaður um barnakennslu og uppeldi.

⁶ Vilhjálmur Stefánsson (1879-62). Vestur-íslenskur heimskautafari.

bylmingshögg – í vegginn. Steingrímur, þetta fádæma ljúfmenni, sagði: *Já, skapað var alltaf meinið mitt.*

Einnig man ég vel Hallgrím Jónsson,¹ sem kenndi íslensku og vildi helst ekki hafa nema þrjú orð í setningu. Hann var skáld og ágætur kennari, en dálítið stríðinn. Þar var einnig Margrét Þorkelsdóttir frá Reynivöllum² sem ein stúlkan hafði mjög gott lag á. Hún tafaði lexiurnar svo ekki heyrðist orðaskil, og þá sagði Margrét: *Þetta var ágætt, ég heyrði ekki vel til þín, en þú hefur ekki getað haft þetta svona hart yfir ef þú hefur ekki kunnað það.* Þegar ég var nýkominn í bekkinn spurði hún mig hvað ég væri gamall, og ég sagði stoltur yfir aldrinum: *Nú ára.* Þá sagði hún: *Þetta er enginn aldur.* Grundaði ég lengi út í því hvernig enginn aldur væri til þegar ég væri þó 9 ára gamall.

Ragna Stephensen³ átti dálítið erfitt með að halda uppi góðum aga og þögn í bekknum og heyrðist það langt í burtu hvar hún væri að kenna því hún barði í kennarapúltið með reglustiku, svo það var sem næst síbylja. Hún kenndi landafræði og einhvern tíma þegar enginn gat komið fyrir sig Hrísey á Eyjafirði sneri hún sér til mín og sagði: *Þú ættir að minnsta kosti að muna það sem sigldir fram hjá henni.* Sá merkisatburður skeði þegar ég var tveggja ára og tveggja mánaða gamall.

Einu sinni kenndi séra Haraldur Níelsson⁴ okkur málfræði í nokkra tíma vegna forfalla. Eru það ógleymanlegar stundir, því t.d. útskýrði hann fyrir okkur sterkar sagnir: *Þið sjáid, hann Siggi er sterkur. Ef einhver atlar að togast á við hann þurfa tveir strákar að leggja saman. Eins eru sterkar sagnirnar eitt atkvæði, en það þarf að bengja einhvern aftan í veiku sagnirnar.*

Sigurður Jónsson,⁵ síðar skólastjóri var mjög skemmtilegur kennari sem kenndi mikið í fyrirlesturum sem sumir skrifuðu upp og seldust fyrir mikið verð í þá tíð. Þá var engin Íslandssaga til nema kver séra Þorkels á Reynivöllum.⁶ Ég var búinn með 7. bekk þegar ég var 11 ára og þá hættu flestir því í 8. bekk var mikið til það sama kennt, aðallega vegna þeirra sem þurftu að ljúka skólaskyldu.

Ég var seinn að taka út vöxt og gerði það eiginlega ekki fyrr en ég var 16 ára, var í einlægu bardúsi, hafði alltaf mikið að gera fyrir utan námið og sumarvinnuna og hefði heldur viljað hafa 25 tíma í sólarhring en 24. Var því ákveðið að ég skyldi vera í 8. bekk næsta vetur í stað þess að taka inntökupróf í Menntaskólann, sem ég hefði líklega getað tekið betur eftir 7. en 8. bekk, því manni fannst tímaeyðsla að vera þar.

¹ Hallgrímur Jónsson (1875-1961), síðast skólastjóri Miðbæjarbarnaskólans.

² Margrét Þorkelsdóttir (1867-1939). Prestsdóttir frá Reynivöllum.

³ Ragna Stephensen (1882-1930). Dóttir Elínar og Magnúsar Stephensen landshöfðingja.

⁴ Séra Haraldur Níelsson (1868-1928), síðar holdsveikraprestur og guðfræðiprófessor.

⁵ Sigurður Jónsson (1872-1936).

⁶ Þorkell Bjarnason (1839-1902): Ágrip af sögu Íslands.

Til stúdentsprófs

Tók ég síðan inntökupróf í Menntaskólann vorið 1914. Um haustið hittust þeir Jón frændi og Geir rektor Zoëga¹ og spurði hann hvort ég mundi ekki ætla að vera í skólanum næsta vetur. Sagðist rektor ekki hafa fengið umsókn. Ég vissi ekki að maður þyrfti að sækja um skólann eftir að hafa tekið inntökupróf; varð meira að segja að koma með fæðingarvottorð, því skólinn vildi auðsjáanlega ekki fylla bekkinn með nemendum sem ekki væru fæddir.

Um haustið byrjuðu 23 nemendur í fyrsta bekk, 5 stúlkur og 18 piltar. Stúlkurnar hættu allar eftir að hafa tekið gagnfræðapróf, en alls heltust 15 úr lestinni, en 8 þeirra sem settust í fyrsta bekk luku stúdentsprófi.

Á þessum árum var mikil berklaveiki í skólanum og margir nemendur heltust úr lestinni af þeirri orsök en ýmsir héldu þó áfram eftir að hafa fengið lækningu, en merktir fyrir lífið. Minnst ég sérstaklega mjög laglegs pilts sem við kölluðum *Jóa él*. Hann var mjög brenndur af ljósum og dökkur í framan en hrafnsvart hárið var með snjóhvítum lökkum, einnig skemmt af ljósum. Skólinn hafði þá stóra kolaofna í hverri kennslustofu og gasljós til lýsingar. Var látið drepast í ofnunum upp úr hádeginu en skólatímar stóðu frá 8 til 2 og var þá oft orðið mjög kalt í skólanum. Var 40 mínútna hlé frá kl 10.40-11.20 til að borða. Eftir því sem stríðið stóð lengur varð erfiðara um kol og var þriðja bekk lokað til að spara kol. Mun einhverjum fleiri bekkjum hafa verið lokað, en ekki man ég það.

Ég var allvel ánægður með gagnfræðadeildina, enda var einn minn besti vinur sambekkingur minn: Axel Gunnarsson.² Við þekktumst fyrir, vorum skátar. Gengum við og töluðum saman í flestum frímínútum. Vantaði okkur umræðuefni? Nei! Ársæll bróðir hans³ var skátaforingi og þótti mér mikið til þeirra beggja koma. Faðir þeirra, Gunnar Gunnarsson kaupmaður, átti stór hús er sneru bökkum saman í Hafnarstræti 8 og Austurstræti 7 og brunnu bæði í brunanum mikla 25. apríl 1915.

Vann ég að björgun muna úr Hafnarstræti og var með þungar verslunarbækur í fanginu þegar ég fann allt í einu mikinn hita á hálsinum og er ég leit við blossaði eldurinn út úr öllum gluggum með ofsa hita og féll húsið saman á fáum mínútum. Gunnar reisti steinhús á báðum lóðunum, og varð það frægt að búið var að steypa upp húsið í Austurstræti á 35 dögum. Gunnar var talinn stórrikur og átti að hafa efnast á brennivínssölu, en það var ólán ættarinnar að synir hans féllu allir fyrir brennivíni, einnig þessir tveir ágætu og gæfulegu menn sem dóu fyrir aldur fram. Mér var einnig mjög vel við önnur bekkjarsystkin mín í gagnfræðadeildinni, enda var það indælisfólk, hjálpsamt og vel innrætt.

¹ Geir Zoëga (1857-1928).

² Axel Gunnarsson (1901-1963).

³ Ársæll Gunnarsson (1895-1926).

Ég get ekki sagt að ég hafi verið mjög ánægður þrjú síðustu árin í Menntaskólanum. Fjórði bekkur var sá frægi bekkur með 14 skáldum. Hann var mjög þungur, sérstaklega eftir þriðja bekk, sem var letigarður. Líklega hefur þetta lagst þyngra á mig því ég var á gelgjuskeiði, minnstur og næstýngstur í bekknum; bekkjarbræðurnir þroskaðri en ég. Föðurleysið lagðist undarlega þungt á mig á þessum árum. Ég las allt sem ég gat um og eftir föður minn og reyndi að kynnastrá honum þannig.

Þá var dýrtíðin óskapleg og mamma varð að spara allt og leigja frá sér það sem hún gat. Ég var illa klæddur og fannst ég vera hálfgerður auðnuleysingi. Skáldin stríddu mér og ég þeim og mun ekki hafa gert mér grein fyrir að ég hafi sært þá með gangrýni minni. Sigurður Einarsson¹ hefur oft sagt frá því að ég hafi verið harður gagnrýnandi og mun ég þó ekki hafa ætlað að særa hann né hina bekkjarbræðurna. Gunnar Árnason frá Skútustöðum² skaut oft til mín snepli með vísu og geymdi ég þær allar í veski sem smágildnaði við þær. En veskinu var síðan stolið frá mér og hefur þjófurinn sjálfsagt haldið að það væri úttroðið af peningum, þó auðvitað væri verðmætið miklu meira.

Ég fann einnig mjög til þess hve mamma var illa stödd. Mig langaði á síld, en var mjög sjóveikur alla ævi og held ég hefði varla verið tekinn neins staðar vegna þess hve lítill ég var.

Sumarið 1918 var mömmu boðið norður á Sauðárkrók með tveimur frændkonum sínum: Helgu og Álfheiði Guðjónsdætrum³ og mér með henni. Fórum við með botnvörpungi til Siglufjarðar en fengum þar hesta og var fylgdarmaður okkar Sigurður E. Birkis,⁴ sá ágæti maður. Var hann bæði ánægjulegur og ágætur ferðafélagi. Fylgdi hann okkur til Hofsóss, en þaðan fengum við bátsferð yfir fjörðinn. Minnst ég sérstaklega er við gistum hjá Erlendi Pálssyni verslunarstjóra í einu hinna fornu Hofsósshúsa. Voru húsin dimm en mjög viðkunnanleg og móttökurnar hjá þeim ljúflegar og elskulegar eins og við værum nákomnir ættingjar, enda gestrisni þar rómuð um land allt.

Þegar við vorum komin á leiðarenda, til Sauðárkróks, bjó mamma hjá Helgu frænku sinni, konu Pálma Péturssonar kaupmanns, en ég hjá Álfheiði og Kristjáni Blöndal, póstafræiðslumanni og bóksala. Svaf ég inni hjá Valgarð⁵ syni þeirra sem var á aldur við mig, góðvinur minn, enda ágætis drengur. Á Sauðárkróki bjó einnig

¹ Séra Sigurður Einarsson (1899-1967), skáld, háskólakennari; síðast prestur í Holti undir Eyjafjöllum.

² Séra Gunnar Árnason *Skúti*. 1901-85, prestur frá Skútustöðum, þjónaði síðast Bústaðaprestakalli.

³ Þær dætur séra Guðjóns Hálfðanars., bróður séra Helga, er bjuggu á Sauðárkr.: Helga (1869-42) húsfreyja, kona Pálma Péturss. kaupmanns og Álfheiður (1874-1941), kona Kristjáns Blöndal póstafræiðslumanns.

⁴ Sigurður Birkis (1893-1960) frá Kríthóli í Seyluhreppi, Skag., uppeldissonur séra Vilhjálmis E. og Steinunnar Briem. Tónlistarmaður; söngmálastjóri þjóðkirkjunnar.

⁵ Valgarð Blöndal (1902-65).

Kristinn bróðir minn.¹ Vildi hann gjarna hafa okkur hjá sér, en ekki var hægt að rífta samningum og varð það úr að ég byggji hjá Blöndal en borðaði að hálfu hjá Kristni, svo ég kynntist honum nokkuð og fjölskyldu hans, en þau hjón áttu þá tvo drengi, 6 og 5 ára gamla. Kristinn var þá og ætíð lasinn og lagðist fyrir á hverjum degi eftir matinn en Kristín kona hans tók mér eins og sínum eigin drengjum.

Presturinn á Sauðárkróki var séra Hálf dán Guðjónsson² bróðir þeirra systra og var hann kvæntur Herðísi Pétursdóttir, systur Pálma Péturssonar og frú Steinunnar konu sr. Vilhjálm Briem. Sonur séra Hálf dán er Helgi³ lyfsali, sem þó er betur þekktur sem Shakespeareþýðandi. Var þannig allmikill frændgarður og allt sýndi þetta ágæta fólk okkur vináttu og góðvild og vildi allt fyrir okkur gera til að skemmta okkur og láta okkur líða vel.

Eitt kvöld er við sátum að kvöldverði hjá Helgu og Pálma heyrðist buldur mikið í stiganum og mannamál og augnabliki síðar var hurðinni lokið lítillaga upp og inn skaut maður sá sem heyrðist til. Var þar kominn Sigurður Sigurðsson⁴ skólástjóri á Hólum. Hann var heldur lítill maður með falleg blikandi brún augu, samkembd, og einhvern þann besta litarhátt sem ég hef séð. Hann var með ljósbrúnt yfirskegg og það fylgdi honum einhver ljómi. Hann mun hafa verið feiminn og sást það á því að hann opnaði ekki dyrnar, nema rétt að hann gat troðið sér inn og talaði hátt sem getur talist ofhæfni (*over-kompensation*).

Er hann hafði heilsað mömmu og öðrum viðstöddum sneri hann sér að mér og spurði hvatskeytslega: *Hvenær atlarðu að heimsækja mig á Hólum?* Ég var auðvitað ekki viðbúinn þessu heimboði, enda þurfti ekki heimboð til að koma *heim að Hólum*. En strax og fréttist um það bauð bróðir minn hest og einhver annar bauð Valgarði hest og bráðlega stefndum við yfir Héraðsvötn og heim til Hóla. Var það mjög skemmtileg ferð. Við Valgarð vorum ekkert að flýta okkur svo við skoðuðum þingstaðinn á Hegranesi. Og þá voru móttökurnar á Hólum ekki síðri.

Þá voru skólahúsin tvö á Hólum og var þar margt að sjá, auk kirkjunnar, því Sigurður var að koma sér upp skógræktarstöð, svínarækt, auk mikils stóðs. Og auðvitað kynntist ég frú Þóru⁵ og börnunum þeirra, Helgu, Páli, Rögnu og

¹ Kristinn P. Briem (1887-1970) kaupmaður á Sauðárkróki alla tíð. Forystumaður í ýmsum framfaramálum, stofnaði til rafveitu; hafði forgöngu um hitaveitu. Kona hans, Kristín Björnsdóttir (1889-1961) var frá Hofsstöðum í Viðvíkursveit. Synir þeirra: Páll, bankastjóri; Björn, fjölskyldu; Gunnlaugur sakadómari og Elín húsfreyja, öll daín nema Gunnlaugur. Myndarlegur hópur er af þeim kominn.

² Hálf dán Guðjónsson (1863-1937), prestur á Sauðárkróki og síðar vígslubiskup. Hann átti Herðísi Pétursdóttur (1871-1928) frá Álfgreirsvöllum í Lýtingsstaðahreppi.

³ Helgi Hálf dánarson (1911-2009). Þýðandi. Einstaklega viðkunnaður, þægilegur og skemmtilegur hæfileikamaður.

⁴ Sigurður Sigurðsson (1871-1940). Frá Draflastöðum í Fnjóskadal. Voru þeir nánir fjölskylduvínir upp frá því.

⁵ Þóra Sigurðardóttir 1873-1937 frá Grímgerði í Fnjóskadal.

Ingimar.¹ Endaði heimsóknin á því að Sigurður réð mig sem kaupmann næsta sumar (1919).

Auðvitað var honum lítil hagur að fá mig í bú sitt, en hann gerði þetta auðsjáanlega af vináttu við föður minn, því hann þóttist aldrei hafa fullgaldið það að faðir minn rétti honum hjálparhönd í æsku hans. Er skýrt frá kynnum föður míns og Sigurðar í ævisögu hans eftir Jónas Þorbergsson,² og er þar stuðst við ævisögu Sigurðar sem ég byrjaði á er ég var heima, sumarið 1940. Mér var ljóst að Sigurður var einn af mætustu mönnum sem íslenska þjóðin hefur alið. Auk þess sýndi hann mér mikla vináttu og kærleika, sem ég fæ aldrei endurgoldið. Ég var þá að búast við að geta gengið frá smáu riti um Sigurð. En hann hafði lítt þol að segja mér frá, því hann hafði ákafan tannverk og stundum viðþolslausan. En þetta var raunverulega krabbamein í höfði og hann dó 1. júlí 1940 og gat ég fylgt honum til grafar áður en ég var sendur til Þýskalands.

Árið eftir að afloknum skóla fór ég norður á Sauðárkrók og hitti þar vinafólkið frá árinu áður og einnig vinnumenn frá Hólum og höfðu þeir hest handa mér.³

Sauðárkróki, 12.7.1919. Helgi P. Briem Álfheiði Briem.

Mikill voða hiti er hér. Allir betri menn, *inclusive* ég undirritaður, eru alveg að drepast, því þeir geta ekki kastað jakkanum. Kristján Blöndal er svoleiðis að hann megrast og Kr. Vírnet eða Línlak,⁴ eða hvað hann nú heitir, brúkar panamahattinn sinn, en það fær hann ekki að gera annars, nema á sunnudögum og jóladaginn. Karlarnir hafa kastað klæðum og kerlingarnar fara í allt sem þær ná í sér til skjóls. – Skyrstur með kraga fljúga út hjá Pálma en ég geri ekki annað en lesa sögur Guðmundar Friðjónssonar um menn sem verða úti í stórhriðum og öll þeirra harmkvæli. –

Hey þornar áður en það er slegið og egg unga út á augabragði. Fékk Kristín mágkona að finna það því í gærkveldi komu drengirnir með voða fáti og segja móður sinni í samfleytt 5 mín. áður en hún skildi að það væru kjúklingar ofan í kjallara en það kom svo mikið á Kristínu að hún fékk Páli stóreflis stamp með stórum sagógrjónum og sagði honum að víkja þeim ungu þessu. Kristni þótti það afleitt þegar hann frétti það og heldur að ungarnir lifi ekki af þessa fyrstu máltíð hér í heimi en fór þó ekki að mínum ráðum: að gefa þeim eitthvað laxerandi. –

¹ Helga, sá frægi húsmædrakennari; Páll hestamaður; Ragna, lengi blómakaupkona í Flóru; Ingimar garðyrkjubrautryðjandi, með föður sínum, Fagrahvammi í Hveragerði.

² Jónas Þorbergsson (1885-1968). Alþingismaður fyrir Framsóknarf. 1931-33. Útvarpsstjóri frá stofnun Ríkisútvarps 1930 til 1953.

³ Í bréfi til móður sinnar segir HPB ferðasöguna. Á viðkomustöðum voru frændur og vinir, þar sem hann gisti gjarna. Á Akureyri bjó hann hjá séra Geir Sæmundssyni, fornvini móður hans og föður; dáðist að trjávesti þar. Ekki gamla húsinu sem foreldrar Helga höfðu byggt, búið í og plantað gróðri við. Nú var það niðurnítt.

⁴ Kemst í skopskap; á við Kristján Linnét (1881-1958) sýslumann, seinna í Vestmannaeyjum, kunnan revíuhöfund, sem skrifaði undir nafninu: Ingimundur.

Páll frændi hefur lagast töluvert í málrómnum. Björn er svo óþekkur að það eru vandræði og lætur þar að auki svo að hann nennir ekki að fara neitt eða hreyfa sig og það bregst ekki að hann segi nei ef mamma hans segir honum að gera eitthvað. –

Nú er kauptíðin að byrja og af því að veðrið er gott kemur fjöldinn allur af krökkum í kaupstaðinn og er ekki laust við að sumt sé broslegt. Þau eru klædd í skástu spjarirnar af eldri systkinum sínum sem áður hafa komið í dýróina, t.d. var gríðarlega langstíg stelpa ca. 10 ára í dragsíðu gráu pilsí með hnöppum og *besætningum*,¹ þar upp úr stakk blár kjóll með stórum kraga en ofan á honum var annar hvítur útsaumaður kragi. Bróðir hennar var með hatt, sem stóð á eyrunum og bögglaði þau öll, en skrappniður fyrir ef drengurinn leit við. Karlarnir eru eins og vanalega með bláhvíta gúmmiflibba, harðari en tinnu. – Lokið var að hirða túnið hans Kristins og reiddi ég heim og tókst það svo vel að ég held ég gefi mig lítt að öðru það sem eftir er. Sérstaklega var ég fimur að fara með klárinn, vagninn og baggana sjö sem af blettinum komu, kallarðu það ekki gott af ekki stærra svæði.

--hringdi Hólahúsfreyjan mig upp og spurði hvort hún ætti ekki að senda mér hest í dag, og hélt ég það nú. Að heyra annars að hann Sigurður skuli vera orðinn *Búnaðarsambands-Íslands-forseti-formaður-eða-fyrirmaður-eða-hvað-það-nú-heitir* og ætlar að flytja suður! Þá má hann láta skera af sér mosavöxnu vörtuna á kjálkabarðinu.

Hingað kom Ólafur Dan² og var með konu sinni og dóttur. – En þá kom strikið í áætlunina. Klárarnir fóru að tala um ferðalagið og þótti þeim ljótt hér og varð það úr að þeir hringuðu upp rófunu og lölluðu hver heim til sín og hafa ekki sést síðan. En ÓD leigði sér karla til að hindra þá í þessu þeirra áformi, en karlarnir hafa heldur ekki sést. –

Ég kunní auðvitað ekki að búa mig, en hafði regnkápu sem var heldur ermastutt. Það var þrotlaus úrhellis rigning um kvöldið og nóttina sem við fórum til Hóla með allmargar kerrur sem bundnar voru í lest. Gekk ferðalagið því heldur seint og var það lítið ánægjulegt. Þar við bættist að regnkápan hlífði manni lítt. Því bæði blotnaði ég á lærum og eins blotnuðu ermar sem stóðu undan regnkápunni og sogaðist vatnið upp ermarnar með sogpípukrafti og var mér mjög kalt og gegndrepa þegar ég kom til Hóla um 2 leytid um nóttina. Þar beið okkar matur og mjólk. Stúlka vísaði mér á ágætis rúm í stóru herbergi eða sal sem var á efsta lofti og sváfu þar Páll og Ingimar og einnig Sigurður er hann kom, en hann var þá á Búnaðarþingi í Reykjavík.

¹ Ásaumur. Skraut, saumað á fátnað.

² Ólafur Dan Daníelsson (1877-1957), stærðfræðingur og menntaskólakennari.

Ég hafði aldrei stundað neina landbúnaðarvinnu. Sumrin sem ég hafði verið í Odda hafði ég aldrei komið nærri ljá því Skúli frændi¹ vildi ekki að við börnin snertum slík verkfæri, til þess að við ekki sködduðum okkur á þeim og ég hafði lítið stundað rakstur og var illa við hann því móðursystir mín heimtaði að ég notaði ullarvettlinga, sem mig klæjaði mjög undan, til þess að ég ekki skemmdi mína fínu húð.

Ráðsmaður á Hólum var þá Jón Sigurðsson, bróðir Þóru, en hann var jafnframt smíðakennari skólans. Átti hann konu og tvö börn og var öll fjölskyldan ágætisfólk og ljúfmenni. Ég var auðvitað mest með börnum Sigurðar, Helgu sem var 2 árum yngri en ég, Páli sem var 4 árum yngri, Rögnu sem var 5 árum yngri og Ingimar, fæddur 1910, sem var 8 árum yngri. Hinsvegar sá ég Þóru lítið. Hún sat í stofu sinni og stjórnaði þaðan þessu stóra heimili, sem þess góði andi, en sást lítið utan stofu sinnar og ég held að ég hafi aldrei komið í þau herbergi.

Að loknu Búnaðarþingi 1919 kom Sigurður heim að Hólum. Hafði hann verið kosinn forseti Búnaðarfélagsins, illu heilli, og kvaddi Hóla árið eftir og flutti til Reykjavíkur. Hann var eitthvað lasinn er hann kom af Búnaðarþinginu og minnst ég þess að margir merkisbændur komu þá í heimsókn til hans og sátu á rúminu hans og spurðu fréttu. Þar eftir var hann mikið upptekinn við skriftir og ferðalög.

Ég hafði mest að gera með Jón Sigurðsson og piltana sem þarna unnu, sem margir voru skólapiltar mér góðir, þó einn stríddi mér nokkuð mikið. Meðal þeirra minnst ég sérstaklega Pálma Einarssonar fyrrv. landnámsstjóra² og Benjamíns Sigvaldasonar³.

Jón fann handa mér orf við mitt hæfi og kenndi mér að brýna og nota orfið og held ég að ég hafi fengið nokkuð gott sláttulag; menn sögðu að teigur minn væri vel sleginn. En ég hafði ekki mikið þol og mun Jón hafa séð það, því hann bað mig oft að fara í smá snúninga, sækja geiturnar og annað þess háttar. Sigurður kom oft þegar við vinnufólkið sátum að borðhaldi og hvatti hann mig þá oftast að borða vel, en útivistin og hreyfingin ollu því að ég hyggt ég hafi aldrei borðað eins mikið, enda eflidist ég mjög af kröftum þetta sumar, enda var ekki miklu fyrir að fara er ég kom þangað, og eitthvað byrjaði að togna úr mér.

Það var einkenni Sigurðar að hann var ræktunarmaður, en hafði lítinn skilning á dýrum – og mönnum. Hann var t.d. enginn hestamaður, fór helst lull og var sagt að hann gerði alla hesta lata. Einnig gat hann átt í miklum útistöðum við menn út af smámunum. Í misskilinni gamansemi uppnefndi hann menn, sem særði mjög suma

¹ "Frændi"! Kurteisisorð. Þeir Helgi voru lítt skyldir, en nátengdir.

² Pálmi Einarsson (1897-1985).

³ Benjamín Sigvaldason (1895-1971), þá kunnur mennta- og fræðimaður.

samstarfsmenn hans. T.d. nefndi hann aldrei yfirkennarann á Hólum, sem var alnafni hans og ágætur maður, en lítill vexti, annað en Sigga litla.¹

Þó hann væri ekki hestamaður var hann að koma sér upp miklu stóði reiðhesta. Páll sonur hans hafði mjög gaman af hestum og var nokkur tamningamaður, þó hann gerði hesta nokkuð taumstirða, hafði umsjón með hrossunum.

Þegar boð kom um að það yrði hestamarkaður á Sauðárkróki lét Sigurður okkur Pál smala stóðinu innan úr afrétt fyrir enda Hjaltadalsins til að athuga hvað væri rétt að selja. Fórum við Páll af stað um sexleytið um morguninn og smöluðum afréttinn og fórum hart en skiptum oft um hesta. Er mér sérstaklega minnisstætt að við rákum eina 10-12 hesta niður bratta brekku og þegar þeir komu á graslendið tóku þeir allir heljarstökk. Er ógleymanlegt að sjá þessa glansandi skrokka snúa sér í loftinu með alla fætur upp og koma standandi niður. Skildum við ekki hvernig á þessum fimleikum stóð fyrir en við komum í grængresið, sem reyndist vera íhlaup í mýri, svo hestarnir festu framfæturna lauslega í eðjunni og snerust í loftinu vegna hraðans.

Minnist ég einnig er við rákum allan hópinn meðfram Hjaltadalsánni. Þetta var það seint á nóttu að rökkvað var, en fremst var grá hryssa sem Helga Sigurðardóttir átti, og vildi vera fremst og áttum við Páll því fullt í fangi með að komast fyrir stóðið, en það tókst og það skelti sér allt út í ána með miklu skvampi. Mun klukkan hafa verið milli 3 og 4 er við komum heim aftur eftir að hafa verið næstum stanslaust 21-22 tíma. Ógleymanlegur dagur. Mér var það nokkuð að vanbúnaði að gjörðin að hnakknum slitnaði snemma dags, svo ég þurfti oft að kippa hnakknum fram.

Dag einn kom Sigurður til okkar Páls og sagði okkur að ná í snatri í reiðhrossin sem heima væru og flýta okkur til Möðruvalla, því frú Þóra og eitthvað fleira fólk myndi koma þangað kl. 11 í fyrramálið og það vildi ná heim annað kvöld. Þetta var nokkuð áliðið dags svo við þutum af stað og fundum 9 reiðhross, komum með þau og er við vorum að leggja á þau kom Sigurður til okkar og sagði að við skyldum gista hjá vini hans í Hörgárdalnum og myndi hann tala við hann þegar símstöðin opnaði.

Það þurfti ekki að ámálga það við okkur að við skyldum flýta okkur og fórum við mjög greitt og skiptum oft um hesta. Þegar við komum að bæ þeim sem við bjuggumst við að gista á stóð bóndinn við túngarðinn og sagðist vera í sóttkví, en hann hefði hringt til vinar Sigurðar um klukktíma ferð, neðar í dalnum og hann ætlaði að sjá um okkur. Þá var orðið rokkið, svo við af stað aftur og var ágætlega tekið þar. Við vorum orðnir allsvangir og minnst ég þess að okkur var borinn

¹ Mun vera Sigurður Sigurðsson (1871-1961) frá Jökulsárhlíð, kennari Hólum 1905-19.

hafragrautur, sem mér þótti allra mata verstur en þar lærði ég að sultur gerir mat sætan og borðaði grautinn með bestu lyst og hefur ætíð þótt hann góður síðan.

Við komum að Möðruvöllum um kl. 11 og eftir 10-15 mínútna bið kom frú Þóra og hitt fólk og var síðan haldið sömu leið til baka, en nú ekki alveg eins hratt. Nokkru seinna kom símskeyti til mín að eitthvert skip kæmi til Akureyrar og mér sagt að taka það heim, því erfitt var um ferðir þá. Fylgdi Sigurður mér niður traðirnar og er við kvöddumst rétti hann mér 200 kr. og sagði það sumarkaupið mitt, en það var gjöf en ekki gjald.

Þetta sumar er mér mjög minnisstætt en líklega hefir það verið erfitt heyskaparsumar. Það var mikið sólfar, eða svo stendur það mér fyrir hugskotssjónum, en frekar kalt. Man ég að innanlega í firðinum hafði strandað ísjaki

23. júní 1921.

Ég fékk að sjá stígotúluna mína í Alþýðublaðinu í dag. Ég fékk að vita hana ónákvæmlega í gær, komst ekki inn til að heyra hana lesna upp vegna þrængsla. Ég skil ekkert í hvernig þeir hafa getað fengið þessi 65 stíg út. Ég var svo reiður að ég hnjóti hnefana í bræði og gekk fram og aftur. Svo fór ég til mómmu og talaði við hana um að það blyti að vera eitthvað vitlaust í þessu. Hún sagði mér þá að þetta mundi líklega vegna þess hvað ég væri hvassyrstur og illur við kennara og skólann. Töludum við lengi um það; sagði hún mér þá að Dídí særi oft að gráta undan mér vegna þess hvað ég gerði mikið grín að henni og eins hvað ég væri illur hér heima og tungubvass. Ég má ekki láta Dídín fara oftar að gráta undan mér því til þess þykir mér of vænt um hana, en það er svo oft, að ef hún fer eitthvað að stríða mér þegar gestir eru, fer ég aftur að stríða henni; aftur er ég fljótari að koma fyrir mig orði, særi ég hana oft. Hvað gamall sem ég verð má ég aldrei verða óréttlátur við nokkurn mann eða reyna að særa hann. Nú í dag hef ég fengið að kenna á óréttlæti og það er eitthvað það þyngsta í heiminum sem hægt er að gera ungum manni og ekki veru svona dómfrekur og ég er nú.

Minnisbók Helga Briem.

Samkv. Alþýðublaðinu varð hann 6.-7. af 20.

Efstir: Einar Olgeirsson og Jakob Gíslason.

og bráðnaði hann ekki allt sumarið, og einnig man ég að stundum var snjór í rót, en mun þó líklega hafa verið hagl. Minnir mig að þetta hafi verið 15. júlí, en þori ekki að fullyrða það, enda mun það hafa verið oftar en einu sinni.

Sigurður fékk mann til að vera skólastjóri fyrir sig næsta vetur, en sjálfur var hann í Reykjavík og heldur einmana. Um vorið var bú hans selt og sagt var að hann hafi fengið 60.000 kr. fyrir og þótti það stórfé. Keypti hann jörðina Ósland í Viðvíkursveit og lét byggja þar gott timburhús með þykkum torfveggjum, svo að kona hans og börn þyrftu ekki að flytjast *súður á*

mölinu (1920) enda var húsnæðisleysi mikið í Reykjavík. Bauð hann mér aftur *kaupamannsstöðu* á Óslandi og fór ég þangað og var þar um sumarið, en börnin til hjálpar. Gunnar Árnason búfræðikandidat¹ var kaupamaður og auk þess tvær kaupakonur um hásláttinn. Leið mér mjög vel þar þó ekki væri þar allt jafn stórt í sniðum og á Hólastað. Held ég að frú Þóra hafi einnig verið ánægðari þar en á Hólum.

¹ Gunnar Árnason (1901-2002). Var lengst gjaldkeri Búnaðarfélags Íslands.

Þessi búskapur á Óslandi stóð í 5 ár og var Sigurður mjög einmana í Reykjavík og saknaði auðsjáanlega umsvifanna á Hólum, fjölskyldu sinnar og að vera stórhöfðingi á einu stærsta búi landsins og ausa gestrisni sinni á báða bóga, því aldrei var tekið gjald af gesti árin sem hann var á Hólum.

Kom hann um veturinn oft heim til mín í Tjarnargötu, eða um 4 leytið og sagði: *Víð skulum koma út á Mela*, og gengum við þar stundum þegjandi, en oftast talandi. Spurði hann mig oft um námið og gat þá sagt: *Já, hvað vissi ég um þetta á þínum aldri?* Stundum bað hann mig um að koma á skrifstofuna til sín. Hafði hann þá rekist á einhverja grein í erlendu búnaðarblaði, ensku, þýsku eða frönsku þar sem honum virtist að gæti leynst eitthvað gagnlegt og bað mig að þýða hana fyrir sig. Auðvitað strandaði ég á orðum landbúnaðarins, en þau skildi hann einmitt og gekk þessi starfsemi því sæmilega. Hann var kunnugur í Danmörku, og nokkuð í Svíþjóð og Þýskalandi, en alveg ókunnugur þeim enskumalandi heimi; fékk hann sér því kennslubók í ensku og byrjaði að lesa hana og bað mig um að segja sér til. Hafði hann þá hug á að fara til Ameríku og kynnast landbúnaði þar og vildi læra eitthvað í ensku fyrir það ferðalag. Þá var hann að verða fimmtugur og málanám lá ekki vel fyrir honum.

Sigurður var ákaflega kvöldsvæfur maður og hvernig sem á stóð fór hann í rúmið kl. 9 á kvöldin, jafnvel þó gestir væru hjá honum. Hins vegar var hann sestur við skrifborð sitt kl. 4-5 að morgni og skrifaði þá bækur sínar.¹ Ef ég vaknaði um nótt og leit út yfir sofandi bæ, brást það ekki að ljós var í glugga Sigurðar um 4-5 leytið.

Þegar skrifstofan opnaði kl. 9 var hann því búinn að vinna heilt dagsverk. Gekk síðan megnið af deginum í að tala við menn og gefa ráð um ræktun. En það sóttu einnig að honum hinir verstu menn, sem þóttust hafa miklar ræktunaráætlanir á þrjónunum og vantaði fé og báðu hann um að skrifa upp á víxla fyrir sig og átti Sigurður bággt með að neita um slíkan greiða. Er ég hitti alkunnan svindlara hjá Sigurði, varaði ég við honum en Sigurður sagði aðeins: *Ja, en hefir ræktunaráboga, greyð*, og átti það að bera í bætiflaka fyrir hann.

Hefi ég grun um að þessir óþokkar hafi flækt Sigurð svo í ábyrgðum að hann hafi verið eignalaus eftir fyrstu árin í Reykjavík, enda er það annað að lifa af launum í Reykjavík, en hafa búnot af stórbýli.

Gestagangur var ætíð mikill hjá Sigurði og átti hann þó ekki alltaf auðvelt með að taka á móti gestum.

Sigurður var ekki lengi að lífga Búnaðarfélagið við og strax sumarið 1921 hafði hann stofnað til mikillar landbúnaðarsýningar, sem var í þrennu lagi: Íslensk

¹ Þær voru margar; fjölluðu bæði um landbúnað á Íslandi og Grænlandi. Búnaðarfélagshúsið stendur í Lækjargötunni við Tjörmina, austur af Iðnó. Blasti því glugginn við Helga handan Tjarnarinnar.

búsáhöld og verkfæri; erlendar vélar; og alls konar annað sem gat orðið landbúnaði til eflingar, svo sem tilbúinn áburður.

Það Sigurður mig um að sjá um sölu á aðgöngumiðum og gerði ég það og var mikið við undirbúning sýningarinnar jafnframt því sem ég var að taka stúdentspróf. Um leið og ég tók síðasta fagið fór ég þangað og var frá morgni til kvölds þar syðra. Hafði Sigurður marga menn í vinnu í gömlu gróðrarstöðinni við Laufásveg. Voru þar gerðar malarbornar götur, plantað trjám og voru þar vélar sem stóðu úti. Ég hafði lítið garðhús til umráða, sem Sigurður hafði einhvern veginn töfrað af eigandanum og hafði þar síma og varð þess vegna nokkurs konar miðstöð fyrir svæðið, en í Kennaraskólanum var sýndur tilbúinn áburður og allskonar línurit, rafmagnsdót og margvíslegir aðrir hlutir.

Sá var þó galli á gjöf Njarðar að sá eini sem hafði alla þræðina í höndum sér var Sigurður, en hann var bundinn á fundum Búnaðarþings, einmitt þegar mest lá á og var erfitt að ná í hann mestan hluta dagsins. Það virtist því sem allir þeir sem voru í einhverjum vandræðum leituðu til mín, og þurfti ég að vera úti og suður um allt sýningar svæðið. Réði ég því fljótlega aðstoðarmann, Þórð Þórðarson,¹ síðar lækni sem ég þekkti að öllu góðu úr skátastarfinu og reyndist ágætlega.

Þeir sem sýndu voru venjulega umboðsmenn hinna erlendu verksmiðja, en sumir sendu muni beint til sýningarinnar. Norsk Hydro sendu beint til sýningarinnar allmikið af auglýsingaspjöldum og 5 tonn af kalkáburði. Mun Sigurður hafa beðið Hallgrím Kristinsson, forstjóra SÍS² um að sjá um áburðinn. Hringdi ég því til hans en hann vísaði mér á deildarstjóra innflutningsdeildar, Svafar Guðmundsson, og gerði ég það og lofaði hann einhverju og sveikst um það og er ég hringdi í hann í eindaga svaraði hann illu einu.

Á sýninguna kom Anton Christensen dósent, sem ætlaði að sjá um tilraunir á verkferum að sýningunni lokinni. Mun hann hafa setið Búnaðarþingið en hann hafði sér aðstoðarmann, sem ég bað um að hjálpa mér að setja upp sýningu Norsk Hydro um kvöldið áður en átti að opna sýninguna og fékk menn til að koma tunnunum inn og opna þær. Er þetta mér minnisstætt vegna svokallaðs *áburðarmáls*, sem seinna var vakið upp.

Er sýningunni var lokið þann 3. júlí, en hún var opnuð 27. júní og opin frá 8 að morgni til 11 að kvöldi, var ýmislegt sem gera þurfti í sambandi við hana, en síðan bað Sigurður mig vera þar á skrifstofunni um skeið, í frú Sveinbjarnar Benediktssonar? Í ágúst fór Sigurður að athuga Flóaáveitumálið að beiðni ríkisstjórnarinnar. Bauð hann mér með sér í þá ferð og hafði ég mjög mikið gaman af henni.

¹ Þórður Þórðarson (1904-1985). Stundaði framhaldsnám í Þýskal. Læknir, sérfræðingur í hjartasjúkdómum.

² Hallgrímur Kristinsson (1875-1923). Amtsskrifari hjá Páli E. Briem. Fór að hans áeggjan til Danmerkur til að kynna sér samvinnumál. Tók við stjórn Kaupfélaga Eyfirðinga á Akureyri; síðar Sambandi íslenskra samvinnufélaga (S.Í.S.).

Þjórsártúni 6.12.1921. Helgi P. Briem skrifar Álfheiði Briem.

--Við lögðum af stað í morgun, 10 manns, raðað eftir mannvirðingum: Jón Þorbergsson á Bessastöðum,¹ Ragnar Ásgeirsson,² Valtýr Stefánsson,³ Helgi Briem og Sigurður forseti⁴ (voru þeir allir í einum bíl); Eggert í Laugardælum,⁵ Sigurður ráðunautur,⁶ Geir Zoëga landsverkfræðingur,⁷ Pétur ráðherra⁸ og Jón Þorláksson⁹ (lítill maður með þykka neðrivör. Okkar bíll (þeir voru þrír í allt) var síðastur og startaði kl. 8.15. Var gleðskapur hinn mesti í öllum nema Jóni Þorbergssyni (því hann var með magapínu og í versta skapi). Tókst Valtýr á hendur það vandasama hlutverk að kenna Sig. forseta að syngja. Var hann svo fljótfer að segja að hægt myndir vera að kenna Sig. *Gamla Nóa*. Æfðu þeir nú allanga hríð Gamla Nóa, þar til þeir voru búnir að gera tvo vagnhesta hjartveika, en þá sá Valtýr að menn yrðu að taka verkið alvarlega og frá rötum og byrjaði þá á tónstíganum, en Sigurður var ófánlegur til að hlaupa yfir béið. Byrjaði Valtýr, sem er hinn lagnasti kennari, þá að reyna að kenna honum tónstígann með orðunum: *Sú-sann-a-á-Eyr-ar-lan-di*. En allt kom fyrir ekki.

Er hér var komið sögunni bar að minnast skíða er Kofoed-Hansen¹⁰ hafði prakkað upp á Sigurð. (Kofoed ætlar nefnilega líka á námskeiðin, en hann ætlar að fara á hjóli að Ölfusárbrú, en á skíðum þaðan, hvernig sem viðrar). Þessi skíði höfðum við hengt upp í bita á bílnum, en svo slitnaði snærið og skíðin (með tveim skíðastöfum) duttu ofan á höfðuð Sigurðar. Tók Valtýr þá strax viðbragð og söng *Skarphéðin í brennuni* (með áherslu á *brotnaði þekjan*. Svo rak hvert ljóðið annað, allt þar til við náðum hinum bílnum upp undir Kolviðarhóli. Var þá hrópað húrra mjög svo skilmerkilega, en vegna þess hvað hraðinn á bílnum var mikill, heyrðu þeir hinir (sem það var gert til heiðurs fyrir) ekki nokkurn óm.

Komum við upp að Kolviðarhóli eftir 1½ tíma akstur, fengum þar kaffi og af stað aftur. Þó skeði það á Hólum að Jón litli sagði *vittighed*, sem hljóðar svo: *Nú er samankomið allt bú-vit landsins á Kolviðarhóli*. Við brostum svo mikið sem við gátum, fyrir síðasakir, en eftir það var Jón svo montinn að það var ekki talandi við hann.

¹ Jón H. Þorbergsson (1882-1979), bóndi, síðar á Laxamýri, bjó þá á Bessastöðum 1917-28. Bróðir Jónasar útvarpsstjóra sem skrifaði bók um Sigurð búnaðarmálastjóra.

² Ragnar Ásgeirsson (1895-1973), ræktunarráðunautur, þekktur m.a. sem velgerðarmaður og vinur Kjarvals.

³ Valtýr Stefánsson (1893-1936), lengst ritstjóri Morgunblaðsins; búnaðarfræðingur.

⁴ Hér er átt við búnaðarmálastjóra.

⁵ Eggert Benediktsson (1861-1936). Bóndi á Laugadælum og um skeið alþingismaður.

⁶ Sigurður Sigurðsson (1864-1926). *Ráðunautur*, nefndur svo til aðgreiningar frá nafna sínum *búno*, búnaðarmálastjóra. Starfsm. Búnaðarfélags Íslands lengi; alþingismaður um skeið.

⁷ Geir Zoëga (1885-1985). Síðar vegamálastjóri.

⁸ Pétur Jónss. frá Gautlöndum (1858-1922), náninn vinur Páls Briem, föður Helga, þó ekki væru þeir samherjar í stjórnámálum.

⁹ Jón Þorláksson (1887-1935). Var þá þingmaður; síðar borgarstjóri, fjármála- og forsætisráðherra. Átti Ingibjörgu Claessen, frænku Helga. Kemur oftar við sögu.

¹⁰ Agner F. Kofoed-Hansen (1869-1957), danskur; skógræktarstjóri ríkisins.

Fórum við svo sem leiðir liggja niður af fjallinu strax og við gátum og fengum aðdánlegt veður niður Kamba, yfir Ölfusið og Flóanna og laugarnar við Reyki, sem ruku afskaplega í logninu.

Við Ingólfsfjall var þoka, en hún hvarf aftur við Brúna. Í Tryggvaskála var haldinn fundur (og skandaliseruðu þar ýmsir góðir menn.) Skal ég segja ykkur frá því seinna, en í staðinn fyrir skal ég segja ykkur draum sambýlismanns Valtýs. Dreymdi hann að herbergi þeirra væri fullt af vatni og stóðu þeir þrír sambýlismenn uppi á borði, en vatnið náði þeim í höku. Einn er mjög lítill, annar er stór, en þess varð ekki vart. Leið þeim nú illa í vatninu svo einn stingur upp á að syngja eitt lag. Og svo fara allir þrír að syngja. Ímyndið ykkur nú Valtý og þá hina með gleraugu á nefi syngja í vatni sem flytur upp í þá.

Eftir fundinn fengum við kaffi og fórum til Þjórsártúns og þar sátum við í stásstofunni þangað til okkur var orðið ískalt. Þá fengum við óætt ket og kalt borð. Nú sit ég á rúmstokknum við borð, sem stendur af gömlum vana, en ég er nú samt hræddur um að það ætli að bregða vana sínum og detta, því að minnsta kosti skelfur það voðalega.

Efra-Hvoli, 8.12.1921. Helgi P. Briem skrifar Álfheiði Briem.

-- Svona fór það. Í fyrrakvöld sat ég við að skrifa familíunni og ætlaði að koma bréfinu með bílstjóranum, svo þið fengjuð það nýtt af nálinni, en þegar við skildum við bílinn gleymdi ég því í vasa mínum. Svo verðið þið að fá það með póstinum í staðinn. Við fórum frá Þjórsártúni í gærmorgun og að Síkinu á Rangárvöllum. Þar sneri billinn við og við óðum yfir Síkið. Hérnámin við Síkið skiptu menn liði og fóru Sigurður og Jón Þorbergsson að Stóra-Hofi til Guðmundar,¹ en við Valtýr og Ragnar að Efra-Hvoli til Björgvins.² Fórum við þangað riðandi á postulafákum og komum á sýslumannssetrið eftir 1½ tíma hundrennandi og hinir ljótustu.

Við fengum sem sé skúr rétt fyrir neðan Stórólfsfjall sem stóð akkurat þangað til við vorum komnir í húsaskjól á Efra-Hvoli. Það sem mér þótti vænst um reservebuxurnar. Dúperaði³ ég alveg rakkið (ráðunautana tvo) með nýpressuðum buxum (þær höfðu legið í nokkurn veginn brotum í bakpokanum). Svo borðuðum við og fórum svo að spila whist fram á kvöldið. Græddu allir nema Ragnar.

Það var komið versta veður og flæddi vatn inn um alla glugga og inn á gólf, og setti mig í heldur *sentimentala – længsels – stemmningu – eftir – home – sweet home*.

¹ Guðmundur Þorbjarnarson (1863-1949) bóndi þar, þekktur vel. Ekki síst eftir að hann bjargaðist síðar út úr brennandi Hótel Íslandi.

² Björgvíni sýslumanni Vigfússyni (1866-1942).

³ Sýna yfirburði.

Svo fórum við að sofa um 11 leytið og sváfum til kl. 8 og fórum svo að hypja okkur í fötin. Borðuðum við og sögðum Björgvin allar þær *detektiv* sögur sem við kunnum og sáum við á honum hvað honum þótti þær afskaplega lærdómsríkar og verðugar til eftirbreytni eða viðvörunar.

Annars sitjum við alltaf í stásstofunni (sem er ofnlaus) og skemmtum Björgvini. Nú skrapp hann í símann og ég nota tækifærið. Meira hafði ég ekki tækifæri til að skrifa.-- Þeir Valtýr og Ragnar urðu langtum meira blautir en ég þó þeir hefðu vatnskápur en ég aðeins frakka og skal og skal ég útskýra það fenómen þegar heim kemur. Á Hvoli var okkur tekið ágætlega af Björgvini Vigfússyni sýslumanni sem leit út fyrir að geta tekið vetrinum með jafnaðargeði hvað holdarfarið snerti (matgoggur hinn mesti). Svo fengum við kaffi þegar við vorum búnir að skipta um sokka og ég um buxur (hinir höfðu engar).

Er mér sérstaklega minnisstætt frá þeirri ferð að allir sem Sigurður talaði við voru því mjög fylgjandi að fá Flóaáveituna. Þó var mikið graslendi sem ekki var slegið nema þriðja hvert ár. Í rjómabúi sem við stönsuðum við kvörtuðu stúlkurnar sem þar störfuðu undan miklum kulda, því árið áður hafði brotnað rúða og stjórn rjómabúsins tímdi ekki að kosta nokkrum krónum upp á nýja rúðu. Þó vildu þeir láta ríkisstjórnina kosta milljónum króna upp á að auka grasvöxtinn.

Sigurður talaði við gamlan bónda um hvað hans hluti af áveitukostnaðinum yrði mikill og nam hann 27.000 kr. Spurði Sigurður um bústærðina sem var 2 kyr og nokkrar ær, hvað margar man ég ekki, en hann taldi þó engin vandræði að standa undir 27.000 kr. skuld til að auka grasvöxt á engjum.

Er Sigurður flutti suður var hann kosinn forseti búnaðarfélagsins til tveggja ára. Virtist þetta því lítið tryggt sem framtíðarstarf, enda mun Sigurður lítt hafa hugsað til þess. En 30. apríl 1923 voru samþykkt ný jarðræktarlög, sem Sigurður átti mestan þátt í. Var þar farið fram á allmiklar hækkanir á framlögum til landbúnaðar, en Alþingi ákvað að landbúnaðarnefndir Alþingis skyldu kjósa 2 af þremur mönnum í stjórn búnaðarfélagsins en búnaðarþing þann þriðja. Jafnframt skyldi stöðu hans breytt svo að hann kallaðist búnaðarmálastjóri og vera framkvæmdastjóri en ekki forseti búnaðarfélagsins.

En þrem árum síðar er honum sagt upp fyrirvaralaust stöðu sinni skv. samþykkt stjórnarinnar *vegna þeirra atvika sem gjörst hafa í áburðarmálinu*. Sigurður var þá á ferðalagi og eins og Jónas Þorbergsson segir í ævisögu Sigurðar er kom út árið 1960 (bls. 204): *Yfir áburðarmálinu hefur allt til þessa dags hvílt fyrir sjónum almennings einskonar óræð hula, þar sem getgátur og getsakir hafa getað leikið lausum hala.*

Þessi hula var þó aðeins tilbúin. Sök Sigurðar var sú að Nathan og Olsen fengu söluumboð fyrir Norsk Hydro og var látið í það skína að Sigurður hafi fengið fé fyrir að selja Nathan og Olsen umboð þetta, eins og hann hefði einhver ráð á því og það hafi þótt mjög eftirsóknarvert.

Þó er það sannanlegt úr skjölum Búnaðarfélags Íslands að hann hafði marggreynt að fá SÍS til að taka að sér þetta umboð. Hallgrímur Kristinsson samþykkti það en það strandaði á þvermóðsku deildarstjóra innflutningsdeildar Svafars Guðmundssonar, alveg eins og hann þverskallaðist við að sjá um að setja upp sýninguna á kalksaltpétri á landbúnaðarsýningunni forðum.

Sigurður talaði um að áburðarnotkun væri skilyrði fyrir því að menn gætu fært út tún sín, en útfærsla túna skilyrði fyrir viðreisn landbúnaðarins. Þetta var hans hjartans mál og því varð að reyna að koma tilbúnum áburði til manna. Þessi maður sem sýndi ótakmarkaða gestrisni er vændur um að þiggja mútur, er ekki aðeins fjarstæða. Það er glæpsamleg fjarstæða.

Þegar þetta mál var búið í hendur Sigurði var yfir því hula. Ég var þá við nám erlendis og vissi lítið um það og ekki fyrr en allt var komið í hönk og gat því ekki lagt mitt litla lóð á vogarskálina um sakleysi Sigurðar, enda munu allir óvilhallir menn hafa vitað og skilið það sama. En með þessari undarlegu herferð var einn af bestu sonum og gagnlegustu frumherjum Íslands særður holundarsári, sem blæddi meðan hann lifði. Hann er einn af þeim mönnum sem ég er þakklátur guði fyrir að hafa fengið að kynna og því vildi ég segja þetta nú þó málið sé ókunnugt ungum mönnum hér á landi, ef það mætti vera til varnaðar í öðrum málum, þar sem menn eru áfelldir án saka og án rannsókna.

Stríðinu lauk í nóvember 1918 en margir erfiðleikar voru fyrir unga stúdenta árið 1921 sem ekki höfðu ættingja, sem gætu stutt þá. Styrkir voru lítt fáanlegir nema styrkur sem 4 stúdentar gátu fengið á ári og nam 100 kr. á mánuði. Taldist hann koma í stað garðstyrks. Þá féll þýska markið mjög og talið ódýrt að vera í Þýskalandi. Hugsaði ég því til að fara á verslunarháskóla þangað, því það var ekki nema tveggja ára nám. Sendi ég því umsókn um inntöku í verslunarháskólann í Berlín eða Leipzig. Eftir nokkra mánuði fékk ég umsóknina til baka og sagt að hún yrði að afhendast þýska ræðismanninum í Reykjavík og hann sendi hana áfram.

Var ég búinn að bíða það lengi að ég var orðinn úrkula vonar um að komast út, er ég fékk hana til baka. Afhenti ég umsóknina þá, svo að hún færi rétta bodleið, en skrásetti mig jafnframt í Háskóla Íslands.

Í sambandi við landbúnaðarsýninguna kynntist ég Jónasi frá Hriflu lítilliga. Til þess að veturinn yrði mér ekki ónýtur fór ég til hans og spurði hvort ég gæti verið í tímum í Samvinnuskólanum til að læra um hagfræði og félagsfræði. Var það auðsott og var ég í tímum þar er Héðinn Valdimarsson¹ kenndi hagfræði, en Jónas félagsfræði og samvinnusögu. Jafnframt var ég í bókhaldstímum hjá Jóni Guðmundssyni frá Gufudal² og hafði ég mikið gagn af þeim öllum.

¹ Héðinn Valdimarsson (1892-1948), hagfræðingur, sonur Valdimars Ásmundssonar og Brietar Bjarnhéðinsdóttur; harður í stjórnámum, á vinstri væng, verkalýðsforingi, forstjóri Ólíuverslunar Íslands.

² Jón Guðmundsson (1889-1971). Prestssonur frá Gufudal í Barðastrandars., endurskoðandi, samstarfsm. Helga á skattstofunni. Faðir Ólafs Jónssonar okkar þekktasta bókmenntagagnrýnanda sem nú er látinn.

Um vorið fékk ég boð um að ég gæti fengið inntöku í þýska háskóla með því að taka próf í þýsku. Fór ég því til Sigurðar Eggerz¹ sem þá hafði nýlega myndað stjórn, var dóms- og kirkjumálaráðherra og sótti um 100 kr. styrkinn og fékk ég hann að mig minnir til 4 ára. Man ég ekki til að ég þyrfti að skrifa umsókn.

Um veturinn hafði ég gengið til Ágúst H. Bjarnasonar² og Guðmundar Finnbogasonar³ sem kenndu heimspeki og það ég Ágúst um að fá að taka próf áður en ég færi og prófaði hann mig svo að ég gat kallað mig cand. pilos., tók *fýluna*, sem kallað var.

Þó þessi vetur heima hafi verið mér að sumu leyti til tafar, hafði hann þó mikil áhrif fyrir mig. Ég kynntist Jónasi frá Hriflu vel og við töluðum mikið saman þennan vetur og upp úr því óx vináttan sem stóð meðan hann lifði.

Jónas var mest umdeildi maður á Íslandi. Sumir hötuðu hann, en aðrir dásömuðu.

Sigurður Sigurðsson lifði og hrærðist í ræktun og gróðri. Aðaláhugamál Jónasar var menn, og skildi hann sálarlíf þeirra undra vel, þó honum hætti nokkuð til að telja efnishyggu þeirra og auðsókn of stóran þátt í sálarlífi þeirra. Jónas var tröll að tryggð og aldrei reyndi ég nema gott eitt hjá honum. Mér var hann föðurlegur vinur sem ég á mikið upp að unna sem ég er honum ævinlega þakklátur fyrir.

Það var að vissu leyti ógæfa Íslands að Jónas sótti ekki menntaskóla eða háskóla, þannig að hann fengi þann aga sem löngu námi fylgir og borið sig saman við aðra pilta á líku reki. Hann gekk í Möðruvallaskóla og sagði oft, jafnvel fram á elliár, frá ummælum Jóns Hjaltalíns, skólastjóra, að *Jónas hafi verið sá þyngsti lax sem komið hefði á sína fjöru*. Að hinu leytinu hafði hann nokkra ótrú á þeim *langskólagengnu*, taldi langt nám hafa dregið úr þeim dug og kjark. Bar hann þá sem urðu sæmilegir embættismenn saman við sjálfan sig, en ekki hina sem sköruðu fram úr.

Hvort það var þessi skoðun á aga langs náms, eða aðrar ástæður, þori ég ekki að segja, en það var mörgum vinum hans raun, að honum hætti til að skýra rangt frá staðreyndum. Haft er eftir honum, þegar á það var bent, að hann hafi sagt: *Það gæti verið satt*.

Raunar er langt frá að hann hafi verið einn um það í íslenskri blaðamennsku. Til að nefna aðeins eitt dæmi um hvernig var logið upp á hann var sagan um fermingardrenginn Jónas Jónsson, sem hafi alls staðar reynt að koma illu af stað milli fermingarsystkina sinna. Varð það til þess að öll fermingarsystkini hans

¹ Sigurður Eggerz. Sýslumaður, alþingismaður, forsætisráðherra og rithöfundur.

² Guðmundur 1875-1945). Sýslumaður, alþingismaður, forsætisráðherra, rithöfundur o.fl.

³ Ágúst H. Bjarnason (1875-1952) prófessor í heimspeki; stofnaði Ágústarskólann og stjórnaði.

⁴ Guðmundur Finnbogason (1873-1944), landsbókavörður.

skrifuðu mótmæli gegn þessari sögu, sem enginn fótur var fyrir. Enda voru bestu vinir Jónasar og tryggstu einmitt af æskulóðum hans, er höfðu þekkt hann lengst.

Hvernig stóð á því að ég hætti við að fara í verslunarháskólann og innritaði mig í staðinn í hagfræði í Berlínarháskóla? Sigurður Eggerz sagði að ég fengi ekki styrk til tveggja ára verslunarnáms og breytti ég þá til og fór í hagfræðináms.

Nám í Þýskalandi

Er ég kom til Berlínar hitti ég þá fyrir Kristín Guðmundsson,¹ sem hafði verið sambekkingur minn í 4. bekk en tekið 5. og 6. bekk á einu ári og var því stúdent einu ári á undan mér og Stefán Pétursson² síðar ritstjóra *Alþýðublaðsins* sem eins stóð á með. Sá þriðji var Einar Olgeirsson,³ sem var sambekkingur minn en var kominn þangað á undan mér.

Voru þeir allir ágætis félagar, en þeir Stefán og Einar eldrauðir kommúnistar, sem keyptu blað kommúnista: *Rauða fánann* og lásu með hrifningu, bjuggust helst við byltingu um næstu mánaðamót. Sérstaklega var Stefán ofsafenginn í aðdáun sinni á ýmsum hetjum sósíalismsans. Fór því seinna til Moskva og kynntist þessum hetjum sínum. Varð það til þess að hann barði að dyrum danska sendiráðsins í Moskva og bað um vernd þeirra til þess að þeir dræpu hann ekki svo lítið bæri á. Er hann kom heim varð hann ritstjóri *Alþýðublaðsins* og gagnlegur maður í landinu, enda hafði hann til þess allt nauðsynlegt, góðan vilja, góðar gáfur og góða menntun; en hann mun vera einhver fróðasti maður í sögu sem nú er hér á landi.

Einar Olgeirsson er einhver geðþekkasti stjórnmalamaður hér á landi og hygg ég að myndi hafa hneigst til forystu hans í hvaða flokki sem hann hefði starfað. Við vorum góðir vinir að heiman og reyndist hann mér ágætur vinur, félagi og hjálparhella er ég kom til Berlínar. Við vorum mjög mikið saman, það var ekki langt á milli bústaða okkar og munum hafa hist flesta daga vikunnar og fengum við okkur oft kvöldkaffi saman á *Café Vaterland* við Potsdamer Platz.

Ég var heldur þunnur í þýsku og átti erfitt með að leggja niður íslenska málvenju að leggja áherslu á fysta atkvæði hvers orðs, eins og frægt er með íslenska stúdenta í Kaupmannahöfn. Eftir nokkra umhugsun leist mér best á að lagfæra þetta með því að lesa leikrit Schillers upphátt fyrir sjálfum mér og hafði það mjög góð áhrif, enda þótti mér þau mjög skemmtileg. Fór svo að ég kunni langa kafla úr þeim til skemmtunar þýskum stúdentum sem ég kynntist og fannst þetta óvenjuleg kunnátta, þó þeir hefðu sjálfir lesið kafla úr þeim.

¹ Kristinn Guðmundsson (1897-1982), frá Króki á Rauðasandi. Félagi Helga, hagfræðingur, kennari við Menntaskólann á Akureyri, endurskoðandi, utanríkisráðherra og sendiherra.

² Stefán Pétursson (1898-1987), síðast þjóðskjalavörður.

³ Einar Olgeirsson (1902-93). Róttækur alþingismaður; ræðusnillingur mesti.

Ég bjó í Markgrafenstrasse. Það var ekki langt í háskólann við Unter den Linden. Nokkur hús frá var Schillerleikhúsið, sem aðallega lék leikrit eftir hann. Fór ég þangað því alloft, bæði vegna málsins og af því að mér þótti gaman að því. Eitt kvöld þar er mér sérstaklega minnisstætt. Leikið var: *Wilhelm Tell*. Þegar kom að því atriði þar sem bændurnir sverja að standa saman gegn hinum erlendu kúgurum, stóð maður sem sat í sætaröðinni fyrir framan mig upp og rétti upp þrjá fingur og sagði eiðinn fram með leikaranum; en áður en hann hafði sagt fyrstu setninguna höfðu flestir leikhúsgestir einnig staðið upp, rétt upp þrjá fingur og sóru eiðinn um að standa saman uns landið væri aftur frjálst. Var þetta áhrifamesta atriði sem ég hef verið viðstaddur í nokkru leikhúsi, því hér var alvara með erlenda óvinaheri í landinu.

Í Berlín kynntist maður engum. Þeir fyrirlestrar sem ég sótti voru haldnir í stærsta fyrirlestrarsal háskólans með sætum fyrir 1.500 manns. Festu stúdentarnir nafnspjöld sín á borðin og vegna hvaða fyrirlestra þeir höfðu tryggt sér þetta pláss, og virtu menn það. Ég sat í fyrirlestri hjá Sombart¹ við hliðina á japönskum stúdent sem þó virtist um fertugt og hét Okada. Hann fékk sér sæti og lagði vélrituð blöð fyrir framan sig, tók af sér gleraugun, lagði þau ofan á blöðin, krosslagði arma á brjósti og sofnaði og svaf þangað til fyrirlesturinn var búinn er hann vaknaði við þruskið. Spurði hann hvað fyrirlesarinn hafði sagt síðast og merkti við það á blöðunum. Þýskir stúdentar hraðrituðu fyrirlestrana og seldu þá fjölritaða til annarra stúdenta, mjög dýrt. Bað ég Okada þegar við fórum að kynnast lítið eitt, hvort hann vildi lofa mér að lesa heftið, en hann neitaði því, kvaðst ekki mega missa það í tvo daga.

Mér var nokkur forvitni á að sjá Albert Einstein² og fór því í fyrsta fyrirlestur hans sem haldinn var í *auditorium maximum* (stærsta salnum). Hann var þó ekki fullur, en ég gladdi mig við þetta gáfulega andlit, með fínlegu nefi (ekki gyðinganefti) og ljómandi enni. Hárið var kembt frá andlitinu og var byrjað að grána. Hann var eins og fíngerð og fullkomin sýrumynd (etching). Ég mætti honum rúmum mánuði síðar og var hann þá að fara einn í lítinn fyrirlestrarsal og voru þar 8 stúdentar. Auðsjáanlega höfði flestir af þeim sem komu á fyrsta fyrirlesturinn komið af forvitni að sjá hann, eins og ég.

Er leið að hausti gerði ég upp reikningana við sjálfan mig. Mér hafði raunverulega lítið farið fram í þýsku og ekki kynnst neinum þýskum stúdentum að ráði, en aðallega talað íslensku. Þar sem það er venja þýskra stúdenta að flytja sig milli ýmissa háskóla ákvað ég að vera í Heidelberg næsta vetur. Þar voru góðir prófessorar og ég taldi að í smærri háskóla væri auðveldara að komast í kynningu við fólk.

¹ Werner Sombart (1863-1941) einn helsti hagfræðiprófessor þjóðverja.

² Albert Einstein (1879-1955), höfundur afstæðiskenningarinnar; nóbelsverðlaunapegi. Sjá lýsingu HPB á Einstein og fyrirlestri hans síðar í þessari samantekt.

Flutti ég því þangað og var þar veturinn '22-'23. Heidelberg liggur inni í mjóum dal, undarlega loftlitlum og loftillum. Mér fannst oft ég væri að kafna þar. Leigði ég í gömlu húsi með steinplötu um að Fritz Reuter¹ hafi búið þar. Fékk ég þar gott herbergi hjá verkamannafjölskyldu. Vann maðurinn í Ludwigshaven og varð ég ekkert var við hann nema um helgar, en þá sá ég hann ekki, en heyrði því meira, því öll fjölskyldan skammaðist svo hátt að það heyrðist út á götu þegar maðurinn var heima. Konan átti tvö stálpuð börn, en þau saman lítinn dreng, fjögurra ára með *syfilistiskar* tennur. Hef ég stundum hugsað til þess hvað hafi orðið um þennan litla dreng. Hann var heldur ófélegur, en faðir hans hafði vanið hann á að gefa honum staup af sterku áfengi, helst *cherry brandy*², en þegar drengurinn fékk það hvolfdi hann því í sig og nuggaði á sér magann og sagði: *Þetta er gott*. Hló faðirinn þá ofsalega og vinir hans að því hvað þetta væri duglegur drengur. Sá ég ekki betur en að drengurinn væri að verða ofdrykkjumaður.

Annar stúdent hafði herbergi þarna og urðum við allgóðir vinir. Hann var með tæringu og sagði oft að hann vissi ekki hví hann væri að þessu námi, því hann myndi áreiðanlega deyjja áður en hann gæti lokið námi. Við gengum oft út saman, langar leiðir á sunnudögum og held ég það hafi ef til vill verið gott fyrir hann.

Pórhildur Tómasdóttir, amma Helga, dó 29.1.'23. Hún hafði þá lengi verið út úr heiminum. Var fráfall hennar áfall fyrir barnabörnin, sérstaklega þau sem voru alin upp í Tjarnargötu 24 hjá henni. Hún var ekki dæmigerð amma, var sílesandi og spilandi á hljóðfæri, lítið fyrir að láta trufla sig. En mikil áhrif hafði hún á öll börnin í húsinu eins og bréfaskipti þeirra bera sannarlega með sér. Lýsingar á jarðarför og öllu öðru í því sambandi voru nákvæmar, systkinin, Friede og Helgi voru búandi erlendis og bréf skrifuð til þeirra beggja saman, hún sendi þau frá Höfn áfram til hans í Heidelberg.³

Í Heidelberg kynntist ég allmörgum stúdentum og þar kynntist ég alveg nýrri manngerð sem ég hafði aldrei kynnst fyrr. Það voru svokallaðir *BURSCHENSCHAFT* – *STUDENTEN* en þessi stúdentafélög hafa reglulega fundi, þar sem þeir drekka ógrynni af bjór, en mega þó ekki verða drukknir. Það getur verið erfitt þegar formaðurinn heimtar að menn drekki úr heils- eða hálfslítars könnum með stuttu millibili. Í salernum þýskra kráa, þar sem þessir fundir eru haldnir, eru því margir stöplar með skálum í brjóst hæð þar sem menn geta ælt bjórnum, og reka þeir þá venjulega fingur ofan í kok til að losna við bjórinn. Þarna er mikið sungið og söngbækurnar eru í góðu bandi með stórum bóllum svo bjórinn geti flotið á borðinu án þess að skemma bandið. Á hátíðisdögum eru þeir klæddir í miðaldabúninga með litríkum húfum, svörtum flauelsjökkum, hvítum leðurbuxum og reiðstígvélum er ná upp fyrir hné að framan. Þeir ganga með þrjú band yfir brjosti og hafa sverð við hlið. eru þeir ótrúlegir oflátungar og snobbaðir margir hverjir og þykjast öllum æðri að vera í þessum félögum og virðast ganga upp í þeim. Margir þeirra eru aðalsmenn.

¹ Fritz Reuter (1810–1874). Þýskur rithöfundur.

² Væntanlega *keirsch*.

³ Sjá E.Á.: Fjölskyldubrúfasafn Eggerts og Ingibjargar Briem. Lbs.

Þegar ég var þar voru einvígi stúdenta bönnuð, en þeir æfðu samt mjög skylmingalist og hvað lítið sem út af bar og einhverjum fannst hann móðgaður, heimtaði hann einvígi (*Wollen wir darauf Schlagen – eigum við að skylmast um það!*). Var talin nokkur hætta af þessum einvígum, sérstaklega eftir að þau voru bönnuð, því læknað urðu að tilkynna um sár í einvígum, en þó læknað stúdentar gerðu að þeim voru þau ekki hreinsuð nógu vel og gat komið drep í sárið. Vissi ég um einn stúdent sem dó, veturinn sem ég var þarna, af sárum í einvígum.

Þjóðverjum þykir mjög fint að hafa ör á höfði eða á kinn eftir sverðshögg. Kunningjar mínir sögðu þó að mikið af þeim væru gerð á lækningastofum þar sem allra heilbrigðishátta væri gætt, því menn vildu gjarna sýnast hafa verið í þessum stúdentafélögum. Einn vinur minn taldi að hann gæti hæglega komið mér í slíkt stúdentafélag en þar sem ég var friðsamur, vildi hvorki þiggja sár né veita, ekki stunda bjórdrykkju, svo maður væri í roti næsta dag, þá afpakkadi ég það. Var ég mest með rólyndum þægilegum stúdentum, er höfði áhuga á bókmenntum og listum.

Einn þeirra var frá Amorsbach í Bayern. Bauð hann mér til sín um vikutíma og fór ég þangað. Faðir hans var umsjónarmaður geysivíðlends skóglendis, sem einhver aðalsmaður vor 5-6 m breiðir. Fórum við ríðandi um skógana með föður hans. Sagði hann mér átti. Þjó hann í hluta hallarinnar sem var allmyndarleg, því t.d. gangarnir margt og mikið um bestu rækt skóganna frá hagrænu sjónarmiði, en hann lét höggva hvert einasta tré á nokkrum dagsláttum í einu. Held ég að slíkt mundi ekki reynast vel hér á landi uppblástursins. Er ég varð sendiherra í Bonn skrifaði þessi stúdent mér og vildi rifja upp gamlan kunningsskap, en hann var í Berlín og átti ég ekki hægt með að fara þangað. Ég bauð honum til mín. Skiptumst við á nokkrum bréfum en ég fór aldrei til Berlínar og hann ekki til Bonn, svo við sáumst ekki.

Einhvern tíma, þegar ég kom í háskólann, kom einn kunningi minn með miklu írafári og sagði mér að nú væri dagur brandarans kominn og ég yrði að fara í fyrirlestrarsal nr. 3. Ég skildi þetta ekki, en hann sagði að gamall prófessor segði alltaf sama brandarann og hefði gert það í 30-40 ár og þeir vildu gleðja hann með því að koma nú margir og hlæja eins og þeir gætu. Ég vildi auðvitað ekki missa af neinum gleðskap, svo ég fór þangað, og varð stofan troðfull. Einn af þremur stúdentum gamla mannsins fylgdist með í handriti hvenær brandarinn kæmi; er hann gaf merki skalf hið forna hús af hlátri ungra manna. Mér fannst prófessorinn verða nokkuð undrandi, en hann brosti góðlátlega við allri þessari kátínu. Þegar æskulýðurinn var loksins búinn að hlæja eins og hann gat sagði prófessorinn: *Bíðið þið við herrar mínir. Nú kemur brandarinn*, sagði hann, og nú veltust menn um af hlátri aftur. Hafði sá sem átti að gefa merkið, gefið það af skömmum sínum of snemma, en gamli maðurinn lét það ekki trufla sig.

Þó mér félli að ýmsu leyti vel í Heidelberg og ég eignaðist þar vini, var ég undarlega dauðflislegur. Sögðu kunningjarnir mér að ef ég væri latur um vetrartímamann skyldi ég reyna sumarið, því þá væri illverandi þar, loftið kyrrstætt í þessum þrönga dal og skógarnir í kring gerðu loftið enn þyngra.

Kristinn Guðmundsson hafði sagt mér mikið af Kiel og taldi ég rétt að fara þangað og gerði það vorið 1923. Er ég gekk frá járnbrautarstöðinni stöðvaði ég á tröppunum og leit yfir stórt torgið fyrir framan stöðina. Á torginu miðju litaðist um stórvaxinn maður, sem kom mér kunnulega fyrir sjónir. Er ég athugaði hann betur var þar kominn Kristinn Guðmundsson, hafði komið frá Berlín á sama klukkutíma og ég. Var því fagnaðarfundur, en hann sagðist hafa þurft að komast úr íslendingahópnum í Berlín og ég sagði hann hafa lýst Kiel sem svo þægilegum og góðum háskóla, að ég hafi farið þangað til að vera ekki eins og rotaður í Heidelberg.

Við vorum mikið saman í Kiel og tefldum mikið skák. Er hún hinn versti tímaþjófur, svo ég hef aldrei snert á skák síðan. Annars var ágætt að vera í Kiel, sérstaklega við hagfræðináms eða öllu heldur rannsóknir ýmiskonar, því þar er geysimikið bókasafn. Einar 20 stúlkur höfðu það starf að safna úrklippum úr blöðum víðs vegar um heim, raða þeim og skrásetja, svo maður hafði þar aðgang að nýjustu upplýsingum sem fáanlegar voru. Hagfræði getur breyst fljótt, svo að bækur nái ekki til nýjustu breytinga.

Allar nýjar bækur voru settar á sérstaka hillu, svo að stúdentar höfðu aðgang að þeim. Þeir voru hvattir til að lesa þær og segja um hvað þær fjölluðu, á vísindalegu máli, venjulega 4-6 línur. Voru þær umsagnir birtar í stóru tímariti hagfræðideildar. Fékk stúdent sem svaraði, sem svara einum dollar fyrir hverja umsögn. Gátu þær verið mjög gagnlegar, sérstaklega ef titillinn gaf ekki fullnægjandi upplýsingar um innihaldið.

Ég leigði allstóra stofu af konu einni, sem var ekkert heima á daginn. Stofa sú sem ég leigði sneri út að götu, veggurinn til hægri var húsveggurinn, en til vinstri var allbreiður stigauppgangur og voru 2 íbúðir á hverri hæð. Rétt um tvö leytið heyrði ég allþungt þramm í stiganum; síðan hringl í lyklakippu, eins og hurðin væri opnuð og þungt fótatak barst inn í íbúðina. Ég gerði mér ekki nema óljósa grein fyrir þessu í fyrstu tvö skiptin, en í þriðja skiptið hélt ég að það væri frúin er ætti í einhverjum erfiðleikum með að komast inn. Fór ég því fram og opnaði dyrnar, en þar var enginn. Næsta dag var ég öllu fyrri til er ég heyrði hringlið og opnaði, en þar var enginn. Um sex leytið heyrði ég umgang og hringl í lyklakippu og þaut út og opnaði og var þá húsmóðirin fyrir utan og systir hennar. Sagðist ég hafa komið til að opna því um tvöleytið hafi ég haldið að hún væri að reyna að komast inn en þá hefði enginn verið fyrir utan. Hún fölnaði og sagði með hræðslusvip: *Nei, herra Briem, það getur ekki verið, þetta er alger misskilningur.* Ég kvað það auðvitað vera, enda enginn fyrir utan.

Seinna, sagði systir hennar mér, að mágur sinn hefði unnið í einni af hinum miklu skipasmíðastöðvum í Kiel, en fyrir um 6 mánuðum hafi skrúfa fallið úr mikilli hæð á hvirfilinn á honum og drepð hann samstundis. Hafi hann þá verið fluttur heim til sín á börum, en enginn var heima. Hafi þeir þá farið í vasa hans og fundið rétta lykilinn og sett börurnar inn í stofuna. Hafi einn félagi hans verið látinn bíða til að segja ekkjunni frá slysinu. Því hafi systur sinni brugðið svo mjög er ég sagði frá að ég hafi heyrt þetta, og það hún mig að minnast ekki oftast á það. Man ég ekki hvort þetta hélt áfram eða ég vandist því svo að ég hætti að taka eftir þessu. Var þetta fyrsta *dulræna* fyrirbrigðið sem ég upplifði.

Meðan ég var í Kiel fékk ég afleitt kýli aftan á hálsinn. Þegar það stækkaði og bólga kringum það óx fór ég til eins prófessorsins, sem var læknir. Hann skar í það og hafði einn stóran og sterkan sjúkraliða sem pressaði mig og reyndi að *ná út graftarnaglanum* og kvaldi mig ógurlega. Gekk þetta í nokkrar vikur og var ég alltaf reifaður um hálsinn og með allskonar plástra. Þegar prófessorinn þurfti að bregða sér frá einn daginn sagði sjúkraliðinn: *Farið í samdrykkju*. Ég hváði við en hann endurtók: *Drekkjið þér með stúdentum*. Ég hugsaði að það yrði þó ekki eins sárt og þessar stöðugu heimsóknir til læknisins. Viti menn! Allt í einu fór mér að batna, þó ég beri örið enn. Fróðir segja að ég muni hafa þjáðst af vítamínskorti en fengið vítamín í bjórnum. Fátt er svo illt að einugi dugi.

Þetta ár Helga í Kiel var ekki aðeins viðburðaríkt fyrir hann sjálfan, heldur var ýmislegt að gerast heima í Tjarnargötu. Hann varð fyrir miklum áhrifum af því þegar Þórhildur, amma hans dó. Hann skrifaði mikið um hana og minningar hrönnuðust upp. Þá giftust Þórhildur systir hans 19.10.'23 Theodóri B. Líndal. Heillaskeyti barst frá Helga, sent frá Sauðárkróki og þótti skrýtið. Vinur Helga hafði sent það þaðan fyrir hann. Þá var sjúkdómur Helga sýnilega alvarlegur og tók hann langan tíma, með kvalaköstum, að ná sér eftir uppskurð. Einnig var hann þjáður af tannkýli, sem þó opnaðist um síðir.

Um sumarið var mjög heitt; en merkilegar tónlistarhátíðir og baðlíf mikið og framandi. Einnig var um haustið '23 mikið óveður og rigningar. Fórust þá skip og bátar. Landi kom til náms í hagfræði en hafði ekki minnsta áhuga fyrir neinu og var frábitinn pólitík. Mikil vandræði voru vegna óðaverðbólgunnar og frímerki ófánleg. Helgi var orðinn leiður á náminu í Kiel og flutti aftur til Berlínar.

Friede systir hans kom í heimsókn. Hún var við nám og störf í Höfn. Náð samband var alla tíð milli þeirra, hún og hin systkinin sendu honum það fé sem þau gátu verið án honum til styrktar. M.a. sendi hún af kaupinu sem hún fékk frá skrifstofu Eimskips þar í borginni.

Ekki skil ég nú hvað olli því að ég ákvað að hverfa frá Kiel til Berlínar haustið 1923. Nú virðist mér að minnsta kosti sem allt hafi mælt með því að vera áfram í Kiel, en ekkert með því að fara í stórborgina. En hvað um það; ég lagði af stað til Berlínar sunnudag seint í október. Á leiðinni varð ég mjög veikur, fékk miklar kvalir í kviðinn. Veit ég ekki hvort einhver af þeim sem voru í sama klefa kölluðu á hjálp eða hvernig stóð á því að einhver járnbrautarmaður studdi mig út í bíl sem flutti mig á spítala og sá um ferðatöskur mínar. Ég man aðeins að ég staulaðist eftir

stéttinni á járnbrautarstöðinni í Hamborg, kengboginn af sársauka eins og verið væri að draga úr mér tönn. Kvalirnar voru svo miklar að svitinn draup af mér.

Strax og ég kom á spítalann var ég borinn inn á skurðstofu, skorinn upp og tekinn úr mér botnlangi. Vaknaði ég við að snjóflygja féll á andlitið á mér. Tveir menn báru mig á börum í þá byggingu þar sem ég mundi fá rúm. Þeir höfðu brotið teppið sem ég lá á svo að þar var öndunarop, en þarna var mikil snjóköma. Sem auðugur útlendingur fékk ég eins manns herbergi og öll umönnun var fyrsta flokks, að kallað var. Í fyrstu var viðurgerningurinn lítið annað en ísmolar, sem ég varð þó að spýta út úr mér. Seinna spurði ég um hver væri munurinn á fyrsta og öðrum flokki, sögðu hjúkrunarkonurnar, sem voru indælar stúlkur, að ég fengi matinn á málmfötum, en almúginn í steinungsfötum.

Klukkan fjögur um nóttina byrjaði sá djöfuls-gauragangur, sem var meiri en ég hefi nokkurn tíma heyrt áður. Heyrðust miklar sprengingar, vélbyssuskothríð og í allskonar byssum. Undraðist ég hverju þetta sætti, en um hálf tíma eftir að þessi skarkali byrjaði kom læknanemi, sem gaf mér einhverja sprautu en þóttist ekki heyra hávaðann og öskrið í fólki. Mun þetta hafa verið morfin eða einhverjar óminnisveigar.

Er ég rankaði við mér var ég kominn í fjöggra manna herbergi. Var töluverður hávaði en þó miklu minni en áður. Herbergisfélagar mínir sögðu mér að kl. 4 hafi brotist út uppreisn um alla borgina en bardagar aðallega staðið við hringbrautina, en það er járnbraut sem liggur nærri því kringum Hamborg og ekki langt frá sjúkrahúsinu þar sem ég lá. Hafi uppreistarmenn úthrópað sovétlýðveldi í Hamborg. Þeir hafi sagað götutrén og gert sér allmikið virki undir hringbrautinni. Lögreglan réði ekki við neitt. Það væri búist við herstyrk seinna, en ennþá óvist hvar uppreistin mundi brjótast út víðar í Þýskalandi.

Spítalastjórnin hafi búist við að orrustugnýrinn mundi hafa slæm áhrif á sjúklingana og því sent alla lækna til að gefa sjúklingunum sprautu, en það margir menn hafi særst að nú þurfti að taka inn á spítalann hundruð særðra manna og nota plássið til hin ýtrasta. Því hefðum við *fyrsta flokks sjúklingar* verið fluttir saman og tveimur særðum bætt við.

Fyrsta flokks sjúklingurinn var herforingi úr stríðinu, sem hafði verið allengi á spítalanum. Reyndi hann að kenna mér hvaða tegund af byssum gæfi frá sér þau hljóð sem við heyrdum. Þeir tveir sem særst höfðu hjörnuðu bráðlega við.

Annar þeirra sagði mér sögu sem ég get ekki gleymt. Hann var skartgripasali ljóshærður og feitlaginn, heldur góðlegur maður. Hann var tekinn til fanga suður á Balkanskaga í stríðinu og látinn vinna þar á litlum bóndabæ. Þar var ekki mannskapur til að gæta hans, svo fötin voru tekin á hverju kvöldi og læst inni einhversstaðar. Þó hafði hann skyrtu sem náði niður á mitt læri. Nótt eina braust

hann út og flýði norður á bóginn á skyrtunni einni fata. Er birti af degi klifraði hann upp í stórt tré og lét það skýla sér. Ekki varð hann var við að mikil leit væri gerð að sér. Þegar birti kom gamall maður og byrjaði að vinna á akri þar nærri, en ekki sá hann aðra. Er leið að hádegi gerði Þjóðverjinn ráð fyrir að maðurinn fengi sér bita og miðdegisblund. Leitaði hann sér því að vopni og fann grein sem hann gat bundið stein við. Læddist hann síðan að þeim stað sem gamli maðurinn hafði geymt nestið. Er hann kom til að borða gat hann hlaupið að honum og drepið hann. Tók síðan klæði hans og nesti og þóttist nú öruggur, er hann var ekki nakinn. Komst til Austurríkis og Þýskalands.

Spurði ég hann hvort ekki hefði verið hægt að láta sér nægja að rota gamla manninn. Hann sagði að hann mundi fljótt hafa getað sigað á sig leitarmönnum. Spurði ég hann hvort honum hefði ekki liðið illa að hafa drepið mann til að fá nokkrar brauðsneiðar og einhverja fataleppa. En það virtist aldrei hafa flögrað að honum. Svaraði hann aðeins: *Það var aðeins hann eða ég, og þá vildi ég heldur að það væri ég sem lifði.*

Þrátt fyrir þetta svar tel ég víst að maðurinn hafi verið góðmenni, þægilegur í umgengni, eins og hann var þarna á spítalanum. En svona breytir stríð öllum siðgæðishugmyndum og gerir menn verri en villidýrin.

Allir hlutir spítalans voru merktir *AKStG*, (*Allgemeine Krankenhaus St.Georg*) sem hjúkrunarkonurnar sögðu að væri einkunnarorð spítalans: *Armer Kranker Stieb Geduldig: Aumingja Sjúklingur, Dey Þú Þolinmóður.*

Var barist mikið kringum spítalann. Á fimmta degi kom herlið í baráttuna og sigraði kommúnista á sjöunda degi. Höfðu kommúnistar úthrópað¹ sovétlýðveldið á fyrsta degi; svo ég hefi búið í þýsku sovét-lýðveldi í tæpa viku.

Við réttarhöldin kom í ljós að kommúnistar höfðu hugsað sér að gera uppreist í öllum helstu borgum Þýskalands þennan mánudagsmorgun og reiknað með að þar sem Þjóðverjum væri ekki leyft að hafa nema 100.000 manna her, mundi hann ekki ráða við þá þegar hann þyrfti að skiptast á margar borgir. Af einhverjum ástæðum ákváðu þeir að fresta uppreisninni; þorðu ekki að treysta pósti eða síma, sendu heldur sendiboða til að tilkynna það. Járnbrautarlestinni til Hamborg seinkaði mjög og er hún nálgast Hamborg heyrði sendiboðinn að orrustan var byrjuð og yrði þá að láta skeika að sköpuðu.

Hamborg, St. Georgs Krankenhaus, 18.10.1923. Helgi P. Briem skrifar Álfheiði Briem.

Elsku múttí mín! Í gamla daga hrósaði Hilda sér alltaf að vera líkust mömmu. Nú hef ég eitt framyfir Hildu í því tilliti sem ekki svo létt verður

¹ Svo.

af mér tekið, þar sem ég er botnlangalaus.¹ Ég fékk þá verstu magakveisu sem ég hef haft í mínu lífi Og varaði hún framundir morgun er ég sofnaði. Þegar ég vaknaði var ég alveg frískur og líka næsta dag er ég yfirgaf Kiel. Lestin sem ég var með fór ekki lengra en til Hamborg þann dag, af því það var sunnudagur. Fór ég því að skoða Hamborg og fá mér kaffi. Var ég þá farinn að finna til kveisunnar aftur. En því lengur sem ég gekk því verri var kveisan svo ég fór í lögregluna að fá að vita hvar læknir byggir í nágrenninu. Staulaðist ég þangað með svitann drjúpandi af andlitinu af sársauka; komst loksins til læknisins sem sagði að ég hefði botnlangabólgu og gaf mér seðil sem ég gæti vísað fram á sjúkrahúsinu. Nú var ég aftur orðinn sársaukalaus. svo ég fór á járnbrautarstöðina og telegraferaði til Kristins (Guðmundssonar) hvar ég væri. Ég tók síðan bíl til St. Georgs.

Þar var ég spurður um alla mína hagi, hvert ætti að skrifa ef ég kæmist þaðan ekki aftur og hver borgaði summuna. Vísaði ég auðvitað öllu til þín. Stóð það yfir í hálf tíma en þar eftir gekk allt fljótara. Ég var leiddur fyrir einn skurðlæknanna sem sat og reykti sinn sunnudags-sígar og bað hann um að óperera mig.

Hann vék sér þá út að dyrunum og kallaði til piltanna: *Heyrið þið drengir, farið þið að brýna.* Sagði síðan við mig að hann skyldi gera það, svo ég afklæddi mig strax og ég hafði heyrt þrisinn (:100 danskar krónur) og lagðist með góðri samvisku og bussnesssvip á óperationsborðið. Var mér síðan ekið inn í óp. stofuna og stóð læknirinn þar með sápufroðu upp fyrir olnboga og þvoði sér. Fékk svo klóroform og andaði því djúpt að mér og fann að læknirinn hlustaði mig á meðan. Var ég ekki frekar hræddur en þó ég hefði látið af mér pakka og ekki vitund nervös, heldur spaugaði við hjúkrunarkonurnar og var hið besta upplagður.

Vaknaði ég síðan klukkutíma eftir að ég hafði komið í óperasjónshúsið í vingjarnlegu herbergi (ég hafði beðið um að fá annars, en ekki þriðja klassa herbergi, þar sem þau eru svo miklu skuggalegri.

Framhald 19/10.

Í dag ætlar Hilda að gifta sig og ég var rétt í þessu að tæma bikar með laxerolíu, þegar læknirinn var búinn að kreista mig hátt og lágt, fast og laust. Ójá, á misjöfnu þrifast börnin best. Annars bað ég Eysteinn Bjarnason² fyrir skeyti í gær, svo ég vona að þið hafið séð að ég hafi hugsað til ykkar þó ég væri í allri þessari fjarlægð.

¹ Álfheiður var á sínum tíma, eins og sagði áður, þekkt fyrir að hafa gengist undir einn fyrsta, ef ekki fyrsta, botnlangaskurð á landinu sem framkvæmdi Guðmundur Hannesson læknir á Akureyri.

² Eysteinn Bjarnason (1902-51). Sonur (af fyrra hjónabandi) Bjarna Jónssonar alþm. frá Voggi og Guðrúnar Þorsteinsdóttur frá Haukagili. Stjúpsonur Ólafs E. Briem alþm. Verslunarskólamenntaður, þá við framhaldnám í Þýskal. Verslunarsjórnari föstra síns Pálma Péturssonar kaupm. á Suðárkróki.

Þegar ég vaknaði leið mér ágætlega og kastaði meira að segja ekki upp, svo læk'nirinn varð hræddur, en það hefur allt gengið vel hingað til og á morgun verður saumurinn líkast til tekinn úr. Mér líður hér langtum betur en ég hefði getað trúað að mér liði á spítala, hjúkrunarkonurnar ágætar, gamansamar ungar stúlkur, allar trúlofaðar, herbergisfélaginn miðaldra skipstjóri, sem hefur ferðast um allan heim og meðal annars komið til Íslands.

Blessunin hann Kristinn kom alla leið frá Kiel til að heimsækja mig á 3. degi og næsta dag kom Eysteinn og í gær einn piltur sem ég þekkti að heiman. Af því að mér líður líka svo vel get ég lesið og slíkt svo það amar eiginlega ekkert að mér, nú get ég meira að segja gleypt rúsinusteina án þess að þurfa að óttast botnlangabólgu!

Eysteinn hefur lofað að ljá mér 100 kr. handa læk'ninum fyrir operationina svo ég þurfti ekki að síma eftir peningum heim!

20.10. Nú er Hilda búin að flytja frá þér, elsku mamma mín, sem sú fyrsta sem sitt eigið *Heiðarbyli* stofnar. –

Nú virðist allt að vera að komast í bál og brand hér. Bayern og Rínarlöndin vilja skilnað frá Prússlandi og í morgun kl. fimm byrjuðu þeir að skjóta einhvers staðar herna í nágrenninu, en nú (kl. átta morguns), virðist allt vera rólegt orðið aftur. Er líklegt að það hafi verið einhverjar dýrtíðarróstur, því allt tvöfaldaðist í verði í gær. –

24.10. – Í gær voru þeir alltaf að skjóta öðru hvoru og hingað voru fluttir nokkrir særðir, en annars staðar er rólegt í ríkinu. Allt gengur sinn vanagang og Þýskaland virðist ætlað að hafa þennan mánuð af eins og aðra. –

Rvík, 23.10.'23. Álfheiður Briem skrifar Helgi P. Briem.

-- (að þú) mættir njóta með okkur hátíðlegheitanna og yfir höfðu vera við giftingu Hildu minnar. Það var indæll dagur sá 19. og enginn skuggi þar á nema að vanta þig, svo var veðrið hálf erfitt –

Jón bróðir giftir þau í uppljómaðri kirkjunni sem góðir vinir höfðu skreytt með teppum og plöntum; Skúli mágur¹ var svaramaður Hildu, en Lárus Fjeldsted² Theodórs, og fórst þeim báðum prýðilega. Jón bróðir hélt indæla hjónavígslu; *berið hvert annars byrði*, lagði hann út af og komst hann prýðisvel frá því. Við vorum 44 – mest af því var auðvitað familían á báða bóga og svo fáeinir vildarvinir, svo sem eins og Jón minn Magnússon³ og Axel vinur Tulinius, Jóhannes okkar bæjarfógeti og slíkir.¹

¹ Séra Skúli Skúlason (1861-1933) prófastur í Odda.

² Lárus Fjeldsted (1879-1948) hæstaréttarlögmaður, félagi Theodórs í rekstri lögmansstofu, eins og nú er nefnt.

³ Jón Magnússon (1859-1926). Fyrr, og síðar, forsætisráðherra.

Ég varð að láta borða í Iðnó, því ómögulegt var að koma þessu fyrir heima, en þegar búið var að borða og drekka fórum við öll heim í bílum, því ég gat ekki fengið mig til að láta þetta sómafólk verða hundrennandi gegndrepa, enda trúði blessaður Jón minn Magnússon mér fyrir því að sjaldan hefði hann verið fegnari maður en að sjá bilinn það kvöld –

Þegar við komum heim var ógn aðlaðandi hlýtt og hjart, svo maður naut tilverunnar. Ég gaf gestunum sykursmola uppí sig og epli og vínber til að maula, svo fékk það gosdrykki sér til glaðnings. Ekki var nú hægt að móra sér við nema tala saman um pólitík og kosningar og gekk það allt ánægjulega, enda hafði Jón minn *erklærað* það á fundi fyrir austan þar sem hann var, að *ekkert Moggadót væri till* svo okkur datt ekki í hug að fara að hrekja það, og ég bað Eggert að vera ekki neitt að fara út í þá sálma. Þegar klukkan var eitt fékk fólkið *the* og kaffi; kex og kökur, og það hafði þau áhrif að allt selskapið fór að syngja öll möguleg þjóðleg lög. Klukkan tvö fóru svo brúðhjónin heim til sín, í þessu líka veðri. Hilda mátti skipta um skó og fara í vatnsleðurstígvél til að komast úr bílnum og inn í íbúðina nýju sem húsbóndinn hafði uppljómað frá kjallara til kvists. Klukkan þrjú þegar bæjarfógetinn og söngfólkið helsta var orðið hást af að syngja fór það að tínast í burtu, og þá fór séra Bjarni minn, því hann var að hinkra við að upp stytsti. – Þau hafa indælis *hyggeligt* lítið heimili, og eru sjálf eins og glöð börn. Gæfi guð það mætti haldast meðan þau fá að vera saman. –

Í gær heimsótti ég Hildu, hún hefur indælt lítið heimili, sólríkt og *hyggeligt*, en herbergin eru ósköp lítil tvö, en ein stofa sem þau borða í er stór. Þau fengu þau ósköp af brúðargjöfum að maður hálfskammast sín. Málverkið frá ykkur systkinunum; (ég tók 40 kr. sem svörtu fötin þín seldust fyrir) uppí þinn part í því; er alveg gullfallett. Jón bróðir gaf þeim annað ógn laglegt, og bæjafógetinn það þriðja, dæmalaust fallett líka. Svo fengu þau svo mikið af skeiðum, að það var nú undur, allt í frá smá kaffiskeiðum og til stærstu súpuskeiða og allar stærðir þar á milli, já þvílíkt líka skeiðamoð. –

Meðan ég var í Hamborg gat ég lesið í blöðunum um uppreisnina, en það var ekkert minnst á hana í blöðum í Berlín og að því er virðist ekki í erlendum blöðum, hvernig sem á því stóð, ritskoðun eða annað. Hún hafði þó mikil áhrif á efnahag landsins. Er ég fór frá Kiel skipti ég peningum til að hafa farareyri og fékk þá fallega brúna seðla upp á 1.000.000 mörk. Er ég kom úr spítalanum eftir rúma viku voru sömu seðlarnir í notkun en prentað á ská yfir þá: *eine milliarde* mörk. Þeir urðu þúsund sinnum dýrari á einni viku. Læknirinn sem ópereraði mig setti upp 100 kr. danskar og frímerki eins og ég gæti látið hann hafa og greiddi ég hvorutveggja.

¹ Hún nefnir ekki eiginkonurnar! Kona Jóns Magnússonar var Þóra Jónsdóttir (1858-1847) æskuvinkona Álfheiðar, dóttir Jóns Péturssonar háyfirdómara. Þær voru einnig aldavinkonur kona Axels Tulinius; Guðrún Hallgrímsdóttir (1875-1954) Sveinssonar biskups

Ég kvartaði þó undan því við hann að ég hafi seiðingsverk áfram vinstra megin. Hann sagði það algeran misskilning: *Íslendingar hafa ekki tvo botnlanga*. Það sem að mér var voru nýrnasteinar og kvaldist ég mikið af þeim um nokkurra ára skeið en fékk svo algeran bata. Spurði ég aðstoðarlækninn hvort botnlanginn hafi verið illa farinn, en hann kvað það ekki hafa verið, þó það hafi getað verið verra. En að minnsta kosti hefi ég ekki fengið botnlangabólgu síðan.

Veturinn í Berlín var mjög óþægilegur. Ég hafði enga krafta eftir uppskurðinn, jafnvel átti ég erfitt með að komast upp í sporvagn. Fékk ég þá fyrstu hugmynd um það hvernig það er að vera ellimóður. Það voru miklar róstur í Berlín og þegar ég kom úr háskólanum, venjulega milli 4 og 5 sá maður oft hliðarstræti full af hermönnum, gráum fyrir járnum, bíða þar ef efnt skyldi til óeirða. Mér fannst alltaf vera þoka í Berlín.

Minnist ég sérstaklega eins kvölds eða eftirmiðdags, er ég var að koma úr háskólanum. Er ég var kominn að horni *Universitätsstrasse* kom heil herdeild á harðahlaupi út úr götunni. Höfðu þeir byssustingi á rifflunum og virtist mér blika á stingina um alla götuna, sem þó er ekki löng. Norskur stúdent sem ég þekkti lítilla sagði: *Við skulum koma niður í Lustgarten, því þar er einhver skemmtun*. Var ég sá auli að samþykkja það, en það var uppáhalds samkomustaður kommúnista, sem héldu fundi þar þó það væri bannað. Átti lögreglan að hindra slíka fundi.

Við fórum þangað og var einn hópur hrakinn burtu með byssustingjum. Þá rann Norðmanninum í skap og hann öskraði eitthvað þýskt ókvæði. Einn af hermönnum tók eftir því og fór til hans, greip hann og ætlaði að taka með sér. Hinn streittist á móti og ég kallaði til hans: *Sjáið þið ekki að þetta er drukkinn stúdent*. Það kom hik á manngreyið og ég kippti vininum til mín og við hlupum að smáhópi manna og týndumst þar. Man ég ekki með vissu skírnarheiti hans en prófessor með eftirnafni hans er í þeirri grein sem norski stúdentinn lagði stund á og varð rektor Oslóháskóla.

Ég bjó þá í góðri stofu hjá bankamanni einum í Kurfürstendamm. Til þess að hafa ekki neitt rag var húsaleigan ákveðin í dönskum krónum. Þetta var góð stofa með mjög fallegum ofni úr brúnum leirflögum (*kachel*) skreyttur með englabörnum, sem héldu á blómsveigum milli sín og röð af fallegum stúlkuandlitum. Einhvern tíma er ég var lasinn það ég húsfreyjuna um að leggja í, svo ég fengi hita. Hún sagði: *Þetta er fallegur ofni, en hann er eins og fallegar konur; einskisnýtar. Ef ég legði í hann núna munduð þér ekki fá hita fyrr en eftir nokkra daga*. Auðvitað var þetta alveg röng lífsvíska hjá henni sem ég held að hafi verið spröttin af öfundsyki og ýkjur um ofninn. Ég fékk ekki hita og eru veturnir í Berlín þó mjög kaldir.

Ég var samt heimavið í nokkra daga og gat fylgst með hvernig rósturnar voru skipulagðar. Í hliðargötum við Kurfürstendamm voru hersveitir og lögreglumenn. Einhversstaðar í bænum var gert upphlaup, þá var kallað á mennina í hliðargötum.

Þeir þustu upp í stórar bifreiðar sem fluttu þá burt með ofsahraða. Þeir höfðu varla farið úr augsyn fyrr en vel skipulagður flokkur hljóp fram og rændi búðir og stundum mölvuðu þeir glugga. Höfðu þeir vagna eða vörubifreiðar til að koma þýfinu undan. Voru þeir horfnir áður en varðsveitunum var snúið við.

Fyrsta júlí féll markið svo að dollarinn kostað 160.000 mörk, - 1. okt. 242.000.000. 20. nóv. var hann kominn í 4.200.000.000.000. Laun voru goldin annan hvern dag eða tvisvar í viku. Þegar svo var komið var allt selt í *g-mörkum*, þ.e. gullmörkum. Um hádegisd símaði þjónninn í bankann til að fá að vita gengið á g-markinu svo útlendingar borguðu beint með erlendum gjaldeyri. Verðlagið hækkaði svo ört og menn voru svo ruglaðir að verðlag fór upp úr öllu valdi, einnig í erlendum gjaldeyri. Bankamaðurinn sem ég bjó hjá krafðist oft hækkaðrar leigu í mörkum þar sem ég borgaði í erlendum peningum. Er hann hækkaði samt leiguna frá 1. jan. sagði ég upp herberginu, enda leiddist mér þetta rag.

Matur var einnig orðinn óþarflega dýr, en aðallega var það ríki og bær sem ekki fylgdist með í verðbólgunni, t.d. kostuðu ferðir með strætisvögnum ekki nema 150.000.000 marka. Burðargjald á bréfum sem ég sendi heim í nóvember 1923 var sem hér segir: 5. nóv.: 12.000.000.000 mörk. 19. nóv. 40.000.000.000 mörk. 23. nóv. 80.000.000.000.

Berlín-Charlottenburg, 5.11.1923. Helgi P. Briem skrifar afmælisbréf til Álfheiðar Briem.

-- Ekkert skil ég í að nú skuli vera liðin 5 ár frá því þú varst að gefa okkur súkkulaði pestarárið¹ þegar ég var helsti vinnumaðurinn og fékk að vita að maður mætti ekki blístra við uppþvottinn. Þá var ég einn uppistandandi af öllum hópnum. Nú er ég einn fjarverandi – í flestu skara ég fram úr! Eina bótin er að krakkarnir eru jafn margir því *Jónadabb*² hin unga er komin í staðinn, en ekki er laust við að maður vildi öðru hverju vera jafn nærri ykkur og *Jónadabb*. Frá mér er allt fyrirtaksgott að fréttu.

Ég hef fengið forláta herbergi í ágætis umhverfi (hjá verkfræðingi og konu hans). – Byrjar dagsins erfiði fyrir mér svo að frú Minuth bankar á hurðina hjá mér kl. ½8 og segi ég þá með minni hreimfögru raust: *Ja, danke sehr!* Því ég er venjulega vaknaður fyrr, því ég varð svo árvakur á spítalanum þegar maður er vakinn kl. 6. Klæði ég mig síðan og drekk víst besta teið sem ég hef fengið í Þýskalandi og stekki á járnbrautarstöðina sem er nokkurra mínútna gang frá húsdyrnum, ek 22 mínútur og er þá kominn rétt að háskólanum. Er þetta innanbæjarbraut og keypti ég mér mánaðarkort og má því aka í henni allan liðlangan daginn svo oft sem ég vil, allan mánuðinn. Er ég kominn í Unter den Linden kl. 9 og fer þá

¹ Spænska veikin.

² Álfheiður tók að sér telpu úr fjölskyldu, sem leigði í Tjarnargötu 24, Jónu Einarsdóttur (1916) og sem missti móður sína í spænsku veikinni. Ólst hún upp sem eitt systkinanna. Bókagerðarkona og húsmóðir. Átti Óla Vestmann Einarsson prentlistaryfirkennara.

venjulega í bókasafnið við hliðina á háskólanum og les þar því prófessorarnir hafa komið flestöllum fyrirlestrunum fyrir á eftirmiðdögum, því hagfræðistúdentar margir vinna á formiðdögum. Er mér það heldur óþægilegra, því ég er venjulega betur upplagður að lesa á kvöldin en morgnana. Frá kl. 4, jafnvel til 9 eru svo fyrirlestrarnir hjá blessuðum körlunum og hefur maður þar blýantinn að vopni. –

Annars virðist allur gleðisvipur vera horfinn af Berlín með útlendingunum. Þeir eru horfnir, því nú er hér allt dýrara en í útlöndum og hafa því verið rændar búðir úti í fátækrahverfunum, svo lögreglan er vopnuð byssum hvar sem hún sést. En ekki eru það nema smávægilegar róstur, verða víst verri í vetur, ef ekki batnar ástandið. Ég er því feginn að hafa fengið bústað úti í rósemdarhverfi. –

S.st. 11.11.1923. Helgi P. Briem skrifar Álfheiði Briem.

-- Annars er héðan fátt gott að fréttu. Sífelldir götubardagar, róstur og skærur, ef ekki er beinlínis uppreisn eins og var í München fyrir nokkru. Þar við bætist sú óstjórnanlega dýrtíð að ég hef aldrei vitað annað eins og býst ég við að nú sé hér 2-3falt dýrara en í Höfn. –

Ef ekki væri svona langt komið fram á misserið í Höfn, held ég bara ég væri fluttur, en ef þessu heldur svona áfram sé ég engin ráð til að vera hérna. – Langaði mig auðvitað mest til að geta verið eitt semester í París og byrjar það næsta þann 1. janúar, því bæði þyrfti ég að liðkast í frönsku, bæði að tala hana og lesa, þar sem París hve vera mikið eða nokkuð ódýrari en Höfn, en ég býst samt við að verða að sleppa því en vera hér áfram, en að vera hér áfram til lengdar er mér gjörsamlega ómögulegt.

Segist hafa komist í peningapröng við sjúkrahúsvistina í Hamborg.

Berlín, 17.11.1923. Helgi P. Briem skrifar Álfheiði Briem.

Ræðir áætlun sína og þörf á frönskukunnáttu.

--Tel ég það líka mér til ákaflega mikils hagnaðar að hafa verið hér því maður hefur lært að vinna sjálfstætt, lært ákaflega mikið af lífinu því það er svo öðruvísi en bæði heima og í Danmörku. Hef ég lesið undirstöðuna vel. Íslendingar eru hér ekki nema fjórir af stúdentum til og ég að auki. Eru þrír af þeim kommúnistar, svo mér finnst ég vera eins og sauður í úlfahjörð, því þeir eru svo fúsir að sannfæra mig að ég verð að hafa mig allan við og bíta þá af mér. Er ég á fyrirlestri með einum tvisvar í viku, en sé hina sjaldan og þá helst ekki nema á götu. – Í kvöld ganga ungir menn um göturnar og syngja: *Deutschland über alles* og hrópa þess á milli húrta fyrir uppreisnaforingjunum í München, Hitler og Lundendorff, en allt er þetta barnaskapur.¹ –

¹ Ekki beint spámannleg orð.

Svo stóð á að elstu systur mínar voru í mikilli vináttu við danska fjölskyldu sem hét Gudmundsen en frúin var sonardóttir séra Þorgeirs Gudmundssonar, þess sem Jónas Hallgrímsson orti til kvæðið: *Nú er vetur úr bæ*. Húsbóndinn var sonarsonur Gudmundar Skagfjörð,¹ prentara í Leirárgörðum.

Buðu þau mér að vera hjá sér um jólin og þáði ég það. Virtist mér þá best úr því ég gat engan veginn klofið það að vera áfram í Þýskalandi fjárhagslega að halda áfram námi í Kaupmannahöfn. Eftir að hafa haft ágætt jólafrí fór ég því til Hafnar og innritaði mig þar í janúar 1924.

Kaupmannahöfn – Oxford - Besançon

Í undanförunum bréfum bar hann sig illa vegna fjárhags. Segir frá skrautlegu lífi á Færgegården hjá Gudmundsen og húsnæðismálum, sem voru ógóð, en skánuðu þó brátt.

Höfn, 13.1.1924. Helgi P. Briem skrifar Friede Pálsdóttur Briem.

-- Þakka þér kærlega fyrir bréfið þitt frá því fyrir jól og peningana sem þú sendir þar með í jólagjöf og 15 kr. ávísuninni. Það kom sér vel með öðru góðu frá þér blessunin. –

Rvík, 21.1.'24. Friede P. Briem skrifar Helga P. Briem.

Spyr Helga að því hvort fjölskyldan á Færgegården hafi móðgast þegar hún hryggbraut Sigurð son þeirra (vin Helga).

--Ég komst yfir þessar 100 kr. dönsku, ætla að láta þig njóta þeirra; því eitthvað þarftu að sjá og heyra í Höfn. Þú átt að eiga þær, ég verð reið ef þú vilt þær ekki; þegar þú ert orðinn mikill maður getur þú launað það, en þú verður ekki mikill maður nema þú hafi aura til eins og annars. Þú nefnir þetta ekki við mömmu. –

Höfn, 24.1.1924. Helgi P. Briem skrifar Álfheiði Briem.

-- Í dag var ég að hlusta á próf til fyrri hluta í *statsvidenskab*. Leist mér satt að segja ekkert vel á það. Prófessorarnir, sem annars líta góðmannlega út, spyrja svo einkennilega að ég hálfpartinn hneykslaðist á hvað þetta var ópraktrískt. T.d. hvað hafi verið mörg seglskip í Danmörku 1884 og hvað Danir hafi fengið miklar tekjur af siglingum sínum 1919.

Það verð ég að segja að Þjóðverjar standa þar mikið fremri öðrum. Þetta verð ég nú samt að sætta mig við, býst ég við, og kannski verður þetta ágætt þegar ég er farinn að eiga við það og kominn inn í það. –

¹ Guðmundur Jónsson Skagfjörð, 1758-1844.

Eitt kvöld fór ég til próf. Finns Jónssonar¹ til að undirskrifa ábyrgð fyrir bókum á söfnunum – og bauð hann mér að setjast og sat ég hjá honum 20 mín. í frakkanum. Var hann í voðalegum vandræðum með hvað hann ætti að segja við mig – Spurði hann mig eins og gamlir menn eru vanir hvað ég væri gamall, hvað ég ætti mörg systkini og hvað þau væru gömul – Hlökkuðum við báðir til að skilja. –

Auðvitað hafði ég aldrei talað dönsku fyrir og varla heyrst hana talaða, nema slettur, og þótti allerfitt að skilja hana, en komst fljótlega upp á það.

Í íslensku nýlendunni í Khöfn var töluvert líf og margir stúdentafundir. Einnig voru fundir í Íslendingafélaginu og sótti ég hvorutveggja og naut þess. Hér reyndi ég ekki að einangra mig gegn Íslendingum, því ekki þurfti að vanda dönskuna. Hins vegar hafði ég ekki mikið samneyti við danska stúdenta. Bæði fann ég að þeir litu heldur niður á okkur Íslendinga og voru að reyna að vera heimsmenn sem þeir þó voru ekki. Þeim virtist ekki ganga námið vel, því 2/3 af þeim luku aldrei prófi.

Höfn, 8.2.1924. Helgi P. Briem skrifar Álfheiði Briem.

-- En mikið er hér allt öðruvísi en í Þýskalandi. Í fyrsta fyrirlestrinum, sem ég var á í dönskum háskóla, segir próf. Fabricius, strax og hann hefur sest, nafnið mitt. Ég jánkaði án þess að vita hvað hann væri að vilja og spyr hann mig hvaða kóngar hafi verið árið 1850 í Evrópu. Af tilviljun gat ég leyst úr því, en hann spurði mig út úr í einn hálf tíma, alveg eins og ég væri að læra mannkynssögu í barnaskóla. Þótti mér þetta kynlegur háskólatími. Næsta morgun byrjaði ég í bókhaldi, og skrifar kennarinn dæmi upp á töfluna. Síðan svifa augun yfir alla stúdentana þangað til hann hvessir þau á mig og spyr hvort ég geti leyst úr þessu. Þar sem ég hafði lært dálítið í bókhaldi í Samvinnuskólanum tókst það. Er mér hulin ráðgáta hví þeir skeyta skapi sínu á mér tetrinu, nýkomnum frá útlandinu.

Síðan hef ég uppgötvað að öll kennsla fer hér fram eins og í barnaskóla með útúrspurningum og lexíum. Líka tók ég eftir að hérna kalla prófessorarnir stúdentana fyrir *drengi*, en í Þýskal. fyrir *herrn*.

Einn dag fór ég til próf. Axel Nielsen, sem er annar aðalprófessorinn í hagfræði hér.

Byrjaði hann með að segja mér að ég myndi ekkert gagn hafa af Þýskalandsverunni, en fór nú samt að spyrja mig hjá hvaða prófessorum ég hefði verið. Leysti ég úr því og fór hann nokkrum niðrandi orðum um þá flesta. T.d. sagði hann mér um próf. Sombart, einn af lærðustu hagfræðingum Þýskalands að hann hefði hlýtt á fyrirlestra S. fyrir mörgum árum: *Manden optrådte s'gu i figurfrakke, med rose i knaphullet.*

¹ Finnur Jónsson (1858-1934) prófessor. Nánasti vinur Páls föður Helga, þá 66 ára.

Það þótti honum nóg til að telja Sombert ekki mikils virði sem vísindamann. Einnig sagði hann mér að hann hefði ekki getað komist í gegnum bók eina eftir einn af prófessorunum í Kiel vegna þess hve málið væri þungt í henni. Ég hef haft mest gagn af þeim prófessor, svo ég held ég hafi þó haft það upp úr þýskalandsverunni að læra betur þýsku en Axel Nielsen. – hann hefur þekkt G.(uðm.) Finnbogason¹ svo hann uppástóð að ég væri hálf- eða aldanskur, af því að ég gat gert mig skilanlegan á dönsku: - *for det er nogle elendige lærere I har deroppe.* –

Ég er líka að reyna að kynnast dönsku þjóðlífi og fer seinni part viku á fyrirlestira – Þykir mér gott að vera hérna núna til að kynnast frændþjóðinni af eigin reynd og hefur sú kynning verið góð "÷" Axel Nielsen. –

Kaupmannahöfn, 18.2.1924. Helgi P. Briem skrifar óþekktum móttakanda.²

Þakka kærlega forláta bréf frá þér sem ég fékk í dag. Það er fallega gjört af þér að telja kjark í mig þegar ég er leiður á Hafnarverunni. Þú skrifar að hagfræðin eigi að vera eins og beinagrind í margháttaðum áhrifum öðrum. Satt er það, en í þessum ágæta háskóla verður maður að eiga við fjórar beinagrindur og heldur óálitlegar, enda skrölta þær saman á hinn ægilegasta og óþægilegasta hátt. En bara að ég gæti kennt Dönnum um allt! Það versta er að ég hef ekki grundvöllinn að heiman, þekkinguna á mínu eigin landi og lýð og á meðan mig vantar það finnst mér ég sé að byggja á foksandi og ekki þessu bjargi sem menn eiga að byggja á.

Sú hugmynd er líka að koma upp hjá mér nú að við höfum haft óbætánlegt tjón af að vera með Dönnum, vegna þess að okkar ungu menn komu hálfkaraðir að heiman, höfðu hvorki trú á landi né lýð og er þeir sáu þessa frjósömu náttúru hér hafi allt þeirra hugarfar mótast þar eftir. Tólfti parturinn af Danmörku er skógi vaxinn og álíta danir því að ekkert land sé hæft til landbúnaðar eða lífi nema það hafi skóg. Er ég að færast meira og meira yfir á þá skoðun að fyrir okkur væri skógrækt hálfgerð vitleysa, nema til prýði kringum bæi. Danir hafa ræktað skóg á heiðunum, en hræddur er ég um að það gangi í mesta basli fyrir þeim. Er veitt stórfé á hverju ári, en ekkert kemur í staðinn, nema að heiðin er græn í staðinn fyrir brún-fjólublá. Það væri náttúrlega *majestætsforbryðelse* að segja þetta við Dani, en eftir því sem ég hef getað kynnt mér málið úr bókum, hef ég smám saman saman færst yfir á aðra skoðum. Þyrfti ég endilega að tala um þetta við Sigurð³ búnó til að heyra

¹ Guðmundur Finnbogason (1873-1944). Llandsbókavörður.

² Gæti verið uppkast að óloknu bréfi sem hann hefur líklega verið óánægður með og ekki sent þar eð það virðist hafa runnið út í sandinn. Í skjalasafni Helga í Lbs.

³ Sigurður Sigurðsson búnaðarmálastjóri (sjá áður).

hans mótrök. Ég er að færast meira og meira yfir á þá skoðun að framtíðin byggist ekki á breytingum á jurtalífinu heldur á breytingu á dýralífinu.

Við höfum þessi geysilega stóru flæmi sem nú eru einiskis virði, en viljum fara að hafa *intensiva* rækt eins og Danir. Fyrir það fyrsta vantar okkur fé til slíks og svo er ég líka hræddur um að flutningskostnaður yrði ókleyfur með núverandi farartækjum. Við þurfum helst að rífa upp fé til að geta losnað úr þessari fátækt. Það lítið við höfum reytt saman fer nú í vitleysurnar í krísunum og ekkert kemur í staðinn, ekki einu sinni vit (sbr. af skaða verður maður klókur, en ekki ríkur). Eina ráðið til að ná peningum handa landbúnaðinum er að nota þessi lönd, sem nú eru einiskis nýt (vafamál hvort þau eru hæf fyrir skóg) til hreindýrabeitar. Þegar ég sá að Svíar höfðu 1918 borgað eina krónu meira fyrir hreindýrakjöt en uxakjöt, virtist mér ég sjá hreindýrahjarðir, hálfamdar, eftir endilöngu Íslandi. Karlarnir þarna á Reykjanesinu drepa víst öll þau dýr sem þeir ná í, hef ég frétt. Ef til vill má líka hafa moskusuxa,¹ en nú virðist mér það verða umfram allt að reyna að nota það sem til er á landinu af gróðri.

Ég fann það fljótt að lítið er að græða á að vera með þessum íslensku stúdentum hér. Tala þeir lítið um annað þegar þeir hittast, en segja hvor öðrum fyndni sem einhver prófessor hefur sagt eða leiðarinn í BT sem er ekkert annað en skandalasögur og tiskumyndir. En eins og þú heyrir á þessum bréfum hefur það mjög deprimerandi áhrif á mig að vera alltaf einn, og hafa engan til að tala við. Svo talar þú um *kultúrinn* hérna. Mér finnst maður nú ekki anda honum inn með loftinu; en í leikhúsum hér er lítið annað en 3. fl. (ég tel aðeins 3. flokks komedíur, sem hafa gengið í París fyrir 48 árum síðan. Jafnvel Kgl. leikhúsið sýnir slíkt dót og bíóin sýna meira eða minna misskilda *erótík* blandaða blámönnum og marghleypum.

Eins og þú sérð hef ég afskaplega mikla þörf fyrir að fá einhvern, sem ég get talað og rifist við, svo hristist upp í hugarraykinu. Skyldi því enginn verða glaðari en ég ef þú kæmir út og ég gæti haft eitthvað af þér að segja.

Þekki ég því miður ekkert til þaðstaða hér. Var ljótt að þú skyldur ekki koma út í fyrra er líft var í Þýskalandi, því Kiel var svo göður þaðstaður sem frekast verður á kosið og það var alls staðar svo mannlítið ...

¹ Sauðnaut.

Kaupmannahöfn, 22.2.1924. Helgi P. Briem skrifar Álfheiði Briem.

Segist hafa fengið ríkisreikninginn hans Jóns Þorlákssonar.¹

-- Hitti ég Jón á Íslendingamótinu – og gerði Jón mér þá æru að taka í höndina á mér og segja að hann þekkti mig. – ég hafði hætt að heilsa honum eftir að hann þrisvar - í röð hafði sagt *öff* þegar ég hafði heilsað honum. Annars hef ég nú nokkur undanfarin kvöld verið með grein um gengismálið sem getur verið að komi í Tímanum. Býst ég við, ef hún kemur fram, að það þyki óforskammað mjög af ungum manni að hafa sjálfstæða skoðun og ekki þá sömu og aðrir á því máli –

Kaupmannahöfn, 11.3.1924. Helgi P. Briem skrifar Álfheiði Briem.

-- Vikuna eftir að ég hafði sent umsóknina til Sáttmálasjóðsins stoppaði próf Arup² mig þegar ég var að fara út af fyrirlestri hjá honum og bað um að mega tala við mig. Veitti ég honum náttúrlega allra mildilegast *audience* (svo ég er viss með að fá eitthvað úr sjóðnum eftir þetta). Er hann ritari Sáttmálasjóðsins og sagðist hafa lesið umsókn mína og spurði hvort ég ætlaði ekki að halda áfram hérna í Höfn. Ég svaraði að ég færi heim í sumar og ef mér lukkaðist að fá lán þar ætlaði ég að halda áfram. Annars gæti maður ekki annað en hætt. En hann varð alveg klökkur og sagði: *Nej, det må de ikke! Vi mangler netop en mand som Dem! Det er netop udmærket at De har været i Tyskland og kommer så herop.*

Sagði hann mér að þeir hefði einmitt ætlað að láta Lárus Jóh.³ fá almennilega *uddannelse* í utanríkisráðuneytinu, senda hann svo um,⁴ honum til lærdóms, en Lárus hefði yfirgefið þá til að verða *drengen* í *Udenrigsministeriet*. Nú væru þeir alveg í hraki með sendiherra. Hefðu ekkert nema júrista og þá væri vont að brúka í diplomatiskar sendiferðir.

Nei ég átti bara að reyna að halda út, þá lagaðist þetta og þegar ég væri búinn að vera hérna nokkurn tíma gæti ég vafalaust fengið legat⁵ sem hjálpaði mér áfram. Sér hefði einmitt fundist 1918 að Íslendingar ættu ekki að stofna sendiherraembætti fyrr en ungur Íslendingur væri búinn að ganga gegnum diplomatiskan skóla hjá Dönnum og hefði sagt það þá, en Íslendingunum hefði fundist þeir ekki geta beðið: *Forsøg bare at tage en pæn! statsvidenskabelig eksamen, så kommer de straks ind i Udenrigsministeriet og når de har været der et par år står de også langt bedre at tage del i deres lands politiske virksomhed.*

Stóð hann þá upp og þakkaði ég honum fyrir interessuna og fór. – Ég lít beinlínis öðruvísi á háskólann eftir þetta viðtal. –

¹ Jón Þorláksson (1877-1935). Hann var nýorðinn fjármálaráðherra. Síðar forsætisráðh. o.fl. Átti Ingibjörgu Briem Claessen fráenku Helga.

² Mun vera söguþrófessorinn Erik Arup (1876-1952) og sem kom við sögu í sjálfstæðismáli Íslendinga.

³ Lárus Jóhannesson (1898-1977). Sonur Jóhannesar Jóhannessonar bæjarfógeta, alþingism., hrl., hæstaréttardómari, ættfræðingur.

⁴ Mun átt við að senda hann milli sendiráða.

⁵ Styrk

7.3.1924. Eggert P. Briem skrifar Helga P. Briem.

-- Hér hefur verið stofnað félag sem heitir *Framsóknarfélag Reykjavíkur* – Það sem einkennir félagið er hve margir gormæltir menn eru þar komnir saman og hvað vitlausir þeir eru í að tala: Hallgrímur *redbody*¹ er forseti (hann er gormæltur á *r*, *ð* og *g*, svo það ber töluvert á skrollinu. Magnús Kristjánsson² *kan ikke la'være* að tala og hann er gormæltur á allt nema *ess*. Svo er Jón Árnason³ Sambandsmaður bráðgormæltur o.fl.⁴ –

Aðalefnið er útvegum á fé fyrir Helga og að segja fréttir af efnahag og stjórnámálum.

Veturinn 1924-25 bjó ég með Sigurði Gudmundsen, syni þeirra Gudmundsenshjöna og var hann að hálfu leyti Íslendingur. Fór mjög vel á með okkur og leigðum við 2 herbergi með útsýn yfir vötnin. Hann nam lyfjafræði.

Húsmóðir okkar lét okkur einnig fá hádegismat. Hún var afbragðskona, hreinleg og heidarleg, en ákaflega einföld. Haustið sem við fluttum til hennar gekk hún í einhvern trúarsöfnuð, að mig minnir deild adventista. Þar var æðsti maður *pastor* Petersen og það var nú maður á báðum buxunum. Hún sagði okkur oft hvað hann hefði verið að segja þeim og trúði auðsjáanlega hverju orði. Hún borgaði tíund til safnaðarins og reyndi ég að benda henni á að hún ætti ekki að greiða tíunda hluta af því sem við greiddum henni fyrir húsaleigu og mat, því hún ætti aðeins að greiða tíunda hluta þess sem teldust tekjur hennar en ekki af kostnaðinum. Ekki vildi hún fallast á það því hún sagði að sér væri svo mikil ánægja að greiða til safnaðarins.

Eftir áramótin sagði hún okkur að nú yrði heimsendir áður en margar vikur væru liðnar. Hún fléttaði þunnt hár sitt og festi það í undarlega lykkju við eyrun. Var þetta til að gera englunum léttara fyrir. Þegar heimurinn færist hefðu þeir nóg að gera, þyту um eins og eldibrandar og héldu höndunum fyrir sér. Þeir sem væru með hárið í lykkjum væru þeir rétttrúuðu sem englarnir flyttu rակeitt til himna, því skrifað stendur að þeir skuli ekki deyja heldur flyttu englar þá beint til himnaríkis. Væri að því mikill vinnusparnaður að englarnir þyrftu ekki eð þreifa á hverjum einstökum en hendur þeirra lentu beint í lykkjunum.

Spurðum við hvort *pastor* Petersen gengi einnig með lykkju, en hún taldi að englarnir mundu nú ekki vera í vandræðum með að þekkja hann, með eða án lykkja. Hún sagði okkur að við skyldum ekki undrast þó hún væri horfin einhvern daginn, en við mundum finna kostpeninga okkar fyrir þá daga sem eftir væru mánaðarins í

¹ Hallgrímur Hallgrímsson (1888-1945) bókavörður í Landsbókasafni, í drykkfelldara lagi. Ort um hann látinn: *Floginn er til fegri landa / friðnum hvílir í. / Hallaði sér og hatti að anda / Hallgrímur Reddbody*.

² Magnús Kristjánsson (1862-1942), alþingismaður, forstjóri Landsverslunar, fjármálaráðherra 1927-8.

³ Jón Árnason (1885-1977). Forstjóri Sambands íslenskra samvinnufélaga (S.Í.S.) og bankastjóri Landsbankans.

⁴ Er Haraldur Gudmundsson ráðherra tók sæti í sambandslaganefndinni var honum hrósað af Dönum fyrir framburð. Haraldur baðst undan hrósi, skýrði framburð sinn með þessu: *Det er en medfødt talefejl*. Haraldur *skrollaði*, eins og það var kallað. Þetta sagði Pétur þulur Pétursson.

dós á eldhúsborðinu, því hún vildi ekki hafa einn eyri af okkur. Hinsvegar virtist henni sem við mundum þurfa á þeim að halda ef heimurinn færist.

Sagði hún okkur öðru hverju hvernig gengi með heimsendi og tókum við öllum fréttum um það með virðuleik og alvöru, því ekki vildum við særa þessa góðu sál. Eftir því sem dróst að heimsendir kæmi minntist hún sjaldnar á það, en gaf okkur stundum ástæður *pastor* Petersen fyrir frestuninni. Þegar komið var fram á vor, heyrðust einu sinni miklar drunur. Vorum við báðir heima og gestir hjá Sigurði.

Kom frk. Nielsen þá hlaupandi inn og sagði: *Nú er heimsendir að koma. Heyrið þið ekki drunurnar.*

Gesturinn: Já, þetta eru skotæfingar.

Nei, sagði frk. Nielsen. *Svona byrjar það einmitt með miklum drunum, þegar heimurinn ferst.*

Gesturinn. *Nei, þetta eru skotæfingar frá Tre kronor kastalanum. Það er aðvörun um þær í dag.*

Auðvitað trúði hún því ekki fyrr en henni var sýnt það á prenti. Gekk hún burtu mjög mædd. Fór ég út eftir henni til að reyna að hugga hana og töludum um að 1000 ár væri sem einn dagur o.fl. svo *pastor* Petersen gæti auðveldlega skjátlást í tímasetningu. En ég held hún hafi aldrei náð aftur fyrra trausti á þeim ágæta presti.

4.5.1924. Helgi P. Briem skrifar Álfheiði Briem.

-- Það ótrúlega skeði. Ég fékk 500 kall úr Sambandssjóði. Sóttu víst flestallir stúdentarnir og víst allir þeir gömlu (þeir sem hafa notið styrks í 4 ár og fá ekki meira), en aðeins fimm eða sex fengu og ég einn þeirra. – vonast til að komast til Svíþjóðar eftir 2 vikur, enda er ég hálf galinn af löngun þangað¹ --

Hér er fjöldi landa nú og mikill gangur á þeim. Hallgrímur Ben.² hélt *middag* á Vivex, hafði sá kostað 300 kr. – Það sér ekki á fátæktinni og baslinu þegar hingað er komið. –

¹ Matthías Þórðarson (1877-1961) þjóðminjavörður hafði unnið að því að sendur yrði fulltrúi á blaðamannanámskeið í Svíþjóð. Dróst reyndar fram á síðustu stund að Sveinn Björnsson sendiherra gæfi svar: *Vill ekki láta mig vita það fyrr en á síðasta augnabliki, að diplomata síð(!)*. Átti að halda honum kveðjusamsæti, en það var svo dýrt að HPB bjóst ekki við að geta verið þar.

² Hallgrímur Benediktsson (1885-1954) og heilsali.

Ferð Helga. P. Briem til Svíþjóðar vorið 1924.

Úr bréfum til Álfheiðar Briem.

Stockholm, 24.5.1924

-- Já, hingað er ég kominn og hefi það bærilegt. Þér þótti undarlegt að ég skyldi kalla mig blaðamann og er það náttúrlega hæpið, en hinsvegar hef ég síst séð eftir því að ég skyldi fara, hvorki fyrir sjálfan mig eða aðra. Vonast ég til að hafa ekki orðið landinu til skammar.

Svo hljóðar ferðasagan sem af er og skuluð þið fá það allt nákvæmar í júlí.¹

Ég fór frá Höfn á laugardagskvöld kl. 7²⁰ með tíu Dönnum sem repræsenteruðu ýmis blöð í Danmörku. Fengum við sem sagt ókeypis bílæti á öðrum klassa og svefnvagn. Það var frægasta veður, svo við stóðum lengi á ganginum í svefnvagninum og töluðum saman og kynntist ég þá samferðamönnum.

Talaði ég sérstaklega við ljómandi skemmtilegan náunga frá Politiken, sem heitir Anker Kirkebye² og lifir á því að ferðast og skrifa ferðasögur í Politiken. Var hann nýkominn frá Belgíu og hafði talað þar við bæði kóng og kardinála. Hann hefur ferðast um Rússland, Asíu og hreint um allt.

Ég svaf af um nóttina – á brunandi ferð; svaf til kl. 8 næsta morgun að ég fór á fætur og horfði á landslagið sem var fallett, en grýtt og heldur ófrjósamt að sjá. Strax og ég sýndi mig á ganginum fékk ég kaffi, - en þó ekki með lummum. Kl. 10 kom maður til Hólms. Nöfn okkar stóðu í öllum blöðum með feitu lettri, svo á stöðinni var mættur einn af þessum *lidenskabelige* Íslandsvinum, sem er fóstbróðir (!) Matthíasar Þórðarsonar og heitir Helge Wéðin. Tók hann mér eins og ameríkönskum *onkel* og var rétt að segja búinn að faðma einn Danann sem honum fannst svo íslendingslegur.

Vorum við leiddir á mikið hótél og fagurt. *Gott að ég þarf ekki að borga logið*, hugsaði ég og fékk þar forkunnarfagurt karnapherbergi með hægindastólum og telefon. Í hvert skipti sem ég þarf að nota þann telefon og tek tólið segir hljómfögur kvenrödd: *God dag, herr Briem! Vad önskar herr Briem* og þegar ég segi númerið hringir hún og nær í manninn og segir: *Det skall ske, herr Briem*. Er þetta tipp fyrir Dídí.³ Samt er mér hulin ráðgáta hvernig hún veit nafn mitt, því hér búa yfir hundrað manns og veldur mér það allmikillar áhyggju hvort hún segir þetta við alla eða hvort ég er sá eini útvaldi.

¹ Þá gerði hann ráð fyrir að koma til Íslands.

² Anker Kirkebye (1884-1957). Svo til allan starfsferilinn blaðamaður hjá Politiken.

³ Þórdís systir Helga vann á *Miðstöð* talsímans í Rvík.

En snúum oss að Wédin. Hann tók mig úr þessu ágæta herbergi og fór með mig heim til sín og gaf mér þar hafragraut og *smörgás* og kynnti mig konu sinni og dóttur. En ekki mátti dveljast þar. Kl. eitt var okkur tilreiddur *lunch* á stað sem Rosenbad heitir og fékk maður þar eina velmeinaða *velkomsthálsning* og veltilreiddan mat og tvennskonar vín.

Buðu þeir okkur velkomna ýmsir háttsettir herrar. Var verslunarráðherrann þar á meðal. Stóð upp einn representant hvers lands og þakkaði. Var ekki í annað hús að venda en að ég þakkaði fyrir Ísland, en heldur var það nú stuttaraleg ræða. Sagðist ég vera frá yngsta landinu í Norden enda yngstur þátttakenda og myndi því best eftir að til allra námskeiða væru kennarar nauðsynlegir. *Kennarar kúrsins lifi*. 4falt húrra. (Ég var náttúrlega beðinn að halda þessa ræðu fyrir kennurunum).

Á eftir kom heill hópur svenskra karla sem glöddust yfir því að Ísland skyldi vera representerað og ég brosti svo brakaði í tönnunum og þakkaði og búkkaði.

Svo kom til mín náungi frá Dagens Nyheter og *interwiewaði* mig (*nr. 1 hugsaði ég*) og tók mynd af mér og sendi ég ykkur nú hvort tveggja ykkur til skemmtunar og fróðleiks.

Um kvöldið ráfaði ég um götur bæjarins. Er hann alveg ljómandi fagur. Heppnin yfir mér að koma hingað nú, þegar Mälaren er hærri en hann hefur nokkurn tíma verið áður, svo munar heilum 8 álnum. Beljar hann í flúðum undan brúnum og er alveg dásamlegur fyrir mig sem ekki hef séð straumvatn frá því ég var heima. (Það gat ég notað fyrir konversationsefni við kammerherrafrú Zahle áðan, sbr. seinna).

Byggingar eru líka alveg hreinasta gull og bærinn margfalt fegurri en Höfn.

Næsta morgun (mán. 19. maí) kl. 10 byrjaði vinnan!! Voru þrír fyrirlestrar og héldu þá tveir prófessorar og ritstjóri. Svo var *lunch* á hótelinu og ég boðin til miðdags af Wédin og þar á eftir fór ég í leikhúsið og sá leikrit eitt, lítið og vitlaust, en ljómandi vel leikið. Lék Gösta Ekman¹ aðalhlutverkið. Ef þú kannast ekki við Gösta, þá spurðu Dídú – hygg ég að hún þekki bæði ætt og uppruna G.E. eins og sjálfur hann. Enda kom um skeið mynd af honum á 14 daga fresti í *Våre Damer*.

Okkar svensku *kollegar* senda okkur á hverjum degi aðalblöðin og eru það þægindi með öðru.

Næsta dag (þriðjud. 20. maí) voru líka fyrirlestrar. Fengum við *lunch* þetta skipti í ráðhúsinu. Var okkur sýnt það á eftir af hæfum manni og *gemytlegum*. Er húsið stolt og gleði hvers Stokkhólmsbúa, enda í ljómandi fallegum stíl; allt vandað til þess og frægustu málaraar fengnir til að

¹ Gösta Ekman (1890-1938). Einn helsti leikari Svía á sinni tíð; þekktur úr kvikmyndum.

skreyta það. Jafnvel hurðarhúnarnir eru listaverk, sem um var keppt að teikna. Er húsið geysistört og vel útbúið enda kostaði það 16 millj. sv. krónur og er meira eða ámóta og ríkisskuldur Íslands.

Miðvikudaginn þann 21. maí voru stuttir fyrirlestrar. Í staðinn fórum við nokkrir í Ríkisdaginn og sátum þar í *pressulogunni* og skoðuðum karlana. Sá ég þar ýmsa fræga karla, s.s. Branting¹ og ráðherrana.

Norden hafði lofað að útvega mér viðtal við Anders Örne² sem er fyrrverandi ráðherra og einn mesti samvinnumaður og samvinnu*theoretiker* í Evrópu. Kom hann nú og reyndist vera 43 ára maður með afar stórt höfuð og blíð blá augu. Spurði ég hann hvort ég gæti fengið að tala við hann einhvern tímann í betra næði en nú, áður en ég færi. Lofaði hann mér að skrifa mér hvenær hann væri viðlátinn.

Hef ég varið hverri frístund hér til að komast inn í rit hans til að geta *smigrað* hann með því að þekkja þau öll.

Um kvöldið hlustaði ég á lord Robert Cecil³ tala um Þjóðabandalagið og þótti sá fyrirlestur leiður eins og Einar Þorgilsson,⁴ langur eins og Jakob Möller.⁵

Þann 22. leið dagurinn með fyrirlestrum og lestri á bibliotekinu. Líka hittí ég ungan listamann og efnilegan sem er Ásmundur Sveinsson,⁶ bróðir eins af félögum mínum í Berlín.⁷ Er það ljómandi maður og góður myndhöggvari sem hefur fengið medalíu fyrir höggmynd eina úr marmara. Sýndi hann mér þá mynd og er hún afbragðs falleg; kvenmynd sem táknar öldu. Það sagðist ég sjá á myndinni, að hann væri dalbúi en ekki sjávarbúi, og þótti honum þetta býsn mikla. Sá ég það á því að aldan hallast aftur á bak en fer áfram. Sjávaröldur brotna aftur á móti alltaf áfram, með vindátt, aftur á bak með straumi. Þótti Ásmundi ég hafa hið besta vit á list allra þeirra Íslendinga sem hann hafði hitt, og erum við vinir og dúsbræður síðan.

Um kvöldið fór ég í konunglega leikhúsið og sá *De unges forbund* eftir Ibsen og lék Norðmaður aðalhlutverkið, en betur léku Svíarnir með honum, að því er mér fannst.

Í gær þann 24. sagði sú með raustina í telefoninn að kvinna ein óskaði að hafa tal af mér. Lét ég það mildilegast eftir henni og var hún þá frá blaðinu *Idun*. Mælti ég mér mót við þennan *kollega* kl. 3½ í gær í salón

¹ Hjalmar Branting (1860-1925) forsætisráðherra, formaður jafnaðarmannaflokksins.

² Anders Örne (1881-1956). Lengi ríkisdagsmaður, samgönguráðherra og póstmálastjóri.

³ Robert Cecil (1864-1958). Þingmaður, aðstoðarráðherra íhaldsmanna; forgöngumaður um Þjóðabandalagsmál.

⁴ Einar Þorgilsson (1865-1934). Þingmaður m.a. Sjálfstæðisflokksins eldra. Athafnamaður í Hafnarfirði, afi Matthíasar Matthiesen.

⁵ Jakob Möller (1880-1955). Ritstjóri, alþingismaður, ráðherra, sendiherra. Varð skotspónn Jóns próf. Helgasonar í kvæðinu: Sendiherrann og dóninn.

⁶ Ásmundur Sveinsson (1893-1982), myndhöggvari.

⁷ Ekki vitað hver það gæti verið eða hvort rétt sé munað.

hótelsins. Var það eldraður og spikfeitur kvenmaður. Þegar við höfðum skipst á kortum sagði hún:

Vad tycker hr. Briem om den svenska kvinnan?

Blaðið Idun er kvennablað en þetta kom mér heldur á óvart og benti á æsku mína og erfaringsleysi, sérstaklega gagnvart þeim svensku sem ég hefði endast séð í 4 daga. En hún lét nú ekki spissa sig af svo ég röflaði eitthvað um að ég setti svenska kvinnu hærra en margar aðrar, þar sem Selma Lagerlöf¹ væri. En hún vildi vita um hvaða áhrif útlit þeirra hefði á mig, svo ég sagði að mér fyndist þær misháar mjög, en reglulegar í andliti og smekklegar klæddar en þær dönsku. (Ég hafði ekki tekið efir neinum í áhrifamiklum búningi, svo ég hélt þetta hlyti að vera). Sleppti hún mér þó loksins þegar ég hafði bætt einhverju við um þær íslensku.

Um kvöldið fór ég í konunglegu óperuna og heyrði þar Lohengrin. Fór vel í eyra mínu og var vel sungið. Voru tvær söngkonurnar byrjendur (debutantinner) og fengu því heilt kýrfóður af blómum og laukum. Var klappað langt fram á nótt.

Sat ég framarlega mjög á parkettinu og kostuðu bílætin í gær og í hinum leikhúsunum upp að 16 ísl. krónum. Segi ég þetta þér til hugarangurs; en til að gera það stutt þá fékk maður þetta allt ókeypis af Norden eða leikhúsinu og þurfti eingöngu að skrifa sig á lista hjá ritara Nordens, sem heitir Langlet² og er ritstjóri. Er það hreinasti hunangsmaður, bæði fallegur, mælskur og góður. Er hann betri við mig en nokkurn hinna félaganna.

Við erum 37, 10 Danir, 13 Finnar, 13 Norðmenn og ég. Spyr hann mig daglega hvort ekki sé eitthvað sem mig langi til að sjá eða heyra eða tala við og útveggar hann það allt saman. Líka á hann son og erum við mikið saman því hjá honum get ég fengið að vita ýmislegt um Svíþjóð. Kollegarnir frá Danmörku eru heldur óinteresseraðir fyrir flestu nema að fá sér í staupinu.

Í gær var ég boðinn með þeim dönsku til Dagens Nyheter, en af því þar stóð eingöngu den danske delegation og það ekki sent til mín persónulega, notaði ég það til að sleppa og til að sjá heldur Lohengrin. Þegar ég kom þaðan lágu fyrir mér boð að koma, en ég fór ekki, enda hefði farið eins og mig grunaði. Strax við byrjunina fékk hver eins mikið af whisky og hann gat í sig látið og síðan fleiri vín og mat og viskí.

Í morgun þegar ég fór út var enginn kominn á fætur af bræðraþjóðunum og þegar ég hafði verið tvo tíma í Ríkisdeginum og hlustað á fyrirlestur hittu ég þá og lyktaði allur hópurinn ennþá og sumir slöguðu. Í þessu

¹ Selma Lagerlöf (1858-1944), nóbelsverðlaunahöfundur.

² Sennil. Valdemar Langlet, sonur eins af helstu arkitektum Svía. Rómaður málamaður en vann sér það til frægðar að bjarga fjölda manns úr fangabúðum. Var á svörtum lista nasista ásamt ungværskri konu sinni.

ástandi fórum við í lunch til kammerherre Zahle, sem er danskur og íslenskur sendiherra. Þangað var líka boðið móttökunefndinni svensku og nokkrum kennaranna.

Fengum við fyrst standandi smörgás, en fengum þó að setjast til að borða eitthvað úr kjöti með hrærðum eggjum (tvö vín, snaps og öl) og desertinn. Hafði frúin formann móttökunefndarinnar til borðs en ég sat við vinstri hlið hennar og þótti það óverðskuldaður heiður.

Hér fór áðurnefnd samræða um vatnið fram. Við hina hlið mér var bóndi einn frá Dölunum og ríkisdagsmaður (engar dömur voru boðnar). Diskúteruðum við grasvöxt og heypurrk af miklum áhuga og innileik og fór vel á með okkur.

Kammerherrann gaf sig líka á tal við mig, sem góður vert og komplimenteraði ég hann fyrir þá fögru útsýn úr gluggum hans en attaché einn sem Falkenstjerne¹ hét, hafði verið heima í frítíma Böggilds² 1920, konverseraði við mig um samgöngur við Ísland að fornu og nýju.

26 maí.

Þaðan fór ég að skoða bæinn. Um kvöldið var ég boðinn í *supé* í félag sem *Publicistföreningen* heitir. Var þar etið og drukkið til kl. 7-8 um morguninn, en ég fór kl. 2. Aðalskemmtunin var frægasti þjóðlagasöngvari Svía, gamall og gráhærður unglingur sem söng og lék söngva Bellmanns. Var það mjög gaman. Sat ég annar maður frá honum svo við urðum miklir vinir og drukkum hvor öðrum til í sviapúnsi, en ég átti nú samt jafn mikið í glasinu þegar ég fór og hafði verið skenkt í það upphaflega. Karl þessi heitir Scholander,³ ef þú kannast við hann.

Þar voru líka ræðuhöld og byrjaði ræðumaður, formaður félagsins, á hinu unga og gamla Íslandi, sem hefði *en enda, men utmärkt representant*. Svaraði ég með skál fyrir félaginu Norden, sem við Íslendingar hefðum verið mjög interesseraðir fyrir, því kunnugleika skorti mjög og sagði söguna um að Karl-Johan hefði gleymt Íslandi, Grænlandi og Færeyjum. Var rokna upphlaup þegar ég sagði eftir Karli að hann hefði ekki vitað að Ísland *existeraði*.

Sunnudagsmorgun kl. 10 fór svo allur hópurinn til Uppsala og var okkur sýndur garður og bústaður gamla Linnés⁴ og var þar í móttökunefndinni Prins Eugen.⁵ Svo sáum við hús stúdentafélaganna og háskólann;

¹ Bent Falkenstjerne (f.1884), seinna m.a. sendiherra í Belgíu.

² Johannes Böggild (1878–1929), fyrsti sendiherra Dana á Íslandi (1919-24). Faðir hans Börge Thorlacius Böggild, bankastjóri, af íslenskum ættum í móðurætt.

³ Söngvarinn var Sven Scholander (1860-1936). Upptökur af söng hans eru enn vinsælar.

⁴ Carl Linné, (1707-78) náttúrfr., höf. flokkunarkefis plantna, er enn gildir í veröldinni.

⁵ Prins Eugen (1865-1947). *Málaraprinsinn*, vinur listanna; sjálfur listamaður. Bjó á Valdemarsudde í Stokkhólmi þar sem er safn verka hans. Bróðir Gústafs V (1858-1950) Svíakóns.

skoðuðum og heyrðum fyrirlestur um rúnasteina og skoðuðum kirkjuna. Var síðan borðaður *lunch* á kostnað blaðamannafélagsins í Uppsölum.

Kynntist ég þar einum ungum, lærðum bókaverði sem Uggla¹ hét. Töluðum við þar um alla heima og geyma. Hann kundi íslensku, skildi nokkuð þegar ég talaði hana og sýndi mér Edduhandrit sem bókasafnið á, og mjög fræga og fína bók sem *Silfurskrá* heitir og er rituð á purpuralitað pergament með silfurstófum. Er það biblíja og rituð á gotnesku, svo mér fannst ég eiginlega líta framan í Alexander Jóhannesson.²

Sáum við síðan allt bókasafnið og höll sem amtmaðurinn/landshöfðinginn átti og var sú með fögrum söllum og frægu útsýni, girt fallbyssum, sem landshöfðingi *salúteraði* með á tyllidögum og þegar mikið liggur við.

Nú er ég búinn að uppskrifa það merkilegasta sem ég hef upplifað hingað til og stoppa hér með. Bið ég kærlega að heilsa öllum heima og vona þið hafið það jafn skemmtilegt og ég nú, því þó maður minnst meira á skemmtanirnar, eru alltaf geysifróðlegir fyrirlestrar haldnir um alla svenska hagi.

Sundsvall, 2.6.1924.

Nú er ég kominn alla leið hingað norður á móts við Ísland. Fékk ég fríbílæti á svenskum járnbrautum, sem ég óskaði og notað mér það eins og þú sérð á yfirskriftinni. Best er að halda tímaröðinni og því byrja ég þar sem ég slepti síðast. Það var rétt áður en ég sá *Bratts systemið* fræga.

Dr. Bratt er ungur læknir sem er að reyna að vinna að hófsemi en ekki bannstefnu í Svíþjóð.³ Hefur hann því fengið stofnað hlutafélag með 20 millj. kr. höfuðstól. Þetta hlutafélag fékk einkaleyfi til að selja áfengi innan Stokkhólms. Hefur hann því innréttað það svo að hver borgari getur gegn ávísun fengið ákveðinn skammt af áfengi á viku, en ekki meira. Er þetta ágætt fyrirkomulag. Sá ég hvernig því var fyrirkomið og talaði við dr. Bratt.

Um kvöldið þann 26. var ég boðinn til manns sem Carleson heitir⁴ og er *kammarráttsráð* og framkvæmdastjóri stærsta bókaforlags á Norðurlöndum. Var það miðdagur, rokna finn. Var síðast borið fram rósavatn og átti maður að lauga sig í því. Voru þar 24 manns, þar af 8 kvinnur, svo ekki fengu nema úrvalsmenn að hafa stúlku við hlið sér.

¹ Sennilega Arvid Uggla er auk bókavardarstarfa var fræðimaður um Linné.

² Alexander Jóhannesson (1885-1965). Forystumaður á ýmsum sviðum. Minnst sérstaklega sem ofur-framkvæmdagiarns rektors Háskóla Íslands.

³ Ivan Bratt (1878-1956), læknir og stjórnmálamaður. Þekktur fyrir skömmtnarabókina sem var hluti *Brattsystemet*. Frá þessu hugmyndakerfi er sænska Systembolaget "sænska ríkið", ríkisvínbúðirnar runnið, ekki aðeins í Svíþjóð!

⁴ Conrad Carleson (1868-1954) ríkisþingmaður, fjármálaráðherra. Bókaforlaginu Norstedt & Söner stjórnaði hann 1910-33. Formaður bókaútgefenda.

Varð ég (eini útlendingurinn) fyrir því hnossi að fá eina sem Markús hét, eins og guðspjallamaðurinn. Var hún frið sýnum og hin efnilegasta.

Svo, þegar maður var búinn að fá steikina, byrjuð ræðuhöld og vonaðist ég til að sleppa, en þegar hinar þrjár þjóðirnar höfðu talað, hjó ég í glasið. Sagðist ekki vilja láta Ísland standa að baki í kvantitetinu af ræðum. Ég hefði verið *interviwaður* af *Idun* og þó ekki þekkt neitt til þeirra svensku kvinnó. Nú gæti ég borið um hvað mér litist ljómandi vel á þær og skálaði síðan fyrir dætrum Carlesons.

Pótti þetta gott erindi og skörulegt og sungu menn síðan lagið við *Eldgama Ísafold*, með orðunum *Íslands skál*.

Skemmtu menn sér síðan við söng og samræður til kl. 12. Tók ég lítinn þátt í söngnum, því hás kvenmaður, sem þar var, reyndist taka upp allan tíman. Í samræðum tók ég þátt, á þann hátt að ég sagði próf. Heckscher gamansögur frá Berlín. Hann er frægur *ökonomisti* í Stockholm.¹

Þann 28. maí fórum við út til *film-bæjarins* í Råstad að fyrirlestrum afloknum. Fengum lunch þar og að skoða eina unga stjórn með grá augu og stóran munn. Heitir sú Monika Mårtensson og er kölluð Mona.² Líka hitti ég þar Mauritz Stiller,³ sem hefur verið *regissör* við filmuna *Gösta Berlings saga*. Var þar haldinn fjöldi ræða og þar á meðal ein fyrir Íslandi. Var það eina landið sem minnst var sérstaklega og hrópað húrra fyrir og þess fögru náttúru og gamla *kultur*. Sagði stjórnandinn að sér væri sérstök ánægja að sjá mig, fyrsta íslenska fulltrúann sem þar hefði verið. Strax og hann var búinn stóð ég upp og hélt ræðu fyrir hinum *svensku regissörum i almánhet, en Viktor Sjöström*⁴ sérstaklega, þar sem hann hefði getað tekið upp filmuna með útlendu fólki, í útlendri náttúru, án þess að *stöða* nokkurs staðar jafn hörundssjúka þjóð og oss Íslendinga. Var ræðan nokkuð löng en svarað með húrrahropum og lófataki.

Var ég nú orðinn, eftir allar þessar ræður, farinn að vera hinn mælskasti, en hvíldi mig samt í tvo daga, því þá var fátt um veislur. Var ég annan daginn að skoða málverkasafnið og um leið *kron-juveler* sviakóngs, sem voru sýndir í tvo daga, með sterkum verði, lærðra manna og leikra og jafnvel riddaraliðs svo hægt væri að elta uppi *eventuella* þjófa.

Það kvöld fór ég út til Wennerströms⁵ ríkisdagsmanns og frá Lóu frá Nesi¹ með Ásmundi Sveinssyni. Voru þar tvær ísl. stúlkur og kom það sér vel,

¹ Heckscher-Ohlin Trade Theory. Kenning Eli Heckscher (1879-1952), seinna þróuð frekar af Bertil Ohlin (1899-1979) er var kennari Helga í Höfn.

² Mona Mårtensson (1902-1956), ein þekktasta leikkona Svía; lék í kvikmyndum með Gösta Ekman undir stjórn Stillers. Einna frægust fyrir myndina *Gösta Berlings saga* er gerði Gretu Garbo fræga.

³ Mauritz Stiller (1883-1928). Finnstur, starfaði í Svíþjóð á tímum þöglu myndanna.

⁴ Viktor Sjöström (1879-1960). Helsti kvikmyndastjóri Svía. Stjórnaði kvikmyndinni um Fjalla-Eyvind.

⁵ Ivar Wennerström (1881-1945); ritstjóri vinstrisinnads dagblaðs og ríkisdagsmaður. Seinna varnarmálaráðherra og landshöfðingi í Vermland.

en frú Bríet² hafði símað frú Wennerström að hún kæmi þá um kvöldið. Svo frú Wennerström fór eftir að hafa fagnað mér í klukkutíma til að taka á móti Bríeti. En sú sem kom fyrst næsta morgun; það var B. Sleppum Bríeti.

Á meðan sátum við og töluðum um nýtt og gamalt íslenskt. Svo kom Wennerström og diskúteruðum við pólitík og annað. Varð okkur vel til vana, enda W. hinn ágætasti maður, að hann bauðst til að sýna mér Sundsvall og þess miklu verksmiðjur, er hann færi þangað sunnudagskvöld. Þetta greip ég náttúrlega feginshendi og erum við nú saman hér (sjá seinna).

Uppstigningardaginn þ. 29. fór hópurinn allur til Gripsholm, sem er 3½ tíma sigling frá Stokkhólmi gegnum Mälaren. Var það hinn fegursti túr og ég sólbrann mjög, því sólskin var glatt og veður fagurt. Við heimkomuna lá mér við að segja eins og drengurinn sem hafði klætt sig sem indíáni og fann sig *fixeraðan* af *pólismanni*: *Afsakið, ég er ekki indíáni, heldur bara lítill drengur og heiti Björn.*

Í Gripsholm er falleg, gömul höll frá Vasatímanum og hefur hún verið endurbætt og búin út til sumarbústaðar handa kónginum. Sérstaklega dáðist ég að hve vel hún var útbúin af myndum því þar sá maður fjórtán útgáfur af Karli XII og þar af fimm í sama herbergi. Var Karl þar forklæddur sem englabarn, allsnakinn, nema með vængi. Gústav II Adolf hafði ekki nema ellefu myndir af sér, svo maður beinlínis saknaði myndar af honum í sumum herbergjunum. Komum við ekki þaðan fyrr en 9¼ um kvöldið.

Næstsíðasti dagur mótsins var sá 30. maí. Fram yfir fyrirlestra hafði ég þar heimsókn formanns Norden, manns sem Thulin heitir.³ Fékk maður þar að taka í hendur milli 20 og 30 kerlinga, þar á meðal ráðherrafrýr, voru *en masse* á sífelldu rápi. Er hræddur um að hafa heilsað sumum nokkuð oft, því að minnsta kosti verkjaði mig bæði í höndina og munninn, af að útþenja hann í einu langvarandi, elskulegu brosi.

Thulin auminginn hafði auðsjáanlega pantsett alla stólana sína, því enginn fékk sæti fyrr en Baunverja einum tókst að drífa upp gamlan, en lítið brúkaðan bekk frá fimmtánda öld (stolt og gleði familíunnar) úr skúmaskoti einu.

Fyrir okkur hina var það mikið problem að taka með afkáralegri töng, þegar við héldum á bollanum í annarri hendinni og kökudisk í hinni. Ætlaði ég fyrst að biðja þjóninn um að taka við diskinum aftur og stinga

¹ "Lóa" Ólafía Valgerður Guðmundsdóttir Wennerström (1889-1984), frá Nesi v. Seltjörn. Áhrifamikil kona í Svíþjóð. Blöðin sögðu hana svo stjórnsama að hermálaráðherran hafi verið Íslendingur. Varð svilkona Helga, systir Ásgeir Guðmundss. (1899-35) er átti Friede Pálsd. Briem.

² Bríet Bjarnhéðinsdóttir (1856-1940) baráttukona fyrir réttindum kvenna.

³ Sennilega var þetta Gabriel Thulin (1865-1957) er auk embættisstarfa í dóms- og félagsmálum starfaði að tónlistamálum og form. Föreningen Norden.

kökunum upp í mig, því þangað ættu þær að fara hvort eð væri. Með lagni og kappi tókst mér samt að hrista bollan dálítið og diskinn, svo að rönd stóð út af sem ég gat bitið í. Hjálpaði ég síðan þeim aumustu svo allir fengu eitthvað. Að þessari gestaþraut leystri ruddust gestirnir heim, eftir eitt síðasta allsherjarbros frá minni hálfu.

Þar með var samt ekki til setu boðið. Nú þurftu allir að flýta sér að fara í smókinga sína og annarra (ég brilleraði í smoking sem passar Friðþjófi Guðmundsen, en er eign Sigurðar)¹ og fara í miðdag út í Saltsjöbaden, ¾ tíma frá Stokkhólmi. Var þar hin yndislegasta útsýn og matur hinn besti.

Langlet hélt ræðu og byrjaði á hinu unga Íslandi, sem hefði rækt alla fyrirlestra og reynst hinn samviskusamasti. Fengu hinir allir til samans minna en ég einn, svo ég roðnaði.

Kvinna ein um 50 ára sá það og tók miklu ástfóstri við mig svo að hún, að borðhaldi loknu, konverseraði mér í samfleytt 5 kortér. Sú frú er kona deildarstjórans fyrir Norden í Kria, svo hún þóttist hafa rétt til þess. Svöruðu henni ýmsir og ég þar á meðal og klökknaði kvinnan enn við það.

Gerði enginn skandala nema finnskur magíster, sem absolut vildi láta menn hrópa húrra fyrir einhverjum privat vini. Á eftir komu ýmsir baunar að heilsa upp á mig og tók ég því með stakri stillingu og langlundargeði, þolinmæði og festu.

Að hófi loknu fylgdist ég heim með dr. Rosenberg sem var hægri hönd og skrifstofustjóri dr. Bratts. Skildum við sem vinir, þó ekki yrðum við dúsbræður og sórum að gleyma aldrei hvor öðrum.

Síðasti dagur mótsins eða námskeiðsins var 31. maí. Byrjaði hann með fyrirlestrum, en kl. 2 var *dejeuner* í Grand Hotel Royal fyrir nokkur hundruð stúdenta, sem höfðu komið á söngvahátíð úr nágrannalöndum. Voru þar, með mér, 550 manns; ég einn Íslendinga. Hélt Thulin hinn áðurnefndi ræðu fyrir öllum hópnum og minntist líka á Ísland, sem þar væri representerað. Var þar söngur og ræðuhöld, en þeim var komið svo fyrir, að í sínum hvorum enda salsins tóku tveir menn til máls í einu, með sömu ræðuna og kepptust um hver gæti lokið sér af fyrr, svo húrrahrópin hans megin trufluðu þann sem seinni varð. Var þessu mjög vel fyrirkomið þannig, því allmikið kapp var í körlunum að verða fyrstur og kom það sér vel fyrir hungraðan mann.

Strax eftir þetta hóf komum við *journalistarnir* saman annars staðar í hótelinu og kvöddum þar stjórn félagsins og kennara námskeiðsins með klökkri skilnaðarræðu af allra hálfu.

Pú-ú-ú-h! Þá var það búíð. Var bara eftir að fara um kvöldið að heyra stúdentasöngvana og var það ánægjan eintóm, enda hátíðlegt mjög.

¹ Guðmundsenbræður, synir vinafólks Álfheiðar og fjölskyldu hennar á Færgegården á Falstri.

Í gær var ég allan daginn með Helge Wéðin. Bauð hann mér til morgunverðar og fékk ég graut og fleira, en meðan við sátum að snæðingi kom frk. Halldóra Bjarnadóttir¹ þar aðvífandi, en hún hefur haldið sýningu á þessu sama dóti og í Höfn hér líka, en ekki höfðum við H.W. séð neitt um það í blöðunum, svo lítið hefur víst borið á henni.

Fórum við Halldóra og Wéðins-hjónin síðan að skemmta okkur út á Skansen, sem er skemmtistaður ágætur í eign Nordiska Muséet og hefur látið flytja þangað gömul bændabýli (í fullri stærð) og setja niður þar. Sér maður húsbyggingar og húsbúnað frá ýmsum héruðum í Svíþjóð; býr þar lifandi fólk í þessum húsum og hefur það eins og heima hjá sér. Er það allt klætt í þjóðbúninga og eru t.d. Lappar þar í sínum búningum með hreindýr, sem þeir hirða. Er þetta mjög interessant, en auk þess sér maður ýmsa sveitadansa og þess konar dansaða af fólki í þjóðbúningum.

Að þessu afloknu, og eftir að hafa klárað miðdegismat Helge Wéðin, fór ég með næturllestinni hingað norður eftir. Ráðlögðu menn mér að vakna snemma því landslagið væri fagurt og einkennilegt. Vaknaði ég því kl. ½5 í morgun og var þá hríðarveður. Annars var landið ljómandi og allar ár fullar af timbri.

Härnössand 3.6. 1924.

Er timbrið höggvið að vetrinum og flutt á snjó niður á ísinn; liggur þar til ís leysir og flýtur þá niður með straumnum. Við árósin var allt þakið af sögunarverksmiðjum, en þar fyrir ofan voru þvergirðingar í ánni og stóðu menn verksmiðjanna og tóku hvern stofn sem var merktur þeim, en létu hitt renna áfram.

Nú var komið nærri Sundsvall og vaknaði þá ágætismaðurinn Wennerström og fórum við á hótél og síðan strax að skoða bæinn. Sundsvall er á stærð við Reykjavík, en fegurri borg og ríkarí. Flytur hún út tré og trémassa, 20 millj. kr., fyrir stríð, eða tvisvar sinnum allan útflutning Íslands, svo þú sérð að þetta er myndarbær.

Fórum við Wennerström út með firðinum, sem er alpakinn timbri, en strendur sögunar- og pappírsmyllur. Til stærstu pappírsmassafabrikkunnar, sem þar var, fórum við og gerðum orð eftir *chefanum* og báðum um að mega fá að sjá hans ágætu stofnun og var það auðsótt. Fylgdi hann okkur sjálfur um alla verksmiðjuna, sem annars heitir *Utvik*. Sá ég þar allt frá því trjástofnarnir komu úr ánni, voru sagaðir í smábúta, afberktir og höggðir í flisar, fylltir í potta, sem hver tók um 150 kúbikfet, 40 þús. potta, sjö að tölu. Var þetta síðan soðið með síru og kom út eftir 15 tíma sem hinn dægilegasti grautur. Sá maður alveg lögun flisanna, sem er maður kom við þær voru þær orðnar mjúkar eins og bómull og

¹ Halldóra Bjarnadóttir (1873-1981). Skólastjóri og brautryðjandi í kvennafræðum, einkum í hannyrdum.

örpunnir þræðir. Var þetta meðal, þvegið, þurrkað og sett lím í það og reyndist hinn besti pappír.

Um eftirmiðdaginn var ausandi rigning svo við Wennerström fórum í vísit til kærustu sýslumannsins í bænum (hann er æskuvinur W.) með sýslumanninum sem er kallaður *háradshöfving*, en um kvöldið byrjaði ég þetta bréf þó þreyttur væri og heldur syfjaður eftir rápið.

Í dag byrjaði ég með að ganga langan morguntúr upp með elfunni og rakst ég þá á brunarústir miklar eftir pappírsverksmiðju sem þar hafði staðið. Var ekki búíð að hreinsa nema lítið af þeim, svo nú sá ég allar sömu vélarnar og í gær, án þess að þær væru í lagi og var það nokk svo interessant.

Þegar ég kom aftur á hótelið var vinurinn Wennerström kominn á fætur og fórum við saman að sjá sögunarverksmiðju eina sem *Kubikenborg* heitir. Er hún geysistór og hafði sent skip í gær til Íslands með viðarfarm til Völundar,¹ en auk þess selja þeir til Norður-Afríku og um allt. Var gaman að sjá hvernig þeir taka stofnana sem sjöföld sög klýfur í átta fjalir og þeytir frá sér og er viðurinn svo sorteraður eftir þykkt og gæðum, fjalirnar látnar á reimar sem flytja þær um allt, því aldrei þarf maðurinn að neyta afls við slíkt. Voru fjalirnar síðan heflaðar, sorteraðar betur, merktar, settar 48 tíma í þurrkhus og af stað með allt út í skip. Affallinu var brennt undir gufuvél sem framleiðir þau 1.048 hestöfl sem þarf til að drífa þetta risaverk. Úr sumu eru búin til viðarkol. Var þar sama lyktin og ég man eftir frá bruna Hótel Reykjavíkur.

Nú vorum við boðnir til sýslumannsins kl. 12, komum þangað kl. ½1 og sat hann þá í dómaraustól, dæmdi, og var að til kl 1¼ að ég gat ekki beðið lengur, kvaddi Wennerström og fór niður í hótelið, borgaði og með það sama út í skip sem átti að flytja mig hingað til Sundsvall.

Var ég nú banhungraður, því ég hafði ekki fengið neitt frá eftirmiðdeginum, keypti ég mér því banana og súkkulaði og át það af græðgi og lagði síðan á hafið.

Var ágætisverður, en sólarlaust og kalt. Var báturinn hvítmálaður og hinn fegursti en valt svo, í hvert skipti sem skerjagarðurinn opnaðist út að *Bottniska flóanum*, að dúkarnir runnu af borðunum og stólar kollsteyptust. Eftir 4 tíma siglingu komumst við hingað til Härnössand.

Er þetta lítill bær en mjög fagur, með fallegum byggingum og hvítum heilsuhælum, því hér í *Norrland* er mikil berklaveiki og tæring. Fór ég inn á lítið og ljótt (og billegt) hótél og fékk þar þokkalegt herbergi með blómum um allt og *værtinnu* sem sagði mér stuttan útdrátt úr ævisögu sinni meðan ég þvoði mér.

¹ Timburverslunin mikla við Skúlagötu stóð þar sem háhúsin standa nú í Rvík og skyggja á Ejuna fyrir þeim sem búa í Skuggahverfinu.

Á morgun fer ég upp til Sollefteå og síðan niður gegnum Dali, til Karlstad, Trollhättan og Lunds og þaðan til Kaupinhafnar og þykist ég nú heldur góður að hafa séð Svíþjóð nokkuð og vona að læra það betur. Blessaðir karlarnir bjóða manni fríbilæti á 2. klassa. Það er alltjént munur að koma sér vell! --

Khöfn, 14.6.1924.

-- Síðast skrifaði ég þann 2. júní frá Sundsvall og var ég þar líka næsta formiðdag og sá þar sögunarmyllu mikla sem *Kubikenborg* heitir og sendir bæði við til Íslands og Afríku.

Fórum við Wennerström saman þangað og var sýnt allt sem þar var að sjá og var það mikið. Um eftirmiðdaginn fór ég til Härnösand eftir að hafa kvatt og þakkað Wennerström.

Härnösand er sá bær í veröldinni sem fyrst fékk raflýsingu og munu haustrigningar aldrei hafa brugðist þar. Hafa þeir þó ekki haft Jón Þorláksson til að reikna neitt út þar. Fór ég þá leið á gufuskipi innan skerja og var það mjög fallett, en þó að hvítalogn væri ruggaði báturinn svo, að stólar kollveltust og einstaka kvenmaður líka. Þó varð enginn mjög sjóveikur.

Var dásamlegt veður um kvöldið og gekk ég langan túr upp dalinn. Kvöldið var hjart og birkið sprungið út og allt svo unaðslegt sem verið gat. Húsin þeirra *Norrlänninga* eru traust mjög því trjástofnarnir eru teknir og höggðir ferkantaðir og lagðir í ferhyrning, þak sett ofan á og allt er tilbúið. eru þessi hús heldur viðarfrek, því jafnvel skilrúm eru úr 10-20 cm. þykkum röftum, en skógurinn er óþrjótandi, og hví skyldi maður spara hann?

Þaðan fór ég með fljótabát upp Ängermanälven, sem er stór og breið, með háum bökkum og full af fljótandi trjábolum.

Báturinn fór til Sollefteå, en þar er gefið út blað það sem Wennerström gefur út. Fór ég til aðstoðarrítstjórans með kveðju frá W. Fór Nilsson þessi fyrst með mig upp á gnípu eina með fögru útsýni og sýndi mér landið fagurt og frítt, en síðan fór hann með mig í bíl, sem hann hafði keypt sér fyrir tveim vikum, út til fossa mikilla og flúða í einni ánni sem rennur í Ängermanälven. Var landslagið allt stórfenglegt, frjósamt og fagurt, en fossarnir stórkostlegir. Voru þeir líka fullir af timbri og lágu þar á ströndinni trjástofnar, sem fossinn hafði þverbrotið eins og eldspýtur. Voru þeir upp undir ½ alin á þykkt, svo nokkurn kraft þarf til þess.

Þann 5.6. fór ég kl. 5 frá Sollefteå upp til *Östersund*, sem liggur jafn norðarlega og Reykjavík. Liggur bærinn við geysistört vatn sem *Storsjön* heitir og úti í því er eyja með 500 metra háu fjalli. Gekk ég upp á fjallið og fékk þaðan alveg fádæma útsýni yfir landið. Fyrir neðan vatnið og

bakkann og til vesturs sá maður snjóþakinn *Kjölen* eða *Kölen*¹ og í norðri *Oviksfjällen*² þar sem Lappar hafast við með hreindýr sín.

Um kvöldið hélt ég niður *Jämtland* og *Härjedalen* og gisti í Sveg. Eru þar mýrar og lítill skógur, helst fáeinar dvergþjarkir sem stóðu upp úr þessum feikna mýrarflákum. Var jafnvel vatnið gulleitt eftir að hafa runnið þar í gegnum og drykkjarvatnið afleitt og gult. Ég var alltaf að hugsa um að senda Eggert skeyti á afmælinu hans, en þar sem ég var ekkert vel fjáður sparaði ég þær krónur og læt hér með vita að ég hafi hugsað til hans og ykkar allra.

Þann 6. og 7. var ég í *Dalarna* og sá þeirra fagra land og harðfenga fólk. Gengu gömlu konurnar í þjóðbúningum, sem greinast að öllu leyti eftir því úr hvaða sókn þeir eru og alveg öðruvísi hvort maður er í Mora eða 10 km. þaðan í annarri sókn.

Í Mora bjó Zorn³ málari, sem er talinn einn besti málarinn sem uppi var um aldamótin. Er komið er inn í bæinn stendur þar stytta Gustav Wasa, sem er svo dásamlega gerð, að hún verður minnisstæð allt lífið. Hann er í grófum bóndakirtli að æsa bændurna í Dölunum til að grípa til vopna gegn Dönnum. Öll stellingin og hreyfingarnar eru svo, að maður sér hann alveg ljóslifandi fyrir sér.

Um kvöldið hélt ég til Falun og sá þar koparnámuna miklu sem fræg var á miðöldum, en er nú hætt að svara kostnaði, samanfallin sums staðar. Þó er hún starfrækt enn.

Næsta dag fór ég til smábæjar í nánd við Falun þar sem er ein stærsta járnvinnsla sem þar þekkest, knúin rafmagni. Presenteraði ég mig og sýndi meðmælabréf frá Wennerström, en komst samt ekki inn þar því það var laugardagseftirmiðdagur fyrir hvítasunnu og þeir sem hefðu getað sýnt mér um voru farnir úr verksmiðjunni. Þótti mér það leitt, huggaði mig samt við að skoða tvö söfn í Falun, sem voru einkennileg, annað með vaxfigúrum klæddum í sóknarbúninga og fleira af slíku. Hitt var námusafn með módelum af verkfærunum í námunum og vélum sem notaðar voru þar. Um eftirmiðdaginn fór ég á leið til Göteborg, en stoppaði í bæ sem Ludvika heitir til að sjá þar verksmiðjur, en þær voru lokaðar, svo ég fékk mér fjögurra tíma göngutúr um landið þar í kring. Tók svo næturlestina til Göteborg (sparaður var næturgreiði) og kom þangað kl. 7 á Hvítasunnudag.

Var þar forlata veður og skoðaði ég þar byggingarnar sem höfðu verið reistar við 300 ára afmæli Göteborg í fyrri og sem Matthías Þórðarson minn sá og lýsti með orðunum: *Hvílík ævintýradýrð*.

Í Göteborg var ég í þrjá daga og tvær nætur og sá allt sem þeir höfðu að bjóða af ókeypisskemmtunum, því nú er orðið hart í bú, enda komið fram að slætti. Sá ég allt sem hægt var að sjá á hvítasunnudag og aftur

¹ Kjölurinn, fjallgarðurinn milli Svíþjóðar og Noregs.

² Þau eru tapir 1.400 m.

³ Anders Zorn (1860-1920).

Það sama á annan. Svo kom þriðjudagur og loks bókasöfn opnuð. Þau interessuðu mig sérstaklega, því fyrir utan háskólabókasafnið eru mörg alþýðubókasöfn, sem haldið er uppi af því sem kemur inn fyrir áfengi þar í borginni. Fékk ég þar ótal tímarit og slíkt góðgæti. Ég hafði mikil not af þeim degi, en þá voru peningarnir svo pass búnir að þegar ég var sestur í lestina (næturllest til að vinna einn dag) átti ég þrjá aura!

Þegar ég var nýbúinn að hreiðra um mig til að sofa kom þangað inn í klefann kerling, feit og fönguleg með fjölda vaðsekkja og var blómið hennar augasteinn. Hjálpaði ég henni að hagræða dótinu uppi í netinu og var hún mér svo þakklát að hún vildi skemmta mér sem best og konverseraði af öllum kröftum (kl. var þrjú um nóttina). Ég var þreyttur og vildi sofna, en hún malaði svo ég bar tösku mína út á ganginn til að skipta um vagn á næstu stöð. Þá vildi hún fylgja mér. Með snarræði tókst mér að sleppa og sofnaði um fjögur leytið. Kl. sex var ég vakinn af þjóni sem spurði hvort ég vildi kaffi með heitum vínerbrauðum. Ég vildi það nú gjarna, en fjárhagurinn leyfði ekki slíkt, svo ég afþakkaði, enda kom ég kl. 10 til Hafnar og var það 11. júní. Einmitt daginn sem dansk-íslenski sáttmálasjóðsstyrkurinn var borgaður. Sótti ég hann og fékk mér að borða.

Beið mín fullt upp af bréfum frá ykkur öllum blessuðum heima og blöð líka. Þakka ég ykkur fyrir og líka fékk ég bréf frá Friedu hjá Siggu Tømm.¹

Einnig þar var *dispensation*² frá heimspekíprófi og þótti mér vænt um það og gat ég þá fengið vottorð um að ég hefði staðist bókhaldsprófið, svo nú er allt slíkt í orden. –

Ferð um Mið-Svíþjóð eftir Helga birtist í Eimreiðinni 1925; formleg ferðasaga, kvittun og þökk fyrir ferðastyrkinn góða um Svíþjóð.

Hversdagslífið heldur áfram.

Um vorið kom móðir mín til Kaupmannahafnar 21.6.1924 og heimsótti æskuvinkonur sínar þær sem eftir lifðu. Hún kom einmitt þegar ég var í fyrrihlutaprófi, svo það var dálítið erfitt fyrir mig, því hún treysti sér ekki vel til að fara neitt ein. Þegar svo bar undir sótti ég hana snemma á hótelið og sat hún þá heima hjá okkur Sigurði þangað til ég þurfti að fara. Urðu þær frk. Nielsen góðar vinkonur og reyndi hún ekkert til að snúa mömmu, eins og ég var þó hræddur um. Þóttist ég vita að þá myndu fjaðrirnar fjúka því mamma var ekki síður sanntúuð en frk. Nielsen, komin af prestum frá grárri forneskju.³

¹ Sigríður Tómasdóttir (1899-90), frænka Helga. Hún ólst, sem fyrr segir, upp í Tjarnargötu 24 hjá Þórhildi ömmu sinni, en var við nám og störf í Höfn. Systir Helga, síðar yfirlæknis, sem einnig var þar í framhaldsnámi.

² Undanþága. HPB hafði tekið *heimspekípróf* í Háskóla Íslands áður en hann sigldi.

³ Börn Álfheiðar voru sammála um að hún hefði haft gott af ferðinni. Hún hafði gerst æði stjórnsöm við börn sín, svo mjög að þau kvörtuðu undan í bréfum sín á milli. Þetta skánaði eftir ferðina. Lengi var hún mjög ströng við þau og barnabörnin. Það breyttist þegar þau og hún eltust og þau tóku ekki sama tillit til strangleika hennar og börn hennar. Í Höfn umgekkst hún Helga Tómasson bróðurson sinn sem þar var við nám, og konu hans Kristínu Bjarnadóttur, ásamt fjölskyldu Marie, konu Jóns biskups bróður Álfheiðar þar eð Helgi var í prófum.

Höfn, 22.9.1924. Helgi P. Briem skrifar Álfheiði Briem.

-- Í gær predikaði Jón frændi¹ fyrir íslenska söfnuðinn og þá sá ég hann fyrst eftir að hann fór að heiman, því hann hefur verið í einlægum boðum úti um allt Danaveldi, svo ég náði aldrei í hann.

Var Hilda² með skilaboð frá Hoffmeyer stiftsprófasti að koma kl. 7 og borða miðdag og þakkaði ég náttúrlega fyrir (1.35 kr. sparað þar!). Lánaði smoking Sigurðar til að verða nú ekki ættinni til skammar og fór þangað út. Þekkti Sigga³ og ég, sem var boðin líka, hvorugt hjónanna, svo við hímum þar undir grjótgardi þangað til Jón frændi kæmi. Hann kom líka von bráðar með *mostrurnar*⁴ tvær og við fórum öll inn og þar vorum við presenteruð fyrir hjónunum og frú Lunding. En karlarnir voru bara í diplómötunum⁵ sínum eins og þeir væru heima hjá sér. Tanta María⁶ gat því miður ekki komið, því hún lá í gulu heima og lýsti Jón frændi því yfir að það væri af *vellevneð*⁷ og vakti það háreysti mikil og ofsa hjá kerlingunum systur hennar. En Jón frændi hélt við sitt og held ég hann hafi haft á réttu að standa.⁸

Svo var nú beðið til kl. 8 og voru þá sumir farnir að verða hungraðir og aka sér og fikta við hitt og annað, en ekki kom maturinn þangað til einhver fór út og fékk að vita að verið væri að bíða eftir séra Jörgensen frá Noregi. En ég hafði þær andlegu nautnir að heyra stiftsprófastinn og Jón frænda tala og saknaði einskis.

Þau hjón eru afskaplega góð og blátt áfram, enda fékk ég þarna forlata mat þegar Jörundur kom. Fyrst var afskaplega finn búðingur og hugði ég gott til hans. Það reyndist þá vera camouflageret blómkálshöfuð með örþunnri skorpu. Svo kom steik og síðast einhver béfaður óþverri, sem ég hef aldrei komist í að borða fyrr. Það voru stönglar á stærð við blýant, sjóðheitir með bragð eins og gamalt saltkjötsflot af sjálfdaudu hrossi. Því það var ekki neitt vanalegt flotbragð að þessu. Ég hefði heldur viljað borða stöng af stangasápu en þetta. Til allrar lukku fengum við sveskjugraut á eftir, en alveg fór bragðið og flotið ekki úr munninum á mér fyrr en við fengum kaffið. Svo sátum við og töluðum saman, það er að segja, ég reyndi að sýna mitt góða uppeldi með því að brosa að annarra vittigheðum og kjafta ekki fram í. Jón frændi minntist á, mér til heiðurs, að ég hefði verið í Þýskalandi svo frú Hoffmeyer lýsti því yfir: Nu havde

¹ Jón biskup Helgason.

² Hilda (Þórhildur) Helgason (1901-79), dóttir Jóns biskups, frænka og nágrennakona Helga.

³ Sigríður Tómasdóttir, frænka þeirra.

⁴ Móðursystur. Danskar mágkonur biskups.

⁵ Á dönsku: *Diplomatfrakke*, síður jakki fyrir karla af *betra standi*. Notaður úti og inni.

⁶ Eins og Helgi og systkini hans kölluðu Marie biskupsfrú.

⁷ Þýðir hér líkl.: ofát.

⁸ Hefur líkl. breytt um skoðun á áhrifum sældarlífs er hann fékk gulu sjálfur, löngu síðar.

hvert pattebarnl været verden rundt og systurnar Licht hnipptu hver í aðra og sögðu: Ja, nu skulde vi være unge í systurlegum kór. –

Í háskólanum var prófessors-konkurrance um sæti Westergárds. Heyrði ég alla keppinautana tala og suma tvisvar. Fékk það ungur maður sem Ohlin² heitir frá Stokkhólmi. Er hann eitthvað milli 25 og 30 ára. Blöðin segja alltaf sitt á hvað, en að minnsta kosti kom ungur maður. Hlakka ég til ef hann færir eitthvað líf inn í deildina. – Annars er ég svo vel upplagður að lesa nú að ég er hinn ánægðasti. – Ég er líka svo ljómandi vel tilhafður eftir allt þetta langa fri.³

Eftir komuna til Hafnar tók við nám. Bréfaskeipti fjölluðu mikið um innkaup og útréttingar fyrir fjölskylduna heima á Ísland. Einnig sjúkraheimsóknir til frænku sinnar sem var í meðferð hjá dr. Roving, sem gert hafði áður nýrnaskurð á Álfheiði móður hans.

Höfn, 12.10.1924. Helgi P. Briem skrifar Álfheiði Briem.

--Fór ég svo í dag út í Rovsing's Klinik (og minntist þín) og spurði hvort ég mætti lita inn til Unnar.⁴ Það var auðsótt mál, enda heyrði ég karlalegan hláturinn í henni, svo ég fann herbergið þar með. Var hún hin brattasta og tanta Steinunn líka og útmáluðu þær í sameiningu hárreisandi senur úr operationsstofunni. Svo konverseruðum við um svæfingar og Matthías,⁵ Roving⁶ og andatrú og skemmtum okkur vel og hlógum mikið og töluðum svo hátt að tanta Steinunn varð að þagga niður í Unni. En mér fannst þetta vel við eigandi því í dag er jubileum Rovsing's; fyrir 35 árum byrjaði hann að reka hnifinn í lifandi manneskjur, en fyrir 25 árum varð hann prófessor. Hefur hann skorið milli 20 og 30 þús. manns, svo von er að menn segi að hnífurinn sé heldur laus hjá honum! En þeir sem með stáli særa, munu fyrir stáli falla og óskar margur að koma á hann lagi. Tanta Steinunn þakkaði mér sex sinnum fyrir komuna.

Þaðan fór ég í heimsókn til Þórðar Jónssonar yfirtollþjóns og frúar hans sem Steinunn heitir.⁷ Hitti ég þar Benedikt Gröndal með sína heldur ófrýnilegu frú⁸ og mágkonu, og Gulla Briem.⁹ Kynntist ég þeim hjá póstmeystara í sumar og varð svo samferða frúnni út. Yfirbuðu þeir Gulli

¹ Smábarn.

² Bertil Ohlin (1899-1979) vel þekktur stjórnmálamaður í Svíþjóð; síðar Nóbelsverðlaunahafi í hagfræði.

³ Hafði auk ferðarinnar til Svíþjóðar verið um sumarið heima á Íslandi.

⁴ Unnur (1905-69) dóttir séra Vilhjálms E. Briem og k.h. Steinunnar Pétusdóttur. Unnur var teiknikennari, myndlistarmaður; þekkt íþróttakona, m.a. í fjaðrabolta.

⁵ Vætanlega Matthías Einarsson skurðlæknir á Landakotsspítala.

⁶ Thorkild Roving (1862-1927). Frægur, en umdeildur, læknir, einkum vegna kenninga sinna og nýrnaaðgerða, sem hann hafði m.a. gert á Álfheiði Briem og Guðmundur Hannesson gerði a.m.k. tilraunir með á Akureyri, er hann var héraðslæknir þar.

⁷ Þórður Jónsson (1885-1961) frá Hausthúsum í Rvík. Kona hans var Steinunn Ólafsdóttir (1880-1963) hjúkrunarkona frá Austurhlíð, Bisk.

⁸ Benedikt Þórðarson Gröndal (1899-1984) verkfræðingur, forstjóri Hamars h.f., sonur Þórðar Edilonssonar læknis í Hafnarfirði og Helgu dóttur Benedikts Gröndal skálds.

⁹ Gunnlaugur Briem (1901-71) frændi Helga, sonur Sigurðar E. Briem. Gunnlaugur var við nám í rafmagnsverkfræði; síðar póst- og síamálastjóri.

og Bensi hvor annan í að vera *ubehagelig* við húsmóðurina, en hún var auðsjáanlega von því, svo hún bara hló og sló eftir þeim. –

Þetta háskólamisseri er langtum betra en það síðasta – Ég hef 5 tíma í viku hjá próf. Birch, sem allir álíta geggjaðan – og hafa að mér finnst, fulla ástæðu til þess. Kom ég einu sinni upp hjá honum og lauk því svo að hann skellti kritugri lúku á mína svörtu öxl og sagðist geta liðið mig – af því ég sagðist ekki hafa skilið útlistanir hans. Við nánari athugun hafði hann gleymt nokkrum tölum innan úr dæminu!

Sonur séra Kristins Daníelssonar¹ dó hér á heilsuhæli um síðustu helgi. Var hann mjög lítið veikur, en fékk svo mikið af þessu nýja gullsalti að það var talið orsök dauða hans. Fylgdum við honum til grafar á þriðjudaginn var, en séra Haukur Gíslason² jarðaði og Sveinbjörn Högnason³ stud. theol. hélt líka ræðu í kapellunni. Talaði séra Haukur á dönsku, en mikið kunnir ég illa við hann. Þó hann héldi ósköp vanalega ræðu, lét hann sem hann berðist við grátinn og stundi mjög þungt á milli. Vorum við margir hneykslaðir á slíkum leikaralátum, svona hve hann alltaf vera við jarðarfari. –

Höfn, 26.10.1924. Helgi P. Briem skrifar Álfheiði Briem.

-- Fór út í Rovsing Klinik. – Unnur er í bata en ekki má loka sárinu ennþá. Sagði hún mér að hún yrði þar í þrjár vikur ennþá. En þegar ég fór hittu ég tóntu Steinunni á leiðinni og sagðist hún ekki hafa sagt Unni allan sannleikann, að hún hefði enga von um að vera komin heim fyrir jól. Mikið skelfing sýnist mér þetta taka upp á hana tóntu Steinunni. – Unna er glöð og hlær eins og karlmaður svo sem hún á að sér. –

Höfn, 5.11.1924. Helgi P. Briem skrifar Álfheiði Briem.

-- merkilegasta sem fyrir mig hefur komið hér í Höfn var þetta; próf. Nielsen brá mér á eintal dag einn eftir fyrirlestur og bauð mér til miðdags næsta dag. Ég arkaði út í Frederiksberg í ausandi rigningu næsta dag til að fá matinn, en áður var ég svo greindur að spyrja þann sem ég er í *manduktion* hjá hverslags maður N. væri. Sagði hann mér ýmislegt um hann og sagði að hann væri afskaplega *ubehagelig og næsvis* en annars allra besti náungi. Setti hann sig bara alltaf út til að vera *ubehagelig* við mann og gæti spurt að því sem honum kæmi ekkert við, um hvað maður borðaði og hvað stígvélin manns kostuðu. Ég var náttúrulega feginn að það var ekki ég einn sem varð fyrir barðinu á honum og æfði mig í hógværd og hjartans lítillæti. Ég sá líka í lexíkoni að hann missti foreldra sína 10

¹ Magnús Kristinnson (1899-1924) var við verkfræðinám.

² Séra Haukur Gíslason (1878-1952), prestur við Holmens kirkju í Höfn, bróðir séra Ásmundar á Hálsi og Gardars stórkaupmanns.

³ Sveinbjörn Högnason (1898-1966), prófastur, alþingismaður á Breiðabólstað í Fljótshlíð, við guðfræðinám í Höfn.

ára gamall, svo kannski hefur hann ekki haft það of skemmtilegt sjálfur fyrir meir.

Hafði hann sagt að hann þyrfti að fá hjá mér ýmsar upplýsingar um íslensk bankamál, svo ég gróf upp þessa um slíkt, sem ég hafði keypt hjá Guðmundi Gamalielssyni¹ í sumar og las þá um nóttina.

Mætti ég kl. ½6 *præcis* albrynjaður þekkingunni og í nýju brúnu fötunum mínum og fékk uppáhaldsmat allra rétttrúaðra Dana sem eru yfir 200 pund á þyngd. (Prófessorinn vegur ca. 280) sem sé *Flæskesteg með Rödkál og en Æblepej* á eftir.

Það sem hér fer á eftir er *djúpaða leyndarmál!!*

Próf. hafði fengið send bankafrumvörpin nýju frá stjórninni til umsagnar (Jónarnir² þora ekki að segja neitt á eigin ábyrgð) en aumingja karlinn þorði ekki að segja neitt fyrr en hann vissi efni frumvarpanna! Sagði ég honum æviferil allra aðalmannanna – þó ekki eins ljótan og hann er í raun og veru, vegna þess að þetta voru þó landar, og gang málanna á þingi. Þótti honum þetta mjög fróðlegt og spennandi og skýrðist allt fyrir honum. Tók ég síðan lögin heim og sit nú við að þýða allt á þá glæsilegustu dönsku, og hef skrifað um 40 blaðsíður í þessu broti og á nokkuð eftir svo þú sérð að þetta er ekkert smáræði. Sveiaði hann mér uppá að hann skyldi borga mér fyrir það, en ég býst nú ekki við að fá neitt samt, en maður sér nú til hvað hann er mikið rausnarmenni.

Gekk það heldur stírt í byrjun, því ég vissi ekki ýmis bankaheiti, en á sunnudaginn var las ég það af dönskum bankalögum, sem ég náði í, svo nú stranda ég aldrei á orði.

Urðum við mestu mátar og hann meðhöndlaði mig rétt eins og gest og sagði ekki nokkra ubehagelighed! Því nú var hann uppá mig kominn – enda býst ég varla við að Jónarnir þínir³ yrðu sérlega glaðir yfir að vita að ég hef öll gögnin undir hendi! En þetta má ég engum segja svo ég gotta mér yfir því í einrúmi.

Á laugardaginn var ég í Íslendingafélaginu og heyrði Sveinbjörn Sveinbjörnsson spila og Sigurð Skagfield⁴ syngja og var hvort tveggja gott, en Sveinbjörn þó öllu betri, því hann byrjaði með að komponera lögin, nú skýrði hann vísurnar og spilaði, en söng líka þar sem Skagfield fór út af laginu, - en það skeði ekki nema tvisvar sinnum og var ekki nema rétt til bóta. Svo dönsuðu nú sumir, en ég labbaði heim til mín og sofnaði. –

¹ Guðmundur Gamalielsson (1870-1953). Fornbókasali og útgefandi í Reykjavík.

² Enn! Jón Magnússon og Jón Þorláksson. JÞ giftur Ingibjörgu Claessen, frænku Helga og JM átti Þóru Jónsd. háyfirdómara Péturssonar. Voru þær Álfheiður Briem æskuvinkonur.

³ Álfheiður Briem tjáir sig yfirlétt lítið um pólitík, nema í hálfkæringi og kemur stundum upp um sig með aðdáun, stundum með öfugum formerkjum, á vissum mönnum s.s. Jónunum og hótmyndni um Jón Kjartansson ritstjóra Morgunblaðsins, sem hún kallar *Kjartansen* eða *tengdabróður!* Fengu nokkuð margir þessa nafnbót! Segja má að þetta sé *persónubundin* pólitísk afstaða!

⁴ Sigurður Skagfield (1885-1956) óperusöngvari.

Höfn, 5.1.1925. Helgi P. Briem skrifar Álfheiði Briem.

-- Sunnudag. – Um kvöldið fór ég að hitta Árna Pétusson,¹ því með honum hef ég verið helst af Íslendingum hér, bæði fyrir jólin og eftir. Fórum við út og bauð hann mér á kaffihús. Þangað kom Jón Thoroddsen² alldrukkinn, með einhverjum ísl. labbakút. Um leið og við fórum þaðan heilsuðum við honum, en 20 mín. seinna varð hann fyrir spurvagni og dó nú nokkrar mínútur fyrir 12 á gamlárskvöld. Varð mér óneitanlega hálf hverft við, er ég sá frétt í hádegisblöðunum með stórum stöfum: *En Islandsk jurist livsfarlig kvæstet i nat*. Var lýsing á slysinu mesta vitleysa og komu ýmsar ólíkar í blöðunum. Sannleikurinn var að bill kom einmitt þegar hann var að fara yfir götuna og blindaði bæði hann og *konduktörinn* svo að Jón hljóp fyrir spurvagninn og var kastað þar til baka, svo hart að sprenging varð í höfuðkúpunni. Kl. þrjú um nóttina var hann ópereraður, en dó þrem sólarhringum seinna, án þess að hafa vaknað til meðvitundar. Þetta gat eins skeð þó hann hefði verið gjörsamlega alsgáður og bið ég þig því að hafa ekki orð á því við neinn. –

Khöfn, 15.2.1925. Helgi P. Briem skrifar Álfheiði Briem.

-- Þér þótti ég hafa stungið niður penna um búnaðarlánin og heldur samt að það komi að litlu gagni. Ég er nú á sama máli um það, en hinsvegar held ég að ég hafi byggt á grundvelli, sem fyrr eða síðar verði tekinn upp og þá er gaman að hafa verið sá fyrsti til að benda á þetta. Í trúnaði sagt finnst mér líka mínar tillögur allmiklu betri en þeirra þremmenninganna, Thors Jensen,³ Halldórs skólastjóra⁴ og Sigurðar⁵.

En hverjum þykir sinn fugl fagur og má vera að svo sé einnig hér. Ekki segi ég þetta til að vera montinn, heldur bara við þig. –

Helgi Tómasson⁶ kom hingað fyrir nokkrum dögum og sagði mér að Jóhanna Briem⁷ væri alveg hætt við sína *fixu idé*, bolsévíkahræðslu og hann hefði bestu vonir um að hún gæti alveg orðið góð svo ekkert bæri á þessu. –

Höfn, 26.2.1925. Helgi P. Briem skrifar Álfheiði Briem.

Segir m.a. frá bolludagshátíð í Khöfn.

¹ Árni Pétursson (1899-1953), læknir, frændi Helga.

² Jón Thoroddsen (1899- 3012.1924), lögfræðingur og skáld. Enn mikils metinn, einkum fyrir ljóðabók sína: Flugur.

³ Thor Jensen (1863-1947). Stórframkvæmdamaður.

⁴ Halldór Vilhjálmsson (1875-1936). Skólastjóri á Hvanneyri.

⁵ Sennilega Sigurður búnaðarmálastjóri.

⁶ Helgi frændi HPB var við framhaldnám í geðlækningum; aðstoðarlæknir á Vordingborg Sindsygehospital. Bréfaskipti þeirra sýna að þeir voru nánir vinir, þar til þeir drógust inn í pólitískar deilur v. Jónasar frá Hríflu.

⁷ Jóhanna Ólafsdóttir Briem (1894-1932) frá Álfgæirsvöllum, frænka HPB Hún var þá óstöðug á geðsmunum. Mun hafa náð sér og varð kaupkona í Rvík.

-- heppilegt að fólk megi láta eins og fífl vissa daga á árinu. – Ég fékk um daginn bréf frá Kristni¹ og hefur hann ekki skrifað mér fyrr, þó ég hafi sent honum jólakort og kveðjur á stórhátíðum. Talar hann þar um Björn og Pál, og síðan lýsir hann Gulla sínum!² Hefi ég aldrei heyrt það barn nefnt á minni lífsfæddri ævi og er ekki búinn að ná mér enn af undrun – Skyldu vera fleiri í ættinni sem hafa farið framhjá mér? –

Höfn, 6.3.1925. Helgi P. Briem skrifar Álfheiði Briem.

-- Sendi umsóknina til Sáttmálasjóðs með öllum góðum vonum – Í gærkvöldi var Íslendingafélagsfundur. Ég hafði ekki tíma til að fara þangað. Áðan hitti ég þrjá sem auðsjáanlega höfðu notið lífsins, því þeir höfðu ekki komið í rúm í nótt. Var Hannes Arnórsson³ í kjól, með brúnu kaffiregni yfir brjóstið. Var hann rauðeygður og mátti ekki mæla fyrir hixta sakir, brosti aðeins af og til þegar við skömmuðum þá. –

Höfn, 6.4.1925. Helgi P. Briem skrifar Álfheiði Briem.

Hvetur hana til að koma til Hafnar. Gefur skýrslu m.a. um heimsóknir.

-- Þar á eftir kem ég við hjá Helga Tømm á bakaleiðinni, á helst að vera nótt hjá þeim Kristínu,⁴ og er það vel boðið, þó ég búist við að halda áfram og ekki tefja þar nema dag. Ég kann ekki við að sofa á bak við járngardinur, segi ég Helga. Auðvitað eru engar járnstangir fyrir gluggum, maður tekur nú svona til orða. –

Höfn, 20.4.1925. Helgi P. Briem skrifar Álfheiði Briem.

-- biðu Helgi og Kristín á stöðinni og Einar Erlendsson⁵ með þeim. Vildi Einar fara áfram með lestinni til að sjá Siggu Tømm. Vildu þau líka hafa mig með. Var svo planið að ég kæmi aftur til þeirra kl. 5 og yrði nóttina þar og næsta dag. En ég aftók alveg að skilja koffortið eftir og vera nóttina. Ég vildi byrja að lesa á þriðjudagmorgun. Þótti þeim þetta mjög leiðinlegt, en við hittum Siggu í Næstved og spásseruðum út til Herlufsholm. Var það góður túr í ágætu veðri. Við komum líka augnablik inn til að sjá stofuna hennar og var hún falleg með mörgum myndum og havaríi. Unir Sigga sér ágætlega. – Svo fórum við Einar til Hafnar. – Sem sagt ég vona að sjá þig eftir tvo mánuði eða svo. – Bravó.

¹ Kristinn P. Briem, bróðir HPB.

² Gunnlaugur Briem f. 1922, þá á þriðja ári, síðar sakadómari.

³ Hannes Arnórsson (1898-1948); við nám í verkfræði, síðar yfirverkfr., bróðir Elísabetar konu séra Páls á Skinnastað, vinar Helga.

⁴ Kristín Bjarnadóttir (1894-1949) frá Engey. Kona Helga Tómassonar.

⁵ Einar Erlendsson (1883-1968). Síðast húsameistari ríkisins; stjúpfaðir Helga, Sigríðar og Ástu Tómasarbarna. Móðir þeirra var Sigríður Thejl (1877-1943).

Ég vildi gjarna læra ensku betur en aðeins í skóla svo ég fór til Bretlands um haustið. Jónas frá Hríflu hafði verið í Ruskin College í Oxford og ráðlagði mér að leita upptöku þar, og gerði ég það, enda var það ódýrt. Gerði ég mér auðvitað ekki grein fyrir því að námið var utan háskólans, en stofnað af auðugum Ameríkönnum sem gáfu byggingarkostnaðinn. En háskólinn í Oxford er ekki bygging heldur félagsskapur. Kollegín þar eru stofnuð hvert fyrir sig sem prestaskólar og því svipaðir og Hólaskóli og Skálholtsskóli. Þau mynduðu samband sín á milli, meðal annars til að koma á sameiginlegum reglum um inntökuskilyrði. Seinna mynduðu þau félagsskap til að hafa sameiginlega prófnefnd. Vegna þess að *college* er vaxið upp úr skólum kirkjunnar veita próf þeirra aðeins rétt til kirkjulegra embætta.

Ég vissi ekkert um þetta, og til þess að komast inn í *college* sem mynduðu háskólann þurfti að sækja um vist með margra ára fyrirvara.

Friede systir Helga var á tímamótum í sínu lífi. Hún segir frá Páli Þorleifssyni vini Helga og sem hafði búið alla sína skólatíð í Tjarnargötu 24. Hann var ástfanginn af henni en sambandinu lætur hún um þessar mundir lokið þótt móðir hennar mæti hann öðrum meira.

Þau systkinin urðu vegna skapferlis móður sinnar að fara á bak við móður sína, senda bréf eftir krókaleiðum. Þeim er lýst í bókarkorni sem ég tók saman um Nesfólkið við Seltjörn.¹

Rvík, 3.6.'25. Friede P. Briem skrifar Helga P. Briem.

-- Páll er í prófi og gengur víst ágætlega, enda hefur hann lesið afskaplega vel og varla unað sér hvíldar. Ég held bara að varla sé til eins dyggðugur maður í allri Reykjavík og hann og varla betri heldur, ef maður notaði skynsemina þegar maður er að skjóta sig, þá mundi ég vera væk í honum. Nei, maður er mesti kjáni og velur sér ef til vill mesta gallagrip og vill allt til vinna að hitta hann þó bæði sé í slagveðri og laumi. –

Og ef ég ekki elska þennan mann með fullri alvöru þá elska ég engan frammar á ævi minni. Ég bið þig fyrir þetta, Helgi minn og segja engum þetta, en ég er svona ástfangin í honum Ásgeiri í Nesi, síst af öllu máttu minnast á nokkuð í áttina við mömmu, því hún er ekki hrifin af honum eða neinu sem honum viðkemur og ég vil sem allra seinast hryggja hana með því að svona sé minn smekkur; en ekki get ég neitað því að mér finnst það raunalegt að ég skuli ekki vera samferða mömmu í gleði eins og sorg, eða hún mér. Brennist.

--Hann Geiri hefur verið í Stokkhólmi í vetur frá því í febrúar og er nú í London, hann er að auðga andann svo honum gangi vel þegar hann kemur út í það praktíska. – Gangi þér vel í prófinu.²—

¹ Landsbókasafn.

² Ásgeir Guðmundsson (1899-1935) lögfræðingur frá Nesi við Seltjörn. Í framhaldsnámi og að undirbúa stofnun málflytningisstofu með Stefáni Jóh. Stefánssyni.

Rvík, 12.8.'25. Friede Pálsdóttir Briem skrifar Helga P. Briem.

-- Ég er búin að segja mömmu að við séum trúlofuð og voru það svo sem ekki neinar gleðifregnir fyrir mömmu, en annars tók hún því vel, en hún sagði að sér fyndist aldrei neinn nógu góður handa okkur börnunum sínum. –

Rvík, 18.9.'25. Friede Pálsdóttir Briem skrifar Helga P. Briem.

-- Geiri var farinn frá London þegar þú komst þangað – Jæja, þetta tókst ekki, nóg um það. –Mamma veit allt, ég sagði henni það, enginn fögnuður, en hún var heldur ekkert reið. – Ég fer nú líklega bráðum að opinbera, mamma kann ekki við neitt pukur, það finnst mér svo ágætt. Þú verður ekkert hissa þó þú sjáir þessa trúlofun í Londonarblöðunum!!! Ásgeir er velkominn hingað heim, en hún skiptir sér ekkert af honum, ég veit henni leiðist hann og við því er ekkert að gera. Mér þykir bara leiðinlegt þegar fólk fer að óska henni til hamingju ef hún lætur mikið bera á því hvað hún er óánægð. Geiri er kominn! –

Ég fór víst seint í ágúst 1925¹ yfir til London. Fyrsta heimsóknin var auðvitað British Museum og fékk ég þar kort á lestrasalinn. Þá mundi ég eftir að í skjalasafninu væru ýmis handrit um og eftir Jörund hundadagakonung svo ég fékk kort til þess að koma í handritadeildina og skoða þær 5 þykku bækur sem Jörundur hafði skrifað á þykkan og góðan pappír, gylltan í sniðum. Las ég þær mér til ánægju og fékk töluvert aðra hugmynd um hann og erindi hans til Íslands en ég hafði af bók dr. Jóns Þorkelssonar. Fór ég því að undrast um hvar skjöl þau gætu verið sem bresku skipstjórnarnir Nott og Jones voru sagðir hafa haft með sér til Englands. Ég var alveg ókunnugur skjalarannsóknnum, en hugsaði að þeirra væri helst að leita í ríkisskjalasafni Breta og fór ég þangað. Var mér sagt að útlendingar þyrftu að hafa meðmæli frá sendiráði lands sín, þ.e. Danmerkur. Fór ég því þangað og bað um þessi meðmæli, en auðvitað þurftu þeir nokkra daga til að ganga frá slíku skjali. Fór ég því nokkrum dögum seinna í ríkisskjalasafnið og höfðu þeir ekki fengið neitt frá danska sendiráðinu.

Englendingar eru einkennilega ljúfir, ef ekki er stigið allt of fast ofan á tærnar á þeim. Buðu þeir mér að vera þar, þó meðmælin væru ekki komin. Fór ég þá að athuga katalogana, en þeir reyndust vera 1800 bindi. Ég fann þó fljótlega út hvernig aðalskipulagið væri og fór fyrst í flotamálaráðuneytið – *admirality* og þegar þangað var komið fann ég að í skipadeildinni voru skipin í stafrófsröð. Las ég nú og las og tók stafrétt afrit af því helsta, því þá var engin ljósritun. Held ég að ég hafi sjaldan verið jafn sáll og þegar ég var að vinna að þessum skjalarannsóknnum. Embættismennirnir voru ljúfari en nokkrir embættismenn sem ég hafði hitt fyrir

¹ Í handritinu stendur 1925, mun vera 1924.

áður og hjálpsamari, og þeir sem störfuðu að rannsóknum voru það einnig. Kona við borðið næst mér var að rannsaka ríkisreikning frá miðöldum og vann við langar ræmur á bókfelli, spannarbreiðar, en kvittanirnar voru víðigreinar klofnar að endilöngu. Hélt fógetinn öðrum helming en skattgreiðandinn hinum. Þegar þeim var haldið saman var gerð skora er sýndi að skatturinn hafi verið greiddur. Ómögulegt var að greinarhelmingur gæti fallið saman nema við hinn helminginn og því ekki hægt að falsa kvittunina.

En þó þeir væru ljúfir og hjálpsamir, gat ég einnig lagt lítillga í púkk, því ég hafði lært að skrifa gotneska skrift í misgripum í Heidelberg. Hún var lítið notuð í Englandi, en þó einstaka sinnum seint á 18. öld og voru Bretarnir í vandræðum með hana. Einhvern veginn fréttist það að ég gæti lesið hana og komu þá ýmsir með slík blöð og báðu mig að hjálpa sér, sem ég auðvitað gerði með gleði og var boðin önnur hjálp í staðinn.

Er ég hafði fundið það sem mér fannst auðfundið í skjölum flotamálaráðuneytisins og utanríkisráðuneytisins vantaði mig allmikið af skjölum. Leitaði ég þá á náðir skjalavarðar ef hann gæti leiðbeint mér. Var það sérstaklega einn pakki með skjölum sem mig vantaði, og eyddu skjalaverðirnir miklum tíma í það. Ég sagði þeim að hætta leitinni því þetta skipti ekki miklu máli. Þá sagði yfirskjalavörðurinn: *Kannski ekki fyrir yður, en fyrir okkur skiptir það miklu máli ef þakki finnst ekki.*

Í jólafrúinu skrapp ég til London og í ríkisskjalasafnið. Var mér tekið sem gömlum vini og kom sá skjalavörður sem ég hafði beðið um hjálp þá til mín og sagðist hafa leitað eftir því sem hann hafði getu til og skjöl þau sem ég hafði spurt um virtust alveg horfin. Þakkaði ég honum fyrir hans miklu fyrirhöfn og sagðist ekki hafa ætlað að gera honum slíkt ómak en hann sagði: *Ég er ekki að gera það fyrir yður, en við getum ekki þolað það að eitthvað finnist ekki í safninu. Það verðum við að finna og setja á réttan stað.*

Mér leið ákaflega vel í Oxford, nema hvað mér var oft kalt því Bretar kunna ekki að hita hús sín. Höfðu þeir kolabing sem logaði illa og kölluðu arin, en 95-99% af hitanum fór upp um reykháfinn. Ruskin hafði þó miðstöðvarhitun en ofnarnir svo kaldir að helst var hægt að fá hlýju af þeim ef maður sat á þeim. Öllum college-um var lokað kl. 9 á kvöldin og eiga menn þá að vera komnir inn. Stór klukka í turninum á *Christ Church College*, sem kallaður var *Old Tom* sló 101 slag kl. 9 og urðu allir að vera komnir inn áður en síðasta slagið var slegið. Líklega á 16. öld var þarna 101 stúdent og sló klukkan eitt högg fyrir hvern. Ekki sáu menn neina ástæðu til að breyta slíku á 20. öldinni. Þegar klukkuna vantaði 15 mínútur í 9 tók ég undir mig stökk og hljóp eins hratt og ég gat í 15 mínútur til þess að mér hlýnaði það mikið að ég gæti sofið fyrir kulda.

Að öðru leyti leið mér ákaflega vel í Oxford. Ég var ætíð mjög feiminn og batnaði feimnin ekki í Kaupmannahöfn, þar sem manni fannst alltaf lítið niður á Íslendinga. Þarna voru aftur á móti ágætir piltar og kennarar. Varð ég aldrei var við neitt slíkt, en kurteisi og alúð, sem ég var allstaðar var við, kom stundum mjög á óvart, eftir því sem maður hafði vanist í Þýskalandi og Danmörku. Tók ég því í hnakkadrambið á sjálfum mér og sagði: *Nú þættirðu að vera feiminn*, og lagaðist feimnin mjög mikið þennan vetur þannig að ég var valinn í kappræðusveit og fór að tala á málfundum.

Var það auðvitað ekki burðugt, en fundarstjórinn þakkaði mér fyrir það sem ég hafði sagt og sagði: Ég veit ekki hvernig nokkrum sem hér erum inni myndi ganga að halda ræðu á erlendu máli. Ég held það yrði ekki mikil málsnilld en við þökkum allir fyrir þá kurteisi að tala mál okkar.

Einhverntíma sagði frú Barbara Árnason¹ mér frá því að hún hafi sagt nokkrar setningar á íslensku í útvarpið. Næsta dag heyrði hún um allt hermt eftir hljóðfalli sínu og framburði, jafnvel á götum úti. Hún sagðist aldrei munu tala íslensku í útvarp oftar. Hún talar þó íslensku reiprennandi og rétt, en maður heyrir á framburðinum að hún er ekki alin upp á Íslandi. Ef þetta hefði skeð í Bretlandi, jafnvel þó það hefði verið lítt skiljanlegt, hefði verið sagt: *Góð viðleitni*, eða eitthvað þess háttar, og henni sýnd full kurteisi.

Er ég var nýkominn til Oxford spurði ég mann er ég mætti hvar inngangur Bradleyan Library væri. Hann sneri strax við og sagði að það væri dálítið erfitt að finna hann og fór með mér alveg að honum og sagði mér sitt af hverju um Bradleyan á leiðinni og spurði mig út úr. Reyndist þetta rétt vera, því inngangurinn hafði verið merktur, líklega fyrir 200 árum og stafirnir alveg máðir nú. Lá hann inn í einn hinna mörgu húsagarða í Oxford og lét ekkert yfir sér. Byggð hafði verið lestrarstofa þar skammt frá, hringlaga bygging með stórri hvelvingu yfir: Radcliff Camera. Þar voru nýjar bækur geymdar og lesnar. Mér þótti miklu skemmtilegra að lesa í gömlu deildinni þar sem maður sat milli bókahillna, þar sem voru bækur í pergamentskjölum og við mikil eikarborð og gat hvílt augun með því að líta niður í hinn fagra garð Exeter College. Þantaði ég alltaf eina bók, eldri en 1820, og báðu bókaverðirnir mig þá mikillega afsökunar á því að ég yrði að lesa þessar bækur í gömlu deildinni – og tók ég því vel.

Nú fékk Helgi bréf frá mömmu sinni sem hlýtur, eins og á stóð að hafa komið við hjartað í honum, þar sem hann var trúlofaður en hélt því leyndu og gerði lengi. Hver viðbrögðin voru er ekki að vita því engin bréf til fjölskyldunnar hafa fundist frá seinni hluta árs 1925 og 1926.

¹ Barbara M. Árnason (1911-1975), listmálari, fædd á Englandi.

Rvík, 3.10.'25. Álfheiði Briem skrifar Helga P. Briem.

-- Nú er Friede búin að opinbera og er hún ósköp ánægð og þá er nóg, mér finnst Ásgeir fremur óskemmtilegur og skil ekki í smekk F., en slíkt er nú ekki verið að spyrja um, og ef hann reynist henni vel þá finn ég mig í því, enda ekki annað að gera; maður heldur endilega að börnin manns leggi ósköp lítið upp úr ytra borðinu, ég þekki ekkert það innra, en það lítur ekki út fyrir að hafa neitt að segja, mér leiðist svo þeir sem koma klaufalega og smekklaust fram, þó það séu auðvitað smámunir á við stærri galla, jæja, það er ekki til neins að vera að *lamenta* yfir orðnum hlut, fela þeirra hag allar góðum guði, og biðja þess að *skuffelser* verði ekki alltof margar, einhverjar verða þær eflaust.

Rvík, 8. nóv. 1925. Álfheiður Briem skrifar Helga P. Briem.

Á laugardaginn var ég í brúðkaupi Helga og Köru,¹ og fór það fram með snilld og mestu prýði. 60 voru gestirnir, og þó vantaði 14, sem þverskölluðust við að koma. Við vorum lokuð inni í kirkjunni! Því þau höfðu komið sér saman um að hafa það svo, var þó engin minnkunn að sjá okkur í skárstu flíkunum, nýpvegin og greidd! og skafið undan nöglunum á báðum höndum. Skúli mágur gifti þau og fóst það prýðilega.

Svo var nú farið í Iðnó og tók Hákonsen þar á móti okkur og óskaði okkur velkomin og sagði okkur að biða róleg svolitla stund meðan hann hitaði súpusopann betur? Settust menn síðan að snæðingi og borðaði hver sem betur gat. Þegar að rjúpunum kom stóð upp svaramaður brúðgumans, dr. Jón biskup Helgason, og hélt snjalla ræðu fyrir brúðhjónum, óskaði þess að þau flyttu sem mest af þeim *anda*, sem þau hvort í sínu lagi væru uppalin við, heim á sitt nýstofnaða heimili, og var gerður að hinn besti rómur. Þegar hann var sestur niður fyrir drykklangri stund stóð upp Gísli Ísleifsson² og hélt ræðu fyrir póstmestarahjónum, mjög góða tölu. Hann sagðist reyndar hafa ætlað að halda þessa ræðu í fyrra, en af því að hann hefði verið lasinn þann dag, kæmi hún núna aukin og bætt. Ekki var hann fyrir sestur en séra Bjarni³ reis á fætur og talaði prýðisvel fyrir Skúla og Sigríði. Varð svo lítil málhvöld og talaði Helgi brúðgumi fyrir tengdforeldrum sínum, hrósaði þeim á hvert reipi, þakkaði þeim fyrir góðar viðtökur og allt eftir þessu og fóst honum þetta þó nokkuð prýðilega. Síðan kom Sívertsen⁴ með ræðustúf fyrir Skúla⁵ og konu hans

¹ Helgi Skúlason (1892-1983) augnlæknir frá Odda, systursonur hennar og Kara Briem (1900-82), frænka barna hennar.

² Gísli Skúlason (1868-1932) síðar sýslum. og skrifstofustjóri.

³ Séra Bjarni Jónsson (1881-1965) dómkirkjuprestur og dómprófastur.

⁴ Sigurður P. Sívertsen (1868-1938), guðfræðiprófessor, mágur Álfheiðar.

⁵ Skúla Skúlasyni (1890-1982), bróður brúðgumans. Ritstjóri Fálkans og fréttaritari í Noregi, bjó ýmist þar eða á Íslandi. Eiginkona hans var Nelly Skúlason (1894-1980), kennari í Rvík, seinast í Nesbyen í Hallingdal í Noregi þar sem þau bjuggu lengi.

hinni norsku og svo Gunnlaugur Claessen¹ fyrir augnalæknum; Eggert Claessen² fyrir Sigrúnu og Tryggva litla, Sigurði Kjartansen³ og loks þakkaði pósti⁴ fyrir öll þessi þrýðilegu orð, sem hér hefðu hljómað og það fólk að gera svo vel að verða að góðu og nú skyldum við öll fá kaffisopa með rjóma og höggnum hvítasykri, og svo skyldum við fara heim til þeirra og vera þar í góðu yfirlæti fram undir morgun. Veðrið var svo slæmt að við kvenfólkið keyrðum í bílum en karlmennirnir röltu á eftir.

Þegar þangað kom tóku menn til að skrafa saman og sumir fóru að syngja og aftur aðrir að dansa og gekk það allt í friði og spekt þó ósamstæð væri skemmtunin. létu menn þetta fara þar til *the* og keX var á borð borið, og eftir það var farið að tínast heim og varð ég fyrst til þess, því allur þessi skarkali og kliður ætlaði að kljúfa mitt vesæla höfuð og var ég við rúmið daginn eftir. Svo kann ég ekki þessa sögu lengri, en ég kom til hinna ungu hjóna í fyrradag og er það mjög svo gott og fullkomið allt og ekki efamál að það hefur kostað mikið fé.

Ég vildi nú óska þess að Helgi kynni að meta það sem hann hefur fengið í Köru og hennar fólki og vona ég að svo verði. –



Doris Parker

Bætur Álfheiður við ósk um að Helgi útvegi Þórdísi systur sinni vist á Englandi, í skóla eða á heimili. Hana langar til að nota tækifærið meðan hann dvelur þar. Það tókst ágætlega og varð hún af dvölinni bæði enskukona og bretavinur.

Piltarnir sem ég kynntist þarna voru ágætis menn og kunnir ég ákaflega vel við þá. Og þá voru stúlkurnar ekki síðri, en ég tók fljótlega eftir fallegrri stúlku, góðlegri og ljúfri sem talaði þá fegurstu ensku sem ég hefi heyrt utan leikhúsa. Höfum við nú verið gift í nær 50 ár.⁵

Þegar maður gekk eftir götunum í Oxford sáust víða fallegir turnar, en ella voru byggingar heldur óásjálagar, enda sneru

¹ Gunnlaugur Claessen (1881-1948), yfirlæknir, brautryðjandi í geislalækningum, forystumaður Rauða kross Íslands. Sonur Kristínar Briem Claessen (1849-81).

² Eggert Claessen (1877-1950). Hæstaréttarlögmaður, bróðir Gunnlaugs.

³ Sigrún Briem (1911-'44), systir brúðarinnar, síðar lækni, nán vinkona Helga, gift Friðgeiri Ólasyni lækni. Fórust ásamt þrem börnum sínum er Goðafoss var skotinn niður. Tryggvi (1904-'52) var næstyngsti sonur Sigurðar Briem og Guðrúnar, síðar tryggingafræðingur. *Lilli Sigurður Kjartansen*, var Sigurður Briem Jónss. (1925) sýslumannsfulltr. á Húsavík, sonur Ásu Sigurðad.Briem og Jóns Kjartanssonar, ritstjóra og sýslum., *Kjartansen*, eins og Álfheiður *binefndi* hann, sem hún átti vanda til.

⁴ Mágur Álfheiðar, Sigurður Briem (1860-1952) póstmálastj. Kona hans var Guðrún Ísleifsdóttir.

⁵ Doris Mildred Parker (1902-99) frá Birmingham. Þau HPB giftu sig 29.6.1929. Voru lengi barnlaus. Doris fylgdi HPB víða í embættisferðum hans eða þar til dóttirin Álfheiður Sýlvía fæddist 17.1.1942 í Lissabon. Þótt Doris væri mikið með HPB í embættisferðum voru þau oft og lengi aðskilin.

þær baki í mann. En þegar ég var þar gat maður gengið inn í garða sem voru bak við byggingarnar. Margir þessara garða voru stórkostlega fallegir með miklum, tignum trjám, mörg hundruð ára gömlum, tjörnum, blómabeðum og grasvöllum sem voru eins og flauel. Ameríkani einn spurði garðyrkjumann þar, hvað þessir grasvellir kostuðu og hann svaraði: *Það þarf ekki nema að slá þá, valta og birða í 500 ár.*

Þegar hlýnaði í veðri fóru margir kennarar með lærisveina sína og höfðu kennslustundir undir þessum stórfallegu trjám, en margir komu til að ganga hressingargöngur sínar í þessu fagra umhverfi.

Sá sem var í einu *college* gat farið í fyrirlestra í hvaða *college* sem var. Mér þótti gaman að hlusta á fyrirlestra í mörgum *collegianna* og sótti fyrirlestra í *New College*, sem hét svo því það var ekki stofnað fyrr en 1550. Auk ágættra fyrirlestra var lögð pappírsörk við hvert sæti og fjaðurpenni úr álftafjöldur ofan á. Svona hafði þetta verið þegar það var stofnað og engin ástæða til að breyta þessu. Einn þjónanna þar sagði mér að þeir væru ekki ráðnir þangað nema þeir kynnu að skera fjödurstafr. Penninn verður mjúkur og feitur við notkun. Sér maður víða í gömlum bréfum hvenær bréfitara hefir þótt penninn of feitur og skorið hann að nýju og rithöndin verður aftur fínleg.

Ég minnst þess að ungur lektor, G.D.H. Cole, hélt fyrirlestur um fólksfjölgunarvandamálið. Sagði hann að alls staðar í heiminum fæddust fleiri drengir en telpur, en kvenkynið væri lífseigara svo jafnvægi væri orðið um tvítugsaldur. Þó væru karlmenn í meirihluta á einstaka blettum í heiminum, svo sem á Salómonseyjum, en þar væru karlmenn töluvert fleiri líklega svo margir að að þar gætu allar stúlkurnar í Lady Margaret Hall (sem er kvenna*college*) fengið mann þar. Myndarstúlka ein kunni ekki við þessa léttúð svo hún skelti bókum sínum saman og gekk föstum skrefum til dyra. Lektorinn horfði á eftir henni og sagði: *Þér þurfið ekkert að flýta yður, það fer ekki skip þangað fyrr en á fimmtudaginn.*

Þegar ég kom til Oxford var þar margt með miðaldasniði. En breyting var að koma. Maður hét William Richard Morris. Hann hafði viðgerðarverkstæði fyrir hjólhesta í Oxford og græddi vel á því. Stofnaði hann þá bifreiðaverksmiðju í smáum stíl 1911 í Cowley, sem er útborg frá Oxford. Dafnaði verksmiðjan og þar sem Oxford var áður háskólabær er bærinn nú verksmiðjubær með sóti og sóðaskap sem fylgir verksmiðjum.

Auk þess fer ógrynni af bílum eftir aðalgötum bæjarins, í stað þess að leiða umferðina framhjá bænum og er af henni mikill hávaði og mengun. Í hvert skipti sem ég hef komið til Oxford síðar, hefir mér virst sem hallist meira á ógæfuhliðina. *College* reyna að halda sér utanvið með því að banna öðrum að ganga um garðana en meðlimum þess *college*. Sá uppeldislegi bæjarbragur sem ég þekkti er horfinn og Oxford misst mest af töfrum sínum.

Aftur á móti hafa verið byggðir þar gríðarmiklir steinkassar með glerhliðar frá þaki til jarðar þar sem eru ýmsar náttúrufræðistofnanir. Virðist hinn nýi háskóli innan í gamla háskólanum sem óx upp úr guðfræðingaskólum.

Eins og ég gat um áður tók ég fljótlega eftir stúlku í brúnum kjól með drengjakoll. Ég held það hafi hvergi í heiminum verið ánægjulegri staður til að vera ástfanginn en í Oxford, með þessum mörgu dásamlegu gördum þar sem maður gat verið út af fyrir sig. Eftir því sem við kynntumst betur og ég kynntist ljúflyndi hennar og góðleik, féll ég dýpra í ástina. En ég hafði ekkert að bjóða henni. Ég átti eftir að ljúka námi, þá stórskuldugur. Venjulega þurfti maður að bíða í ár eftir að eitthvað opnaðist svo maður fengi stöðu á Íslandi.

Samt fór svo að ég sagði henni hug minn allan og aumar ástæður, en hún sagðist vilja bíða eftir mér. Get ég ekki skilið það enn þann dag í dag nema með þeirri einu skýringu að hjónaböndin séu ákveðin á himnum.

Þetta bréf til Helga skýrir að nokkru stjórnsemi og sambandsleysi Álfheiðar og barnanna og sýnir hvaða neikvæðu aðferðum hún beitti til að koma fram vilja sínum.

Rvík, 22.4.'26. Álfheiður Briem skrifar Helga P. Briem.

-- Þakka þér bréfið frá París; já Helgi minn, ég er orðinn hálf forviða á þessu sífellda ferðalagi á þér. Vildi ég óska þess að það truflaði þig ekki svo að þú næðir aldrei prófi; mig langar svo skelfing að upplifa það að fréttu að þú sért búinn; sjálfsagt er þetta bara barnaskapur úr mér, en við honum get ég ekki gert, ég sem get svo lítið verið fyrir þig hef engan rétt til að skipta mér af þessu, en það er ýmislegt á seinni árum sem maður skiptir sér af, þó maður vel sjái að það hefur enga þýðingu, og er þetta sumpart gamall vani þeirra sem vanir eru að standa einir með börnin sín í fjölda mörg ár, og sumpart af umhyggju fyrir þeirra velferð, sem aldrei getur orðið manni óviðkomandi, hvernig sem lífið barnanna verður, bara maður gæti látið það afskiptalaust þá yrðu áhyggjurnar færri. Gamla máltækið *það er oft gott sem gamlir kveða*, er orðið einskis virði í augum unga fólksins. Okkur hérna heima líður vel –

-- Mikið er mig farið að langa til að fréttu af Dídí – Ég vona að henni líði vel þar sem hún er, en ekki get ég hugsað mér það sé skemmtilegt að vera í Oxford. Ef hún hefur eitthvert gagn af þessari ferð sinni þá þyki mér vænt um það. –

Eftir að hafa fengið trúnaðarfréttir.

Rvík, 31.8.'26. Friede P. Briem skrifar Helga P. Briem

-- Og þú líka barnið mitt Brútus!

Ég vildi að litla Parker hafi orðið á vegi þínum til þess að verða þér til gæfu. Hvernig sem þetta fer veit ég að hún hefur sett mestan ljómann á

Oxford í þínum augum og þá er hún þegar búin að verða þér til gleði. Hamingjan fylgi ykkur hvort sem þið eruð saman eða sundurskilin!

Þetta er svo langur tími og það þarf stundum styttri tíma til þess að gleyma, ef þið verðið jafn góðir eða betri vinir að honum liðnum. Böndin eru búin úr sannri ást og tryggð og forlögin hafa látið ykkur mætast. Slitni þau á hinn bóginn hefur þú verið einum vininum ríkari – og aldrei er of mikið af þeim, bara þegar þeir eru sannir, og það veit ég að Parker hefur verið. Ég hef nú líklega sjálf átt of marga vini, sérstaklega í augum annarra, en ég persónulega er viss um að það hefur þroskað mig, og eins veit ég að ég er gæfusamari nú af því að ég hef þekkt fleiri menn vel en Geira, því hann þolir svo vel samanburð og manni hættir við annars að bera kærastann sinn eða kærustuna sína saman við *idealið* sem maður hefur skapað sér, en það dugar ekki; hver er það sem er fullkominn? ekki er það ég og ekki þú, getur maður þá heimtað það af öðrum? Nei, Helgi minn, það er líka til gleði sem kennir af því að fyrirgefa, að geta fyrirgefið, þannig að það skilji eftir sólskinsblett innan í manni.

Ég tala eins og ég væri svona hér um bil fullkomin, og sé alltaf til að fyrirgefa öðrum, en það er langt frá því að mér finnist það, þó ég viti að maður eigi að vera þannig. –

Sumir vinir mínir töldu að ég ætti að taka próf í Englandi og þeir gætu útvegað mér námsstyrk. En það hefði ekki flýtt fyrir og auk þess töldu þeir sem embættum réðu á Íslandi að hvergi væri hægt að fá menntun, sem væri nokkurs virði, nema í Kaupmannahöfn.

Í páskafrúinu fór ég á hjóli til Frakklands, Sviss og Þýskalands. Hafði ég tekið frönskutíma um veturinn hjá franskri konu. Tók ég ferju til Le Havre og þaðan til Rouen til þess að sjá þá stórkostlegu og dásamlegu byggingarlist, sem ég hafði lært að meta í Oxford. Er ég ók þaðan til Parísar fékk ég einhverja þá mestu rigningu sem ég hef verið úti í. Það var erfitt að hjóla vegna þess hvað vatnið var djúpt á veginum. Er ég loks kom að litlum bæ með hóteli, gafst ég upp, fékk herbergi og gat farið úr blautu, en ekki var þurr þráður á mér. Fólkið var mjög hjálpsamt og sagðist skyldi þurrka föt mín og færðu mér mat upp í herbergið. Næsta morgun fékk ég fötin tilbaka skraufþurr. Hafði öllu dótinu verið



Helgi í hjólaferðinni um Frakkland

troðið í bakarofn, svo það hafði hlaupið vel og var allt mikið öðruvísi í laginu en þegar ég hafði keypt þau fyrir ferðina.

Var ég því ekki neitt glæsilegur fulltrúi Íslands er ég hélt innreið mína í höfuðborg Frakklands í fyrsta skipti. Fór ég á hótél sem mér leist vel á og bað um herbergi, en lyklavörðurinn renndi augum yfir klæðaburðinn og sagði að allt væri upptekið. Er ég snautaði út hljóp einn af léttadrenjum hótelsins á eftir mér og sagði að skammt frá væri hótél sem nýbúið væri að opna og skyldi ég fara þangað. Gerði ég það og var tekið með kostum og kynjum, enda mun ég hafa verið fyrsti gestur þess, og ég hygg að ég hafi verið sá eini, þessa viku sem ég var þar.

Ég notaði auðvitað tækifærið til að fara á söfn og sjá þau dýrðlegu listaverk, sem ég hafði séð myndir af frá því í barnæsku. Jónas frá Hriflu kenndi mér að maður forðaðist helst safnþreytu með því að ganga fljótlega gegnum safn og athuga hvað mann langi til að skoða þar og fara síðan aftur og setjast hjá þeim myndum sem maður vildi helst sjá. Þetta er ágætt ráð, því flestir reyna að renna augum yfir allar myndirnar og verða mjög þreyttir af því. Hins er einnig að gæta að flest söfn endurnýja ekki loftið til þess að fá ekki ryk á myndirnar og þetta þunga loft eykur mjög á þreytu manns. Í Louvre er þetta naumast hægt nema taka fyrir lítinn hluta safnsins í einu, því það er svo stórt og mikið að sjá þar.

Eftir þessa dvöl í París hjólaði ég til Reims og Verdun til að sjá vígvellina og þá óskaplegu eyðileggingu fallbyssukúlanna þar. Undir Reims og Verdun, og sjálfsagt víðar, höfðu verið grafnir miklir neðanjarðargangar. Heyrðu hermenn beggja stríðsaðila að hinir voru að grafa göng og þegar þeir heyrdu þá nálgast var mikill spenningur um það hvor yrði fyrri til með sprengjur sínar og ryðjast inn í ganga hins. Voru því virki þar í göngunum til að varna hinu liðinu að taka allt neðanjarðarvirkið.

Auðvitað voru kampavínskjallararnir mikið notaðir og fékk ég fylgdarmann er sýndi mér hvelfingar hins þekktu kampavínsfirma *Mumm*. Í einni stærstu hvelfingunni var mikið krossmark því sú hvelfing var notuð sem kirkja.

Í einum gangenda var sagt að yfirhershöfðinginn hafi haft aðsetur og æðstu foringjar. Heldur var þar óhrjálegt, bæði for á gólfi og undir lofti var búr fyrir bréfdúfur.

Er maður kom inn í ganga þar sem Þjóðverjar höfðu haft aðsetur í var þar snyrtileg umgengni. Þeir höfðu kalkað veggj hvíta og leitt rafmagn í gangana svo þar var góð lýsing, en hvernig lýsing Frakkar höfðu, man ég ekki, en þeir munu ekki hafa haft rafmagn.

Þegar ég var þarna vorið 1925 var lítil uppbygging, nema hvað ég man að kampavínsfirmað *Mumm* hafði byggt mikla og góða skrifstofubyggingu og var þar mikið mahóni notað í skrifstofurnar með gylltu bronsskrauti. Stakk það mjög í stúf við aðrar byggingar sem þarna voru.

Nokkur h6tel h6fdu veri6 bygg6, heldur f6tækleg og þar bor6u6u verkamenn a6allega. Oftast var 6g einn 6tflendingurinn og sat 6g vi6 sama bor6 og þeir og skeggræddum vi6 margt og miki6, svo 6g li6ka6ist miki6 í fr6nskunni og gekk s6milega a6 skilja þ6 þ6 frambur6urinn v6ri me6 m6llýskuhreim.

Er 6g kom til Verdun var st6rt og miki6 skilti vi6 innganginn í bæinn steyp t kopar. Var þar sagt frá hinu mikla ums6tri um bæinn og hetjulegri v6rn Pétain og li6s hans. Hann var d6ður fyrir v6rn sína og s6mdur marsk6lkstign. Enda6i 6letrunin me6 því a6 segja: *Pétain er g66s ver6ur af f66urlandinu*. Þ6tti mér þar miki6 sagt í fáum or6um. (Eftir seinna strí6i6 var hann dæmdur í 6vilangt fangelsi sem svikari vi6 f66urlandi6).¹

Tali6 var a6 350.000 manns hafi falli6 í varnarli6i Verdun. Margir af þeim voru sprengdir í tætlur. Þ6 6g liti ekki eftir beinum fann 6g nokku6 af þeim alveg vi6 þj66dveginn, afhenti þau í beinahúsi6 sem kom í sta6 kirkjugar6s.

Eftir þessa fer6 um vígvellina br66i af manni er 6g komst upp í Júrafj6llin, þar sem voru kýr á beit og fri6sælt líf. Minnst 6g a6 6g var a6 hugsa um a6 hj6la áfram til Genf er 6g kom a6 litlu h6teli sem hét La Faucille. Fékk 6g þar gistingu. Var 6g heldur undrandi er 6g leit út næsta morgun og sá þar Genf liggjandi fyrir f6tum mér og hi6 dásamlega útsýni yfir vatni6 og Alpana. Er 6g st66 þar á tr6ppunum kom lítill, fallegur drengur út á tr6ppurnar, lj6shær6ur og bláeyg6ur. Hygg 6g a6 hann hafi veri6 5-6 ára. Er vi6 h6f6um horft á þessa drottins dýr6 um stund, byrja6i hann a6 krossb6lva á fr6nsku. Sag6i 6g vi6 hann a6 hann mætti ekki nota svona lj6t or6 svona fallegur drengur og þa6 á þessum fallega morgni. Hann tók því vel en sag6i: *Ég get líka b6lva6 á þýsku* og ruddi út úr sér annarri runu af þýskum bl6tsyr6um.

Þegar ma6ur st66 þarna virtist manni ekki steinsnar til Genf, en vegurinn ni6ur þetta bratta fjall lá í ótal kr6kum, svo 6g þakka6i fyrir a6 hafa ekki reynt a6 fara þ6 lei6 í r6kkrinu kv6l6i6 á6ur, en í þess sta6 noti6 þessa dásamlega morguns í La Faucille. Hef 6g oft komi6 þanga6 sí6ar og ef ma6ur hefur ekki haft útsýni, haf6i ma6ur a6 minnsta kosti minninguna um þessa fyrstu gistingu þar.

Var 6g nokkra daga í Sviss og hj6la6i þa6an ví6a um en ók sí6an me6 vesturbakka Rínar til Strassborgar og ni6ur til Belgíu og tók Ostende-ferjuna til Englands og til Oxford í r6legheitum og kom þanga6 á sí6asta há6egi páskafrísins hr66ugur yfir þessari g66u og fr66legu fer6. Sag6i 6g fr6nskukennaranum a6 hin franska þj66 v6ri au6sj6anlega mj6g g6fu6, því hún hafi eiginlega alltaf skili6 mig, en 6g stundum átt erfitt me6 a6 skilja hana. Hún sag6i a6 6g þyrfti ekki a6 taka þa6 nærri mér, því 6g hafi fari6 um útja6ar Frakklands og þar sé tala6 *patois*, sem sé t6luvert erfitt fyrir sig a6 skilja og einnig sé franskan í Sviss og Belgíu nokku6 frábrug6in.

¹ Philippe Pétain (1856-1951), dæmdur til dau6a. De Gaulle breytti því í 6vilanga fangavist þar sem hann 66.

Vorið í Oxford var unaðslegur tími, sérstaklega þegar maður er ástfanginn og naut ég vorsins vel enda hlýnaði þá í veðri. Garðarnir voru eins og draumaland þegar vorlaukar byrjuðu að springa út og síðan ávaxtatrén, sem mörg blómgast á berum kvisti. Fuglalífið í gördunum var einnig mjög mikið sem allt lífið vitni ber.

--

Ég ákvað að hverfa aftur til Danmerkur, en vera um sumarið í Frakklandi. Voru auglýst ýmiskonar sumarnámskeið við marga franska háskóla og ákvað ég að fara til Besançon. Auglýsingabæklingur talaði um þennan dásamlega stað í Júrafjöllum og sýndi mynd af selkofa svo ég hélt þetta vera hátt uppi í fjöllum; ég var farinn að halda að þetta væri þrá eftir að sjá fjöll. Hefði ég þó átt að vita betur. Borgin er í þröngum dal sem áin Le Doubs rennur eftir. Myndar áin lykkuju, svo staðurinn er góður til varnar, enda sáu Rómverjar það og er margt gott um bæinn. Námskeiðsstjórnin útvegaði mér gott herbergi í myndarlegu húsi upp á 8 hæðir, og þar veitti fjölskyldan manni æfingu í að tala frönsku svo að allt var þetta heldur lánlegt.

Jónas frá Hriflu og kona hans og dætur¹ voru við Ermarsund sumarið 1926, Dæturnar voru stálpaðar, 9 og 12 ára gamlar. Hafði hann not af húsi sem Courmontfjölskyldan átti í Berneval. Buðu þau mér að vera hjá sér nokkrar vikur er ég færi frá Besançon og þáði ég það.

Það fyrsta sem ég þurfti að fá upplýsingar um er ég hafði sest að hjá þessari ágætu Besançon fjölskyldu var hvar salerni fjölskyldunnar leyndist og hringdi því í stúlkuna til að fá upplýsingar um það. Hún var ekkert feimin við slíka fyrirspurn og sagði mér að fara í ráðhúsið. Þar sem ég þekkti dálítið til skrifinnsku Frakka og nauðsynjar til að fá vottorð og leyfi frá ráðhúsinu fyrir hvað sem var, leist mér illa á þetta og vildi vita hvar einkasalerni íbúðarinnar væri. Hún var staðföst á því að ég þyrfti að fara að afturhlið ráðhússins og gat loks komið mér í skilning um að salerni þekktist ekki í húsinu. Ég var auðvitað mjög vantrúaður á að ég ætti erindi í ráðhúsið, en þegar ég kom að bakhlið þess höfðu verið byggðar tvær miklar lengjur út af bakhlið þess, langar og myndarlegar sem gat glatt hjarta hins mest salernisþurfandi manns. Stóðu langar biðraðir, karlar í annarri en kvenfólk í hinni og flugu spaugsyrðin á milli. Kostaði þetta 10 centimes, en ef maður vildi hrað- eða forgang, eins og í símanum á Íslandi, fékkst hann, en kostaði 25 centimes. Aldrei sá ég nokkurn mann sólunda fé sínu í hraðafgreiðslu, svo líklega hefur bæjarfélagið tapað á þeirri þjónustu.

EKKI hafði ég eða aðrir kostgangarar mikil afskipti af fjölskyldunni sem við bjuggum hjá. Við komum dauðfeimin inn til kvöldverðar og ríkti þar dauðþögn. Er við höfðum hjarnað við með því að borða súpu hófst *la conversation*. Spurði frúin

¹ Jónas, Guðrún Stefánsdóttir (1885-1936) og dæturnar Auður (1913-2010) og Gerður (1916-2007).

mig hvort það væru hreindýr til á Íslandi. Skýrði ég henni frá hreindýrum á Íslandi. Síðan ríkti dauðapögn og hún spurði mig hvort ég vildi rauðvín. Ég sagði – aðeins dropa – og þótti henni það gott svar. Annað var ekki sagt við borðið.

Þessi sumarnámskeið eru nauðsynleg og gagnleg fyrir franska kennara, sem eru skammarlega illa launaðir. Halda þeir fyrirlestra, frámunarlega leiðinlega, yfir þeim hræðum sem villst hafa þangað. Á þessu námskeiði voru aðallega Ameríkanar og Austurríkismenn, og maður talaði eingöngu ensku og þýsku, nema ég gaf upplýsingar um hreindýrin á frönsku. Það var einkennilegt að þarna voru engir Þjóðverjar, en líklega 4/5 af þeim þýskutalandi töluðu með þýskum hreim en ekki austurrískum.

--

Sumarið 1926 var ég í París til að kynnafrönskri menningu og liðka mig í málinu. Gekk ég mikið á söfn þar og fór í leikhús og fannst mér það skrýtið að í flestum einkaleikhúsum gat maður fengið leikhúsmiða í bestu sæti á þriðjungi verðs. Auðvitað hafði ég ekki vit á að þrúta, en einhvern tíma þegar ég sneri frá leikhúsinu, vegna þess að ódýru sætin voru seld, kallaði sölustúlka á mig og bauð mér miða á niðursettu verði. Reyndist það víða svo að menn vildu heldur þriðjung verðs en tóm sæti.

Minnist ég sérstaklega Sacha Guitry og Yvonne Printemps fyrir samleik þeirra og fágun í framkomu og hreyfingum, sem ég hafði aldrei tekið eftir áður, þó verið geti að aðrir leikarar sem ég hafði séð hafi einnig haft hana.

Eitt leikkvöld var mér sérstaklega minnisstætt. Það var í Habima-leikhúsinu sem var gyðingaleikhús. Þar var leikið á hebresku og skildi ég ekki nokkurt orð. En svo vel var leikið að maður fylgdist samt algerlega með, enda var leikurinn að mestu látbragðsleikur.

Er ég var seinna í Ísrael, kom það einhvern veginn til tals í kvöldverðarboði að ég hefði heyrt hebresku áður, í þessu leikhúsi. Konan, sem sat við hliðina á mér, spurði mig hvenær það hafi verið og kom þá í ljós að hún hafði leikið í leikriti því er ég sá og ég gat lýst hlutverki hennar. Henni þótti þetta mjög merkilegt og hrópaði yfir allt borðið að íslenski sendiherrann myndi eftir sér fyrir 25 árum að hún hafði leikið í Habimaleikhúsinu¹. Þótti öllum við borðið það mikil býsna að við skyldum hittast og ég muna eftir henni.

¹ Þjóðleikhús Ísraelsríkis.

Helgi skrifar Dorisi

Kiel, 15.6.'26. (Doris virðist þá vera í Khöfn.)

Helgi ræðir selskapslíf D. en segist ekki þola stúlkurnar í Kiel, lýsir þeim og ber saman við þær ensku. Gerir athugasemdir við skapbrigði hennar frá einu bréfi til annars.

Segist ekki geta talað persónulega við aðra en D. og kennir því um að enginn hafi haft áhuga fyrir hans málum í æsku. Finnst stundum að hann hafi fæðst undir óheillastjörnu; trúir því vart að D. sé hans. Ræðir þýskar bókmenntir og nefnir höfunda sem Doris gætu þótt áhugaverðir. Hrósar vélritunarkunnáttu D.

Khöfn, 24.9.'26.

Segir frá föður sínum. Hann hafi gefið út tímarit¹ síðustu ár sín. Hann hafi þá safnað skuldum. Hefði hann ekki gert það væri afkoma fjölskyldunnar betri. Helgi er feginn að hann skyldi samt hafa gert það.

Vikur talinu að móður sinni sem varð ekkja 36 ára með mörg börn. Hún hafði svo mikið að gera að hún gat engan veginn sinnt hverjum einstökum. Segist hafa óskað þess að hún myndi taka sig í kjöltu sína. En hún var hörð í lund. Bætir því við að mildi og gæði séu ákjósanlegir kostir hverrar konu. Segir að Doris hafi sagt að hún væri óhamingjusöm innan fjölskyldu sinnar. Helgi sagðist hafa setið og öfundað hana af því að geta talað þannig um einkamál sín. Það hefði hann aldrei getað fyrr en hann kynntist Dorisi.

Heima hjá sér sagðist hann aldrei hafa rætt um skólann og vinir hans komu þangað sjaldan í heimsókn.

Sagðist oft hafa velt fyrir sér hvernig líf sitt hefði orðið ef faðir hans hefði lifað lengur.

Khöfn, 26.9.'26.

Segir frá félagsmálastarfi sínu í Íslendingafélaginu. Það gekk vel en þegar hann fór til Englands leystist það upp. Ræðir um möguleikann á að bæta úr sambandsleysi íslendinga með því að þeir gætu hist reglulega á veitingahúsi.

Doris virðist hafa spurt um Berneval-vin hans.² Sagði hann vera einhvern indælasta mann sem fyrirfyndist. Hann væri mikill aðdáandi Páls föður Helga sem telji að Helgi verði líka mikilmenni. Fjölskyldan hefði verið í Dieppe vegna lungnaveikinda dótturinnar.

Þá svarar hann D. um hugmyndir hennar um framhaldslíf, sem hann trúir ekki á, því síður um refsingar eftir dauðann. Segir föður sinn hafa verið trúaðan en móðir hans trúí af gömlum vana og gat ekki um trúmál

¹ Væntanlega á hann við tímaritið Lögfræðing.

² Jónas Jónsson frá Hríflu.

rætt. Þá segist hann hafa sótt fundi í KFUM. Þar var hálf heilagur leiðtogi¹ sem reyndi að ala hann upp í hræðslu við guð.

Ræðir ástina og hvíta þrælasölu.

Segist Helgi alltaf hafa verið einmana og því séu samtölin við Dorisi honum sérstaklega mikilvæg. Þá segist hann mikið velta fyrir sér unga *verndaranum*² sem hann fann upplýsingar um í Oxford. Segist líka hafa fundið upplýsingar um hann í Höfn. Segist eiga í nokkrum erfiðleikum með að lesa gotneskt skrifletur. Vonar að geta notað þessar upplýsingar síðar.

Khöfn, 1.10.'26.

Dorisi virðist falla illa vinnan sem hún hefur í verslun. Hún virðist líka hafa sagt við Helga að hann þættist góður af föður sínum. Hann segir það fjarri, hann hefði aðeins viljað fræða hana um hann. Áhugamál sín gengju í sömu átt og föður síns. Segist hafa lesið mikið og aftur og aftur væri Páll faðir hans nefndur.

Hann sagði móður sína ekki sjá neitt nema góðu hliðarnar á föður hans og væri því ekkert um að tala. En hann hefði haft ríka réttlætiskennd og lagði 1885 fram frumvarp um félagsmálefni sem enn er verið að reyna að koma í framkvæmd. En peningamenn voru á móti honum og einn flaggaði af ánægju þegar hann dó.

Faðir hans væri honum fyrirmynd. En honum félli ekki við bræður hans og sagðist ekki vera stoltur af fjölskyldunni. Fellur við Jónas *Berneval manninn* sem allir frændur hans hötuðu umfram aðra. Hann sé sonur fátæks bónda.

Khöfn, 5.10.'26.

Sagðist fara á safnið dag hvern kl. 3-6; segir heimildasöfnun að mestu lokið. Sérstaklega ánægður með upplýsingar um Jörund *unga manninn*.

*I am now getting to the end of the readings so I think I have got all the material on the subject of the young man who made that revolution and what I am very glad of is, that I have found some material to wipe of a spot on the character of one of the greatest of his icelandic contemporaries and put that on a **danish capitalist** whom nobody has suspected. Now I think they can not fail to give me some sort of price for the work.*

Nú segir Helgi það erfiðasta eftir, að skrifa allt upp á fagurri íslensku, því hann hafi misst tókin á málinu.

Khöfn, 9.10.'26.

Segir frá starfi Íslendingafélagsins þar sem hann eigi kost á að verða formaður; segist fremur kjósa að vera ritari ef Gunnar Gunnarsson fengist til að verða formaður. Það sé ráð til að fá hann inn í raðir Íslendinga en sambandið við hann hafi ekki verið gott.

¹ Láklega séra Friðrik Friðriksson.

² Jörgen Jørgensen.

Khöfn, 22.10.'26.

Sagðist hafa fengið trúnaðarbréf frá móður Dorisar þar sem hún tjáir ótta sinn við að D. flytji úr landi. Sagðist hafa svarað bréfinu og beðið hana um að skýra D. frá afstöðu sinni.

Khöfn, 13.11.'26.

Ræðir bréf sem Doris hafði fengið frá mr. Ahmed og skilur ekki frásögn D. af því. Segist hafa hitt A. einu sinni, þætti hann viðkunnaður, sem væri skrýtið þar sem þeir væru andstæðingar.

Segir frá áætlun sinni um próf í júlí '28 og starf á Íslandi. Ræðir skuldir sínar og hugmyndir um að fara um skeið til Ameríku til að vinna þær af sér.

Talar í neikvæðum tón um íhaldsmenn, nefnir sem dæmi að þeir hafi barist gegn sex tíma hvíldartíma sjómanna á sólarhring. Þá sagði hann að í Danmörku þyki ókurteisi að ræða stjórnmál.

Þá ræðir hann enn um Íslendingafélagið. Nauðsynlegt að bæta einum fundi við á mánuði sem fólk gæti sótt sem ekki hefur ráð á að sækja *heimskulegar* dansskemmtanir. Segist hafa farið til sendiherra í því skyni að fá hann til að gera lista yfir Íslendinga. Það sé mikil vinna en þá verði hægt að hafa samband við alla.

Khöfn, 18.11.'26.

Ánægður með lífið og starfar af kappi. Segir söguritun ganga vel, hann sé búinn með 140 þéttskrifaðar síður. Telur sig munu geta fundið meira um *unga manninn* (Jørgensen) og að hann hafi ekki verið svo ábyrgðarlaus sem margir telji. Telur sig geta fengið doktorsgráðu fyrir; en fyrst verði hann að ljúka prófi. Segist verða að fá sér ritvél því honum sé orðið illt í handleggnum af skrifum.

Farinn að skilja óánægju Dorisar með vinnuna í verksmiðjunni og húsnæðið. Nú muni þau hittast í mars.

Khöfn, 21.11.'26.

Varar Dorisi við að trúa því sem Danir segi um Ísland því þeir viti ekkert um það. Leiðréttir nokkrar vitleysur sem hún nefndi. Englendingum virðist falla landið vel í geð en Dönum ekki. Þeir elski París en verði ómótt af fjöllum.

Þykir leitt að heyra að Dorisi líði illa heima hjá sér en segir að henni myndi líða vel í Höfn. Segist sjálfur hafa verið leiður heima hjá sér. Allir vaxi upp úr og sprengi af sér urtapottinn. Ræðir samband þeirra og spyr hvort hún telji að sér myndi farnast betur með G.G. eða mr. Ahmed sérstaklega sem gæti veitt henni betri efni en hann sjálfur.

Segir mág sinn, lögfræðing, dveljast í Khöfn. Hann sé með stöðu á skrifstofu, hafi fengið 90 sterlingspunda styrk til náms erlendis. Hann hafi búið útúr, fengið svo mikla heimþrá að hann hugsaði ekki um annað en að komast heim aftur. Losnaði herbergi í húsinu hjá Helga sem gat fengið það handa honum og kom honum svo fyrir þar eins og smábarni.

Síðan hefur hann elt H. eins og hundur, þakklátur og glaður. Sagði H. hann taka töluverðan tíma frá sér.

Doris hafi kennt sér margt og taki hann þessu eins og hverjum öðrum óþægindum og sé góður við hann þótt hann eigi ekkert sameiginlegt með honum. Hann sé íhaldssamur, framagjarn og fleira asnalegt.¹

Khöfn, 29.11.'26.

Talar enn um mr. Ahmed; þakkar kveðju hans. Segir hann ábyrgðarlausan að dreifa boðum um allt. Hann sé geðþekkur maður, oft sé það svo með slíka menn að erfitt sé að taka þá alvarlega. Mr. Ahmed sé fæddur í heiðindómi og fari í verri staðinn.

Gleðst yfir félagsskap hennar við fjölda vina. Spyr þó hvort hún muni ekki verða einmana með sér einum.

Khöfn, 4.12.'26.

Virðist sem Doris ætli sér að koma til Hafnar í mars.² Vonar að hann verði þá ekki upp yfir haus í vinnu.

Segir síðustu orð föður síns við vin sinn hafa verið: *Gerðu allt sem þú telur vera rétt, þá mun það takast.*

Khöfn, 5.12.'26.

Er að ljúka 90 bls. ritgerð sem hann þarf að senda frá sér.

Mágurinn er enn í húsinu, fullur heimþrár, aumur í alla staði því nú er afmæli hans. Segist ekki geta neitt fyrir hann gert því þeir séu gjörólíkir að öllu leyti. Hann sé forstokkaður íhaldsmaður, trúir á frelsið og getu allra til að hjálpa sér sjálfir. Ef ekki; þá eigi þeir ekki betra skilið.

Khöfn, 8.12.'26.

Var að senda handritið heim eftir mikla vinnu svo hann hafði ekki tíma til að senda nema kort til fjölskyldunnar. Sagði við sjálfan sig að aldrei mætti hann gera annað eins; sagðist vita að hann myndi samt gera það; því það sé gaman að vinna við það sem manni fellur við.

Khöfn, 15.12.'26.

Í vandræðum með að senda trúlofunarhringinn til D. Reynir að ná samkomulagi við hana um nákvæma tímasetningu þegar þau setji hringana upp hvort í sínu landi.

Segist aldrei skrifa neitt persónulegt til fjölskyldunnar. Hann hefði t.d. aldrei sagt móður sinni frá vinnunni við Jörgensen, aðeins nefnt það við Eggert bróður sinn. Segist vilja hlífa móður sinni frá hugrenningum um að hann sé að fara í hundana. Samkomulag þeirra sé gott, eins og milli ókunnugra.

Khöfn, 19.12.'26.

¹ Helgi eignaðist tvo lögfræðinga fyrir mága. Theodór var kvæntur Þórhildi. Ásgeir og Friede giftust hálfu ári síðar.

² Sennilega er um boð að reða sem tengjast einhverri hátíð nemenda Ruskin College.

Hlakkar til að fá Dorisi til sín. Segist ekki hafa það gott og sé afbrýðissamur þótt hann viti ekki út í hvern það ætti að vera. Segist fara til Færgegárdan um jólin.

Segist í því verra skapi sem hann er lengur með mági sínum. Segist ekki þola hæg og vel grunduð orð hans og seinlegar samræður við hann þannig að hann vildi helst gefa honum spark. Ómögulegt sé að fylgja ræðum hans því hann gleymi sér í óhlutkenndum orðræðum um hvað erfitt sé að tjá skoðanir sínar í orðum. Segist myndi verða vitlaus ef hann þyrfti að vera með honum hálf t. Segist ekki segja þetta við neinn nema D.

5.10.'26 fékk Helgi bréf frá mömmu sinni. Hún er lítið upplifgandi, segist ganga upp í heimilisverkunum einum, fáir nema kostgangararnir, námsmenn og Dag Strömbäck,¹ síðar þjóðfræðiprófessor, sem lífgar upp á lífið með söng sínum og tónlistariðkun. Hann heldur fyrirlestur á morgun. Þórdís virðist um þessar mundir vera á Englandi.

Friede Ingibjörg og Ásgeir ætluðu að gifta sig en frestuðu því vegna húsnæðisleysis *enda liggur svo sem lítið á*, eins og Álfheiður sagði.

Segir af Sigurði búnaðarmálastjóra, en er eins og stundum neikvæð í hans garð, þótt hún ætti að vita að þeir Helgi séu kærir vinir. Segir frá námi Ingimars sonar hans; Helga Sigurðardóttir sé farin að vinna á Hótel Íslandi. Þær fréttir séu af dr. Kristni, vini Helga, að hann hafi lítið að gera, annað en tímakennslu.

Um haustið 1926 hvarf ég aftur til Danmerkur og sá auglýsingu frá sjóðnum Gjölf Jóns Sigurðssonar um að þar væri verðlaun að fá fyrir vel samdar vísindalegar ritgerðir. Þyrfti að skila þeim fyrir árslok. Þá, í flýti, jafnframt námi, skrifaði ég ritgerð um rannsóknir mínar á máli Jørgensens og bað Eggert bróður minn að koma henni á framfæri. Hann gerði þó betur, svo sem hans var vani, því hann vélritaði hana og sendi sjóðstjórninni.

Komu fram 4 ritgerðir og voru veitt ein verðlaun. Segir í skýrslu þeirra Hannesar Þorsteinssonar, Sigurðar Nordal og Ólafs Lárussonar að svofelld ályktun hafi verið samþykkt í einu hljóði: *Þó að röksemdaleiðsla höfundar hefði sums staðar mátt vera greinilegri og ritgerðin í heild sinni þurfi nokkurra umbóta, ber hún á hinn bóginn vott um svo góða þekkingu og skarpa hugsun og er svo merkileg tilraun til að skoða þennan þátt Íslandssögu í ljósi erlendra samtíðarviðburða að nefndin bikar ekki við að telja hana verðlaunaverða og ákveður verðlaunin 500 kr. Höfundur ritgerðar þessarar reyndist vera Helgi Briem, stud. polit.*

Ég hafði ætlað að hafa einhverja stoð af þessum verðlaunum, ef þau fengjust, en varð ekki kápan úr því klæðinu því Bókmenntafélaginu voru veittar 1200 kr.

Hinsvegar veitti Alþingi mér 1400 kr. styrk til að ljúka námi, sem ég var þakklátur fyrir, með því skilyrði að ég stúderaði skattalöggjöf.

Þar sem ég þyrfti að nota tímann vel er ég kom til Hafnar til að hespa prófinu af á 3 misserum vil ég segja frá hvernig ég hagaði námi mínu, ef það gæti orðið

¹ Dag Strömbäck (1900-1978), sænskur prófessor í þjóðsagnafræði.

öðrum að gagni. Bækur þær, sem ég taldi rétt að lesa fór ég mjög hratt yfir. Mikið sem þar var sagt virtist mér sjálfsagt svo ekki þyrfti að festa það í huga sér. Þó gat verið um valkosti að ræða og voru þeir þá hripaðir í stílabók með númerum.

Þegar mér virtist einhver nýlunda í bókum, skrifaði ég hana með nokkrum orðum í stílabókina og auðvitað allt sem var öfugt við það sem ég hugsaði.

Þess vegna þyrfti ég sjaldan að fara tvisvar yfir sömu bók, en fór yfir stílabókina og þegar komið var að prófi merkti ég með rauðu við það sem mér gekk illa að muna. Á þennan hátt gat ég farið yfir heilt fag á örskömmum tíma.

Ég hef frá unglingsárum átt nokkuð erfitt með svefn. Var ég hræddur um að ef ég yrði vansvefta, gæti tekið langan tíma að koma lagi á svefninn. Síðasta misserið fór ég því ætíð að sofa á miðnætti og lét vekjaraklukkuna hringja kl. 6.30 svo ég hafði nægan svefn en ekki of mikinn og varð ég aldrei andvaka það misseri og var vel upplagður.

Nú var ég farinn að þekkja Kaupmannahöfn nokkuð og fékk mér herbergi, sem ég var ánægður með í Frederiksberggade og borðaði einnig þar. Var herbergið uppi á 4. hæð – á hanabjálkalofti, en ég var ánægður með það.

Ég þjást mikið af gigt þennan vetur og var því stundum allerfitt fyrir mig að komast upp á fjórðu hæð. Við gigtinni var mér ráðlagt að taka inn 5 gr. af aspiríni á dag og gerði ég það, en ég gat loks ekki haldið aspiríninu niðri og kastaði því upp ef ég gat neytt því ofan í mig, svo ég varð að hætta við það og hef aldrei síðan getað tekið aspiríntöflu. Þegar ég fékk slæm gigtarköst komst ég ekki upp í sporvagninn og varð að taka bíl og gerðu samstúdentar mínir gys að mér og töldu mig hljóta að vera milljónera.

Helgi skrifar Dorisi

Khöfn, 10.2.'27.

Segir frá daglegu lífi sínu. Var að rita á 200 umslög, fundarboð vegna félagsfundar (væntanlega vegna Íslendingafélags). Afsakar fáar fréttir með því að hann fari lítið út. Þó ræðir hann bókmenntir. Segist aðeins hitta fólk sem honum leiðist:

I hate Denmark and all the lot, and yearn for you, old comrade.

Biðst afsökunar á að tjá sig ekki með þeim glæsibrag sem hún gerir.

Khöfn, 1.4.'27.

Ræðir ferðalag Dorisar til Hafnar, hvernig hún skuli bera sig að við að flytja dótið sitt með ferjum og lest.

Segir mjög góðar fréttir af mági sínum. Hann hafði ráðgert að koma til Hafnar en ákvað að verða áfram í Berlín.

Ræðir verðlaun sem honum virðast hafa hlotnast á Íslandi.

Kiel, 9.6.'27.

Segir frá heimsókn sinni í háskólann og samtali við prófessorinn. Fór með honum um skólann þar sem honum var úthlutað ágætu lestrarstofu og gat byrjað starf.

(Á þessum tíma virðist Doris hafa verið í Khöfn).

Amsterdam, 2.7.'27.

Er á leið til Parísar þar sem hann er við störf um sinn, m.a. í ríkisbókasafninu.

París, 7.7.'27.

Er farinn að vinna á ríkisbókasafninu.

París, 7.8.'27.

Vinnur að undirbúningi giftingar þeirra og fá öll leyfi, en vantar fæðingavottorð Dorisar. Hitti margt fólk sem var í sömu erindagjörðum. Vantar líka sitt eigið vottorð.

Ekki virðast samskiptin við Álfheiði, móður Helga, hafa verið beint greið, enda kemur það fram hér og þar í bréfaskiptum systkinanna, að viðbættu þessu bréfi Álfheiðar þar sem hún þakkar bréf; þjáist eins og oft.

Rvík, 5.5.1927. Álfheiður Briem skrifar Helga P. Briem.

Hjartkæri Helgi minn!

-- Að (þær) hafi beinlínis glatt mig fréttirnar í því, get ég ekki með sanni sagt. Útlensk konuefni finnst mér ekki passa fyrir Íslendinga, ef þeir ætla að lifa lífi hér heima. Þær eru ekki þaulsetnar hérna og kunna ekki eins að sætta sig við þau kjör sem vanalega bíða þeirra hér; og þá kemur óánægjan með allt og gerir heimilið óaðlaðandi. Ég má til að segja þér þetta úr því þú sagðir mér frá þessu. Vona ég þú takir það einsog ég tala það og að ég er ekki með því að hnjóða í alóþekkta stúlku. Ég efast ekkert um hennar mörgu góðu eiginleika, enda þótt hún sé máské ekki eins fullkomin og þú lýsir henni. Englar eru fáir á jörðinni.

Það er nú svo, Helgi minn, að þegar maður er búinn að brúka alla sína krafta og vit til þess að búa börnin sín undir lífið, og þýðingarmesta sporið er svo máské misstigið, þá kemur kvíði í stað gleði. Auðvitað á ég að þegja og hugsa sem svo, að þið eigið að búa að þessu, en ekki ég.

Ef þið hafið bæði álitnið að þið hafið hitt þann eina rétta; þá bið ég guð að blessa ykkur og fel honum öll ykkar efni. Ég hef svo lítið getað gert fyrir ykkur börnin mín og alltaf fer það minnkandi með hverju árinu sem líður.

Berðu henni kveðju mína, ég get ekki skrifað ensku lengur og henni getur engin gleði orðið af því að fá bréf frá mér. – Svo læt ég hér við sitja, bið

Þig forláta og virða mér til vorkunnar mitt álit á lífinu, maður lítur öðruvísi á það þegar maður er 60 ára, heldur en maður gerir yngri.—

Þennan vetur lauk ég öllum minniháttar prófum, sem maður þurfti að hafa lokið áður en maður gæti innritað sig til lokaprófs. Hinsvegar stundaði ég lítið fyrirlestra, sem mér fannst ekki vera nema tímatöf að hlusta á. Gat verið, að vegna þess að ég er sjónnæmur, en ekki heyrnnæmur varð mér lítið úr að hlusta á fyrirlestra, þótti betra að lesa einhverja bók um sama efni, eða þá beinlínis lög, ef um lögfræði var að ræða.

Auðvitað var ekki um auðugan garð að gresja á dönsku því prófessorarnir héldu sömu fyrirlestra ár eftir ár, eða öllu heldur á þriggja ára fresti. Flest slíkt gat ég lesið á ensku eða þýsku, en mér voru þau mál tamari en danskan. Ég gat talað hana sæmilega, svo samstúdentar mínir gerðu ekki eins mikið gys að málfærinu eins og fyrsta veturinn, en ekki get ég sagt að ég hafi eignast neinn trúnaðarvin, þó kvenfólkið í deildinni virtist ekki hafa neitt á móti því, en einhvern veginn gat ég ekki fellt mig við Dani. Þó lásum við saman, piltur sem hét Torben Hansen. Hann bjó ekki langt frá mér, en faðir hans var *landsarkívar*.¹ Sjálfur var Torben einkennilega órór, en gáfaður. Um skeið var hann einn af forystumönnum syndikalista í Kaupmannahöfn, en nú virtist hann allt í einu vilja taka próf og bað mig þá lesa með sér, og gerðum við það í 2-3 mánuði, en þá tók hann allt í einu kennarastöðu og kenndi við lýðháskóla í Odense í nokkur ár, uns hann drap sig, stökk fyrir borð ferjunnar yfir Stórabelti, nokkrum árum eftir að ég lauk prófi. Þó ég kæmi í herbergi hans daglega, var mér aldrei boðið inn á heimili hans. Þó frétti ég að foreldrum hans hafi þótt vænt um að ég las með honum og að það hafi komið stöðvun á hann.

Fjórthagur minn varð æ þrengri og erfiðari og ákvað ég því um haustið að innrita mig til prófs þó tvö-þrjú ár væru eftir af venjulegum námstíma. Hugsaði ég sem svo að ef ég félli, gæti ég reynt að fá vinnu í eitt ár og tekið samt próf á venjulegum tíma. Innritaði ég mig því til prófs þá um haustið.

Virðist sem háskólaþrenging í Danmörku vanti furðulega mikið gott og vinsamlegt uppeldi. Einn eftirmaður hans, prófessor Carl Iversen, sem boðinn var á 30 ára afmæli Háskóla Íslands, hélt auðvitað ræðu, en hún fjallaði nær eingöngu um það að Danir teldu ekki rétt að halda upp á 30 ára afmæli, svo hann gat svo sem leiðbeint um mannasiði. Hann hafði annast kennslu lítilliga er ég var í háskólanum, og bað hann einhvern dag um að ná í mig svo hann gæti heilsað mér. Ég kom auðvitað, en af skömmum mínum þóttist ég ekki muna kennslu hans, en rankaði við mér er leið á samtalið.

¹ Skjalavörður Sjálands.

Þjóst ég nú við hinu versta, enda kom það á daginn að ég fékk mjög lágt fyrir ritgerðir í sömu fögum sem ég fékk hátt fyrir í munnlegu prófi, en þar voru 2 prófdómendur utan háskólans. Vantaði mig því þrjú stig til að fá fyrstu einkunn.

Þetta hafði engin áhrif fyrir mig, en nokkur fyrir ýmsa samstúdenta mína, sem hlustuðu á prófið, því þeir sögðust ekki mundu hafa staðist það sem ég var spurður um, þó mér væru þetta aukafög, en þeim aðalfög. Tveir sem komnir voru að prófi frestuðu því og svo virðist sem ein stúlka hafi aldrei tekið próf.

Um skeið hafði varðveittum bréfum í fjölskyldubréfasafninu fækkað þannig að þau eru næstu árin örfá á ári. Svo er Doris komin til hans í Höfn og hefur það að sjálfsgöðu dreift huganum. Ósennilegt er þó að bréfaskipti hafi fallið niður.

En nú er komið að prófinu og segir hann rækilega frá verkefnum og niðurstöðum sem hann segir slysalausar. Ekki kvíðir hann neinu.

Höfn, 8. des. 1927. Helgi P. Briem skrifar Álfheiði Briem.

-- Annars hef ég það ágætt, er góður í augunum og höfðinu og hef yfir engu að klaga. – Á sunnudaginn var fékk ég heimsókn af Helga Tømm og Kristínu og svo kom Doris svo ég sló upp í knall. *Værtinden* (D.) bjó til kaffi og keypti kökur fyrir mig, og við höfðum það mjög huggulegt. Doris bað kærlega að heilsa og óskaði ykkur gleðilegra jóla. Ég býst við að við verðum bæði hjá Helga Tømm jólakvöldið. Hann og Kristín buðu okkur það á sunnudaginn, svo ég býst við að fá róleg og gleðileg jól. –

Við vorum fjórir sem tókum prófið í janúar 1928. Svo einkennilega vildi til að þrír af þeim urðu ambassadorar. Knut Munch var röskeikapiltur, sem var mjög í Grænlandsferðum og rannsóknum, mjög geðugur. Mér til mikillar undrunar varð hann síðar hirðmarskalkur hjá Alexandrínu drottningu og virtist mér það lítt samræmanlegt áhuga hans á Grænlandi. Síðan varð hann ambassador í Kína.

Sigurd Christensen varð aðalræðismaður í New York þegar ég var að fara þaðan og síðar ambassador. Hann var ofsalega metnaðargjarn og gat ekki um annað talað en einkunnir. Eins og ég giftist hann enskri konu, Monica Redcliff, en annað áttum við lítt sameiginlegt.

Það sem mér þótti leitt við að fara frá Danmörku var, að hafa ekki peninga til þess að taka einnig lögfræðipróf. Hafði ég þegar tekið það mörg próf í það mörgum greinum lögfræðinnar að það var hægðarleikur að verða einnig cand. jur. á einum vetri til viðbótar.

Próf við Kaupmannahafnarháskóla

Er ég lagði fram skjöl með beiðni um að taka próf í janúar 1928, átti ég í nokkrum erfiðleikum með það að háskólaritari, sem Beck hét, neitaði að taka við henni vegna þess að ég hafði skrifað nafn mitt sem Helgi Pálsson Briem. Kvað hann mig heita

Helga Briem en ekki Pálsson. Ég þybbaðist nokkuð við, því bræður mínir höfðu báðir skrifað nöfn sín með millistafnum P. Ég benti á að á stúdentsskírteini landa minna væri aðeins skrifað Björn en Árni væri skrifaður faðir hans nokkru neðar, og þýddi þetta auðvitað að hann væri skrifaður Árni Björnsson. Þessi Bech neitaði að taka við skírteinum mínum nema ég sleppti Pálsson.

Fór ég með skjöl mín til háskólarektors, sem hét Munch-Petersen, *af den retsindige! Munch-Petersen familie*, eins og blöðin kölluðu hann. Um leið og ég opnaði munninn, spurði hann mig hvort ég væri frá Íslandi og játti ég því. Sagði hann þá að ég skyldi fara til Íslands, ég hefði ekkert hér að gera og sagði mér að fara út. Er það eini maðurinn, sem hefur sýnt mér þá kurteisi á ævi minni að reka mig út. Er ég hafði hugsað ráð mitt fór ég síðan með nýja umsókn um að gangast undir próf og hafði nú sleppt hinu saknæma P-i og tók Bech við henni með venjulegum drumbshætti.

Nokkru síðar hitti ég próf. Axel Nielsen fyrir utan kennslustofuna. Hann sagði: *Nú, þér ætlíð að fara að taka próf. Er það ekki heldur snemmt? Við höfum séð yður lítið hér.*

Ég hélt það væri eins og venja væri til og bauð hann mér þá inn í stofuna og settist að reikningi: *Þér innrituðuð yður hér í jan. 1924 og nú er 1927, svo þér hafið verið hér í 4 ár. Fyrri hluta tókuð þér í janúar 1925 (ég gaf það upp). Svo fóruð þér til Englands og Frakklands og komuð aftur 1926. Nú eftir 1½ ár ætlíð þér að ljúka yður af. Þér hafið verið hér í 3 ár en talið er að námið taki fyrir flesta 7½ ár. Og þér eruð útlendingur.*

Ég kvaðst hafa verið 1½ ár í Þýskalandi áður en ég kom til Hafnar og hafi því raunverulega verið 5½ ár við hagfræðináms. Annars hafi ég lokið öllum undirbúningsprófum sem heimtuð væru til lokaprófs og teldi mér ekkert að vanbúnaði. Auðvitað datt mér ekki í hug að segja honum að fjárhagur minn væri svo slæmur að ég treysti mér ekki til að halda áfram lengur og þyrfti því að tepla í tvísýnu.

Síðustu misserin í Kaupmannahöfn var prófessor í hagfræði þar í ársfrú frá háskólanum í Chicago. Ég mun hafa verið sá eini af stúdentunum sem talaði ensku viðstöðulaust. Leitaði hann því til mín um ýmsar upplýsingar og þýðingar sem hann vildi ekki ómaka Bertil Ohlin² með, en hann var sá eini af kennurunum sem talaði ensku. Það kom til tals milli okkar að ég hefði ekki að miklu að hverfa þegar heim kæmi, en ég sagði honum að venjulega þyrftu Íslendingar að bíða uppundir ár eftir að fá stöðu. Hann sagði að ef þetta reyndist erfitt skyldi ég skrifa sér, ég gæti þá alltaf orðið aðstoðarmaður sinn. Það væri illa launað en líklega gæti ég fljótlega komist í skárrí stöðu, því það væri aukinn áhugi á hagfræði og eftirspurn eftir

¹ Sá sem vill vera skipulagður og réttlátur.

² Sjá áður. Um skeið prófessor í Khöfn; einn helsti stjórnmálamaður og hagfræðingur Svía. Hlaut Nóbelsverðlaun í hagfræði 1977.

kennurum í hagfræði. Þakkaði ég honum góðvild hans, en kvaðst vona að ekki kæmi til þess, því ég vildi helst vinna og lifa á Íslandi. Þótti honum þetta mjög einkennileg framtíðarósk.

Strax og ég hafði lokið prófi þakkaði ég fáum veraldlegum munum mínum saman og sendi til Íslands, en sjálfur fór ég yfir til Englands til að hitta kærustuna og athuga ýmislegt í ríkisskjalasafninu í London.

Ég hefi alloft komið til Hafnar síðan ég lauk prófi, en hefi þá talað ýmist sænsku eða ensku. Hefir mér verið heldur illa tekið ef ég hef talað sænsku en betur ef ég talaði ensku.

Ekki er ástæða til að nefna slíkar komur, en þó vil ég nefna eina. Ég hafði verið skráður í nefnd til að endurskipuleggja bókhald ríkisins.

Þar sem ég þurfti að fara til útlanda hvort sem var, ákvað ég að líta inn til ríkisbókhaldara Danmerkur, sem hét Hans Bjarne, en hann hafði kennt bókhald og endurskoðun á námskeiði fyrir þessi fög, sem ég hafði sótt. Var það haldið frá kl. 8 til 10 f.h. og voru margir stúdentarnir fúlir yfir því að þurfa að fara á fætur kl. 7 á morgnana. Ég hitti hann, sagði honum að það vildi svo til að ég hafi ekki haft eins mikið gagn af neinu sem ég hafði lært í Danmörku, eins og námskeiði hans. Það komu tár í augun á honum. Eftir stundarkorn sagði hann: *Ég hef nú kennt nokkrum þúsundum stúdenta og farið á fætur kl. 6.30 til að kenna og vera kominn í skrifstofuna kl. 10. Ég þurfti þess ekki peningalega með því það var lítið borgað og ég orðinn gamall maður. En ég tel að með því geti ég komið betra lagi á bókhald ríkisins, en aldrei heyrð þakkarorð. Ég hef oft heyrð ámali fyrir að reka menn á fætur of snemma. Nú komið þér frá Íslandi, segist hafa haft gagn af þessu starfi mínu. Þér vitið ekki hvað þetta hefur mikla þýðingu fyrir mig.*

Urðum við góðir vinir við þessa endurfundi. Er Eysteinn Jónsson tók við starfi mínu í bókhaldsnefndinni fór hann með meðmælalibréf frá mér til Bjarne og var frámunalega vel tekið.

Er þá Danmörk úr sögunni.

Helgi skrifar Dorisi

Helgi skrifaði kærustunni sinni, Dorisi Parker, nær daglega. Hún var við nám og störf á Englandi, síðar einnig í Danmörku. Þá var hún mikið hjá foreldrunum í Birmingham. Fjallar hann um ýmsa atburði í lífi þeirra beggja; bollaleggur um framtíðina; væntanlega giftingu, framtíðarúsetu og störf.

Ræðir mikið rannsóknir sínar í skjalasöfnum og möguleika á að skrifa ritgerð um Jörund hundadagakóng, síðar einnig um að ljúka doktorsprófi um *Sjálfstæði Íslands*. Þá kemur oft fram hugmynd hjá honum um að þau geti flust til Ameríku, hann jafnvel fengið námstyrk eða starf til að geta unnið sig út úr skuldum. Jafnan fer hann samt ofan af því aftur. –

Þegar hann kom til Íslands þótti honum sem hann væri útlendingur. Kynni hans t.d. af samferðafólki á skipinu þegar hann var á heimleið voru neikvæð. Hann virðist hafa haldið sig að mestu út af fyrir sig við lestur. Þetta er svo sem eðlilegt þar sem hann var trúlofaður og hugurinn bundinn kærustunni.

Þykir honum áhugamál fólksins sem hann kynntist í Reykjavík einkennileg ekki mikilsverð, vill ekki taka þátt í þeim með fólkinu sínu, en virðist hafa umgengist það mikið, a.m.k. í upphafi.

Er Helgi kom til Rvíkur tók Jónas frá Hriflu á móti honum með áætlunum um hvað hann gæti tekið sér fyrir hendur. Virðist tvennt helst hafa verið rætt. Frumvarp um sameiningu póst- og símamála lá fyrir alþingi og sýnist hafa komið til mála að hann tæki við því embætti. Talið var að rekstur póstmála væri í ólestri. Sjálfum leist honum ekki vel á, sagðist ungur og reynslulítill í að vinna með fólki.

Þá var skattstjóraembættið líka til umræðu, starf sem hann síðar tók við. Launin voru þó svo lág er í boði voru að hann taldi sig ekki geta staðið undir kostnaði við heimili, enn síður að hann gæti greitt skuldir sínar niður.

Jónas frá Hriflu var einstaklega vinsamlegur við Helga. Um helgar bauð hann honum með í útreiðartúra sem Helgi hafði ekki hafa stundað frá æskuárunum. Er Jónas fór í mánaðarferð bauð hann honum að búa í íbúð sinni í Samvinnuskólanum; sem hann og þáði, enda þurfti hann vinnufrið, sem hann hafði ekki heima hjá mömmu sinni.

Póst og símamálafrumvarpið var ekki afgreitt á þinginu (ekki lagt fram aftur) og voru þá öll sund lokuð. Beið hann afgreiðslu þess án árangurs. Virðist hann hafa verið mikið á þingpöllum til að fylgjast með umræðum.

Smám saman fer honum að falla betur við lífið í Reykjavík og rifjaði upp samband við gamla féлага. Hann fjallar mikið um fjölskyldumál. Hefur áhyggjur af heilsufari Þórhildar systur sinnar. Allir voru hræddir um og við lungnaveiki. Hann álitur hana fara illa vegna áhyggju af drykkju Theodórs manns síns. Helgi ræðir drykkjuskap Th. aftur og aftur og segir hann *silly ass*. Þeir Helgi Tómasson tóku höndum saman um að hræða Th. til að hætta drykkju og virðist það hafa haft áhrif um sinn. Ræðir um Pál son þeirra, skemmtilegan, háværan, rauðhærðan og hjólbeinóttan, eins og Theodór hafi verið ungur, þar til Páll fór að taka lýsi.

Smám saman verður Helgi jákvæður gagnvart landinu. Þó er ýmislegt er honum fellur miður; getur illa unnið að rannsóknum vegna ónógs bókakosts Landsbókasafns. Er hann því háður eigin bókum í skrifum sínum, t.d. um skattamál og Þjóðabandalagið. Hann áleit mikilsvert fyrir Íslendinga að ganga í það. Ýmisleg fleiri áhugamál hafði hann.

Hann hefur slæma vinnuástöðu heima; er með Eggert bróður sínum í herbergi. Þá gat hann ekki unnið þar að eigin hentisemi, þar sem móðir hans gat ekki sofið fyrir ritvélaskrölti. Hinsvegar virðist vel hafa verið hugsað um hann og allt gert fyrir hann skv. vinnuöflu er hann sendi Dorisi.

Svo er hann í vandræðum með að ýmsir vinir og frændur koma mikið í heimsókn og erfitt að koma þeim út úr húsi fyrr en seint. Virðist honum falla illa að þurfa að heimsekja ættingja sína og finnst þeirra líf og áhugamál drepleiðinleg.

Þeir bræður, hann og Eggert, eru góðir vinir; með sameiginleg áhugamál. Eggert er spíritisti og virðist hafa smitað Helga af því áhugamáli. Áður virðist Doris hafa sinnt spíritisma og Helga þá ekki litist vel á. Jafnvel hvarflaði að henni að gerast miðill. Eggert mun jafnvel hafa kynnst Sigríði Skúladóttur,¹ konu sinni síðar vegna sameiginlegs áhuga á því efni. Hún var líka talin hafa miðilshæfileika.² Þannig að það átti eftir að móta líf fjölskyldnanna og samskipti upp frá því.

Segir Helgi Eggert orðinn full gamlan til að búa svo lengi hjá mömmu sinni. Hann var þá þrítugur.

Æskuvinur Helga og frændi, Helgi Tómasson, var kominn til landsins ásamt Kristínu konu sinni og Tómasi³ syni þeirra. Taka þeir aftur upp sambandið frá Danmörku. Er Helgi Tómasson fékk búslóð sína til landsins og flutti inn í íbúð, sem hann hafði fengið á leigu, hjálpaði HPB honum við að taka búslóðina upp og koma henni fyrir. HT hafði mikið að gera. Er hann opnaði stofu voru 54 mættir til viðtals.

Segist hafa farið með fjölskyldunni til Friede systur sinnar, sem var nýgift. Þar var svo skelfilega leiðinlegt að hann flúði. Kvartar yfir að hún hafi lítilsverð áhugamál, aðeins mjög lukkuleg með sitt líf.

Bætir við, eftir að hafa sagt Dorisi frá þessu, að kannski sé hann öfundsjúkur út í systur sína.

Eftir að pósthfrumvarpið féll þótti honum syrta í álinn. Við bætist að honum tókst ekki að fá útgefanda að doktorsritgerðinni. Hefur á orði að hann vilji hætta við hana.

Þegar leið á vorið tekur Helgi að hressast; fór í skólaferðalag með nemendur sína í Samvinnuskólanum; bjó sig undir starf í skattinum og skrifaði bók um skattamál.

Doris stakk upp á því, vegna umræðna þeirra um mál geðveikra, að listamenn væru fengnir til að mála veggmyndir í Kleppspítalann.

Helgi fór að leika tennis og sagði frá því að haldið hafi verið upp á afmæli hans. Þótti honum það heldur betur leiðinlegt. Gestirnir voru m.a. Helgi Tómasson og Kristín konan hans, sem hann segir að séu aldrei fjörug. Helgi T. hefur mjög mikið að gera en praxisinn er ekki góður; sjúklingarnir fátækir og borga illa.

Þá segir hann frá afmæli hjá Jóni biskupi frænnda sínu og var það einnig leiðinlegt: *that it hurts* og ekki upplífandi að hlusta á gestina segja *lítúrgískar gamansögur*.⁴

¹ Sigríður (1911-99) var dóttir Skúla læknis Árnasonar í Skálholti.

² Sambandið *hinum megin* var gegnum *mr. Nobody*. Var hann oft nefndur á mínu æskuheimili, í gamni og alvöru.

³ Tómas Helgason (1927). Geðlæknir, yfirlæknir og prófessor.

⁴ Því eru prestaboð skemmtileg að prestar skemmtu sér fyrr best við gamansögur hvor af öðrum.

Þá reynir hann að svara Dorisi sem kvartaði yfir að bréfin hans væru *miserable*.

London, 5.2.1928. Helgi P Briem skrifar Álfheiði Briem.

-- Við Doris fórum hingað yfir þann 2. feb. um morguninn og fengum hálfvont veður svo okkur seinkaði töluvert og komum hingað seint á föstudagskvöldið. Í gær var ég að koma öllu í lag og fá endurnýjaða miða að British Museum og ríkisskjalasafninu, svo ég get byrjað strax í fyrramálið; gekk það ágætlega. Ég brenn í skinninu eftir að byrja svo ég verði búinn þann 17. og kominn heim þann 22. og held það ætti líka að takast, því nú gef ég mig að engu öðru. Doris fer í kvöld til Birmingham og biður kærlega að heilsa þér.

Svo hittum við tvo gamla féлага frá Oxford og drukkum te með þeim og rifjuðum upp endurminningar eins og við værum 150 ára gömul og kl. 9 skildum við og fórum heim.

Þessir sunnudagar hérna eru alveg óttalegir – ekki einu sinni almennilega hlýtt og þó ég sitji nú alveg við eldinn fæ ég bara hitann á hausinn en er kalt á löppunum. Á veggnum í forstofunni er listi yfir helstu skemmtanir sem standa til boða – þær eru ellefu og þar af eru fimm kirkjur, fimm málverkasöfn og eitt ráðhús. Og svo eru söfnin ekki opnuð fyrr en kl. tvö og lokað aftur kl. fjögur. En ég hef nú samt lofað okkur að fara í Tate Gallery eftir lunch.

Nú fór ég til London og byrjaði að vinna í ríkisskjalasafninu þar. Vildi ég ná í sem flest skjöl um ferðir skipa í Napóleonsstyrjöldunum. Ég hugsaði mér að skrifa doktorsritgerð um málið á atvinnuleysis tímabili því sem ég bjóst við heima, og vildi því hafa sem flest skjöl við hendina. En þá voru engar ljósritunarvélar til, svo ég varð að skrifa allt stafrétt með hendinni. Þó gat ég látið ljósmynda skjöl, en það kostaði 21 sh. hver mynd, svo sú leið var ekki fær fyrir mig.

Þó liðin væru 2 ár síðan ég var síðast í ríkisskjalasafninu sagði eftirlitsmaðurinn við skrásetninguna við mig um leið og ég kom inn: *Mr. Briem, það liggur hérna aðgöngumiði að safninu hjá mér. Við höfum ekki séð yður lengi og höfum saknað yðar.*

Mér fannst svona móttökur nokkuð aðrar en ég átti að venjast og hafði ekki gert mér grein fyrir að ég hafði ekki fengið aðgöngumiðann, heldur aðeins munnlegt bráðabirgðaleyfi.

Þar sem ég vildi gjarna vita um ævilok Jörgensens, bað ég Leonard Huxley¹ um viðtal. Hafði hann þá rétt lokið við að skrifa bók um Joseph Dalton Hooker, son Williams, sem reyndist Jörgen best. Hafði Joseph þekkt Jörgen og kom til Tasmaníu

¹ Leonard Huxley (1860-1933). Vísindamaður og rithöfundur af þektri menntamannaætt. Faðir Aldous og Julian. Einn sona hans Andrew hlaut Nóbelsverðlaun í líffræði. Allir voru þeir frægir, hver á sínu sviði.

og hitti Jörgen þar. Leonard var sonur Thomas Huxley, sem mest barðist fyrir kenningu Darwins, en synir hans eru Aldous og Julian, nafnkunnir menn.

Leonard var þá ritstjóri Cornhill Magazine. Kom hann strax til mín í biðherbergi það sem mér var vísað á. Sagði ég honum að ég væri að reyna að fá upplýsingar um dauða Jörgens Jörgensonar og lýsti með nokkrum orðum því sem ég hafði grafið upp um hann í ríkisskjalasafninu og British Museum. Hann vildi vita meira um þetta allt, en kannaðist við Jörgen frá Hookerfjölskyldunni. Þegar ég sagði honum frá því, fór hann allt í einu að hlæja: *Þetta hlýtur að vera skemmtilegra, ungi maður, en ríða á eftir hundum.*

Það er einhver besta skemmtun sem Bretar þekkja að veiða refi sem hópur hunda eltir en á eftir ríða veiðimennirnir á gríðarlega miklum og sterkum hestum og fara í loftinu og stökkva yfir hvaða torfæru sem verður á vegi þeirra, grjótgarða, læki, bifreiðavegi o.s.frv. Sagði hann mér að sonur sir Joseph Hooker hefði skrifstofu sína þar skammt frá og hringdi þegar í hann og sagðist vera með Íslending sem hann hefði áreiðanlega gaman af að hitta. Fór ég þangað og hitti lítinn mann, nauðasköllóttan og fór hann einnig að spyrja mig út úr um veru afa síns á Íslandi. Bauð hann mér heim til sín að borða hádegismat næsta dag og sagði mér hvaða neðanjarðarstöð ég skyldi fara á og að ferðin tæki hálf tíma.

Næsta dag spurði ég járnbrautarþjón um lestina og sagði hann mér að taka næstu lest sem kæmi. En sá var galli á að hún fór í boga um ýmis úthverfi en önnur lest fór beint. Kom ég því hálf tíma of seint. En þau hjón tóku nú þetta eins og það væri sjálfsgætur hlutur og við settumst þrjú að borðhaldi í mjög ríkmannlegri stofu, með nægu þjónaliði. Varð ég að segja þeim aftur um afann á Íslandi og Jörgensen, sem Hooker hafði heyrt um og dauðdaga hans.

16.2.1928. Helgi P. Briem skrifar Álfheiði Briem.

-- Í gær ákvað ég að sleppa Brúarfossi frá mér því ég hef fundið þau ósköp um Jörund að ég vildi ekki skilja við það órannsakað, svo kannski ekki geta lokið við neitt um hann fyrr en ég væri búinn að koma til London aftur. Mér var því hálf þungt í huga, en bjóst hinsvegar við að mér yrði ef til vill ekki betri not af þessum tveim vikum annars staðar og ákvað að afrita nú allt sem ég gæti. Það eru víst fáir útlendingar sem hafa unnið á skjalasafninu hér og er að mörgu leyti erfitt að komast inn í kerfið sem þeir nota hér. Ég hef því leitað mikið að nokkrum skjölum sem ég vissi um, en hef í staðinn fundið ýmislegt annað. Þorði ég ekki að skilja við London án þess að finna þessi skjöl og held ég að það hafi þegar borgað sig, í dag fann ég tvo stóra pakka um Jörund og sumt merkilegt í þeim – en hin skjölin eru ófundin enn. Mér voru þetta töluverð vonbrigði og var hálf þungt um hjartaræturnar í dag – en maður þrúmaði af í þrjú ár, - þá kemst maður yfir næstu tvær vikurnar. En mikið hlakka ég til að koma heim og sjá ykkur.

Ofan á annað, sem gerði mig ráðþrota, var að annað kvöld kemur hingað svissneskur maður til London. Hafði ég skrifað honum til Sviss og beðið hann um upplýsingar, en hann á stórt museum eftir Jürgensenana,¹ og finna það sem bróðir Jörundar stofnsetti í Sviss. Þjóst ég við að fá að vita eitthvað þar, en nú skrifaði bróðir hans mér og sagði að Charles Heuriz væri að koma til London.

Annars hefur mér þótt mjög gaman að þessu verki og komist inn í ýmislegt. M.a. kynntist ég sonarsyni eins af förunautum Jörundar er hann gerði byltinguna, W.H. Hooker. Urðum við miklir vinir yfir Jörundi og bauð hann mér í lunch heima hjá sér í Chiswick hér í vestur London. Hefur karlinn verið á Íslandi og var það 1899. Mundi hann vel (er nú 75 ára gamall) hvað Krísuvíkurvegurinn var vondur!

Á sunnudaginn var skrapp ég til Oxford og hitti tvo gamla kennara mína og varð fagnaðarfundur okkar á meðal og sýndist þeim ég hafa vaxið!

Annað hef ég nú ekki verið á útstáelsi, heldur verið heima á hverju kvöldi, því ég hef haft svo mikið að starfa. Býst ég við að hafa nóg þó ég bæti þessum tveim vikum við, því ég hélt ég gæti fengið afskriftir af sumum bókum Jörsa, en það verður svo dýrt að tveggja daga verk kostar um 40 sh., svo það gaf ég upp.

Það gladdi mig að þú skyldir ekki verða skúffuð yfir að sonur þinn komi heim með háði.³ – en svona gengur það, ef ég hefði lesið 1½ ár til, eins og Gunnar Viðar,⁴ hefði ég kannske getað náð þessum 3 point sem mig vantaði, en þá hefði ég líka verið sjö ár eins og Jón frændi hélt! –

Eggert bróðir minn gat útvegað mér 300 kr. svo ég gat verið út febrúarmánud í London, Vann ég ýmist í British Museum eða ríkisskjalasafninu frá morgni til kvölds. Þótti mér sú vinna mjög skemmtileg og hvarflaði oft að mér að skemmtilegt væri að nota lífið í skjalaramsóknir. Kæran kom frá Kings Norton⁵ á sunnudögum og við vorum þá saman megnið af deginum, gengum um hina fögru garða í London, eða fórum í leikhús eða bíó þegar rigning var.

Ýmis bréf til Hookersfeðga voru í skjalasafni grasgarðsins mikla í Kew. Vann ég þar nokkra daga, en lítið var þar að sjá í febrúar nema í vermihúsunum.⁶

Þann 2. mars fór ég til Edinborgar til að fara heim með Gullfossi og fékk ágætis veður. Ferðin varð einnig ánægjuleg fyrir það að þá kynntist ég Jónasi Lárussyni⁷,

¹ Alkunnir úrsmiðir og munu enn.

² Heuriz er þekkt fyrir tæki úra- og klukkugerðr. E.t.v. eru tengsl milli þess og Jürgensona.

³ Haud - Önnur einkunn.

⁴ Gunnar Viðar (1897-1972), hagfræðingur og bankastjóri.

⁵ Í útjaðri Birmingham. Doris Parker Briem var frá B.

⁶ Gróðurhúsunum.

⁷ Jónas Lárusson (1889-1965). Faðir Magnúsar Más prófessors, guðfræði og sagnfræðiprófessors. Þekktur fyrir stórmannlega veitingastjórni m.a. á Gardi (seinna nefndur Gamli G.) er stúdentagarðurinn hafði verið reistur. Yndislegur maður og góður við börn, þ.e. mig E.Á.

bryta, indælum manni, sem allt gerði til að manni liði eins og á lúxusskipi og virtist alveg óþreytandi að starfa fyrir félagið og farþegana.

Reykjavík

Er heim kom var ég auðvitað lengi atvinnulaus. Hitti ég þá gamlan skólabróður sem lokið hafði prófi í verkfræði nokkru á undan mér. Hann hafði unnið við húsamálningu í sumarfríum, sterkur og myndarlegur maður. Kvartaði hann undan atvinnuleysisinu, svo ég spurði hann því hann færi ekki í húsamálningu. Hann svaraði: *Ef ég færi í húsamálningu yrði ég húsamálari það sem eftir er ævinnar og ég hef ekki eytt mörgum árum í verkefndinám til þess að verða húsamálari.*

17.7. '28. Bíltúr með Jónasi og fjölskyldu að Galtalæk og Austvaðsholti.

Um sumarið bað Jónas Jónsson frá Hriflu, sem þá var orðinn dómismálaráðherra, mig um að fara með Birni Steffensen¹ endurskoðanda til að endurskoða reikninga hjá sýslumönnum á Suðurlandi og Vesturlandi.

Jónas hafði boðið mér að fara austur í Skaftafellssýslur og fórum við í bíl 28. júlí. Þann 30. júlí mætti Lárus á Klaustri² okkur með hesta – Jónas, frú Guðrún, Auður, Gerður og Sólveig Jónsdóttir (Jónatanssonar)³.

Stöldrúðum við í Fljótshlíð og skoðuðum þá dásamlegu staði sem þar eru, Bleiksárgil og Tómasargil, sem maður veit varla að til eru þegar farið er um í bíl, þó maður sjái glitta í fallegu fossa.

Frá Hlíðarendakoti fórum við fyrsta daginn og gistum að Holti hjá séra Jakobi Ó. Lárussyni, fornvini Jónasar. Hafði frúin⁴ búið okkur veislu og m.a. all-ferlegan búðing, en hafði auk þess skyr og rjóma. Nærgætni Jónasar kom í ljós þegar við öll vildum heldur skyr en búðinginn sem frúin hafði búið til í sveita síns andlits. Sagði hann þá: *Við reynum öll að smakka á búðingnum* og tók þá prestfrúin gleði sína.

Fórum við stuttar dagleiðir í stórkostlegu landslagi. Gistum hjá Páli í Skammadal og næstu nótt í Flögu hjá Vigfúsi bónda og hittum þar séra Björn O. Björnsson, frú hans og börn þeirra⁵. Næsta dag fórum við síðan að Klaustri og hittum þar fjóra syni Lárusar; Helga, Siggeir, Júlíus og Berg. Dáðist ég mjög að öllum myndarskap á Klaustri.

¹ Björn Steffensen (1902-33), þekktur endurskoðandi. Dóttir hans er Helga, brúðulistakona, stjórnandi Stundarinnar okkar.

² Lárus Helgason (1873-1941), héraðshöfðingi á Kirkjubæjarklaustri. Merkgilegur fyrir margt, ekki síst fyrir baráttu gegn kvensöðlum, sem hann taldi hættulega. "*Lagði kvensöðulinn að velli*", var sagt.

³ Guðrún Stefánsdóttir. Gerður Jónasdóttir átti lengst Steinþór Sigurðsson náttúrufræðing er fórst við rannsókn Heklugoss 1947. Auður átti Eggert Steinþórsson lækni. Sólveig var dóttir Jóns Jónatanssonar rektunar- og alþingismanns.

⁴ Séra Jakob Ó. Lárússon (1887-1937) átti Sigríði Kjartansdóttur (1885-1960) prestsdóttur frá Holti.

⁵ Séra Björn O. Björnsson (1895-1977). Konan hans var Guðríður Vigfúsdóttir frá Flögu í Skaftártungu. Hann var víða prestur og rithöfundur. Ritstjóri tímaritsins "Jarðar". Faðir Odds leikskálds, Sigríðar uppeldisfræðings o.fl.

Jónas og ég fórum hingað og þangað um umhverfið, sem mér þótti mjög gaman að. Jónas hélt fund sunnudaginn 5. ágúst og voru um 70 manns þar viðstaddir.

Þann 9. ágúst fórum við að Núpsstað og hittum Hannes¹ póst, sem var lítill og rýr, og heldur fátæklegt þar. Sátum við á kistum við borðið. Riðum við austur fyrir Lómagnúp, en þá var þoka á Örfafjökli. Næsta morgun vaknaði ég snemma og var þá glampanði sólskin, svo ég fór niður að Gljá til að ljósmynda. Vakti ég svo samferðafólkið til að sjá Örfafjökul í sólskininu, en um 11-12 leytið settist þoka að honum og var þá lítið að sjá.

Lauk þessari ferð í Vík þann 14. ágúst og var ég ætíð þakklátur Jónasi fyrir að bjóða mér í þessa dásamlegu ferð. Voru nokkrar brýr þá komnar en langflestar ár óbrúaðar. Minnst ég sérstaklega hvað Múlavísl var ill með háa straumhnúta (drýli) og reið Lárus upp og niður með ánni, uns honum leist sémilega á það.

Er ég kom til Víkur var Björn Steffensen þar fyrir. Þar byrjuðum við þegar endurskoðun. Við höfðum hitt Gísli² sýslumann hjá Vigfúsi mági hans að Flögu, en hann sagði að ritari sinn myndi veita okkur aðgang að bókum embættisins. Unnum við Björn til kl. 8 um kvöldið, en þriðja daginn til kl. 11 að kvöldi til að ljúka af endurskoðuninni. Skrifuðum við síðan skýrslu og bentum á ýmislegt smávegis sem okkur þótti athugasvert. Varð þetta til þess að Gísli lagði mikið hatur á mig og kom það fram í ræðum hans á Alþingi. Hinsvegar varð ég ekki var við að hann hefði neitt út á Björn að setja.³

Síðan fórum við Björn að Efra-Hvoli til Björgvins⁴ sýslumanns og frú Ragnheiðar og höfðum ágætis atlæti á því myndarheimili og unnum einnig þar frá morgni til kvölds, að meðtöldum sunnudegi, en fórum þaðan til Magnúsar Torfasonar⁵ a Eyrarbakka. Kom heim laugardaginn 25. ágúst eftir góða ferð og ánægjulega. Eftir að við Björn Steffensen höfðum gengið frá skýrslu okkar hélt ég áfram að skrifa doktorsritgerðina.

Þann 8. september fórum við Björn til að skoða reikninga Dalasýslu hjá Þorsteini sýslumanni Þorsteinssyni⁶ í Búðardal. Þurftum við að fá hesta í Dalsmynni, en ferðin gekk vel og bjuggum við hjá Þorsteini. Fór vel á með okkur og töluðum í frístundum okkar um góðar og gamlar bækur.

¹ Hannes Jónsson (1880-1960), bóndi og vatnagarður. Langafi Davíðs Oddssonar.

² Gísli Sveinsson (1880-1959). Sýslumaður Skaftfellinga, alþingisforseti og sendiherra. Kona hans var Guðrún Einarsdóttir frá Rvík.

³ Virðist hafa gróíð um heilt þó Gísli væri með drýldni vegna doktorsvarnar Helga. Er Gísli var sendih. í Osló, leitaði hann til HPB um aðstoð: *Kæri vinur!*

⁴ Björgvins Vigfússonar (1866-1942).

⁵ Magnúsar Torfasonar (1868-1944). Síðast sýslum. í Árnessýslu, sat á Eyrarbakka; alþingismaður.

⁶ Þorsteinn Þorsteinsson (1884-1961), lengi þingmaður; frægur bókasafnari.

Meðan við vorum þar hittum við lítinn karl, snaggaralegan og skemmtilegan, með mikið skegg og gáfulegt enni. Sagði hann mér frá hvernig hann hefði læknað sig af krabbameini í maga. Er læknar voru búnir að finna hvað að honum gekk, sagði hann að lítið hefði sig langað til að lifa lengi sem sjúklingur á spítala og örkuðla maður. Hafi hann því keypt sér jodáburð og hellt honum út í mjólkurglas, þangað til liturinn var eins og sterkt rjómakaffi og drukkið það. Síðan reidd hann heim til sín og var nú hraustur til heilsunnar og þakkaði það jodáburðinum. Reyndist þetta vera sá frægi bóndi Bjarni Jensson¹ í Ásgarði og dó hann ekki fyrr en 14 árum eftir að ég hiti hann, hvort sem það var jodáburðinum að þakka eða hreysti hans og vilja, en krabbamein er sá sjúkdómur sem virðist auðveldast að beygja undir vilja mannsins, þó læknar geti þar lítið ráðið með vísindum sínum.²

Frá Búðardal fórum við til Stykkishólms. Gátum við fengið bílfar að Narfeyri. Bíllinn þótti heldur ævintýralegt farartæki í þann tíð. Reyndist farið ekki kosta meira en flutningur á hestum með fylgdarmanni, og bifreiðarstjórinn var alveg óhræddur við óbrúaðar ár á leiðinni, enda voru þær ekki stórar. Hafði hann gert góðan útbúnað og fest kaðla í framöxul bifreiðarinnar. Þá voru allar bifreiðar með góðu og nytsömu þrepi, nokkru neðar en inngöngudyr. Er við komum að fyrstu ánni vorum við farþegarnir látnir standa á þrepinu góða og höfðum kaðallykkju í hendi. Ók nú bifreiðarstjórinn af fullum krafti út í ána, en hún var nokkuð djúp í miðju og drap vélin á sér. Við farþegarnir stukkum þá af henni eins langt og við gátum og óðum í land og toguðum síðan í reipið þar til bifreiðin var komin yfir. Þegar hún hafði hvílt sig nokkuð og fengið úr sér hrollinn, setti bifreiðarstjórinn hana í gang og ók að næstu á.

Var farið að skyggja er við komum að Narfeyri. Bærinn stendur hátt og virtist mér eins og Álftafjörðurinn væri með hvíta rönd, svo mér datt fyrst brim í hug, sem þó gat ekki verið. Spurði ég Jón bónda um það. Sagði hann það vera álfir, sem þarna voru þúsundum saman. Bætti hann við að þær gerðu mikinn usla á engjum sínum. Spurði ég hvort þær væru ekki gott búslag um leið. Hann svaraði aðeins: *Enginn verður feitur af fuglaketi*. Kom í ljós að hann hafði aldrei reynt að skjóta álfarunga, né lagt þá sér til munns.

Vorum við síðan nokkra daga í Stykkishólmi en fórum þaðan til Borgarness og var hafður líkur útbúnaður á bíl þangað með að draga bíllinn yfir árnar, en á þeirri leið mun þess ekki hafa þurft nema einu sinni.³

¹ Bjarni Jensson (1865-1942).

² Doris Briem hafði ákveðnar skoðanir á heilbrigði og næringu. Helgi var hennar stuðningsmaður og skoðanabróðir. Þessi kenning minnir á skoðanir Dorisar.

³ 1929 birtist gr. í Tímanum: *Eftirlit með sjúklumönnum*. Þó greinin sé pólitísk varpar hún ljósi á málið. Upphafið mun hafa verið mál Einars sýslum. í Barðastrandars. og Jóhannar bæjarfógl. í Rvík. Við úttekt á fyrra málinu komst upp um 140 þús. kr. sjóðþurrð. Þá fór fram skoðun á embættunum í Hafnarf. og á Akureyri sem Stefán Jóh. Stefánsson og Björn Steffensen önnuðust. Þá hélt Björn áfram skoðun um landið ásamt Helga P. Briem. Þá gerðu Björn og Gizur Bergsteinsson rannsókn á embætti bæjarfógeta í Rvk, fannst þar 60 þús. kr. vaxtafé almennings. Gizur og Einvarður Hallvarðss. fóru þá enn í eftirlit til Hafnarfj.; síðan til Vestm.eyja er ekki hafði verið skoðað frá 1923. Einvarður og

Í október byrjaði ég að kenna hagfræði í Samvinnuskólanum. Þá var ég einnig ráðinn sem aðstoðarmaður milliþinganevndar í skattamálum. Voru í henni Jón Þorláksson¹, Haraldur Guðmundsson² og Halldór Stefánsson³. Við kennsluna voru þeir erfiðleikar að engin bók var til um hagfræði á íslensku. Jónas frá Hríflu fékk þá Freysteinn Gunnarsson⁴ til að þýða kennslubók eftir Charles Gide⁵ og kom hún út árið eftir. Fyrsti hlutinn var teoretískur um verðmyndun og þessháttar, en Jónas taldi slík fræði mega missa sig að mestu, það mig skrifa inngang, ekki meira en 16 síður, og gerði ég það; sá hluti bókar Gide var um 160 síður.

Skrifaði ég Gide og fékk leyfi hans til að þýða mætti bók hans og heimsótti hann síðan með eitthvað af frímerkjum, sem honum þótti vænt um. Sat hann í hópi margra barna sem öll virtust undir 7 ára aldri. Var hann hinn elskulegasti, en svo rangeygður að mann svimaði af að horfa framan í hann.

Í milliþinganevndinni var ég ráðinn ritari hennar og byrjaði að gera samanburð á ýmsum sköttum á Íslandi og nágrannalöndunum, svo sem venja er til en tók síðan til við samanburð á tekjuskattinum, þar og hér.

Fékk ég mikil gögn frá Hagstofu Íslands, sem ekki höfðu verið birt en nokkuð hafði verið unnið úr. Vann ég að þessu í skrifstofu Brunabótafélagsins, því þar hafði ég aðgang að samlagningarvél, mjög þungri og háværri, en nothæfri. Þótti mér undarlegt að mjög sjaldan komu út sömu niðurstöðutölur hjá Hagstofunni og mér, og hélt ég það væru mistök vélarinnar. En brátt komst ég að orsökinni. Starfsmanni þeim sem unnið hafði verkið í Hagstofunni, hafði aldrei dottið í hug að nauðsynlegt væri að fletta skýrslunum og voru niðurstöðutölur hans því eingöngu byggðar á 1. síðu, en sleppt því sem stóð að 2., 3. og 4. síðu. Eftir þetta gekk verkið betur svo ég gat fljótlega lagt niðurstöðutölur fyrir nefndina.

Skattstjóri

Í byrjun nóvember fékk ég bréf undirritað af Magnúsi Kristjánssyni fjármálaráðherra um að ég væri settur skattstjóri frá 1.1.1929. Prófessor Einar Arnórsson hafði gegnt því starfi, en orðið fyrir allmiklum árásum um hvernig hann hefði gegnt því, svo hann sagði af sér. Skömmu síðar varð Magnús fyrir slysi og dó þann 8. des. 1928.

Bréfið segir að ég sé settur: *fyrst um sinn, þar til öðruvísi verður ákveðið, frá næstu áramótum að telja, með þeim skyldum og réttindum sem stöðunni fylgja*. Þar sem ég var mjög skuldugur hafði ég auðvitað nokkurn hug á réttindum sem voru önnur en launin.

Sveinn Ingvarsson fóru til Ísafj, sem ekki hafði lengi verið skoðað. Svo var eftirliti haldið áfram um landið og stefnt að árlegri athugun embættis. Kom einnig fram að embættisrekstur ýmissa embættis var í góðu lagi.

¹ Jón Þorláksson (1877-1935), borgarstjóri, alþingismaður og forsætisráðherra, átti Ingibjörgu Claessen, frænku Helga.

² Haraldur Guðmundsson (1892-1971). Alþingismaður, ráðherra og síðast sendiherra í Osló.

³ Halldór Stefánsson frá Desjarmýri (1877-1971), alþingismaður og forstjóri Tryggingarstofnunar ríkisins.

⁴ Freysteinn Gunnarsson (1892-1976). Mikilvirkur þýðandi, skólastjóri Kennaraskóla Íslands.

⁵ Charles Gide (1847-1932). Einn helsti hagfræðingur Frakka, prófessor í Bordeaux, Montpellier og París.

Það var nokkrum erfiðleikum bundið að vita hver þau væru. Loks fékkst það upplýst að Einari hafi verið greiddar 3700 kr. á ári fyrir skattstjórastarfið og hann mátti taka það allt út fyrri hluta ársins, því hann vann lítið seinni hluta ársins.

Þegar nokkuð var liðið frá útför Magnúasar Kristjánssonar og Tryggvi Þórhallsson¹ hafði tekið við embætti hans, bað ég um viðtal við hann og spurði hvort ekki væri rétt skilið að þær 3700 kr. sem Einari hefðu verið greiddar teljist hálf laun, svo sem ákveðið sé í launalögum að þeim séu greidd, sem hafi annað embætti fyrir. Tryggvi lagði hendur fyrir aftan bak, og sagði að það kæmi ekki til mála. Ég sagðist ekki treysta mér til að taka við starfinu með þeim launum, sem væru eins og fyrir búðarstörf, það fylgdi þessi embætti mikil ábyrgð og ef það væri ekki launað hærra en svo að launin rétt nægðu fyrir vöxtum af lánum mínum, mundi ég annaðhvort verða gjaldþrota, eða grunaður um að þiggja mútur og ég treysti mér til hvorugs. Þar sem hann sat við sinn keip, sagðist ég ekki treysta mér til að taka við þessu embætti og kvaddi. Rétti ég fram hendi en Tryggvi hafði hendur fyrir aftan bak. Var þetta síðasta sinn sem við Tryggvi töludumst við.

Jónasi Jónssyni, sem alltaf sýndi mér vináttu, þótti þetta leitt, en gat ekki að gert. Hann var ekki fjármálaráðherra.

Helgi skrifar Dorisi

Rvík, 11.6.'28

Kom Jónas frá Hriflu frá útlöndum.² Jónas taldi í hann kjark og sagði hann skyldi engar áhyggjur hafa vegna atvinnu sinnar.

Segir Álfheiði móður sína vera harðstjóra. Það var í tilefni af deilum sem risu um vinnuherbergi í húsi hennar í Tjarnargötu. Hún ætlaði að gera einhverjar ráðstafanir til að bæta hana. Helgi féllst ekki á þær og fundu þeir Eggert aðra lausn. Það væri alveg sama hvort um smátt eða stór væri að ræða, alltaf sveiflaði Á. keflinu. Þannig flæmdi hún börnin sín frá sér; og verður af ráðgjöf þeirra. Sérstaklega færi þetta illa með Eggert. Ekkert væri hægt að ræða við matborðið því hún hefði óhagganlegar skoðanir á öllu.

Hann væri atvinnulaus, hún hamrar á því að ég hafi verið vitlaus að læra hagfræði en ekki lögfræði eins og mágar mínir og mikil vitleysa hefði verið hjá mér að fara milli margra landa í námi mínu. "*Ég segi þér þetta, því ég vil segja þér allt.*"

Þá ræðir hann sorg hennar og einmanaleik, vonar að þau geti gift sig í vetur.

¹ Tryggvi Þórhallsson (1889-1935), alþingismaður, forsætisráðherra; síðast bankastjóri Búnaðarbanka Íslands.

² Hafði lánað Helga íbúðina sína við Sölvhólsgötu meðan hann var burtu.

Segir hann frá starfi Helga Tómassonar sem sé svo mikið að hann sé í vinnu frá 9-22. Konan hans er óánægð með að sjá hann aldrei en vera bundin hálfu dúsini af systurum sínum!

Rvík, 25.6.'28.

Skrifar um heimsókn sendiherra Breta í Khöfn og flotaheimsókn í því sambandi. Var Helgi boðinn í ferðalag með honum, m.a. að Geysi. Hann er bersýnilega hrifinn og óskar þess innilega að Doris auðnist að sjá hann áður en hann verði virkjaður til rafmagnsframleiðslu (sem hefur komið til tals).

Kvartar yfir Eggert bróður sínum, segir hann fanatískan, taka illa mótmælum eða athugasemdum; en hann væri góður maður og betri en heimurinn og Helgi eigi skilið. En hann er hreinskilinn, gengur fram af fólki, ekki sist móður sinni. Helga finnst að hann eigi ekki að þvinga fólk. Segist ekki hafa sagt Eggert skoðanir sínar í þessu efni.

Eggert er nú hættur miðilsfundum og sambandi við stúlkuna með miðilshæfileikana.¹

Ræðir hann um embættið við skattinn og léleg kjör sem þar eru í boði. Þegar skemmtiferðaskip kom til Reykjavíkur skráði Helgi sig sem fararstjóra.

Þá segir hann frá Þórdísi systur sinni sem ekki virðist ætla að giftast og líki illa við alla sem lítist á hana. Hún er skapstirð, segir hann.

Doris hafði viðurkennt fyrir honum að hún hefði flórtað við einhverja stráka. Helgi hvatti hana til þess og sagðist fyllilega treysta henni!

17.7.'28.

Ræðir viðtökur greinar sinnar um peninga/gengismál sem virðist hafa birst þann dag í Morgunblaðinu og hlaut þar góðar viðtökur. Þótti afleitt að hafa, eftir að hafa skrifað greinina, þurft að fara á fund bankastjóra, til að bjarga eigin lánamálum í fallandi gengi.

Er farinn að kenna forstöðumanni Hjálpræðishersins íslensku. Einnig farinn að leika tennis við Dídí systur sína.

Tómas litli Helgason er bæði illa uppallinn og óþekkur, en hann stækkar ört. Segist vera í heldur þungu skapi þegar hann er í návíst þeirra hjóna, Helga og Kristínar.

23.7.'28.

Þennan dag birtist aftur grein eftir Helga um gjaldeyrismál og var vel tekið. Settar voru fram spurningar í leiðaranum sem sýnir að ritstj. hefur ekki skilið greinina að fullu.

28.7.'28.

¹ Mun vera Sigríður Skúladóttir (1911-1999) frá Skálholti, sem hann gekk að eiga 1932.

Jónas bað hann um að koma í ráðuneytið og bauð honum verkefni við eftirlit með fjármálum sýslumanna. Þannig virðist honum útlitið gott, ekki síst fjárhagslega.

11.8.'28, Kirkjubæjarklaustri.

Útlit gott. Býst við eftir að eftirlitinu lýkur að þurfa að setja upp nýtt fjármálakerfi fyrir sýslumenn. Mikilvægt verk þar sem um þeirra hendur fer meginhluti tekna ríkisins.

14.8.'28.

Á Efra Hvoli. Er í besta skapi enda hafði hann ekki aðeins unnið að verkefnum sínum, heldur einnig ferðast heilmikið með Jónasi sem var staddur þar fyrir austan; bæði á hestum og í bílum.

27.8.'28.

Í ljós hefur komið að launakjörin eru lakari en hann átti von á eða aðeins 20 kr. á vinnudag sem gerir líklega um 200 kr. á mánuði. Var að koma í bæinn eftir vel heppnaða ferð. Komist hafði upp um talsverð skattsvik; aðeins eitt mál skilar 14 þús. kr. í kassann.

3.9.'28.

Fór í heimsókn til Helga Tómassonar og var þar leiðinlegt og ekkert að tala um. Reyndi að finna umræðuefni en ekkert gekk.

6.9.'28.

Segist stundum vera þungur í skapi, þykir slæmt að hann eigi erfitt með að kynnast ókunnugum. Þess vegna sé hann stundum einmana.

11.9.'28; kominn í Borgarnes

24.9.'28 í Rvík.

Um þessar mundir jagast þau Doris nokkuð út af einhverri Söllu, er virðist tengd Jónasi og á ferð með honum. Sýnilega er Doris viðkvæm fyrir því og telur að samband sé milli Helga og hennar. Eyðir Helgi mörgum orðum í að bera þær saman og kemur S. hreint ekki vel út úr þeim samanburði!!

3.10.'28.

Fór í skoðunarferð með hóp foringja úr frönsku flotaheimsókninni. Var ánægður með frönskuna sína. Þá var Samvinnuskólinn að byrja.

12.10.'28.

Starfar fyrir skattanefndina með aðstöðu í Alþingishúsinu. Fundir í nefndinni annan hvern dag. Formaður kom dag hvern til að komast inn í málið og skilja málið. Nefndarmenn úr öllum flokkum; form. er samvinnu/framsóknarmaður. Fellur ekki vel við hann, 51 árs ekill, nýgiftur 19 ára stúlku. Hjónabandið ekki gott þar eð hún neitar að búa með honum. Hún er mjög rík og neydd af föður sínum og biðlinum í

hjónabandið. Hann er ópolandi.¹ Alþýðuflokksmaðurinn og Helgi eru góðir vinir. Hann er ritstjóri Alþýðublaðsins, heldur latur, sterkur persónuleiki, þægilegur maður, sjarmör, svo stúlkur öfunda mig af að starfa með honum. Hann er mælskur en ófríður.²

Sjálfstæðismaðurinn³ er ríkur kaupmaður, var formaður íhaldsflokksins, sterkur persónuleiki, rökfastur, svo hann er áhrifameiri en hinir nefndarmennirnir. Ég verð því að vinna hann á mitt band. Er það skrytið fyrir mig sem starfsmann. En hann mætir ekki með okkur í kaffi.

Samstarfið gengur vel. En heldur er það leiðinlegt daginn langan að plægja sig í gegnum skýrslur um skattamál 140 sveitarfélaga. Ég verð við þetta 3-4 mánuði þar til þing kemur saman. Þá verður hlé. Gamli skattstjórinn⁴ hefur sagt af sér. Á von á að verða eftirmaður hans 1. jan. Þá verður mikið að gera á skattstofunni til apríl/júní. Með báðum störfunum ættum við að komast vel af.

Ekki verður gaman að vera hér áður en meginátakinu lýkur. Því þurfum við að fresta giftingu okkar og brúðkaupsferðinni.

30.10.'28.

Helgi er í vandræðum með formann skattanefndarinnar sem er mjög óskipulagður í starfi; fer úr einu í annað og lýkur engu. Því fóru þeir í göngutúr til að geta rætt málið. H. sagði honum að við svo búið mætti eigi standa. Tók hann rökum H. vel og lofaði að ræða við Helga fyrir fundina. Þetta er allt álag sem gerir hann þungan í skapi og þreyttan.

13.11.'28.

Segist reyna að vinna að doktorsritgerðinni eftir því sem færi gefst. Þá er hann að kenna nemendum sínum í Samvinnuskólanum ræðumennsku. Fæstir höfðu nokkru sinni reynt slíkt en þegar þeir byrjuðu urðu þeir varla stöðvaðir.

23.11.'28.

Fjármálaráðherra (Jónas J.) fór utan. Áður en hann sigldi skipaði hann Helga í skattstjórastarfið án þess þó að segja hver launin ættu að vera. Hann var farinn þegar H. fékk bréfið og gat hann því ekki rætt málið við J. Þá fór Helgi til forsætisráðherra.⁵ Sagði hann mér hver launin væru en H. sagðist ekki geta lifað á þeim. Þegar Jónas kom aftur ræddu þeir málið. Jónas ætlaði að beygja hann með því að byrsta sig við hann. Var málið mjög flókið en Haraldur Guðmundsson var hjálplegur, svo nú hélt Helgi að málið væri komið í lag.

29.11.'28.

¹ Halldór Stefánsson, sjá fyrr. Kona hans var Halldóra Sigfúsdóttir (f. 26. júní 1909) húsmóðir. For.: Sigfús Gíslason og k. h. Herborg Halldórsd. Halldóra var kjördóttir H., móðir Halldóru var Valborg Elísabet Tærgesen. Börn Halldórs og Halldóru: Ragnar Stefán (1929) verkfræðingur og Herborg Halldóra (1933).

² Haraldur Guðmundss. (1892-1971) frá Gufudal, síðar atvinnumálaráðherra og forstj. Tryggingarstofnunar ríkisins.

³ Jón Þorláksson.

⁴ Einar Arnórsson.

⁵ Tryggvi Þórhallsson.

Ræðir framtíðina. Telur upp fyrir henni þann hóp Englendinga sem byggju í Rvík og nágrenni, og aðra sem hugsanlega yrðu í umgengnishópi hennar. Meginhlutinn er skyldfólk H. Enn drepur hann, eins og gjarna þegar á móti blæs, á hugsanlega atvinnu erlendis.

Þá ræðir hann mikið samband þeirra á milli og talar um mikilvægi þess að hjón séu fullkomlega hreinskilin. Þá segir hann henni frá skapgerð sinni. Í æsku hafi hann verið þögull og uppstökkur, en hafi komist yfir það.

Segir frá undraverðum læknisárangri Helga Tómassonar á stúlku sem álitin var dáin úr heilabólgu. Nú, skömmu síðar, er hún og systir hennar á leið til útlanda. Er hann mjög upptekinn af starfi frænda síns og umgengst hann mikið.

Dagsverkið var fyrst tvær stundir í hægfræði við Samvinnuskólanum. Síðan fundur í nefnd með það hlutverk að endurskipuleggja reikningshald ríkisins þar sem H. er formaður. Fellur einstaklega vel við hina tvo nefndarmennina. Einnig hefur hann fundi í skattalaganefndinni.

4.12.'28.

Fjármálaáhyggjur sækja á hann vegna væntanlegrar giftingar. Spyr hvort ekki hefði verið betra ef Doris hefði tekið bónorði mr. Ahmed, gifst honum og orðið auðug. Kemst að þeirri niðurstöðu að líklega hafi hún samt gert rétt í að taka sér.

12.12.'28.

Fór enn á fund forsærisráðherra, vel undirbúinn, fór fram á launahækkun; sagði hverjar þarfir sínar væru og hvaða gagn mætti hafa af starfi sínu. Óskaði eftir 500 kr./mán. auk 34% vegna verðbólgu. Þetta eru engin ósköp, en auk þess sagðist hann hafa aðrar sporslur. Þetta var ákveðið nú í dag, þrem vikum eftir að forsætisráðherra hafði verið óhagganlegur. Nú var hann mjúkur á manninn. Ræðir vinnu Dorisar í bókaverslun á Englandi.

11.12.'28.

Kviðir því að verða einn hér um jólin. Ræðir Þórdísi systur sína, skapgerð hennar. Segir Dorisi muni líka hún vel þar sem hún sé skemmtilegasta stúlka sem til sé, taki lífinu alvarlega; trúir á réttlæti í lífinu; skilur ekki hvernig geti staðið á því að hún sé alvarleg þó aðrir séu glaðir í bragði. Hún tekur sjálfa sig í hæsta máta alvarlega og telur að hún fái ekki breytt sér – eða vill það ekki.

Segir frá Helga Tómassyni, Kristínu og nýja spítalanum (Kleppi) sem opnar eftir fáar vikur.

Ekki tókst alveg að ljúka samningum við ríkisstjórnina um laun, svo eitthvað verða þau lakari en búast mátti við.

Skrautleg er lýsingin á jólahaldi fjölskyldunnar, hjá Helga og Kristínu og alls konar uppákomum. Eggert átti í stríði við móður þeirra, vildi ekki fara í kirkju, rauk upp í hæstu hæðir; mamma hans lætur hann ekki í friði. Hún og Þórdís voru í messu í Dómkirkjunni og sátu í

biskupsstúkunnni með Jóni biskupi frænda þeirra. Helgi vildi ekki sitja þar, stóð í hópnum við kirkjudyr, fór heim. Furðar sig á þeim jólaboðum fjölskyldunnar er hann lenti í, leiðinlegum veislum þar sem öll sömu skyldmennin hittust í öllum boðunum.

Segir H. skrýtið að verða form. stjórnar Landsbankans. Virðist sem ágreiningur hafi verið um kjörinn formann og tók H. þá við formennsku sem varaformaður.

Stóð svo fram yfir áramót. Fulltrúinn á skattstofunni, Áge Petersen¹, kom nokkur skipti og bað mig ráða fram úr ýmsu, sem gera þurfti, því venjulega voru skattskýrslur sendar út strax eftir áramót. Ýmsir spurðu mig um atvinnu, því lausafólk var ráðið til að skrifa nöfn á skattskýrslur og sinna ýmsum störfum. Sagðist ég ekki hafa neitt með slíkt að gera, því ég væri ekki skattstjóri.

Ekki get ég sagt að mér hafi liðið mjög vel um þetta leyti, því þó ég hafi haft smá íhlaup sem endurskoðunina og sem ritari millipinganefndar var það ekki nóg, nema til að standa undir vöxtum af skuldunum. Minnst þess að ég talaði einhvern tíma við mömmu og reyndi að hugga sjálfan mig með því að ég gæti líklega komist að í Chicago. Þó var einhver beygur í mér við Ameríku. Sagði þá mamma: *Ég held þú ættir að láta Ísland njóta starfskrafta þinna*. Einhvern veginn hafði þetta svo sterk áhrif á mig að ég hugsaði: *Ef ríkið ekki vill þig, geturðu fengið atvinnu hjá öðrum*.

Nokkru eftir áramótin bað Jónas Jónsson mig að finna sig. Lagði hann mjög fast að mér að taka skattstjórastöðunni; vegna vináttu við hann átti ég erfitt með að neita. Eftir langt þóf, sættumst við á það að ég skyldi hafa 3700 kr. til 1. júlí og þá losnaði ríkið við mig. Gæti ég þá farið til Ameríku með sparki í rassinn.

Byrjaði ég því fljótlega starf mitt á skattstofunni og fékk menn til að skrifa nöfn á skattskýrslur skv. manntali og senda út. Einnig sendi ég út blöð til atvinnurekenda þar sem krafist var upplýsinga um launagreiðslur. Voru sex ræmur á hverju blaði og voru þau skorin í sundur hjá bókbindara; öllum slíkum upplýsingum raðað í stafrófsröð svo að hægt væri að festa þær við framtalið. Einnig var gerð lausblaðaskrá, þar sem fært var inn fæðingarár barna, fasteignir, húsaleigutekjur, eignir, tekjur o.s.frv. sem líkl. var að breyttist ekki frá ári til árs verulega, því fljótlegt var að renna augunum yfir breytingar á dálkunum og athuga hverju breytingar sættu. Fór ég af stað með ýmislegt fleira, en mætti þar víða sterkri andstöðu.

Einkennilegt var að bankarnir reyndu að halda hlífiskildi yfir mönnum, svo ekki var hægt að fá að vita um inneignir og skuldir. Víðast annars staðar telja bankarnir sér skylt að starfa fyrir ríkið, en á Íslandi voru þeir í sterkri mótstöðu, svo loks gerði ríkið bankainnstæður skattfrjálsar. Þar sem eign hlutabréfa og arður af þeim er skattlagður, sýnist þarna vera gerður stór munur, en ekki heppilegur.

¹ Áge Petersen (1912-61).

Það fylgdi embætti mínu að vera formaður niðurjöfnunarnefndar en þar voru þeir kosnir af bæjarstjórn: Einar Arnórsson prófessor, Sigurbjörn Þorkelsson, kaupmaður í Vísi, Gunnar Viðar hagfræðingur og Sigurður Jónasson forstjóri.¹

Sigurbjörn Þorkelsson hefur talið mönnum trú um að hann þekki fjárhag hvers einasta manns í bænum og sjálfsagt farið að trúa því sjálfur. 1929 voru 26-27.000 íbúar í Reykjavík, svo auðvitað getur hann ekki vitað nema um ástæður lítils hluta þeirra.

Þar sem ég var skipaður af ríkisstjórninni taldi ég það mitt hlutverk að sjá um sem best réttlæti innan þess útsvarsstiga sem samþykktur hafði verið. Fékk ég Eysteinn Jónsson til að athuga ýmislegt og fór hann síðan með öðrum manni, Sigurjóni Jóhannssyni, og fékk að athuga ýmislegt í bókhaldi fyrirtækja þar á staðnum. Sendi ég þá fyrst til viðurkenndra sómamanna, sem urðu forviða á þessari rekistefnu minni, en leyfðu þeim að athuga bókhaldið. Er aðrir neituðu að sýna bókhald sitt talaði ég við þá alveg forviða að fulltrúarnir hefðu hiklaust fengið aðgang að bókhaldi ýmissa keppinauta þeirra o.s.frv.

Varð þetta til þess að fáir gátu neitað. Eysteinn var nokkuð undirbúinn er hann fór og frægt var það að oft bað hann aðeins um að sjá smáreikninga, en ekki annað. Til dæmis fannst okkur undarlega háir reikningar á *pokakontó* í einni prentsmiðjunni. Svo stóð á honum að í rigningu fengu útburðarbörn blaðapappírspoka utan um blöðin til þess að þau blotnuðu ekki. Hafði ýmislegt fleira slæðst inn á þennan reikning, en Eysteinn bað aðeins um að athuga pokakontó. Þótti þetta mikið furðulegt og komst það inn í málið um skeið að þetta eða hitt væri *pokakontó*.

Hafði ég athugað framtöl fyrir fundi niðurjöfnunarnefndar og búinn að gera mér grein fyrir meðaltekjum manna við mörg störf. Er Sigurbjörn kom með athugasemdir sínar lét ég hann hafa framtalið og sagðist vera feginn ef hann gæti bent mér á eitthvað sem rangt væri. Sigurbjörn segir svo frá í endurminningum sínum:

Mér þótti stundum miður, að annars sá þrói og vel menntaði maður, Helgi P. Briem, hljóp stundum upp út af spurningum mínum og athugasemdum, og var þá til með að henda framtölum til mín yfir Einar, sem sat næstur honum, með þeim ummælum, að það væri best að ég athugaði þau sjálfur fyrst, þar sem ég tryði honum ekki fyrir því. Ég skilaði að sjálfsgöngu framtölunum strax í hendur hans aftur. Ég fann oft að hans mikli lærdómur, sem hann hafði numið á örstuttum tíma, var, er hér var komið sögu, mikið til ómeltur, og lét ég eitthvað í það skína. Hefir Helgi P. Briem ekki látið mig gjalda þess, þó að ég væri ærið harðskeyttur þessa tvo vetur sem ég vann undir hans stjórn í niðurjöfnunarnefnd, því að hann hefir síðan verið mér mjög vinsamlegur og lærði ég fljótlega að meta miklar gáfur hans og marga góða kosti hans. (S.P. Himneskt er að lifa, IV. 88-9).

¹ Einar Arnórsson. (1880-1955) ráðherra Íslands, dómsmálaráðh. og lagaprófessor. Sigurbjörn Þorkelsson (1885-1981) kaupmaður. Sigurður Jónasson (1896-1965), lögfr., forstjóri Tóbakseinkasölu ríkisins, forystum. framsóknarmanna í bæjarstj. Rvíkur. Hann gaf síðar forsetaembættinu Bessastaði.

Eins og Sigurbirni góða er títt, kann hann mjög vel að setja fram örlítinn róg um leið og hann hrósar manni af alkunnri góðmennsku. Þar sem það var hann en ekki Einar sem bar fram spurningarnar, virðist það augljóst að ég bað hann, sem hélt að hann vissi allt, um að benda mér á misfellur í framtali, því ég vildi auðvitað gjarna nota sérþekkingu hans, því fæsta skattgreiðendur þekkti ég, eða vissi annað um þeirra hag en framtalið sýndi. Síðan segir Sigurbjörn, sem hann hlýtur að hafa dreymt um, að ég hafi viljað fá Jón Guðmundsson¹ frá Gufudal fyrir eftirmann minn er ég hvarf frá skattstjórástöðunni 1. apríl 1930, en hann hafi mælt með Eysteini Jónssyni.

Sannleikurinn er sá að Haraldur bróðir Jóns sótti mjög fast að hann fengi stöðuna, en hann var aldrei varaskattstjóri. Hinsvegar mælti ég mjög sterkt með Eysteini og varaði við Jóni, sem hafði unnið hjá mér um skeið, en mér ekki líkað störf hans. Auðvitað fór ég heldur ekki að bera það undir niðurröfnunarnefnd, því það var fjármálaráðherra, en ekki niðurröfnunarnefnd sem hafði með það að gera.

Virtust þeir Sigurbjörn og Einar telja nokkurn auð hjá ýmsum verkamönnum og að menn hefðu yfirleitt hærri laun en þeir töldu fram. Minnst ég sérstaklega að Sigurður Jónasson bað um bókun á hvað lagt var á fáeina verkamenn. Samkvæmt töxtum sem þá giltu gátu þeir naumast hafa hærri laun en þeir töldu fram og atvinnurekendur gáfu upp, en Sigurður mótmælti að lögð væru á þá miklu hærri útsvör. Eftir nokkrar slíkar brýnur, virtist samkomulag í nefndinni batna, enda fettir fingur út í fá framtöl.

Árið 1928 greiddu Reykvíkingar 534.432 kr. í tekjuskatt af tekjum fyrra árs, en næsta ár tæplega tvöfalt meira eða 1.035.253 kr. Árið 1928 var eignaskattur lagður á 36.871.500 kr. eign, en 1929 höfðu eignir aukist um 13 millj. og nú voru framtaldar eignir 49.882.500 kr. Eignaskatturinn jókst um helming.

Árið 1929 átti að jafna niður á Reykvíkinga tæpum 2 millj. króna, og var það um 10% hækkun frá árinu áður. Þar sem nú var lagt á miklu hærri tekjur og eignir, varð ekki 10% hækkun; meðaltalslækkun var talin 40% á útreikningi Hagstofunnar á dýrtíðarvísitölum. Kölluðu launamenn þetta því júbílárið.

Ég hafði auðvitað ekki gert mér grein fyrir því hve mikla vinnu, það aukna eftirlit sem ég hafði byrjað á, mundi kosta. Það var erfitt að fá endurskoðendur, því þeir unnu fyrir fyrirtæki; tveir sem ég reyndi, virtust aðeins athuga hvort samlagning væri rétt, en lítið annað. Varð ég því að reyna að fá nýja menn sem ég gæti sagt til.

Í Samvinnuskólanum kynntist ég ýmsum greindum mönnum, og ber fyrst að nefna Eystein Jónsson, sem hafði útskrifast þar árið 1927, en vann í stjórnarráðinu. Var hann stórglöggu endurskoðandi. Annar var Halldór Sigfússon, sem var einn af

¹ Jón Guðmundsson (1889-1971), skrifstofustjóri. Bróðir Haraldar ráðherra.

nemendum mínum þar, og stórgáfaður maður. Nokkra fleiri reyndi ég og voru þeir liðtækir við ýmis störf. Varð Eysteinn eftirmaður minn, en Halldór skattstjóri eftir Eystein.

Þegar mjög var liðið á rannsókn á framtölum atvinnurekenda bað ég Eystein og mann honum nokkuð eldri að fara til Geirs Thorsteinsson & Co. og líta á bækur hans. Hringdi ég fyrst í Geir¹ og boðaði komu þeirra. Gerði ég það vitandi vits, því hann var af öllum talinn viðurkenndur heiðursmaður, sem ekkert hafði að fela, en ég vildi ekki að menn gætu sagt: Þeir frá Skattstofunni fóru til þessa. Hann hefir eitthvað á samviskunni. Geir varð undrandi, en samþykkti þessa heimsókn. Gat ég síðan bent á að aðrir hafi ekki haft neitt á móti heimsókn minna manna. Síðan bað ég endurskoðendurna að fá aðeins að líta á nokkra reikninga, og kom þá venjulega fram að eitthvað bjó þar undir. Þótti mönnum þetta líkjast svartagaldri að þeir skyldu einmitt geta stutt fingrinum á auman blett.

Þrátt fyrir þá hjálp sem ég hafði, hafði ég ógrynni að gera. Samkvæmt lögum átti að leggja skattskrá og útlagskrá fram á tilteknum tíma og kepptist ég við að ljúka starfi fyrir þann dag. Hafði ég þann hátt á að sofa 8 tíma aðra nóttina en 4 tíma hina, en áður en lauk var ég orðinn svo þreyttur að ég gat ekki haldið niðri í mér mat.

Á hvítasunnudag ætlaði ég að sofa fram eftir, en kom þá heim kl. 4. Þá var maður niðri sem endilega þurfti að tala við mig og fór mamma til mín og vakti mig. Ég klæddi mig og fór niður. Þá var það mektarbóndi, sem nýlega var fluttur til Reykjavíkur, sem afhenti mér framtal sitt. Sagði ég honum að við skattstofuna væri kassi til að setja í framtöl. Kannaðist hann við það, en taldi traustara að afhenda mér það, þó langt væri liðið síðan frestur til að skila framtölum var liðinn.

Í mars var Einar Árnason² skipaður fjármálaráðherra og skipaði hann mig skattstjóra skömmu síðar og með fullum launum kr. 7.400 á ári. Var þar með lokið öllum hugleiðingum mínum um að flýja land.

Þetta vor virtist einhver ólga í kringum skattstjóran. Það komu reiðar greinar í blöðunum, og svaraði ég einni eða tveimur af þeim, en auk þess fékk ég nafnlaus bréf með ógnunum að ég yrði barinn, og eitt sem hótaði mér dauða og ráðlagði mér að bera vopn. Ekki tók ég þessar hótanir alvarlega og því síður vopnaðist ég, enda eru slík bréf venjulega frá einhverjum dusilmönnum, sem halda að þeir geri menn hrædda. Um vorið komu 144 kærur og varð ég að úrskurða um þær allar, áður en þær fóru lengra.

Þetta þýddi að ég, sem pantað hafði far til Englands, til að ganga í hjónaband, varð að fresta för minni og missti því af skipinu. Er ég hafði lokið við að úrskurða

¹ Geir Thorsteinsson (1890-1967), útgerðarmaður. Átti Sigríði dóttur Ragnheiðar og Hannesar Hafstein.

² Einar Árnason (1875-1947), alþingismaður, forseti Alþingis og fjármálaráðherra. Kennur við Eyjarland í Eyjafirði.

kærurnar frétti ég um japanskt skip í Hafnarfirði og skrapp því þangað. Skipstjórinn sagði að ég gæti fengið far en hann færi eftir klukkutíma og gæti ekki beðið eftir mér. Fékk ég mér bíl og inn til Reykjavíkur, setti smávegis í tösku, kvaddi fólkið og var kominn um borð áður en skipið fór.

Strax og ég kom til Englands símaði ég til kærustunnar til að segja henni að ég væri kominn og tók hún á móti mér á járnbrautarstöðinni. Kom ég á afmælisdag minn þangað og bjó hjá systur hennar og mági. Næsti dagur fór í að ganga frá ýmsum vottorðum og plöggum, en síðan létum við gefa okkur saman borgaralega, næsta dag.

Eftir smá móttöku fórum við til Oxford og minntumst ýmissa gamalla og góðra stunda þar, skoðuðum garðana, sem við þekktum frá fornu fari og litum til þeirra kennara, sem voru okkur kærastir. Í London fékk konan sín vegabréf frá danska sendiráðinu, sem strikaði yfir að hún væri dönsk, og setti íslensk í staðinn.

Birmingham, 18.6.1929. Helgi P. Briem skrifar Álfheiði Briem.

Þá situr maður aftur við að skrifa þér rétt eins og í gamla daga. – Ferðin gekk ágætlega og endaði hér í gærkvöldi. Ég kom kl. 8,57 og Doris stóð einmitt þar sem ég hafði beðið hana að standa svo við hittumst strax og ég opnaði vagnhurðina. Það var auðvitað mikill fagnaðarfundur, en áður en varði var Emily systir hennar komin með mann sinn til að heilsa upp á mig. Þau keyrðu mig hingað, því þau eiga bifreið og ég bý hjá þeim meðan ég er hér. Þau eiga húsið að tarna, þrjár stelpur, 5-10 ára, einn kött fjögurra ára, hund sem er þriggja ára og lítinn pekingeserhvolp sem heitir Chink og er bara þriggja mánaða. Chink er skelfilega úteygður og ljótur¹ en uppáhaldið í fjölskyldunni, enda yngstur.

Öll fjölskyldan – skepnurnar líka – tóku afar glaðlega á móti mér og það var nú happið mitt, því í Parker-fjölskyldunni eru skepnurnar svo skynsamar, að ef þeim lýst ekki á mann, hlýtur að vera eitthvað bogið við mann! Þar drukkum við te og fórum síðan til mömmu Dorisar, sem líka tók afar vel á móti mér. Hún er afar feit og sælleg, rjóðkinnuð og hláturmild og talar mikið og veður úr einu í annað. Hún var alveg eyðilögð að ég vildi ekki te, svo við fórum að drekka te aftur og spjalla saman. Ég var alveg eins og ég hefði alltaf þekkt allan hópinn þar – nokkrar giftar dætur og yngsta bróðurinn – alla mína ævi; furðuðum við okkur á því, en útskýrðum það svo að Doris hefði lýst mér svo vel fyrir þeim og þeim fyrir mér. Gömlu frúnni lá við að fara að skæla af því að nú tæki ég síðustu dótturina og hún hefði ekkert nema einn strákur eftir, en við urðum samt afar finir vinir að lokum og hún kyssti mig hjartanlega að skilnaði, *for now you are one of my boys*.

¹ Þetta ljóta hundakyn átti eftir að fylgja þeim D+H lengi upp frá því.

Doris var *nervös* út af hvernig móðirin mundi taka mér því gamla konan veit vel hvað hún vill og hefur mjög sterkar *sym- og antipatíur*¹ og hvergi feimin við að segja það þegar svo ber undir, en þarna tók hún mér strax eins og syni, svo Doris var himinlifandi yfir hvað ég var vellukkaður. Ég býst við að við giftum okkur á fimmtudaginn. Það verður að líða einn heill dagur milli þess dags sem maður registrerar sig og þess sem hjónavígslan fer fram. Doris sækir mig á eftir (kl. 10, nú er kl. 8) og þá förum við að finna út hvernig þetta liggur allt saman. –

Fórum við síðan til París, en dvöldum þar aðeins stutt, en fórum þá til Genf í Sviss. Vildi ég kynna mér hvernig tryggingum væri hagað og safna gögnum um þær, en slíkt var best að kynna sér í Alþjóða-vinnuálagstofnuninni (ILO) sem hafði mikið bókasafn um þær og gat ég þar fengið enskar þýðingar af slíkri löggjöf flestra landa.

Ég hafði fengið meðmælabréf til eins af skrifstofustjórum ILO og bað hann mig að koma klukkan fjögur næsta dag. Við höfðum verið á baðströndinni í Genf og gerðum því böggul úr sundfötum og baðkápum og komum þangað í bíl nokkrum mínútum fyrir fjögur. Stóð mannföldi við hliðið og fólk í öllum gluggum og er við komum gengu þrír herra menn fram til að fagna okkur. Ég hjálpaði konunni út og tók við baðkápabögglinum og vakti þetta mikinn hlátur hjá öllum áhorfendum Stóð svo á að von var á Fuad konungi Egyptalands og Farouk krónprins, og átti að fagna honum, enda kom hann nokkrum mínútum seinna, með meiri glæsibrag en við hjónin.

Helgi skrifar Dorisi

14.1.'29.

Segir henni að hann komist ekki til Englands fyrr en síðast í maí v. skattakærumála. Leggur til að Doris noti tímann til að fara á húshaldsskólann *Hillercroft*.

Minnist enn einu sinni á mr. Ahmed. Segist ekki hafa ráðið henni að giftast honum, aðeins að hefði hún gert það kæmist hún fjárhagslega betur af. En þau muni alltaf hafa nóg fyrir sig. Ræðir um ást og kynþokka.

Þá var ár liðið frá því að þau sáu síðast.

16.1.'29.

Hóf um áramótin starf skattstjóra. Vinnur 3-4 tíma, síðan starfar hann fyrir skattanefndina. Þess á milli reynir hann að kenna.

Var beðinn að flytja fyrirlestur í Háskólanum um skattamál. Þar var mikið af fínu fólki, þingmenn, bankastjórar og ráðherrar.

¹ Samúð/andúð.

Skattsvik eiga sér stað í sambandi við bankana. Óskaði H. eftir upplýsingum um þá sem ættu inni háar upphæðir, eða meira en 5000 sterlingspund. Ekki tókst samkomulag við bankana svo H. gaf fyrirmæli um að gefa það upp. Landsbankinn skaut málinu til ríkisstjórnar. Sagðist hafa látið hnífana standa á fjármálaráðherra¹ og fengið aðstoð vinstri manna. Ef það gengur ekki er það mál ríkisstjórnarinnar. Segist tala við mikinn fjölda manna. Allir séu vinsamlegir þangað til niðurrjöfnun lýkur!

Doris hefur áhyggjur yfir að geta ekki eignast börn. Hann reynir að róa hana. Ef ekki geti þau leitað ættleiðingar.

3.2.'29.

Hér er fróðleg frásögn af stöðu skattamála og þau vandræði sem forveri Helga² olli með því að gera eftirlit erfiðara og hann hafi komið á venjum sem erfitt sé að breyta og bankarnir styðja.

Helgi skrifaði ríkisstjórn greinargerð um að eldri aðferðir hafi verið ólöglegar en þær nýju ekki. Hærri innstæður í bönkum eru skráðar á röng nöfn. Rök Helga eru að reglugerðir geti ekki takmarkað ákvæði laga.

Starfandi fjármálaráðherra var huglaus og tók afstöðu gegn skoðunum Helga sem svaraði með greinargerð og vitnaði í lög, hæstaréttardóma og hagtolur. Lofaði ríkisstjórn að taka málið upp þegar nýr fjármálaráðherra tæki við.

Helgi vinnur að málinu í samvinnu við vinstri menn í skatta- og niðurrjöfnunarnefnd.

Segist hafa fréttir um að skattsvikarar hafi sofið illa sín vegna.

20.2.'29.

Segir frá starfinu í niðurrjöfnunarnefnd Reykjavíkur sem hann er formaður fyrir en hinir kosnir af bænum.

Nefnir m.a. forvera sinn,³ prófessor, fulltrúa íhaldsmanna. Helgi er stoltur yfir að eiga hann að andstæðingi. EA hefur sett sinn svip á skattalöggjöfina með sínum íhaldssjónarmiðum og starfi. Er erfitt að fylgja eftir löggjöf sem gengur gegn stefnu löggjafans. Stefna Helga er skattlagning rauneigna. Segir frá svæsinni grein sem birtist um hann þá helgina.

Kærur til yfirsattanefndar hafa verið úrskurðaðar skattstjóra í vil. Því ætlar Helgi að láta fleiri mál ganga þá leið.

Eitthvað er Helgi ásamt Eggert bróður hans að sýsla við sálarrannsóknir; í þessu tilviki við *skrifmiðil*, þar sem þeir bræður álíta að faðir þeirra hafi birst.

27.2.'29.

Segist mjög ánægður í starfi.

¹ Magnús Kristjánsson.

² Einar Arnórsson.

³ Einar Arnórsson.

11.3.'29.

Nú stendur Helgi í að koma í lag ýmsum skattabrotum sem forveri hans¹ hefur látið óátalin. Telur að dómur sögunnar verði sér í vil þar sem hann rétti hlut heiðarlegs fólks.

17.3.'29.

Hrósar Dorisi fyrir hvað hún standi sig vel í starfi við Austin bílasmiðjuna. Ánægður með að hún skuli hafa þyngst um 8½ pund og að henni þyki hann ekki of smávaxinn.²

Lýsir leiðinlegu balli í húsi frænda síns við Tjarnargötu.

Segir fjármálaráðherrann nýja³ hafa litla þekkingu á skattamálum; hann sé ákveðinn maður og greindur. Ræðir skrifstofustjórann (ráðuneytisstjóra) sem sé varasamur íhaldsmaður sem stöðugt leggi gildirur fyrir sig. Ráðherrann var sama sinnis og Helgi; hafði sá gefið honum rangar upplýsingar og ekki fylgt fyrirmælum.⁴

Rvík, 29.3.'29.

Ræðir miðilsfund sem Doris virðist hafa sótt/tekið þátt í og jafnvel reynt að komast í samband. Helgi Tómasson segir alla andatrú að hluta til geðveiki. Er Helgi P.B. ánægður með að faðir hans (sem virðist hafa komið fram á miðilsfundinum) skuli falla við hana.

Er að senda út 2000 bréf þar sem óskað er eftir að skattgreiðendur gefi upp skuldir og skuldaeigendur. Lánveitendur hafa komið til hans til að leiðrétta. Helgi segist nú óvinsælasti maður landsins.

Segir einn ríkasta mann landsins hafa komið til sín og sagt að peningana ætti enskur maður en var þá sagt að hann yrði að telja þá fram nokkur ár til baka. Þegar allt þetta mál verður gert upp hefst upp úr krafsinu fé sem hann segir að gætu staðið undir ævilaunum sínum.

Segir Ásgeir og Friede hafa komið í heimsókn og truflað sig⁵

Rvík, 2.4.'29.

Stingur upp á brúðkaupsferð, tjaldferð, gönguferð, jafnvel hjólaferð, allt að þrem vikum. Nefnir líka að Doris þurfi að læra á hjóli. Þá ræðir hann ýmislegt um hvernig þau geti aðlagast hvort öðru í hjónabandinu.

Morgunblaðið heldur áfram árásum á Helga, en hann segir þær svo vitlausar að þær dæmi sig sjálfar. Árangurinn af starfi hans sé ótvíræður.

Í ljós kemur að Doris er hætt vinnu sem henni féll ekki við og býðst Helgi til að senda henni peninga.

Rvík, 13.4.'29.

¹ Einar Arnórsson.

² Var 167 cm. á hæð skv. vegabréfum.

³ Einar Arnason á Eyrarlandi.

⁴ Þetta mun hafa verið Gísli Ísleifsson.

⁵ Nefnir ekki að Friede er komin 5 mán. á leið. Kannski var þungun óviðeigandi umræðuefni í þá daga.

Ræðir fjármál þeirra. Segir þau hafa 150 sterlingspund sem þau geti varið í nauðsynjar s.s. húsgögn.

Rvík, 21.4.'29.

Í þingræðu sagði ráðherra að besti lögfræðingur liðinnar kynslóðar hefði verið Páll Briem. Nú virtist sem Helgi sonur hans ætli að fylgja sömu slóð og vildi með því hrósa honum.

Helgi flutti fyrirlestur í félagi lengst til vinstri. Þóttist hann vita að þangað yrði sendur einhver til að njósna um efni hans. Hann sneri máli sínu því upp í umræður um tryggingar og hvernig mætti standa undir kostnaði við þær.

Hélt fund með kaupmönnum og var lögreglustjóri¹ einnig á fundinum. Ræddi hann um að gott bókhald væri þeim lífsnauðsynlegt ef hægt ætti að vera fyrir þá að fylgjast með stöðu viðskiptanna og gera skattskýrslur. Hann sagði mörg dæmi þess að menn teldu tífaldar tekjur fram til skatts af kunnáttuleysi. Fundarmenn áttu erfitt með að skilja hvernig hann gæti vitað þetta.

Helgi setti fram tillögur að bókhaldskerfi fyrir kaupmenn og um námskeið til að kenna þeim á það. Ekki þótti honum lögreglustjóri vera djarfur í framgöngu sinni.

Feginn að Doris ætli sér ekki að verða miðill. Hann vill, þegar til Englands kemur, að þau fari saman til mr. Hope, þekkt ljósmyndamiðils í von um að einhverjir frændur þeirra birtust á mynd með þeim! --

22.5.'29 lauk þessum kafla í bréfaskiptunum er þau Helgi og Doris hittust á Englandi og gengu í hjónaband.

Genève, 6.7.1929. Helgi P. Briem skrifar Álfheiði Briem.

--Ég hitti gamla próf. Gide² -- til að fá leyfi hans til að þýða hagfræðina hans á íslensku. spjölluðum við um margt sem franska mín leyfði. Hingað er 8 tíma hraðlestarferð frá París – og var ferðin skemmtileg, gegnum fallett landslag víðast hvar og sums staðar alveg stórkostlegt, ár sem runnu í djúpum gljúfrum og skógur allt í kringum.

Ég hafði fengið *introduktionsbréf* til eins af embættismönnum í Þjóðabandalaginu frá fyrrverandi kennara í Oxford, svo ég fór að reyna að ná í hann. – Mér var sagt að hann yrði við í Þjóðabandalaginu kl. ½4 en þá byrjaði fundur sem hann þyrfti að vera á. Ég var heldur með seinni skipunum, svo ég tók bifreið og við Doris fórum af stað á fleygiferð. Mér fannst vera undaleg *exaltation* alls staðar þar sem við fórum. Gamlar ameríkanskar kerlingar stóðu upp á bekkjum með myndavélar í lúkunum og skulfu af geðshræringu, en Doris skýrði það með því að þær vissu að þær mættu ekki standa uppi á bekkjunum.

¹ Hermann Jónasson.

² Sjá áður.

Hjá höll Þjóðabandalagsins var fjöldi lögregluþjóna og tveir stóðu við hliðið með stingi á byssunum. Strax og sást til okkar var blístrað og lögreglan flýtti sér að skipa sér í fylkingar beggja megin við veginn og þótti mér það náttúrlega ekki nema tilhlýðileg kurteisi, en þó óvanaleg. En út úr dyrunum í höllinni ruddust milli 40 og 50 karlar í sparifötunum sínum, en yfir marmaratróppurnar var lagður rauður löber.¹

Þetta sáum við í einni svipan um leið og við þutum framhjá byggingunni til að komast inn um aðaldyrnar sem voru í hinum endanum. Við hliðið var bíllinn þó stoppaður af einhverjum afaræstum Svisslendingi, svo ég hjálpaði Dorisi út og sá breitt grín breiðast yfir andlit pólísanna. Svo stóð á öllu þessu að konungurinn á Egyptalandi Fuad hinn fyrsti, var í Genève þennan dag og ætlaði hann að koma í Þjóðabandalagið kl. ¼4 þennan dag. En sá sem kom á slaginu var ég og konan, en Faud kom ekki fyrr en fimm mínútum of seint. Þegar ég kom sást bíllinn aðeins ógreinilega gegnum trén, svo hinir héldu að dóninn kæmi svona stundvíslega. Þegar okkur hafði verið vísað hæfilega langt burtu tókum við eftir að hver einasti gluggi var troðfullur af fólki með myndavélar í höndunum reiðubúið að mynda Fuad. Þótti mér ekki mikil sjón að sjá aumingja karlinn sem varla gat gengið fyrir spiki.

Eftir þetta ævintýri hitti ég loksins mr. Grimshaw, sem bréfið góða var adresserað á. Hann tók okkur afar elskulega og símaði í allar áttir til að ná í karla sem hann hélt að gætu orðið mér til gagns. –

Genève, 26.7.1929. Helgi P. Briem skrifar Álfheiði Briem.

-- Hérna fer mjög vel um okkur (hann og Dorisi). Við búum á ódýru pensionati, svo ég er óviss hvort við lifum ódýrara annars staðar og ég uni mér mjög vel, vinn í *International Labour Office* á morgnana og svo aftur eftir tvö til fjögur eða sex, eftir því hvort við drekkum te saman. Ég hef fengið að vita allt sem ég vildi og meira til og hef gert uppkast að einum lögum en er núna að búa til önnur byggð á nokkuð öðrum grundvelli svo menn geti valið á milli. –

Doris unir sér afar vel hérna. Við þekkjum fjölda fólks, aðallega Englendinga og Ameríkana og höfum tvisvar verið boðin í te og erum það líka í dag. – Hér er nú sem stendur mikið kennaraping sem 1.200 manns úr víðri veröld sækja. Kynntumst við ameríkanskri konu sem starfar við það og hefur einhverskonar leiðbeiningaskrifstofu fyrir allan hópinn. Bað hún Doris að hjálpa sér og gerði hún það. Er Doris þar á eftirmiðdögum frá 2-6 og er nú orðinn einhverskonar næstkommanderandi yfir upplýsingaskrifstofunni, en þar vinna fimm sjálfboðaliðar. – Byrjaði þingið í gær og höfum við bæði aðgang að öllu þar fyrir bragðið. Hef ég farið að

¹ Teppisrenningur.

hlusta á einn fyrirlestur sem intrisseraði mig og við farið saman á sýningu. – Ég heyrði að Guðmundur Finnbogason hefði verið hér fyrir tveim dögum, en er nú farinn héðan.

Við erum stundum að tala um hvernig það muni ganga að fá íbúð handa okkur. Ef þið hafið eitthvað heppilegt væri ég afar þakklátur fyrir –

Genève, 29.7.1929. Helgi P. Briem skrifar Álfheiði Briem.

-- við Doris söknuðum að heyra ekki frá Friedu. Doris er afar intrisseruð í *the prospective baby* og þótti leitt að komast ekki í að velja vöggu handa unglíngnum.¹

Eftir dvölinna í Genf fórum við til Chamonix, sem er við Mont Blanc, og fara allir sem ætla þangað frá Chamonix. Við gengum þar langa göngutúra í dásamlegu veðri og léttu lofti. Þegar maður gengur í gegnum skóginn verður allt í einu fyrir manni mikill skriðjökull. Fékk maður nokkurskonar skó úr seglgarni, sem maður batt yfir skó sína og reyndist þetta eins og mannbroddar svo gengið yrði yfir skriðjökulinn, en annan jöklabúnað þurfti ekki.

Þaðan fórum við til Ítalíu, lengst suður til Flórens. Var þá ekki jafnmikill ferðamannastraumur og síðar varð og Ítalía mjög dásamleg, nema hvað mýið var alveg að drepa mann. Sáum við víða auglýsingar: *Komið til Venezia,*² þar er ekkert mý. Er við komum þangað og vorum sest í gondólinn, sem flutti okkur til hótelsins, settist fluga á kálfa konu minnar og beit hana eða saug svo kröftuglega, að stór blóðblettur kom á sokkinn, svo maður var ekki viss um hvort betra var mýið eða flugurnar. Skoðuðum við Venezia vel og er þar margt að sjá, bæði fagurt og glæsilegt, en einnig hræðilegt eins og blýklefarnir, sem notaðir voru af valdamönnum til að kvelja lífið úr föngum sínum.

Rvík., 4.8.'29. Álfheiður Briem skrifar Helga P. Briem.

-- Ég er hálfhissa þá þér Helgi minn að þið skuluð ætla að draga það fram í okt. að koma heim. Það er ekki svo lítið verk að koma sér inn í nýjan bústað og ef þú hefur ekki meiri tíma afgang frá skattstofunni en þú hafðir síðastliðið misseri, þá bið ég fyrir konunni þinni að vera ein um það, öllu ókunnug.

Þess utan gæti hugsast að þú fengir orð á bakið fyrir að vera ekki við næstum helming ársins, minnsta kosti veit ég það að margur hefur spurt

¹ EÁ fæddist 6.8.'29.

² Fencyja.

mig hvenær þú kæmir, - og það mörgum sinnum - ég segi þetta þér til yfirvegna --

Eggert bróðir skrifaði mér að hann hafi fengið litla íbúð í nýju húsi, Marargötu 3, sem yrði til 1. október. Var því ekki ástæða til að flýta sér heim. Fórum við síðan sem túristar til München, Nürnberg og Berlín, en þar sáum við húsgögn í þeim stíl sem þá var móðins, og létum senda til Íslands. Síðan fórum við til Danmerkur þar sem æskuvinkona konu minnar bjó, gift dönskum manni og vildu þær gjarna sjást.

Þar lærði ég að aka bíl. Ók kennarinn út úr bænum, en þegar umferð varð minni tók ég við stjórn og höfðum við 2-3 tíma í einu, svo við fórum um allt Sjáland og kona mín og vinkona hennar í aftursætinu. Kennarinn þekkti alla fegurstu staðina, alla góða kaffistaði, svo við sátum í görðum kaffihúsanna og fengum okkur ellefu-kaffi.

Síðan fórum við til Englands til að kynnast fjölskyldunni betur, og fórum síðan heim með einhverjum fossinum. Við fengum ofsaveður við England. Ég spurði konuna öðru hvoru hvort hún væri ekki hrædd, en hún var það ekki enda hélt hún að þetta væri venjulegt veður á sjó. Er við komum til Reykjavíkur var skipið töluvert laskað og lunningin brotin, þó ekki þvert, heldur langs, og eitthvað fleira.

Húsnæðið var þá ekki komið eins langt og við áttum von á, svo Eggert bróðir taldi að best færi um okkur á Hótel Skjaldbreið, því Hótel Borg var enn ekki byggt, en það var mjög óþægilegt að öllu leyti nema hvað það var einnar mínútu gangur frá Badhúsinu, eins og það auglýsti sig! Meðal annars þurfti maður að standa uppi á stól til að skrúfa peruna í lampastæðið er maður vildi kveikja og skrúfa úr þegar maður vildi slökkva. Fengum við því heldur að vera hjá mömmu þangað til við gátum flutt í okkar litla heimili, sem var mjög lítið en notalegt. Vorum við mjög ánægð þar.

Systurdóttir konu minnar kom með okkur til Íslands og kom í einhverju blaði að við hefðum komið til landsins með dóttur okkar. Hún var á 13. ári og stór eftir aldri. Þótti konu minni þetta skemmtilegt. Hún var okkur til mikillar skemmtunar, aðallega konu minni, sem líklega hefði verið heldur einmana ella, því ég hafði mikið að gera og vann oft í skattstofunni langt fram á kvöld.

20. 12.'29 var frétt í *Morgunblaðinu* um að "*kunningjar og samberjar Jónasar frá Hriflu* beri sig illa. Hann hafi viljað koma hefnd fram gagnvart læknum og rétta hlut Pálma Hannessonar.¹ Segir blaðið að stofnuð hafi verið deild í Stúdentafélaginu, félag róttækra stúdenta. Sagt var að kosnir hafi verið í nefnd til að semja lög félagsins þeir Tryggvi Þórhallsson forsætisráðherra, Helgi P. Briem skattstjóri, Héðinn Valdimarsson framkvæmdastjóri, Pálmi Hannesson rektor og Jóhann Skaftason

¹ Pálmi var nýlega skipaður rektor Menntaskólans. Skiptust menn gagnvart því í pólitískar fylkingar. Olli málið pólitískri ólgu. Jóhann var síðar sýslumaður á Patreksfirði og Húsavík.

stud. jur. Blaðið segir að hér hafi T.Þ. gengið í lið með æstum kommúnistum! til að verja setningu Pálma í rektorsembættið! Já þetta voru sannarlega ólगतímar.

Auk þess var ég á fundum, því ég var skipaður í ýmsar nefndir, svo sem nefnd til að endurskoða bókhald ríkisins ásamt Birni Steffensen endurskoðanda og Stefáni Jóh. Stefánssyni¹. Gerðum við uppkast að lögum um ríkisbókhald sem samþykkt var sem lög nr. 63, 8. sept. 1931, sem enn gilda. Gerðum við jafnframt tillögum um nýjar bækur til að binda saman allar innheimtur vegna ríkissjóðs svo að þar sé fastmótað kerfi og allt komi til skila. Í jan. 1930 var ég kosinn varafulltrúi í borgarstjórn.²

3. febrúar 1930 lenti Íslandsbanki í greiðsluvandræðum og lokaði. Var ég skipaður formaður nefnd ásamt Sveinbirni Jónssyni hrm.³ til þess að meta ástand hans og fjárreiður. Höfðu hlutabréf bankans fallið mjög í verði í kauphöllinni í Khöfn og barst sá orðrómur um bæinn síðdegis á laugardag að Íslandsbanki væri gjaldþrota og vafi hvort innstæður í honum væru mikils virði. Safnaðist því nokkur hópur manna fyrir framan bankann mánudagsmorguninn 3. febr. 1930 og hugðist taka út inneignir sínar, en bankinn opnaði – ekki þann dag – og aldrei síðan.

Var nokkur sundrung nefndarinnar. Vildi Sveinbjörn meta veð bankans miklu herra en við hinir og virtist þar gæta nokkuð að hann var að reyna að selja mótorbát sinn og taldi hann mikils virði, vildi því meta öll veð í samræmi við þann bát, en við bentum á að báturinn væri ekki seljanlegur fyrir það sem Sveinbjörn vildi fá fyrir hann.

Ég tel mér það heldur til tekna að aldrei hafi klofnað nefnd sem ég starfaði í eða var formaður fyrir og fór svo einnig hér að við vorum sammála um niðurstöður í skýrslu okkar. Unnum við þarna frá morgni til kvölds, en fengum valinkunna menn á þeim stöðum sem bankinn hafði útibú til að athuga verðmætin.

Bankastjóri

Þann 14. mars voru samþykkt lög um Útvegsbanka Íslands, en hann tók til starfa 13. apríl. Höfðum við þá verið ráðnir bankastjórar, Jón Ólafsson⁴ alþingismaður, forstjóri Fiskiveiðahlutafélagsins Alliance, Jón Baldvinsson⁵, bankastjóri, og ég 1.4.1930.

Árið 1931 eftir þingrofið, var ég neyddur til að gefa kost á mér sem þingmannsefni við kosningar í Reykjavík. Fékk ég 1234 atkvæði og var það meira

¹ Stefán Jóhann Stefánsson (1894-1980), hæstaréttarlögmaður, alþingismaður, utanríkis-, forsætisráðherra og sendiherra.

² Hafði boðið sig fram en náði ekki kjöri sem aðalmaður.

³ Sveinbjörn Jónsson (1894-1987). Hæstaréttarlögmaður.

⁴ Jón Ólafsson (1868-1937), skipstjóri, forstjóri útgerðarfélagsins Alliance, bankastjóri og alþingismaður.

⁵ Jón Baldvinsson (1882-1938), prentari, verkalýðsleiðtogi og alþingismaður.

en nokkur þingmaður fékk utan Reykjavíkur. Þóttist ég sleppa vel að vera ekki kosinn þingmaður, því ég held að þingseta hefði ekki hentað mér vel.

Ekki get ég sagt að ég hafi fengið þessi atkvæði vegna hrífandi mælsku, því ég var eins og Móses að því leyti að hafa aldrei verið málsnjall og mjög tregt um málfæri og tungutak. (II. Mos. 4:10). Auk þess var ég ókunnugur málum eftir langa brottveru og hafði ekki haft tækifæri til að kynna mér þau vegna anna síðan ég kom heim, enda átti ég þar í höggi við málsnildarmenn eins og Jakob Möller, Magnús Jónsson dósent¹ og Jón Þorláksson. Drógu þeir ekki af sér er þeir gerðu gys að mér og deildu á Framsóknarflokkinn.

Minnist ég sérstaklega að deilt var á Íslandsbanka fyrir að *loka veðdeildinni*, það er að engin lán hafi fengist úr veðdeildinni. Er ég las upp tölur úr prentuðum opinberum skýrslum er sýndu að aldrei hafi verið meira lánað úr veðdeild en þau ár á undan sem Framsóknarflokkurinn hafi verið við stjórn; svaraði Jakob Möller því og kallaði *talnafölsun* mína. Mér virtist ég ekki geta legið undir því, er ég gegndi trúnaðarstöðu og bankastjórastöðu, að falsa tölur, og fór því í meiðyrðamál við hann og var hann dæmdur í 125 kr. sekt og málskostnað, ef ég man rétt. Eins og vant er á Íslandi kom þessi úrskurður ekki fyrr en löngu seinna er ég var kominn til Spánar. Mun þetta vera eina málið sem ég hef farið í um dagana.

Strax og Útvegsbankinn opnaði, þurfti að koma aftur á sambandi við viðskiptabanka Íslendinga erlendis og reyna að friðmælast við þá. Var ég kjörinn til þeirrar ferðar og fór ég fljótlega út og gekk á röð banka í Osló, Kaupmannahöfn, Hamborg, London og Edinborg.

Bankastjórar Privatbanken, sem áttu nokkuð hlutfé í Íslandsbanka, kvörtuðu mikið undan því að hlutféð hafi verið lýst ógilt en Útvegsbankinn tekið við ýmsum eignum Íslandsbanka og *goodwill* fyrir ekki neitt. Ég reyndi að berja í brestina og benti á að eignir væru svo langt fyrir neðan ekki neitt að þetta væri keypt á háu verði. Þeir voru ekki hrifnir af þeirri skoðun í Hambros banka um að viðskiptin við Hambros hafi ekki verið beinlínis hagfelld fyrir Íslandsbanka. Var spurt hvað ég meinti með því. Sagði ég að minnstu vextir hafi verið 9½% en getað hækkað nokkuð. Kallaði hann á einn starfsmann sinn, sem staðfesti það og sagði honum þá að lækka þá í 6½%, ef ég man rétt.

Í þessu bréfi segir Helgi frá ferð til Englands. Siglingin tók langan tíma, skipið fór kringum landið í slæmu veðri.

Birmingham, 22.5.1930. Helgi P. Briem skrifar Álfheiði Briem.

-- Ég lá í rúminu þangað til síðasta daginn er ég fór á fætur og fann þá Englending einn sem var að koma frá Íslandi. Við töluðum *forretningar* og sórumst í eilífa vináttu. Hann ætlar að kynna mig fyrir náunga sem er

¹ Magnús Jónsson (1887-1958). Guðfræðiprófessor, alþingismaður og atvinnumálaráðherra.

forstjóri fyrir banka hér, sem ég vildi gjarnan komast í kunningssskap við. Hann er forstjóri fyrir fyrirtæki í Liverpool og ég fer í fyrramálið til Liverpool til að endurnýja kunningssskapinn og sjá náungann. Svo fer ég til London á mánudaginn að spjalla við businessvinina og verð þar út vikuna og fer heim, líklega með Goðafossi 11. júní – Síðan ég kom hingað hefi ég haft það ágætt, ekki fundið til nýrnanna í mér og þó verið töluvert á ferðinni. –

Er ég kom til baka þurfti að ganga í það að hreinsa allskonar kalviði innan bankans. Hafði Íslandsbanki ekki getað gert það og að því er sagt var höfðu skuldugir viðskiptamenn hótað að gera sig gjaldþrota ef þeir ekki fengu áframhaldandi lán, bankanum mundi koma slíkt mjög illa.

Þurfti að gera upp að minnsta kosti 5 af stærstu viðskiptamönnum bankans og var hvert það gjaldþrot meira en nokkurt gjaldþrot sem áður hafði orðið á Íslandi. Kostaði þetta óhemju vinnu, en bankinn var heppinn með að fá ungan en stórgáfaðan, duglegan og heiðarlegan lögfræðing, til að gangast í þessi mál. Var það Þórður Eyjólfsson,¹ síðar prófessor og hæstaréttadómari. Fékk hann konunglega umboðsskrá sem setudómari og skiptaráðandi á öllu Íslandi, enda voru störf hans viðsvegar um landið. Auðvitað starfaði hann í samráði við bankastjórnina og var mikil vinna og fundarhöld hjá henni út af þessum gjaldþrotamálum, því mörgu þurfti að ráða til lykta. Það var þó bót í máli, að aldrei varð nein misklíð milli okkar bankastjórnanna þriggja, þó við værum af þremur mismunandi stjórn málaflökkum og mismunandi aldurs skeiðum; Jón Ólafsson var 17 árum eldri en Jón Baldvinsson, sem aftur var 17 árum eldri en ég.

Því var haldið fram mjög lengi að gjaldþrot viðskiptavina Íslandsbanka hafi verið pólitískt, sem er hreinn hugarburður. Okkur greindi aldrei á um neitt í því sambandi.

Mestu var logið um gjaldþrot Gísla J. Johnsen² og í eftirmælum eftir hann var sagt að gjaldþrot hans hafi verið pólitísk og síðan hafi komið í ljós að hann átti vel fyrir skuldum. Hvort tveggja er alrangt enda voru skuldirnar hátt í 4. milljón króna. Þetta er meira en allt hlutfé Íslandsbanka, en hvað það teldist í nútíma-krónum skal ósagt látið. Meðal annars var bankinn áfelldur fyrir það að hafa stöðvað frystihúsbyggingu Gísla í Vestmannaeyjum er henni var að ljúka. Til þess lágu tvær ástæður, fyrst sú að þó Þórður væri afburðaduglegur, gat hann ekki verið alls staðar í einu og varð því að draga að gera eitthvað í málum Gísla, fyrr en hann væri búinn að losa sig við mestu störfín annars staðar á landinu. Annað var það, að ýmislegt benti til þess að Gíslí, sem vissi að gjaldþrot vofði yfir, hefði skotið undan

¹ Þórður Eyjólfsson (1897-1975), dr. jur., síðast hæstaréttardómari.

² Gíslí J. Johnsen (1881-1965), útgerðarmaður og stórkaupmaður. Kona hans var Ásdís Gísladóttir.

allmiklum fjárhæðum, og var talið að ef til vill mundi hann grípa til þess fjár til að koma frystihúsbyggingunni áfram, en hún var nauðsyn í Eyjum.

Í eftirmælunum var sagt að er Gísli varð gjaldþrota hafi hann flutt til Reykjavíkur, byggt þar myndarlegt hús og byrjað starfsemi á ný með undragóðum árangri því hann hafi efnast fljótlega, en það, út af fyrir sig er auðvitað grunsamlegt.

Þetta var rangt eins og fleira. Gísla lynti ekki við bankastjóran í Vestmannaeyjum, Viggó Björnsson,¹ ágætan mann, því hann vildi hafa nokkuð eftirlit með peningum þeim sem hann sótti í bankann. Starfsemi hans var bundin við sölubúð og 8 mótorbáta. Mótorbátar gengu þá því aðeins vel að eigandinn væri formaður á bátnum og liti eftir öllu, en erfitt ef eigandinn sat í landi, og ómögulegt ef hann var fjarstaddur. Gísli flutti til Reykjavíkur nokkrum árum fyrir gjaldþrotið, byggði stórt og vandað einbýlishús, Túngötu 18, keypti í það vönduð húsgögn, hátt og lágt, silfurborðbúnað fyrir 24 og góð málverk. Allt þetta greitt með fé bankans. Gísli gaf konu sinni þessar eignir, sem hennar einkaeign, en þau höfðu kaupmála. Er bankastjórar Íslandsbanka fréttu um þessa gjöf, heimtuðu þeir að hún gengi til baka en Gísli hótaði að hann lýsti sig þá gjaldþrota. Var loks sæst á það að frúin skyldi gefa veð í þessum fjárumum fyrir 60.000 krónum.

Ræddum við um það hvort ganga skyldi að þessum eignum, er Gísli var gjaldþrota, en við urðum sammála um að gera það ekki. Hann og fjölskylda hans þyrfti einhver staðar að búa og við kærðum okkur ekki um að auðmýkja hann með því að taka húsið af honum. Þar sem Jónarnir áttu báðir hús gekk það staflaust um bæinn að ég ætlaði mér að setjast þar að og njóta þess fyrir 60.000 kr. En slíkt flögraði aldrei að mér, eins og tíminn leiddi í ljós. Líklega hefir fasteignin og innbúið kostað 5-6 sinnum meira en þessar 60.000 kr. Ég hef aldrei búist við að verða ríkur, né langað til þess, og síst að setjast í bú annarra.

Ekki veit ég hvort Gísli fann til þess sem drengskaparbragðs að láta hann njóta hússins, en er ég var kominn til útlanda, heimsótti hann mig oft og við höfðum vinsamlegar samræður án þess að minnast á gjaldþrot hans.

Bankinn fékk Björn Ólafs² skipstjóra til að taka að sér umsjá með þrotabúi Gísla, svo ekki yrði nein stöðvun á atvinnurekstri í Vestmannaeyjum og gekk þrotabúið sémilega.

Þrotabú Sæmundar Halldórssonar³ var undarlegt. Svo stóð á að hann skuldaði Privatbanken í Kaupmannahöfn rúmlega 100.000 kr. en af einhverjum ástæðum

¹ Viggó Björnsson (1889-1946), sonur Björns Jenssonar menntaskólakennara, bróðir Arndísar leikkonu. Útibússtjóri Útvegsbankans í Vestmannaeyjum.

² Björn Ólafs (1879-1953), skipstjóri, útgerðarmaður og bóndi í Mýrarhúsum á Seltjarnarnesi. Átti Valgerði Guðmundsdóttur, svilkonu Helga.

³ Sæmundur Stefánsson (1861-1940), kaupmaður í Stykkishólmi. Þekktur athafnamaður. Í fjöldamörgu ár kjörinn af Alþingi í landsdóm.

borgaði Sigurður Eggerz¹ þá skuld hjá Privatbankan og flutti hana heim. Þarna var enginn rekstur nema lítil búð og hún mjög dauflæg. Þegar ég leit þar inn hafði henni ekki verið gert neitt til góða í áratugi og allt mjög fornfálegt. Til hægri við innganginn var púlt, þar sem menn stóðu við að skrifa nótur og þessháttar. Þar var gólfíð gatslitið en ekki höfðu verið settar fjalir í gatið, heldur var lagt skermbretti yfir það til þess að skrifarinn hrapaði ekki niður í kjallara. Þetta var allstórt pjáturstykki, málað, sem sett var fyrir framan kolaofna til þess að ekki geislaði of mikill hiti á þá sem nærstaddir voru.

Er við Sæmundur ræddum um skuld hans sagðist hann mundi borga þessar hundrað þúsund krónur ef hann væri yngri. Ég sagði að skuldin væri því miður komin yfir hálf milljón, en hann vildi ekki trúá því, fyrr en ég sagði hvernig upphæðin hefði hækkað á hverju ári um nærri 100.000 kr. Sagðist hann vita að vextir hafi verið lagðir við upphæðina, en annað hafi hann ekki tekið í bankanum. Hafi hann samþykkt víxla hjá Sigurði Eggerz sem sá um þetta allt fyrir hann; svo kom hann sjaldan til Reykjavíkur, enda sýndist mér honum vera mjög að förlast. Það var haft að gamanmálum að blöð Sigurðar Eggerz hefðu lokast inn í Íslandsbanka, en hvort Sæmundur stóð undir blaðauðgáfu þeirri veit ég ekki.

--

Um haustið fór ég í erindum bankans til Akureyrar og Húsavíkur, ásamt Guðmundi Ólafs² lögfræðingi bankans og var kona mín með í för. Á Húsavík þraut bílveg. Kom Þórólfur í Baldursheimi³ með hesta og var fylgdarmaður okkar. Riðum við fyrst til Skinnastaðar en þar var prestur séra Páll Þorleifsson frá Hólum,⁴ en við höfðum verið sambýlismenn og tókum próf sömu dagana. Var hann einhver indælasti maður, sem ég hefi kynnst um dagana. Var hann nýlega giftur frú Elísabetu,⁵ og var þar jafnræði. Tóku þau á móti okkur eins og best má verða og fylgdu okkur langt á leið suður.

Skoduðum við Ásbyrgi og Hljóðakletta. Er ég gekk kringum tjörnina innst í byrginu og athugaði klettana sá ég að út úr þeim stóðu eitlar upp og niður, en mjóir. Virtist mér sem ekki gæti staðið öðruvísi á þeim en þeir væru mótaðir af miklum fossi og væri tjörnin hylurinn undir fossinum. Er við riðum upp með Jökulsá að vestanverðu, sá ég hvernig hraun hafði fyllt hinn gamla árfarveg og ýtt ánni austur í núverandi farveg, en Ásbyrgi var upprunalegi farvegurinn sem áin hafði byrjað að

¹ Sigurður Eggerz (1875-1945), sýslumaður, ráðherra, bankastjóri Íslandsbanka þar til hann fór í þrot 1930.

² Björn Ólafs (1906-83) lögfræðingur. Sonur Björns Ólafs og Valgerðar Guðmundsdóttur sem fyrr voru nefnd. Kona hans var Elin dóttir Magnúsar Sigurðssonar bankastjóra Landsbanka. Seinna bankastjóri Iðnaðarbankans.

³ Þórólfur Sigurðsson 1886-1941, bóndi í Baldursheimi í Mývatnssveit.

⁴ Páll Þorleifsson (1898-1974) frá Hólum í Hornafirði, prestur á Skinnastað og prófastur í N-Þingeyjarsýslu. Leigði á námsárum sínum hjá Álfheiði, móður Helga, í Tjarnargötu 24.

⁵ Elísabet Arnórsdóttir (1905-83), prestsdóttir frá Hesti í Borgarfirði.

grafa, áður en hraun ýtti henni austur. Veit ég ekki til að nokkur hafi veitt þessu eftirtekt fyrir og nefndi ég þetta í lítilli myndabók, sem kom út í New Jersey 1945.¹

Höfðum við ætlað að fá gistingu í Svínadal, en sá bær var í sóttkví og héldum við því áfram til Mývatns. Var þetta mjög löng dagleið enda höfðum við tafið á leiðinni til að skoða Ásbyrgi og Dettifoss og dásamað þessi náttúrunnar furðuverk. Vorum við því þreytt og svöng er við komum til Reykjahlíðar um kl. eitt um nóttina. Báðum við því um að gefa okkur skyr, sem okkur þótti mjög gott, því við vildum komast sem fyrst í háttinn. En blessað fólkíð vildi endilega gefa okkur kjöt í brúnni sósu, sem kom eftir rúman klukkutíma, en þá var bæði kona mín og Guðmundur sofnuð og höfðu því litla lyst á því.

Næsta dag vorum við fram eftir degi að skoða okkur um í Reykjahlíð og gleðjast yfir dásamlegri fegurð þar, en Þórólfur vildi komast heim. Fórum við því um 3 leytið suður í Baldursheim og þótti leitt hvað veran var stutt, því okkur langaði til að sjá meira af dásemdum Mývatns. Var tekið mjög vel á móti okkur þar og þótti skrýtið að er við fengum ágætan Mývatnssilung var hann þakinn strásykri, og er við fengum steikt egg næsta dag, voru þau einnig með góðu lagi af sykri, en auðsjánlega var þetta sérstakt vinsemdarbragð við okkur, þó okkur félli það ekki, enda óvön því.

Næsta morgun var undarlega mikill þys á fólkinu, föt dustuð og burstuð og nokkur koffort á hlaðinu. Spurði ég því stúlku eina hvort eitthvað stæði til. Hún sagði að það ætti að jarða gamla konu á heimilinu og koffortin full af kaffibrauði til að halda erfidrykkju hennar. Fór ég þá að skilja hví þessi asi var á Þórólfi sem vildi ekki að fólkíð missti af erfidrykkjunni við að sitja yfir okkur. Hann útvegaði okkur pilt úr sveitinni til að flytja okkur yfir að Fosshóli og taka hestana til baka. Er ég komst í síma pantaði ég bíl að Fosshóli og komumst við þá suður.

Það fór vel á með okkur þremur bankastjórum og man ég ekki til að nokkurn tíma hafi orðið misklíð milli okkar, eða að við hefðum titið öðruvísi á mál.

Jón Ólafsson var framkvæmdamaður og úrskurðarmaður, einn af þeim gáfuðu systkinum frá Sumarliðabæ.² Er við höfðum lokið fundum minntist hann oft æskuáranna og þótti mér það furðu skemmtileg frásögn, sérstaklega þegar hann fór í verið í Stokkseyri. Hafði hann þá í nestinu hálfan hrossskrokk, og lýsti hann hve góður sér hafi þótt hrossmakkinn, sem var svo feitur að feitinn rann milli fingra hans, því slíkt hnossgæti var bitið beint af stykkinu. Kvað hann verkunina undir því komna að hægt væri að snöggkæla ketið og hafi því verið valinn frostdagur með snjó, svo hægt væri að fleygja skrokknum í snjó án tafar. Oft sátu hjá honum margir

¹ Iceland and the Icelanders, bls. 18.

² Sumarliðabær í Holtum í Rangárvallasýslu. Systkini hans voru m.a. Bogi, yfirkennari, Gunnar, kaupm. í Eyjum og Kristínar tvær, önnur kennari, hin húsfréjja í Sólheimatungu í Borgarfirði.

sjómenn þegar maður kom inn í skrifstofu hans, flestir auralausir. Jón var mikill góðgerðamaður og held ég að enginn sjómaður hafi farið frá honum synjandi. En *lánunum* fylgdu föðurlegar áminningar: *Þú færð ekki nema 20 krónur, drekktu þig nú ekki fullan fyrir þær.* En hann gat verið furðu hrjúfur og skömmóttur, þó aldrei bitnaði það á mér.

Jón Baldvinsson var fæddur 20.12.1882 var alveg önnur manngerð. Hann nam prentið á Ísafirði í prentsmiðju Skúla Thoroddsen og fluttist með honum til Bessastaða og síðar til Reykjavíkur, en sneri síðan þvert úr leið og tók að sér að verða forstjóri Alþýðubrauðgerðarinnar uns hann varð bankastjóri.¹ Hann var heldur heilsutæpur og hygg ég að hann hafi haft væga blýeirun frá prentaradögunum. Hann var allra manna ljúfastur og samvinnuþýðastur, en ekki úrskurðarsamur og vildi mjög draga á langinn flest mál. Gátu fallnir víxlar manna legið hjá honum langtíum saman, ef hann tók að sér að sjá um þá.

Ekki þekkti ég til stjórnar hans á verkamönnum, en var sagt að oft hitnaði mönnum í hamsi og munaði minnstu að þingheimur berðist, eða þegar menn byrjuðu að taka í skeggið á Ólafi Friðrikssyni,² þá hélt Jón ræðu og þingheimur sættist. Sagði hann að ef Jón talaði áður en þessi vonska væri komin í menn, mundu fundirnir styttri og verkamenn meira einhuga. Hvort þetta er rétt, þori ég ekki að segja. Vel getur verið að Íslendingum þurfi að hitna í hamsi öðru hverju.

Oft gerði Jón gys að sjálfum sér. Sagði hann mér að einhvern tíma hafi hann hlustað á Per Albin Hanson³ tala lengi um *sockarbetarna í Skåne*. Undraðist hann mjög hvernig á þessu stæði, og loks spurði hann Per Albin hvernig stæði á því að mannföldi lifi á því að þrjóna sokka á Skáni. Sagðist Per Albin verið að tala um menn þá er hefðu atvinnu við sykurrófurnar⁴ á Skáni.

Ég hafði í barnskap álitnið að Landsbanki Íslands mundi verða einskonar stóri bróðir Útvegsbankans, sem mundi leiðbeina okkur í byrjun að minnsta kosti. Þetta reyndist þó ekki svo. Áttaði ég mig ekki á þessu fyrr en kunningi minn sagði við mig: *Ég heyrir að þið í Útvegsbankanum séuð að halda fundi um bankamál út á Austurstræti.*

Ég áttaði mig ekki á hvað maðurinn var að fara fyrr en hann sagði mér að Magnús Sigurðsson hafi sagt í sinn hóp að Jón Ólafsson hafi hóað í sig úti á götu og sagst þurfa að bera eitthvað undir hann. Var þetta orsök. Þeir Jón höfðu verið góðkunningjar í fjöldamörg ár og Jón ekki varað sig á honum.

En við áttum einhverjum erindum að gegna við Landsbankann, aðallega auðvitað að fá lán; því við höfðum byrjað með svo til ekkert fé, aðeins innskriftir.

¹ Auk þess að vera formaður Alþýðuflokksins og alþingismaður.

² Ólafur Friðriksson (1886-1964), forgöngumaður um stofnun Alþýðuflokks og Alþýðusamb. Ísl. Ritstj. Alþýðubl.; rithöf.

³ Per Albin Hanson, lengi forsætisráðherra Svía.

⁴ Sockerarbetare.

Þannig voru skuldir færðar milli reikninga án þess að losnaði fé þess vegna; svo sem skuld við póstsjóð Dana sem var færð sem áhættufé, án þess að fé bærst fyrir til bankans.

Er fundur hófst með stjórn Landsbankans, sem jafnframt var seðlabanki, en þar sátu þeir Magnús Sigurðsson,¹ Georg Ólafsson² og Ludvig Kaaber,³ sögðum við erindi okkar í upphafi fundar. Síðan sátu allir þegjandi, venjulega um hálf tíma, en við aðkomumennirnir sem beiningarmenn. Eftir hálf tíma eða svo reis Magnús á fætur og dæsti, svo sem við værum nú að taka síðasta bitann frá munni hans og sagði með lágri röddu: *Kaaber, Georg*, og benti þeim á að koma með sér inn í næsta herbergi. Við önduðum léttara er þeir fóru út og jafnvel brostum hver til annars.

Eftir misjafnlega langan tíma komu þeir til baka og höfðu þá sett kostina fyrir hjálpinni og fengum við að vita þá. Í fyrstu heimtuðu þeir að við greiddum allt upp með þeim erlenda gjaldeyri sem við áttum, en af honum varð nokkur hagnaður, sem Landsbankinn vildi ná í. Urðum við því að senda viðskiptavini Útvegsbankans til að kaupa gjaldeyri í Landsbankanum. Er hann var uppurinn endurkeyptu þeir víxla frá Útvegsbankanum, og er það venja seðlabanka. En allt slíkt þurfti langa umhugsun. Fundum við fljótlega að Landsbankinn vildi Útvegsbankann feigan, þó þeir hefðu ekki hugrekki til að segja það er rétt var um hvað gera skyldi við þrotabú Íslandsbanka.

Privatbanken danski hafði einnig mikið af víxlum Útvegsbankans að handveði, en það var geymt í vörslu danska sendiráðsins og þurfti einnig að fara þangað til að skipta um víxla og gerði það Helgi Eiríksson,⁴ síðar bankastjóri.

Bankaráðið hélt fundi hálfsmánaðarlega. Formaður þess var Svafar Guðmundsson. Hann hafði ekkert í það starf, en bannaði okkur bankastjórum á hverjum fundi að lána nokkurn pening, sem auðvitað var ómögulegt. Skipaði hann sjálfan sig útibússtjóra á Akureyri árið 1935. Aðrir í bankaráðinu voru Lárus Fjeldsted, Magnús Torfason, Stefán Jón. Stefánsson og Eggert Claessen.⁵ Það virtist ekki álit þeirra að það ætti að gera neitt fyrir bankann, og man ég ekki til þess að nokkurn tíma kæmi tillaga frá bankaráðinu, sem til gagns væri.

Sumir vildu þó vera hjálplegir vinum sínum og lögðu fast að okkur að kaupa víxla sem við töldum ekki tryggja, en ef þeir sóttu það mjög fast, létum við stundum undan úr því hann vildi skrifa upp á. Var þá málið látið niður falla.

Hér lýkur fyrri hluta æviminninga Helga P. Briem.

¹ Magnús Sigurðsson (1880-1947) frá Kaldadarnesi, lögfræðingur og bankastjóri Landsbankans.

² Georg Ólafsson (1884-1941), bankastjóri.

³ Ludvig Kaaber (1878-1941), bankastjóri og stórkaupmaður. Forystumaður frímúrara og guðspekinga.

⁴ Helgi Eiríksson (1900-1976).

⁵ Fyrr getið um þá lögfræðinga, Lárus hæstaréttarmálafl.mann, Magnús, sýslu- og alþingism., Stefán Jóhann Stefánsson, síðar forsætisráðh. og Eggert Claessen, hæstaréttarmálaflutningsmann, frænda Helga, form. Vinnuveitendasambands Ísl.

Hann skýrir ekki náíð ástæður þess að hann fluttist af landi brott. Þó má lesa milli línanna og af orðum hans að starfið við Útvegsbankann hefur verið erfitt, stjórnmálum blandið; því ekki beint faglegt. Ekki skýrir hann heldur hvernig Doris kona hans undi sér á Íslandi. Sennilega hefur sú staðreynd að hún var útlendingur haft sín áhrif. Nú tekur við lýsing Helga á starfinu í utanríkisþjónustu Íslendinga. Sá kafli var eftir því sem best verður séð að einhverju leyti skrifaður að ósk utanríkisráðuneytisins um þær mundir sem Helgi var að hætta störfum þar. Þá gæti hugmyndin verið eiganda bókaútgáfunnar Arnar og Örlygs, Örlygs Hálfðánarsonar, sem hafði hug á að gefa út safn greina um störf íslendinga erlendis

SÍÐARI HLUTI

Utanríkisþjónustan í myndun

Haustið 1931 kom til mín maður, kunningi okkar Helga Guðmundssonar, fiskifulltrúa á Spáni. Sagði hann að Helga langaði mikið til að losna þaðan og koma heim. Stakk hann upp á því að við hefðum skipti á stöðum, þannig að hann fengi mína stöðu sem bankastjóri við Útvegsbankann, en ég færi sem fiskifulltrúi til Spánar.

Ég tók því heldur þunglega, enda kynni ég ekkert í spænsku, og enginn í Reykjavík kenndi hana. Sagðist þó skyldi athuga málið og ræddi síðan við konu mína um það. Hún er ensk. Við höfðum þá búið tvö ár í Reykjavík, hún lært íslensku og líkaði mjög vel á Íslandi. Hún kvað mig ráða. Hún vildi heldur vera í Reykjavík, en það gæti verið gaman að reyna þetta starf í 2-3 ár.

Ég get ekki sagt að ég yndi mér vel í bankanum. Mér fannst starfið ekki við mitt hæfi. Mér leiddist að hugsa um peninga. Útvegsbankinn tók við þrotabúi Íslandsbanka og það varð að gera fimm stærstu viðskiptavinum bankans gjaldþrota. Urðu það langstærstu gjaldþrot, sem orðið höfðu á Íslandi. Var mörgu að sinna í sambandi við þau; mikil umsvif og margvísleg.

Báðir meðbankastjórar mínir, Jón Ólafsson og Jón Baldvinsson voru alþingismenn. Árið 1931 var Alþingi rofið þann 14. apríl og urðu miklar æsingar það ár. Veturinn sátu þeir á þingi, sumarið voru þeir í miklum kosningaleiðöngrum og um haustið sátu þeir aftur á þingi. Varð ég því að fara á hverjum degi, sem þeir voru á þingi niður í Alþingishús eftir lokun bankans, til þess að skýra þeim frá hvað skeð hafði og fá undirskriftir þeirra á víxilbeiðnir og önnur plögg sem samþykkja varð. Þeir voru báðir afbragðsmenn og samvinnuþýðir. Held ég að okkur hafi aldrei borið neitt á milli um nokkra ákvörðun. En vegna fjarveru þeirra lenti mjög mikil vinnubræði á mér. Lá ábyrgðin þungt á mér því auðvitað þekkti ég reynsluleysi mitt.

Einnig lenti það á mér að gefa skýrslu um starfsemina til bankaráðsins en það hélt fundi tvisvar í mánuði. Formaður bankaráðsins hafði ekkert til brunns að bera í það starf og hélt ræðu á svo til hverjum fundi um að við mætum ekkert lána og virtist hugsa um bankann eingöngu sem innheimtustofnun. Ofan á það leiddist mér, sem fyrr sagði, að hugsa um peninga og fjármál.

Starf fiskifulltrúa heyrði undir atvinnu- og samgöngumálaráðherra, því þá var utanríkisráðuneytið í Danmörku. Sigurður Kristinsson var atvinnumálaráðherra.¹

¹ Sigurður Kristinsson (1880-1963), atvinnumálaráðherra 1931. Forstjóri Sambands íslenskra samvinnufélaga (S.Í.S.)
Faðir Hjörleifs Sigurðssonar listmálara.

Hann réð mig en krafðist að ég sendi umsókn um starfið. Er það eina umsókn um embætti sem ég hefi sent um dagana.

Fiskifulltrúi

Þegar þetta var afráðið keypti ég mér kennslubók í spænsku og las hana klukkutíma á hverjum morgni áður en ég fór í bankann, enda var þá enginn spænskukennari í Reykjavík.

Einnig var ég heldur ófróður um fisk. Ég hafði unnið í saltfiski á æskuárunum fyrir 10 ára kaup um tímann. Þar fékk ég þó ágætis kennara þar sem var Jón Magnússon yfirfiskimatsmaður.¹ Fórum við á flestar fiskverkunarstöðvar í Reykjavík og suður með sjó. Síndi hann mér góðan saltfisk og slæman og var það mér til mikils gagns enda var hann ágætismaður, glöggur og fjölfróður.

Með þetta veganesti fór ég til Spánar. Strax og ég kom þangað heilsaði ég upp á innflytjendur saltfisks og umboðsmann útflytjenda okkar. Sumir þessara manna töluðu ensku, nokkrir frönsku en aðrir aðeins spænsku. Reyndi ég því að tala frönsku við þá, en því var skotið að mér að Frakkar væru mjög illa séðir, svo ég hætti því fljótt, enda komst ég fljótlega niður í spænskunni.

Við hjónin fengum okkur ágætan kennara í spænsku. Átti hann mikið safn ljósmynda af þýskum herforingjum með áritun til hans. Sagði hann mér að í stríðinu hafi hann verið njósnari fyrir Þjóðverja og hafi það verið sín bestu ár. Hann gekk á hverjum degi upp á hæð við höfnina, leit yfir hana og sagði hvað væru mörg skip í henni og hvað mörg sæjust á siglingu. Fékk hann mjög gott kaup fyrir þetta.

Ég taldi nauðsynlegt að kynnast mörkuðum og innflytjendum víðar en í Barcelóna. Fór ég því í byrjun apríl hringferð um allan Spán og Portúgal. Þótt ég væri kominn allvel niður í spænsku taldi ég réttara að hafa með mér túlk. Bauðst kunningi minn til að fara með í þessa hringferð kauplaust sem matvinnungur. Þetta reyndist misráðið. Kaupendur vildu ekki tala um neitt varðandi fisk meðan hann var viðstaddur, en báðu mig að koma aftur og þá einan. Voru þeir hræddir um að hann mundi verða keppinautur þeirra og kynntist ég þá fyrst hinni miklu afbrýðissemi Spánverja og hræðslu við samkeppni.

Ókum við fyrst til Bilbao og síðan eftir hinni fögru norðurströnd Spánar, en þar lentum við í kafaldshrið. Frá Vígo ókum við suður til Oporto og Lissabon, en þangað komum við í apríllok. Sögðu margir Portúgalir mér að þann fyrsta maí mundi áreiðanlega verða uppreist í landinu, kannski bylting og líklega yrði landamærunum lokað. Mundi mér því hentara að vera kominn burtu fyrir þann fyrsta. Hraðaði ég því ferð minni eins og ég gat og ók til Sevilla. Var ég bílstjórinn alla þessa leið og gekk hún ágætlega.

¹ Jón Magnússon (1876-1948).

Þessi ferð var mér mjög gagnleg. Ég kynntist bókstaflega öllum sem fluttu inn fisk á Spáni og í Portúgal og mörkuðum í þessum löndum, og hafði ætíð síðan gott samband við þá og þeir við mig. Ég kynntist álitum þeirra á fiski okkar og fiski keppinauta okkar og séróskum hvers staðar. Á strönd Miðjarðarhafsins var byrjað að byggja kælihus og þá vildu menn hafa fiskinn sem minnst þurrkaðan, en á norður Spáni mjög harðan.

Sumstaðar vilja menn mjög stóran fisk, en annarsstaðar smáan og er þá annar fiskur svo til óseljanlegur. Í Barcelóna var saltfiskur skorinn í stykki og seldur útvatnaður. Varð mikill úrgangur ef fiskurinn var of smár.

Í Portúgal var mjög sóst eftir því að fá blautfisk og þurrka hann þar, enda var fólkinu á stakkstæðunum þar greitt um sjötti partur kaups á Íslandi og þar sem sólfar brást varla var verkunin mjög ódýr.

Markaður okkar í þessum löndum var geysimikill og gagnlegur okkur. Í Bilbao á norður Spáni nam innflutningurinn allt að 40.000 tonn á ári eða yfir 100 tonn á dag. Var þriðjungur, eða allt að helmingur þessa magns, frá Íslandi. Í Barcelóna seldust 15.000 tonn eða um 50.000 kg. hvern virkan dag. Var sá fiskur nær eingöngu frá Íslandi. Að jafnaði seldum við 35-37.000 lestrir á Spáni, 5-6.000 í Portúgal og 17.000 lestrir í Ítalíu. Árið 1930 varð mikið verðfall á saltfiskinum og árið 1931 var mikið af honum selt úr landi í umboðssölu og fékkst lítið fyrir hann.

Allt var glæsilegt á yfirborðinu.

Hotel Colon,¹ Barcelóna, 3.3.1932. Helgi P. Briem skrifar Álfheiði Briem.

-- Þegar við höfðum verið einn dag um kyrrt í Birmingham fór ég til London, en Doris varð eftir hjá foreldrum sínum til að hvíla sig og jafna sig eins og þar stendur.² Ég fór aftur til að heilsa upp á dönsku *legationina* í London og láta þá útvega mér ýmsa pappíra, svo sem meðmælabréf frá franska og spænska sendiherranum til embættismanna hér og í Frakklandi. Einnig lágu þar diplomatapassar fyrir okkur Dorisi, frá utanríkisráðuneytinu danska og önnur bréf frá Danmörku. Tók það nokkurn tíma að fá meðmælabréfin og notaði ég tímann til að ragast í fiskbusiness og heilsaði upp á nokkur fiskfirnu sem selja fisk til Spánar. Könnuðust þau við mig og voru sérlega elskuleg og gáfu mér ýmsar upplýsingar, sem ég er þó óviss um að ég noti alveg út í æsar.

Líka hittu ég bankastjóra við þá tvo banka sem Útvegsbankinn skiptir aðallega við, til að kveðja þá. Tók þetta rag allan daginn eða meðan skrifstofur voru opnaðar. Þegar þær voru lokaðar fór ég aftur að kvöldinu til að líta á bíla, því eins og ég ráðgerði heima, hafði ég hugsað mér að

¹ Sennilega sama hótelið og enn stendur við Avinguda Catedral.

² Í bréfi sem sent var frá skipsfjölni á leiðinni frá Rvík, kemur fram að Doris virðist hafa gengist undir uppskurð í Rvík fyrir brottförina. Tók í skurðinn er hún var sjóveik.

kaupa bíl í London og aka í honum hingað suður eftir og nota hann síðan í *visitationir*, fremur en að loka okkur inni í járnbrautarklefa, sem bæði er dýrara og leiðinlegra.

Datt ég ofan á buickbíl lítið notaðan en þriggja ára gamlan fyrir 1/5 af upprunalegu verði og þegar ég var búinn að láta vélameistara einn, sem tekur slíkt að sér, grandskoða hann, þá keypti ég hann og keyrði til Birmingham og var þar *week-end*.

Á mánudagseftirmiðdaginn tókum við Doris síðan dóttur okkar og kláraði ég síðan það sem ég þurfti að gera og fórum við síðan yfir til Calais á föstudag og beinustu leið hingað suður í heldur stuttum dagleiðum til að Doris ofþreyttist ekki á ferðinni. Því þrátt fyrir allt er þetta ferðavolk þreytandi fyrir þann sem ekki hefur náð sér alveg.

Ég hafði búist við að það færi alltaf að hlýna eftir því sem við kæmum sunnar í Frakkland, en það var ekki og á öðrum degi skall á blindbylur svo að við settumst að snemma. Var mjög kalt alltaf úr því og tepptust samgöngur víða í Frakklandi. Allar tjarnir voru frosnar og hvítt í rót á ökrum. Í Toulouse og jafnvel þar fyrir sunnan voru skaflar mittisháir er við fórum þar í gegnum tveim dögum eftir hátíðina. Hafði snjónum auðvitað verið mokað svona, því göturnar voru ekki snjópungar þá, en manni þótti þetta hálf skrytið. --

Framhald 5.3.1932.

-- Strax og komið var suður yfir Pyreneafjöllin breyttist veðrið algjörlega. Þau voru hvít. En í öllum dölum voru trén að springa út og alsett hvítum og rauðum blómum. Voru vegirnir einnig ágætir og allt þjóðlífið miklu fjörugra en í Frakklandi. Bíllinn er lokaður, svo okkur varð aldrei kalt, en samt fannst okkur við vera komin frá vetri til sumars.

Líst okkur mjög vel á okkur hér í Barcelóna. Glugginn á hótelinu snýr út að stóru torgi með görðum og gosbrunnnum, *statúum* og tömdum dúfum og alls konar veseni. Er gaman að skoða þjóðlífið því trafík er mjög mikil, ljósaauglýsingar og hávaði. Minnir torgið mjög á Kongens Nytorv og Barcelóna á Kaupmannahöfn.

Ég fékk mikið af bréfum þegar ég kom hingað sem höfðu safnast meðan hér var engin skrifstofa og þarf nú að svara þeim. Í gær fórum við að heimsækja danska konsúlinn sem er gamall Norðmaður, mjög elskulegur. Kom hann aftur hingað í hótelið til okkar í morgun. Fór hann með okkur í tvo staði í gær til að líta á bústað fyrir okkur, en ekki leist mér almennilega á.

Barcelóna, 29.3.1932. Helgi P. Briem skrifar Álfheiði Briem.

Búin að fá inni í lítilli íbúð. Gengu í enskan og skandinavíska klúbb.

-- Doris virðist alveg vera búin að ná sér eftir ferðavolkið, en alltaf er hún leið að hafa misst litla heimilið okkar og langar til baka til Íslands.

Bestur af þeim sem við höfum kynnst hér er þó konsúllinn, gamall Norðmaður, Engberg að nafni. Hefur hann verið okkur mjög góður og hjálpsamur. Höfum við verið þar tvisvar um eftirmiðdag og í fyrradag vorum við boðin þangað í miðdag. Heldur systir hans hús fyrir hann og eru þau bæði jafn skemmtileg og sympatísk. --

Auk þessar hef ég auðvitað kynnst öllum fiskkaupmönnum og hafa þeir verið mjög elskulegir við mig, þó einn (sem var umboðsmaður Kveldúlfs) hafi reynt að narra mig dálítið. Kvartaði hann undan að fiskurinn væri mjög lélegur og mikið af fiskinum sem hann hefði fengið sem fyrsta flokk, væri beinlínis annars flokks. Skoðaði ég hann og sagðist ekki skilja í því að hann hefði fengið þennan fisk sem fyrsta flokka. Það ég hann sýna mér matsvottorðin og þar stóð skýru letri að þetta væri fyrsti og annar flokkur pakkaður saman. Sýndi ég honum það og sagðist hann ekkert skilja í að hann hefði tekið feil á þessu. Gruna hann um græsku og að hann hafi fengið línu að heiman um að ég væri ekki mjög klókur í faginu.

Ég hef verið mikið með litla Spánverjanum sem var heima og heitir Creixelles. Hann hefur verið mér mjög hjálpsamur, farið með okkur að leita að íbúðum og til þeirra karlanna sem ekki hafa skilið ensku eða frönsku, sagt okkur allt um spænska siði og verið eins og góður bróðir við okkur. Farið með okkur á upphaldskaffihúsin sín og jafnvel nautaaf þó hann vilji helst ekki sjá þau.

Sáum við nautaaf í gær. Er það heldur andstyggileg skemmtun þó Spánverjarnir virtust mjög hrifnir. Var einn toreadorinn heldur linur í sókninni að sessunaut mínum fannst svo að hann dró upp mikla blístru og blés þangað til hann var orðinn kafrauður í framan, og settist síðan niður með miklum swardögum. Skildi ég lítið í því nema hvað hann heimtaði revolution bæði í ríkinu og fylkinu, svo hægt væri að sýna dónanum í tvo heimana. Brosti hann síðan mjög elskulega til mín, sem var farinn að verða skelkaður. Nokkru seinna barst leikurinn til okkar og þegar toreadorinn var rétt hjá, gerði hann eitthvað sem sessunaut mínum þótti lélegt, svo hann stókk upp, steytti hnefanum til toreadorsins og skammaði hann og skipaði honum burtu úr hringnum. Var ég hræddur um að hann ætlaði að rjúka í hann, en í stað þess brosti hann mjög blíðlega til okkar beggja sessunauta sinna og settist niður.

Hinn toreadorinn var 17 ára piltur, svo fífldjarfur að manni sýndist nautið alltaf ætla að ná í hann. Líkaði Spánverjunum það mjög vel og eggjuðu hann fast til framgöngu. Endaði það með því að nautið náði í

hann milli hornanna og fleygði honum til. Stóð hann þó upp ómeiddur en gauðrifinn, því buxurnar hans voru allt það knappasta fyrir. Ætluðu Spánverjarnir þá alveg að rifna af fögnuði og fleygðu höttum sínum niður til hans, en það er vináttimerki hér og virðingar. --

Er ég kom til Spánar í ársbyrjun 1932 hafði verið þar einræðisherra sem hét Primo de Rivera frá 1923-30. Í apríl það ár var kóngurinn Alfonso XIII. rekinn í útlegð án þess þó að segja af sér og má segja að eftir það hafi verið stjórnleysi á Spáni. Geisaði ennþá kreppan, sem hófst í Bandaríkjunum árið 1929.

Saltfiskmarkaðurinn var mjög ofsetinn á Spáni um þær mundir sem ég kom þangað, því ekki aðeins seldu Íslendingar þangað heldur einnig Norðmenn, Færeyingar og Nýfundnalandsmenn.

Það var mikill órói í landinu. Verkföll brutust út hér og þar og báru óánægjunnir vitni, en vinnulöggjöf sú sem sett var eftir byltinguna, þegar kóngurinn hvarf úr landi, 12. apríl 1930, var mjög róttæk, verkamönnum í vil, en ól á sundrunu. Í júní 1931 voru kosningar; fengu þá jafnaðarmenn og allskonar flokksbrot til vinstri við þá 315 þingmenn af 466, en konungssinnar fengu einn.

Menn áttu rétt á að halda stöðu sinni hvernig sem á stóð. Tveir menn sem myrtu verksmiðjueiganda er þeir unnu hjá voru fljótlega náðaðir. Heimtuðu þeir þá að fá aftur fyrri stöður sínar hjá ekkjunni. Hún neitaði að taka þá í sína þjónustu, en var dæmd til þess. Einnig var ákveðið að enginn skyldi vinna á frídögum. Þýddi þetta að verkafólk, sem mjög sótti úr bænum á slíkum dögum, hafði mat með sér, en komst hvergi. Ekki einu sinni kaffihús voru opin í bænum, svo mönnum leiddist mjög á slíkum dögum.

Margt annað fór úrskeiðis á svipaðan hátt af því að stjórnin skildi ekki afleiðingar þeirra velviljuðu ákvæða sem sett voru í lög verkamönnum í vil. Úr gluggum íbúðar minnar mátti sjá mikla verksmiðju og stóran reyk háf í miðju þeirra miklu húsaþyrpinga. Eigandinn gaf verksmiðjuna til borgarinnar og skyldu húsinn notuð sem iðnskóli. Skilyrði var, að reyk háfurinn stæði sem minnismarki um óbilgirnir verkamanna.

Árið 1933 voru aftur kosningar og komu þá í ljós mikil vonbrigði með stjórnina. Fengu hægri menn þá 207 þingmenn, vinstri menn 99, en miðflokkarnir 107, og gátu þeir því ráðið stjórninni. Þeirra öflugastur var svokallaður róttækur flokkur undir stjórn Alejandro Lerroux.¹ Hann var mjög íhaldssamur en Lerroux talaði af ógnvekjandi ofsa gegn auðvaldi og kirkju, svo sem í þessari frægu setningu: *Ég vil hengja hinn síðasta prest í görnum hins síðasta milljónamærings Spánar.* Hann myndaði fjórum sinnum stjórn á árunum 1935-1937 og hafa þessi ár verið af sagnfærðingum kölluð *svörtu árin* tvö, *bienoe negro*. Var sagt að hvorki væri hægt að fá

¹ Alejandro Lerroux 1864-49.

innflutningsleyfi, né útflutningsleyfi, nema fyrir mútur. Var þetta oft aðalumræðuefni á þingi en stjórn hans féll loks er mútur sönnuðust á son hans. Jafnvel í Encyclopaedia Britannica er sagt frá þessu í grein um Lerroux.

Gengi pesetans var mjög óstöðugt og mikið gekk á spænskar inneignir sem safnast höfðu fyrir í stríðinu. Pesetinn hafði fallið úr 26 í 36-50 fyrir sterlingspund árið 1929, og í 51 árið 1930. Síðan hækkaði hann aftur í 45 fyrir pundið. Er sterlingspund hækkaði í verði í mars 1932 fylgdi pesetinn því nokkuð og var um þetta leyti 47-50. Skapaði þetta nokkurn geig hjá innflytjendum, því þá var enn talað um að gjaldeyris kæmist aftur í sitt fyrra gullgengi.

Hinsvegar var mikill órói á Spáni. Var þá byrjað að tala um nauðsyn þess að heimta jafnaðarkaup á Spáni eins og í fleiri löndum. Þau voru erfið, því útflutningur Spánar var að langmestu leyti aldin, vín, salt og bómullarvefnaður. Auk þess nokkuð af málmum, málmgrýti og korki. Byrjuðu Spánverjar sína nýju verslunarpólitík með því að leggja hömlur á innflutning Tyrklands og gjaldeyri þangað, en þaðan var flutt inn mikið af eggjum. Einnig stöðvuðu þeir algerlega gjaldeyri til Danmerkur um skeið, þangað til Danir lofuðu að kaupa miklu meira af aldinum en gert var ráð fyrir.

Sögðu Danir mér að þrátt fyrir þetta hafi aldrei liðið svo mánuður að sendiráðið hafi ekki fengið kvartanir um að Danir neituðu um gjaldeyri fyrir spænskar vörur. Var þó flest árin næsta lítill mismunur á vörufjöfnuðinum og sum árin var hann Dönum í vil. Olli þetta mér allmiklum áhyggjum, því í engu landi var vörufjöfnuðurinn óhagstæðari Spáni en við Ísland og ekkert land átti erfiðara að slétta hann með auknum vörukaupum.

Er það fréttist í Barcelóna sumarið 1932 að stofnað hafi verið Sölusamband íslenskra fiskframleiðenda urðu menn mjög hræddir um að það mundi þrengja kosti þeirra og misnota vald sitt og hækka fiskverð úr hófi. Auk innflytjendanna var talið að um 700 manns hefði framfæri sitt af því að selja saltfisk útbleyttan í Barcelóna. Var nokkur hugur í mönnum að kæra þetta fyrir stjórninni í Madrid og heimta mótmæli. Mér þótti útlitið nógu erfitt þó ekki bættist þetta við, og gekk ég því á milli þeirra og reyndi að róa þá og benda á að það gæti aðeins orðið þeim til góðs að verðið yrði stöðugt. Varð ekkert úr mótmælum né kvörtunum til stjórnarinnar.

Þar eð einhver taugaæsingur var einnig í Bilbao út af þessu fór ég þangað og var þar í nokkrar vikur. Var einnig hægt að róa þá svo að ekki varð af mótmælum. Notaði ég tímann til að kynna mönnum betur en við skyndiheimsóknina í apríl. Þá varð heldur ekki af mótmælum.

Bilbao, 1932. Helgi P. Briem skrifar Álfheiði Briem.

-- Ég býst við að koma á fiskmatsformannafundinn í júní einhvern tíma.¹ Er því farinn af stað í ferðalag til helstu innflutningsstaðanna hér og í Portúgal. Býst ég við að verða á þessu ferðalagi í fjórar vikur. --

Ég er allan daginn að tala við fiskkaupmenn hér. Þeir eru mjög elskulegir og vinsamlegir, byrja alltaf á því að bjóða manni í lunch og enda með að segja þessa setningu: *Ég er til yðar dispositionar og allt mitt fólk og allt sem mitt er. Bið ég yðar tign að disponera yfir því eins og þér viljið.*

Veit ég ekki hvað þeir segðu ef ég seldi ofan af þeim kofann, enda ber ekki að taka þetta neitt hátíðlega, heldur segi ég aðeins að ég segi það sama og allt eins, enda er það fljótlega. --

Sevilla, 4.3.1932. Helgi P. Briem skrifar Álfheiði Briem.

Lýsir landi, landsháttum, veðráttu, mat og feegurð náttúrunnar. Hann hafði ekki áður séð annað eins. Helgi misreiknaði sig með áætlanir vegna uppstigningardags. Fengu þau Doris því tækifæri til að skoða konungshöllina.

Höllin er byggð upprunalega af Serkjum og því þúsund ára gömul í arabískum stíl og afar skrautleg. Uppi á lofti hefur verið búið nýlega og bjó Alfonso² þar þegar hann var hér í ekki. Hefur hann auðsjáanlega lært af Geira mági³ að byggja ofan á gömlu húsin til að spara sér gróft á kjallara.

Fyrir rúmu ári var Fonsi sendur burt og voru því herbergi hans til sýnis. Höfðu hjónin skilið allt eftir eins og þau ætluðust til að finna það aftur, en eiga víst ekki afturkvæmt hingað. Saumakassi drottningar var í sófahorninu með upprifnu nálabréfi, svo hún hefur auðsjáanlega verið að þjóna sér (eða Fonsa) rétt áður en lestin fór; myndir af börnum þeirra við höfðalagið á rúminu hennar og á kommóðunni, eins og í sveit á Íslandi. --

Býst ég við að koma til Barcelóna aftur eftir viku. Á ég eftir að koma við á þrem markaðsstöðum. Verð ég svo þar þangað til í byrjun júní að ég fer að fara á fiskmatsmannafundinn heima og ætla þá að fara til Genúa á leiðinni. Hef ég þá komið á alla helstu markaðsstaðina hér syðra og er betur undir fundinn búinn en ég bjóst við að verða á svo stuttum tíma. Er ég því vel ánægður með þetta ferðalag mitt, þó það sé mjög þreytandi að þjóta svona á milli og vera ekki nema 1-2 daga á hverjum stað. En ég hef lært mikið á því og það er aðalatriðið. --

¹ Fundinum var síðar frestað og kom HPB ekki til Íslands.

² Alfonso XIII. Hann sagði fyrst af sér 1941 í hendur Juan sonar síns (föður Juan Carlos núverandi kóngs).

³ Ásgeir Guðmundss. (1899-1936) lögfræðingur, átti Friede (1900-97) systur Helga. Hér á hann við húsið sem þau bjuggu í, Vesturgötu 17. Þau Friede fengu leyfi til að byggja ofan á húsið, þriðju hæðina. Þau bjuggu þar, sennilega á annarri hæð. Hvort af byggingunni varð, er ekki vitað. Er það ósennil. Því þau fluttu þaðan skömmu síðar.

Barcelóna, 18.5.1932. Helgi P. Briem skrifar Álfheiði Briem.

-- Þegar ég hef verið í Genúa hef ég komið á alla helstu markaðsstaðina í umdæminu og kynnst hvað hver þeirra þarf mikið og hvernig fisk þeir vilja. Fór Helgi Guðmundsson ekki í slíka ferð fyrr en hann var búinn að vera hér hátt í annað ár og þá með fiskmatsmanni að heiman. Var það auðvitað hægari aðstaða. Ég ákvað að fara heim, svo að ekki væri hægt að leggja það út sem ég treysti mér ekki til þess, vegna þess að ég þekkti ekki neitt út í neitt og sýna körlunum að ég hef komist tiltölulega fljótt inn í starfið. Einnig taldi ég betra að hafa persónuleg kynni af fiskimatsmönnum því það er auðveldara að senda þeim umkvörtunarbréf ef maður þekkir þá eitthvað. Hef ég haft nóg að gera og eru svona ferðalög þreytandi, en ég er ánægður með árangurinn og vona að ég verði að einhverju gagni.

-- Þrátt fyrir þessa miklu frjósemi alla er fátæktin ógurleg. Við fórum í gegnum heil þorp þar sem ekki var eitt einasta hús. Fólk lifði í hellum sem það hafði grafið sér inn í hóla úr leir. Voru íbúðirnar gluggalausar, nema ef einn gluggi var við hliðina á inngöngudyrunum, en þær voru látnar standa opnar til birtugjafar. Eldfærin hérna eru afar ófullkomin, jafnvel í stórum hótelum er allur matur eldaður við viðarkol. Eru þau látin í lítinn pott og stendur stúlka við með smáviftu og skapar þannig *trekk* þegar þarf að flýta sér. Ofnar þekkjast óvíða nema í Barcelóna. Þegar kuldinn sverfur að er komið með *þrifót* og smá járndós í honum fulla af viðarkolum. Brenna þau auðvitað upp öllu lofti í herberginu, svo varasamt er að hafa þetta of lengi hjá sér. En í kaffihúsum, þar sem menn vilja láta fara vel um gestina, er manni boðið að setjast við borð með gólfsíðum dúk. Undir borðinu er dálítið fat, eins og vaskafat, með þessum sömu viðarkolum og geta gestirnir haft lappirnar í velgjunni og breiða dúkinn síðan yfir sem kyrfilegast svo hitinn ekki spillist. En kvenfólkið sem ekki fær að koma í kaffihúsin og spila *dómino*, eins og karlmennirnir, situr fyrir utan húsin á kvöldin -- Ekki höfðum við samt ama af þessu, því þegar kalt var, aðallega fyrst í ferðinni, fengum við *þrifótinn* inn til okkar!


Líklega kem ég þann 21. júní með Brúarfossi, þætti mér þá gott að þú gætir skotið yfir mig skjólshúsi, ef ekki verður allt fullt af prófessorum og öðrum vandræðamönnum!¹

Þótti mér gott að Eggert Ólafur fóstursonur² er farinn að verða dálítið sjálfbjarga, svo hann geti farið að ganga í búðir.³ Ég hef hugsað svo oft til hans og við Doris bæði, nú upp á síðkastið, þegar við höfum lesið blöðin

¹ Álfheiður Briem leigði nemum herbergi með kosti á vetrum; erlendum háskólamönnum á sumrin og alþingismönnum um þingtímann.

² Ég, E.Á. f. '29 var í fóstri hjá Doris og Helga er Páll fæddist í apríl 1931.

³ Vísar til þess er ég strauk 3ja ára að heiman frá Bergstaðastr. 69, hélt í Aðalstræti, ætlaði að finna pabba í Austurstr. 1. Fann mig kona við búð Silla og Valda og fór með mig heim.



Því sonur Lindberg, sem rænt var, var jafn gamall og EÓ þegar hann hélt til hjá okkur. Er alveg ógurlegt að hugsa til þess að veslings sakleysingi eins og þessum tuttugu mánaða gamla dreng skuli hafa verið rænt frá foreldrum sínum og myrtur síðan með köldu blóði.

Við sendum smá færiskvía¹ til Sigurðar Helga og Páls Þóris² fyrir löngu síðan og vonum að þær hafi komið til skila.

Bilbao, 21.8.1932. Helgi P. Briem skrifar Álfheiði Briem.

-- Þú heldur að menn sjái frekar eftir að hafa mig hérna og skil ég það vel. Þó held ég að ég vinni nokkurn veginn fyrir launum mínum, því t.d. í dag var ég að garfa í máli fyrir firma heima og fann þar dálitla reikningsskekkju upp á 57 þús. peseta sem spænskt firma var að reyna að snuða íslenskt firma um og landinn vissi ekki hvernig var varið. Var heldur laglega búð um það, svo ég var ekki viss um að menn sem voru óvanir reikningabrellum hefðu séð við því, svo ég fari nú að grobba dálítið. Svo þar held ég að ég hafi sparað landinu rúmlega fyrsta árs launin mín, þó ég hefði ekkert gert annað.

En svo fékk ég líka óvænt kompliment frá atvinnumálaráðuneytinu, því það skrifaði mér að svo margir sæktust eftir skýrslum mínum að ég þyrfti framvegis að senda tíu afrit af þeim. Ekki setti Magnús Guðmundsson þó sjálfur nafnið sitt undir bréfið, en hann er þó minn yfirboðari --

Ég hef líka fengið bréf frá Kristjáni Bergssyni³ eftir hverja skýrslu mína um að hann hafi leyft sér að láta prenta skýrsluna í Ægi og eru þar komnar fjórar í röð.-- Virðist mér það benda til að þeir sem eiga að hafa vit á þessu séu heldur ánægðir með starf mitt. Meðan þetta embætti er skv. lögum verður hafður maður í því. Hvort það er ég eða einhver annar gerir ekki svo mikið til frá landsins sjónarmiði, ef maðurinn gerir eitthvert gagn. Skaltú því ekki fást um þó einhverjir vilji heldur hafa mig nær sér, því það hefur verið hlutskipti embættismanna á voru landi að

¹ Gott orð yfir barngrind, sem var þekkt nú.

² Frændurnir Páll Þ. Aegirsson, Bergstaðastr. 69, síðar yfirlæknir, og Sigurður Línal, Bergstaðastr. 76, síðar lagaprófessor, báðir f. 1931.

³ Kristján Bergsson (1884-1949). Togaraskipstjóri, forystumaður í sjávarútvegi, forseti Fiskifélags Íslands.

vera taldir til einskis nýtir, afar dýrir á fóðrum, eins og þú kannast við sem embættismannskona og nú upp á síðkastið sem embættismannsmóðir.

Gott var að heyra að Friede og Ásgeir skemmtu sér vel í sumarfríinu sínu. Doris bara dauðöfundaði þig af að fóstura Pál Þóri meðan þau voru burtu, ekki að tala um að vita af að Eggert Ólafur gangi sjálfala úti á Nesi, því við skoðum hann alltaf sem fósturson frá því er hann var hjá okkur á Marargötunni. Dálítið öðruvísi en hinir frændurnir. Það er einkennilegt hvað þessir litlu kjánar geta komið sér í mjúkinn, jafnvel hjá manni með mína illu lund (!) --

Annars líkar okkur langtum betur við fólkið hér, en við Suðurspánverjana, en höfum þó ekkert upp á þá að klaga. Erum við afar vinveittir, ungur innflytjandi og ég, og fer hann með mig um allar jarðir til að sýna mér landið sem best og þá tölum við um alla heima og geyma, færeyjaporsk og grænlandsporsk, mismuninn á faxaflóaporski þurrkuðum í Færeyjum, á Íslandi, í Hafnarfirði. Ég fræddist um ótrúlega margt af honum. Heitir hann hvorki meira né minna en *don Elias de Esmarrizaga* og margt fleira, en ég kalla hann bara don Elías. --

Var að ljúka við og koma skýrslu frá sér um hrognaverslun á Pyreneaskaga. Segist hafa verið kjörinn heiðursfélagi í amerískum samtökum um skattamál (The Tax Research Foundation; University of Kentucky) fyrir grein sem hann skrifaði fyrir þau á liðnu ári.

Það virtist yfirleitt léttu mjög á Spánverjum að geta talað um vandamál sín. Er þeir kvörtuðu undan að hafa fengið lélegan eða óheppilegan fisk kom ég til þeirra og voru þeir þá oft svo reiðir, að eldur brann úr augum þeirra, yfir þessu ranglæti. Hlustaði ég þolinmóður á þá, sýndi samúð mína og sagði ekki neitt. Er þeir höfðu talað út um málið spurði ég þá nokkurra spurninga og fékk þá venjulega alla rolluna aftur, en ekki með jafn miklum æsingi. Er ég spurði þá enn nokkurra spurninga svöruðu þeir venjulega reiðilaust og skoðuðum við þá hinn umdeilda fisk. Ég gerði mínar athugasemdir, skrifaði hjá mér þau merki sem hann var óánægður með og hvernig mér hafi litist á þau. Sendi ég síðan fiskimatsmönnum þeim, sem í hlut áttu að máli, skýrslu um málið til að reyna að koma í veg fyrir kvartanir í framtíðinni, því þeir vissu frá hvaða stöð hann kom. Kaupandanum sagði ég aðeins að eins og hann vissi væri selt eftir mati, en ég myndi nú skrifa heim um þetta til þess að hindra að þetta kæmi fyrir aftur. Annað gat ég ekki sagt

Millipinganefnd í launamálum sendi atvinnumálaráðuneyti bréf 4.5. '34 og bað um álit þess á hvort þörf væri á fiskifulltrúa í Suðurlöndum er Samband íslenskra fiskframleiðenda (SÍF) væri komið á laggir. Þess var getið að árskostnaður embættisins næmi 39 þús. kr.

Fiskifélag Íslands hafnaði tillögunni og sagði ekki komið skipulag á fiskisölusamlagið eða framtíð þess tryggð. Landsbankinn lagðist á sömu sveif, sagði nausynlegt að hafa fulltrúa syðra til að gæta hagsmuna Íslands og greiða úr flækjum svo sem í sölukvótamálum, sem væri hvarvetna kominn á eða yfirvofandi. Sömu afstöðu hafði Útvegsbankinn.

nema bera lítilsháttar í bætifláka fyrir seljandann ef mér fannst hann ósanngjarn, en það skeði sjaldan.

Þó þetta væri þunnur þrettándi fyrir kaupandann, virtist sem hann hafi fengið útrás. Þakkaði hann mér fyrir komuna og skildum við sem vinir. Sagði hann að svona menn væri talandi við, þó ég hafi lítið sagt og engu lofað, nema að skrifa heim um kvörtun hans.

Auðvitað rífst maður aldrei við Spánverja. Hann má ekki bera lægri hlut. Maður verður alltaf að skilja við hann sem sigurvegara og hrósa honum fyrir rökfestu og sammingslipurð, enda er hann búinn að sannfæra sjálfan sig um það. En þó ég tali hér um Spánverja, eru þetta óskrifuð lög í diplómatíinu og við alla samninga.

Bilbao, 4.9.1932. Helgi P. Briem skrifar Álfheiði Briem.

-- Ég hafði ekki hugsað mér að fara hingað -- en svo var Sölusambandið stofnað svo innflytjendur í Barcelóna voru mjög órólegir og var ég þar í nokkra daga að segja þeim að ekkert væri að óttast og bera til baka allskonar lygasögur, sem komu einhver staðar að. Hélt ég að betra væri að athuga hvernig allt stæði hér í Bilbao, svo ég kom hingað fyrir tíu dögum. Hef ég síðan verið í Bilbao á hverjum degi að tala við innflytjendurna og hef róað þá að mestu.

Á öðrum degi eftir að ég kom hingað fórum við til smábæjar fyrir norðan Bilbao, sem heitir Plenzia, og höfum búið þar. -- Er hér ágætis baðströnd og mjög stór, og förum við þangað á morgnana þegar sólin skín og tökum sólbað og sjávarbað. Doris hefur kennt mér að synda, svo nú get ég fleytt mér. -- okkur er farið að langa til að setjast í okkar eigið heimili, en það vonum við að verði eftir mánuð.

Innflytjendur hér voru hálfmóðgaðir af að íslenska stjórnin skuli hafa sett *legátann* í Barcelóna, því þeir telja Bilbao vera miklu betri í alla staði, merkan bæ - og miklu meiri saltfiskbæ en Barcelóna. Svo fannst þeim Helgi Guðmundsson ekki vera hér nógu mikið, því hann var sjaldan nema vikutíma hér. Eru þeir afaránægðir með að ég skuli leggja svona mikla rækt við Bilbao, að vera hér fimm vikur. Friðaði þá alveg með því að segja þeim að stjórnin hefði valið Barcelóna svo að fulltrúinn væri nær Ítalíu. Eru karlagreyin hin bestu nú og spjöllum við um alla heima og geyma, þó minn spænski orðaforði nái nú helst ekki mikið inn á svið fagurra lista, en haldi sér aðallega við saltfiskinn.

Er ég ánægður með þetta starf og held að ég geri heldur gagn en hitt, þar sem það er, vona að ég geri það betur eftir því sem ég kemst betur inn í starfið. Er ég nú að rannsaka möguleika sem ég vænti mér mikils af; að reyna að auka atvinnu hér í Bilbao með því að láta flytja fiskinn til Spánar á spænskum skipum. En auðvitað vil ég fá eitthvað fyrir okkur og

ætla því að safna efni til að sýna spænsku stjórninni fram á að með því að gefa eftir t.d. 5% af innflutningstolli á saltfiski. -- Ef þetta fengist mundi það spara okkur um hálf millj. kr. á ári. -- þetta kostar okkur Íslendinga ekkert að senda fiskinn frekar með spænskum skipum en norskum. Er maður svona að þreifa fyrir sér með hitt og annað og vonar það besta um árangur og býst við því versta. Hef ég einnig lagt mikla vinnu í að draga saman allskonar statistík og get nú orðið frekar frætt innflytjendurna um markaðinn en fræðst af þeim, en mestan tíma tekur málið frá mér og bréfaskriftir. Það er líka svo erfitt að læra spænsku í Barcelóna, því allir tala þar sín á milli annað mál - *katalónsku* - svo maður heyrir hana allsstaðar, og hér í kringum Bilbao er víða talað ógurlegt mál sem heitir *baska* - eða eitthvað þvífíkt - og ekki er talað neins staðar í veröldinni nema hér; talið óskýlt öllum öðrum málum í heiminum. En Baskar eru ágætis menn - þeir tala spænsku og sýnast miklu hreinlegri en nokkrir aðrir Spánverjar. --

Kvartanir voru aðallega um óeðlilega mikla rýrnun, að fiskurinn væri gulur og hefði jarðslaga. Sérstaklega var kvartað undan að Austfjarðafiskinum hefði farið aftur.

Í apríl 1933 var ég kallaður heim til að sitja fund fiskimatsmanna þann 24. maí. Kynntist ég þá þeim flestum og voru þetta allt ágætis menn.

Frá gamalli tíð hafði Austfjarðafiskurinn þótt sérstakt sөлgæti og var greiddur með 10 kr. hærra verði á skipfund.¹ Þegar ég kom suðureftir var hann alveg búinn að missa sitt alit og þótti síst betri en annar fiskur. Sérstaklega var kvartað undan því að meðal sөлmlegs fisks væri nokkuð af fiski sem var svo mikið pressaður að það væri ómögulegt að bleyta hann, svo fisksalinn fengi litla vigt.

Mér þótti slæmt að heyra þetta og að íslenskur fiskur væri að falla í verði. Einnig var kvartað undan því að fiskurinn þaðan væri mjög gulur.

Fór ég í hvern fjörð og talaði við fiskimatsmennina. Ég man ekki til að þar væri ein einasta vog löggilt; og var mér sagt að það væri svo dýrt að senda vogirnar til Reykjavíkur að það væri ekki viðlit. Lóðin voru heldur ekki löggilt að langmestu leyti, en einn þeirra benti mér á að ef þeir tækju eftir því að eitthvert lóðið væri lakt, þá bindi þeir ævinlega við það nagla, lykil, eða eitthvað því líkt til að vera vissir um að það væri rétt.

Um þennan mjög pressaða fisk er það að segja að hann reyndist vera frá Hornafirði. Þar höfðu þeir ekki nóg hús og urðu því að hlaða honum í mjög háa stafla og væri því mikið af fiskinum undir miklu fargi, og þegar hann væri umstaflaður yrðu aðrir fiskar neðstir og undir þessu fargi. Væri hann því pressaður svo mjög að það væri aðeins þurrefni eftir og stingi því mjög í stuf við hinn fræga léttverkaða sumarveidda fisk.

¹ Skipfund, forn mælieining: 123,84 kg. Gunnar Karlsson: Inngangur að miðöldum. Rvík, 2007, bls. 286.

Þá kom saltskip ekki til Hafnar í Hornafirði og varð því að umskipa saltinu og senda það með fiskibátum til Hornafjarðar. Kom þá í ljós að tonnið af salti þangað komið kostaði jafn mikið og tonnið af saltfiski kostaði útgerðina, svo þarna gat aldrei orðið nema tap. Auk þess spillti þessi fiskur fyrir mörkuðum okkar.

Rýrnunin var vegna lélegra voga að langmestu leyti. Jarðslaginn og gerlagróður sem fylgdi nýju salti, en hann kom ekki fram að marki fyrr en fiskurinn kom í hita. Bað ég prófessor Niels Dungal¹ um að rannsaka þetta og reyndist sú ágiskun rétt. Fiskimatsmennirnir sögðu einnig að gulan væri þeim ráðgáta.

Annað vandamál rakst ég einnig á þarna eystra. Austfjarðafiskurinn var áður fyrr með svokallaðri $\frac{3}{4}$ þurrkun, þ.e. hann var ekki pressaður mikið né þurrkaður, nema lítið. Varð hann þannig ljúffengastur. Nú var hann bæði þurrkaður og pressaður of mikið.

Ég mælti mjög mikið með því að aftur væri tekin upp léttari verkun. Fiskurinn léttist ekki eins mikið og vinna sparadist við umstöflun og breiðslu.

Sumir fiskimatsmennirnir mótmæltu þessu harðlega og sögðust ekki láta sér detta í hug að fara að selja Spánverjum vatn. Ég reyndi að sýna fram á að það væri ekki vatn í fiskinum, heldur fljótandi eggjahvíta. Bað ég mennina um að reyna hvort þeim þætti betra: Léttverkaður fiskur, eða þessi frá Hornafirði sem væri glær eftir fargið. Held ég að einhverjir matsmenn hafi látið undan óskum útvegsmanna um að leyfa þeim að senda út léttar verkaðan fisk.

Það, hvað fiskurinn væri nú orðinn gulur í stað þess að vera hvítur áður, var önnur saga. Áður höfðu menn breitt fiskinn út árla morguns. Þegar hann var orðinn kaldur eftir sólheitan dag var honum staflað saman. Nú var kominn mikið hærri vinnutaxti eftir kl. 6. Auk þess var magnið orðið mikið meira en áður. Til að spara eftirvinnu byrjuðu menn nú að taka fiskinn saman kl. 3 á eftirmiðdegi er hann var sjóðheitur undan sólu. Þá var hann stakkaður og stakkurinn síðan þakinn seglum og búið vel um. Hést því hitinn á fiskinum þangað til hann var næst breiddur og orsakaði þetta að hann gulnaði. Ég spurði hvort ekki mundi vera hægt að semja um það við starfsmennina að þeir legðu sig heitasta tíma dagsins, eins og Spánverjar gerðu, og tækju fiskinn síðan saman í kvöldsvalanum fyrir dagkaup. Virtist mér það öllum til hags. En menn vildu heldur fá eftirvinnukaup að venju en að sinna þessu, þó það hafi kostað landið mikið.

Er ég var eystra komu skilaboð um að næsta dag mundi koma fisktökuskip. Var gengið rösklega til verks að taka saman og pakka mikið magn. Var það mjög fallegur fiskur og lagði ég því nafnspjald mitt í allmarga pakka og skrifaði á þau

¹ Niels Dungal (1897-1965). Prófessor í meinafræði.

beiðni um að taka vel eftir gæðum fisksins, skrifa það á spjaldið og senda mér. Þóttist ég vita að þau mundu lenda til kunningja minna á Spáni.

Er ég spurði um nafnspjöldin sögðu allir það sama, fiskurinn var gulur og að engu frábrugðinn venjulegum fiski. Þóttist ég þá fá sönnun þess að hann hafi gulnað svona við að vera pakkað sjóðheitum í lestar skipsins án þess að kólna.

Barcelóna, 20.9.1932. Helgi P. Briem skrifar Álfheiði Briem.

Ræðir um fjölskylduna á Íslandi, fjölgun og breytingar þar.

Ég kem ekki til með að þekkja helming ættarinnar þegar ég kem heim að sumri, því litlu strákarnir verða orðnir stórir og stæðilegir menn. Ekki skil ég hvaðan Páll Þórir hefur sitt stóra skap því foreldrarnir sýnast báðir meinhægðisfólk.

Við erum búin að leigja okkur íbúð. Hún er í alveg nýju húsi á mjög góðum stað í bænum (skammt frá höllinni hans Alfonsoar - og að því leyti eins og Melkot heima.¹ -- Stendur það dálítið frá Diagonal,² svo skarkalinn heyrir ekki nema dauft -- við fáum tvö sólarherbergi -- Spánverjar hafa heldur ótrú á dagsljósinu -- er þetta ágætis íbúð og ódýr eftir gæðum --

Er ég heldur ánægður með starfið og held ég geri heldur gagn það sem það er. Ég sá að Morgunblaðið eignar Dungal allt skraf um saltgerilinn, sem hefur skemmt fyrir okkur undanfarið fyrir hundruð þúsunda á ári, þó það hafi verið ég sem setti Dungal af stað og sagði honum allt um gerilinn, sem rannsókn hans staðfesti síðan. En að Morgunblaðið eignar Dungal það sýnir þó að það telur það einhvers virði --.

Kristján Bergsson er afar vinsamlegur í sínum bréfum og ánægður með mig hvað ég hafi tekið starfið föstum tókum. Jafnvel fiskmatsmaður sem í fyrrahaust skrifaði skammir um mig í Mogga skrifar mér nú til að láta í ljós hvað hann hafi orðið fyrir miklum vonbrigðum að hitta mig ekki heima í sumar og vill feginn njóta bendinga minna. Hélt ég þó að hann hefði haft vit á að þegja árið út. --

Í Skandínávíska klúbbnum get ég séð Politiken og Svenska Dagbladet, svo maður getur séð hvað þeir hafa sagt um Ásgeir³ og þessa helstu sem tróðu upp á íslensku vikunni í Stokkhólmi.

Voru þeir afar hrifnir af fyrirlestri Sigurðar Nordal, - íshússtjórasonar,⁴ en mér skildist að annað hvort skildu þeir ekkert hvað Guðmundur Finnboason var að fara eða tóku hann ekki alvarlega.

¹ Ber hér saman nálægð ráðherrabústaðarins, Tjarnargötu 32 og Melkots, sem stóð þar fyrir ofan, þar sem nú er kirkjugarðurinn; frægt af HKL í Brekkukotsannál.

² Rétt hjá stórverslunum Barcelona sem löngu síðar komst inn í ferða- og hugmyndaheim Íslendinga.

³ Ásgeir Ásgeirsson (1894-1972), alþingismaður; þá forsætisráðherra, síðast forseti Ísl.

⁴ Jóhannes Nordal, íshússtjóri var faðir prófessors Sigurðar Nordal.

Barcelóna, 3.11.1932. Helgi P. Briem skrifar Álfheiði Briem.

-- þó ég vildi hinsvegar gjarna að þú værir heldur nær mér og fjölskyldan yfirleitt. Doris langar alltaf mikið heim og getur ekki fellt sig við að skoða Barcelóna sem sitt heimkynni.

Guðmundur Hlíðdal hringdi mig upp í dag. Er hann á fundi símamanna í Madrid og eru Spánverjar farnir að skoða hann sem heppilegt meðal til að auka útbreiðslu spænskukunnáttu því fundurinn er þaulsætinn með afbrigðum og kom okkur G. saman um það. --

Barcelóna, 17.11.1932. Helgi P. Briem skrifar Álfheiði Briem.

--Annars líður hver dagurinn öðrum líkur, ég hef alltaf nóg að gera svo ég hef ekki getað leyst upp pakkann með Jörundarsögu hinni miklu,¹ hafði þó vonast til að geta gert eitthvað við hana í vetur. Það verður nú naumast því mér liggur meira á að fara að læra ítölsku er ég hef spænskuna nokkurn veginn til taks. --

Barcelóna, 6.12. 1932. Helgi P. Briem skrifar Álfheiði Briem.

-- Já mér þótti þeir stífir á meiningunni kommúnistar, þó ekki hafi þeir verið að halda upp á afmælið þitt, þegar sló í bardaga heima. Enda sýnist það vera lítil hjálp fyrir þá í atvinnuleysinu að handleggsbrjóta lögregluna, þó þeir séu illa staddir þennan vetur.² --

Barcelóna, 27.12.1932. Helgi P. Briem skrifar Álfheiði Briem.

-- Við Doris höfum það alltaf ágætt og líkar mjög vel hér og erum ánægð með heimilið, enda erum við mikið heima. Mér líkar mitt starf alltaf vel.

Ég les mikið og rannsaka ýmislegt sem ég hef mikið interesse fyrir og sendi rétt fyrir jólin skýrslu heim um að fara að senda út harðfisk, sem ég held að geti orðið að miklu gagni fyrir okkur. Þó Norðmenn sendi út helminginn af sínum fiski sem harðfisk hefir enginn vakið máls á að við gerðum slíkt hið sama, fyrr en ég nú. Ef menn breyta til í þessu efni og salta minna en áður tel ég starf mitt þó ekki hafa verið til einskis þetta fyrsta ár mitt. Í Ægi hef ég fengið þakkarávarp frá fjórðungspingi fiskideilda á Vestfjörðum. Þekki ég engan þeirra, hvorki í heyrn né sjón, svo það gladdi mig að sjá að:

Fjórðungspingið lýsir ánægju sinni yfir hinum fróðlegu skýrslum fiskifulltrúans á Spáni og óskar eftir að fá slíkar skýrslur sem tíðast og ítarlegastar.

¹ Doktorsritgerðin tilvonandi.

² Á við Gúttóslaginn í nóvember.

Hefur ekki (hingað til) verið haft fyrir að þakka mér fyrir mín störf fyrr.

--

Barcelóna, 3. apríl 1933. Helgi P. Briem skrifar Álfheiði Briem.

-- Mestu fréttirnar frá okkur eru þær að í gær fékk ég bréf frá ráðuneytinu þar sem Magnús Guðmundsson segir að það *sjái ekki ástæðu til* að ég komi heim í sumar. Voru það mér töluverð vonbrigði því það er ákveðið í lögum að ég eigi að koma heim, svo M. getur raunar ekki breytt þeim, en hvað um það. Ég kem auðvitað ekki í hans forboði. Var mig þó farið að langa til að sjá ykkur öll og hlakkaði til þess og auk þess var ég að leggja síðustu hönd á doktorsritgerðina mína, svo ég gæti dispúterað í haust.

Vegna óvissu um hvenær hann gæti komið heim þurfti Helgi að fá bækur sendar. Þá ræðir hann um breytingar á húsinu í Tjarnargötu 24 vegna þess að Eggert bróðir hans og fjölskylda ætla að flytja þangað. Þau bjuggu þar stutt vegna sambýliserfiðleika við Álfheiði, sem og þess að Friede missti mann sinn. Bauðst hún, er hún var orðin ekkja árið 1935, að skiptast á húsnæði við bróður sinn. Flutti hann þá að Bergstaðastræti 69. Friede gerði sér þá von um að geta hafið þar upp atvinnurekstur, betur settan í bænum. (Kemur nánar að því síðar.)

Barcelóna, 21.4.1933. Helgi P. Briem skrifar Álfheiði Briem.

-- Magnús Guðmundsson hefur allt í einu séð sig um hönd og sendi mér símskeyti þann 19. um að ég skyldi koma heim fyrir 24. maí. Hefur Kristján Bergsson sagt mér að hann hafi verið þar á bak við því hann skrifaði Manga á móti því að fella fundina niður. Kem ég með Dettifossi þann 13. maí, en Doris verður hjá foreldrum sínum á Englandi –

Það er annars einkennilegt þetta nart í Mogganum. Annars hef ég ekki séð þetta sem þú talar um, að hann hafi verið að kvarta undan að ég sendi bréf í fóðruðum umslögum, sem kemur af því að það er svo vondur pappír í flestum umslögum sem hér fást að ég hefði skammast mín fyrir að nota þau, enda nota hér flestir fóðruð umslög vegna þessa.¹ --

En það gengur nú svo að enginn hefur frið lengur en nábúarnir vilja. Annars voru þeir farnir að verða svo skemmtilegir að telja hverja skýrsluna eftir aðra mjög fróðlega. En M(agnúsi)dósent mun ekki hafa fallið það og er ekkert við því að segja. Ég treysti mér að bera mín störf saman við hans hvenær sem er.

¹ Hér á hann við grein í Morgunblaðinu eftir Magnús Jónsson guðfræðiprófessor (gjarnan titlaður dósent) og alþingismaðmann.

Helgi skrifar Dorisi

Rvík, 18.5.'33.

Var að koma til landsins og er á sífelldum fundum þar sem allt hið sama er sagt, aftur og aftur.

Helgi þarf mikið að vinna heima, sem er erfitt því búið er að gera miklar breytingar á húsinu þar sem Eggert bróðir hans er fluttur inn með fjölskyldu sína á neðri hæðina. og öllu breytt á efri hæðinni, eldhús og bað innréttað og fleiri breytingar gerðar.¹ Þó er ekki alveg greint á milli, því vinnustúlka Eggerts býr á efri hæðinni.

Doris virðist hafa verið leið yfir að hafa ekki verið með í ferðinni til Íslands.² Hann segir að ef hún hefði verið með þá hefðu þau orðið að búa á Borginni.

Helgi hafði farið austur fyrir fjall með tveim útlendingum í bíl forsætisráðherra, í slæmu veðri og moldroki. En Grýla³ gaus svo furðu vakti.

Allir virðast ánægðir með starf Helga og skýrslur hans. Sérstaklega var mikil ánægja með skrif hans um skreiðarverkun og er þurrkun þegar hafin fyrir norðan.

Stjórnin virðist ekki ætla að lækka laun hans og kostnað eins og gert var um 25% árið áður. Íhaldsráðherrann sem hann þekkti ekki fyrir var ánægður og vill engar breytingar á starfi Helga.

Segir frá miðilsfundi með Eggert bróður hans og Sigríði konu hans. Þar komu fram *mr. Nobody*⁴ og Páll faðir þeirra; gáfu honum ráð um doktorsritgerðina. Einnig ætlaði *Nobody* að útvega honum fiskimálaráðgjafa hinum megin frá, annan breskan.

Finnur Sigmundsson er búinn að fá 500 bls. ritgerðarinnar til lestrar og ætlar jafnvel að vélrita bókina fyrir Helga. Þannig ætti prentun að geta byrjað í júlí.

Rvík, 24.5.'33.

Segir frá ferð með Jónasi frá Hriflu til Laugarvatns. J. hafði þá nýfengið ökuskírteini. Þá voru uppi ásetlanir um heimsókn þeirra Guðrúnar til Barcelóna þá um haustið.

Boðið með Theodór, Hildu, Eggert og Sigríði til Ásgeirs og Friede á Bergstaðastræti. Báðir strákarnir þeirra voru veikir í maganum. Hitti þá svo í morgun og voru þeir feimnir og sögðu fátt, sem er ekki þeirra vandi. Eggert hefur vaxið mjög og er hans uppáhald að slást við aðra stráka. Páll

¹ Breytingarnar ulla ágreiningi m.a. vegna þess að lokað var milli hæða og komst Álfheiður ekki í kjallarann nema fara út og inn aftur um kjallaradyr. Reyndar fékk vinnustúlka þeirra Eggerts aftur inni á efri hæð hússins, svo ekki var skipulagið einfalt. Ágreiningurinn varð til þess að Friede hafði íbúðaskipti við Eggert er hún missti mann sinn í árslok 1935 og bjó lengst upp frá því í Tjarnargötu 24 án þess að lokað væri á milli. Löngu síðar er hún var orðin þungfar flutti Álfheiður niður og synir Friede, Páll og Eggert fluttu á efri hæðina. Hafði Friede þá byggt við húsið.

² Virðist hafa verið hjá fjölskyldunni í Birmingham.

³ Svo var goshverinn Grýta í Hveragerði þá nefndur.

⁴ Sjá fyrr. Þetta var nafn á *stjórnanda* (hinum megin frá!) Sigríðar konu Eggerts

er líka stór eftir aldri, líkur Eggert og hvíthærður. Páll er fljótari til máls og Friede segir hann almennt greindari. Hafði verið tekin af þeim mynd sem Helgi sendir.

Rvík, 30.5.'33

Ánægður með móttökurnar í Rvík. Segir ókunnuga, jafnvel pólitíska óvini, víkja sér að sér á götu og þakki honum fyrir skýrslur hans. Fundir tókust vel.

Bók hans er í vélritun og Finnur (Sigmundsson) er að lesa hana yfir. Vinnur að þýðingu skjala/tilvísana, sem þurfa að vera á íslensku.

Rvík, 3.6.'33.

Segist vera að skrifa leiðbeiningar um fisksöltun og þess á milli að vinna við ritgerðina. Segir einstaklega gott að starfa með fiskmatsmönnum, og ekki síst formanni Fiskifélagsins. Er til mikils að vinna ef tekst að bæta framleiðsluna.

Rvík, 13.6.'33.

Var á fundi með Ítölum (samningamönnum?). Átti fund með forsætisráðherra m.a. um diplómatiskt réttindi sín sem hann skýrði fyrir honum. Hann tók vel í málið. Þá átti HPB fund með ráðherra sem hefur með hans málaflokk að gera og fjallaði þar líka um réttindi sín. Hann tók líka vel í málið.¹

Þá talaði hann við prófessor þann sem doktorsvörn hans fellur undir um möguleika sína. Afhenti honum 150 vélritaðar síður bókarinnar. Þá ræddi hann og við bókaútgefanda.

Heimsótti Friede systur sína og Ásgeir mann hennar í sumarhús þeirra yst á Seltjarnarnesi, rétt hjá Nesi, bæ móður hans. Skoðaði sig um í grenndinni, einkum fuglalífið; dáðist að æðarfugli í hreiðrum sínum.

Ráðgerir ferð til austurlands og þaðan norður um.

Þá segist hann hafa verið á miðilsfundi með *mr. Nobody og pabba* sínum (!) og bar þeim kveðju frá Dorisi.

Rvík, 6.7.'33.

Segist munu á morgun fara um Vesturland með yfirfiskimatsmanni og síðar á söltunarstöðvar umhverfis Rvík. Segir frá ferð sinni.

Rvík, 7.11.'33.

Segir af ferðalaginu til Íslands þar sem Jónas frá Hriflu og Guðrún voru líka farþegar.

Hitti forsætisráðherra (Ásgeir Ásgeirsson) sem sagði að skeyti Helga hafa vakið óróa en skýrslurnar róað fólk aftur. Hann gagnrýndi sumar nýju skýrslurnar, en eftir skýringar Helga skildu þeir sem vinir. Ásgeir ætlar að segja opinberlega frá starfi fiskfulltrúans, en gallinn er sá að mikil óvissa er um framtíð ríkisstjórnarinnar.

¹ Þetta mál virðist hafa komist í gegn tveim árum síðar.

Sjálfur var H. í viðtali í nýju dagblaði sem er að hefja göngu sína og var einnig í viðtali í útvarpinu. Eitthvað kom líka í Mbl., ekki slæmt.

Á fundi í utanríkisnefnd alþingis réðust tveir íhaldsmennirnir á H. en svo kom í ljós að þeir höfðu ekki lesið skýrslur hans. Í dag var kosin ný utanríkismálanefnd. Er nýi meirihlutinn jákvæður í garð Helga og ræðir um stuðningsyfirlýsingu við hann. Sjálfur kýs H. að vera gerður að verslunarfulltrúa til að hann fái nauðsynleg réttindi. Stjórnarkrísan áframhaldandi.

Rvík, 10.11.'33.

Segist hafa verið á miðilsfundi. Friede systir hans er í rúminu eftir að gerð var aðgerð á kirtlum í nefi.

Meginfréttin er að Helgi Sívertsen frændi hans ætlar að gifta sig. Konan er frú Hobbs, hárgreiðslukona, sem áður var gift Englendingi.¹

Segir frá hádegisverði hjá Jónasi frá Hriflu og Guðrúnu. J. hefur mikið að gera við ýmsar stjórn málaflækjur; en er friðsamari en áður, að því er sagt er fyrir áhrif Helga.

Ásgeir mágur Helga er á leið til London í viðskiptaerindum og Friede ekki ánægð.

Segir frá börnunum; að Páll Ásgeirsson vilji ekki heilsa ömmu sinni, sem henni fellur ekki, og býsnast yfir uppeldi barna. Hinsvegar er hún ánægð með Steinunni dóttur Eggerts sem er 11 mánn. Boðinn í mat til Friede og Ásgeirs.

Rvík. 15.11.'33.

Er að vinna að ritgerð sinni. Óvissa er mikil um starf hans því stjórnin mun falla í dag eða á morgun.

Jóna fóstursystir Helga er orðin glæsileg stúlka og ástfangin af manni sem heitir Leó.²

Þórdísi systur sína segir hann skapstirða og sjálfelska og ekki í sambandi við hitt kynið. Þorkell virðist enn hafa huga á henni.³

Rvík, 18.11.'33.

Segist hafa skrifað skýrslu til ríkisstjórnarinnar sem hann ætlaði sér að birta verði hann fyrir árás í blöðunum. Þá mun hann hitta ríkisstjórnina á fundi.

Er að vinna að því að gerð verði lágmynd af föður hans, Páli Briem.⁴ Listamaðurinn á enga mynd af Páli frá hlið og vill fá að sjá bræðurna Eggert og Helga til að hafa hugmynd um prófilinn.⁵

¹ Ekki varð af því hjónabandi og gekk hún síðar að eiga Skúla Guðmundsson alþm. og ráðherra.

² Þau áttust ekki.

³ Þorkell Jóhannesson (1895-1960) síðar professor og háskólarektor. Langt samband sem ekki var framhald á.

⁴ Listamaðurinn var Ríkarður Jónsson.

⁵ Honum datt ekki í hug að prófilinn hefði mátt greina hjá systrunum!

Er að kenna Álfheiði, móður sinni, bríð og er hún við það að ná tókum á spílinu.

2. júní 1933 samþykkti neðri deild Alþingis þingsályktun og skoraði á ríkisstjórnina að skipa millipínganefnd í sjávarútvegsmálum. Var hlutverk hennar talið í 6 liðum, geysi viðtækum.

Nefndin var skipuð 8/9 1933 (skilaði álit í okt. '34). Skrifaði nefndin mér þ. 5/6 '34 og bað mig að láta henni í té upplýsingar sem að gagni mættu koma: .. *Sendið -- rökstuddar tillögur um endurbætur og framkvæmdir sem þér telduð æskilegar, hvort sem heldur er af hálfu framleiðenda eða ríkisvaldsins eða hvort tveggja..*

Í skýrslum mínum gat ég stundum um fjárhagsvandræði Spánar og í skýrslu 28/8 '33 tók ég þetta mál allgaumgæfilega til athugunar. Gerði grein fyrir að Tyrkland hafi verið fyrsta landið sem beitt hafi verið hörðu til að fá það til að auka kaup sín á spænskum vörum til að taka fyrir gjaldeyrishallann. Af öllum löndum var Ísland þó það land sem munurinn var mestur. Skýrði ég frá hvernig hagskýrslur á Spáni væru okkur í óhag, meðal annars væri verslunin talin í gullpesetum eftir ágiskuduðum tölum, ekki eftir raunverulegu verðmæti. Væri því vara með sama tollskrárnumeri talin á sama verði, þó innflutningsverð gæti verið tvöfalt.

Auk þess voru farmgjöldin stór liður því við keyptum venjulega um 100.000 lestrir af salti, en flyttum þangað um 35.000 lestrir af saltfiski. Var saltið auðvitað talið í spænskum skýrslum án farmgjalds en farmgjaldið innifalið í verði fisksins. Yfirleitt voru farmgjöldin greidd norskum skipum, því um þetta leyti áttum við aðeins tvö flutningaskip er gengu til Spánar. Auk þessa var erfitt um jafnvirðis kaup því útflutningur frá Spáni var yfirleitt neysluvörur, en varla neitt af þeim vörum sem við þurftum til útgerðar í stórum stíl nema saltið.

Það bætti heldur ekki um fyrir okkur að Spánverjar sem komu frá Íslandi kvörtuðu við stjórn sína yfir að geta ekki fengið nema frönsk vín á veitingahúsum, alls ekki spænsk.

Í erindisbréfi mínu var lagt fyrir mig að senda skýrslur mánaðarlega um *starfsemi mína*. Byrjaði ég á að senda 5 eintök, en í júlí fékk ég fyrirmæli um að senda 10 eintök, *því ýmsar stofnanir og félag hafa bedið um afrit af þeim* og nokkru seinna að senda 12 eintök. Gladdi það mig auðvitað ef menn töldu eitthvert gagn að skýrslum mínum. Voru þær einnig birtar í *Ægi*. Ég hafði aðeins litla ferðarivél til afnota, og bað því um leyfi til að kaupa fjölrítara, en fjárhagur landsins leyfði það ekki. Auðvitað varð ég að gera allt sjálfur og varð því að vélrita hverja skýrslu mína tvisvar, til að ná 12 eintökum.

Húsnæðisvandræði voru nokkur og gátum við ekki fengið íbúð fyrr en með haustinu. Var hún í nýju húsi, á 8. hæð, með fögru útsýni. Þar eð gatan var ný og

pólítískur órói, var alltaf verið að skipta um nafn á henni. Var það óþægilegt því á Íslandi var talið að ég stæði í sífellum flutningum þó við byggjum í sömu íbúð frá hausti 1932 til 1936 er við fórum þaðan í byltingunni; varð reyndar að borga leigu af henni út árið 1938.

Fjárhagsvandræði Spánar urðu æ verri viðfangs. Reyndi ég að kynna mér hvernig hægt væri að auka viðskiptin og sendi heim skýrslur um það. Af öllum löndum var verslunarjöfnuður Spánar og Íslands þeim óhagstæðastur. Var skipuð nefnd til að athuga það mál og skilaði hún skýrslu þann 29. júlí 1933. Var henni haldið leyndri, en vinur minn sem fékk hana, las fyrir mig kafla úr henni, án þess að sýna mér. Leist mér ekki á blikuna. Auðvitað var þar byggt á spænskum hagskýrslum, svo flutningsgjöld voru okkur í óhag; auk þess var innflutningur reiknaður í gullpesetum, samkvæmt ágiskuðum tölum. Þá var sagt að Ísland hafi enn ekki uppfyllt loforð sitt um að afnema takmarkanir á sölu vína, enda hafi enginn útflutningur orðið á víni til Íslands (Ísland mun hafa keypt vín sín frá Danmörku).

Endaði skýrsla nefndarinnar á því að leggja til að senda nefnd til Íslands til að athuga hvað Íslendingar gætu keypt af spænskum vörum.

Ég skrifaði skýrslu um málið og drap á ýmis mál sem ég taldi að þyrfti að athuga, meðal annars þessar veiðar. Í stað þess að athuga þetta, sem ég benti á, prentaði nefndin bréf mitt í nefndarálitinu og var það 11 síður af 37, en talnayfirlit (statistik) að auki. Ekki athugaði hún neitt af því sem ég benti á að þyrfti að rannsaka.¹

Nokkru eftir að ég sendi skýrslu mína skrifaði ég ríkisstjórninni og lagði til að Hagstofan gerði bráðabirgðaskýrslu um verslunina við Spán, svo að við hefðum einhver gögn í höndum ef nefnd þessi kæmi. Einnig að kaupa eitthvað af spænskum borðvínunum og biðja Hótel Borg að setja þau á vínlista sinn.

Barcelóna, 4.9.1933. Helgi P. Briem skrifar Álfheiði Briem.

-- Spánverjarnir eru alltaf að ybba sig og heimta að við kaupum meira. Skrifaði ég því langa skýrslu um verslunarmöguleikana milli Íslands og Spánar. Erum við illa settir ef Spánverjar fara að neita okkur um gjaldeyri því við getum varla tekið vín, appelsínur og möndlur út á allt innleggjið. -- Við búumst við að Jónas frá Hriflu komi hingað suður -- og verði hjá okkur í nokkrar vikur með frúnni. En ekki skaltu hafa orð á því úti frá, því sjálfsagt kemur einhver góflan þá! --

¹ Hér er einhver ruglingur í tímaröð, sem gæti stafað af því að handrit HPB er á sundurklipptum blöðum. Er reyndar víðar.

Svo virðist sem Íslendingar séu farnir að koma hingað suður eftir í allstórum stíl, því síðan Sigurjón Markússon¹ fór hafa komið hingað tveir, bæði Friðrik Björnsson læknir² og nú er hér Runólfur Sigurðsson, dóttursonur Runka í Mýrarhúsum, mjög geðugur piltur sem starfar hjá Fisksölusambandinu.³ --

Seint í september hringdi einn af aðalinnflytjendum saltfisks til mín og bað mig koma til viðtals og gerði ég það auðvitað tafarlaust. Hann sat í borgarstjórn Barcelona fyrir radíkala flokkinn (flokk Lerroux) og átti þar marga vini. Sagði hann mér að nú vofði yfir lögbann á greiðslum til Íslands, að sögn Sedó verslunarráðherra, sem væri gamall vinur sinn. Sagðist hann mundi fara næsta morgun til að reyna að fá því afstýrt, en hann væri ekki vel að sér um verslunina og bað mig koma með sér. Ég benti honum á að ég hefði ekkert umboð frá ríkisstjórninni til að fara slíka ferð, en ef hann héldi að ég gæti gefið gagnlegar upplýsingar, væri það auðvitað sjálfsagt.

Mér virtist ekki ég geta neitað þessu boði, enda sagði Heredia að þetta yrði óoffísíelt samtal við einhverja embættismenn í ráðuneytinu, sem óskuðu upplýsinga.

Sendi ég því símskeyti heim strax að þessu samtali loknu og bað um að mér yrði símað án tafar ef ríkisstjórnin teldi betra að ég færi ekki. Mundi ég þá fá mér *díplómatiskt kvef*.

Er ég kom til Madrid næsta morgun lá þar fyrir mér símskeyti frá Ásgeiri Ásgeirssyni forsætisráðherra sem byrjaði svo: *Til afnota umræður Madrid tilkynnist hér vakandi áhugi á að auka viðskiptin við aðalmarkaðslöndin - vínkaup verða framvegis ekki gerð Frakkland heldur Sudurevrópu - ríkisstjórnin hefir gert ráðstafanir til að auka gjaldeyrisveitingum verði aðallega beint að markaðslöndum okkar, einkum Spáni.-*

Þakkaði ég þetta símskeyti og sagðist hafa rætt við verslunarráðherrann, en aðaláhugamál hans væri vefnaðarvörukaup okkar. Bað ég um nokkrar tölur í því sambandi og fékk þær.

Hitti ég Sedó verslunarmálaráðherra í skrifstofu hans, en laugardagskvöldið hafði ég hitt hann, því þá borðaði Heredia kvöldmat með honum og sjö öðrum vinum þeirra beggja í óformlegu boði. Flugu þar spaugsyrði um borðið. Heredia bauð mér að borða með þeim. Minnst ég þess að er ég var kynntur fyrir einum þessara manna, sagðist hann borða saltfisk á hverjum föstudegi. Annar skaut því að mér hvort Ísland hefði ekki orðu að gefa svona mönnum. Ég kvað svo vera, en aðalhogur þeirra væri að fá góðan mat, fullan af allskonar efnum, sem ella væri skortur á - og sem helmingur verðsins rynni beint í ríkissjóð Spánar.

¹ Sigurjón Markússon (1879-1959), áður sýslumaður; þá og upp frá því fulltrúi í fjármálaráðuneytinu; faðir Rögnvaldar píanoleikara.

² Friðrik Björnsson (1896-1668), háls-, nef- og eyrnalæknir í Rvík.

³ Runólfur Sigurðsson (1908-1941) dóttursonur Runólfs Ólafs á Seltjarnarnesi. Þeir Helgi áttu náð samstarf síðar.

Er Sedó tók á móti okkur byrjaði Heredia hressilega með því að segja: *Briem bérna hefur bent á að tölur úr hagskýrslum séu mikið til ágiskunartölur um verð á saltfiski.*

Sedó virtist þó aðallega hafa áhuga á hvort Íslendingar gætu ekki takmarkað innflutninginn á bómullarvefnaði, svo Spánn gæti aukið innflutning sinn. Kvað ég stjórnina einnig hafa mikinn áhuga á því. Virtist hann heldur latur og er ég byrjaði mína lexíu, bað hann mig tala við einkaritari sinn og hafði ég langt samtal við hann. Sr. Sedó var hinn viðfeldnasti maður.

Reyndist hann vera sr. Carandell, góður kunningi minn frá Barcelona. Sagði hann að sér hafi verið falið að gera uppkast að nýjum verslunarsamningi við Ísland. Ræddum við grundvöll hans ítarlega því ég taldi mikilsvert að hann vissi að jafnaðarkaup kæmu ekki til greina, og einnig það að ekki kæmu einhver óheppileg skilyrði inn í uppkastið, sem gætu orðið til trafala við samningana.

Skildist mér á honum að Spánverjar mundu geta sætt sig við takmörkun á innflutningi á vefnaðarvöru frá öðrum löndum til að gefa spænskum vörum rúm; en gegn því veiti Spánn gjaldeyri til kaupa saltfisks enda væri hann ódýr fæða. Er við lukum þessu samtali stundi hann við og sagði að þetta mál væri ekki eins einfalt og hann hefði haldið.

Símaði ég þetta heim samdægurs og staðfesti það bréflega, en gaf um leið yfirlit yfir það sem skeð hafði í gjaldeyrismálum síðustu vikunnar. Engin sendinefnd var send til Íslands og lá málið niðri í eina sex mánuði og héldum við áfram að selja saltfisk.

Áður en skýrslur mínar voru komnar heim fékk ég fyrirmæli um að koma heim og gefa skýrslur um verslunarmál Spánar og gjaldeyrisörðugleika. Höfðu verið einhver ónot í Morgunblaðinu um það, að ég hafi byrjað verslunarsamning; var tekið undir það í utanríkisnefnd af tveimur mönnum, sem ekki höfðu lesið skýrslur mínar.

Barcelona, 23.9.1933. Helgi P. Briem skrifar Álfheiði Briem.

Mér þykir það hafa verið ólátaveður heima, með öllu þessu vatnsflóði, sem allt setur á flot. Er slæmt að fá slíkt ofan í ýmislegt annað, sem þetta sumar hefur fært sunnlendingum, svo sem óþurrkana og krónprinsinn.¹ Halldór Kiljan Laxness² kom hingað í gær og sagði - að Norðurárdalurinn væri alveg sokkinn! og lét illa af sólarleysinu og rigningunni, en sagði fátt annað í fréttum. Þótti honum bærilegt að koma hér -

Frú Guðrún og Jónas frá Hriflu eru hérna líka og lýst þeim ljómandi vel á Barcelona -- Héldum við upp á afmæli Dorisar þann 18. með súkkulaði og rjómafroðu og kaffi á eftir, alveg eins og heima, fyrir þessa Íslendinga og

¹ Hér er átt við *Fríðrik Kristjánsson*, síðar Danakóng.

² HKL og HPB voru bekkjarbræður í menntaskóla.

Guðbjörgu¹ að auki. Fór það vel fram og slagsmálalaust og líka tíðindalaust –

Hef ég sent heim allanga skýrslu um verslunarviðskiptin milli Spánar og Íslands. Ætlaði ég annars að fara að draga heldur úr lengd þeirra, en þurfti þá að segja ýmislegt um þau ef sendinefnd verður send (héðan) til að tala við Magnús verslunarmálaráðherra!

Helgi fór til Íslands þá um haustið.

Þann 27. nóvember 1933 varð sú breyting á starfi mínu, að framvegis skyldi ég senda skýrslur mínar til forsætisráðuneytisins, en það fór með utanríkismál gagnvart danska utanríkismálaráðuneytinu, sem gætti þeirra gagnvart öðrum löndum.

Sama dag skrifaði forætisráðherra danska utanríkisráðuneytinu og bað umað: *nánari samvinna verði milli dönsku sendiráðanna í Miðjarðarhafslöndunum og fiskifulltrúans til þess að afla upplýsinga um mál almennit viðskiptalegs eðlis.*

Utanríkisráðuneytið varð undrandi og svaraði að það væri ágætt samband milli fiskifulltrúans og dönsku ræðismannanna, benti á, að fiskifulltrúinn, sem hefði daglegt samband við innflytjendur og þeir aftur við starfsmenn í ráðuneytunum, fengi upplýsingar um verslunarmál löngu fyrr en sendiráðið. Hinsvegar taldi það heppilegt að sendiráðið talaði leynilega við tollyfirvöldin um hvað Spánn ætlaðist fyrir.

Auðvitað hafði ég oft samband við sendiráðið í Madrid og gat gefið því ýmsar upplýsingar, en mér var ekki ljóst að það gæti verið gagnlegt að tala við tollyfirvöld um gjaldeyrismál.

Þau hjón virðast vera að koma úr löngu ferðalagi, sennilega til N-Spánar.

Barcelóna, 26.12.1933. Helgi P. Briem skrifar Álfheiði Briem.

-- Ekki höfum við séð nein merki óeirða síðan við komum, en áður hafði verið eitthvað af slíku, þó óverulegt væri. En hér er mikil sorg í Katalóníu því senor Macià² dó í gær. Var hann foringi í baráttunni fyrir að Katalónía fengi heimastjórn, eins konar Jón Sigurðsson fyrir K. Gekk hann oft morgungöngu í fyrravetur hér fyrir utan um leið og ég, svo við vorum farnir að heilsast, þó ekkert þekktumst við meira. Var hann forseti landsins.

Einn af kunningjum mínum er orðinn verslunarmálaráðherra í nýja ráðuneytinu hér. Höfum við vonandi gott af því þegar til samninga kemur, en líklega er samt betra að það fari ekki of hátt því einhverjir gætu lagt það út á hátt sem mann grunar ekki nú.

¹ Guðbjörg Bjarnadóttir sem var þar sér til heilsubótar.

² President Francesc Macià (1859-1933) fyrsti forseti Katalóníu.

(Dóttir bresks vinar) giftist þýskum manni, en hann heldur upp á aðfangadagskvöld. Hafði hann safnað til sín ýmsum Þjóðverjum og náttúrulega tengdamóður sinni og mági, en Þjóðverjarnir komust í svo mikla jólastemmningu að fyrst sungu þeir sálma, en fóru síðan út í ættjarðarsöngva sem urðu herskárri eftir því sem leið á kvöldið uns Bretunum þótti nóg um og endaði allt í havari. Þótti mér samt að það hefði getað farið verr, t.d. ef gestirnir hefðu barist með hnífum.--

Barcelóna, 13.1.1934. Helgi P. Briem skrifar Álfheiði Briem.

--Ekki skaltu láta það á þig fá þó einstaka sinnum komi ýktar fregnir um róstur hér. Þetta var aldrei neitt nema ýkjur og við vissum ekkert um það nema það sem við lásum í blöðunum. Hér segja menn að Spánn sé landið þar sem ekkert skeður, því það er talað svo mikið um allskonar ráðabrigg, að stjórnin er alltaf búin undir hvað sem verður - og þá er framkvæmdum frestað. --

Við vorum hjá (danska) konsúlnum á gamlárskvöld. - Hafði Doris konsúlinn til borðs, en hún er lítið fyrir marineraða síld, eins og þú kannski veist. Gamli maðurinn var afar stoltur af að hafa fengið fjölda tegunda af síld og bætti í sífellu nýrri tegund á diskinn hennar, svo fyrri hluti máltíðar var ekki sem heppilegastur fyrir hana. Drukku menn einiberjabrennivín með síldinni og þykir mér það ekki góður drykkur svo við vorum hálf fegin þegar síldin var borin út aftur --

Hvetur Jónu uppeldissystur sína, 18 ára, til að koma til þeirra með íslensku skipi (Eddu eða Kötl) sem ganga til Barcelóna, með Jóni Kristóferssyni (1884-1953) skipstjóra.

Barcelóna, 24.1.1934. Helgi P. Briem skrifar Álfheiði Briem.

-- Það gladdi mig að systrum mínum líkaði myndin af pabba og að Ríkarður hafði hana frá fyrir jólin, svo þetta gat orðið smáræðis jólagjöf. -
- Náttúrulega verður svona mynd alltaf hálfgert skáldverk, gerð eftir myndum, en það er þó minning, þó ekki sé annað. En gaman þætti mér ef þetta leysti minnisvarðanefndina úr læðingi, svo hún fari að gera eitthvað.¹

Mér þykir sitt af hverju hafa gerst í pólitíkinni síðan ég fór að heiman þar sem Tryggvi er genginn úr flokknum, skammar nú sína gömlu samherja í hverri viku. Og mikið þykir Mogganum liggja við að saklausir menn fái ekki borið hönd fyrir höfuð sér, þegar jafnvel Lárus Fjeldsted² fær ekki að koma að smá leiðréttingu. Von að við hinir eigum ekki upp á háborðið. Hér var Magnús Sigurðsson, dóttir hans og Ludvig Andersen³ í nokkra

¹ Minnisvarðar með brjóstmyndum Páls Briem og Sigurðar Sigurðssonar búnaðarmálstjóra var reistur löngu síðar við gróðrarstöðvarhús Ræktunarfélags Norðurlands á Akureyri.

² Lárus Fjeldsted (1879-1964). Einn virtasti hestaréttarlögmaður landsins á sinni tíð.

³ Kristján Lúðvík Andersen (1883-1954). Átti konu frá London, Daphne Cotterill. Stórkaupmaður í Rvík og ræðismaður Finna. Nafn hans lifir enn í heiti verslunarinnar Andersen & Lauth.

daga. Var ég ánægður yfir að hann fengi að heyra sífrið í körlunum mínum, enda fékk hann að tala við og hlusta á þá.

-- sagði hann mér að skilnaði að innflytjendurnir hefðu talað mjög illa hver um annan, - en vel um mig - en þetta er nú aðeins fyrir þig. Ludvig Andersen er að koma úr mikilli skemmtiferð, einni af þessum miklu ferðum sem nú eru orðnar svo algengar, til Indlands og Ástralíu, þar sem menn búa alltaf um borð og eru teymdir um hin fegurstu héruð. Veit ég að Ludvig hefur sómt sér vel innan um Indverjana! Síðan fór Magnús til Genúa með Ludvig og dótturinni. -- Ég hef frétt að Páll bróðursonur hafi verið rekinn úr nasistaflokknum fyrir að sýna foringjum flokksins ekki nóga virðingu og tel ég vel farið að hann er ekki lengur í því kompaní. Bið ég að heilsa honum og skaltu segja honum það frá mér.--

Barcelóna, 20.3.1934. Helgi P. Briem skrifar Álfheiði Briem.

--Sjálfsagt kemur draumur þinn fram um að við komum aftur þegar stjórnarskipti verða, því sjálfsagt þykir Jóni Þorlákssyni Hilmar Thors¹ eða einhver af þeim bræðrum heppilegri hérna syðra en ég. Nú, en Jón er ekki allur heimurinn, svo ég er ekkert áhyggjufullur út af því, þó ég sé við öllu búinn.²

Mikið þótti okkur leiðinlegt að fréttu að Eggert fóstri³ skuli verða að liggja svona lengi í gífsi. Ég er nú alveg á sama máli og Geiri mágur, um að láta þetta biða til haustsins, því ég er alltaf hræddur við að þegar lækarnir eru að leita að svona hlutum þá detti þeir ofan á einhvern fj... sem ekkert vit er í - Ég veit náttúrulega ekki hvort sólþöð og sjóböð og ávextir væru heppilegir fyrir hann, en ef svo væri, væri ekki nema gott fyrir hann að vera hérna hjá okkur og víst væri hann velkominn blessaður og nóg höfum við plássið -

Þú skalt segja Friede af þessu, því víst þætti okkur gaman af að fá að hafa hann -

Annars þykir mér þeir vera heldur ófrómir orðnir í bönkunum, að stela svona myndarlega hver um annan þveran, það eru meiri lætin. En það er þó gott að farið er að gera eitthvað út af þessu svo ekki sé allt þaggað niður eins og gert var í gamla daga. -

Ég sendi í dag 180 síður af handritinu um Jørgensen, sem ég er búinn að vélrita, til Finns Sigmundssonar til að hann tíni úr því fjólurnar. Er ég þá að vona að verkið sé að verða búíð. Þetta blæs sundur í höndunum á manni svo að þetta verða þau ósköp strax og maður fer eitthvað að rannsaka svona mál. En nú reikna ég með að því sé nærri því lokið. --

¹ Hilmar Thors (1908-39), starfandi lögfræðingur þar til hann hóf störf hjá Sölusamb. ísl. fiskframl. 1937.

² Jón Þorláksson varð ekki aftur forsætisráðherra. Hann sagði skömmu síðar af sér formennsku Sjálfstæðisflokksins; dó ári síðar og hafði þá verið borgarstjóri frá 1933.

³ Átti við mjaðmarsjúkdóm að stríða.

Þann 20. mars 1934 talaði Ásgeir Ásgeirsson forsætisráðherra við mig frá Kaupmannahöfn. Byrjaði hann á því að segja mér að nú væru allir komnir á þá skoðun að ég hafi gert rétt í því að fara til Madrid og þætti mikið gott. Nú yrði send samninganefnd til Madrid og yrðu í henni Sveinn Björnsson,¹ Richard Thors² og líklega Magnús Sigurðsson. Vonaði hann að ég tæki að mér að vera *expert* sem allt yrði byggt á og full viðurkenning á að ég hafi haft rétt fyrir mér áður.

Samtal við ÁÁ 26.3.1934, kl 3. danskt konsúlat.

Byrjaði á að allir væru nú komnir á þá skoðun að það væri alveg rétt sem ég hefði gert og mikið gott áður svo allar raddir til að skemma mig væru löngu þagnaðar - yrði send delegation til Madrid - þar yrði Richard Thors, Sveinn Björnsson og líkl. Magnús Sigurðsson -. Vonaði að ég tæki það að mér að vera þar expert sem allt yrði byggt á og full viðurkenning á að ég hefði haft rétt fyrir mér áður. (Ég er auðvitað til dispositionar fyrir stjórnina.) Þakka þér fyrir. Hvernig stendur þetta - (Sastre? sagði ---). Þú tekur þá þínar instructionir frá Sveini Björnssyni eins og það væri sjálfur ég og hann lætur þig vita hvenær þú þarft að vera í Madrid.³

Barcelóna, 31.3. 1934 Helgi P. Briem skrifar Álfheiði Briem.

-- Verð ég því með tveimur hreinlyndum þar í Madrid, svo það er ekki beint tilhlökkunarefni, en þeir geta þó ekki kennt mér um allt sem illa fer, svo það verður ekki nema fróðlegt fyrir mig að vera þar. --

Madrid, 22.4.1934. Helgi P. Briem skrifar Álfheiði Briem.

-- Doris hefur verið dálítið veik því hún lét fóstur að morgni þess 2. þ.m. líklega 10-12 vikna gamalt. --

Þriðjudaginn þann 3. talaði Sveinn Björnsson við mig frá Madrid og bað mig um að koma þangað strax til að vera á fundi daginn eftir. Þar sem Ásgeir hafði hringt til mín frá Kaupmannahöfn áður til að biðja mig um að vera með honum og ég hafði lofað því, varð ég að fara þá með næturlestinni og hef verið í Madrid síðan, nema hvað ég fór til Barcelóna um síðustu helgi. --

Ganga samningar ákaflega seint; ég vona þó að þeir verði okkur ekki mjög óhagstæðir. Hef ég orðið að túlka allt á milli á fundum hjá verslunarráðherra, sem ekkert skilur nema spænsku; en á fundum hjá nefnd sem líka á að semja við okkur er töluð franska; skilur Sveinn Björnsson hana nokkuð. Hef ég þá stundum túlkað fyrir hina þrjá, en stundum maður úr dönsku sendisveitinni hér. En Spánverjarnir eru heldur ekki liðugir í frönskunni, svo þeir urðu mjög fegnir þegar þeir

¹ Sveinn Björnsson (1881-1952) síðar forseti Íslands. Kona hans Georgia (1884-1957), apótekaradóttir, fædd Hansen.

² Richard Thors (1880-1970), einn af hinum þekktu Thorsbræðrum, sem voru tengdir fiskveiðihlutafélaginu Kveldúlfí. Hann var forystumaður í hópi vinnuveitenda. Féll HPB vel við hann.

³ Minnismiði HPB virðist skrifaður skv. samtali þeirra Ásgeirs Ásgeirssonar forsætisráðherra.

fréttu að ég talaði líka spænsku *perfectamente*, svo sem þeir voru svo elskulegir að nefna spænskuna mína, og gengur allt heldur liðlegar síðan. Hef ég auk þess þurft að vélrita *memorandum* sem við höfum sent spænsku stjórninni og taka nótur á fundum og skrifa skýrslur um þá og okkar starf; auk þess að vera á vanalegum fundum okkar, svo ég hef haft afar mikið að gera hérna og eiginlega ekki haft stund til neins fyrr en í dag. Vinnum við Sveinn Björnsson mjög vel saman og erum við aðallega í vinnunni, en hinir leggja til góð ráð og holl. Hefur okkur öllum komið mjög vel saman í okkar ráðagerðum, svo mér hefur þótt þetta ánægjulegir dagar, enda fundist ég gera töluvert gagn í þessu áriðandi máli.

Hérna eru líka sendinefndir frá Danmörku og Noregi, og einn maður frá Nýfundnalandi. Erum við Sveinn Björnsson með þeim frá Nýfundnalandi og er hann alveg að sálást úr leiðindum aumingja karlinn, því hann skilur ekki orð í spænsku og þorir ekki út úr hótelinu og finnst nokkuð glæfralegt að vera í því! Danirnir búa aftur á öðru hóteli og leiðist líka mjög og hafa fengið okkur Svein tvisvar í bridge til tilbreytingar frá því að fara í bíó, því þar eru þeir öllum stundum meðan þar er nokkur mynd sem þeir hafa ekki séð.

Í nótt var yfirlýst hér *generalstræk*. Er því öllum skemmtistöðum lokað og hérna á hótelinu vinna ekki nema fáeinir lærlingar í eldhúsinu svo matseðillinn er heldur fábreyttur og gestirnir þora helst ekki að spyrja eftir öðru en spæleggjum! -- Aftur á móti hafa yngri þjónarnir gert verkfall, svo það eru gamlir og reyndir eftirlaunamenn sem bera okkur spæleggin. Gengur það allt vel, en seint og hátíðlega eins og við páfahirðina. --

Einn maður er þó afar kátur yfir verkfallinu. Það er Nýfundnalandismaðurinn. Hann hafði orð á því um daginn að hann hefði aldrei séð nautaaf svo Helgi Guðmundsson bauðst til að fara með honum þangað og þáði hann það, en kveið afskaplega fyrir. Hitti ég hann í morgun og sagði honum að nautaatið væri bannað af ótta við ólæti. Þakkaði hann sínum sæla fyrir að sleppa og bauð mér þegar að fá viskísjúss með sér, sem ég afþakkaði þó, meður því að klukkan var tæplega ellefu. Svo hann fékk sér sjússinn einn. Efast ég að nautin hafi verið öllu kátari en hann við að heyra fréttirnar.

Eins og þú sérð tókum við það lítið hátíðlega að hér skuli vera allsherjarverkfall, þó sjálfsagt komi stóreflisfréttir af því út um allan heim. --

Þann 3. apríl fór ég til Madrid. Komu þeir Sveinn og Richard sama morgun, en nokkrum dögum seinna þeir Magnús Sigurðsson og Helgi Guðmundsson bankastjórar. Ég varð túlkur þeirra og ritari nefndarinnar, en ekki nefndarmaður.

--

Ég hafði eins og flestir stúdentar kynnst Sveini lítillga í Kaupmannahöfn. Þar sem ég var þar aðeins tæpt ár til að taka fyrri hluta próf, síðan 16 mánuði til að taka seinni hlutann, voru þau kynni ekki mikil.

--

Er við vorum í samningum á Spáni og víðar kynntist ég honum mjög vel og verð að segja að af öllum mönnum, sem ég hefi kynnst á langri ævi, hygg ég að enginn hafi verið jafn vel gerður og Sveinn Björnsson. Er ég þakklátur fyrir að hafa fengið að kynnast honum.

Það ljómaði af honum ljúfmennska og góðvild, mannkærleiki, hjálpssemi og drengskapur. Hann vildi allstaðar láta gott af sér leiða og var ákaflega góðgerðarsamur. Einhverju sinni gat ég um það að ég hefði heyrt að gott hafi þótt að leita til hans í þeirri miklu fátækt sem var í Reykjavík á uppvaxtarárum mínum. Hann svaraði: *Ef ég hefði ekki látið þá hafa tókall hefðu þeir farið til Georgíu og fengið 50 kall hjá henni.*

Hann var svo nærgætinn við alla menn að hann átti erfitt með að leiðrétta missagnir manna og ég veit aldrei til að hann hafi sagt mönnum að þeir hafi haft rangt fyrir sé. Mér þótti það undarlegt, þegar ég heyrði menn segja það síðar að hann væri falskur. Líkast til var þetta af því að hann lét margt kyrrt liggja, en aðrir hefðu mótmælt með ofsa.

Hann var manna skemmtilegastur og sagði mér margar sögur úr lífi diplómatanna, sem ég hygg að hann hafi ætlað mér til lærdóms og uppræðingar. Hann var fús að segja mér til um allt sem gat orðið mér til gagns, svo mér fannst það á við háskólanám í diplómati að vera með honum.

Mér fannst heldur lítið til danskra diplómata koma og sérstaklega til þess sem veitti sendiráðinu í Madrid forstöðu, meðan sendiherrann sat í París. Hafði ég einhvern tíma orð á því að mér virtist til lítils gagns að tala við hann. Sveinn vildi auðvitað ekki taka undir þau lastmæli, en sagðist vilja geta skrifað heim að hann hafi talað við hann, því þeir heima bæru mikla virðingu fyrir dönskum diplómötum og vildi hann því láta það koma fram að hann hafi ekki látið hjá líða að tala við þennan mann.

--

Frú Georgia var að sínu leyti jafn mikilhæf kona. Hún var gáfuð, þó hún talaði íslensku ekki með góðum framburði. Óteljandi landar kynntust góðvild hennar og hjartagæsku. En hún var hrein og bein og sagði sína skoðun, hver sem í hlut átti, en þó svo nærgætin að engan særði. Vinir Sveins kölluðu hana ljónynjuna, þegar þau voru nýlega sest að í Reykjavík. Gestrisni hennar voru engin takmörk sett. Minnst ég óteljandi heimboða þeirra hjóna, og alltaf með gleði, því hún fyllti heimili með

kátínu og spaugsemi, því hún gat verið kvenna fyndnust þegar svo bar undir. Þau unnust hugástum og ef Sveinn var lengur en hann bjóst við erlendis, bað hann konu sína ætíð að koma til sín. En ef hann var á ferðalagi var hún óróleg og tók ekki gleði sína fyrir en hann var kominn aftur.

Það var ekki aðeins Íslendingum eins og mér sem hún sýndi gestrisni. Ég minnst að einhvern tíma kom viðgerðarmaður hótelsins þar sem við bjuggum til að laga eitthvað smávegis. Vissi hún ekki hvað hún gat boðið honum þangað til hún tróð upp á hann einum af uppáhaldsvindlum Sveins.

Við lát Sveins var eins og hún brotnaði. Sveinn keypti stuttu fyrir andlát sitt lítið hús við Egilsgötu. Frúin skoðaði það aldrei, líklega af því að hún hrinti frá sér allri hugsun um að Sveinn færi á undan henni. Húsið var á þrem hæðum; þröngir stigar milli hæða og mjög óhentugt fólki sem farið var að reskjast. Henni fannst hún vera yfirgefin af gömlum vinum sínum. Svo var ekki, heldur kvaðst hún ekki geta tekið á móti þeim. Það átti ekki vel við hana að búa ein, eftir að hafa stjórnað fjölmennu heimili og átt fjölda vina - en vildi ekki búa hjá börnunum.

--

Samningarnir gengu heldur stíðlega. Telja mátti að þeim væri lokið í maílok, þótt nótuskípti færu ekki fram fyrir en 29. júní og 16. júlí. Var innflutningur Íslands ákveðinn meðaltal innflutnings áráanna 1931-33 að frádregnum 15%, eða 16.603 tonn. Ísland lofaði hinsvegar að auka innflutning sinn frá Spáni eftir getu, og veita öll þau innflutningsleyfi sem sótt var um. Nokkrar fleiri skyldur tókum við á okkur.

Fóru þeir nefndarmenn sem bjuggu í Reykjavík en við Sveinn Björnsson vorum nokkuð lengur til að ganga frá ýmsu.

Er Richard Thors kom heim sagði hann í blaðaviðtali að um jöfnuð á verslun væri ekki að ræða: *Framtíðarviðskipti okkar við Spán verða fyrst og fremst að byggjast á því að Spánverjar séu okkur vinveittir. Við Íslendingar höfum verið svo heppnir að eignast á Spáni góða málsvara, sem við getum treyst til að verndi málstað okkar, en hinsvegar verður ekki hjá því komist að við aukum innflutning okkar frá Spáni.*

Madrid, 3.6.1934. Helgi P. Briem skrifar Álfheiði Briem.

Ég er nú búinn að vera hérna í tvo mánuði -- svo ég er orðinn hálf þreyttur á hótellífinu. Spánverjarnir fara sér að öllu hægt, en ég er þó vongóður um að samningurinn verði okkur allhagstæður Spánverjar heimta af okkur að við kaupum 80% af því víni sem við kaupum hér á Spáni, en gera ekki miklar kröfur um kaup að öðru leyti. Sleppum við því nokkuð billega --

Eru samningarnir því raunverulega búnir og þeir farnir þeir þrír sem komu að heiman, en við Sveinn Björnsson verðum hér þangað til búið er að undirskrifa. Hefur farið mjög vel á með okkur Sveini og við verið mikið

saman. Aftur hefur nafni minn elskulegur ekki verið sem samvinnuþýðastur og sýnist vera orðinn fullur fjandskapur milli hans og R. Thors. Helgi (Guðm.) sýnist vera afar nervös og eitthvað undarlegur. Getur náttúrllega verið að þetta óstand með Guðmund¹ hafi eitthvað gert honum erfitt fyrir, en hræddur er ég samt um að Sveinn Björnsson verði ekki í annað sinn með honum í nefnd.

En allt er þetta náttúrl. fyrir þig eina og ekki aðra. Ég tók engan þátt í neinum deilum og túlkaði aðallega fyrir þá hina á fundum, því enginn þeirra skildi frönsku nema Sveinn og engir spænsku nema Helgi, en hann sagði aldrei neitt á fundum, svo allt slíkt hvíldi á mér. Ég var líka svo heppinn að þekkja aðstoðar-verslunarmálaráðherrann dálítið frá gamalli tíð, frá því hann var ekki orðinn ráðherra, svo við gátum því farið beint til hans þar sem hinar delegationirnar gátu aðeins gert hjá honum stífar kurteisheimsóknir.

Hafði ég hálf gaman af að þeir sem að heiman komu sáu að það var þó betra að hafa mig, því ráðherrann t.d. talaði ekkert mál nema spænsku. Er ég því alveg óhræddur um að þeir vilji nokkuð losna við mig nú fyrst um sinn, jafnvel þó Ólafur Thors² verði sjálfur atvinnumálaráðherra og yfirboðari minn. Fer líka heldur vel á með okkur Richard Thors, því þó hann sé arrogant, er hann samvinnuþýður og almennilegur í umgengni. Svo gat ég líka liðið hann vel fyrir það, að þó hann sé svona mikið á ferðalögum og hótélum, er hann sá karakter-maður að bragða varla áfengi og er ekkert uppskafningslegur, eins og okkur hættir þó við að vera þegar við erum í útlandinu. –

Frú (Georgía) Björnsson kom fyrir hérumbil mánuði síðan, því þá héldum við að þetta væri að verða búíð. Ætlaði hún að verða hér vikutíma, en það hefur nú dregist þetta lítilræði. Er hún indæl kona og eru þær Doris og hún mikið saman og kemur mjög vel saman. Er hún ansi skemmtileg og hefur frá mörgu að segja. Þegar maður er farinn að kynnast henni er hún ekkert hrædd við að segja meiningu sína um menn og málefni.

Danski sendiherrann fyrir Frakkland og Spán var hér í mánaðartíma að reyna að hotta á Spánverjana, en gafst að lokum alveg upp við það og fór aftur til Parísar.

En Spánverjarnir eiga til að verða staðir ef það á að hotta á þá og ég er hræddur um að svo hafi farið nú, því Danirnir eru ekki búnir að fá

¹ Hugboð HPB var sennil. rétt. Um svipað leyti kom upp vandræðamál í Landsbankanum. Guðmundur (1893-1950) bróðir Helga Guðm. varð uppvís að því að geyma víxla Eggerts Kristjánssonar stórkaupmanns, missti vinnuna; mun hafa verið dæmdur í skilorðsbundið fangelsi, sem reyndar var mildað í Hæstarétti. Varð skrifstofustj. hjá Sjóvátryggingafél. Ísl. það sem eftir var og reyndist hinn nýfasti starfsmaður.

² Ólafur Thors (1892-1964). Hafði verið dómsmálaráðh. stuttan tíma 1932. Varð atvinnumálaráðh. 1939 og upp frá því í mörgum ráðherraembættum, m.a. forsætisráðherra. Var sagt grunnt á því góða milli HPB og bræðranna Ólafs og Thors sendih. Ólafur fór seinna í opinb. heimsókn til Þýskal. meðan HPB var þar sendiherra. Tókust þar góð og hlý kynni.

nokkurn skrifaðan staf frá þeim enþá og segja að Spánverjarnir versni við hvern fund og heimti að þeir kaupi meira. Hafa þeir því ekki verið okkur til nokkurs gagns enn sem komið er.

Þó Bull, sem sér um danska *gesandtskabið* í fjarveru sendiherrans hafi verið á tveimur fundum með okkur, var hann til einskis gagns, því þegar Spánverjarnir voru ósanngjarnir jánkaði hann þeim alltaf hjartanlega og sagði að við þessu hefði hann alltaf búist. Er hann mjög einkennilegur karl og er það hans stolt í lífinu að hafa aldrei farið í bíó, hlustað á radíó og aldrei tekið þátt í íþróttum. Er hann því eins og genginn úr hömrum karlinn og afar formlegur og fjarri lífinu. Auðvitað er hann piparsveinn, en safnar gömlum spænskum húsgögnum og kirkjugóssi, svo það er eins og í forngripasafni heima hjá honum. Gerði hann okkur þann heiður að bjóða okkur til miðdags eitt kvöld með sendiherra Odenburg frá París og var það mjög formleg funktion. Voru þar einnig dönsku sendimennirnir og höfðu þeir með sér Jens á Reyni,¹ sem er ritari sjómannafélagsins færeyska og átti hann að sjá um að hlutur Færeyinga væri ekki fyrir borð borinn. Er hann mesti myndarmaður og árrisull svo að hann fer á fætur kl. 5 á hverjum morgni og í rúmið kl. 9. Var þetta því í fyrsta sinn sem hann borðaði kvöldmat hér á Spáni, því hann er að jafnaði ekki serveraður fyrr en 9.30-10 á kvöldin. Jens kom í bláum fötum með ljósgul stígvél upp á mjóalegg og sómdi sér prýðilega.

Líka erum við boðin til danska konsúlsins hér á þriðjudaginn kemur til að fagna *grundloven* og gleðja okkur yfir þeim. Er það lítið tilhlökkunarefni. -
- Við höfum það ágætt burtséð frá þessu með *grundloven*. --

Madrid, 21.6.1934. Helgi P. Briem skrifar Álfheiði Briem.

-- Spánverjarnir segja alltaf á *morgun* um hvenær komi svar við okkar nótum og fær maður það hvað oft sem maður biður um það. Í gær fór ég enn að minnst á að fá svar, en þá sagði skrifstofustjórinn í fyrsta sinn að nú kæmi nótan frá þeim í *dag*. Og það stóð aldrei þessu vant heima. Hún kom seint í gærkveldi og nú erum við farnir að vona að sleppa héðan fyrir mánaðamótin. -- Hefur þessi tími verið heldur viðburðalítill, eins og gengur, en maður má svo sem ekki kvarta því við höfum það ágætt. Svo er frú Björnsson hérna og hún er svo afar fjörug og skemmtileg og hefur sitt af hverju að segja og gátum við alltaf farið í bridge þegar hún var hér. Höldum við mjög upp á þau bæði hjónin af þessari viðkyrningu hér syðra, enda hafa þau verið okkur mjög góð og elskuleg. --

Barcelóna, 28.6.1934. Helgi P. Briem skrifar Álfheiði Briem.

¹ Jens á Reyni (1886-1948), kaupmaður. *Av Reyni*-fólkið er þekkt í Færeyjum, ekki síst Ingálvur myndlistarmaður, sonur Jens.

Þá eru við nú komin aftur heim til okkar og erum heldur fegin að losna úr prisundinni í Madrid! Ég hætti snögglega um daginn, því þá kom loksins hin margþráða *nóta* frá Spánverjum og þurftum við þá að setjast niður og semja svarið og þýða það og skrifa. Strax og það var búið fórum við hingað. –

Þegar ég kom hingað fann ég hér fyrir *Bréf Jóns Sigurðssonar*. -- fallett þótti mér á þeim bandið - vel bundið. Dáist ég mjög að handbragði Jónu að binda svona vel í skinn. En svona er að vera handlagin og myndarleg -- kann Jóna nú fleira en eitt handverk, svo ekki verður hún á flæðiskeri stödd. --

Barcelóna, 16.7.1934. Helgi P. Briem skrifar Álfheiði Briem. -- annars hef ég verið töluvert upptekinn síðan ég kom, að búa út eitt og annað í samningunum og skrifa skýrslur, nú síðast við að svar við fyrirspurnum sem *Milliþinganevnd í sjávarútvegsmálum* sendi mér. --

Heldur þótti mér kosningarnar fara skár en ég bjóst við, þó mér þætti atkvæðatala Theodórs mágs til muna of lág til að ég væri ánægður. En svona er stríðslukkan. F-flokkurinn ber ekki sitt barr síðan ég var í framboðinu! –

Þeir eru svona við og við að sprengja smá bombur hérna. Ein sprakk í gærkvöldi, í húsi skammt hér frá, með einu voðalegu bomsarabomsi, en venjulega er það líka allt sem gerist, því þeir sem búa þær til hafa gaman af að gera hvell sem kemst í blöðin. -- Er búið að breyta nafninu á götunni okkar einu sinni enn, og gerðu þeir það meðan við vorum í Madrid. --

Því miður gekk þetta allt heldur erfiðlega og sérstaklega að fá innflutning á umsömdu magni.

Kom Sveinn Björnsson því aftur til Madrid 21. sept. til að spyrjast fyrir um stöðuna næsta ár og var þar til miðs október. Þá voru miklar róstur í Madrid, allsherjarverkfall og daglega heyrðist skothríð. Stefán Þorvarðarson,¹ sem þá var í brúðkaupsferð lenti í henni og voru bardagar þá það miklir að ekki var farandi út úr hótelinu. Þótti þeim það daufleg koma og öfunduðu mig ekki af stöðu minni.

Barcelóna 16.10.1934. Helgi P. Briem skrifar Álfheiði Briem.

-- Ég fór til Madrid þann 20. sept. og hitti Svein Björnsson -- og höfum verið þar þangað til á sunnudaginn var að ég kom hingað í fyrradag. -- stjórnin féll við fyrsta tækifæri sem hún gat fengið og varð heldur brestur af -- Verkamenn gerðu allsherjarverkfall um allan Spán, og Katalónía gerði uppreisn og hrópaði sig út sem sjálfstætt ríki. Nú er þó kominn

¹ Stefán Þorvarðarson (1900-51). Hafði starfað við dönsku utanríkisþjónustuna í Kanada. Var '29 ráðinn til starfa að utanríkismálum í stjórnarráðinu; síðar skrifstofustjóri og sendiherra. Hafði átt Ásthildi Egilsson, en frá 1934 Guðrúnu Jónsdóttur Hjaltalíns læknafrófessors, bróðurdóttur Magnúsar Sigurðssonar bankastjóra.

friður á, bæði í Barcelóna og Madrid, en nokkra daga fóru menn á skytteri á eftirmiðdögum og reyndu að drepa hvern annan, aðallega lögreglan gegn kommúnistum. Ekki urðum við (SB) sendiherra þó fyrir því, en ég var eina nótt burtu frá hótelinu, því ég var króaður af meðan menn börðust.

Stóð svo á að Stefán Þorvarðarson álpaðist hingað til Spánar á brúðkaupsferð sinni Kom hann til okkar í heimsókn þá um daginn og bauð ég þeim að borða með mér næsta dag. Sótti ég þau á hótelið þar sem þau bjuggu kl. 8 um kvöldið og gekk um uppljómaðar göturnar fullar af fólki, sem uggði sér einskis ills. Kl. 8.15 gerðu kommar allt í einu áhlaup á símstöðina, innanríkisráðuneytið og fleiri opinberar byggingar og byrjuðu að skjóta á lögregluna. Var ég þá nýkominn inn á Hótel New York, þar sem Stefán bjó og ætluðum við að fara út er gauragangurinn byrjaði. Þótti okkur náttúrlega ekki árennilegt að fara út því göturnar höfðu tæmst á nokkrum sekúndum þegar skothríðin hófst, en maður gat heyrt skothríð hingað og þangað um bæinn. Ákváðum við að borða heldur þar í hótelinu þegar hún hafði staðið látlaust upp undir hálf tíma. Barst skothríðin að, meðan við vorum að borða, rétt utan við hótelið svo flestir stukku upp og gildasti karlmaðurinn, sem þar var inni, skreið undir borðið og fórst það fimlega.

Þegar við vorum búnir ætlaði ég að fara heim til mín, en sendiherra (SB) símaði til að vara mig við svo ég fékk mér herbergi þar á hótelinu og gisti þar um nóttina. Var afar strangur lögregluvörður um nóttina því þar búa margir ráðherrarnir og þingmennirnir, enda er það rétt hjá þinghúsinu.

Gat maður lítið verið á ferli næstu daga, því bæði var allt lokað og eins gat maður átt von á því að lenda inn á milli þeirra sem börðust, því kommar voru fljótir í ferðum en lögreglan afar hrædd og mátti ekkert út af bera til að hún færi ekki að skjóta eins og vitlaus í von um að hitta einhvern óróasegg, en venjulega voru það friðsamir vegfarendur sem hún hitti fyrir! Urðu menn því að ganga langar leiðir með hendurnar uppi til að leiða allan grun frá sér. Við viss götuhorn stóðu smá þyrpingar af hermönnum og miðuðu á menn byssum, meðan aðrir þukluðu á manni eftir vopnum og litu inn í hattinn manns til að vita hvort þar væru ekki kanónur. Var skotið töluvert út um glugga á lögregluna og varð oft mikil skothríð út af slíku. Eftir nokkra daga voru bestu skyttur, sem lögreglan hafði, settar upp á húspökin til að líta eftir slíku og hættu menn því að nota þá aðferð. Voru þrír slíkir stasjóneraðir á húspaki andspænis herbergi Sveins Björnssonar og varð það til þess að sendiherra gat naumast lítið út fyrr en þrír hermenn horfðu á hann og voru hvergi friðlegir.

Stefán Þorvarðarson ætlaði að fara til Barcelóna, en þar braust út uppreisn svo kunningi minn, sem hitti þau með okkur, símaði frá B. og bað þau umfram allt að bíða (í Madrid) þangað til friður kæmist á. Lagði

ég St. líka lífreglurnar og ráðlagði honum að fara heldur aðra leið eftir nokkra daga. Ætlaði hann, að mér skildist, að bíða eitthvað, þegar við kvöddumst, en næsta morgun er ég kom á fætur voru þau hjón farin af stað til Barcelóna. Ég hitti þau nú samt á leiðinni og fór með þeim að járnbrautarstöðinni. Fóru þau af stað á sunnudagsmorgun og hefðu átt að koma á sunnudagskvöld, en komust ekki fyrr en á þriðjudagseftirmiðdag. Voru allar lestir stöðvaðar við landamæri Katalóníu því sunnudagsmorgunin var barist grimmt hér í Barcelóna og ráðhúsið og þinghúsið er sviðið töluvert og brotið af sprengikúlum. Var það samt mjög stuttan tíma því mánudag byrjuðu menn aftur að opna búðir og þess háttar og allt komst í gang eftir þrjá daga. Verkfallið stóð 10 daga í Madrid.

Doris varð þó heldur fljót á sér því hún trúði því að alger ró væri komin á í bænum eins og sagt var í útvarpinu og fór í *omnibus* og var skotið á hann, svo hann varð að snúa við, en farþegarnir að leggjast á gólfíð.

Var ekki hægt að fá neitt samband milli Madrid og Barcelóna í þrjá daga, svo ég gat ekkert frétt af henni eða varað hana við fyrr en allt var orðið rólegt. Var ég því glaður að komast aftur heim og finna allt með kyrrum kjörum. --

Barcelóna, 20.10.1934. Helgi P. Briem skrifar Friede Pálsdóttur Briem.

Þakkar þér kærlega fyrir ágætt bréf -- með myndum af þeim tröllkörlum sonum þínum, sem okkur þótti afar gaman að, þótt leitt væri að sjá Eggert Ólaf fóstra á hækjunum sínum. Og bréfið er svo fyndið að ég skelli hló aftur þegar ég var að lesa það áðan og hef þó lesið það oft í millitíðinni! --

Í Madrid vorum við (Sveinn Björnsson) að bíða eftir svari í þrjár vikur og höfðum lítið að gera, svo ég fór með honum út í golf- (golf en ekki gólf-) völlinn og lærði að spila golf sem ég efast ekki um að þú sért nógu menntuð til að vita að er heldur asnalegur leikur, sem *bestendur* í því að slá lítinn bolta á undan sér langar leiðir, reyna að koma honum ofan í smágöt hingað og þangað um stóran völl. Er þetta ansi skemmtilegur leikur -- þó hann sýnist heldur idiotískur. --

Sýndu friðsamlegir borgarar friðsemd sína með því að ganga með hendurnar uppi yfir höfðinu og var ég afar ánægður með þann móð, því það er svo gott fyrir brjóstkassann, sérstaklega þegar hann bungar út í öfuga átt við minn.

Sakna ég þess mikið að geta ekki gengið svo um göturnar nema vera álitinn hálfvitlaus. --

Bylting á Spáni

Um þetta leyti var gerð uppreisn í Katalóníu og barist mikið í Barcelóna. Mátti segja að lítill friður væri næsta misserið, eiginlega stjórnleysi, þangað til herinn gerði uppreisn í júlí 1936.

Nokkuð kom af kaupsýslumönnum til Spánar er ég var þar og Spánverjar neyddu okkur til að kaupa meira en áður, en höfðu lítið að bjóða nema vefnaðarvöru og vín. Reyndi ég að hjálpa gestunum eftir getu því fæstir töluðu spænsku.

Hinsvegar voru ekki nema fáir Íslendingar þar, nokkrar konur sem höfðu heimili þar, giftar Spánverjum eða Dönum.

Einn Íslendingur kom til mín þegar hann var alveg auralaus. Hann vildi ekkert um sína hagi segja og er ég hræddur um að hann hafi að mestu sofið úti. Hann kom í íslensku skipin og borðaði þar meðan þau lágu þar. Ég kannaðist við fjölskyldu hans, ágætis fólk, en var hræddur um að hann yrði innlyksa þar og lassaróni. Reyndi ég því alltaf þegar við hittumst að fá hann til að fara heim, án árangurs. Á skipunum var mér sagt að hann kæmi ekki þangað á brottfaradaginn, eins og hann væri hræddur um að skipshöfnin tæki hann nauðugan. Ég talaði því við lögreglustjóran í Barcelóna. Hann sá þarna óheppilegan útlending, þó hann gerði ekki neitt móti lögum, en ég sá þar efnilegan Íslending sem ég vildi ekki að týndist.

Það hann mig að hringja í sig næst þegar íslenskt skip kæmi við. Ég gerði það og tveim dögum áður en skipið fór komu tveir lögreglumenn og athuguðu skilríki manna. Virtist þeim skilríki unga mannsins ekki í lagi og höfðu hann í haldi þangað til skipið var að fara og settu hann um borð. Var því lokið Spánardvöl hans. Varð hann nýtur maður á Íslandi en dó fyrir nokkrum árum.

Barcelóna, 3.11.1934. Helgi P. Briem skrifar Álfheiði Briem.

-- Ég hef verið mjög upptekinn síðan ég kom frá Madrid því það hafa verið einlæg klögumál yfir fiskinum að heiman, sérstaklega undan vigtinni. Er ég mjög feginn að loksins skuli vera farið að ragast í því opinberlega. Ég hef skrifað í tvö ár um þetta og jagast í því, en hef auðvitað aðeins aðgang að stjórninni og get ekki sagt neitt opinberlega um það, því hér verð ég að halda því fram að vottorðin séu rétt eða hafi verið það þegar fiskurinn fór af stað. En það er náttúrlega alltaf þessi hættu þegar allir fá sama verð fyrir vöruna að ýmsir hætti að vanda vöruna og reyni að misnota vottorðin.

Nú er hér allt með kyrrum kjörum aftur eins og ekkert hafi í skorist eftir byltingarvesenið, en hernaðarástand ríkir og eru flestir ánægðir með það, því það þýðir að harðar er tekið á ýmsum glæpum og hafa glæpamenn hægt um sig meðan það ástand ríkir.

Helgi skrifar Dorisi

Rvík, 3.12.'34.

Segir frá komu sinni til Íslands og skelfilegri sjóferð.

Hitti ráðherrana og var vel tekið, líka af þeim sem var neikvæður árið á undan og er nú orðinn mikill maður!¹

Fór á fund utanríkisnefndar. Sveinn Björnsson gaf skýrslu og þakkaði nefndinni samvinnuna, fyrir skjalapýðingar og ómetanlega þekkingu. (!) Haraldur bauð Helga heim. Á morgun býður Hermann til kvöldverðar okkur til heiðurs.

Svo var Helgi beðinn um skýrslu v. kvartana um flokkun. Er komið fram frumvarp um yfirfiskimatsmann. Einhverjir í Alþýðuflokki og Framsókn vilja að Helgi verði ráðinn, en hann segist ekki taka það í mál.

Segir frá fjölskyldunni, einkum frá Eggert (Ásg.) sem er veikur og í gífsi v. mjaðarmarveiki.

Var á miðilsfundi með Sigríði Skúladóttur Briem sem hefur ekki náð hæfileikanum eftir fæðingu Steinunnar dóttur sinnar. En hann segir að SSB hafi séð Dorisi bregða fyrir!?

Theodór hefur verið slæmur með drykkju í ár. Hann reyndi með klækjum og flokkaskiptum að komast á þing. Honum gengur ekki vel metnaðurinn, en sem allir vilja spilla.

Strax og ég gat komið því við fór ég til þriðja landsins, sem ég átti að sinna sem fiskifulltrúi: Ítalíu. Komst ég lengst suður til Napolí. Er ég gekk einn morgun um hina miklu höfn þar rak ég augun í að verið var að skipa skreið upp úr miklu japönsku skipi. Var hún í snyrtilegum vírbundnum pökkum og var hver fiskur merktur með hinu fallega japanska letri, málað með túski. Er ég gekk um fiskmarkaðinn sá ég að þar var þessi skreið víða til sölu. Var hún venjulega seld afvötnuð, eins og saltfiskurinn, tilbúin til matreiðslu. Talaði ég við allmarga fisksalana og sögðu þeir að mikið seldist af henni og væri hún etin soðin og einnig væri hún etin mikið hrá, t.d. sem meðlæti með hanastélum, eins og ostpinnar hér.

Aflaði ég mér ýmissa skýrslna um framleiðslu á skreið og útflutning hennar frá Noregi og Japan. Var útflutningur Noregs milli 30 og 38 þúsund lestir á ári, en þar sem talið er að skreiðin léttist um 70-75% má segja að skreiðarmarkaðurinn hefði numið álíka miklu og allur þorskaflí Íslendinga, ef hann hefði verið hertur. Virtist mér þarna möguleiki að létta á fiskmarkaðinum; þar sem markaðurinn var þá mikið til í Afríku, mundi hægt að fá greiðsluna í frjálsum gjaldeyri.

¹ Ný ríkisstjórn undir forsæti Hermanns Jónass. Eysteinn Jónsson og Haraldur Guðmundss. voru líka ráðherrar. Hér skýtur hann á HG.

Kristján Bergsson, hinn ágæti forseti Fiskifélagsins, hafði látið birta skýrslur mínar í ÆGI. Ég taldi þessa skýrslur eiga erindi til almennings, sérstaklega í smáplássum, þar sem saltflutningar voru dýrir. En Kristján vildi alls ekki trúa því að enn væri markaður fyrir skreið og vildi því ekki birta þessa skýrslu, og var það af hlífð og vinsemd við mig. Ég benti honum á að ég notaði opinberar tölur, sem ekki væri hægt að bera brögður á, og kom skýrslan í marsblaði ÆGIS 1933.

Skreiðarverkunin fór hægt af stað, sem skiljanlegt er, enda þurfti að panta efni í hjalla. Árið 1935 var útflutningurinn á skreið 150 tonn, 1936, 547 tonn og 1937 852 tonn. Þar sem þetta svaraði líklega til 2.500 til 3.000 tonna af blautum fiski létti þetta lítillega á saltfiskamarkaðinum og var greitt í frjálsum gjaldeyri. Eftir stríðið komst útflutningurinn í 12.000 tonn sum árin, en reyndist ótryggur vegna ófriðar í Afríku. Um skeið var talið að einu togararnir, sem reknir voru með ábata væru þeir, sem skreiðarverkuðu hluta afla síns.

Einhverju sinni er ég var heima komu nokkrir menn sem verkuðu skreið til mín og báðu mig að vera framkvæmdastjóra fyrir samtökum þeirra. Ég taldi þó að ég gæti frekar orðið landinu að gagni ef ég starfaði áfram fyrir ríkið. Réði ég þeim til að tala heldur við þá sem starfað höfðu að útflutningi. Byrjaði útflutningurinn svo að við seldum Norðmönnum skreiðina þangað til við höfðum kynnst mörkuðunum.

Barcelóna, 7.3.1935. Helgi P. Briem skrifar Friede Pálsdóttur Briem.

-- Þakka þér og ykkur Ásgeiri kærlega fyrir síðast og hvað þið gerðuð okkur veruna skemmtilega hjá ykkur. Við getum varla áttað okkur á að við höfum verið átta vikur hjá ykkur. -- ég vona að við getum gert ykkur dvölinna hérna í haust ánægjulega. -- Vonum að Eggert fóstri sé farinn að ganga hækjulaus. --

Barcelóna, 29.3.1935. Helgi P. Briem skrifar Álfheiði Briem.

Á morgun fer ég til Ítalíu og býst við að verða tvær vikur í burtu -- förum við Sveinn Árnason¹ fiskimatsstjóri saman í þessa ferð. Eru farþegar á Kötlu þeir Jóhann P. Jónsson² skipherra á Óðni og kona hans, Tómas Reykjavíkurskáld Guðmundsson³ og Eggert Laxdal.⁴

¹ Sveinn Árnason (1877-1957).

² Jóhann P. Jónsson (1887-1960).

³ Tómas Guðmundsson (1901-83). Þeir HPB voru bekkjarbræður í menntaskóla.

⁴ Eggert (1905-2000) Eggertsson Laxdal listmálari, bróðir Sigrúnar Laxdal, sanskrítfræðings. Er mér í minni að Þórdís Briem móðursystir mín sagði frá því er hún fékk það hlutverk í Rvík að taka á móti honum, hýsa hann og koma um borð í skip til Spánar.

Kemur allt þetta fólk hingað upp í kvöld í kaffi og auk þeirra Rafn¹ skipstjóri á Kötlu, frú Valgerður Benediktsson² og senora Magrina, sem áður hét Maja Ólafsson.³ Verður það því dálítið Íslendingamót. Eins og þú sérð á innlögðum myndum eru við búin að fá okkur myndavél og hefur það heppnast afar vel sem ég hef tekið. --

Sendir margar myndir af íbúð sinni og nágrenni og lýsir því öllu. Bréf og myndir hafa orðið viðskila.

Eins og annars staðar urðu allmiklir gjaldeyriserfiðleikar eftir stríðið og uxu þeir um allan helming er Ítalir réðust á Eþíópíu. Þjóðabandalagið lagði viðskiptabann á Ítalíu þann 18. nóvember 1935. Það bann var þannig að ef eitthvert land seldi Ítalíu vörur, gat það ekki tekið vörur fyrir, heldur varð Ítalía að nota erlendar bankainnstæður eða gullforða sinn til að greiða þær, en af hvorugu var mikill forði.

Lönd þau, sem ekki tóku þátt í þessum refsiaðgerðum, gátu tekið vörur fyrir andvirði innflutnings síns. Voru það aðallega lönd sem ekki voru meðlimir Þjóðabandalagsins, svo sem Ísland.⁴ Önnur Norðurlönd, s.s. Danmörk, tóku þátt í þeim.

Barcelóna, 25.4.1935. H.P.B skrifar Álfheiði Briem.

-- Ég fór um mánaðarmótin síðustu til Ítalíu eins og ráðgert var, áður en ég fór að heiman, með Sveini Árnasyni fiskimatsstjóra. Vorum við 15 daga í ferðinni --

Vorum við fimm daga í Genúa og aðra fimm í Napolí, en nokkuð á ferðalagi, og í Róm. Genúa er mjög geðslegur bær en byggður í svo miklum bratta að göturnar eru mikið til byggðar sem tröppur og gengur maður 50 þrep til að komast frá einnig götu til annarrar og sums staðar eru lyftur frá neðri götunni upp á þá efri. Vorum við Sveinn þar með Hálfdáni Bjarnasyni frá Steinnesi⁵ sem féll okkur hið besta í geð. Hann er ágætismaður, en nærri vandræðalega gestrisinn.

Frá Genúa fórum við til Rómar. Varð ég að heilsa upp á sendiherrann þar, því ég heyri að sumu leyti undir hann. -- Bað hann mig koma -- Töluðum við lengi saman og vel. Hann var afar elskulegur og góður heim að sækja,

¹ Rafn Sigurðsson (1894-1960), skipstjóri. Giftur Ingvaldi Einarsdóttur frá Garðhúsum. Tengdforeldrar Niels P. Sigurðssonar sendiherra.

² Valgerður Benediktsson (1881-1955). Fyrri kona Einars skálds.

³ Maja Ólafsson (1908-2005). Dóttir Péturs A. Ólafssonar útgerðarm. á Patreksfirði; átti José Magrinó Riba fiðluleikara. Fluttust síðar til Íslands þar sem hann lék í Sinfóníunni.

⁴ HPB var ungur og lengi mikill stuðningsmaður þess að Ísland gengi í Þjóðabandalagið og flutti um það erindi í stúdentafélaginu í Kaupmannahöfn á námsárum sínum og skrifaði um aðildina í tímarit. Sá hann með þeirri aðgerð leik á borði í sjálfstæðismálum Íslendinga.

⁵ Hálfdán Bjarnason (1898-1987). Steinnessystkini voru mörg og þjóðkunn. Hálfdán var aðalræðismaður í Genúa þar sem hann bjó og dó. Hafði flust þangað 1925. Var fyrirtæki hans illa þökkað vegna mælskulistar Einars Olgeirss. og skoðanabréðra hans á Alþingi sem fundu því allt til foráttu. *Bjarnason og Marabotti* var þá á allra vörum. Meðal bræðra Hálfdánar var Ólafur í Brautarholti og dr. Björn Bjarnason, enskukennari okkar margra í Gagnfræðaskóla Reykvíkinga og Kvinnaskólanum.

en heldur ókunnugur verslun og viðskiptum, svo ég reyndi að tína í hann það sem ég hafði handbært af slíkum fróðleik. Býr hann hátt uppi og er alveg dásamleg útsýn yfir alla Róm úr gluggunum hans, yfir til Péturskirkjunnar og Vatíkansins. Var gaman að sjá þegar var að rökka yfir borginni, verið að kveikja á ljósunum og leðurblökurnar að fara af stað. Miðjuna úr deginum notuðum við til að skoða bæinn og það sem við komumst yfir af Péturskirkjunni. Það verð ég að segja að vel hafa þeir gengið frá gröfinni hans Péturs og eru stjakar og annar málmur í gröfinni hans ýmist úr skíru gulli eða gylltum málm.

Næsta morgun fórum við til Napolí og vorum þar fjóra daga. Vorum við þá alltaf í fiskerindum þangað til á laugardagseftirmiðdag að við skrúppum til Pompei til að skoða rústirnar þar. Ekki vorum við heppnir með veður, því meðan við vorum í Napolí var alltaf kuldi og suddi, en á Norður-Ítalíu var frost svo sem í Milánó.

Tók þó út yfir þegar við ætluðum að fara að skemmta okkur, því þá gerði ausandi rigningu. En Ítalir eru við öllu búnir og ekki vorum við fyrr búnir að opna hurðina á bílnum til að fara út, en komnir voru 4 eða 5 *gentlemen* með regnhlífur handa okkur. Leigðu þeir þær fyrir tvær lúur um eftirmiðdaginn. Voru það auðvitað mestu skrifli sem hvorki héldust opnar né lokaðar.

Við komumst samt um bæinn sem er mjög interessant, þó það sem skást er hafi verið flutt til Napolí og geymt þar á safni. Eru göturnar mjög vel varðveittar og húsveggirnir, en þökin á húsunum venjulega fallin því þau voru á trébitum. En timbrið hefur allt funað upp til agna. Eins er með menn sem farist hafa í leðjuflóðinu. Leðjan hefur lagst um þá á alla vegu og síðar er þar hola eftir og hefur verið hægt að skapa sér mynd af öllu slíku með því að fylla holurnar af gífsi. Fáein hús voru að mestu óskemmd og í ofni í bakaríinu fundust brauð sem hafa brunnið illa hjá meistararum og líklegast hefur það hjálpað þeim til að varðveitast í þessar 18 aldir.

Næsta morgun sá til sólar í fyrsta sinn í Napolí, svo þá fórum við upp á Vesúvíus í von um að þoku létti þegar upp kæmi. Er Vesúvíus heldur lægri en Hekla en auðfarið upp, því maður kaupir sér bara bílæti og skiptir tvisvar um vagn og er þá kominn upp á toppinn. Er ljómandi útsýni til Caprí og yfir flóann á leiðinni upp, en leiðin liggur í gegnum aldingarða og vingarða, því askan úr Vesúvíus er besti áburður. Þegar ofar dregur tekur þó fyrir allan gróður en efst uppi gengur maður nokkra metra og kemur þá að skarði í gígbarminn og sér þá niður í gíginn sem er geysistór og flatur í botninn.

Því miður var mikil þoka, en maður fór samt þangað niður að litlum gíg sem er afar duglegur að gjósa og rann úr honum glóandi hraunflóð. -- Var hraunið að storkna eftir gosið á undan og höfðu *guidarnir* af því nokkra

atvinnu að koma með langa járnstöng og rífa börkinn ofan af hrauninu, svo að sá í glóandi hraunið og koma með nokkra klípu af því á stönginni og láta mann pressa pening eða annan málmhlut niður í hraunið og það storkna utan um hann.

Um kvöldið fórum við til Rómar. Sendiherrann hafði beðið mig að tala við sig um leið og ég færi norður og gerði ég það á mánudag og hélt samdægurs áfram til Livornó og Pisa til Genúa. Þar vorum við svo í tvo daga og héldum áfram til Nizza og gistum þar. Skruppum við yfir til Monte Carló til að prófa lukkuna en ekki var hún mér hliðholl, svo ég hætti fljótlega þeirri skemmtun, en Sveinn græddi heldur og hafði eitthvað 20 kr. upp úr kvöldinu þegar við fórum.

Annars var gaman að fara þarna um *Rivieren* því þar er mikið af skínandi fallegum gördum og blómagróður feiknarlega mikill og gróska í öllu. vorum við þar þegar allt var fullt af nellikum -- Komum við hingað þann 14 apríl og var svo mikil gleði yfir því svo að bærinn var *illumineraður* og tók ég mynd af höllinni á Mont Juic, með ljósadýrðinni um kvöldið, héðan úr glugganum. Þann dag var þjóðhátíð --

Í sumarbyrjun kom Þórdís systir Helga í heimsókn til þeirra. Í bréfinu biður hann Ásgeir Guðmundsson m.a. að hjálpa sér með sölu bíls er Helgi á.

Barcelóna, 13.6.1935 Helgi P. Briem skrifar Ásgeiri Guðmundssyni.

-- Er allt gott af okkur að fréttu, en ég er hálfpartinn farinn að undrast um hvort háskólinn ætlar að draga að svara mér upp á doktorsritgerðina til haustsins, því mér finnst fimm mánuður nógir, hvort þeir taki hana eða ekki, því úr því eiga þeir að geta skorið mjög fljótlega.

Þætti mér vænt um að þú fregnaðir um þetta mál hjá Þórði Eyjólfsyni og létir mig vita því Eggert má aldrei vera að því að skrifa mér. --

Barcelóna, 24.6.1935. Þórdís Briem skrifar Álfheiði Briem.

-- Annars líður mér alveg ágætlega og hef það rólegt, því maður verður ekki beint energískur í svona hita, nema Helgi sem er sívinnandi alla daga.

Barcelóna, 21.7.1935. H.P.B skrifar Álfheiði Briem.

-- þegar ég var að koma frá Madrid. Við Sveinn Björnsson vorum þar að reyna að fá að halda þeim innflutningi sem við höfðum í fyrra, en það gengur mjög stírt, því ofan á allt annað kom tollastríð milli Frakklands og Spánar og missir Spánn þar sinn besta viðskiptavin. Vorum við þar í tíu daga. --

Okkur Sveini kemur mjög vel saman, enda kemur það sér betur þegar maður er saman frá morgni til kvölds og **bauð hann mér dús** og allt hvað eina! --

Hef ég haft mikið að gera síðan ég kom aftur og verð líklega að fara aftur til Madrid frekar fljótlega. Þykir mér það slæmt ef ég þarf að fara burt í þriðja sinn meðan Dídí¹ er hér -- Höfum við verið að reyna að skemmta henni, en ekki veit ég hvort það hefur tekist.

Helgi skrifar Dorisi

Rvík, 7.6.'35.

Segir að kjólarnir á telpurnar, Bergljótu og Álfheiði² hafi passað. Alfa sé óvenjufétt barn, alveg jafn stór og Sigurður Helgi, sem sé lítill og fölur, fölari en hægt sé að lýsa, veiklulegur, þó hann sé við góða heilsu, góður drengur og aldrei óþægur. Hann trúir öllu og þannig getur Páll bróðir hans sagt honum merkilegar sögur sem hann trúir. Theodór er við það sama.

Páll Líndal er mjög góður og greindur en ekki laglegur, rauðhærður og alfreknóttur.

Madrid, 1.12.'35.

Segir frá lífi þeirra Sveins Björnssonar í borginni og gólfleik þeirra.

Þeim Sveini og Helga virðist falla vel hvorum við annan. Þeir hafa verið á fundum í utanríkisráðuneytinu. Þar eru allir svartsýnir þannig að framtíð sjómannaáttarinnar er dökk.

Barcelóna, 21.7.1935. Þórdís Briem skrifar Álfheiði Briem.

-- ég er bún að ákveða að fara héðan á sunnudaginn kemur þ. 28. til Hafnar -- Ég hef nú heldur lítið að skrifa núna, því meðan Helgi var í Madrid í 10 daga var heldur tilbreytingalaust hérna, ég fór samt til baðstaðarins Sitges með mrs. Sanderson, vinkonu Dorisar, sem kemur hingað stundum og er voða almennileg við mig --

Þegar Helgi kom frá Madrid færði hann mér armband, ekta spænskt, reglulega smart, hann er svo góður við mig, alltaf að reyna að gleðja mig og skemmta mér eitthvað --

Barcelóna, 10.8.1935. Helgi P. Briem skrifar Álfheiði Briem.

-- Síðan hún fór hefur lítið á dagana drifið. -- Við erum farin að hlakka til að þau komi Ásgeir og Friede, en erum bara hrædd um að þau komi heldur seint til að njóta hlýjunnar --

¹ Þórdís systir HPB.

² Líndalsdætrum.

Bull¹ er að fara til Parísar, en nýi sendiherrann kemur víst ekki fyrr en einhvern tíma í september og þarf ég líklega ekki að hreyfa mig fyrr en þá. Verður það til mikilla bóta að mannskipti verða, því þó ég viti ekki hvernig sá nýi verður, hlýtur það að verða skárri maður en sá sem fer. -- Ég talaði við Harald Guðmundsson² frá London þann 5ta og var hann þá að fara heim. Þótti mér sorglegt að heyra að Tryggvi (Þórhallsson) væri dáinn frá öllum sínum barnahóp.--

Barcelóna, 5.9.1935. Helgi P. Briem skrifar Friede Pálsdóttur Briem og Ásgeiri Guðmundssyni.

Kæri vinur og mágur. Elsku Frieda mín! -- Ég vildi þakka þér mjög vel fyrir þann góða greiða að selja bílinn fyrir mig og allt það umstang sem þú hefur haft með það.-- Mér líst satt að segja illa á það að þið farið til Genúa fyrst, áður en þið komið hingað. Ég held að það væri miklu skemmtilegra fyrir ykkur að fara af skipinu í Gíbraltar. Þaðan hygg ég að sé að minnsta kosti fimm daga sigling til Genúa og ég sé satt að segja eftir þeim. -

Barcelóna, 26.9.1935. Friede Pálsdóttir Briem skrifar Álfheiði Briem.

Ég var í þessu að fá bréf frá þér með góðum fréttum að heiman. Ég þakka þér kærlega fyrir það, mamma mín, hvað þú ert hugsunarsöm að láta okkur heyra frá ykkur heima. Hingað komum við eftir 18 tíma járnbrautarferð frá Nissa, vorum við hálfpreytt, en erum nú úthvöld.

Við sóttum ágætlega að hjá Helga, hann var nýkominn heim frá Madrid, og verður hann þá vonandi ekki kallaður í burtu á meðan við verðum hér. Við búumst við að verða hér til 9. okt., förum þá til París og dveljum þar 4-5 daga, en förum síðan til London og þaðan heim með Brúarfossi sem verður í Reykjavík 29. október. – Ferðalagið hjá okkur hefur gengið alveg ágætlega, hef ég séð svo margt fallett að það er miklu líkara draumi en veruleika.

Hálf dán Bjarnason bauð okkur með sér út á land á sunnudaginn og var með okkur í bílnum maður, Marabotti að nafni. er það félagi Hálf dás; konan hans og dóttir voru á kúrhótelu uppi í Norður-Ítalíu og ferðinni var heitið þangað. Leiðin lá upp fjöll og niður dali, í gegnum smábæi þar sem fólkið var að halda skemmtanir, vínuppskeran er búin þar og eru haldnar uppskeruhátíðir. Nautin eru skreytt með blómum, mislitum böndum og vínþrúguklössum og allur bærinn með hátíðablæ. Náttúrufegurðin er þarna alveg stórkostleg, enda ekki slagveðrið til þess að eyðileggja neitt fyrir manni, sól og sumar og loftið miklu tærara en í Danmörku. Mest öfundast

¹ Tage Bull (1881-1960). Var háttsettur í utanríkisþjónustu Dana.

² Haraldur var þá orðinn atvinnu- og samgöngumálaráðherra.

ég yfir að sjá tennurnar í fólkinu hér í Suðurlöndum, er það víst bæði sólin og fæðan, en vatnið er hér mjög ríkt af kalki. -- ¹

Barcelóna, 6.10.1935. Helgi P. Briem skrifar Álfheiði Briem.

-- Um miðjan mánuðinn fór ég til Madrid og var þar í vikutíma. Fékk ég þá tækifæri til að heilsa upp á minn nýja yfirboðara, sendiherra Boeck² og lýst mér mjög vel á hann og er feginn að almennilegur maður skuli nú vera kominn. Hann var líka mjög elskulegur við mig og glaður yfir móttökunum á Íslandi., kallaði mig *kære samarbejder* í hverju orði og var yfirleitt eins og hugur manns. --

25.10. komu Ásgeir og Friede. Vildi ég auðvitað hafa sem mestan tíma með þeim, þann stutta tíma sem þau stóðu við -- Höfum við haft afar mikla skemmtun og upplýftingu af þeirra komu, sem þó var heldur stutt fyrir okkur, því þau stóðu ekki við nema níu daga og veðrið var ekki sem ákjósanlegast -- en tvo síðustu dagana var það gott og notuðum við þá tækifærið til að líta í kringum okkur. Geta þau flutt þér bestu kveðjur alveg ferskar frá okkur þegar þau koma og borið vitni um að við höfum það ágætt. -- Friede og Ásgeir fóru héðan á föstudag. --

Ég talaði um daginn við Harald Guðmundsson og heyrði afleitlega, en vel til London, svo líkast til hafa bylgjurnar ekki borist vel yfir Atlantshafið. Það sem þó var verst við samtalið var það að Haraldur sagði mér að Stefán Jóhann væri farinn til London, og gerði það Ásgeir talsvert órólegan og olli það því að hann fór héðan fyrr en ella.³ --

Sorgaratburður 8.11.1935 er Ásgeir dó af slysförum í Rvík.

Barcelóna, 12.11.1935. Helgi P. Briem skrifar Friede Pálsdóttur Briem.

Það vildi ég að ég gæti gert eitthvað fyrir þig og verið þér hjálplegur á þessum erfiðu tímum. Því ég er ekki enn búinn að skilja að þú hafir misst hann Ásgeir, svo ég geti sett mig dálítið inn í hvernig þér muni líða núna. Því þó ég viti að hann sé nálægur þér og litlu drengjunum þá er söknuðurinn og missirinn það þó enn frekar. Allir okkar vinir hér syðra urðu alveg steini lostnir að fréttu lát hans eftir svona stuttan tíma.

Ég vona bara að þið hafið haft góðar endurminningar frá ferðalaginu hingað suður, eins og við höfum það af komu ykkar. Og eins veit ég að þið hafið ekkert nema góðar og elskulegar endurminningar um ykkar samveru. Og sama veit ég að allir hafa sem kynntust þínum glæsilega og góða manni, Friede mín, og ykkar skemmtilega og viðkunnalega heimili.

¹ Sjá: EÁ: Nesfólkið við Seltjörn. Rvk. 2001. Lbs.

² Frantz Boeck (1881-1962).

³ Þeir Ásgeir Guðmundsson og Stefán Jóhann Stefánsson ráku saman málflutningsskrifstofu. S.J.S. var upptekinn af stjórnárum, minna af sameiginlegum skrifstofufrekstri.

En þá er þó nokkuð fengið, því ekki skiljum við annað eftir en endurminningar þegar við förum héðan, hvort sem við erum ungir eða gamlir.

Skelfing vildi ég að ég væri nær þér, Friede mín, ef ég gæti verið þér til einhvers stuðnings. Ég veit ekki hvernig það er fyrir þér, en sumir komast best yfir svona slag með því að komast sem fyrst í nýtt umhverfi, og ef þú vildir hugsa um það, vildum við Doris láta þig vita að þú og drengirnir væru hjartanlega velkomin ef þið vilduð koma hingað til okkar. --

Barcelóna 23.11.1935. H.P.B skrifar Álfheiði Briem.

-- Alveg urðum við steini lostin að fá símskeytið frá ykkur þan 8. þ.m. og ætlaði varla að trúa að átt væri við þann sama Ásgeir sem við höfðum kvatt herna á stöðinni mánuði áður. En því miður var það nú, eins og við sáum í bréfi þínu frá 11. En með sama skipi fékk ég bréf frá Friedu þar sem hún var að segja mér frá heimkomunni, skrifað 29. október og hvað Eggert litli hafi verið glaður að heyra málróminn í pabba sínum morguninn sem hann kom.

Skil ég vel hvaða óttalegt sjokk þetta hefur verið fyrir Friedu, og skrifaði henni því hvort hún vildi ekki koma hingað til að forðast veturinn heima. Eftirstöðvarnar af sjokki eru oft ekki komnar fram fyrr en töluvert löngu síðar, og það getur verið gott að komast í nýtt umhverfi eftir það, sérstaklega nú í skammdeginu, sem það er kallað heima.

Eggert skrifaði mér raunar að hann ætlaði að hafa skipti við Friedu á íbúð núna mjög fljótlega svo að hún gæti verið nær þér, og þótti mér það mjög vel farið, en hitt er það að ég vildi láta hana vita að hún væri sannarlega velkomin til okkar. --

Elsku Eggert litli Ólafur, að finnast hann vera strax orðinn ábyrgur fyrir velferð fjölskyldunnar og þurfa að sjá um að Páll Þórir sé þægur. Það sýnist vera sem innrætið sé gott og verður mömmu hans þá stoð í honum þegar hann eldist. --

Rvík, 13.12.1935. Friede Pálsdóttir Briem skrifar Helga P. Briem.

-- Þetta eru fyrstu jólin sem ég hlakka ekki til. Það eina sem ég hlakka til er að tíminn líði og græði mín sár.

Bestu kveðjur til ykkar Dorisi frá mér og litlu strákunum sem eru mér nú til meiri ánægju en nokkru sinni fyrr.

Páll hugsar og talar reyndar mikið um dauða og jarðarfari; honum finnst það svo undarlegt. Líði ykkur vel. --

Madrid, 15.12.1935. Helgi P. Briem skrifar Álfheiði Briem.

-- Nú er ég hér í Madrid og hef verið hér í rúmlega tvær vikur með Sveini Björnssyni að semja um fiskinnflutninginn næsta ár. Gengur það erfiðlega mjög því hér er hart í ári hjá Spánverjum eins og öðrum og lítill gjaldeyrir, en ég vonast til að við verðum búnir að fá einhverja bráðabirgðalausn um miðja vikuna, því við förum þá héðan því Sveinn vill auðvitað vera heima á jólunum, því hann hefur sama sem ekkert verið heima síðan í september. --

Ég hef verið að fá eftirmælin eftir hann Ásgeir í blöðunum og þykir þau falleg og góð, enda átti hann slík eftirmæli skilin. Friede sendi mér mjög gott bréf -- og dáist ég að hennar þreki, en verð þá um leið að hugsa til þín sem varðst ekkja með fimm smábörn á sama aldri og (synir) Friede. Mikið megum við þakka sem fáum að vera saman. --

Barcelóna, 16.1.1936. Helgi P. Briem skrifar Álfheiði Briem.

-- Mér þykir þú segja mér óvæntar fréttir að Eggert ætlaði að gefa upp bókaverslunina. -- Ég vona bara að hann selji hana ekki einhverjum óráðsmanni eins og frk. Sigríður Björnsdóttir varð fyrir.¹ -- Ég vona líka að hann fái eitthvað að gera sem hann verður ánægður með. --

En hitt er það náttúrlega að með þessum erfiðleikum í gjaldeyrinum er erfitt að halda búðinni í sama farinu og verið hefur.² --

Seint á árinu 1935 gerðu Íslendingar samning um að þeir fengju að flytja til Ítalíu 10.000 tonn af saltfiski, *samkvæmt ítalskri statistikk*, gegn því að kaupa vörur á Ítalíu fyrir 2 millj. kr. Sendinefndin var ekki fyrir komin heim, en útflutningurinn var stöðvaður á þeim forsendum að búíð væri að flytja inn hin lofuðu 10.000 tonn. Þóttust Íslendingar illa sviknir, þar sem þeir höfðu keypt vörur fyrir 2.109.000 kr. og engan innflutning fengið.

Símaði ríkisstjórnin mér að fara til Ítalíu og athuga hvernig á þessu stæði. Fór ég þegar til Róm og hafði danska sendiráðið þar fengið fyrirmæli um komu mína og að ég yrði því til aðstoðar við væntanlega samninga, til að kippa þessu í lag.

Þetta þýddi það, að ég fór í ráðuneyti þau, sem ræða þurfti við, með sendiherra Dana, sem Kruse³ hét. Hann var fulltrúi lands sem tók þátt í refsiaðgerðunum. Voru Ítalirnir ekki sérlega mjúkir við hann, og er hann hafði kynnt mig, virtust þeir telja erindi hans lokið; báðu mig um að koma næsta dag og tala við þá embættismenn er færu með þau mál er ég vildi ræða. Kom þetta mér í nokkur

¹ Sigríður dóttir Björns Jónssonar ritstjóra. Rak bókaverslun Ísafoldar, afreks- og hæfileikakona.

² Bókaverslun E.P.Briem í Veltunni, Austurstr. Var fyrsta nútímaverslunin á sínu sviði, áþekkt bókabúðum nú. Þórdís systir Helga starfaði þar og var honum innan handar um bókakaup. Ósk HPB réttist ekki því sá sem tók við búðinni var hvorki traustur né vinnusamur; seldi búðina ekki löngu síðar Ragnari í Smára, sem tókst heldur ekki vel reksturinn. EPB varð forstj. Ferðaskrifst. ríkisins; síðar frkvstj. Prentsm. Eddu o.fl.; eftir það fulltrúi hjá Eimskipafél. Ísl.

³ J.C.W. Kruse.

vandræði. Til að sýna hollustu við danska sendiráðið sendi ég símskeyti mín til ríkisstjórnarinnar og skýrslur að mestu á dönsku, svo það gæti haft þær í skjalasafni sínu. Kunni ég því illa.

Ég verð að játa að mér hefur virst dönsk utanríkisþjónusta ekki áhrifamikil og heldur silaleg í framkvæmdum. Hún verður mikið til að láta sér duga að segja það sem henni er sagt í Kaupmannahöfn, en ekki reyna að afla sér þekkingar á málefnum eða leiðbeina þeim sem sitja í Kaupmannahöfn.

Sveinn Björnsson sagði mér sögu, sem, ef ég man rétt, var frá Locarnóráðstefnunni árið 1925. Er ráðstefnan hófst var óskað eftir að allar sendinefndir þar fengju yfirlýsingu frá stjórn sinni um að hún skuldbindi sig til að ráðast ekki á neina aðra þjóð með vopnavaldi meðan ráðstefnan stæði yfir.

Þegar leið að því er sendinefndirnar skyldu lýsa þessu yfir höfðu Danir ekki fengið nein fyrirmæli og voru taugaveilir, en Sveinn hinn rólegasti. Töldu Danir hann góðan að vera búinn að fá fyrirmæli. Sveinn sagði það ekki vera, en hann gæti með góðri samvisku lýst því yfir að Ísland ætlaði ekki að ráðast á neina þjóð með vopnavaldi, án fyrirmæla frá ríkisstjórn sinni!

Auðvitað hefði íslenska sendinefndin átt að fá að vita hvernig ítalska statistíkin stæði, er hún gerði samning sinn. En þar, eins og víðar, er notuð svokölluð *boletto* aðferð. Ef innflytjandi fær t.d. 100 lestir af fiski greiðir hann toll af því magni en tekur það ekki fyrr en smám saman, og er það sem hann tekur í hvert skipti fært inn á tollafgreiðsluseðil hans, sem nefnist *boletto*. Þegar hann er búinn að taka allt magn út skilar hann seðlinum við hentugleika, oft um áramót, og er þetta magn þá talið innkomið á tollskýrslum og hagskýrslum. Getur það verið heilu ári eftir að það er komið til landsins. Því var magn það sem Ísland fékk loforð fyrir fisk sem var farinn frá Íslandi fyrir allöngu.

Skýrði ég ríkisstjórninni hvernig á stæði, og sagði að við yrðum að gera *clearing* samninga, og nauðsynlegt að Sveinn Björnsson gerði þá. Ríkisstjórnin hafði gefið honum fyrirmæli að fara til Grikklands og koma við í Berlín til að kippa einhverju í lag þar. Nú fékk hann einnig fyrirmæli að fara til Rómar. Var þessi ferð nokkuð einkennandi fyrir starfsemi hans. Hafði ég auðvitað undirbúið komu hans eftir bestu getu og lagt á móti því að Kruse færi til að tala við utanríkisráðherrann, sem hann langaði þó mikið til.

Róm, 24.3.1936. Helgi P. Briem skrifar Álfheiði Briem.

-- hér hef ég verið í sex vikur -- Ég fór hingað 8. febrúar og átti að rannsaka hvernig stæði með ýmsar greiðslur hér og gerði ráð fyrir að vera í burtu viku tíma. En þegar ég kom hingað fékk ég fyrirskipanir um að vera sendiráðinu hér til aðstoðar við samningagerð, sem ég vissi

ekkert til að stæðu fyrir dyrum, og þá var náttúrulega ekki að sökum að spyrja! Slíkt stendur lengi yfir hér syðra en ég er nú að vona að einhver botn ætli að komast í þetta nú í mánaðarlokin.

Sveinn Björnsson kom hingað þann 20. febrúar og var á leið til Grikklands, en af því að hér var meira aðkallandi þörf ætlaði hann að staldra við í nokkra daga, en þeir urðu að mánuði. Fór hann ekki héðan fyrr en í fyrradag, svo ég á eftir að skrifa skýrslur o.fl. þessháttar í nafni sendiráðsins, sem allt verður að vera bæði á íslensku og dönsku. Auk þess eru ýmsar ráðstafanir eftir sem ég er að ganga frá, svo ég hef aldrei getað litið upp nema á sunnudögum. --

Sendiherranum hér þykir rétt að nota Íslendinginn í þetta samningastapp vegna Íslands, svo ég er dálítið eins og leiguhesturinn í ferðalaginu! En mér gerir það ekkert til því ég æfist í ýmsu við það og sérstaklega í frönsku, sem ég hef alveg lagt á hilluna í fjöldamörg ár, en tala nú á hverjum degi svo ég er orðinn hinn liðugasti í henni, enda kemur það sér betur því manni þykir gott að hitta menn sem kunna eitthvað annað en ítölsku og þá er ekki um annað að tala en frönsku. Líka hef ég kynnst öllum helstu embættismönnum í ráðuneytum þeim sem hafa með okkur að gera og getur það komið sér vel upp á seinni tímann. Nú eru Ítalir vinafáir og eru því okkur heldur vinsamlegir - langtum vinsamlegri en við Dani, sem taka þátt í refsiráðstöfunum. --

Það sem við höfum aftur notið hér í Róm er óperan; við erum í næsta húsi við óperuna og við höfum því söng ýmissa góðra krafta bæði kvölds og morgna, og höfum auk þess farið fjórum sinnum í óperuna, aðallega vegna Benjamínó Gigli, sem undanfarið hefur sungið hér en er nú á leið til Ameríku. Er hann talinn einn besti söngvari sem nú er uppi. Þó var ég ekki verulega hrifinn af honum fyrr en í þriðja skiptið sem ég heyrði hann, því þá fékk hann hlutverk við sitt hæfi og söng dásamlegar en maður gæti hugsað sér erkiengilinn Gabríel - og hve þó Gabríel vera slyngur. En þó hann sé stjarna (þ.e. Gigli) voru hinar raddirnar alveg dásamlegar líka enda ætlaði fólk að rifna af aðáun.

Mikið óskaði ég að þið Friede hefðuð verið komnar, því þið hafið vit á svona hlutum. Meira að segja drottningin klappaði með eigin höndum.

Ég sem hélt að hún mundi bara láta hirðmeyjarnar klappa fyrir sig. --

Þann 30. (mars) undirskrifar einvaldurinn hér samninginn við okkur og býst ég þá við að geta farið mjög fljótlega eftir það til Barcelóna. --

Kom Sveinn til Róm þann 20. febrúar og komst strax fjör í samningana, enda þekkti Sveinn persónulega marga af embættismönnum þeim, sem þurfti að eiga viðræður við, frá ýmsum fundum og ráðstefnum.

Þann 14. mars varð samkomulag um *clearing*¹ samning með leyniklásúlu um það að 80% greiðist með vöruskiptum en 20% í frjálsum gjaldeyri. Ítalir sögðust ekki hafa veitt neinu landi slík fríðindi og var því ákveðið að birta ekki samninginn.

Strax og samningarnir höfðu verið *initialleraðir*, þ.e. upphafsstafrir beggja aðila skrifaðir á hvert blað, hélt Sveinn til Aþenu, eins og ráðgert hafði verið. Voru mér það vonbrigði að nú þurfti danskur sendiherra að undirrita samninginn fyrir okkar hönd í stað Sveins.

Ég var alveg uppgefinn eftir þrotlaust starf og fórum við hjón til Caprí og skýrði ég Ítölum frá því svo þeir gætu náð í mig ef þyrfti. Er ég kom þaðan, eftir nokkra daga, fór ég þegar í utanríkisráðuneytið til að líta á samninginn prentaðan, en Mussólíni² átti að undirrita hann á hádegi næsta dag. Er ég fór að lesa hann yfir virtist mér textanum hafa verið breytt á tveimur stöðum, svo ég bað um að fá að líta á eintak þeirra með upphafsstöfum Sveins Björnssonar, því hann hafði farið til Grikklands með sitt eintak. Af einhverjum ástæðum var það ekki hægt.

Kvaðst ég þá verða að síma þetta orðalag heim, svo að ríkisstjórnin gæti úrskurðað um það. Var kallað á formann samninganefndarinnar; reyndi hann að sannfæra mig um að orðalagi hafi ekki verið breytt og myndi aldrei verða okkur til skaða. Urðu nokkrar orðahnippingar í fullri kurteisi og gekk hann að lokum að því að leiðrétta orðalagið eins og ég þóttist muna það. Þeir höfðu útbúið fallega rauða leðurmöppu fyrir samninginn með skjaldarmerki Danmerkur. Ég benti á að samningurinn væri við Ísland en litur þess væri blár og annað skjaldarmerki. Næsta morgun fór ég aftur í ráðuneytið og þá var búið að prenta samninginn að nýju og setja í bláa möppu.

Er ég kom niður í forsal hótelsins, var þar fjöldi manns, sem var mjög óvanalegt. Enn óvenjulegra var það að flestir af þessum mönnum voru í yfirfrökkum og heldur lúðulakalegir. Um leið og ég kom þarna kallaði lykлавörðurinn með hárrí röddu yfir mannþyrpinguna: *Dr. Briem, dr. Briem. Það er komið til yðar bréf frá Íslandi*. Ég fór að taka við því, en þá fannst það ekki. Hann endurtók með hárrí röddu meðan hann þóttist leita að því: *Það var frá Íslandi*. Er ég var kominn að útgöngudyrunum kallaði hann aftur á mig til að taka við bréfinu, en er ég sneri við til að taka við því reyndist það ekki til mín. Var þetta endurtekið einu sinni enn.

Var þetta sjónarspil aftalað milli lykлавardar og lúðulakanna. Þeir voru leynilífvörður Mussólínis, sem stóðu á götuhornum til að fylgjast með fólki. Þar sem ég átti að fara til Mussólínis, urðu þeir að þekkja mig til þess að víst væri að þessum ókunna útlendingi yrði ekki rænt, annar settur í stað hans, með illt í huga.

¹ Samkomulag um greiðslu eftir samningsgerð.

² Benito Mussolini (1883-1945), forsætisráðherra Ítalíu 1922-43, einræðisherra 1938-43, *il Duce*.

Við, sendiherra Dana og ég, fórum í bíl danska sendiráðsins til Palazzo Venetia, en á leiðinni var bíllinn stöðvaður þrisvar, dyrnar opnaðar og skyggst inn í hann. Þóttist ég þekkja þar lúdulakana á yfirfrökkunum frá því um morguninn. Í forsal Sala de Mapamundi biðu 20 menn. Er tilkynnt var að Mussólíni tæki á móti okkur leiddi verslunarráðherrann sendiherrann inn, en ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytisins leiddi mig. Tók ég eftir að hann fölnaði er tilkynningin kom. Gengum við fremstir. Á eftir komu starfsmenn úr ráðuneytunum og ljósmyndarar. Salurinn var gríðarlega stór, og eru myndir af jarðkringlunni málaðar á vegg og loft. Í þessum stóra sal voru engin húsgögn, nema fornfálegt skrifborð og gamall ítalskur stóll, sem hægt var að slá saman, því bak og sæti voru ólar. Við borðið sat Mussólíni, eins og könguló í vef sínum. Er þessi fríða fylking nálgadist með taktföstum skrefum stóð Mussólíni upp en fylgdarliðið myndaði hálfhring um okkur, sló saman hælunum og heilsaði *Il Duce* á fasistavísu.

Mussólíni var lítill maður vexti en samanrekinn. Hann var mjög þreytulegur; gulleitur í andliti, en fasmikill og enginn gat verið í vafa um gust þann er stóð af honum.

Er ég kom seinna til Ameríku, sá ég marga menn sem voru í útliti eins og þeir gætu verið albræður Mussolinis, dugnaðarlegir menn, sem með kappi höfðu komist í að stjórna stórum fyrirtækjum, en þöldu hvorki mótsagnir, völdin né meðlætið.

Mussolini yggldi sig, er hann sá danska sendiherrann og áttaði sig auðsjánlega ekki á því hvað hann, sem var frá þjóð sem tók þátt í refsiaðgerðunum, var að gera þar. Heyrði ég ekki hvað hann sagði við Kruse, en á hann kom mikið fát, benti á mig og sagði að ég væri frá Íslandi. Mussolini yggldi sig framan í mig, og mér var sagt að ég hafi ygglt mig á móti, þó ég hafi ekki ætlað að gera það. Gekk Mussólíni til mín, brosti og heilsaði mér með handabandi. Vissi ég ekki fyrr en síðar að þetta var mikill heiður; Ítalirnir sögðu mér að hann tæki ekki í hönd annarra en ríkjandi þjóðhöfðingja og forsætisráðherra, sem honum væri vel við. Var hann auðsjánlega að heiðra Ísland. Kem ég þeim heiðri nú til skila, þó seint sé!

Að þessari athöfn lokinni var Kruse heldur fúll. Bauð ég þá tveimur af ungu Ítölunum, sem höfðu verið mér hjálplegir, að borða með mér; settumst við að mat og drykkju eins og Einherjar að afloknum bardögum. Sögðu þeir mér að heimsókn mín í ráðuneytið daginn áður hafi valdið allmiklu fjaðrafoki. Enginn hafi treyst sér til að segja Mussólíni að það yrði að fresta undirskrift samninganna og því hafi verið gengið að öllu sem ég sagði. Prentarinn var farinn heim og bókbindarinn sömuleiðis, en þeir voru kallaðir aftur til að prenta samninginn upp að nýju og gera nýja möppu fyrir hann. Ég kvaðst ekki hafa farið fram á aðrar breytingar en ég hafi álitnið réttar, en lét talið falla niður.

Eftir undirskrift samningsins hvarf ég aftur til Spánar.

Barcelóna, 27.5.1936. H.P.B skrifar Friede Pálsdóttur Briem.

-- nú er ég nýkominn frá Madrid. -- (Í Róm) fórum við að hlusta á *Gigli - benefice* sem honum var haldinn í kveðjuskyni - og þá skildi ég fyrst lætin með hann því þá söng hann betur en ég hefði nokkurn tíma hugsað mér að hægt væri að syngja. Mikið óskaði ég að þú hefðir verið komin. Það var alveg ógleymanlegt. Og allir héldu niðri í sér andanum svo það fór stuna gegnum húsið þegar hann hafði lokið við hvert lag. --

Svo fór Sveinn Björnsson til Aþenu en kom svo hingað í byrjun þessa mánaðar með frú Björnsson og fórum við öll upp til Madrid, því við þurftum að tala nokkur orð við stjórnina og lofuðum þá konunum að koma með okkur! Þar úti í golfklúbbnum tók ég þessa mynd af okkur. Ég býst við að þú þekkir Pétur Ben¹ og Guðrúnu Eggertsdóttur frá Viðey² og Svein, þó hann sé dálítið svefnlegur á myndinni. En sá sjöundi er konsúll Dana í Madrid, sem Hedegård heitir.

Eins og þú sérð þarf maður ekki nema að líta á hann til að muna hver er aðalútflutningsvara Danmerkur. --

Barcelóna, 3.6.1936. H.P.B skrifar Álfheiði Briem.

-- Pétur Benediktsson er í Madrid við *legationina* nú og hitti ég þar í fyrsta sinn að ég held Guðrúnu dóttur Eggerts í Viðey því ég man aldrei til að hafa séð hana fyrr, þó við séum þetta skyld.

Helgi lýsir tveim veislum sem sendiherrar Dana og Norðmanna héldu sem hann segir vera tvö leiðinlegustu gilli sem hann hefði verið í. Versnandi ástand og verkföll.

Eina bótin að Sveinn og frú Georgia tættu það upp. Ég verð því hrifnari af Sveini og þeim báðum sem ég hitti þau oft. Þau eru svo elskuleg að þau stinga mjög í stúf við flesta diplómata sem ég hef hitt.

Pétur Ben. er dugnaðarmaður, fær allra besta orð og umtal. Kona hans er lík mömmu sinni, eins og ég man eftir henni og er hin duglegasta, lærir mál og er stúlkulaus í Madrid. --

-- Er hálfgerður uggur og kvíði í mönnum yfir þessu öllu, en annars allt rólegt og með kyrrum kjörum. Finnst okkur ekki nema sjálfsagt að hér sé hlustað í síma, og enginn gerir sér rellu út af slíku. Ég þurfti einu sinni að bíða í 26 klukkutíma eftir að fá samband við *legationina* í Madrid, því það vantaði hlustara sem skildi dönsku.


Bauðst ég þá til að tala spænsku og fékk hér um bil strax samband. Og ef menn tala um pólitík og illa um stjórnina kemur dimm rödd í símann; segir að sambandið

¹ Pétur Benediktsson, (1906-69) sendiherra, bankastjóri og alþingismaður. Var um þær mundir fulltrúi í sendiráði Dana í Madrid. Hvort hún þekkti hann? Þau Ásgeir héldu upp á útskrift Péturs sem lögfræðings. Fyrir það var hann ævinlega þakklátur, lét EÁ njóta þess, m.a. í París '49.

² Guðrún Eggertsdóttir Briem (1914-81) frá Viðey; fyrri kona Péturs. Móðir hennar var Katrín Pétursd. Thorsteinss., útgerðarm., og Ásthildar dóttur séra Guðmundar á Kvennabrekku. Eggert og Katrín skildu. Það gerðu líka Guðrún og Pétur eftir að hafa átt dóttur. Guðrún átti síðar Peter Varvin lækni í Osló.

verði slitið ef þeir hætti ekki slíku tali. Svo hér myndi Gústav¹ vera vel séður af öllum. –

Hafði ástandið farið dagversnandi, enda gerði herinn uppreist 10 vikum seinna. Tók hver stjórnin við annarri ómögulegri, ríkti algert stjórnleysi. Einn mesti gáfumaður Spánar, fjármálaráðherrann, var myrtur af lífvörðum þeim sem áttu að vernda hann. Í Casas Vieillas var lögreglan óvenju harðleikin við verkamenn, en nokkrum



Brottförin frá Spáni

dögum síðar göbbuðu þeir lögregluna svo þeir yfirgáfu stöðvar sínar. Fóru þá verkamennirnir og drápu öll börnin þeirra. Er lögreglan kom heim fór hún þegar til þorpsins og drap hvern einasta karlmann í bænum. Er maður gekk um götur í Barcelona varð oft fyrir manni maður með byssu er stóð vörð við lítinn blett þakinn blómum. Stóð á pappaspjaldi áletrun um að á þessum stað hafi einhver verið veginn daginn áður. Hef ég lýst nokkuð brottför okkar hjóna frá Spáni og algjöru stjórnleysi landsins (Áfangastaðir um allan heim. Rvík, 1956).

Fórum við hjónin fyrst til fransks baðstaðar, sem hét St. Raphael, og skrifaði ég þar skýrslur mínar og sendi heim. Bað ég jafnframt um að fá sumarfrí. Símaði stjórnin að ég skyldi fyrst í stað skoða Frakklandsdvölinu sem sumarfrí.

Nýja dagblaðið, 26. júlí. 1936. Helgi P. Briem fiskifulltrúi yfirgefur Spán.

Eggert P. Briem forstjóra Ferðaskrifstofu ríkisins barst í gær skeyti frá bróður sínum, Helga P. Briem fiskifulltrúa á Spáni. Er skeytið sent frá Narbonne í Suður-Frakklandi. Í skeytinu segist Helgi hafa yfirgefið Barcelona í gær og farið í bifreið norður yfir landamærin til Frakklands. Hann kvaðst á ferðinni hafa verið undir vernd vopnaðra anarkista og hafa haft vegabréf frá spánska kommúnistasambandinu. Hann segist enn fremur hafa farið í gegnum 76 víggirðingar á leiðinni til landamæruna.

Birmingham, 6.8.1936. Helgi P. Briem skrifar Álfheiði Briem.

-- Ekki bjóst ég við að skrifa þér frá Englandi í ágústmánuði, en hérna erum við nú og vona ég að þú hafir fengið fréttir af okkur, bæði frá Spáni

¹ Hér mun átt við Gústav A. Jónasson (1896-1961) lögreglustj, í Rvík og eitthvað tengt hlerunum. Gústav átti Steinunni Sívertsen frænku Helga.

og þegar við vorum komin til Frakklands, þó ég sendi skeytin til Eggerts (P. Briem), til að gera þér ekki bilt við.

Ég efast ekki um að þú hafir fengið nægar fréttir frá Spáni í Morgunblaðinu og öðrum blöðum heima, svo þú vitir hvernig allt stóð. Það var barist töluvert mikið í Barcelóna, en þar sem herinn, sem átti að vernda þá löglegu stjórn, sneri vopnum sínum gegn henni, tók stjórnin það ráð að útbýta vopnum meðal almennings til að bjóða hermönnum byrginn. En eins og gengur er misjafn sauður í mörgu fé, svo ýmsir af þeim sem fengu vopn notuðu þau til að gera upp privat sakir og skjóta gamla óvini sína, því lagaleysi var algert. Svo var töluvert mikið um að vopnaðir menn heimtuðu fæði og peninga af friðsamlegu fólki og voru með sífelldar ógnanir um að skjóta inn um gluggana. Eina stundina heimtuðu þeir að öllum gluggum væri lokað, næstu að allt væri haft opið og skipanirnar komu nú frá þessum og svo frá hinum, svo maður vissi aldrei hvað maður átti að gera.

Ákvað ég því að fara burtu og biðja stjórnina um að gefa mér sumarfrí meðan þetta óstand stæði og gerðu þeir það mjög elskulega, enda hef ég ekki fengið eiginlegt frí síðan 1931 er við Doris fórum norður.

Við fórum síðan af stað föstudaginn í fyrri viku (þann 24. júlí) og var það hálf óhuggulegt ferðalag því leiðin lá í gegnum verstu fátækrahverfin þar sem allir voru undir vopnum og höfðu verið byggð götuvatni. Allir voru samt ágætir við okkur sem útlendinga og fengum við tvo vopnaða fylgdarmenn upp í bílinn.

En ég hef gleymt að segja þér að bílinn sem við keyptum var gefinn laus úr tollgeymslu daginn áður en borgarastyrjöldin byrjaði, svo við fórum í honum og reyndist hann okkur þarfur gripur.

Ég spjallaði við fylgdarmennina og þeir sögðu mér af sínum högum og var annar þeirra anarkisti en hinn syndikalisti! En þeir voru hinir bestu karlagreyin og skiluðu okkur í næsta bæ. Þar fengum við aðra tvo, en síðar aðeins einn. Voru sumir þeirra ljómandi myndarlegir menn, en sumt fólk sem manni fannst til í allt. Við fengum passa frá verkalýðsfélögunum til að fara síðustu 130 kílómetrana fylgdarlaust og sýndum þá hátíðlega er við komum til og fórum frá hverju þorpi og litu varðmennirnir á þá jafn hátíðlega, en ekki sneru þeir alltaf rétt, svo lítið vissu varðmennirnir hvað á þeim stóð af lesmáli! En sem sagt, þeir reyndust okkur hinir bestu, þó við værum að hinu leytnu fegin þegar þessari einkennilegu ferð var lokið og við komin yfir til Frakklands.

Svo fórum við til Rivíerunnar til að jafna okkur eftir þetta ferðalag og bíða eftir fyrirskipunum stjórnarinnar. Þegar sumarleyfið var fengið langaði Dorisi hingað. Gekk það ferðalag ágætlega. Þóttist öll fjölskyldan hafa heimt okkur úr helju.

Hér er rigning og kalt, en mér er alltaf ánægja að koma hingað, enda hef ég aldrei haft tíma til að staldra við nema fáeina daga undanfarið.

Ekki veit ég hvort stjórnin vill tala eitthvað við mig, en þó svo verði ekki, vildi ég gjarnan koma heim, meðal annars til að ljúka af *dispútatiunni* því ég býst naumast við að eiga afturkvæmt til Spánar fyrr en í október, né að friður komist á fyrr en þá, svo maður geti starfað þar.

Auðvitað skildum við allt eftir nema nokkrar töscur með fötum og þvílíku sem við tókum með í bílinn, en Vincenta¹ gætir þessa alls og einnig tikurinnar, Salvarar. Báðum við hana þess lengstra orða að tala varlega; hún er konungssinni, en slíkt er ekki vel séð þar í Barcelóna eins og stendur. Doris er hálf mædd að fara frá öllu. Ég sagði henni að þetta væri bara sumarfrí. Ef svo færi það (innbúið) væri í einhverri hættu mættum við vera fegin að vera sloppin burtu.

Við erum auðvitað dálítið mædd af að hugsa til spænskra vina okkar og kunningja, sem eru mjög hræddir við þetta ástand. Við vonum að það versni ekki úr þessu og þeir séu öruggir.

Hér um bil allir útlendingar munu hafa farið burt á herskipum sem komu að sækja þá. Fengu þeir ekki að hafa neitt með sér nema eina smáhandtösku sem þeir gátu borið sjálfir. Bílar voru allir teknir handa þessu vopnaða liði. Var það alveg sérstök heppni að minn var ekki tekinn þar sem ég var í *corps diplomatique*.² --

Þann 27. ágúst³ fékk ég símskeyti með fyrirmælum um að fara til Rússlands ásamt Einari Olgeirssyni,⁴ alþingismanni, til að athuga sölumöguleika á saltfiski, síld og öðrum sjávarafurðum þar.

Fór ég þá þegar til Kaupmannahafnar og hitti Einar. Þar sem ég hafði diplomátskt vegabréf fékk ég tafarlaust áritun, en það dróst nokkuð að Einar fengi sína. Varð það því að ráði okkar þriggja, Sveins Björnssonar, Einars og mín, að ég skyldi ekki draga ferðina. Fór ég því til Moskva þann 9. september eftir vikudvöl.



Sveinn Björnsson og Helgi á Forum Romanum

¹ Vinnustúlkan.

² Sendiherralið.

³ Árið 1936.

⁴ Einar Olgeirsson (1902-93). Þeir Helgi voru félagar frá námsárunum í Berlín. Einar var alþingismaður 1937-67, en forstjóri Síldareinkasölnunnar á þessum árum.

Notaði ég þessa daga til að draga að mér upplýsingar, og eins fór ég á hverjum degi í Berlitz skóla til að læra rússnesku. Hefur mér reynt það mjög gagnlegt að fá einhverja nasasjón af máli landa sem ég fer til. Jafnvel þó maður læri ekki nema 10-20 orð í málinu, er maður ekki alveg eins og daufdumbur er maður kemur þangað, og ef maður hefur viðstöðu, getur maður bætt við sig á degi hverjum. En í Rússlandi þurfti ég að læra stafrófið, til þess að vera ekki eins og ólæs í því landi, og þá jafnframt hvernig bera ætti það fram.

Kaupmannahöfn, 3.9.1936. Helgi P. Briem skrifar Álfheiði Briem.

-- ég var búinn að panta far fyrir okkur Dorisi með Gullfossi þann 1. Í staðinn fyrir það sit ég nú hér og er á leið til Rússlands -- því ég fékk allt í einu skeyti frá ríkisstjórninni að fara til Rússlands -- ég fékk allt í einu skeyti frá ríkisstjórninni að fara til Hafnar og síðan til Rússlands með Einarri Olgeirssyni þegar við værum búnir að konferera við Svein Björnsson. Ég fór því hingað á sunnudaginn var og kom á mánudagsnóttina 31.ág./1.sept. og náði í þessa heiðursmenn og stendur ekki á neinu öðru en *visum* Einars. Ætluðum við að fara í kvöld, en það dregst líkast til --

Þess daga hef ég verið afar upptekinn að viðá að mér ýmsum upplýsingum, en Sveinn bauð mér í miðdag hjá þeim um kvöldið.

Í gær var ég svo með Krabbe¹ í utanríkisráðuneytinu að heilsa upp á þá helstu þar og segja þeim ferðasöguna og koma öllu slíku frá. Nú get ég í fyrsta sinn síðan ég kom sagt af ég hafi tvo tíma fyrir mig til að skrifa nauðsynlegustu bréf.

Doris varð eftir í London, og fylgdi mér þangað og hefur það ágætt. Ráðgerum við að koma heim þegar þessari för til Rússlands er lokið.

Fyrsti maður sem ég hitti hér var Eggert Claessen og annar Sigurður Nordal sem hér er á fundi Árnasafnsins. Fannst mér þá ég vera kominn sem næst heim til mín þegar ég var farinn að mæta Íslendingum hvar sem ég fór og hlusta á fréttir um fiskirí og þess háttar. Annars er það mitt mesta mein að ég hef ekki séð Mogga eða önnur íslensk blöð síðan fyrstu dagana í júlí og lítið heyrt að heiman síðan; en þegar nú fer að hægjast um get ég spurt Einar spjörnum úr á leiðinni.

Okkar ferðaáætlun er á þá leið að héðan förum við til Stokkhólms og þaðan yfir til Helsingjafoss og Leníngrad og síðan til *Moscowa*, og búumst við að komast þangað á þriðjudag, ef við komumst af stað á morgun. Á ég þar að rannsaka sölumöguleika á sjávarafurðum og almennt að átta mig á hvort eitthvað sé hægt að selja þangað af fiski og öðru. Býst ég við að verða þar um tíu daga svo maður geti verið kominn aftur í mánaðarlokin.

¹ Jón Krabbe (1874-1964) lögfræðingur sem gegndi ýmum embættum í Höfn, Á þessum tíma var hann sendiráðsritari. Kemur síðar við sögu, m.a. í ritgerð HPB um hann í þessu riti.

Þetta er nú planið, það sem það nær, en ekki get ég sagt að ég sé mjög ánægður yfir þessari sendiför, því árangur getur naumast orðið mikill, hvernig sem fer. En hinu er ég auðvitað feginn að vera settur í eitthvert starf, því fríð var orðið alveg nógu langt fyrir mig. --

Þá var ekki hægt að fljúga til Rússlands, svo það tók mann 3 daga, eða öllu heldur nætur að komast til Moskva. Er ég kom þangað hitti ég strax yfirmann yfir *Rosnoimport*, ágætan mann, sem Gorskij hét, og afhenti honum yfirlit yfir helstu útflutningsvörur okkar og ræddi það nokkuð, en hann kallaði síðan á deildarstjóra sína, eftir því sem við átti.

Heldur var þetta þungur róður og enginn áhugi nema fyrir síld, og lítillga fyrir lýsi. Ég hafði með mér frá Kaupmannahöfn stóran saltfisk, fríðan og föngulegan, og sagði þeim frá hvílikur úrvals matur þetta væri, eins og salan á Spáni sýndi. Þeir þekktu ekkert til slíks matar og töldu ólíklegt að markaður fengist fyrir hann í Rússlandi, en ég taldi hann ótakmarkaðan, þar sem erfitt væri að fá nýjan fisk vegna fjarlægðar frá sjó og bað um að hann yrði efnagreindur til að sýna hvað mikið næringargildi væri í hverju pundi. Færði ég hann síðan úr vosklæðum og andaði djúpt að mér frísklegum ilmi og heilnæmri fisklykt.

En það var eins og Rússarnir kynnu ekki að meta þennan ilm frá hafi. Komu tilmæli úr hinum stóra sal, að losna við angan þessa. Voru þeir honum óvanir, og er það þeim til afsökunar. Bjó ég hann fljótlega í umbúðir, en vildi ekki hverfa burt með hann. Bað ég því enn um að láta fara fram efnarannsókn á næringargildi hans og fékk helstu menn til að skipta honum á milli sín og reyna dásamlegt bragð hans. Sagði ég hvernig ætti að afvatna hann og matreiða á einfaldan máta. Vona ég að þeim hafi orðið gott af honum en heyrði aldrei neitt um afdrif þessa gjörvulega þorsks.

Virtust mér Rússar ekki hafa áhuga fyrir vörum okkar nema helst síld og lýsi. Kynnti ég mér kröfur þeirra; var víða sagt frá því, að ef Rússar töldu sig svikna á vörugæðum, eða samningar vanhaldnir, séu slík firmu sett á svartan lista og ekki verslað við þau aftur. Hafa bæði dönsk, norsk og hollensk firmu orðið fyrir því.

Símaði ég því til Íslands þann 13. sept. og sagði að ítrustu nauðsyn bæri til að slaka ekki á gæðum seldrar síldar, því óánægja innflutningsdeildar hér gæti þýtt margra ára viðskiptabann. Staðfesti ég þetta í all ítarlegri skýrslu sem ég skrifaði um verslun Rússa. En vegna fimm ára áætlananna keyptu þeir aldrei óveidda síld.

Að þessari ferð lokinni fór ég til Póllands í svokallaða markaðsleit. Þar var mikill markaður fyrir síld, aðallega meðal Gyðinga. Mun lítt merkilegt hafa borið við þar. Eitt atvik er mér þó eftirminnilegt úr þeirri ferð. Gyðingar treystu yfirleitt ekki dómstólum landsins, töldu að jafnvel sigurvegarinn tapaði á málaferlum vegna

málskostnaðar. Afgreiddu þeir því misklíðarefni sín svo að þeir beiddu einhvern hlutlausan mann að úrskurða í málinu.

Einn morgun komu tveir menn til mín og beiddu þeir mig að vera slíkan úrskurðarmann. Auðsjáanlega voru báðir Gyðingar. Ég sagðist slíkum störfum óvanur, en skyldi gjarna hlusta á þá, en sagði að óvíst væri að ég treysti mér til þess að fella úrskurð. Gengum við þrír svo út á langan hafnargarð og reifuðu þeir málið. Leiðrétti hvorugur annan, svo ég taldi rétt skýrt frá málavöxtum. Spurði ég nokkurra spurninga og var þeim einnig svarað mótmælalaust. Sagði ég síðan að mér hafi virst báðir hafa svo mikið til síns máls að ég hafi verið að hugsa um að biðja þá að skipta tapinu til helminga, en teldi þó réttara skipt 45 á móti 55. Þökkudu þeir mér báðir fyrir með handabandi og buðu borgun, sem ég afpakkadi auðvitað. Tókum við síðan upp léttara hjal og skildum með vináttu.

Þarna syðra fékk ég heldur áfall þann 19. október. Fékk ég símskeyti um það að Rússar hefðu vegna verkunargalla hafnað móttöku fyrsta síldarfarmsins sem kom til Leníngrad. Næsta dag kom símskeyti frá ríkisstjórninni um að fara til Leníngrad og ef til vill til Moskva með Óskari Jónssyni, til að semja um málið, strax og störfum mínum væri lokið í Póllandi.

Fór ég því von bráðar til Hafnar og hitti þar Óskar. Þar fengum við einnig skoðunargerð rússneskra sérfræðinga og voru kvartanirnar í sjö liðum, sumar mjög alvarlegar. Var þar sagt að heilbrigðisnefnd hafi dæmt 15% síldarinnar svo skemmda, að hún væri óhæf til manneldis og gerðu þeir kröfu til $\frac{3}{4}$ afsláttar af því magni en $\frac{1}{4}$ afslátt af afganginum. Nam krafa þeirra því 36,25% af verði síldarinnar.

Því miður reyndust kvartanirnar mjög á rökum reistar. Auðvitað vildum við fá sem minnstan afslátt, en hinsvegar vildum við ekki að Síldarútvegsnefnd, sem var eini útflytjandinn, væri sett á svartan lista fyrir vörusvik og óbilgirni.

Að hinu leytnu var síldin seld á Íslandi og gallarnir gátu hafa komið fram síðar. Rússarnir sendu Norðmann einn, sem Nygård hét, til að taka á móti síldinni og hafa eftirlit með söltuninni. Hafði hann rétt til að neita móttöku á þeim tunnum, sem honum leist illa á. Íslensk-rússneska verslunarfélagið var umboðsmaður kaupanda og gat neitað móttöku og að lokum átti síldarmatið að sjá um gæðin. En svo virtist sem þessir þrír aðilar hafi allir brugðist, þrátt fyrir símskeyti mitt um nauðsyn þess að vanda vöruna.

Urðu um þetta mjög harðir fundir og erfiðir. Voru þeir mér sérstaklega erfiðir fyrir þá sök að ég þurfti í sífellu að tala þrjú mál, því ég kunni ekki sameiginlegt mál mótpartanna, sem var rússneska. Formaðurinn talaði þýsku, en sagðist skilja ensku á bók, en ekki að gagni. Deildarstjórinn talaði ensku en ekki þýsku og Norðmaðurinn skildi hvorugt. Þar sem oft gætir afbrýðissemi milli yfirmanna varð ég að segja hverja setningu á ensku og þýsku, og segja hvað okkur Nygård færi á

milli. Hann bar Íslendingum mjög illa söguna, og var auðsjáanlega búinn að segja mikið um það, sér til afsökunar. Sagðist hann hafa skilið nóga íslensku til að skilja að alls staðar hafi klingið við að þetta væri nógu gott í helv. Rússann. Við höfðum það á móti hvers vegna hann hefði ekki mótmælt slíku. Hann bar það fyrir sig að hann hafi aldrei samþykkt síldina, Hún hafi verið sett um borð, án hans samþykktar o.fl. Ég vildi að báðir yfirmenn hans skildu orðaskipti okkar og varnir. Einnig bentum við á að Síldarútsvegsnefnd hefði varað við að hafa meira en sjö lög af tunnum í skipinu, en þau hafi verið níu og neðstu lögin hafi getað aflagast og lekið þeklinum undir svo miklu fargi.

Eftir marga fundi og suma mjög harða féllumst við, með samþykki Síldarútsvegsnefndar, loks á 17,5% afslátt af þessum 19.000 tunnum. Gaf Rasnoimport yfirlýsingu um að framvegis mundi leitað til Íslands um tilboð í síld. Þegar við gengum frá þessu samkomulagi var það framkvæmt svo, að dómstóll dæmdi að 17,5% af síldinni væri ónýtt og óhæf til manneldis og því skyldi ekki greiða fyrir þann hluta innflutningsins. Vona ég að viðsemjendur okkar hafi þar með losnað úr öllum vanda.

Eitt kvöld eftir mjög harðan fund kom deildarstjórinn í hótelið, þar sem ég bjó, og bað mig ganga út með sér. Er við komum í smá park hjá hótelinu hóf hann mál sitt og bað mig að gefa eftir í málinu. Ég gæti ekki ímyndað mér hvað það gæti kostað sig ef málið færi í gerðardóm og yrði opinbert. Fór hann nú að gráta mjög. Hann sæi fram á að missa stöðu sína, og það væri slæmt, því ekki væri auðvelt að fá stöðu aftur. Þó væri það kannski annað, sem þurfti að kvíða.

Mér rann til rifja eynd hans og reyndi að hughreysta hann og segja að honum yrði naumast um kennt. Hinsvegar gæti ég ekki svikið umbjóðendur mína, frekar en hann sína. Hann gæti naumast fengið jafn góða vöru fyrir 22 shillinga, eins og fyrir 30. Hann svaraði með nokkrum ofsa: *Mér stendur alveg á sama hvort ég greiði 30 eða 40 shillinga fyrir vöru, ef hún aðeins er svo að ekki verði nein vandræði, þegar á að selja hana til neytendanna.*

Gengum við síðan saman í náttmyrkrinu og ræddum mannleg vandamál. Sagði hann að líf sitt mundi eyðilagt út af þessu máli. Reyndi ég enn að hugga hann, en var hræddur um að hann yrði eins og brotið tannhjól í þeirri miklu vél þar sem hann starfaði.

Strax og búinn var að ganga frá sættinni fór Óskar til Póllands, en ég ætlaði um kvöldið til Hafnar með næturlestinni til Leníngrad.

Í Moskva voru þá ýmsir gamlir kunningjar mínir, sem buðu mér að borða heima hjá sér. Átti ég því allmikið af miðum fyrir máltíðir, sem ég hafði ekki notað, enda hafði ég ekki alltaf haft tíma til að borða. Bauð ég því viðsemjendum okkar í kvöldverð með mér og sýndi þeim miðana. Ég held að ég hafi sjaldan á ævinni

fengið jafn góðar undirtektir við boði. Þeir tóku því með fögnuði og sögðu að þeir hefðu miklu betri tök á að sjá um slíka veislu en ég, og reyndist það vera rétt. Tóku þeir við miðunum. Um kvöldið komum við að hlöðnu borði með allskonar kræsingum og komu nokkrir fleiri, en ég átti von á, því þeir voru átta og ég sá níundi. Auðvitað sat Gorskij mér til hægri handar og töluðum við mikið saman. Minntist ég á að ég vonaðist til að deildarstjórinn hefði ekki neitt verra af þessu máli, því auðvitað hefðu þessi mistök ekki verið hans sök. Þeir hafi barist eins og ljón fyrir sínum málstað og ég gleddist að nú endaði þetta leiðindamál með sáttum. Hann vildi auðsjáanlega ekki tala um það mál, en sagði að hann hefði ekki vald til að hækka kaup manns sem honum líkaði við um 5 rúblur.

Veislan gekk sinn vanagang. Við skáluðum og drukkum og urðum innilegir vinir uns leið að brottfarartíma mínum. Fylgdu þeir mér allir á stöðina og gerðu tilhlaup að hrópa húrra fyrir mér að skilnaði, en því var afstýrt. Ég tók eftir því að er við fórum frá borði töluðu ýmsir gestanna við þjónana. Sagði einn mér að þeir hafi lagt fyrir þá að taka ekki af borðum, því þeir ætluðu að koma aftur til að ljúka borðhaldinu.

Kaupmannahöfn, 28.9.1936. Helgi P. Briem skrifar Álfheiði Briem.

Þá er ég aftur hér í Höfn eftir þennan túr til Rússlands. Ég var hér í nokkra daga í byrjun mánaðarins en fór svo þann 6. af stað til Stokkhólms, beið þar til kl. fimm um eftirmiðdaginn í ausandi rigningu. Hélt svo áfram um nóttina til Helsingfors á skipi og þurfti að bíða þar hálfan dag og áfram um nóttina til Leníngrad. Var þar nokkra tíma og komst svo morguninn eftir til Moskva eftir þrjár nætur í svefnvagni og eina á skipi. Þótti mér gott að komast til Moskva. Rússar voru ekkert farnir að hita upp lestarnar og það var bálgaðdur um nóttina.

Moskva er mjög viðkunnanlegur bær með afar breiðum götum, fullum af fólki og alls staðar er verið að byggja stórhýsi, mörg þeirra upp á 12-16 hæðir. Þjó ég í einu slíku, nýbyggðu hóteli þar sem allt var tipp-topp móðins, enda var hótelið ekki fullgert er ég bjó þar og ekki tilbúin nema eitthvað 900 herbergi, en alls verða þau 3100, því allt er í stórum stíl þar eystra. Var baðherbergi með hverju herbergi og þau með síma, hátalara og allskonar innréttingum. Miðstöð var þar líka, en ekki var hún notuð til kyndingar, svo sumar næturnar var dálítið frost hjá manni en ekki neitt til skaða.

Ég hafði afar mikið að gera, svo ég gat ekki séð eins mikið af Moskva eins og ég vildi, því ég var daglega að kalla í sendiráðinu, en auk þess á fundum með Rússunum og skrifaði þeim löng og vönduð *memorandum*. Árangur varð auðvitað næsta lítil af ferðinni, en ég vona þó að þeir muni eftir okkur framvegis með ýmsa verslun.

Annars leist mér heldur vel á mig í Rússlandi, alls staðar var vinna og fjör, en dýrt var að lifa þar fyrir okkur útlendingana, sem ekki höfum vanist því rokna kaupum sem Rússar borga. Kjötpundið kostar 4.80 kr. í ísl. mynt, pund af síld 3.75, skór, heldur laglegir 150-270 kr. o.s.frv. Er fólk því yfirleitt mjög illa klætt og t.d. gekk kvenfólk mjög almennt með skýlklúta, en það sem skrautgjarnara var gekk með þessi þrjónapottlok sem kallast *baska-húfur*. En karlmenn gengu með kaskaitei og derhúfu, og þumlungsskeggbrodda! En undir kaskaiteum og skeggbroddunum voru auðsjáanlega allra bestu menn, það sá maður á því hvað þeir voru fljótir með alla hjálpsemi.

Núna eru heil stræti full af búðum með allskonar rússneskum varningi en ríkið á þær allar og er öll verslun í þess höndum. Ekki varð maður þó neitt var við óþægilegri afgreiðslu, þó fólk þó væri upp á kaup frá ríkinu.

Eitt kvöld fór ég í óperuna þar til að sjá ballett mikinn. Síðast þegar ég hafði verið í óperu var í Róm þegar ég heyrði Giglí syngja, og þar var drotningin og flestir í fullum *galla* með miklar *decorationir*, en í rússnesku óperunni, sem var alveg full, voru kavalarnir flestir í mórauðum skyrtum en dömurnar í golfreyjum. Annars var ballettinn alveg stórkostlegur og um 100 manna orkester spilaði.

Hingað fór ég á þrem sólarhringum því Moskva liggur svo austarlega að nú vann ég þá tvo tíma, sem ég hafði tapað á austurleiðinni og kom hingað eftir miðnætti aðfaranótt þess 26. Var ég að hugsa um að fara með Gullfossi heim, því hann fór um kvöldið og stefna Dorisi til Eðinborgar en þorði þó ekki annað en tala við Harald ráðherra fyrst. En hann tók því fjarri að ég kæmi heim þá þegar og bað mig heldur biða hér þangað til stjórnin væri búin að ráðgast um hvað ég skyldi gera næst, en eitthvað skildist mér hann vilja senda mig bráðlega.

Ég skrifaði því Dorisi að hún skyldi koma hingað ef hún væri ekki of hrædd við að fara tvisvar yfir Norðursjóinn, því það gæti verið að ég yrði hér eitthvað áfram. Annars hefur hún það ágætt í Birmingham og bað hún mig að heilsa ykkur öllum. --

Frá Vicentu höfum við heyrt öðru hverju og gengur allt sæmilega þar. Virðist sem úrslitin séu að nálgast, en hvort það þýðir frið, það skal ég ekki segja.

Annars hef ég haft mikið að gera síðan ég kom hingað í gærmorgun, eða fyrrinótt, því ég hef hitt ýmsa menn, skrifað stjórninni 14 síðna vélritaða skýslu um Rússlandsförina og borðað hjá Sveini Björnssyni á laugardagskvöldið. Bauð frú Björnsson mér aftur að borða hjá þeim í gær, en ég neitaði, því ég var önnur kafinn í skýrslunni sem ég vildi senda svo hún næði Gullfossi í Leith.

Ég hitti bæði Sigurð Nordal og frú,¹ Árna Pálsson² o. fl. Frú Nordal ætlaði að bera þér kveðju og sýndist hin hressasta, en frú Björnsson sagði að það væri ákaflega fljótt að breytast, þó hún sýndist hress annan daginn. Meðal þeirra sem voru að kveðja þau Nordalshjónin var frú Yvette Madsen (eða einhver -sen), sú sem sótti hann heim forðum, Einar Munksgárd³ og fleiri merkismenn.

Við Árni ræddum um doktorsritgerðina eða vörnina og þótti honum vont hve hún dróst, þó mér hafi ekki sýnst hægt að verja hana þar sem hún var samþykkt í júlí þegar háskólinn var lokaður, en Árni erlendis síðan! Vonast ég samt til að koma heim áður en langt liður. --

Kaupmannahöfn, 3.12.1936. H.P.B skrifar Álfheiði Briem.

-- Við vorum í Rússlandi og vonum að þú hafir fengið afmælskveðju frá okkur þaðan⁴ -- Ekki var það beinlínis skemmtiferð frekar en þær fleiri. Við ætluðum að vera þar í viku en urðum 3½ og komum aftur hingað 28.11. og hef ég setið við að fullgera skýrslu um þá för svo hún verði tilbúin þegar Óskar Jónsson fer heim í fyrramálið. Auk þess hef ég verið að klára skýrslu um Pólland, því ég var svo stutt hérna síðast að ég hafði ekki tíma til að skrifa skýrsluna. --

Er þetta dálítið þreytandi líf, en auðvitað er ég feginn að hægt er að nota mig til einhvers. Nú er verið að spekulera í að senda mig til Sviss, en ennþá er það ekki ákveðið til fulls. -- hef ég heldur litlar vonir um að komast heim í ár, eða fyrir jól. En hugsanlegt er það ef Fiskimálanefnd kærir sig ekki um að ég fari til Sviss, eins og kom til tals. --

Þú hefur sjálfsgagt séð í blöðunum heima um mín sildarviðtöl við Rússana, og höfum við samferðamennirnir sjálfsgagt fengið orð í eyra fyrir að gera það sem fyrir okkur var lagt, enda er það náttúrlega sjaldan þakklátt verk að vinna fyrir okkar elskulegu þjóð. Enda eru nógir til að vinna þakklátu störf, svo ég fæ að njóta hinna. --

Við vorum í Moskva á afmæli byltingarinnar og sáum nokkuð af þeim geigvænlegu stríðsvélum sem þar voru til sýnis, t.d. á annað hundrað tanka og voru þeir þær agalegustu vígvélar sem ég hef séð, undir það tvær mannhæðir á hæð og eftir því langir, með fallbyssu efst, en 4-8 vélbyssum hver Vildi ég bara að það þyrfti ekki að nota þá fyrst um sinn.

-- Við fórum þrisvar í leikhúsið til að sjá þá dansa, því ennþá dansa Rússarnir betur en nokkrir aðrir. Annars voru það mjög almennilegir

¹ Ólöf Jónsdóttir (1896-1973) Jensonar alþingismanns og háyfirdómara. Dóttir Sigríðar Hjaltadóttur æskuvinkonu Álfheiðar Briem. Ólöf átti lengi við vanheilsu að stríða. Stórgáfuð, listræn merkiskona sem synir þeirra, Jóhannes og Jón hafa mikið fengið frá og svipar til.

² Árni Pálsson (1878-1952), prófessor. Andmælandi síðar við doktorsvörn H.P.B.

³ Einar Munksgárd (1890-1948), bókaútfandinn frægi.

⁴ 11. nóv.

menn sem við höfðum skipti við þar eystra, þó hvorugir hafi viljað láta sinn hlut.

Við vorum hér á Íslendingamóti þann 1. des. og hitti ég þar ýmsa sem ég hafði ekki séð síðan ég var hér við nám fyrir átta árum síðan. Hafði ég mjög gaman af því.

Líka hitti ég Agnar Klemens og mömmu hans,¹ svo við töluðum um gamla og unga *brekkusnigla*. Agnar var í kjól af Klemens sem var nokkuð síður honum en tók sig annars vel út. Lætur hann heldur illa af vistinni hjá í utanríkisráðuneytinu, því þeir hafa notað hann í þrjú ár í sömu deild, þar sem ekkert er að læra fyrir hann. Hefur Krabbe reynt að bjarga honum yfir í aðra deild, en hann situr þar ennþá, því auðvitað vill hann heldur vera þar sem samningarnir eru gerðir og eitthvað að læra. --

Kaupmannahöfn, 8.12.1936. Helgi P. Briem skrifar Álfheiði Briem.

-- Haraldur Guðmundsson hringdi mig upp og sagði að það væri í ráði að senda mig ef til vill eitthvað suður á bóginn en sagðist ætla að láta mig vita það í vikulokin. En þau eru komin og liðin og ég hef ekkert heyrt frá honum blessuðum og nú fer síðasta skipið í ár. Það eru dálítill vonbrigði að ég skuli því verða að skrifa þér í stað þess að við hefðum komið, en auðvitað ekkert við því að segja.

Hérna höfum við það auðvitað ágætt. Við vorum í gær í middegi hjá sendiherra í afskaplega góðum selskap, því þar var Agnar Klemens og mamma hans -- Þar var Haraldur og Dóra Sigurðsson² og músíseruðu þau upp á kraft. Þar var Gustav prins með Þyri systur sinni, sem maður las um í almanakinu í gamla daga og trúði nú naumast varla að væri til, en þarna komu þau nú ljóslifandi og er Gústav engu líkari en Friðriki áttunda afturgengnum, en Þyri er lítil og innskrúmpuð piparmey, ógnarlega vel upp alin. Þó reyndist náttúran náminu ríkari þegar hún var að fara því þá hremmdi hún skásta refinn, sem gestirnir höfðu komið með, í staðinn fyrir sinn eigin, sem var gamalt og úfið þefdýrsskinn! --

Kaupmannahöfn, 31.12.1936. Helgi P. Briem skrifar Álfheiði Briem.

Var að fá doktorsritgerðina en uppgötvaði að eintakið sem hann fékk var vitlaust prentað. Segir frá jólnum hjá sendiherra og aftur á þriðja í jólum þegar þau voru aftur þar og spiluðu eitthvert -

¹ Agnar Klemens Jónsson (1909-84), sonur Klemensar Jónssonar landritara og alþingism. og síðari konu hans. Önnu Schiöth. Bjuggu í Tjarnargötu 22, við hliði æskuheimilis Helga. Agnar varð síðar ræðismaður, sendiherra og ráðuneyttisstjóri og bjó alla tíð, meðan hann var á Ísl. í Tjarnargötunni og Bjarni sonur hans nú.

² Haraldur Sigurðsson (1892-1985) Ólafssonar sýslum. í Kaldaðarnesi. Prófessor í píanóleik í Khöfn og kenndi m.a. Friede systur Helga. Kona hans: Dóra Köcher, sönkona frá Bæheimi.

-- ógurlegt apaspil, sem hér er orðin landplága og heitir *matador*. --Hafa þau gert allt sem þau hafa getað til að bæta okkur það upp að við komumst ekki heim til ykkar --

Þann 19. fékk ég loksins að vita um mínar ferðir og bauð stjórnin mér að eiga frí yfir áramótin og fara til Englands. --

Var þá búinn að lofa að tala í Stúdentafélaginu.

-- Nú þann 2. förum við til Sviss í erindum stjórnarinnar og Fiskimálanefndar og þaðan líklegast til Vín og Prag. --

Konu mína langaði til að vera hjá foreldrum sínum um jólin, en ríkisstjórnin hafði sent mér fyriræli um að fara til Sviss og víðar strax eftir hátíðir. Vorum við því í Höfn um jólin og nutum hinnar venjulegu dásamlegu gestrisni sendiherrahjónanna.

Að morgni 2. janúar fórum við til Sviss. Þar sem ég var mikið til einn, eða með konu minni í þessum ferðum fengum við nú ágætan ferðafélag, Runólf Sigurðsson,¹ skrifstofustjóra hjá Fiskimálanefnd. Hann var elskulegur efnismaður, sem féll þegar togarinn Reykjborg var skotin niður á leið til Englands.

Heldur var allt smátt í sniðum í Sviss. Ég talaði við formann innflytjendasambands kaupmanna þar og sagði hann mér að þeir þyrftu ekki á freðfiski að halda því þeir gætu ætíð fengið nýjan fisk frá Hollandi og Belgíu eftir þörfum og á einni nóttu. Ég sagði að hvergi væri fiskeitrun algengari en í Sviss og oft gæti fiskur verið skemmdur þó lítið bæri á. Hinsvegar væri þeim nauðsynlegt að eiga frosinn fisk, þegar tímum saman væri enginn fiskur í Belgíu eða Hollandi.

Eftir langan umhugsunarfrest sagði hann að líklega hefði ég rétt fyrir mér. Taldi hann í Sviss vera hægt að fá markað fyrir fimm lestir á ári, ef það kæmi í smáskömmtum. Ég sagðist koma frá Barcelóna. Þar hafi Íslendingar selt um 5 lestir á dag hvern virkan dag ársins. Virtist mér þetta heldur lítið. Hann taldi það vel í lagt.

Ég fór og talaði við stærsta matvörukaupmanninn í Sviss sem Duttweiler² hét. Hann átti mikinn fjölda smábúða sem hann nefndi *Migros*. Til vinnusparnaðar seldi hann allar vörur innpakkaðar og í einingum sem alltaf kostuðu hálfan eða heilan franka. Kaupmönnum var afar illa við Migrosverslanirnar sem von var og stofnaði Duttweiler flokk í kringum sig til að verjast árásum þeirra og hafði 11 þingsæti er ég var þar. Ég benti honum á að ef hann gæti komið Svissbúum til að borða fisk, gæti hann orðið velgerðarmaður þjóðar sinnar, þar sem mikill fjöldi fólks þjáðist af

¹ Runólfur Sigurðsson (1908-1941). Kafbáturinn U-552 sökkta Reykjborginni; drap 12 manna áhöfni og farþegann R.S. grimmuðlega, nema tvo sem komust lífs af eftir hrakning í björgunarbát. Foringinn, einn afkastamesti kafbátsfor. Þjóðverja, Erich Topp, sökkta 34 skipum í stríðinu.

² Gottlieb Duttweiler (1888-1962). Migros er enn þekkt matvöruskeðja í Sviss.

skjaldkirtilbólgu, en hún er talin stafa af skorti á joðefnum, sem fást úr sjávarfangi. Virtist hann fá áhuga á málinu, og ræddum við þetta daglega í vikutíma.

Þá missti hann allt í einu móðinn. Sagði hann mér að hann væri ekki viss um það að ef hann færi að flytja inn freðfisk í járnbrautarvögnum, mundu járnbrautarmenn *gleyma* vagninum á einhverju hliðarspori, eða toll- eða heilsugæslumenn telja hann hættulegan til óbætanlegs tjóns fyrir sig. Var þessi stóri og sterki maður með grátstafinn í kverkunum er hann sagði mér frá ofsóknum andstæðinga sinna, sem allir störfuðu undir kjörordinu: *Lítill sala, há álagning*.

Frá Sviss fórum við Runólfur til Austurríkis. Þar voru allmargar fiskbúðir, en allar í eigu hins mikla útgerðarfélags Nordsee. Mundi það ekki kaupa neitt af Íslendingum.

Er við komum til Tékkóslóvakíu töldum við markaðinn þar lífvænlegan. En í aðalgötu Prag: *Vaslavsky Namesti* sáuum við litla fiskbúð; en hún leyndi á sér. Í gegnum húsið voru breið göng, en til beggja handa fiskbúðir, sem seldu allskonar lifandi fiska, aðallega vatnakarfa, ál og silung. Aðrar seldu ostrur og skeldýr. Einnig var þar búð, sem seldi soðinn fisk og steiktan, sem menn gátu tekið heim með sér eða borðað standandi. Á þriðju hæð var einhver glæsilegasti matsölustaður í Prag. Matseðillinn var á stærð við Lögbirtingarblaðið, og voru þar ótal fiskréttir, en neðst í einu horninu voru taldir tíu kjötréttir og prentað yfir þá deild: *Fyrir þá sem endilega vilja borða kjöt*.

Sá sem hafði byggt upp þessa miklu fiskmiðstöð hét Vanha. Hann bætti nafn sitt og kallaði sig Ruby-Vanha, sem þýðir Fisk-Vanha. Þetta var nú maður eftir höfði okkar Runólfs. Heimsóttum við hann og fór vel á með okkur. Hann var mjög geðugur maður og var samband okkar mikið. Má segja að við yrðum góðir vinir, þó sambandið rofnaði við stríðið. Viðræðurnar við hann enduðu svo að hann keypti 28 tonn af ýmsum fiski, ef við gætum komið þeim til hans frosnum. Hann sýndi okkur geymslupláss sitt, sem var í frystihúsi sláturhúsanna. Bentum við honum á að það þyrfti að hækka skilveggi alveg upp í loft og setja einangrun á þá, svo að frost héldist stöðugt; helst 20 gr. Hann tók því vel og voru samningar undirskrifaðir. Leigði ég síðan einn af frystivögnum þýsku ríkisjárnbrautanna og kom hann með fullfermi til Prag í miklum hitum þann 18. júní. Vanha hafði kallað á blaðamenn og ljósmyndara til að sýna þeim fiskinn sem kominn væri 5.000 km., eins og hann auglýsti. Dáðust þeir mjög að fiskinum og skrifuðu mikið um hann, Vanha og Ísland, næstu daga og birtu myndir, sem ég lét þá hafa.

Minnist ég sérstaklega er Vanha lét opna kassa með heilfrystum laxi. Hver fiskur var í þykkri ísbrynju. Vék einn blaðamannanna sér þá að mér og sagði: *Já, svona dragið þið þá náttúrulega upp úr ísnum á Íslandi*.

Um haustið las ég það í þýsku blaði, að mikið hafi skemmt af fiskinum hjá Vanha. Skrapp ég þá til Prag til að athuga þetta og spurði hann hvort hann hefði tapað á fiskinum. Hann lét lítið yfir því en sagðist hafa þurft að flýta sölunni, því hann hafi ekki gengið frá veggjunum, eins og við hefðum ráðlagt sér. Laxinum hefði hann þó komið í betri frysti og væri hann að seljast upp. Til að sýna mér að vinátta okkar væri óskert, bauð hann okkur hjónum í hádegisverð.

Er ég gekk framhjá búð hans tók ég eftir að í sýningarglugganum voru þrjár tegundir af laxi, frá Íslandi, og úr tveim laxveiðiám í Evrópu. Var íslenski laxinn langdýrastur. En hann var nærri uppseldur, ekki byrjað að selja neitt af hinum.

Við ókum heimleiðis að morgni þess 13. september 1937. Stóðu hermenn í sparieinkennisbúningum, með hvíta hanska, meðfram veginum. Heilsuðu þeir með byssunni þegar við ókum framhjá. Sögðum við í gamni að við værum ekki vön slíkri kurteisi. En svo stóð á þessu að um nóttina hafði hinn ástsæli forseti lýðveldisins dáið.¹ Gerðu þeir því ráð fyrir að diplómatabíll væri á leið til heimilis Masaryks til að votta honum virðingu sína.

Við höfðum vonast til að þarna yrði varanlegur markaður. Svo fór þó ekki. Nasistar gerðu sífellda hríð gegn Tékkóslóvakíu á þessum árum þó þeir legðu hana ekki undir sig fyrr en 14. mars 1939. Þýsku ríkisjárnbrautirnar gátu ekki leigt frystivagn lengur. Við töluðum um að fá frystibíla frá Hollandi, en ekki varð úr því, vegna ófriðarlegs ástands.

Berlín

Berlín, 7.3.1937. Helgi P. Briem skrifar Álfheiði Briem.

-- Mikið er Jóna dugleg að vera farin að læra þýsku. Vonum við að hún komi heldur fyrr en síðar og viljum virkilega vera tekin upp á orðið með það. Enn er þó svo að við erum á hálfgerðum flækingsi búum hér á pensjonati sem að vísu er gott, en þó óþægilegt að eiga hvergi fasta aðstöðu. Ætlum við að fara að leita okkur að smá íbúð með húsgögnum þegar ég má vera að því. Það rekur hvert annað, ferðirnar og samningarnir, svo ég gat fyrst í gær lokið við skýrslu um ferðina til Tékkóslóvakíu fyrir mánuði síðan. Ennþá eigum við auðvitað heimilið suður í Barcelóna og vildum við gjarna komast þangað til að geta komið því frá og leyst það upp og fengið *spýtnaruslið* hingað. Því það eru varla aðrir en Kreuger eldspýtnakóngur sem geta haldið heimili viðsvegar um Evrópu.²

Svo hef ég líka verið að vonast til að við gætum komist heim áður en langt líður. Það er dálítið óþægilegt fyrir mig að fá allt í einu nýtt starf án

¹ Tomas Masaryk (1850-1937).

² Ivar Kreuger (1880-1932), sá frægi útrásarvikingur og sænski gjaldþrotsrasi.

Þess að geta sett mig inn í framkvæmdir heima, því það hafa orðið svo miklar breytingar þar. -- En nú er ekki minnst á saltfisk, heldur en hann væri ekki til (!) en allt manns starf snýst um sild og gærur og ragarí um slíka hluti.

Og svo vildi ég segja nokkur borgaraleg orð við Árna Pálsson, svo að doktorsprófið sé frá. Það liggur við að það sé *sénerandi* í þessu landi að vera ekki doktor. Annars er ég nú farinn að uppskera það sem maður sáði við Þýskalandsveruna 1922-3, því þýskan rennur upp úr manni og veldur mér engra erfiðleika!

Við höfum verið að kynnast þeim hérna í sendiráðinu og höfum verið í lunch hjá kammerherra Zahle með þýsku samningamönnunum og erum boðin þangað aftur í middag (bæði í kjól). -- Svo hefur maður hitt landa manns, Jón Leifs og Kristján Albertsson.¹ Er Kristján hér einhverskonar kennari við háskólann og kennir íslensku. Eru nemendurnir flestir 6 að því er hann segir, að mér skilst júbilkennarar sem hættir eru kennslu sakir ellihrumleiks og slits, en vilja fást við íslensku sér til dundurs.

En að auki notar Kristján frístundir sínar til að þýða bók um Viktoríu drottningu til þess að láta Menningarsjóð gefa hana út og á ekki af honum að ganga. Annars er Kr. svo æstur í pólitíkinni að ég hef engan hitt svipaðan, og má maður passa upp á að nefna ekki menn eða málefni svo hann fái ekki smáræðis flog.

Mikið þótti mér gott að fá blöðin að heiman og þakka Friedu kærlega fyrir. Ekki veit ég né skil hvornig ég hef komist af svona lengi án þess að geta svalað fróðleiksporstanum hjá þeim Jóni og Valtý.² --

Annars líst okkur heldur vel á okkur hér og manni finnst maður vera svo miklu nær öllu og öllum en suður á Spáni, þó raunverulega sé það ekki. En hér getur maður hitt fólk sem maður hefur gaman af og hér er mikið um bækur og nóg blöð --

Nú verður sagt frá atburðum frá sumri 1937; en 28. janúar 1937 fékk ég fyrirmæli frá ríkisstjórninni um að setjast að í Berlín og taka þátt í samningum, sem þar ættu að byrja fljótlega. Fór ég því frá Prag þ. 3. febrúar og leigði mér 2 herbergi, því ég vissi auðvitað ekki hvort þetta yrði til frambúðar. Þóttumst við góð að þurfa ekki að *lifa í ferðatöskum* eins og sagt er, en við höfðum alltaf verið á faraldsfæti, og naumast getað pakkað upp fötunum okkar síðan í júlí 1936, þangað til nú nærri 19 mánuðum síðar. Það var sjaldan sem ég fékk ferðafé fyrirfram, svo ég varð að treysta á að Hambros banki lánaði mér fyrir því, en stundum dróst það allt að ár að ferðakostnaður fengist greiddur, enda þótt honum væri mjög í hóf stillt.

¹ Kristján Albertsson (1897-1989). Var þá við kennslu í Berlín.

² Ritstj. Morgunbl., Jón Kjartanss. (1893-1962) ritstjóri, kv. Ásu Sigurðard. Briem, frænku HPB úr Tjarnarg. 20, og Valtýr Stefáns.

Helgi skrifar Dorisi

Prag, 18.6.'37.

Segir frá því að hann sé að bíða eftir kælivagni með fisk. Öll hótél séu full þar sem þar væru Indverjar á leið frá krýningu kóns í London hefðu komið þar við á leið aftur til Indlands.

Segist hafa notað afmælisdaginn sinn til að skoða dómkirkjuna og brosa!

Í sendinefndinni voru þeir Sveinn Björnsson, Stefán Þorvarðarson og Jóhann Þ. Jósefsson,¹ auk mín. Nefndin bjó í Hótel Kaiserhof. Sveinn óskaði og taldi óhjákvæmilegt að ég byggi þar einnig og fluttum við hjón því þangað. Sagðist hann skyldi sjá um að ég fengi þann kostnað greiddan; en ekki samþykkti ríkisstjórnin það.

Sveinn Björnsson segir í minningabók sinni að Þjóðverjar séu leiðinlegir viðsemjendur, enda voru þeir það, og aldrei eins og á þessum ömurlegu árum nasistanna, þegar allir áttu yfir höfði sér ógnarstjórn þeirra.

Sérstaklega var kvartað undan því að þeir væru óáreiðanlegir og sniðgengju samninga. Svisslendingar komu því fram að felldur var niður innflutningstollur á nautgripum. Samkvæmt bestukjara-samningum áttu Hollendingar og Danir rétt á sömu ívilnunum, en þegar þessir meinleysingjar báru fram tilmæli um það, blésu Þjóðverjar sig upp og þeirra naut kæmu alls ekki undir sama tollflokk, því naut Svisslendinga væru alin upp 1500 fet yfir sjávarmáli, og því alls annars eðlis og tegundar en láglandisnaut. Þegar diplomatar ræddu um svona samningssvik var svo ljótt nafn ekki nefnt. Í staðinn var aðeins sagt: *Hálfjallakýr*.

Berlin, 6.4.1937. Helgi P. Briem skrifar Álfheiði Briem.

-- Ekki veit ég hvernig gengur í sumar að komast heim; ég hélt kannski að stjórnin vildi spjalla við mig eftir allar þessar sendiferðir, en það virðist ekki vera, svo ef hún segir ekkert held ég að ég biðji um þriggja vikna sumarfrí til að fara heim þann 22. maí til að fá þessa doktorsvörn mína frá. --

Berlín, 25.4.1937. Helgi P. Briem skrifar Friede Pálsdóttur Briem.

-- En ekkert af lesmáli þótti mér samt vænna um en bréfin sona þinna. Var það alveg rörende að sjá hvað þeir höfðu lagt hart að sér til að senda jólaóskirnar. --

¹ Jóhann Þ. Jósefsson (1886-1961). Lengi alþingismaður, fjármála- og sjávarútvegsráðh. 1947-49, sjávarútvegs-, samgöngu- og iðnaðarmálaráðh. 1949-50.

Við vorum í gær boðin til Jóns Leifs og hittum þar Kristján Albertsson. Er Kr. afar pólitískur. Reyndi Jón að koma okkur saman í pólitískt rífrildi, en við vorum eins og Einar Benediktsson lýsti sambandinu við tengdamóður sína: *Eins og tvö stórveldi sem voru hrædd hvort við annað*, og fór allt í bróðerni með okkur, og við jafnvel töluðum um að fá okkur bjórkollu saman eitthvert kvöldið.

Annars sagði Jón mér að þú værir ritari fyrir það merkilega félag Bandalag íslenskra listamanna. - Já, manni liggur á að komast heim, svo að maður viti um það helsta sem gerist í familíunni, enda skrifaði ég Haraldi og það um heimfararleyfi, nú með Drottningunni, og er svona hálfpartinn að vona að vera kominn þann 29. maí --

Berlín, 9.6.1937. Helgi P. Briem skrifar Álfheiði Briem.

-- Ég fór til Prag eftir hvítasunnuna og var heldur ánægður yfir að selja 20 tonn af *fiskfiletum* -- svo það er þó dálítið þegar kaupandinn var mjög andsnúinn frosnum fiski í vetur. --

Eggert hefur sjálfsgagt sagt þér frá kommandörskrossinum sem Mússi sendi mér sem tákni upp á vináttu sína og hans Viktors litla,¹ sem allir gleyma að er kóngur í Ítalíu. Öfunduðu þeir í sendiráðinu mig mjög af þessum hégóma og sögðu að ég *overstrálede dem alle*. En þar sem Munch þar ekki orður (í veislu til heiðurs honum, danska utanríkisráðherra) imponeraði ég dónana með því að koma alls ekki með krossinn svo þeir sögðu allir: *han er sgu for fin til at bære ordenen*. Svo þetta gat ekki betur farið. --

Fékk í ágúst að vita að hann gæti ekki fengið frí og farið til Íslands.

Berlín, 19.8.1937. Helgi P. Briem skrifar Álfheiði Briem.

Ekki varð úr því að ég væri á heimleið nú, eins og ég hafði verið að vona og hlakka til í allt sumar. Ég var búinn að ganga frá samningunum hér og hélt að allt væri í lagi og það þá um sumarfrí til að koma heim með Goðafossi, beið eftir svari til kl. þrjú daginn áður en hann fór og þá var það nei. Hefði mér náttúrliga þótt betra að fá það heldur fyrr, en ekki er neitt við því að segja.

Er gefið upp sem ástæða að það þurfi að senda mig til Bæheims og Rússlands og guð veit hvert, í einhverju ógurlegu hasti, eins og líf manns lægi við að ég væri þar vikunni fyrr eða síðar.

Er það náttúrliga gleðilegt að vera svona nytsamur og nauðsynlegur maður, en þar sem ég hef eiginlega ekki haft frí í fimm ár, til að gera það

¹ Benito Mussolini og Vittorio Emanuele III. (1869-1947).

sem ég vildi, finnst mér það dálítið hart að geta ekki liðkað þetta betur fyrir mér.

Við erum búin að lifa í meira en ár á þessum flækingi og heimilisleysi. Vonaði ég því að maður gæti sest í ró hér og stofnað aftur heimili o.þ.h. þann 1. október, og að þú værir þá komin til okkar. Við fundum alveg skínandi íbúð, niðri í stóru húsi með fallegum trjám í garðinum. Var það villa auðugs gyðings, sem hafði verið breytt í tvær íbúðir af núverandi eiganda hennar, sem býr á Spáni.

Vildi eigandinn koma heim og rifta samningi.

Eins og þú sérð er þetta allt heldur upp í loft hjá okkur en það sýnist þó heldur á framfaraleið.

Hermann forsætisráðherra var hér tæpa dagstund. Frúin¹ hafði góð orð um að bera þér kveðju okkar. --

Fór til Prag og síðan til Lübeck. Álfheiður móðir hans varð fyrir slysi, en er að ná sér, og hvetja þau hana til að koma, ásamt Jónu eða jafnvel Friede til Berlínar. Myndu þau þá taka íbúð á leigu um langan eða skamman tíma. Þetta ræðir hann í næstu bréfum. Einnig hvernig ná megi búslóðinni frá Barcelóna. Upp kom að þegar búið var að pakka búslóðinni varð truflun á járnbrautarsamgöngum svo allt varð í óvissu. Á sama tíma er rætt um að Helgi fari til Rússlands, Danmerkur, Tékkóslóvakíu og fleiri landa. Mesta furða að móður hans skuli ekki hafa fallist hendur.

Loks komu Álfheiður og Jóna systir Helga í heimsókn. Þá fengu þau íbúð leigða á meðan til að geta hýst þær og fengu innbú sitt frá Barcelóna.

Berlín, 29.9.1937. Helgi P. Briem skrifar Friede Pálsdóttur Briem.

-- Mamma kom föstudagskvöldið, og stóð það akkúrat heima að kvöldið áður höfðu húsgögnin okkar komið í ausandi rigningu og pökkuðum við öllu út um daginn, fengum ljós og fleira í lag, þannig að við gátum verið um nóttina í húsinu. Þótt verið væri að mála. – Við höfum alveg skínandi íbúð í fallegasta hluta bæjarins og er það svo fallegt sem getur verið – Vonumst við því til að mömmu leiðist ekki svo mjög, þó auðvitað finnst henni dagarnir langir þegar hún getur lítið gert sér til skemmtunar nema að lesa.

Berlín, 6.12.1937. Helgi P. Briem skrifar Friede Pálsdóttur Briem.

Þakkar bréf og hangikjötssendingu. Segist hafa sent nótur fyrir píanó í pósti og býður frekari nótnasendingar.² Segir fréttir af móður sinni, Álfheiði, og telur henni hafa farið fram þótt henni þyki ekki svo.

¹ Vigdís Steingrimsdóttir (1896-1976). Þau bjuggu í ráðherrabústaðnum, Tjarnarg. 32.

² Friede rak fjölrítunarstofu og kenndi píanóleik.

Verst er hvað ég get lítið haft ofan af fyrir henni. Ég hef orðið að fara til Prag og Vín. Kom þaðan á föstud. og hafði mömmu leiðst. Hún verður afleit í höfðinu af að fara í leikhús og í óperuna; þó mann langi þangað treystir hún sér illa.

Svo ég er þá að reyna að senda þær Jónu og Dorisi saman, til að Jóna hafi þó eitthvað gaman af komunni hingað, aumingja litla stelpan.

Líka hef ég verið að reyna að fara með þær út í bíl, en mamma þolir það heldur ekki, og er þá ekkert eftir nema spila við hana, sem við gerum nokkuð mikið af eins og vanalega. Þá sjaldan að ég fæ gesti, þá hleðst óvenju mikið á mann af alls konar störfum.

Verst þótti mér þó að á laugardaginn, þegar ég hafði komið fyrir 24 tímum úr ferð frá Austurríki hringdi Haraldur til mín upp á að fara til Spánar. Verður það mánaðarferðalag er ég hræddur um; og er ég að reyna að fá að draga það til 2. janúar, ef mögulegt er. Vonast ég til að það geti tekist, enda varð mamma heldur niðurdregin þegar hún heyrði um hvað símtalið snerist og vildi helst rjúka af stað strax til að ná í Gullfoss.

Þetta eru nú aðalfréttirnar - hvernig mamma hefur það. Eins og þú veist hef ég líka fylgt þínum ráðum með Jónu. Var hún búin að klára kúrsus við að búa til öskjur. Sýnist mér hún hafa tekið á því með sínum vanalega myndarskap og að hún hafi búið til mikið af pappír, hvern öðrum smekklegrri og fallegri. Held ég að henni ætti áreiðanlega að notast af þeirri kennslu þegar heim kemur. Var þetta ágætis hugmynd hjá þér með pappírsgerðina, því enginn gerir slíkt heima.¹ --

Íslendingar fengu rétt til að selja fisk í Þýskalandi nokkra vetrarmánuðina þegar þýski flotinn var við aðrar veiðar. Var sett hámarksverð á hann og var það 7 pfenninga pundið. Þessi fiskur var síðan seldur til neytenda fyrir 45-50 p. pundið. Reyndum við mikið til að fá verðið hækkað, því það munaði togarana 15% af verðinu ef 8 p. fengjust, en ekki var úr að aka með það. En það sem gerði þessa verslun hinsvegar einkennilega var það að innflutningstollur nam 10 p. á pundið

Voru ýmsir af diplómötunum að reyna að fá hjá mér upplýsingar um þessa einkennilegu verslun. Einhverju sinni settist breski ambassadorinn og starfsmaður hans hjá mér til að fá upplýsingar um þetta. Ég gat auðvitað ekkert sagt. Er hann stóð upp sagði hann: *Það eru ekki aðeins háfjallakýr hér, heldur einnig háfjallaþorskur.*

Það var oftast en einu sinni sem við áttum í erfiðleikum með samninga okkar. Fór ég þá til dr. Landwehr, sem var formaður samninganefndarinnar þýsku og sagði minn skilning. Hann gat ekkert munað. Vildi ég þá fá að tala við aðstoðarmann hans. Sá var erlendis. Bað ég þá Landwehr um að spyrja hann um það sem á milli bar næst þegar þeir töluðu við hann. Er ég kom aftur eftir þrjú daga hafði ekki tekist að ná í hann. Las ég þá þýðingu á skýrslu minni dagsettri sama dag um þetta mál. Tveim dögum seinna fékk ég að vita að þeir hefðu gefið eftir.

¹ Þetta var málun og litun á klæðningarpappír til notkunar við handband bóka.

Eftir þetta skrifaði ég átið staðfestingu á samtali við þá samdægurs, sendi þeim svo það færi ekki milli mála hvað sagt hefði verið. Ef því var ekki mótmælt var ekki hægt að ganga frá því seinna, enda man ég ekki til að slíku minnisblaði væri mótmælt. Yfirleitt var ég ólátur að senda skýslur og gerðu sumir gys að því. En mér reyndist það samt oft gagnlegt. Ég skrifaði þær samdægurs, þegar allt var í fersku minni, en það kom alloft fyrir að ég fengi fyrirspurn mikið seinna um eitthvert atriði. Í stað þess að reyna að rifja það upp, gat ég bent á svar í skýrslu sem ég vísaði til.

Verslun Þýskalands var þannig hagað á þessum árum fyrir stríðið, að útflutningsverð þeirra var geysi hátt. Ef kaupendur gátu sannað að þeim byðist samskonar varningur annars staðar var verðið lækkað, því Þjóðverjar sögðust átið vera samkeppnisfærir. Gat þessi útflutningsafsláttur numið 70% af því verði sem fyrst var nefnt. Á Íslandi var vöruskortur og erfitt fyrir kaupmenn að ragast í að sanna slíkt, enda oft erfitt þegar lítið var keypt og iðnaðarvörur ekki alltaf sambærilegar.

Sumar þýskar vörur, svo sem Opelbifreiðar, voru mjög dýrar á innanlandsmarkaði. Þær voru varla nógu sterkar fyrir vegina á Íslandi, eins og þeir voru þá. Skrifaði ég Bifreiðaeinkasölu¹ að hún gæti fengið Opelbifreiðar með miklum afslætti ef hann vildi gefa mér upp verð á erlendum bifreiðum, aðallega Chevrolet og Buick, sem Þjóverjar töldu sambærilegar við Opel Capitän og Opel Admiral. Gæti ég notað það til samanburðar til að fá útflutningsafsláttinn.

Eftir langan tíma skrifaði einkasalan mér að þetta væri alger misskilningur. Þeir hafi skrifað Opel-útsölu, bæði í Kaupmannahöfn og Oslo og þær hafi skrifað til Þýskalands um útflutningsverð á þessum bifreiðum og þær hafi gefið upp nákvæmlega sama verð og Íslendingar hafi greitt. Er ég kom heim reyndi ég að sannfæra einkasölu um að samanburðurinn ætti við erlendar bifreiðir í samkeppni við Opel, en það var árangurslaust. Þeir vissu allt betur en ég.

Hins vegar voru Þjóðverjar afar nákvæmir með að fá útflutningsvörur okkar með lægsta heimsmarkaðsverði, en þær voru auðvitað sambærilegar við vörur annars staðar að, sérstaklega lýsi og fiskimjöl. Stóðum við því mjög höllum fæti með viðskipti við Þjóðverja. Danir héldu fram að Þjóðverjar hafi keypt fræfirma í Danmörku og voru tilboð þess þá tekin sem dæmi um útflutningsverð á fræi. Sköðudust Danir mikið á því, en þetta var aðeins á einu sviði. Stundum keyptu Íslendingar þýskar vörur ódýrari í Noregi en á Íslandi, sérstaklega rafmagnsvörur.

Þjóðin var mjög þjökuð af dýrtíðinni og sérstaklega skorti á feitmeti, en skortur þess hvað gera menn taugaveiklaða og illa lynta. Virtist það koma fram á Þjóðverjum, því þeir urðu mjög uppstökkir og mátti ekki orðinu halla.

Kjörorð stjórnarinnar var: *Heldur fallbyssur en smjör*. Mátti sérstaklega merkja þetta á því hve yfirmenn voru óendanlega ruddalegir og dónalegir við undirmenn sína, en skrifu að sama skapi fyrir sínum yfirmönnum. Einnig var fólkið illa klætt og bar með sér svið örbirgðar.

Berlín, 14.2.1938. Helgi P. Briem skrifar Álfheiði Briem.

¹ Forstjóri var Sveinn Ingvarss. (1902-76). Var fyrirtækið sameinað Viðtækjaeinkasölu ríkisins og stjórnaði hann báðum.

-- Annars hef ég eiginlega ekki haft tíma til að anda síðan þið fóruð. Fyrst var ég að undirbúa þýsku samningana; strax og því var lokið, og skrifa heim um þá. Fór ég þá til Barcelóna og ferðaðist á næturnar við lítinn svefn.

En þar var nú eiginlega ekki mikill friður. Fyrir nú utan skothríðina úr flugvélum Francós settu íbúarnir upp flugvélafallbyssur fyrir utan hótelið og skutu af fullum krafti löngu eftir að flugvélarnar voru farnar og glamraði í öllum gluggum undan þeim látum. Hefðu rúðurnar sjálfsagt sprungið ef ekki hefðu verið límdar pappírsræmur yfir þær á alla vegu. En þegar flugvélarnar komu eftir að dimmt var orðið var allt rafmagn tekið af svo maður gat ekki einu sinni lesið sér til dægrastyttingar. Annars legg ég hér skýrslu um ferðina en þið ykkur að flíka henni ekki fyrir utan fjölskylduna.

Þegar ég kom í okkar gamla hús var þar heldur ljótt að sjá forstofuna því fallbyssukúla hafði fallið alveg fyrir framan húsið og drap hún dyravörðinn; þennan halta, sem Dídi kannast við, og fjóra menn aðra sem stóðu í forstofunni. Höfðu sum kúlnabrotin farið alveg í gegnum vegginn. Smíðajárnshliðið við innganginn hafði eins og bráðnað á bletti. Var ennþá hægt að fá rúður þegar sú kúla kom, en nú eru þær gersamlega ófáanlegar og voru þá negldar kassafjalir yfir mikið af gluggunum.

Vicenta var búin að fá vist, svo Sally (tíkin, insk. EÁ) var heima hjá tveim konum sem nú bjuggu í íbúðinni, flóttafólk frá Madrid. -- Vicenta kom síðan á hótelið nokkrum sinnum og hafði lagt ósköp af enda hrædd og nervös, þó hún hefði nokkurn veginn nóg að borða. Tekur þetta afar mikið upp á kvenfólkið, sem ekki getur sofið á næturnar fyrir ólátum í fallbyssum og sprengjum. Á daginn er það alltaf hrætt um að nú verði þeirra nánustu fyrir skoti. Er það líka svo undarlegt hvað það hefur farist mikið af börnum í Barcelóna, því garðar með leikvöllum hafa fengið afar mörg skot. Þannig lentu flest skotin á okkar hús í garði fyrir endanum á götunni sem alltaf var fullur af börnum.

Einn daginn var ég uppi í hæstu byggingunni í Barcelóna á fundi með formanni gjaldeyrisnefndarinnar. -- Byrjaði þá húsið að nötra og glamra í gluggum og rétt í því fór maður að heyra drunurnar í sprengjunum. Stigu þá miklir svartir reykjarmekkir upp skammt frá. Voru þeir svo miklir að ég hélt að þar hefðu hrapað flugvélar. Þetta voru aðeins sprengjurnar (250 kg. og mannhæðar háar).

Þegar ég kom í hótelið var þar fyrir kunningi minn, sem hafði boðið mér að borða hjá sér. Varaði hann mig við að tala nokkuð um skothríðina, því mágkona sín, sem biði í bílnum hafði fengið alvarlegt sjökk. Ég sá að hún var útgrátin og talaði um annað við vin minn, þangað til við heyrum hátíðlega rödd fyrir aftan okkur sem segir: *Ég er upprisin frá dauðum!* Og þá sagði hún alla söguna og að hún hafi skriðið undir skrifborðið sitt

Þegar húsið fór að hrynja. Gerði hún ráð fyrir að hún hefði æpt, því hún var svo slæm í hálsinum, en mundi samt ekkert til þess! En þegar hún fór að púðra sig sannfærði ég hana að hún hefði ekkert verið hrædd úti því hún hefði hugsað um að taka púðurdósina með sér!

- tók ég með mér allt silfrið, en varð að sýna það við landamærin. Þegar það var búið að pakka því öllu út heyrðist í flugvél. Kom þá mikill ótti í alla og þutu þeir burt til að finna pláss í kjallara. Hafði stöðin verið bombarderuð daginn áður og var fólkið því mjög hrætt.

Þegar allir aðrir hlupu burt eins og fætur toguðu hugsaði ég að það væri líkast til rétt að fara þaðan líka. Þegar ég og Sally fórum á eftir hinum í áttina að skottryggum kjallara kom þar hermaður, náfölnur og skelkaður, heimtaði að ég færi aftur inn í stöðina og miðaði á mig rifflinum til áherslu. Ég sá að maðurinn var alveg vitlaus, svo ég sagði að það væri víst alveg rétt hjá honum. Flugvélnar hittu aldrei það sem þær vildu, svo líkast til væri stöðin tryggasti staðurinn þar í þorpinu.

Róaði ég hann smám saman. Svo kom í ljós að flugvélin var póstflugvélin og alveg meinlaus svo hinir stríðsmennirnir fóru nú að sýna sig aftur. Þegar hann kom varð foringi hermannanna mjög undrandi að hitta mig í stöðinni. Sagðist soldátinn hafa fengið fyrirskipun um að skjóta þá sem reyndu að fara burt af stöðinni án sérstaks leyfis - og fékk náttúrulega skammir fyrir. Var ég því feginn að komast yfir til Frakklands og geta þá fengið almennilegt morgunkaffi.

Símaði ég ykkur frá Toulouse, vildi ekki gera það frá Barcelóna, því ég hélt að þið vissuð ef til vill ekki af mér þar og mynduð verða hrædd ef ég símaði þaðan.

2. febrúar kom sendiherra til að ganga frá samningum við Þýskaland og byrjuðu þá miklir fundir, stundum tveir á dag. Svo fór hann í fyrradagsmorgun og hef ég setið við vélina síðan að gera skýrslur. -- Er ég hálf stífur í liðamótunum eftir þessa törn -- en ég á að fara til Parísar strax og ég get --

Líka er talað um að ég komi heim --

Hann Neurath, auminginn utanríkisráðherra, var búinn að bjóða okkur fyrir nokkru, en fyrir tveim dögum síðan var hann sviptur kjóli og kalli og varð að skrifa okkur afboð, sem við vorum mjög fegin.

Helgi fór til Íslands. Slæmt veður, kuldi og snjór, vart hundi út sigandi. Fór í jarðarför Jóns Baldvinssonar fyrri samstarfsmanns síns.

Segir Dorisi bara hafa verið heppna að koma ekki með honum því henni hefði leiðst mjög!

Rvík, 30.3.1938. H.P.B skrifar Dorisi.

-- Annars hef ég varla komið heim þar sem ég hef þurft að hitta slíkan sæg af mönnum vegna ýmissa vandamála. --

Líklegt er að vegna þróunar mála og úrlausna á liðnu ári getum við tekið sumarleyfi í ár. --

Enn eru ríkisstjórnarvandamál sem búist er við að leysist svo það ætti ekki að tefja brottför okkar þann 11. apríl. Þann 7. apríl mun doktorsvörnin eiga sér stað. Jónas og Guðrún hafa haft samband við nokkra kunningja um að efna til veislu þann dag - eða um kvöldið, og hafa það opið þannig að þeir sem vilji borga, geti komið. Ég læt slíkt mig ekki miklu varða, en býst þá við að bjóða fjölskyldunni og vinum á Hótel Borg, eða annars staðar.

-- Friede virðist vera ánægð og áætlað að fara til Khafnar og Berlínar í vor.¹

Dídi veldur móður sinni áhyggjum með því að hafa sagt upp vinnunni.²

Segir frá trúlofun Jónu uppeldissystur sinnar, ágætismanni sem ekki tali um annað en prentverk.³ Segir frá drykkju Theodórs mágs síns. Hið góða í fjölskyldunni sé Eggert bróðir hans og Sigríður kona hans, en hjá þeim leiki allt í lyndi.

Rvík, 19.5.1938. Álfheiður Briem skrifar Helga P. Briem.

-- Séra Árni Þórarinsson hefur tafið mig svo ókristilega frá að skrifa bréf til ykkar Friedu.⁴ Hefur setið hér þrjá tíma og minnst sagt *vrövlað* (á vondri íslensku).--

5.6.'10 hittumst við Jón Nordal tónskáld og tókum við tal saman. Sagðist ég hafa verið að lesa bókina nýju um Ragnar í Smára., þá merku lesningu, ekki síst fyrir mig, þar sem ég var á Nóbels hátíðinni 1955 með foreldrum Jóns, Ólöfu og Sigurði og foreldrum Sólveigar, konu hans, Jóni Helgasyni prófessor og Þórunni Björnsdóttur ásamt ýmsu merkisfólki sem Jóni Nordal þótti gaman að heyra um.

Sagði hann mér þá eldri og merkilegri sögu. 1938 voru bræðurnir, hann og Jóhannes í heimsókn hjá ömmu þeirra, Sigríði Hjaltadóttur í Safnahúsinu, þar sem hún starfaði.

Stóð þá yfir doktorsvörn Helga í lestrarsalnum. Strákarnir fóru ekki inn í salinn; en fylgdust með gegnum gluggana úr stiganum milli hæða. Þaðan blasir salurinn við. Heyrðu þeir aðeins óm þess er fram fór. Jón sagðist hafa dáðst að Helga í ræðustólnum þar sem hann sveiflaði höndunum af öryggi til að leggja áherslu á orð sín.

Þannig eiga tilviljanir sér enn stað er karlar hittast á menningasamkomum! E.Á

¹ Þá orðin ekkja og rak fjölrítunar fyrirtæki er byggðist á danskri tækni.

² Hafði starfað í bókaverslun bróður síns. Verslunina keypti Finnur Einarsson og nefndi *Mími*. Þar féll henni ekki að starfa. Endaði það með því að Friede réð hana til sín.

³ Óli Vestmann Einarsson varð eiginmaður Jónu. Reyndist ágætis maður; þekktur forystum. prentlistar í landinu, yfirkennari Iðnskólans.

⁴ Friede mun hafa verið stödd í Berlín.

Doktorspróf

Doktorsvörnin fór fram við Háskóla Íslands 7. apríl 1938 og efndu Helgi og vinir hans á eftir til kvöldverðar á Hótel Borg.

Fyrri fimmtudag varði Helgi P. Briem viðskiptafulltrúi doktorsritgerð sína, er nefnist *Sjálfstæði Íslands 1809*¹ og fjallar, eins og nafnið bendir til um stjórn Jörundar hundadagakóngs hér á landi og aðdragandann að þeim atburðum er þar að gerðust. Bók hans er stærðar rit, yfir 500 bls. að stærð, og má af því marka að að þarna sé flest allt tekið til meðferðar og rakið, sem á einhvern hátt snertir sögu þessa merkilega atburðar og máli þykir skipta. Höfundur lýsir ýtarlega ástæðum landsmanna í byrjun 19. aldar og aðdragandanum að valdatöku Jörundar, svo og náttúrlega stjórnarathöfnum hans og framkvæmdum.

Doktorsvörnin fór fram í lestrarsal Landsbókasafnsins að viðstöddu fjölmenni. Athöfninni stýrði forseti heimspekideildar Sigurður Nordal prófessor.

Andmælendur voru þrír, tveir af hálfu heimspekideildar, þeir Árni Pálsson prófessor og dr. Þorkell Jóhannesson² og úr hópi áheyrenda, prófessor³ Guðbrandur Jónsson.

Fluttu þeir langar ræður og ýtarlegar um rit doktorsefnis og báru fram ýmsar athugasemdir við það, en í heild sinni luku þeir þó lofsorði á það og töldu það vinning fyrir söguvísindi landsins að það var fram komið. Doktorsefnið svaraði öllum andmælendum sínum jafnóðum og þeir höfðu lokið ræðum sínum, en að lokum flutti hann ávarp til Háskóla Íslands og árnaði honum heilla í framtíðinni. Athöfnin stóð í nærfellt fimm klukkustundir.

Fálkinn, apríl '38.

Doktorsvörnin átti sér eftirmála sem kemur fram í grein Braga Þorgríms Ólafssonar.⁴ Doktorsvarnir höfðu áður farið fram, einkum í alþingishúsinu, sal neðri deildar, en háskólinn réð þá ekki enn yfir eigin húsnæði.

Guðbrandur andmælti úr hópi áheyrenda og reyndi í löngu máli að sýna fram á galla á doktorsritinu, sem einhverjir töldu stafa af gremju, þar sem Jón Þorkelsson, faðir hans, hafði skrifað um efnið.⁵ Þá hafði háskólinn áður hafnað riti hans sjálfs til doktorsprófs. Eftir fimm tíma skoðanaskipti var athöfninni slitið.

¹ Bókin kom út í tveim útgáfum 1936: *Byllingin 1809*, doktorsritgerð, 527 bls. og *Sjálfstæði Íslands*, 594 bls., einum kafla lengri. (Heim.: Gunnar Karlsson / Hagfræðingatal).

² Bókavörður við Landsbókasafnið, síðar prófessor.

³ Heiðursprófessor. Á þessum tíma mjög umdeildur pólitískur heiðurstíttillitill. Nú er slíkur títtill orðinn algengur og ekki fengist sérstaklega um.

⁴ Bragi Þorgrímur Ólafsson: Íslenskt háskólasamfélag í mótun. Tímarit Máls og menningar. 3. h. 2011.

⁵ Jón Þorkelsson: Saga Jörundar Hundadagakóngs, Khöfn, 1892.

Upp úr þessu spratt ádeila Gísla Sveinssonar, sýslu- og alþingismanns á framkvæmd varnarinnar, ekki síst óreiðu í salnum, svo umræður heyrðust ekki vel; einnig óvirðulegan búning stjórnanda athafnarinnar, þó ekki sjálfs doktorsefnisins. Helgi þótti þó fyrting og hortugur; ekki þó að ástæðulausu, og unggæðingslegur. Opinberir andmælendur hafi verið: Annar daufur og ónákvæmur; hinn glöggur og tók efnið föstum tókum. Guðbrandur var vel undirbúinn, en hótmyndinn og óheflaður.

Þessari blaðagrein svaraði Sigurður Nordal og sagði eigi kost á betra húsnæði. Sjálfur hefði hann lagt á sig: " - þennan dag að setja upp háan, hvítan flibba, sem ég annars lít á sem eitt af píslarfærum tískunnar, og fara í svartan jakka og röndóttar buxur.--"

Gíslí Sveinsson kom aftur fram á ritvöllinn og gagnrýndi formleysi virðulegrar stofnunar.



Skopmynd Tryggva Magnússonar í Speglinum.

Rvík., 16.11.'38. Álfheiður Briem skrifar Helga P. Briem.

-- Jæja, fæðingardagurinn minn var býsna vellukkaður að öðru leyti en því að það komu alltof margir gestir. Ég hafði alls ekki reiknað með því að fólk sem sjaldan eða aldrei hefur komið til mín færi að koma þó ég yrði sjötug. 53 gestir komu frá kl. 1½-7½, 11 eftir kl. 8 svo þú getur rétt ímyndað þér hvað ég gat annað þessu í þrengslunum hjá mér, en það varð nú svo að vera. Páll Línadal tók sig til og taldi blómin sem ég fékk. Voru það 180 chrysantemum, 28 rósir og 26 nellikur. Þú getur rétt ímyndað þér stofurnar mínar, þær voru miklu líkari drífhúsi en stofum.

Það var einkennilegt að ég kom inn í Flóru tveim dögum áður að spyrja um Helgu,¹ sem alltaf er veik. Þar var svo mikið af allavega blómum og sagði ég svona við Rögnu hvort þetta hefði einhverjar sérstakar ástæður að svona mikið væri til, en hún sagði nei við því, en bætti við, en það hefur verið pantað nokkuð. Síðt datt mér í hug það yrði allt komið inn til mín tveim dögum seinna, því á laugardag var búðin tóm.²

¹ Sigurðardóttur, systur Rögnu blómakaupkonu; dætur Sigurðar búnaðarmálastjóra. Blómabúðin var í Aðalstræti.

² Mér er í minni að þennan dag kom lina í Vísi að amma væri sjötug. Hún var svo *séruð* yfir því að hún tók blaðið og krassaði vandlega yfir svo við getum ekki lesið það! Börnin gáfu ömmu útvarpstæki en hún amaðist við því og sagði það alltof stórt og bað þau skipta því fyrir minna. Ekki eftirlátur þiggjandi!

Khöfn, 9.12.1939.¹ H.P.B skrifar Álfheiði Briem.

-- Við sitjum hér ennþá í besta yfirlæti og búumst við varla við að fara til Þýskalands fyrr en eftir nýár úr þessu. Samninganefndarmennirnir ensku eru nú víst á heimleið eða um það leyti að fara frá London, en Sveinn verður eftir í vikutíma og naumast væntanlegur hingað fyrr en rétt fyrir jólin, og þá gætu þýsku samningarnir byrjað, en gera það þó naumast fyrr en í janúar. --

Við fórum á fullveldishátíð 1. des. Séra Friðrik Friðriksson hélt mjög lélega ræðu fyrir minni Íslands þar sem hann sagðist vera sannfærður um að Íslendingar væru einhver gáfaðasta þjóð heimsins. Jóhann Stockmann spilaði á píanó og María Markan² söng þrýðis vel. Hún er annars á leið til Ástralíu því þar hefur hún fengið stöðu, loksins eftir öll þessi námsár. Síðan átti að vera dans, en honum var aflýst vegna finnska stríðsins. --

Jón Krabbe hefur dregið sig tilbaka frá málfærslunni og *deponerað sin Bestilling*, enda er hann nú orðinn 66 ára gamall, en virðist ekkert hugsa til að draga sig tilbaka í sendiráðinu, þó hann tali um það öðru hvoru.³

Sigfús Blöndal⁴ hætti í Konunglega bókasafninu nú í mánaðarlokin og er töluverð rimma um hans sæti. Við viljum fá ungan Íslending þangað en Dönum finnst það nokkur óþarfi. Sigfús getur því helgað sig gítarsöng og öðrum uppáhaldsstörfum sínum upp úr áramótunum og er það vel farið.

Annars bauð Sigfús mér á fund í *félagi eldri akademikera*, sem hann heldur uppi hér. Heitir það *Kólfur* til að Sigfús geti heitið *Forkólfur* því hann er allt í öllu í félaginu og lætur ekki kjósa stjórn. Hitti ég þar ýmsa af eldri árgöngunum sem ég hef aldrei séð áður svo sem Halldór Kristjánsson⁵ (dómstjóra), Sigurð Sigtryggsson lektor⁶ og auk þess gamla kunningja svo sem Hallgrím Thomsen,⁷ Skúla Guðjónsson⁸ o.fl. En heldur var *forsamlingen* dauf á bragðið að mér virtist.

Hér er mikil *indignation* yfir árásinni á Finnland og óhugnaður í mönnum. Gangi hinar ósennilegustu sögur um hvernig Rússar og Þjóðverjar ætla að

¹ Einhver ruglingur er á dagsetningu þessa eða næsta bréfs.

² María Markan (1905-95). Óperusöngkona.

³ Jón Krabbe starfaði í sendiráðinu til stríðsloka 1945.

⁴ Sigfús Blöndal (1874-1950). Bókavörður. Hann og Björg Þorlákúsdóttir, systir Jóns forsetisráðherra, eru þekkt fyrir stóru ísl.-dönsku orðabókina. Skildu. Björg átti merkilegt líf eftir skilnaðinn. Sjá: *Björg* eftir Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur. Rvk. 2001.

⁵ Halldór Kristjánsson (1909-88). Læknir í Khöfn. Kona hans var dönsk. Bróðir Þórarins hafnarstjóra, Bøðvars menntaskólakennara, Jóns lagaprófessors o.fl.

⁶ Sigurður Sigtryggsson (1884-1944). Málfræðingur, kennari og síðast rektor v. menntaskólann í Lyngby. Giftur danskri konu.

⁷ Hallgrím Thomsen (1899-1980). Hæstaréttarlögmaður í Khöfn, sonur Detlev Thomsen kaupmanns í Rvík. Dóttursonur Hallgríms Sveinssonar biskups.

⁸ Skúli Guðjónsson (1895-1955). Læknir og háskólakennari í Árósum.

skipta Norðurlöndunum milli sín, og allir spyrja hvernig þetta muni allt líta út eftir ár héðan í frá.

Maður er þó bara glaður yfir að Ísland skuli vera þó þetta fjarri þessu stríði, - svo því virðist ekki beinlínis hætta búin. --

Er kom til Berlínar hófst húsnæðisleit. Þau höfðu leigt sér litla íbúð meðan Álfheiður og Jóna voru hjá þeim um jólin og áramótin, svo enn voru þau á hrakhólum. Þá kom Friede systir hans í heimsókn eftir námsdvöl í Khöfn. Fengu þau íbúð í Wilmerdorf, skammt frá nýju sendiráði Dana. Búslóðinni var pakkað upp, einmitt þá dagana sem búist var við loftárás á Berlín.

Berlín, 10.12.1938. Helgi P. Briem skrifar Álfheiði Briem.

-- við buðum Íslendingum hér í bænum þann 1. des. um kvöldið. Það voru 16 manns í allt. Við gáfum þeir súpu, fisk í majonaise, rjúpur og fromage eða skyr og prófuðu flestir hvorutveggja. Það fór mjög vel fram og allir kátir og ánægðir. Um eftirmiðdaginn hélt Zahle móttöku fyrir okkur, en svo fórum við beint þaðan út til okkar til að heyra íslenska konsertinn sem útvarpið hér hélt kl. 7. Var þar spiluð Íslandskantata Jóns Leifs og ýmis þjóðlög. Síðan heyrðum við ræður þeirra Staunings¹ og Sveins Björnssonar og músikkina í Höfn.

Auk þeirra sem voru hér í fyrri voru t.d. Eggert Stefánsson² og Fritz Kjartansson,³ Gunnar Böðvarsson Kristjánssonar,⁴ Jón Leifs og frú (sem þótti Íslandskantatan sín illa spiluð!) og eitthvað af kvenfólki. --

Annars er enginn friður í sendiráðinu fyrir gyðingum sem vilja flytja til Íslands, því einhvern veginn hefur það frést að þar væri friðland fyrir þessa vesalinga, en ég verð auðvitað að segja þeim það sé ekki, nema 2-3 sem sérstaklega hefur staðið á með.

Helgi er velþekktur í sorglegri sögu gyðingaofsókna, sem náðu til Íslands og íslenskra stjórnvalda. Kunnur fyrir hjálpsemi við dr. Karl og dr. Irmgard Kroner og son þeirra til að komast til Íslands. Þau voru hér stríðsárin og bjuggu lengst á Seltjarnarnesi. Hann stundaði daglaunaverkamannavinnu og konan hans kennslu o.fl. Dr. Kroner fékk ríkisborgararétt eftir að hafa fengið leyfi til að flytja til Bandaríkjanna N.A. í stríðslokin.

Rvík, 12.12.'38. Álfheiður Briem skrifar Helga P. Briem.

--Þú hefur náttúrulega lesið um allt fullveldisfarganið hérna hjá okkur. Ég segi nú fyrir mína persónu að ég sat við útvarpið allan daginn og mátti ekki vera að neinu fyrir hlustingum, það var nú meira hvað allir voru á eitt sáttir daginn þann, ég bara skildi ekki vel af hverju er að státa. Við erum svo langt frá því að vera sjálfbjarga, fáum lítið flutt inn nema vín og tóbak. Okkur er uppálagt að nota okkur rafurmagnið út í ystu æsar, en það fást engin áhöld í bænum svo maður getur ekki notfært sér þennan

¹ Thorvald Stauning (1873-1942), forsætisráðherra Dana.

² Eggert Stefánsson (1890-1962), söngvari.

³ Fritz Kjartansson (1907-51). Hann var kaupþjálmaður, m.a. í fiskútflutningi.

⁴ Gunnar Böðvarsson (1916-89). Sonur Böðvars Kristjánssonar menntaskólakennara. Þekktur jarðhitaverkfræðingur og prófessor í B.N.A.

lága taxa sem maður er búinn að streitast við að fá. Ég er með gamalt apparat sem ég nota af því ég fæ ekkert annað. --

Berlín, 3.1.1939. Helgi P. Briem skrifar Álfheiði Briem.

Pakkar hangikjötssendingu sem hann hlakkar til að borða á þrettándanum.

-- Við höfðum indæl jól og jólatré. Á aðfangadagskvöldið komu hingað þeir Íslendingar sem voru í bænum og ég vissi af. Voru þeir átta, að okkur meðtöldum. Kristján Albertsson, Ögmundur Jónsson,¹ Þórarinn Jónsson,² Sesselja dóttir Stefáns Gunnarssonar,³ Hildur dóttir Þorsteins Skaptasonar (og dótturdóttir Matthíasar Jochumssonar)⁴ og hjúkrunarkona sem heitir Ragnheiður Oddsdóttir.⁵ Við borðuðum rjúpur o.þ.h. og svo kveiktum við á jólatrénu og söng Hildur ágætlega, svo þetta fór betur en á horfðist því við hin sungum meira af vilja en mætti.

Þá segir hann frá veislu sem sendiherra Dana Hans Paul Hoffmeyer bauð til. Þar hitti hann bróður hans Skat H. biskup, vin Jóns biskups Helgasonar. Hann hafði áður boðið Helga til sín í Höfn. Sendiherrann:

-- hélt ræðu með yfirliti yfir hvað skeði á árinu 1938, og fór ég hvað best út úr því, þar eð hann sagði að hans:

Beundring for Briems dygtighed og begavelse har steget endnu nogen grader ved at han havde taget doktorgraden, netop når Tyskerne havde stor mangel på doktorer da Jøderne havde mistet deres jus praktikandi. --

Nú skrifar Álfheiður syni sínum, ekki beint jákvæð.

Rvík, 11.1.'39. Álfheiður Briem skrifar Helga P. Briem.

-- Mikið er maður orðinn leiður á útvarpsprógramminu hérna, ég skil ekki það séu til leiðinlegri menn en Vilhjálmur Þ.⁶ með Hávamál, Jón Eyþórsson⁷ um *daginn og veginn* og Helgi Hjörvar⁸ með sitt snakk, í kvöld bætist Einar Ólafur⁹ við í hópinn og les Odysseifskviður, skil ég ekki hver lifandi maður nennir að hlusta á þann lestur. Þess á milli syngja svo ómögulegir söngmenn, svo sem eins og Pétur Ó. Jónsson,¹⁰ sem ekki getur sungið ófalskan tón, það er ljóta útkoman. --

¹ Ögmundur Jónsson (1910-79). Kunnur verkfr., m.a. hjá Almenna byggingarféli. Aðstoðaði HPB við dreifingu bréfa frá Íslandi til móttakenda í Þýskal. á fyrstu stríðsárunum.

² Þórarinn Jónsson (1900-74) frá Mjóafirði, tónskáld. Blandaðist ásamt fleirum inn í áróðursútvarp Þjóðverja á íslensku á stríðsárunum.

³ Sesselja Stefánsdóttir (1909-63), dóttir S. Gunnarssonar skókaupmanns. Píanóleikari og listunnandi. Arfleiddi Listas. Ísl. að eignum sínum, m.a. Austurstr. 12.

⁴ Hildur Þorsteinsdóttir (1913-98). Dóttir Þóru Matthíasdóttir og Þ.Skaptasonar ritstjóra. Við nám í klæðasumi. Kaupkona, rak versl. Gluggann við Laugav.

⁵ Ragnheiður Oddsdóttir (1909-84). Útskrifuð frá Hjúkrunarskólanum; starfaði þá í sjúkrahúsi í Berlín.

⁶ Vilhjálmur Þ. Gíslason (1897-1982) lengi form. Útvarpsráðs og útvarpsstjóri.

⁷ Jón Eyþórsson (1895-1968), veðurfræðingur, forystumaður í jöklarannsóknun, lengi formaður útvarpsráðs.

⁸ Helgi Hjörvar (1888-1965), skrifstofustjóri útvarpsráðs.

⁹ Einar Ólafur Sveinsson (1899-1984) prófessor. Vinsæll upplesari á fornsögum.

¹⁰ Pétur Á. Jónsson (1894-1956) óperusöngvari sem frægur var í Þýskalandi. Rétt var að hann söng ekki alveg hefðbundna tóna, en að þeir væru falskir er varla rétt. Álfheiður var góður píanóleikari og tónvís.

Berlín, 16.1.1939. Helgi P. Briem skrifar Friede Pálsdóttur Briem.

-- Höfðum átta heimilisleysisgjafa (!) hér á jólanóttina og sex á nýársdag. Las ég á nýársdag (upp) kítík Gunnars Benediktssonar¹ í Rauðum pennum á Kristjáni Albertssyni og hans litlu afköstum fyrir flokkinn, og var gerður hinn besti rómur að. Fékk Kr. síðan heftið með sér heim til frekari yfirlesturs og líklega andsvara. Er þessi vesalingur nú að ljúka við *bókina sína* sem hann ákvað að kalla *Norðurljós* fyrir 17 árum síðan, svo hann hefur afar mikið að gera. --

Berlín, 24.1.1939. Helgi P. Briem skrifar Álfheiði Briem.

-- Hér er á ferð dr. Alexander Jóhannesson² og hef ég verið boðinn tvisvar með honum undanfarna daga. Hefur hann verið að halda fyrirlestra hér um hvað okkur þykir vænt um Þjóðverja og höfum margt af þeim að læra. Tekur hann til dæmis að Messías hafi verið þýddur á íslensku, að Matthías Jochumsson hafi þýtt 17 kvæði eftir Goethe og 12 eftir Schiller o.fl. Okkur datt í hug sumum að hann gæti eins vel haldið þennan fyrirlestur á Englandi, eða hvar sem væri, því M. hafi líka snúið 5 leikritum Shakespeare og Jón á Bægisá³ fyrst þýtt Paradísarmissi svo að því leyti stæðum við svipað að vígi gagnvart hvaða þjóð sem væri. En Þjóðverjarnir voru mjög ánægðir að heyra hvað við værum hrifnir af þeim.

-- vorum við með fleiri Íslendingum hjá Jóni Leifs í fyrradag til kvölds og var það hið myndarlegasta hóf. --

Annars er kólonían heldur að þynnast hér, en í hana hefur komið Eggert Stefánsson söngvari og ætlar að halda konsert af íslenskum lögum í útvarpinu í næsta mánuði. Vonum að það gangi vel fyrir honum. Annars fer misjöfnum sögum af hans getu og talið að hann sé búinn að missa röddina. --

Helgi skrifar Dorisi

Khöfn, 18.2.'39.

Segir frá ferð sinni til Hafnar þar sem Sveinn Björnsson tók á móti honum á brautarstöðinni, fór með hann á hótelið og síðan heim til sín í mat, hangikjöt og skyr. Ræddu þeir margt. Lét H. fá alls konar leiðbeiningar sem hann segist ætla að lesa vel. Síðan verða undirbúningsfundir.

¹ Gunnar Benediktsson (1892-1981), sóknarprestur, kennari, blaðam. og rithöfundur. Þekktur vinstri maður.

² Alexander Jóhannesson (1888-1965). Prófessor og lengi rektor Hásk. Ísl.

³ Séra Jón Þorláksson á Bægisá, (1744-1819).

Khöfn, 20.2.'39.

Var á undirbúningsfundum samninga við Þjóðverja hjá Sveini Björnssyni.

Segir landa sína hafa verið heldur óduglegan hóp og erfitt að komast að niðurstöðu. Eftir fundinn tók ég einn þeirra með mér í mat og töluðum við vinsamlega saman. Endaði það með því að hann gekk inn á afstöðu mína.

Á eftir hitti hann Svein Björnsson og var hann í vafa um skoðanir mínar á málum og sagði Helga hafa gengið of langt.

Lagði Helgi fyrir hann tillögu sína að nýjum samningi. Endaði það loks með því að hann féllst á tillögurnar. Kölluðum við hina samninganefndarmennina til fundar morguninn eftir áður en við hittum Þjóðverjana. Með það fór ég heim og skrifaði samninginn í ræðuformi.

Þegar nefndin kom saman fengu allir eintök og var það samþykkt, þótt Jóhann Þ. Jósefsson væri tregur. Niðurstaðan var að drög mín væru góð.

Sveinn barðist eins og ljón fyrir þeim. Þetta gerbreytir fyrra samningi og er miklu hagstæðari. En samningsstaðan mjög erfið. (Niðurlag bréfs vantar.)

Khöfn, 22.2.'39.

Segir frá stífum fundum en gerir sér von um að þeim ljúki skjótt. Mikið að gera fyrir hann þar sem hann þjónar líka sem ritari.

Khöfn, 23.2.'39.

Vonar að samningar séu að komast í höfn og hann geti komist heim til Berlínar 27. febr. en þá þurfa þau að taka sig upp og halda beint til Parísar.¹ Býst við að komast heim kl. 8. og kl. 10 verða þau að fara til Parísar.

Kaupmannahöfn, 25.2.1939. Helgi P. Briem skrifar Álfheiði Briem.

– Fyrir viku síðan kom ég hingað og eftir klukkutíma fer ég með lestinni aftur suður til Berlínar. – ég var afskaplega upptekinn áður en ég fór (að sunnan). En það var að fara úr öskunni í eldinn. Því hér hafði ég aldrei augnabliks frið. Sífelldir fundir og þegar þeir voru búnir varð ég að skrifa fundargerðir svo ég komst sjaldan í rúmið fyrir kl. 2. En nú erum við búnir að gera verslunarsamning við þjóðverjann sem ég vona að menn verði ánægðir með heima, þó auðvitað fái ég líklega lítinn *deil* þar í.

Nú fer ég í nótt til Berlínar, tek Dorisi þar, held áfram til Parísar á morgun fyrir hádegis - tek Kristján Einarsson² þar á mánudaginn og síðan suður í Francó-Spán og býst við að verða þar um nokkurt skeið. –

¹ 24.2.1939 voru samningar við Þjóðverja undirritaðir. Væntanl. hafa tillögur Helga að nýjum samningi auðveldað niðurstöður.

² Kristján Einarsson (1893-1962). Forstjóri Sölusamb. ísl. fiskframleiðenda; giftur Ingunni dóttur séra Árna Þórarinss. á Stóra-Hrauni.

Ég hef því haft nóg að gera þar sem þetta kemur alveg hvað ofan í samt, enda hálfpreyttur og svefnlaus, en aðalatriðið er að þýski samningurinn er frá og með mjög bærilegum árangri. --

Bilbao, 7.4.1939. Helgi P. Briem skrifar Álfheiði Briem.

-- Doris hafði allt viðbúið þegar ég kom svo ég þurfti ekkert að tefjast. Við fórum í bílnum, fyrst til Parísar og síðan hingað suður eftir. Höfðum nokkurra daga dvöl í Biarritz meðan við vorum að biða eftir að *visum* fyrir Kristján Einarsson kæmist í lag. --

Mér skilst svo sem það sé ætlast til að ég verði hér megnið af sumrinu og komi ekki aftur til Berlínar fyrr en í haust. Er það lítill ánægjuauki að hugsa til að eiga að búa á hóteli hér allan þennan tíma og verst að mér sýnist ég geta aðeins gert sáralítið gagn, því hér er lítið um peninga til að kaupa nokkurn skapaðan hlut og þá einnig saltfisk, enda er það ódýrara fyrir landið að láta vera að kaupa allra handa óhóf.

Við hittum sem ráðgert hafði verið Kristján Einarsson í París og keyrði hann með okkur í bílnum hingað suður og höfum við alltaf verið saman síðan. Hann er sá ágætasti félagi sem maður getur óskað sér. Fer hann á páskadag til Englands og ætla ég að koma þessu bréfi á hann, því hér er mjög ströng ritskoðun. --

Loksins er þetta voðalega stríð búið, og létti við það fargi af mörgum, þó auðvitað væri það lítið ánægjulegt fyrir marga. Er mikil gremja og sorg undir niðri því sigurvegararnir láta kné fylgja kviði og eru fangarnir taldir í hundruðum þúsunda og mun margir þeirra þó ekki hafa gert mikið af sér.

Eru taldir um 20.000 fangar hér í bænum og notaðir allir skólar, háskólinn og margar aðrar stofnanir til að loka þá inni. En auðvitað gleðjast hinir yfir að hér skuli þó friður enda þótt það ef til vill sé aðeins á yfirborðinu, eða svo segja menn að minnsta kosti. En auðvitað má ekkert fréttast um þetta út fyrir landsteinana!

Það eru töluverð matarvandræði hér og hafa þau aukist mikið við fall Madridar og Valenciu, því nú þarf að senda matvælin svo þúsundum tonna skiptir til að halda lífinu í fólkinu þar, og það verður að taka hér. Ekki svo að skilja að við höfum ekki nóg, sem búum á besta hótelinu, en maður fréttir það nú utan að sér. Þegar Doris ætlaði að fara að gæða Sallí á kjötbeini úti í garði hér, horfði gömul kona með soltnum augum á beinið, svo hún tók það frá hundinum og bauð henni, og var það þakksamlega meðtekið.

Maður skyldi nú ætla að hér væri hægt að selja fisk, en erfiðleikarnir eru með borgunina fyrir hann -- Höfum við samt sem áður verið í samningum um það --

Er Madrid féll byrjuðu menn því að drekka sig augafulla en síðan var bærinn *illuminaður*, og flöggum skreyttur og *parader* sem í voru mestmegnis smádrengir og telpur. Ganga drengir frá fimm ára aldri með byssulíkan um öxl og allir hinir hermannahestu í úniformum og syngja ættjarðarsöngva og hrópa *húrra* fyrir foringjanum með viðeigandi fögrum látum. Finnst manni það vera heldur snemmt að byrja að kenna þeim hermennskuna.

Ég geri ráð fyrir að Boeck sendiherra, sem hér var áður, komi aftur hingað til Spánar og setjist að í San Sebastian nú um mánaðamótin, en þar búa flestir diplomatararnir. Aftur á móti geri ég ráð fyrir að búa áfram hér í Bilbao, því mér þykir það viðkunnanlegri staður en San Sebastian og þekki ýmsa hér, og hef auk þess mest saman við verslunarmálaráðuneytið að sælda, en það er hér í Bilbao. --

Bilbao, 29.4.1939. Helgi P. Briem skrifar Friede Pálsdóttur Briem.

Þakkar bréf, blöð og fréttir. Þótti býsn að heyra um gengisfellinguna á Íslandi.

-- Mér líst nú lítið á þessa bók Sigurðar vinar.¹ Hann sagði mér af henni og þykir mér verst ef hann þakkar Dönnum allt sem gert hefur verið. Ættir þú að skjóta því að honum að fá t.d. Þorkel Jóhannesson til að lesa hana yfir.

Ég ætlaði að skrifa þér frá Höfn, þegar ég var þar í febrúar vegna samninganna við Þýskaland. En það varð lítill tími til slíks því ég var bókstaflega alltaf upptekinn fram á nætur, því hinir voru hálf linir í þýskunni og áttu sérstaklega erfitt með að skilja nefndarformanninn, svo ég varð að sitja við og bóka milli funda -- Komst ég því ekki til neins sem ég ætlaði að gera, því strax og samningar voru búnir fór ég um nóttina til Þýskalands. Var í tvo tíma í Berlín og héldum við Doris -- síðan áfram hingað í bílnum svo ég var komin suður í Frakkland 24 tímum eftir að samningunum var lokið. Þar hittu ég Kristján Einarsson og vorum við síðan saman óslitið í sex vikur og fór hið besta á með okkur, því hann er fyrirtaksfélagi og gott að vera með honum.

Ræðir erfiða hóteldvöl þeirra hjóna og skort. Einnig þróun íslenskra stjórnmála. Þau verða áfram um tíma þar í Bilbao, en skreppa vikutíma til Barcelóna.

Ætli Helgu² vinkonu þinni, þyki ekki heldur þetra að Stebbi er orðinn ráðherra og hún ráðherrafrú! --

¹ Sigurður búnaðarmálastj. mun hafa sungið sinn svanasöng með *Landbrug og Landboforhold i Island : Danmarks Indsats for det islandske Landsbrugs udvikling*. Friede var honum hjálpleg, skrifaði prentandritið fyrir hann á dönsku, stundum eftir upplestri. Hann var þá dauðveikur. Er minnisstætt hvernig hann þaut um stofuna, las fyrir og gleypiti *brúna skammta* við verkjum. Dó næsta ár. Hann var sennilega orðblindur, skrifaði illa og órétt. Mikið liggur eftir hann af göðum og hvetjandi ritverkum.

² Hér á hann við Helgu Björnsd. Ólafs og Stefán Jóh. Stefánss. sem var orðinn félagsmálaráðherra. Þarna örlar á stríðni. Þau hjón voru nánasta vinafólk Friede og Ásgeirs heitins.

Barcelóna, 29.6.1939. Helgi P. Briem skrifar Álfheiði Briem.

Ræðir mál fjölskyldunnar á Ísl. Gleðst yfir brúðkaupi Jónu uppeldissystur sinnar, þykir miður gott að geta ekki verið við neinar slíkar hátíðir í fjölskyldunni. Vonar að komast heim fljótlega.

-- Ég þufti að skreppa hingað fyrir viku síðan. -- Býst við að fljúga til Bilbao. -- við seldum bílinn til að hann yrði ekki of gamall. -- Vagnarnir óhreinir og rúður brotnar. --

Heyrir maður lítið annað óánægjuorð hjá almenningi hér. Fólkið orðið fátækara og verr launað en áður. Mikið atvinnuleysi og eyðilegging bæði á lífi og limum. --

Svo er ég hálfpartinn að vonast til að koma heim bráðlega, þó ekki viti ég um það með vissu. Hvað svo sem tekur við. --

Hér eru einlæggar sigurhátíðir og skruðgöngur og ræðuhöld, svo er helst að sjá sem enginn viti hvað gera skuli nú og eiginlega ekki til hvers þeir hafa verið að berjast. --

Vorið 1939 var stríðsundirbúningur Þjóðverja í algleymingi. Ég skýrði ríkisstjórninni frá því að altalað væri að stríðið mundi hefjast 26. ágúst. Það byrjaði þó ekki fyrr en 1. september en þá var þegar hafin skömmun og giltu fyrstu miðarnir frá 26. ágúst, svo það virðist hafa verið sá dagur sem upprunalega var ákveðinn eins og almannarómur sagði um vorið.

Manni ógnaði hvernig þessi hroðalega ríkisstjórn gat hrært í gáfaðri, gjörvilegri og göfugri þjóð, svo þessi hræðilegi sori kom upp á yfirborðið.

Auðvitað sá ég ráðamenn í Þýskalandi alloft. Hitler hefir verið lýst oft og lengi. Mér kom hann fyrir sjónir sem ósköp venjulegur handverksmaður, spengilegur í vexti og meðalgreindur maður, nema þegar hann brosti, þá varð hann mjög heimskulegur. Þegar hann hélt ræður byrjaði hann oft hægt og hikandi, en von bráðar varð hann djöfulóður. Komu ræður hans þá eins og fossaföll, sem tryllti áheyrendur, svo þeir tóku ræðunni ekki með skilningi og skynsemi, heldur sem ástríðufullan straum tilfinningasemi, sem veitti þeim einhverskonar fróun.

Hann hirti aldrei laun sín sem kanslari. Hinsvegar talaði hann aldrei fyrir minna en 3.000 mörk og fór gjaldið hækkandi. Þeir sem sáu um fund þar sem hann talaði urðu því að smala fólki ósleitilega, til að hlusta á foringjann, svo ekki yrði tap á fundinum.

Var undirbúningur því stórkostlegur og menn skyldaðir til að koma. Sátu menn í stórum ferhyrnum svæðum, alltaf mörg þúsund manns. Voru slíkir fundir því mjög tilkomumiklir. Um sama leyti sá maður myndir af forsætisráðherra Bretlands halda ræður, að því er virtist fyrir nokkrum unglungum í Eton-skólanum.

Göbbels var eini maðurinn í ráðuneyti Hitlers sem var með gáfulegan svip. Hann hafði mjög greinilegan satanistiskan svip, eins og kallað var á miðöldum, en þeir menn voru taldir hafa sérstaklega gott samband við djöfulinn. Hann var svartur á brún og brá, dró á eftir sér aðra löppina - hófinn. En hann hafði fallegar hendur. Áður en hann framdi sjálfsmorð hafði hann drepið konu sína og fimm börn á eitri.

Göring sá ég einnig alloft. Hann mátti sjá á gangi á götum úti, svo lögreglan var auðsjáanlega ekki eins hrædd um líf hans eins og Hitlers. Þessi mikli skrokkur, með mikla bumbu, var klæddur í kápu úr grænu skinni sem náði honum niður á ökkla. En höfuðið á þessum mikla bók var mjög tekið að ganga saman og allt andlitsfallið einkennilega kerlingarlegt. Skil ég ekki í hvernig hægt var að mynda hann svo glæsilegan, nema alltaf hafi verið notaðar gamlar myndir. Hann hafði undarlega mikla alþýðuást. Það var eins og Þjóðverjum fyndist hann maður af þeirra holdi og blóði og líkaði vel hinn stórkostlegi þjófnaður hans úr erlendum söfnum og eyðslusemin.

Lítill vinátta var með þeim Göring og Göbbels og reyndu báðir að skara fram úr hinum. Var sagt að þegar átök væru í flokknum héldi Göbbels sig ætíð nærri Hitler, til þess að Göring dræpi hann ekki í misgripum.

Þó ég væri búsettur í Berlín þurfti ég að ferðast allmikið. Fór ég til Barcelóna í byrjun janúar 1938, en þar var lítið hægt að gera.

Í júní það sama ár fékk ég fyrirmæli um að fara til Burgos og tala við ráðamenn þar í stjórn Francos, sem þar hafði aðsetur. Voru menn þar sigurvissir, enda gátu þeir lokið borgarastyrjöldinni þegar þeir vildu, þó henni lyki ekki fyrr en 28.-29. mars 1939. Var talið að menn Francos kærdi sig ekki um að taka við fjölmönnum borgum og héruðum fyrr en með vorinu, því erfitt mundi að fá matvæli fyrr en gróður lifnaði að vori, en betra að láta andstæðingana um það.

Þar sem Ísland viðurkenndi Barcelónastjórnina frá því fyrir stríð var heldur ólíklegt að hún vildi veita mér viðtal, nema að ég kæmi til að undirbúa að veita henni viðurkenningu. Símaði ég því fyrirspurn heim um það hvort ég mætti segja eitthvað slíkt í Burgos. Fékk ég ekki svar við þeirri fyrirspurn. Þar sem ég starfaði í sendiráði Dana taldi ég rétt að spyrja sendiherrann ráða. Hann var gamall diplomati og hét Herluf Zahle. Er ég hafði reifað málið lagði hann kollhúfurnar og sagði:

Jeg synes nu at Islænderne har en vis tilbøjelighed til at lege kispus med internationale begreber.¹

Ég var nú ekki beinlínis að spyrja um það, en annað svar fékk ég ekki eða ráð. Mun þetta hafa verið í síðasta skipti sem ég bað danskan diplomat um ráð.

¹ *Mér virðist Íslendingar hafa nokkera tillmeigingu til að hafa aðra að fjfli með notkun alþjóðlegra hugtaka.*

Í utanríkisráðuneytinu í Burgos hitti ég gamla kunningja frá utanríkisráðuneytinu í Madrid. Voru margir þeirra aðalsmenn, og sem töldu lífvænlegra að hverfa frá Madrid og ganga í þjónustu Francos. Erindislok urðu þó sem vænta mátti; hafi verið gjaldeyrisskortur áður, var hann nú alger.

Í febrúar 1939 voru samningar við Þjóðverja í Kaupmannahöfn og undirskrifaðir þann 24. febr. Tók ég næturlestina til Berlínar um kvöldið og kom þangað milli kr. 7 og 8 að morgni. Hafði ég þá tíma til að borða hádegisverð heima hjá mér, og bæta ýmsu í töskur mínar, því strax á eftir fór ég til Parísar, því ég hafði fyrirmæli um að hitta Kristján Einarsson,¹ forstjóra Fisksölusamlagsins, þar um kvöldið. Fórum við síðan til Spánar og vorum þar þegar Madrid féll og borgarastyrjöldinni var lokið. Ekki sá maður mikinn fögnuð yfir því í Baskahéruðunum, því þar óttuðust menn að Franco mundi þrengja kosti Baska og vera andstæður kröfum þeirra um heimastjórn.

Allar ferðir voru mjög erfiðar og þurfti allskonar plögg til að fara milli bæja, hvað þá milli landa. Urðum við Kristján fyrir alls konar töfum, en til allrar hamingju hafði ég stimpil með mér. Gaf því bæði honum og mér sjálfum bestu meðmæli um að komast inn í Spán og síðan út þaðan. Er landamæraverðirnir sáu stimpilinn gekk allt fljótara fyrir sig.

Ég fékk fyrirmæli um að fara til Barcelóna, til að reyna að fá botn í viðskiptin frá því fyrir borgarastyrjöldina. Lestirnar voru svo yfirfullar, að ég varð að leigja mér mann sem stóð í biðröð frá kl. þrjú um daginn og setjast í lestina strax og hún kæmi á járnbrautarstöðina, en þaðan fór hún ekki fyrr en kl. tíu um kvöldið. Sátu tíu farþegar þar sem voru átta sæti og tveir lágu á gólfinu fyrir fótum okkar.

Er ég hafði verið nokkra daga í Barcelóna fékk ég fyrirmæli um að koma heim. Flaug ég til Stuttgart í ofsaveðri. Dældaðist flugvélin mjög vegna eldinga er slógu niður í hana. Loks var gefist upp og neyðlent í Genf, þangað til veðrinu slotaði nokkuð. Gat ég gist heima hjá mér um nóttina en flaug strax næsta morgun til Osló og fékk far með Stavangerfjord heim.

Ég var því staddur í Reykjavík er stríðið braust út, 3. september, en var sendur til Berlínar í október, því stjórnin hélt að Bretar mundu leyfa verslun með eftirliti. Var ég því fyrsta stríðsveturinn í Berlín. Get ég naumast hugsað mér ömurlegri bæ en Berlín var þá, almyrkvuð og köld.

Kristján skrifar úr íbúð Helga sem hann býr í, meðan hann leitar sér að herbergi. Spyr um hvort hann eigi ekki að vera í íbúðinni áfram, eða þar til hann fengi nánari boð frá Helga. Kristján virðist hafa flutt út 27.10.'39 samkvæmt þakkarávarpi sem hann skildi eftir; - og þakkar sérstaklega fyrir aðgang að bókasafni hjónanna, nótt og dag.

¹ 1893-1962. Forstjóri Sölusamb. ísl. fiskframl. Einn af stofnendum h.f. Alliance. Átti Ingunni dóttur séra Árna á Stóra-Hrauni.

Berlín, 22.9.'39. Kristján Albertsson skrifar Helga P. Briem.

-- en hvað skal nú gera. Verð ég yfirleitt hér í vetur - flýja ekki allir sem farið geta, ef í hart slær milli stórveldanna og loftárásir hefjast og annar slíkur djöflagangur? Ég er nú helst að hugsa um að vera hér í íbúð þinni (í von um að þú afsakir þaulsætnina) þangað til ég frétti um að von sé á þér hingað. --

Þetta er í sannleika býsna kosmopolítískt samsafn hér á þínu heimili; ein kínversk tík, ein pólsk þerna og einn íslenskur lektor - en ekki get ég sagt annað en að samkomulagið sé hið besta, því jafnvel tíkin Salvör, sem er mesta gribba, eins og þú veist, er farin að láta í ljósi fögnuð þegar hún sér mig koma inn úr dyrunum. Sú pólska gifti sig á dögnum, múrara, mesta myndarmanni, sem talaði við mig um heimsstjórn málin -- en hinsvegar ber ekki á öðru en að tíkin Salvör ætli algjörlega að pipra, enda ekki von á að neinn vilji eiga svo geðvonda persónu (þetta máttu ekki hafa eftir mér við frúna, hún kynni að erfa það við mig). Allir landar farnir héðan nema hinir gömlu margreyndu víkingar Þórarinn (Jónsson) og Ögmundur (Jónsson) - karlar sem ekki láta sér allt fyrir brjósti brenna. Og svo náttúrlega Jón Leifs og ég.

Ég bið þess svo að þú símir þeirri pólsku og boðir komu þína, eins og hún segir mér að þú munir gera - og skal ég þá vera farinn héðan áður en þú kemur. --

Bergen, 13.10.1939. Helgi P. Briem skrifar Álfheiði Briem.

Þau hjónin eru komin til Noregs eftir för til Íslands. Bréfið er til að þakka fyrir móttökur Álfheiðar og Friede í Tjarnargötu 24. Helgi er á ferð með Jóhanni Þ. Jósefssyni í samningaerindum.

Khöfn, 20.10.1939. Helgi P. Briem skrifar Friede Pálsdóttur Briem.

-- Hér er miklu daufara en áður, töluverður uggur í mönnum og ekki kveikt á nema á fjórðu hverri lukt og ekki á neinum ljósaauglýsingum eða í búðargluggum. Hér er samt miklu betra en í Berlín, því þar má ekki sjást nokkur skíma, né yfirleitt hvort ljós sé í herbergjum eða ekki. En hinsvegar er pappír eða annað til að dimma gluggana ófáanlegt. Á götunum er hvergi ljós svo menn eru alltaf að rekast á, þó þeir hafi fosfórskilti á sér til að eitthvað sjáist. Ella er kolniðamyrkur. --

Khöfn, 20.10.1939. Helgi P. Briem skrifar Álfheiði Briem.

--Þegar ég stóð í röðinni til að vera kontrolleraður við komuna til Helsingör rak ég augun í seðilinn á kofforti mannsins sem stóð næstur á

undan mér. Þar stóð Fr. Friðriksson og reyndist raunar vera séra Friðrik¹ vor gamli vinur og varð það fagnaðarfundur okkar á meðal og urðum við samferða úr því.

Hann er hérna að skrifa ævisögu sína á dönsku, því það sem komið er af henni er mjög eftirsótt og komin þrjú upplög af fyrsta hlutanum. Hann var hálfpartinn að hugsa um að fara heim og vera fyrir séra Þorstein (Briem) á Akranesi þegar hann fer á þing, en ég held að hann hafi hætt við það. Hann er hraustlegur og feitari en ég hef nokkurn tíma séð hann áður.

Líka rakst ég á Helga frænda Hálfðánarson² hér. Hann var að ljúka sér af í Lyflæknaskólanum og fer vist heim á morgun með Gullfossi.

Heldur saknar maður vinar í stað sem Sveinn Björnsson er nú hvergi nærri - því það er auðvitað allt annað að tala við Krabbe, þó að það hafi farið vel á með okkur. --

Lýsir myrkvun Hafnar og erfiðleikum henni samfara.

Það er allt bókstaflega komið á (skömmtunar)seðla nú -- Hlægilegast þótti mér að maður getur ekki fengið skóna sína sólaða nema gegn yfirlýsingum og seðlum frá lögreglunni. Það fer flest að verða munaður þegar heill sóli eru orðinn lúxus sem þarf að taka fyrir, til að menn fari ekki að láta sóla skóna sína í einhverju óhófi. Við höfum því pantað okkur hér hjá körlum sem selja í fríhöfninni, bæði hveiti og sykur, te og kaffi og allslags munað, svo við erum ekkert bangin og förum ekkert út á kvöldin í vetur, nema rétt þegar tungl er í fyllingu! Enda söknum við þess ekki mikið og erum róleg heima.

Hér á hótelinu er allt fullt af Þjóðverjum. Flestir þeirra eru kaupmenn frá Hamborg. Sagðist einn þeirra hafa 80 manns á skrifstofu sinni, en ekki fengið þeim nokkurn hlut að gera í heilan mánuð, því hann hafi ekki flutt inn nokkurt pund síðan stríðið byrjaði.

Ég býst við að verða hér framundir mánaðamótin og kannski fram yfir þau --

Khöfn, 7.11.1939. Helgi P. Briem skrifar Álfheiði Briem.

-- Hér sitjum við ennþá í Kaupmannahöfn og er nú fullur mánuður síðan við förum að heiman (þ.e.a.s. frá Tjarnargötu).

Það virðast ganga eitthvað seint samningarnir í Bretlandi og fyrr en þeir eru um garð gengnir er lítið að segja við Þjóðverjana.

¹ Séra Friðrik Friðriksson (1868-1961). Var áfram í Danmörku á stríðsárunum. Forystumaður æskulýðsstarfs KFUM og Knattspyrnufélagsins Vals.

² Helgi Hálfðánarson (1911-2009). Frændi HPB, sonur séra Hálfðáns Guðjónssonar vígslubiskups á Sudárkróki; lyfsali, þýðandi, skáld, kennari og menningarfrömuður.

Ekki höfum við þó undan neinu að kvarta því okkur líður ágætlega hér í þeirri smjör- og fleskauðugu Danmörku. Var ég meira að segja farinn að fitna, því Doris heimitaði að ég borðaði alls konar fitandi mat og drykki mjólk því ekki fengi ég hana í Þýskalandi.--

Khöfn, 8.11.1939. Helgi P. Briem skrifar Friede Pálsdóttur Briem.

Þakkar sendingu á bréfi blöðum og minnisbók sem hann skrifar ýmislegt í sem sér hefði komið illa að missa.

-- og fyrir allt sem þú gerðir fyrir okkur í sumar.

Ég vona að þú fáiir teppisbleiðil sem þér líkar með *Drottningunni* og hann henti í stofunni þinni, svona nokkurn veginn. Langaði okkur Doris til að skenkja þér hann til uppbótar á hvernig við höfum niðurnítt og útvaðið þitt ágæta heimili í allt sumar. Mér þykir bara verst að þú hefur allslags kostnað af teppinu þegar heim kemur (þó ég segði þeim að falsla verið!) en ætla að biðja þig gera mér þann greiða að láta Eggert endurgreiða þér hann og skulda mig fyrir. --

Hér sitjum við ennþá og væsir ekki um okkur. Doris hefur verið svo staffírug með að ég drykki mjólk og fitaði mig til viðbúnaðar ferðinni suður á við, að ég var farinn að standa á blístri, en farinn að njóta mín aftur nú.

Ég hef eiginlega verið að búast við suðurgöngu á hverjum degi, en ekkert breytist, svo við sitjum hér enn.

Hef ég látið senda heilmikið af allslags matvælum suður til Berlínar til að mann skorti nú ekkert á hverju sem veltir, svo ekki þurfið þið að bera áhyggjur út af því, né neinu öðru sem okkur viðkemur --

Khöfn, 26.11.1939. H.P.B skrifar Álfheiði Briem.

-- við erum hér ennþá í Kaupinhöfn og fer hið besta um okkur. Okkur datt ekki í hug að við yrðum svona lengi hérna, en svona er þetta og ég er hræddur um að þessi styrkta *blockade* frá Englandi geri okkur heldur erfitt fyrir með verslun hingað og til Þýskalands, og þá um leið Englandsnefndinni. En við biðum alltaf eftir því hvaða kjör hún fær, svo ég er farinn að óttast að við verðum hér lengi ennþá, þó alltaf sé gott að vera hér í Höfn. --

Ég hef unað hér hið besta og útvegað mér nóg að gera. Meðal annars hef ég fundið hér í Kgl. bibliótekinu bréf þabba til Finns Jónssonar,¹ rúmlega hundrað talsins og um 30 til Boga Th. Melsted.²

¹ Finnur Jónsson (1858-1934), norrænufræðingur og prófessor í Höfn.

² Bogi Th. Melsted (1869-1929) sagnfræðingur í Höfn, um skeið alþingismaður Árnesinga.

Eru bréfin til Finns mjög merkileg fyrir mig því þar kynnist ég ýmsu um hans áhugamál, sem ég hafði mjög gaman af og tók ég afskrift af helstu köflunum. Annars eru þessi bréf ekki til almenningsafnota fyrr en eftir 50 ár þó ég fengi að sjá þau vegna skyldleika.

Hef ég því verið mikið á bókasöfnum hér og stúderað, en nokkuð úti á kvöldin, aðallega hjá frú Björnsson, sem gerði okkur það til skemmtunar að fara hér lengst suður á Sjáland með okkur á föstudaginn. --

Líka bauð Krabbe okkur til sín í middag eitt kvöld og að spila við sig á eftir. Var það mjög huggulegt eftir að maður var byrjaður að spila í sérherbergi Krabbe's en heldur ágalegt í dagstofunni hjá honum, því þar voru allir veggir þaktir málverkum eftir Guðrúnu dóttur hans,¹ en það eru þau ófrýnilegustu listaverk sem ég hef séð, og þykist ég þó mörgu vanur og læt mér hvorki byltingar né blóðsúthellingar fyrir brjósti brenna. Fjórði maður var Klemens, elsti sonur Tryggva Þórhallssonar, mjög sympatískur piltur sem lýkur sér af með hagfræðipróf nú í vor.² Hann talar dönsku alveg eins og maður hugsar sér að Tryggvi hefði borið hana fram! og alveg tilgerðarlaust. Fer hann í Landsbankann strax og hann er búinn, svo ekki þarf hann að bíða eftir stöðu. --

30.11. Við höfum verið hjá frú Björnsson hér um bil á hverju kvöldi undanfarið. Henrik³ var að fréttu að hans fyrrverandi kærasta, dóttir Péturs Jónssonar, hafi verið að gifta sig og var ósköp deprimeraður út af því. Höfum við það á tilfinningunni að móðir hans haldi að við myndum frekar lífga hann upp.

Við vorum á *Finnlandskvöldi* hér í fyrradag til að sýna Finnum samúð og safna aurum handa þeim. Var þar talað mikið og sungið, en þrátt fyrir að allir sæju alvöruna bjóst maður samt ekki við að á þá yrði ráðist eins harkalega og nú er orðið. Guð má vita hvar þetta endar alltsaman.--

Einkennilegt fyrir skrásetjara að sjá þessi orð um bréf Páls Briem til Finns og rekast síðan á afskriftina í skjalasafni Helga. Löngu síðar, sat ég í sama safni og las bréfin, fékk afrit, skráði síðan orð fyrir orð, gaf út og afhenti afritin Landsbókasafni.⁴ Þá hefur 50 ára fresturinn verið útrunninn. Því miður fann ég ekki bréfin til Boga Melsted. Hagnýti uppskrift Helga frænda.

Berlín, 1.12.'39. Kristján Albertsson skrifar Helga P. Briem.

-- vér erum sem höfuðlaus her! Hin almenna óánægja í nýlendunni yfir því hve koma þín dregst gengur jafnvel svo langt að komið hefur til mála að skora á mig að hóta að flytja inn í íbúð þína aftur, ef þú farir ekki að

¹ Gudrun Krabbe (1900-76), listmálari, elst fimm barna Jóns Krabbe.

² Klemens Tryggvason (1914-97) Þórhallss. forsætisráðh. Hagstofustjóri.

³ Henrik Sv. Björnsson (1914-85), ráðuneytisstjóri og sendiherra.

⁴ Úr fjölskyldubréfasöfnum: Susie/Halldór Briem, Álfheiður/Páll Briem, 2009. E.Á. skráði. Lbs.

Fjölskyldubréfasafn Páls Briem og Álfheiðar Helgadóttur o.fl. 2003. E.Á. skráði. Lbs. Bréf Páls Briem til Finns Jónssonar. E.Á skráði. Lbs.

koma. -- segðu mér hvenær þú kemur - og hvort ég mætti fá örlítið af te hjá bústýrunni!

Te-málið er yfirleitt eitt af þeim alvarlegri vandamálum sem ég þyrfti að geta leyst með þinni aðstoð. Þið skuluð kaupa í Höfn það sem þið þurfið af sápu (og þú af raksápu) fyrst um sinn. Ef þú gengur á gúmmihælum þá eru þeir ófáanlegir -- þætti mér vænt um ef þú tækir eina um leið fyrir mig. --

Khöfn, 18.12.1939. Helgi P. Briem skrifar Álfheiði Briem.

-- Enn erum við hér í Höfn og vitum lítið um okkar ferðir frekar en fyrri daginn. Jóhann Þ. Jósefsson fer nú heim aftur og hefur nefndin alls ekki starfað enn, svo heldur hefur sú ferð verið fljóthugsuð hjá þeim blessuðum.

Ég símaði því, þegar Jóhann ákvað að fara heim um jólin, til stjórnarinnar, hvort henni þætti ekki ástæða til að ég færi áleiðis heim til mín, en hef ekki fengið svar við því ennþá.

-- Við vitum því ekki ennþá hvort við verðum hér eða í Berlín um jólin, en ef við verðum hér hefur frú Björnsson boðið okkur til sín um jólin og við þakkað fyrir það. -- Annars er allt hið besta af okkur að fréttu, Hver dagurinn er öðrum líkur. Ég nota helst tímann til smá stúderinga hér á söfnum, svo ég er ánægður, þó koman til Berlínar dragist, enda sýnist sem allar bjargar séu bannaðar með verslun við Þýskaland. --

Khöfn, 2.1.1940. Helgi P. Briem skrifar Álfheiði Briem.

-- erum farin að halda að stjórnin sé að láta okkur vera hér af því það sé okkur þægilegra en að vera í myrkrinu í Berlín. Væri það rétt eftir þeim blessuðum. Uni ég mér hið besta við nægan kost, þó heldur sé þetta hótellíf þreytandi.

Sendiherra kom heim daginn fyrir Þorláksmessu, ósköp þreyttur og sljór auminginn, og kvefaður að auki. Síðan hefur hann verið að reyna að ná úr sér þreytunni og slappelsinu eftir lundúnaveruna, fer snemma að háttu, en er alltaf hálf sljór. --

Þorláksmessukvöld var þorlaksblót hér hjá stúdentum og borðað hangikjöt, flatbrauð og laufabrauð, en öl drukkið við. Varð ég fyrir því að halda hátíðaræðuna fyrir minni Þorláks og fékk góðan róm. Getur verið að ég birti kafla úr henni, því þegar ég fór að kynna mér sögu hans fann ég töluvert merkilegt atriði um hann, sem ég held að enginn hafi tekið eftir áður. --

Reykjavík

Þann 23. janúar fékk ég símskeyti um að koma heim aftur og vissi ég ekki hvort stjórnin vildi að ég kæmi alkominn. 27. janúar sagði Sveinn Björnsson mér að ég skyldi leysa upp heimilið.¹ Var það all erfitt verk því lítt mögulegt var að fá hjálp og umbúðir til að pakka bókum og húsgögnum.

Khöfn, 29.1.1940. Helgi P. Briem skrifar Álfheiði Briem.

-- Það hefur nú skeð fyrir okkur að stjórnin óskaði að ég kæmi heim. Talaði ég við Hermann og spurði hvað ég ætti að gera við heimilið og hann sagði að það væri best að pakka allt upp. Fer ég því núna í vikunni til að sjá um það og kem svo líklega heim síðast í febrúar. Hvað svo tekur við veit ég ekki. Ég símaði strax til að segja upp íbúðinni og er hálf í hvoru feginn að eiga ekki að búa í Þýskalandi í þessu ástandi.

-- Líklega verðum við að biðja einhvern ættingjann að skjóta skjólshúsi yfir okkur aftur. Maður lifir svona eins og flækingur, alltaf á annarra náð og í húsaskjóli annarra. Það er gott að maður á góða að.

Það gladdi mig að Sigurður vinur *búnó* skyldi komast yfir sín voða veikindi. Bið ég kærlega að heilsa honum ef þú sérð hann áður en ég. Var annars farinn að verða hræddur um hann eftir þeim fréttum sem ég fékk, þó hann væri samanrekinn og sýndist seigur. -- Þá gerum við Doris ráð fyrir að koma með næstu ferð. --

Við komumst af stað þann 15. febrúar, en fyrsta daginn komumst við vegna snjókomu aðeins til Waren, sem er tveggja tíma ferð frá Berlín. Næsta dag var bæjarbúum stefnt til snjómoksturs svo járnbrautir tepptust ekki. Eystrasalt var þá frosið og engar ferjur. Á þriðja degi komumst við til Hamborgar og á fjórða til Odense, en Stóra beltí var frosið og ófært, svo við vorum teppt í viku. Fórum við heim með síðustu ferð Gullfoss þann 5. mars og komum heim þann 15., sem allslausir flóttamenn, með þrjár ferðatöskur.

Búslóð okkar var sett í Gullfoss í ferðina sem aldrei var farin. Var henni skipað í land, en eftir stríð er hún hafði fundist var eitthvað af henni sent heim. En þá var búið að taka allt fémætt og auðsjáanlega margsinnis leitað í henni. Vonast ég til að einhverjir hafi getað notað fatnað okkar, því mikill skortur var á honum í Höfn.

Meðal þess sem kom heim voru bækur mínar og nokkur íslensk málverk, og bað ég um að senda þau og bækurnar til okkar í New York og hlakkaði ég til að fá þær aftur eftir 8 ára fjarvistir. Er þetta dót hafði verið sett á flutningabíl í New York var komið kvöld og bílstjórinn nennti ekki að fara með það og setti hann í geymslu um

¹ Misminni. Þetta var Herm. Jónasson, þ.e. ef taka á mark á bréfi HPB til móður hans.

nóttina. En þá vildi einmitt svo til að brennuvargur kveikti í bílageymslunni og brann það þar. Er ég kom þangað niður eftir fann ég bók, sem bundin hafði verið í alskinn og var hún lítið skemmd, nema kjölurinn var brunninn af. Hirti ég hana til minja. Þannig hverfur dýrð heimsins.¹

Utanríkisþjónustan í móttun

Sveinn Björnsson kom heim þann 22. maí 1940 og var fyrsti Íslendingurinn sem kom frá Danmörku eftir hernámið. Hefði hann auðvitað átt að verða utanríkisráðherra, úr því að Ísland var búið að taka utanríkismálin í sínar hendur. Því miður var það ekki. Skyldi hann starfa sem ráðunautur utanríkisráðherra og ríkisstjórnar, en þeirri stöðu gegndi Stefán Þorvarðarson, sem um margt var góður maður og gegn, en haldinn sjúklegri minnimáttartilfinningu gagnvart Sveini. Sveinn vildi ekki særa hann eða gera neitt sem hann taldi honum til miska. Stofnaði hann því sína eigin skrifstofu og hafði Henrik son sinn til aðstoðar og pilt til vélritunar.

Þar sem ég var á lausum kili bauð ég Sveini aðstoð mína, því að með engum manni vildi ég frekar vinna. Kom okkur saman um að fljótlega þyrfti að gera leiðbeiningarbók fyrir starfsmenn utanríkisráðuneytisins og ræðismenn þá, sem Ísland þyrfti fljótlega að skipa. Mundu þeir lítt vanir og ókunnugir íslenskum lögum. Gerðu þeir feðgar údrætti úr þeim íslensku lögum, sem máli skiptu, en ég þýddi þá á ensku.

Hér er eyða, engin bréf fóru á milli þar sem fjölskyldan var sameinuð í Reykjavík; engir stórviðburðir sem minntu á sig. Skjalasafnið sýnir að hann hefur notað tímann vel við rannsóknir í skjala og handritasöfnum.

Er nú kominn til B.N.A.

New York,² 7.10.1940. Helgi P. Briem skrifar Álfheiði Briem.

-- Þá er maður hingað kominn og allt gekk það vel. Að kvöldi 11. dags fórum við að sjá vitana í vesturheimi og komum um nóttina til Long Island og lágum þar þangað til höfnin var opnuð um sexleytið. -- Síðan sigldum við upp Hudson river í sólskini. --

Á landi stóð Thor Thors³ og frú, Ólafur Johnson⁴ og frú. Skildist mér helst að þeir væru að gera mér *opvartning*, því frú Ágústa (Thors) var með ógurlega mikinn búkett til konunnar og Thor hafði skrifað til Washington

¹ Sagan er við upplifðum í Tjarnargötu 24 er önnur. Við frændsystkin tókum á móti búslóðinni, sáum um sendingu þess sem óskað var til USA þar sem HPB bjó. Búslóðin var í góðu ásigkomulagi. Það sem HPB vildi fá til sín var tekið frá, listmunir, persónul. gögn. Smáhlutir og vefnaður var tekið til geymslu á háalofstinu hjá okkur. Annað var verðlagt og selt í nýbyggingu Útvegsbanka v. Lækjartorg. Sumt keypti fjölskyldan. Nokkuð gaf Helgi okkur. Er dótið kom til NY kviknaði í flutningabílunum og var öllu sturtað á götuna svo ýmislegt brotnaði. Mismunur frásagnar minnar og hans byggist á því að HPB sá aldrei búslóðina sjálfur eins og hún kom frá Höfn. Verður aftur vikið á þetta síðar.

² Hér eru Helgi og Doris kominn til BNA. á leið til Portúgal.

³ Thor Thors (1903-65). Lengst sendiherra Íslands í BNA. Kona hans var Ágústa Ingólfssdóttir (1905-86).

⁴ Ólafur Johnson (1881-1958). Stórkaupmaður. Kona hans var Guðrún Árnadóttir frá Geitaskarði.

til að fá undanþágu frá tollskoðun fyrir farangur minn. Síðan bauð hann okkur hátíðlega í lunch næsta dag. Ég átti ekki von á dauða mínum né þessu en áttaði mig samt og afsakaði mig, en þá bauð hann mér í middag hjá þeim á þriðjudagskvöld. Hafði ég þá ekki afsökun, svo ég fór þangað, og auðvitað Doris. Þar sem það var rétt aðeins að maðurinn þekkti mig í Reykjavík kom þetta flatt upp á mig, eins og þú skilur.

Svo löbбуðum við Doris í rólegheitum upp í Wall street, sem er rétt við dokkina -- létum okkur hvergi bregða, rétt eins og við hefðum alist þar upp. Fórum svo um borð aftur til að kveðja og taka farangurinn okkar og fórum svo hingað á hótelið. -

Ég talaði við Agnar Klemens í morgun og tók kveðju frá þér traustataki, bæði til hans og mömmu hans. Hann var töluvert rasandi yfir þeim heima, að hafa ekki svarað hans góða boði, taldi sig eiginlega atvinnulausan frá næsta mánuði, en ég gat róað hann með því að hans atvinnu væri óhætt eins og stæði. Mamma hans hefur það gott hér.

Dr. Ólason (þetta er Sigrún Briem)¹ hringdi mig líka upp í gær og spurði um fréttir að heiman. Hafði hún ekki fengið neinar sérstakar fréttir með þernunni eða öðrum, svo hún hélt að ég væri ef til vill með kveðjur. Ég gat sagt henni það helst um áttæðisafmælið og að skeyti þeirra hafi komið fram, en ekkert um strákinn Óla,² nema að ég mundi hafa heyrt ef nokkuð hefði gengið að honum.

Framhald; í N.Y. Skrifað um boð í Goðafossi 8.10.40.

Þernan ætlaði að taka þetta ásamt smávegis sem Dídí bað mig um að kaupa.

Við förum 24. yfir til Portúgal og eigum að koma þangað 1. nóv. -

Ég vil geta þess að þann 25. júlí 1940 var ég skipaður sendifulltrúi á Spáni, en var búsettur í Portúgal til júlí 1942, en varð þá aðalræðismaður í New York. Síðan var ég sendifulltrúi³ og sendiherra í Stokkhólmi, en jafnframt sendiherra með búsetu í Stokkhólmi í Finnlandi, Sovétríkjunum, Íran, Ísrael og Júgóslavíu. Þá var ég sendur til Þýskalands, en var jafnframt sendiherra í Sviss. Þann 1. febrúar 1961 fluttist ég heim og vann þá ýmis störf fyrir utanríkisráðuneytið, svo sem að sjá um að gefa út samninga Íslands við erlend ríki, er kom út í tveim bindum.⁴

¹ Sigrún Sigurðard. Briem (1911-44) lækni; við framhaldsnám í USA. Maður hennar var Friðgeir Ólason (1912-44) lækni, einnig við framhaldsnám. Fórust ásamt þrem börnum með Goðafossi á Faxaflóa. Þau Helgi uxu bæði upp í Tjarnargötu. Var einkar gott samband milli þeirra er þau voru saman í USA.

² Óli litli Friðgeirss. hefur e.t.v. orðið eftir í Tjarnarg. 20, hjá ömmu sinni og afa.

³ Vilhjálmur Finsen (1883-1960) var sendifulltrúi í Stokkhólmi þar til HPB tók við embættinu. Áður var hann m.a. ritstjóri Morgunblaðsins. Síðar varð hann fyrsti sendiherra Íslands í Þýskalandi, með aðsetri í Hamborg þar til Helgi tók við af honum. Dróst til 28.12.50 að starfsheiti sendifulltrúa í Sokkhólmi væri breytt í sendiherra.

⁴ *Samningar Íslands við erlend ríki* í gildi í árs. '61.

Til gamans má geta þess að utanríkisráðherra Þýskalands hélt mér skilnaðarhóf er ég fór þaðan. Var hann svo elskulegur að hann lét einn starfsmann sinn athuga starfsferil minn nokkuð. Komst hann að því að síðan utanríkisþjónusta var stofnuð árið 1814 hafi hann ekki fundið neina hliðstæðu þess að maður hafi verið 29 ár erlendis án þess að hafa verið hvíldur með því að starfa í utanríkisráðuneyti lands síns. Heldur ekki gat hann fundið nokkra hliðstæðu þess að maður hefði verið sendiherra í jafn mörgum löndum og ég.

Aldrei hef ég þó reynt að ná meti, á þessu né öðru sviði. Þessi met voru því ríkisstjórn Íslands að þakka, sem sendi mig víða og flutti mig oft, þegar aðrir sendiherrar sátu langan aldur á friðarstóli. Varð ég að flækjast víða og stofna ný sendiráð og læra að þekkja nýjar aðstæður.

Ég hef haft allan vilja til að vera landi mínu og þjóð til gagns. Hvort það hefur orðið, veit ég ekki, og verður aldrei séð, því það er horfið eins og hið talaða orð og sokkið eins og reiðgata í asfalt-veg hinnar öru þróunar síðan um aldamót.

Portúgal - Bréfamiðlun - fréttabréf

Lissabon, 4.11.1940. Helgi P. Briem skrifar Álfheiði Briem.

-- undum okkar hag furðu vel í New York. en hræddur er ég um að maður verði þreyttur af að vera þar til lengdar. -- Við hittum Íslendinga þar aftur því Ólafur Johnson bauð okkur í *lunch* út til sín. Þar var Thor og frú, Agnar og móðir hans; og Leifur Bjarnason og frú hans,¹ auk okkar.

Agnar hafði boðið okkur að borða með þeim móður hans daginn áður, en ég gat ekki þegið það þá, svo ég stakk upp á að fara heldur frá Ólafi til þeirra og fá tebolla hjá þeim. Þegar okkur fannst tími til kominn fórum við, en sá sem sat sem fastast var Agnar. Afsakaði hann það við mig daginn eftir, og sagðist ekki hafa getað farið - *af því að það var nýbúið að fylla glösin hjá okkur.* --

Þótt Helgi hafi verið með víðförlustu mönnum sinnar kynslóðar og margt reynt var hann barnslega einfaldur í New York.

Einn eftirmiðdaginn fórum við út í Harlem, þar sem búa nær hálf milljón negra - um helmingurinn af þeim á sveitinni, ef hægt er að kalla New York sveit. Þar búa engir hvítir menn svo maður sér eingöngu blámenn og þá flesta heldur ófrýnilega. En annars var þar allt til lífsins nauðsynja. Jafnvel snyrtistofur um allt. Auglýstu þær ekki *permanent krull* - heldur *permanent hárslettun* - því þó margir negrar séu orðnir ljósir á hörund

¹ Leifur Bjarnason (1912-54) f. og vaxinn upp í Tjarnarg. 18, sonur Þorleifs Bjarnas. menntaskólakenn. og Sigrúnar Ísleifsd., systur Guðrúnar í nr. 20 og Kristínar sem átt hafði séra Ólaf Helgas., bróður Álfheiðar og Jóns biskups á nr. 24 og 26. Leifur átti Helgu Arentsdóttur Claessen.

kemur hárið upp um þá, því það er svo hrokkið að hvítir hafa það aldrei svo.

Það sem Dorisi þótti merkilegt var að allir þessir leppalúðar skyldu tala ensku - hvað útlendingslegir sem þeir ella voru. Meðal annars fórum við í kirkju þar sem presturinn, meðhjálparinn, allur söfnuðurinn var kolasvartur. Var presturinn afar mælskur, en talaði að okkur fannst eins og hann væri að tala við 6-7 ára börn. --

Lissabon, 9.11.1940. Helgi P. Briem skrifar Álfheiði Briem.

Kominn til Lissabon; lýsir ástandinu og líst vel á. Þó er flóttafólk víða að, hótél full. Óákveðið hvort þau búa fremur í Lissabon en í Madrid. Er búinn að fá adressu norsks manns, Sigurd Dundas, giftum sænskri konu.

Átti Dundas eftir að verða samverkamaður Helga og var svo gott samband milli fjölskyldnanna að hann varð skírnarvottur Álfheiðar Sylvíu. Er Helgi fór frá Portúgal tók Dundas við þeirri merkilegu bréfamiðlun milli Íslands og meginlandsins sem Helgi hóf.¹

Nú fékk hann Friede systur sína í lið með sér á Íslandi, Jakob Benediktsson, síðar ritstjóra Orðabókar háskólans, sem bjó í Khöfn, sennilega Ögmund Jónsson, verkfræðing í Berlín, og fleiri. Tengsl þeirra Dundas og Helga stóðu lengi.

-- Sr. Dundas er Norðmaður, en þrátt fyrir það allra besta maður, sem selur fisk fyrir okkur. Höfum við verið töluvert mikið saman hér og hann verið mér hjálplegur með ýmislegt. --

Potsdam, 11.12.'40. Jón Leifs skrifar Helga P. Briem.

-- Ég hef oft hugsað um okkar samtál í Reykjavík seinast og um það hvað þú hafðir á réttu að standa, er þú sagði að við gætum í rauninni ekkert gert!

Samt er það ósk okkar landanna hér – að reyna að sannfæra menn um gildi íslensks þjóðernis, tungu og sérmennningar og um það að þessi gildi megi ekki tapast, hvernig sem allt kann að snúast. Vonandi getum við verið jafngóðir vinir þó að okkur geti greint á um aðferðirnar.

Helgi sendi stúdentum í Khöfn nýútkomna bók Halldórs Laxness, Fegurð himinsins og sagði í bréfi 17.1.'41 til H.K.L. að honum hefði þótt hún stórkostlega góð, þegar hann las hana áður en sendi hana áfram. Lét orð Jakobs Benediktssonar fylgja.

Seinna komu fleiri bréf og skeyti þar sem Helgi bar boð milli H.K.L. og J.B. um heimild hans til að semja um útgáfu bóka hans.

Khöfn, 14.12.'40. Jakob Benediktsson skrifar Helga P. Briem.

- Annars var þessi bókaarsending svo mikil sensation hér í nýlendunni að það var kallaður saman stúdentafélagsfundur í gærkvöldi til að lesa upp úr bókinni. Áhugi manna var svo mikill, að við Jón Helgason lásum til

¹ Sem fell niður nokkru eftir að Helgi fór.

skiptis, svo að segja viðstöðulaust í hálfan fjórða klukkutíma, komumst þannig yfir alla bókina, með því að fella úr nokkra kafla; og á fundarmönnum var enginn bilbugur að finna. Má telja þetta félagsmönnum til heiðurs og Halldóri til frægðar. --

Lissabon, 1.1.1941. Helgi P. Briem skrifar Álfheiði Briem.

-- Ég fékk fyrir nokkrum dögum bréf frá Jóni Leifs skrifað 11. des. Var hann að spyrja um fjölskyldu sína á Íslandi; sagði allt gott af sér.

Sagðist hann ekkert hafa heyrt af henni síðan hann fékk Rauða kross bréf í júlí. Þú vilt kannski segja mömmu hans af þessu. --

Ef til vill vakti Rauða kross bréfið sem Helgi nefndi í þessu síðasta bréfi hugmyndina að því sem kemur fram í sérkafla á eftir. Annar þáttur þess máls eru fréttabréf Helga, Fréttir frá Íslandi, sem hann nefnir í bréfinu til systur sinnar, og Fréttir frá Færeyjum, sem líka segir frá í sérkafla.

Khöfn, 20.2.'41. Jakob Benediktsson skrifar Helga P. Briem.

Fjallar um bréf Helga með skeyti Halldórs Laxness og viðræður sínar við Gyldendalsútgáfuna; einnig gamlan forleggjara Halldórs sem virðist hafa áhuga á að ljúka útgáfu Ólafs Kárasonar, þannig að bókin getur komið út hjá honum, ef allt annað þrýtur.

Nú fjalla bréf til fjölskyldunnar og fleiri ekki síst um bréfamiðlun þeirra. Þau bréf er að finna í viðbótarkafli um það efni.

Berlín, 8.3.'41. Kristján Albertsson skrifar Helga P. Briem.

-- Það er meiri dugnaðurinn í þeim heima við bókagerð og útgáfustarfsemi - og kem ég ekki auga á annað tímanna tákn gleðilegri heima á okkar blessaða gamla Fróni.

Annars er ég áhyggjufullur, eins og víst fleiri, yfir því að hafa svo stóran erlendan her í landinu - öllum þeim áhrifum sem það hlýtur að hafa á lífið heima. Og losnum við nokkru sinnum framar við að hafa útlendan her í landinu úr því að búið er að víggirða það?¹ En kannski verður það þá til þess að gera meiri menn úr okkur Íslendingum en við nú erum.

Engri þjóð er hollt til lengdar að lifa of hættulitlu og áhyggjulausu lífi. Nú og framvegis mun að nýju reyna á það hvers virði við erum.-

Khöfn, 19.5.'41. Jakob Benediktsson skrifar Helga P. Briem.

Spyrst fyrir um hvort bréf sem hann skrifaði Halldóri Laxness hafi komist áfram. Segir hann efni þess sem var að J.B. hefði samið við Hasselbachútgáfuna um útgáfu. Fær HL greidd 7½% og þýðingu að auki. Gyldendal tók vel í útgáfuna en þótti slæmt að byrja í miðri bók. Skýrir hann samninginn út fyrir Helga.

¹ Var K.A. hér sannspár. E.t.v. breyttist tregða hans við þeirri þróun þegar leið á ævina.

Lissabon, 25.6.'41. Helgi P. Briem skrifar Álfheiði Briem.

-- Það hefur létt töluverðu fargi af mönnum hér að Þ.¹ réðust austur en ekki hingað til okkar. Var það víst sem bjargaði að uppskeran leit ekki vel út á Spáni og þorðu þeir ekki að fara þangað upp á að geta ekki fengið matvæli. Í Rússlandi var uppskeruútlitið víst skárra, svo því var ráðist þangað, þó varnir séu þar sjálfsagt meiri. En hvað skal ekki gert til að geta haldið út, einn veturinn enn. Eru menn því að halda að hættan fyrir okkur sé að minnsta kosti í bili drifin hjá. Kemur það mörgum vel en þó sérstaklega flóttafólkinu sem hér er í þúsundatali -

Ég var hlessa er ég fékk skeyti að heiman að Sveinn hafi ekki verið kosinn fyrr en 17. júní. Finsin var búinn að setja það út um alla Evrópu að hann hafi verið kosinn 22. maí. Ég er að furða mig á hvort hann hafi verið eitthvað hátt stemmdur yfir þessu öllu.

Krabbe sagði mér að konungur hafi verið mjög *bevæget* er hann skýrði honum frá ályktunum Alþingis, en tekið því rólega og sagt að það hafi verið sjálfsagt að kjósa ríkisstjóra. --

Lissabon, 22.7.'41. Helgi P. Briem skrifar Halldóri Laxness.

Fréttir af þýðingum bóka hans, uppskurði Jóns Helgasonar við steinsótt.²

-- Kamban hefur haft heppni með nýjasta leikritið sitt: *Komplexer*, þó mér skiljst sumum hafi þótt nóg um hvað þeir voru miklir skúrkar sem höfðu eitthvert danskt blóð í sínum æðum, en góðir sem voru hreinræktaðir á Íslandi. Kristján (Alb.) situr við að skrifa *Norðurljós* og gæti ég trúað að íslenskir prófarkalesarar fengju þar stífar pillur í því sem hann skrifar nú, því hann er réttilega indigneraður yfir afgreiðslunni á Viktoríu og telur það eingöngu slæmum prófarkalestri að kenna að þýðingin hafi ekki fengið svo góða dóma sem hann vænti. --

Lissabon, 22.7.'41. Helgi P. Briem skrifar Jakobi Benediktssyni.

-- Þakka þér fyrir bréf frá 19.5. --Ég var þá nýbúinn að senda bréf Halldórs K.L. og vonaðist eftir svari fljótlega, en fékk það fyrst í dag með símskeyti á þessa leið: *KREFST ÚTGÁFU Í EINU BINDI OG FJÓRUM HLOTUM*. Skilur þú það sjálfsagt þó ég geri það ekki; og eru þeir feðgar Ólafur K.L. og H.K.L. úr sögunni. --

Að heiman er allt dágott að fréttu, þó þú munir hafa frétt um stærsta málið: verndina. Það er alveg makalaust hvað menn vilja vernda okkur og væri ég dauðhræddur um að slá mundi í bardaga um það hnoss ef ekki væri barist á öðrum vettvangi. Skemmtilegast er þó að sjá hvað Svíar eru

¹ Þjóðverjar. Hér skammstafar bréfitari til að vekja ekki athygli bréfaskoðunarfolks.

² Nýrnasteinar.

eyðilagðir yfir að geta ekki verndað okkur líka, og dauðhræddir um að við segjum okkur alveg úr frændseminni, sem þeir þó sjálfir mundu sjaldan eftir meðan við vorum góðu börnin. -- Strákarnir hjá Steinþóri¹ vini gerðu aldeilis uppreist og neituðu að ganga undir próf nema þeir væru innlimaðir í háskólann. Ætti maður auðvitað að segja að þeir hafi beðið um vernd Al.J.² Komust þeir upp með það og voru samþykkt lög um að innlima skólann í háskólann.³ --

Lissabon, 23.7.1941. Helgi P. Briem skrifar Álfheiði Briem.

-- Mestu fréttirnar eru þær að við eigum von á framandi um nýársleytið og vonumst náttúrulega eftir að það verði drengur, svo þú fáir sonarson. Annars vorum við alveg hætt að búast við að okkur yrði trúað fyrir barni, en nú vonum við að Doris sé komin yfir hættulegasta skeiðið.⁴ --

Hér er mikið í blöðum um hið nýja lið sem þið fenguð til að verja ykkur heima. Eru öxulríkin mjög reið Roosevelt. Gayda⁵ vinur Mussolinis og málpípa hans segir að Bandaríkin hafi ráðist á Danmörku, tekið danska eign, þegar hún gat ekki varið sig móti kólossinum. Það virðist stefnumál hjá þeim að skoða okkur danska. --

Fréttir af útkomu Laxdælu Halldórs Laxness; Bessastöðum; ríkisstjóraembættinu. Sveinn Björnsson vildi upphefja það og ekki vera of familiær. Sagðist skólameistari skilja það er ferðin til Akureyrar var undirbúin. En er þau komu þangað datt Sigurður út úr rullunni og sagði: Mikið askoti er hún Georgia orðin slank! --

Ræðir hrakandi heilsu Jóns Helgasonar biskups.

Lissabon, 15.8.'41. Helgi P. Briem skrifar Önnu Sveinsdóttur Patursson.

Helgi svarar dóttur Sveins Björnssonar og segir henni fréttir af fjölskyldunni, búsetu þeirra og giftingu Henriks bróður hennar.

-- Sjálfsagt vitið þér einnig að á 60 ára afmæli (föður hennar) í vetur gáfu vinir hans honum bifreið, meðal margs annars. Ók faðir yðar sjálfur, þó Hennið segðist alltaf reiðubúinn að aðstoða hann. --

Rvík, 7.10.'41. Halldór Laxness skrifar Helga P. Briem.

-- Sjálfur er ég hættur að skrifa bækur vegna fjárskorts, en hef orðið að neyðast til að vinna fyrir mér með þýðingum undanfarin misseri og allt útlit á að svo haldi áfram, því hatur það á bókmenntastarfsemi minni sem ríkir hjá þeim sem fara með yfirstjórn menningarmála hér virðist jafn

¹ Steinþór Sigurðsson (1901-47) mag. scient., maður Auðar Jónasdóttur; þá stjórnandi Viðskiptaháskólans. Först í Heklugosinu.

² Háskólarektors Alexander Jóhannessonar.

³ Viðskiptaháskóli Íslands var stofnaður 1938, undir stjórn S.S. (1904-'47) stærðfræðings til 1941. SS var áfram kennari við viðskiptadeild H.Í. Hann först við vísindastörf í Hekluhrauni.

⁴ Doris hafði áður misst föstur, einu sinni eða oft.

⁵ Virginio Gayda, ít. blaðamaður og málsvari stjórnar Mússólínis.

⁶ Hinrik Sv. Björnsson.

óslökkvandi og það er óskiljanlegt. Mig hefur síðust misseri langað mikið til að byrja á nýrri bók, en maður þarf að geta séð sér farborða á meðan á verkinu stendur. Nýlega hefur verið samþykkt á fundum úti um land að ég kunni ekki íslensku.¹ –

Ég er ákaflega þakklátur fyrir línur frá þér og feginn að heyra frá sameiginlegum kunningjum... --

Segðu Jakobi að það hafi verið mér sannarlegur sólskinsdagur að fá bréf hans með tíðindum af vinafólki og kunningjum. --

Lissabon, 16.10.'41. Helgi P. Briem skrifar Jakobi Benediktssyni.

-- En af Halldóri okkar er það að segja að hann er nú aldeilis skilinn við konuna, og fær lítið vinsamlega dóma fyrir þýðingu á bók eftir Hemmingway: *Og sólin sest*. Þingeysskir kennarar samþykktu einhverja ályktun út af málsþillingu frá henni. Bókin (finnst mínum *ó-raffineraða smekk*) er losaralegt byrjendaverk, en H. fylgir sínum tiktúrum með að draga saman mörg orð í eitt o.þ.h. Veit ég ekki hvort G.G.² hefur eitthvað hætt að litast á blikuna út af þeirri þýðingu, en að minnsta kosti sér ekkert í bækur hans sem nú ættu að vera orðnar fjórar skv. áætlun. --

Rvík 15.11.'41. Friede Pálsdóttir Briem skrifar Helga P. Briem.

-- Mestu gleðitíðindin þóttu mér samt af ykkur privat, og vona ég að guð gefi að allt gangi nú vel fyrir Dorisi blessuninni, því það er nú svo að mér finnst engin hamingja jafnast á við það að eignast barn og sjá það lifa og dafna og verða að litilli sjálfstæðri veru sem hefur sínar skoðanir og sín persónueinkenni --

Lissabon, 17.12.'41. Helgi P. Briem skrifar Jakobi Benediktssyni.

-- Meðal bréfanna í dag var bréf sem H.K.L. skrifaði mér en er eiginlega að miklu leyti ætlað þér og fylgir hér með: *Með skeytinu átti ég við að Jakob skyldi reyna að fá útgefandann til að gefa öll fjögur bindi Ljósvíkingsins út í stórri einbindisútgáfu o.s.frv.* --

Eins og þú sérð er Halldór allmjög sleginn, þó ég haldi að þetta með brauðbitann sé fyrirsláttur, en menn eru ákaflega óánægðir með þýðingar hans og að mér finnst að vonum. -- Viltu bera Jóni³ kveðju mína. Ef til vill hefur hann gaman af að heyra að í nóv. las Sig. Nordal upp úr ljóðum hans í útvarpinu eina kvöldstund.

Ég sendi ykkur sitt kaffipundið hvorum svo sem í stað jólakorts --

¹ Það voru einkum kennarafélög er héldu dauðahaldi í löggilta stafsetningu; leiðréttu texta og töldu villur.

² Gunnar Gunnarsson.

³ Helgasyni, prófessor.

Khöfn, 21.12.'41. Jakob Benediktsson skrifa Helga P. Briem.

Segir frá 1. des. samkomu þar sem fram komu þau Jón Helgason, Anna Borg Reumert og Stefán Íslandi sem söng. Páll Reumert las: Leggur og skel á íslensku en sá lestur var háskalega nærri því að vera **klovnummer**.

Lissabon, 7.1.1942. Helgi P. Briem skrifar Halldóri K. Laxness.

-- Ekki þótti mér það góðar fréttir af þér að þú hefðir enga bók í smíðum, en sætir við þýðingar, því mér skilst sem það séu þýðingarnar sem ergja menn, og þá um leið þig, en ekki þær frumsömdu bækur þínar. --

Þetta er gott hvatningarbréf og skemmtilegt. Ræðir þýðingu Halldórs á Hemmingway; segir telja A farewell to arms betri bók. Ræðir stafsetningu Halldórs, segir sömu stefnu ráðandi í Portúgal sem reynist ekki vel.

-- Þú heyrðir hvernig unga kynslóðin brást við þegar Jón og Jakob lásu nýjstu bókina þína¹ upp á fundi í Höfn --

Þér finnst þetta nú sjálfsagt heldur fáfengilegt bull, en ég var allmjög sleginn af þínu bréfi, svo ég vona að þú metir mér það sem vinarhug til þín þó þú ekki gerir meira úr. Óska þér svo góðs árs og gæfu á nýbyrjuðu ári, og að það líði ekki svo að ég lesi ekki eftir þig nýtt meistaraverk. --

Nú skrifar Helgi Halldóri Laxness bréf á dönsku frá Lissabon 9.1. og 19.2.'42. Ástæðan er sú að í bréfinu eru danskir ritdómar um bækur hans í Social Demokraten og Berlinske Tidende. Þar með er hætt á að ritskoðun í Englandi stöðvi bréfið þar sem það er á tveim málum. Báðir dómarnir eru góðir, sérstaklega sá síðari.

Khöfn, 12.1.'42. Jakob Benediktsson skrifar Helga P. Briem.

Auk umræðu um fréttabréf og bréfasendingar, sem birtast í sérstökum kafla, ræðir J.B. um mögulega útgáfu verka H.K.L. í Svíþjóð.

-- Ég hef lagt svo undir við Hasselbach að hann sendi þér tvö eintök af Ljósvíkingnum öllum og hið þriðja af síðustu bókinni. -- Hasselbach ætla nú, með tilstyrk Sigurðar Þórarinssonar,² að leita hófanna um að koma einhverju af bókum Halldórs út þar og taldi hann það ekki vonlaust eins og nú er ástatt, kannski frekast með Ljósvíkinginn. En mikið veltur þá á því að sæmileg þýðing fái.

Héðan er það helst tíðinda að Jón Leifs kom hingað um áramótin og flutti erindi á stúdentafundinum --. Var það um þjóðlegt hlutverk okkar Ísl. í útlöndum á þessum tímum. Urðu um það fjöruugar umræður, en erindi frummælanda voru svo loftkennd og fjarri raunverulegum möguleikum, að ytri árangur mun lítill eða enginn af tillögum hans, enda voru sumar þeirra svo stórhuga að undrum sætti.

P.S. Nú erum við búin að reyna kaffið og minnumst við þín með þakklæti við hvern sofa. --

¹ Þetta var Fegurð himinsins sem HPB sendi Jakobi Benediktssyni.

² Jarðfræðings.

Davos, 17.2.'42. Ögmundur Jónsson skrifar Helga P. Briem.

-- Óánægja er fyrir hendi, en er ekki almenn. Fréttirnar um að uppreisn væri yfirvofandi eru áreiðanlega gripnar ú lausu lofti. --

Daginn áður en ég fór frá Berlín 13. þ.m. hringdi Jón Leifs í mig og sagði mér að tengdafaðir hans hafi dáið daginn áður. Við lát hans breytist aðstaða tengdamóður hans, sem er gyðingur. Hingað til hafa ekki gilt fyrir hana sömu ákvæði og fyrir aðra gyðinga – Jón Leifs hafði áhyggjur af þessu. Honum er af einhverjum ástæðum ekki mögulegt að taka hana á heimili sitt. Hann bað mig um að spyrja þig hvort ekki væri hægt að útvega henni íslenskan borgararétt. --

Frá Kristjáni (Alb.) átti ég að skila kærri kveðju til þín. Hann skrifaði fyrir nokkru utanríkisráðuneytinu og skýrði frá þeim upplýsingum er þú hafði skrifað honum um björgun Þjóðverja af Íslendingum og fór þess á leit að eitthvað yrði vægt til við íslensk fiskiskip. Hann fékk skömmu síðar það svar að bréfið hafi verið sent til flotamálaráðuneytisins. --

Kamban var að fara frá Berlín um sama leyti og ég. Hann var í boði stjórnarinnar. Næsta haust á að sýna í Staatsschauspielhaus am Gendarmermarkt leikrit hans Grandezza. Leikrit þetta var sýnt á Konunglega í Höfn í fyrravetur. Einnig er í ráði að hann hafi *regi* á einhverjum leikritum í Bremen eða Hamborg. -- Gunnar Böðvarsson bað mig að spyrja þig hvort nokkur leið væri að komast heim. Hann bað mig að skrifa sér svar þitt. --

Nú eru í Berlín nokkrir landar, sem ekki voru þar í þinni tíð. Flestir þeirra eru við útvarpið eða við önnur störf á stjórnar vegum. Sumir þeirra heldur ævintýralegir. Einn, sem var um skeið hjá útvarpinu og varð að fara þaðan vegna óreglu hafði gert sig sekan um ýmsa pretti og var lögreglan að leita að honum. --

Biður Helga um fjárhagsaðstoð og að hann komi upplýsingum til foreldra sinna um hvernig þeir geti komið peningum til hans.

Lissabon, 17.1. 1942.

Helgi sendir móður sinni skeyti um fæðingu dóttur, Álfheiði Sylvíu Bridget Victoria. Sem vænta mátti breytti þessi viðburður lífi þeirra hjóna eftir langt barnleysi.

Lissabon, 18.1.1942. Helgi P. Briem skrifar Álfheiði Briem.

-- Vonandi hefur skeytið sem ég sendi í gær ekki gert þig hrædda með að nefna strax uppskurðinn. Hann hefur heppnast vel og við eignuðumst litla og laglega dóttur í gærmorgun kl. 10.15. Það er nú kannske ekki hæverskt af mér að segja laglega, því hún er talin lík í föðurættina sína og við Doris hlógum bæði að því í dag hvað hún er lík þér í sínu litla andliti. Hún hefur augnalitinn okkar, þinn og minn, nema heldur ljósari og framstandandi brúnabein, sem gefa okkur þessa poka yfir augun; hakan

alveg eins og á þér. Aðeins hárið er svart, og nóg af því, svo að það fellur yfir feitar herðarnar. Hún var stór, vó 3.730 grömm eða 15 merkur tæpar.

Vegna þess hvað hún var stór og Doris ekki kornung þjuggumst við hálf í hvoru við að það mundi verða uppskurður. Læknirinn bjóst við henni þann 4. janúar, en gaf síðan frest til 16., en taldi ekki óhætt að draga uppskurðinn lengur. Fór Doris á breska spítalan hér í Lissabon þann 15. og kl. 9.30 um morguninn þann 17. var hún ópereruð. Gekk operationin vel, en hún þurfti mikið klóróform, svo henni leið heldur illa þess vegna í gær. -- Í dag hefur henni liðið betur -- Ljósmóðirin -- var yfir fæðingardeild í stórum spítala í London, er ekki viss um að dóttirin sé of sein. Hún er samt áreiðanlega fullþroskuð -- Í gær þegar ég sá hana -- var hún strax farin að smjatta og sagði ljósmóðirin að það væri af því að hún væri hungruð þessi vesalingur. --

Býst ég við að við köllum hana eftir móður minni og systur Dorisar, Álfheiður Sylvia -- Vonum við að hún megi njóta nafnsins og fá eitthvað af kjarki þínum og dugnaði, þó kannske minna af baráttu og lengra gæfutímabil en þú hefur notið á þinni æfi. --

Lissabon, 10.3.'42. Helgi P. Briem skrifar Ögmundi Jónssyni.

Svarar bréfi hans með því að senda 150 franka ávísun í framhaldi af hjálp honum til handa í fyrri bréfum. Vegna fyrirspurnar um hvort tengdamóðir Jón Leifs kæmist til Íslands sagði hann það ekki hægt m.a. vegna ísl. laga. Gott að Kristján reyni eitthvað til að bæta stöðu íslenska skipaflotans. Ekkert mark sé takandi á einhverjum fyrirskipunum í því efni. Hefur fundið hús fyrir Ögmund ef hann vildi koma til hressingardvalar. Fer margt á milli þeirra í mörgum bréfum, ekki síst um veikindi og lækningatilraunir með Ögmund.

-- Í útvarpinu (þýska) var gefin mjög skáldleg lýsing á því hvað það hefði verið fallett að sjá Reykjaborgina brenna, svo vel vissu þeir hvaðan hún var --

Khöfn, 7.3.'42. Jakob Benediktsson skrifar Helga P. Briem.

Segir fréttir af starfsemi stúdentafélagsins og nýrri stjórn með Helga Bergs,¹ form., Árna Hafstað,² og Birni Bjarnasyni.³ Sigurður Þórarinnsson kom, hélt fyrirlestur í landfræðifélaginu og hlaut mikið lof fyrir. Einnig flutti hann fyrirlestur um Þjórsárdal í stúdentafélaginu. Erfitt með félagstarf v. vetrarhörku og deyfðar. Allir langeygir eftir fréttum og útvarp frá Íslandi heyrir ekki lengur.

Lissabon, 11.3.1942. Helgi P. Briem skrifar Álfheiði Briem.

Kemur fram að ætlað er að fjölskyldan flytjist til New York. Var ákveðið að skíra Álfheiði Sylvíu áður. Skírnavottur var norðmaður, Sigurd Dundas vinur, samstarfsmaður Helga.

¹ Helgi Bergs (1920-2005), verkfræðingur og bankastjóri.

² Árni Hafstað (1915-94). Forystumaður Stúdentafél. í Khöfn. Starfaði lengst hjá Símanum.

³ Björn Bjarnason (1919-99), kand. mag. Síðar rektor.

Lissabon, 18.3.'42. Helgi P. Briem skrifar Jakobi Benediktssyni.

Sagði Jón Leifs hafa sent fyrirlestur sem Jakob ræddi um í bréfi.

-- Hann virðist blanda saman -- óskyldum hlutum þar sem er pólitískt og -- menningarlegt hlutleysi. En sú niðurstaða sem ég fékk út úr þessu öllu saman var að nauðsynlegt væri að stofna hið bráðasta eina skrifstofu í viðbót og hafa hana í Ameríku! --

Lissabon, 27.3.1942. Helgi P. Briem skrifar Álfheiði Briem.

-- Þakka þér kærlega fyrir að láta okkur vita með símskeyti að Jón frændi¹ væri dáinn. Þótti okkur Doris það báðum sorgarfregn og að vissu leyti óvænt, því maður man alltaf eftir honum svo fullum af lífi og fjöri --

Lissabon, 28.3.1942. Helgi P. Briem skrifar Þórdísi Briem.

-- Hef verið töluvert duglegur að skrifa allstóra bók um Ísland á ensku. Þú verður að halda þér alveg saman um það úti frá, en ég held þú gætir haft gaman af henni ef hún einhvern tíma kemur út. Hún er nefnilega um hvernig standi á að landið sé svona einkennilegt og fallett. -- ég get ekki klárað hana fyrr en ég kemst að góðu bókasafni, eða næ í mínar eigin bækur. --

Þú varst sannspá með það að ég ætti ekki eftir að sjá Jón frænda lifandi. Var mikið gott að hann fékk að upplifa þessi síðustu ár og njóta viðurkenningar, sem hann fékk annars lítið af í lífinu. Annars hygg ég að hann hafi komið frá sér flestu af því sem hann átti eftir, nema endurminningum sínum, sem hann sýndi mér einum manna, að því er hann sagði.² --

Hér kom enn fram að Helgi var ekki útbær á upplýsingar um verkefni sem hann tók sér fyrir hendur. Hér ræðir hann um ritið: Iceland and the Icelanders sem gerði seinna lukku í B.N.A.

Lissabon, 9.4.'42. Helgi P. Briem skrifar Jakobi Benediktssyni.

Ræðir um félagslífið í Khöfn.

-- Hvernig lýst þér á Sig. Þórarinsson. Hann sýnist duglegur en dálítið fljótfer. Í sínum fyrirlestri um Þjórsárdal fæ ég ekki betur séð en að hann dragi landsnámslínuna rétt eftir eldgos sem ég held að sé frá 1693. --

Dregur í land og segir að þar hafi verið um annan fyrirlestur að ræða.

Það virðist hafa létt heldur steini af Jóni vorum (Helgasyni prófessor). Hann gefur nú út hverja bókina á fætur annari og það klassískar bækur að mér skilst. En það er bara slæmt hvað erfitt er að ná í bækur Fræðafélagsins; sú góða bréfabók Brynjólfs kollega þíns grefst þar.

¹ Jón fyrr biskup Helgason.

² Endurminningar þar sem hér eru nefndar, ásamt ýmsu efni um Jón biskup hafa ekki komið út á prenti. eru í umsjón Árbæjarsafns, eins og myndverk sem hann lét eftir sig. Ég komst yfir eintak og gaf út sem handrit 2006 ásamt nokkrum gögnum um biskup. Eintök voru afhent nánustu fjölskyldu J.H. Jón Helgason: *Það sem á dagana dreif*. Lbs.

H.K.L. mun hafa fengið þýðingu þína í mars og krítík. Hann á alltaf í smáskærum við barnakennarana, sem sjá kommunnar og ypsilonin á fornhelgum stöðum. Annars segir hann stafsetningu sína og kommuetningu árangur mikilla athugana og hafi hann mjög ráðfært sig við Jón Helgason. Alþýðublaðið er nú orðið jafnstórt og Moggi, en heldur þunnt eins og fyrri daginn. --

Lissabon, 30.4.'42. Helgi P. Briem skrifar Jakobi Benediktssyni.

-- Það ameríska dót breiðist mjög út heima; nú þykir það ekki nothæft eldhús, sem ekki hefur ameríska hrærivél er gengur fyrir rafmagni --

Sýringar á lok dvalarinnar í Portúgal er í kaflanum um bréfamiðlun Helga og fréttabréfin.

New York

Fjölskyldan er nú komin til New York þar sem Helgi tók við embætti aðalræðismanns. Ræðir möguleika á að koma í heimsókn til Íslands.

NY, 16.5.1942. Helgi P. Briem skrifar Álfheiði Briem.

-- Ekki veit ég hvernig verður með heimferð í sumar. Það virðist sem yfirmaður minn¹ geti ekki ákveðið það fyrir en í júlí, svo líkast til fæ ég að taka út sumarfrí í september eða október eins og mér var boðið í fyrra. En vegna þess afar háa verðs sem nú er á flugfarinu... --

N.Y., 2.7.1942. Helgi P. Briem skrifar Álfheiði Briem.

-- Þá er maður kominn hingað heilu og höldnu. Höfum við hitt hér Íslendinga og fengið fréttir að heiman --

Við fluttum úr húsinu okkar (í Lissabon) á afmælinu mínu 18. júní. --

Segir frá skipsferðinni; býr fyrst í hóteli á sjöundu breiðgötu, 55.-56. stræti. Tókst nokkru síðar að útvega sér lítið hús.

Hitti Agnar Kl. Jónsson, forvera sinn í starfi, sem er á heimleið og sem er Helga hjálplegur við að setja sig inn í starfið. Þó varð hann fyrir vonbrigðum með að fá ekki stöðu aðalræðismanns og reiður út í alla, þó hann segðist ekki vera það í garð Helga, enda engin ástæða til þar sem hann hafði ekki sóst eftir starfinu. En nú verða meður þeirra aftur nágrannakonur, Álfheiður í Tjarnargötu 24, Anna í nr. 22. Hún kvíðir heimförinni.

Helgi varð glaður við að hitta gamlan vin, Henrik Sv. Björnsson, sem starfaði í sendiráðinu í Washington. Mikið er að gera því þörf er á fyrrgreiddslu vegna fjölgandi Íslendinga vestra. Einnig standa miklir flutningar yfir á hitaveituefni til Reykjavíkur og margs að gæta þar eð seljendur eru gefnir fyrir sviksemi. Vöruskortur er í NY.

HPB veltir fyrir sér mögulegri heimferð í sumar. Fær ekki svör frá sendiherra um heimferðina sem lofað hafði verið. Er það ein vísbending enn um ágreining við Thor Thors sendiherra er virtist hafa verið ákveðinn í að sýna hver væri yfirmaður Helga.

¹ Hér örlar enn á ágreiningi við Thor Thors sendiherra er setti nokkurt mark á samstarf þeirra.

Um haustið skrifaði Helgi Friede systur sinni og leggur hart að henni að selja húsið á Bergstaðastræti 69. Húsaverð sé hátt á Íslandi. Þetta er ekki eina skiptið sem hann gerði það og fleiri skyldir karlar, sem tóku undir. Friede þverskallaðist við, enda lét hún engan stjórna sér, hvorki í því né öðru, nema kannski syni sína?

New York, 13.12.1942. Helgi P. Briem skrifar Álfheiði Briem.

-- Við erum farin að kynnst töluvert mikið hér, bæði kollegunum og öðru fólki eins og Vilhjálmi Stefánssyni¹ og Halldóri Hermannssyni² Ég er mjög hrifinn af V. eins og allir sem hafa kynnst honum, en hann er afbragðsmaður sem allt vill fyrir alla gera og hinn mesti gentlemaður í allri framkomu.

Við vorum hjá þeim eitt kvöld. Hann er 62 ára gamall en nýgiftur. Er hjá þeim svo nýmóðins að það er gamaldags. T.d. eru lamparnir af nýjasta móð, en þó að það séu rafmagnslampar er í þeim svolitill olúgeymir, eins og á lömpum í mínu ungdæmi, en hafður svo lítill að það sýni að geymirinn hafi aldrei verið notaður, heldur eingöngu til skrauts. Skammt frá heimili sínu hefur hann tvær íbúðir fyrir bækur sínar og skrifstofur en hann á 17.000 bækur. Hann átti Landfræðisöguna í nákvæmlega eins bandi og sú sem þú gafst mér, enda sjálfsgætt bundin af þeim sama, því hann keypti bækur Eggerts Laxdal á Akureyri.

Við vorum boðin í skandinavískan middag fyrir nokkru. Þar voru Mārtha krónprinsessa og Ingibjörg prinsessa³ og fleira gott fólk. Mér þótti samt mest gaman að hitta Sigríð Undset,⁴ sem er að verða með mesta fornkonusvip. --

New York, 2.3.1943. Helgi P. Briem skrifar Álfheiði Briem.

-- Ísleifur frændi⁵ kom hingað út eitt kvöld og sagði okkur sitt af hverju úr fjölskyldunni. Vissi ég ekki fyrr hvað hann var bráðfyndinn og skemmtilegur, en við hlógum okkur öll máttlaus að honum. - er nú kominn til Sigrúnar⁶ suður í Tennessee, og vonar að geta náð fullri heilsu þar. Annars var Doris að segja honum að hann skorti viss vítamín, eins og sæist á því hvað hann væri gráhærður og lofaði hann að taka þau vel og tryggilega.⁷ -

¹ Vilhjalmur Stefansson (1879-1962). Vestur-íslenskur, kanadískur, landkönnuður.

² Halldór Hermannsson (1878-1958) prófessor, bókavörður Fiske-safnsins í Cornell-háskólanum.

³ Mārtha prinsessa (1901-54). Prinsessa frá Svíþjóð. Giftist frænda sínum Ólafi erfðaprins Norðmanna en dó þrem árum áður en hann var krýndur konungur. Þau voru á flotta frá Noregi. Ingeborg (1878-1958) var móðir hennar, dóttir Friðriks 8. Danakonungs, gift konungssyni, Carli prins af Vestur-Gautlandi. Systir varð drottning Belgíu.

⁴ Sigríð Undset (1882-1949), norskur rithöfundur. Hlaut Nóbelsverðlaun í bókmenntum 1928.

⁵ Ísleifur Briem (1904-52), sonur Sigurðar Briem, póstméistara, og Guðrúnar Ísleifsdóttur, Tjarnargötu 20. Stundaði verslunarstörf, einkum skartgripaverslun.

⁶ Sigrún Briem lækni, systir hans sem síðar kemur frekar við sögu.

⁷ Hér kemur fram trú hennar á mætti fjörefna.

Ég hélt nokkurs konar fyrirlestur í Íslendingafélaginu um menjar frá víkingum fundnum í Ameríku.¹ Þýddi það að við gátum ekki farið til Washington í skírnarveislu til Henriks Sveinssonar og líka hvað það er erfitt að ferðast með barnið nú. Var drengurinn skírður Sveinn Björnsson, og er mesta efnisbarn.²

New York, 4.4.1943. Helgi P. Briem skrifar Álfheiði Briem.

-- Annars uni ég mér ágætlega hér, enda sér maður mikið af löndum og bregður við frá Portúgal og Spáni, þó ekki séu þeir allir manni til skemmtunar. Stella Briem³ er t.d. hér og alveg ómöguleg af drykkjuskap og svo lygin að það hlýtur að vera geðveiki í henni, að reyna að ljúga upp á menn, því allt er það af mikilli illfýsni, nema það sem hún segir um sjálfa sig, því hún er til skiptis lady eða prinsessa, og var fyrir skömmu að segja ýmsum að ég hafi hátíðlega tilkynnt henni að Cotton hennar hafi verið útnefndur lávarður. Getur enginn umgengist hana nema Erna⁴ dóttir Einars Benediktssonar, enda hittast þar tvær seigar.⁵

Rvík, 13.6.'43. Friede Pálsdóttir Briem skrifar Helga P. Briem.

-- Páll Líndal er búinn að taka stúdentspróf -- Hann er alveg prýðisdrengur og reglusamur á tóbak og vín, þ.e.a.s. smakkar hvorugt. Strákarnir sem eru í bekk með honum eru ágætis drengir. Það er nú alltaf lán út af fyrir sig að lenda í góðum félagsskap, ekki síst á þessum árum. Því fyrir veiklynda pílta að lenda með strák eins og syni -- sem er gjörspilltur, hefur peninga eins og sand og ef hann hefur þá ekki lánað hann sig áfram og peningum er eytt í bíla, vín og kvenfólk og er víst það ótrúlegasta sem hann getur fundið upp á.

-- er hann að koma til eftir fótbrotið og verður þessi tími honum kannski til góðs -- hann veit ekki hvernig þetta vildi til -- svo þetta hefur guð sé lof verið rólegur tími fyrir Hildu og eins fyrir Palla sem var í próflestri.

Mikið vildi ég að góðir andar styrktu --, því þetta er hans eini galli og þegar litið er á kollega hans eins og Garðar Þorsteinsson, Lárus Jóhannesson og Adolf Bergsson, þá þakkar maður fyrir að hann vill ekki vamm sitt vita, er heiðarlegur fram í fingurgóma. --

Doris mín, hugsaðu til hans -- þegar þér gefst rólegt augnablik --⁶

¹ Þarna er HPB að velta fyrir sér viðfangsefni sem átti eftir að verða megináhugamál hans er líða tók á ævina.

² Sveinn Björnsson (1942) varð sendiherra víða, eins og faðir hans og afi, en hefur látið af störfum.

³ Ingibjörg Eggertsd. Briem frá Viðey (1902-67). Átti Cotton, vísindamann frá London og síðar Þórð Albertsson verslunarfulltr. á Spáni, bróður Kristjáns.

⁴ Mun vera Erla Benediktsson (1905-76), sem var um skeið píanókönnari.

⁵ Voru víst ekki fullkomlega reglusamar.

⁶ Doris mun sem fyrr segir hafa haft miðilshæfileika; töldu sumir að hún gæti sent góðar bylgjur heimsálfa milli.

New York, 27.6.1943. Helgi P. Briem skrifar Friede Pálsdóttur Briem.

-- Leitt þykir mér ef þú hefur alveg hætt að skrifa mér, þó ég viti að þú munir hafa nóg að skrifa og nóg að gera allan daginn, og hefur verið að vinna fyrir mig að auki, því mér skilst sem það hafi komist einhver bréf í gegn. --¹

New York, 27.6.1943. Helgi P. Briem skrifar Álfheiði Briem.

-- Heldur þótti okkur leitt að fréttu um fótbrott Theódors mágs, en vonum að hann hafi gróið vel --

Mér þótti skrifari minn fá heldur kaldar kveðjur í Alpýðublaðinu. Var viðtalið logið upp frá rötum, bæði við hana og frú Thoroddsen, eins og stundum kemur fyrir hér í Ameríku, en ráðuneytið tók þetta svo hátíðlega að það sagði mér að segja henni upp ef þetta væri satt og rétt haft eftir. En ef starfsmenn hins opinbera verða fyrir aðdróttunum, sem varða stöðumissi, hafa þeir rétt til að heimta opinbera rannsókn, og hefur hún því heimtað að mál verði höfðað gegn Karli Ísfeld fyrir ærumeiðingar. -- Vona ég að eitthvert ykkar símaði mér um slíkt -- svo maður geti komið leiðréttingu fljótlega. --²

Rvík, 24.7.1943. Friede Pálsdóttir Briem skrifar Helga P. Briem.

Ég þakka þér kærlega fyrir bréfið frá 27.6. sem ég fékk í gær ásamt afriti af bréfi 20.10. þar sem þú talar um sölu Bergstaðastræti 69. Ég fékk það bréf í nóv. og athugaði ég þá þegar hvornig stæði með sölu á húsum, þar sem ég mjög gjarna vil þiggja góð ráð frá þeim sem ég veit að vilja ráða mér heilt, en í stað þess að skrifa þér um þetta, eftir að ég hafði kynnt mér það þá dró ég það og dró. -- Hús er aðeins hægt að selja fyrir hátt verð - ef það er laust til íbúðar, því fleiri íbúðir eru lausar, því hærra verð. En húsaleigulögin eru þannig að ómögulegt er að losna við leigjendur úr leiguíbúðum, nema maður þurfi sjálfur á íbúðinni að halda og mér finnst í þeim málum sem við höfum skrifað³ -- undantekningarlaust dæmir húsaleigunefnd leigjanda í vil, hversu ranglátt sem manni kann að finnast það. Ég talaði í morgun við Guðlaug Þorláksson⁴ --. Hann er mjög áreiðanlegur maður og hefur selt margar fasteignir, en hann segir mér að vonlaust sé að reyna sölu nema um lausa íbúð í húsinu sé að ræða. Nú

¹ HPB, hagfræðingurinn, byrjar enn á því að hvetja systur sína til að selja húsið á Bergstaðastr. 69; segir að verðið muni senn falla, peningar tryggastir í bönkum. Er hann kvartar yfir litlum bréfaskiptum dettur honum ekki í hug að afskiptasemi hafi neikvæð áhrif á þær.

² Þetta var hálfgerð furðufrétt, lapin upp úr einhverjum æsinepli í Ameríku. Um þetta orðu talsverðar umræður á þeim tíma. Slíkt blaðafni var þá fátítt.

³ Hún starfaði m.a. fyrir lögmann og dómstóla.

⁴ Guðlaugur Þorláksson (1907-1974). Þau höfðu unnið saman á málflutningsskrifst. Sveins Björnssonar, Austurstræti 7, þar sem hann var skrifstofustjóri. Síðar var hann félagi Einars B. Guðmundssonar hrl.

eru það leigjendur sem geta grætt á húsum, ef þeir leigja frá sér herbergi af t.d. fjögra herbergja íbúð, er hægt fyrir viðkomandi að búa að heita má frítt, því eitt gott herb. er hægt að leigja fyrir 150-200 kr., ef fólk getur hugsað sér að hafa fé út úr fólki sem er í vandræðum, ég segi það satt, Helgi, ég gæti það ekki þó tækifæri gæfist. --

En mörg dæmi þess eru einnig að fólk leigir eitt herbergi einhleypum manni (eða konu) og áður en það veit af hefur margfaldast svo í herberginu, að fyrir utan konu og barn er kannski líka komin tengdamóðir og amma - að maður nú ekki tali um sjúklinga utan af landi sem dvelja þar stuttan tíma o.s.frv. Það eru ótrúlegir tímar að tarna. Annars var Gústav A. Sveinsson¹ settur dómari í haust sem leið og átti hann að kalla fyrir rétt utanbæjarmenn sem hingað komu í atvinnuleit og tóku upp húsnæði í bænum. Við skrifuðum útskriftir af réttarhöldunum, sem voru svo nákvæm að fyrir utan að getið væri um hvar veslings utanbæjarmaðurinn svaf (flatseng, baðkar, dívan, svefnpoki eða annað) var getið nákvæmlega um nöfn, aldur, heilsufar, barnafjölda auk ýmissa ævisöguatriða húsbændanna. Síðan átti að sekta utanbæjarmanninn og senda hann heim á sína sveit - en það var bara ekki gert, svo úr þessu varð hinn argasti skrípaleikur.

Séra Björn O. Björnsson² var einn hinna mörgu, sem átti að skipa að fara heim. En B.O.B. er búinn að segja af sér prestskap og helgar sig nú algerlega óskabarni sínu, tímaritinu Jörð, og hann vildi bara fá úr því skorið hvort til væru lög á Íslandi, sem gætu dæmt mann til þess að vera prest - sökum húsnæðisvandræða. - Var engin furða þó honum yrði það á að spyrja! Auðvitað fór hann hvergi. --

Nú er Theodór kominn heim og er sívinnandi, hann er ágætlega frískur að undantekinni heltinni -- Hilda hefur aldrei lifað aðra eins sæludaga frá því hún giftist, og er það okkar heitasta ósk að hann byrji nú ekki aftur að drekka, heldur verði hinn reglusami og ljúfi eiginmaður sem hann getur verið, því alltaf er Hilda jafn hrifin af honum, þrátt fyrir hina miklu reynslutíma og margháttuð leiðindi. --

Okkur brá heldur en ekki í brún að lesa framtíðarskipulag Reykjavíkur, þar sem gert er ráð fyrir að húsin nr. 16-30 við Tjarnargötu hverfi og garður komi í staðinn. Nú virðast forráðamennirnir gjörsamlega hafa fengið lystigarðana á heilann og þá verða þeir auðvitað allir að vera á sama blettinum, sem sé í kringum Tjörnina. Annars virðist sem bærinn eigi fullt í fangi með Austurvöll og Hljómskálagarðinn, sem er reglulega illa hirtur og ekkert er þar gert svo fólk geti verið þar í skjóli --

¹ Gústaf A. Sveinsson (1898-1971), hrl., rak lengi lögfræðistofu með Eggert Claessen.

² Séra Björn O. Björnsson (1895-1975). Prestur m.a. á Hálsi í Fnjóskadal, Kirkjubæ í Hróarstungu, kennari við Menntask. á Ak. Ritstjóri í Rvík.

New York, 29.7.1943. Helgi P. Briem skrifar Álfheiði Briem.

-- Líka kom hingað Friðgeir og Sigrún Briem¹ í heimsókn á leið norður til Boston, en þar verður Friðgeir í ár. Mér þótt mjög gaman að sjá þau, og eru þau bæði einstakar manneskjur og eiga tvo svo sæta stráka, þann yngri á aldri við Álfheiði Sylvíu. Sendi ég þér hér nokkrar myndir frá frændfólkinu. Ef tanta Guðrún vill eiga þær skaltu láta hana hafa þær, því þú getur alltaf fengið fleiri hjá mér.

Annars fór Sigrún í sumarbústað norður fyrir Boston og er þar með drengjunum; er þar fullt af jarðarberjum og bláberjum - og mýflugum. Ísleifur fór með þeim þangað, en kom til baka hingað vegna forretninga fyrir rúmri viku, en fer aftur á morgun. --

Segir fréttir af því að hann fór til Ithaca og hitti þar próf. Halldór Hermannsson og Stefán Einarsson. Segir fá 17. júníveislu sinni fyrir Íslendinga o.fl.

Í næsta bréfi segir hann fréttir af frændfólkinu: Eggert Vilhjálmssyni Briem, sem stundar vísindi utan við NY og Sigrúnu Briem.

New York, 3.7.1944. Helgi P. Briem skrifar Álfheiði Briem.

Mér þótti gaman af að hitta Eggert Vilhjálmsson² frænda, en því miður gat ég ekki talað eins mikið við hann og ég hefði viljað, því í miðju kafi þurfti biskupinn³ að fara, en hann borðaði hjá okkur þann dag.

Vilhjálmur hefur einkennilega falleg, sterkblá augu, en svipurinn er svo mildur og auðmjúkur að maður getur ekki gleymt honum og konan var mjög hrifin af honum, fannst svo mikið búa í svipnum. Hann hefur búið 11 ár á sama stað, hugsar um garðinn í kringum húsið, sem er mjög stórt og er vel að sér í garðyrkjunni. Hélt maður einhvern tíma að hann gæti ekki fellt sig við slíkt. Svo er þó ennþá að hans helsta áhugamál eru *static physics*, sem ég veit naumast hvað er, enda eru það ekki nema fáir menn í heiminum sem hugsa um það mál eða skilja það. Hann virðist vera dálítið einmana, því hann hefur engan til að diskútera við slík mál þar sem hann býr, en á annars marga kunningja þar. --

Af Sigrúnu (Briem) er það að fréttu að hún eignaðist dóttur, sem er handsmá og hýreig og heitir Sigrún, að því er segir í bréfi hennar. Þeim mæðgum líður ágætlega. Auðvitað er þetta nokkuð erfitt fyrir Sigrúnu að vera með þrjú börn --

¹ Sigrún Sigurðardóttir Briem og maður hennar Friðgeir Ólason voru bæði læknar. Lagði stund á bráðalækningar, hann á heilsuvernd. Bæði frumkvöðlar á sínum sviðum. Hafði hún orðið fræg í New York, fyrst kvenna til að fara í neyðarútköll.

² Eggert Briem (1895-1996) sonur Vilhjálmss og Steinunnar Briem átti sér merkilegan feril en fluttist vestur eftir að hann stundaði flug o.fl. Hann vann við allskyns vélar og er sagt að hann hafi haft atvinnu af uppfinningum og einkaleyfum af þeim. Fluttist ekkíll til Íslands og lagði sig fram um jöklarannsóknir fram yfir tírætt og gaf eigur sínar til þeirra.

³ Sigurgeir Sigurðsson (1890-1953), biskup, sem tók við af Jóni Helgasynti.

Í þessu bréfi segir frá móttöku Sveins Björnssonar forseta (ásamt Vilhjálmi Þór utaríkisráðherra) til New York. Við komuna var sagt í fréttum að Álfheiður litla Sýlvía hefði verið merkilegust allra viðstaddra á flugvöllinum!

New York, 18.9.1944. Helgi P. Briem skrifar Álfheiði Briem.

-- Þaðan þaut ég upp á Waldorf¹ því við höfðum reception fyrir alla Íslendinga hér frá 5-7 og komu þangað 200 manns. Við hjónin höfðum boðið mönnum, en höfðum þá forseta og ráðherra á milli okkar svo ég gæti kynnt menn fyrir forsetanum. Thor Thors taldi að hann ætti að vera í þessari *reception line*, og var mjög móðgaður af að vera ekki boðið að standa þar. En ég taldi það engan sérstakan heiður. Tók hann sig þá til og tók á móti mönnum við innganginn og bauð þeim að koma og heilsa upp á forsetann þangað til einhver sagði: *Nú, þú ert þá orðinn dyravörður hér*, og fór þá Thor í fýlu út í horn og lét ekki sjá sig inni í aðalsalnum *Er dálítið erfitt að eiga við hann því hann er alveg sjúklega afbrýðissamur*, en fór samt um kvöldið að hrósa miðdeginum (sem haldinn var fyrr um daginn) en það stóð ekki lengi að hann væri ánægður með mig. --

New York, 21.10.1944. Helgi P. Briem skrifar Álfheiði Briem.

-- Á laugardaginn var fóru þau Friðgeir og Sigrún heim, og vonast ég til að þau verði komin um svipað leyti og þetta bréf með kærar kveðjur til þín og ykkar allra. Þau bjuggu hér í tæpar tvær vikur meðan þau biðu eftir bátnum og lánaði Doris þeim svefnherbergið sitt. Var það all líflegt eins og gengur, en við þekkjum það hvað það er að hafa eitt barn á hóteli og eiga að standa í útréttingum, svo við buðum þeim að vera þennan tíma þó þröngt væri.

Við báðum þau að taka smá pakka til þín með ógnarlega ómerkilegri tösku og hönskum sem átti að verða ómyndar afmælisgjöf, en þó af góðum hug og ertu beðin að taka viljann fyrir verkið. --

Líka lögðum við með ýmislegt drasl handa unga fólkinu, og biðjum þig að skipta því milli þess á jólunum, því við vitum auðvitað ekki hvað þau eiga eða hvað þeim kemur.

Álfheiður Sýlvía var afar hrifin af að fá gestina og gat staðið tímunum saman og dáðst að litlu Sigrúnu í vöggunni sinni, enda kom þeim afar vel saman. Aftur stóð nokkur styrr um dúkkuna Lily milli hennar og Sverris frænda hennar, því sú dúkka er hennar kærasta eign og kunní hún ekki við að sjá Sverri hremma hana sem sína. Lenti því stundum í handalögmáli milli þeirra, því hún getur verið stórlynd þegar því er að skipta. Aftur á móti var hún afar hrifin af Óla Friðgeirssyni.

Var ekki laust við að hún saknaði sallsins þegar þau voru farin og spurði sérstaklega mikið eftir Sigrúnu. --

¹ Waldorf Astoria hótelið sem við Íslendingar álitum þá helsta hótél veraldarinnar.

Segir mikið að gera í vinnunni.

- Af því að ég er alltaf að flýta mér eru sumir að gera að gamni sínu á minn kostnað hvað ég sé orðinn hraðmæltur. --

Enn sorgarfrétt.

17.11.1944. Helgi P. Briem skrifar Álfheiði Briem.

-- Höfum við öll verið heldur annars hugar hér þessa viku síðan við fengum þá hörmungarfrétt; og gæti ég hugsað að svo hafi verið víðar. Annars höfum við ekki frétt neitt um það slys, nema að skipið hafi verið skotið í kaf, og nöfn á þeim sem fórust. --

Fengum við miklar mætur á þeim, enda hafði ég það áður, því Friðgeir hafði verið svo ákaflega hjálpsamur við sjúklinga sem ég hafði eftirlit með í Boston. Þær Sigrún og Doris urðu einnig miklar vinkonur, og ég gæti hugsað mér að hún hafi trúað henni fyrir fleiru en flestum öðrum.

Börnin voru líka svo indæll, bæði drengirnir litlu, og sérstaklega litla Sigrún, sem var svo leiðis, alveg engill að við vorum bæði stórhrifin af henni. Álfheiður Sylvía gat staðið klukkutíma í einu og dáðst að henni og skrikti upp til að segja okkur frá að hún hafi komið við sig eða eitthvað þessháttar. En okkur virtist það alveg nóg fyrir þau að hafa tvo drengina. Litli Sverrir var ekki nema tveggja ára og var því ekki nema óviti, þó ég vildi ekki heyra slíkt meðan hann var hér, því hann tók miklu ástfóstri við mig og það þótti mér auðvitað sýna hans góðu greind. En Sigrún sagði, sem skiljanlegt var, að hún hafi séð svo eftir Óla, að hún vilji ekki skilja við börnin sín hér eftir. Og við höfum stundum verið að hugsa um það að henni hafi orðið að ósk sinni um að skilja ekki við börnin sín. Líka var hún að segja okkur að næstu fimm árin ætlaði hún alveg að fórna sér þeim, því hún hafi ekki gefið drengjunum nærri nógan tíma og umönnun.

Yfirleitt virtist mér lífið standa svo opið fyrir þeim. Þau voru að kaupa húsgögn í sitt fyrsta heimili og furða sig á hvar húsgögnin munu standa, því Friðgeir hafði sótt um að verða héraðslæknir í fleiru en einu héraði, og vildi helst hafa það stórt, því hann sagði sem var, að þó hann væri burtu á ferðalagi, gæti Sigrún alltaf ráðlagt öðrum sjúklingum sem kynnu að leita til sín.

Ég tók nokkrar myndir af þeim síðasta kvöldið sem þau voru hérna. Kom ég seint heim, svo drengirnir voru háttaðir og í náttfötunum, og sama var um nöfnu þína og ætla ég að reyna að senda stækkaðar myndir af þeim skástu hér með, ef þær verða tilbúnar á morgun þegar þetta bréf fer í póst.

Í dag kom til mín tengdafaðir mrs. Ellen Downey, sem einnig fórst með 18 mánaða gömlum syni sínum. Átti hún von á öðru, sem hún vildi eiga á Íslandi, því þar var hún alin upp þó norsk væri að ætt.

Við ætlum að hafa minningarguðsþjónustu á íslensku á miðvikudaginn kemur. Þó Eimskipafélagið hafi hana virðist mér ég hafa meira að gera við að koma henni í kring en ef ég sæi um hana einn. Er Pétur¹ kand. theol., sonur biskupsins nýkominn hingað og býst ég við að hann haldi guðsþjónustu hér fyrir okkur á jólnum og líkast til mánaðarlega þar á eftir. Er mér mjög umhugað um að landar hér hafi einhverja möguleika til að hittast án þess að það sé dans, því eldra fólkið kemur ekki þangað. –

Ég fékk bréf frá Eggert frænda V. Briem í dag og segir hann mér þær góðu fréttir að hann sé búinn að trúlofa sig. Er konuefnið hans ekkja og hefur hann leigt hús hennar undanfarin 11 ár, svo Eggert minn hefur nú ekki flanað að neinu. --

Segir frá jólahaldi Íslendinga í borginni.

New York, 2.1.1945. Helgi P. Briem skrifar Álfheiði Briem.

-- Þegar við komum úr kirkjunni var hringt og landi einn sagði mér að Jóhann frændi Eyfells² hafi komið til bæjarins -- og væri vegalaus. -- ég sótti hann og var hann hjá okkur um jólin en flutti svo á Hótel. Er það skínandi skemmtilegur og geðslegur piltur í alla staði og þótti okkur mjög skemmtilegt að hafa hann hér --

Fór Helgi á merkan afmælisfund Íslendingafélagsins í Winnipeg og urðu úr góð tengsl við V-Íslendinga og mikil bréfaskipti. Þá var ellefu tíma flug frá NY til W. og þurfti að taka bensín á tveggja tíma fresti. Af flugvöllunum var snjórinn ekki hreinsaður, heldur þjappaður. Segir hann rækilega frá ferðinni í næsta bréfi. Var mikið tilstand með hann á Íslendingaslóðum.

New York, 18.3.1945. Helgi P. Briem skrifar Álfheiði Briem.

-- En það var búið að gera svo mikið propaganda fyrir minni ræðu að mér var farið að líða illa, því ég tel mig nú ekki mikinn ræðuskörung, þó ég geti skrölt svona með öðrum. -- Var ákveðið að hafa kvöldskemmtunina í fyrstu lúthersku kirkjunni og var hún full, en mér er sagt að þar hafi verið 600 manns. Svo var tekinn dollar fyrir innganginn -- Þökkuðu mér margir fyrir lesturinn, en einn skrifaði mér hingað að þetta hefði verið sú besta ræða sem hann hafi nokkurn tíma lesið. (?) --

New York, 27.8.1945. Helgi P. Briem skrifar Álfheiði Briem.

-- Í Winnipegblaðinu Lögbergi var þín nýlega getið í einu af þessum makalausum bréfum Rannveigar Schmidt,³ og hvað þú værir létt á þér að hlaupa upp stiga, en ekki var það nú meira. --

¹ Séra Pétur Sigurgeirsson (1919-2010), síðar biskup.

² Jóhann (1923) arkitekt og myndhöggvari, prófessor í Florida. Setti upp og rekur safn fyrir listaverk sín og Kristínar konu sinnar, sem nú er dái, í St. Antonio í Texas. Þau HPB og Ingibjörg Einarsdóttur Eyfells, móðir Jóhanns, voru systkinabörn.

³ Rannveig Schmidt var fædd 1893 og skrifaði um þessar mundir tvær bækur; *Hugsað heim* og *Kurteisi* og var heldur hædd fyrir þá síðari.

Vinnur að útkomu fyrrnefndrar landkynningarbókar sinnar, Icelanders and the Icelanders er vakti athygli. Er að reyna að komast í fri til Íslands en hefur ekki getað fengið Thor Thors sendiherra til að ákveða sig með það. Áður hefur verið minnst á ágreining þeirra. Að einhverju leyti gæti hann verið pólitískur. Sjálfsagt hefur fleira komið til, t.d. óregla sendiherra. Hann átti ríkan stuðning bræðra sinna og flokksfélaga í Rvík. Þar á ofan var um það rætt um sama leyti að Helgi P. Briem yrði fluttur frá NY.

New York, 27.10.1945. Helgi P. Briem skrifar Álfheiði Briem.

-- Ég þakka ykkur öllum hjartanlega fyrir allt sem þið hafið gert vegna húsgagnanna okkar og alla þá fyrirhöfn. Annars hafði ég beðið Jóhannes Bjarnason, sem er með Á.S.¹ um að setja menn í að standsetja það sem kynni að vera úr lagi og strjúka yfir það -- Þótti okkur gott að heyra að það skyldi lítið bera á skemmdum eftir allan þennan langa tíma. Einnig þótti okkur gott að heyra að þið ætlið að taka til geymslu ýmislegt smávegis --

Talsverður ruglingur er vegna búslóðarinnar sem seld var eftir að hún hafði loks komið til landsins. Sumt af listmununum var tekið til geymslu á þröngu háaloftinu í Tjarnargötu 24. Þegar Helgi hefði fengið til sín það sem hann hafði óskað eftir fór hann að sakna ýmissa hluta. Kom í ljós að sumt var á loftinu, annað fannst ekki og virðist hafa horfið, jafnvel stolið á Íslandi þegar það var tekið upp af umboðsmanni hans. En Friede var í hálfgerðum vandræðum við að leita munina uppi, stundum án þess að finna þá, því ekki var auðvelt fyrir hana, sem hafði nóg að gera, að þurfa að leita í draslinu á þröngu háalofti. Þetta voru t.d. útskorin ljósakróna; jafnvel smáhlutir eins og bak á myndavé! Þaðan getur verið komin sá grunur Helga að einhverju hafi verið stolið í Höfn, eins og áður hefur komið fram.

Fjölskyldan fór til Íslands um sumarið. Þegar flugsamgöngur komust í lag eftir stríðið, varð mikill erill í konsúlatinu vegna aukinnar umferðar, fólks sem var búið að týna farangri og vegabréfum, mállaust að auki.

New York, 13.12.46. Helgi P. Briem skrifar Friede Pálsdóttur Briem.

-- Maður heyrir frekar góða dóma um ferð karlakórsins, en á sunnudaginn verður aðal konsertinn hér og er þá helst hægt að búast við kritík sem eitthvað er að marka. Vonandi fer ekki eins og með Rögnvald, sem fékk þá voðalegustu kritík, sem ég hef séð hér, en sem utanríkisráðuneytið þýddir svo að það sneri henni alveg við, og sagði öfugt við það sem hér var sagt um hann. Það er víst gott að vera í vinfengi við vissa ætt á Íslandi nú. --

Þá er bókin Iceland and the Icelanders komin út, fær hrós og selst vel. Svo fór fjölskyldan til Íslands og engin bréf skrifuð á meðan.

New York, 8.2.'47. Helgi P. Briem skrifar Álfheiði Briem.

¹ Árni Skúlason (1908-1978), bróðir Sigríðar konu Eggerts bróður HPB Þeir Jóhannes Bjarnason áttu og ráku Gamla kompaníið, sem var húsgagnsmiðja og verslun á Snorrabraut 56.

.. maður er auðvitað mjög hrifinn af *Stefaníu*,¹ því ekki þarf ég að sakna Ó(lafs) Thors), þó ég búist við að þessi (stjórn) verði lítið betri. En við aðra segist ég alltaf vera stjórnarmaður, alveg eins og stjórnarblaðið Spegillinn! --

Tilkynnir Helgi að hann sé búinn að festa kaup á húsi í Forest Hills, úthverfi í NY. Í ágúst sendi hann handrit af bók: Sinn er síður í landi hverju. Biður Helgi Friede systur sína að koma bókinni í yfirlestur til valinna manna og lesa hana sjálf og segja sér álit sitt. Bókin fjallar um siði, venjur, kurteisi o.fl. Hafði hann hugsað sér jafnvel að gefa bókina út undir dulnefni. Friede svarar nokkru seinna, lýst ekki á bókina og leggst gegn útgáfu hennar.

Mér er minnisstætt að mamma bað mig um að lesa bókina, sem ég gerði. Man aðeins það sem ég sagði við hana þ lestri loknum: Þessi bók má ekki koma út. Ekki síst sagði ég það minnugur þess að Rannveig Schmith hafði þá nýlega gefið út bókina Kurteisi, einfeltningslega ritaða bók eftir höfund sem einnig bjó í Bandaríkjum NA.

Bókarhandritið er skemmtilegt aflestrar og ber vott um mikla þekkingu hans á bókmenntum og sögu. Ég vil nefna þrjár gildur sem Helgi féll í: - Hann hafði verið of lengi búíð erlendis; - var giftur erlendri konu, sem ekki var næm lengur, frekar en hann, á íslendingseðlið. Í síðasta lagi var hann orðinn ráðríkur eða réttara sagt stjórnsamur.

Ég held að sú ástæða hafi legið til þess er foreldrar mínir, Ásgeir og Friede, fóru í skyndingu frá Barcelona þegar þau komu þangað í heimsókn 1935. Urðum við fyrir því sama, móðir mín og ég, er við heimsóttum Helga. í Bonn 1956. Við höfðum kynnt okkur Þýskaland og höfðum helst áhuga á tónlist. En Helgi réð ferðinni, því hann sagði að við gætum ekki komið til landsins án þess að gera eitthvað allt annað. Þá kvaddi móðir mín, fór til London þar sem hana langaði til að sækja leikhús og njóta lífsins. Hafa ber í huga að þau Doris höfðu verið barnlaus lengi en áttu nú unga dóttur sem þau lögðu sig fram um að ala vel upp. Að vissu leyti var hann með samningu bókarinnar að gera tilraun til að ala þjóðina upp, á sama hátt og dóttur sína. En þjóðin var enn býsna sveitaleg miðað við þann heim sem Helgi hrærðist í. Að lokum má gruna að stjórnsemi móður hans, þáttur er hann var lengi ósáttur við, hafi verið ríkur í honum sjálfum.

Rvík, 3.9.47. Friede Pálsdóttir Briem skrifar Helga P. Briem.

-- Þar sem ég lít á þig sem lauk ættarinnar bjóst ég við alfullkomnu verki frá þinni hendi, en mér finnst sumt aðfinnsluvert og vona að ég megi segja þér mitt álit og treysta því að þú takir þetta aðeins sem systurlegar aðfinnslur. --

Í fyrsta lagi finnst mér þetta efni vandræðalegt. Erfitt er óneitanlega að kunna ekki að haga sér, en ekki er það síður erfið aðstaða sem sá hefur, sem tekur að sér leiðbeiningar. Ræða þarf um ýmis sára ómerkileg atriði viðvíkjandi hegðun manna og margt af þessu verður ótrúlega fljótt úrelt. Á ég bágð með að fella mig við að þú sért siðameistarinn. --

Ég vildi óska að ég gæti talað við þig og bent þér á það sem mér finnst þú þurfi að lagfæra. en ekki að skrifa þér. --

¹ Ný ríkisstjórn Stefáns Jóh. Stefánss. Aðrir ráðh.: Bjarni Benediktsson, Bjarni Ásgeirsson, Emil Jónsson, Eysteinn Jónsson og Jóhann Þ. Jósefsson. Stjórnin sat tap þrjú ár.

Hún ræðir ýmislegt sem henni þykir einber hégómi. Hún tók sér bessaleyfi að senda bókina ekki áfram til aflestrar vina Helga. Virðist hann ekki hafa svarað bréfinu enda kom hann nokkru síðar til landsins, sem var minnisstætt þar sem ég gekk úr rúmi fyrir honum. Aldrei kom bókinn út.¹ Málið virðist þó ekki hafa verið útkljáð.

Um haustið frétti H.P.B að ætlunin væri að flytja hann og útnefna hann eftirmann Vilhjálm Finsens sendifulltrúa í Stokkhólmi. Var hann ekki ánægður með það og vildi virðulegra starfsheiti. En það átti eftir að dragast til 28.12.'50 að hann væri skipaður sendiherra. Hafði reyndar verið skipaður sendiherra í ýmsum löndum áður.

Rvík, 3.1.1948. Friede Pálsdóttir Briem skrifar Helga P. Briem.

Ég tók bókina og las hana aftur -- Maður fær það á tilfinninguna að þér þyki ekki nógu vænt um þitt föðurland og tónninn sé of hæðnislegur, að vísu -- fyndinn, en erfitt er að brosa, þegar maður er sjálfur skotspónn. -- Ég vil að sem fæstir sjái bókina í þessum búningi og þó ég taki mér þetta vald og fái ráðríkisorð fyrir, verður að hafa það; verst þykir mér ef ég særi þig með orðum mínum, og brjóti sjálf það sem ég segi að þú megir ekki gera við landa þína. --

Þykir ekki nógu gott mál á bókinni; hún ekki vel byggð upp, ekki réttur tónn. Helgi féllst á þessa skoðun, hætti við útgáfuna án þess að sárindi yrðu milli systkinanna út.

Ekkert er birt í blöðunum um þinn flutning. Ég sperra eyrum þegar birtar eru einhverjar fréttir frá utanríkisráðuneytinu. En það er alltaf eitthvað annað sem sagt er frá. Nú seinast um Jakob Möller, að hann væri skipaður sendiherra í Finnlandi líka. Hann getur farið að sötra þar líka, ekki er víst hættu á að hann sötri nema kaffi eða eitthvað ennþá meinlausara en sötra gerir hann og smjattar líka. Dönun þykir hann óskemmtilegur maður og aldrei nennir hann að halda boð eða hafa gesti, hann bara þiggur hjá öðrum. --

Stokkhólmur

Í ársbyrjun 1948 flutti fjölskyldan til Stokkhólms. Byrjaði þá nýr kafli í lífi þeirra og hann komst í samband við allt annað menningarumhverfi, honum fremur að skapi.

Þetta voru uppvaxtarár Álfheiðar Sylvíu. Bréfaskiptin í margar áttir, við skyldfólkið á Englandi og stóran vinahóp, fjalla mikið um hana, þroska og skólagöngu. Bætast í skjalasafnið bréfaskipti hennar við vinkonur, frændsystkin og skyldfólk. Hún verður stöðugt skriffærari, orðheppin og gamansöm; líkist æ meira pabba sínum þegar hann var ungur. Annar heimur heldur en hér hefur verið tekinn fyrir. Meðal efnis skjalasafnsins er fjöldi bréfa milli Helga og Álfheiðar Sylvíu. Þau voru nátengd og hann fylgdist mjög vel með námsferli hennar og framgangi.

Í Svíþjóð eignaðist Helgi marga vini, listamenn og vísindamenn í norrænum fræðum og bókmenntum. Líka annatími sem reyndi á þórlifin. Viðskiptasamningar og menningarsamskipti ásamt millirikjasamningum, vaxandi samskipti Norðurlandanna, viðskipti og menningarsamstarf, einkum Svíþjóðar og Finnlands voru starf hans.

¹ Sjá handrit í skjalasafni HPB í handritadeild LBS, askja nr 20.

Khöfn, 25.3.'48. Jón Helgason¹ skrifar Helga. P. Briem.

-- Um daginn rakst ég á Dagens Nyheter og sá þar mynd af ykkur hjónum með dóttur, og þá fannst mér sem ég mætti til að senda eina línu til að segja frá því hversu vænt mér þykir að þú skulir vera kominn í svo nálægt land.

Svei mér sem ég man hvort ég hef nokkurn tíma þakkað þér fyrir kaffið góða sem þú sendir mér úr því góða landi, Portúgal, og kom helmingur fram, en öðrum helmingi var stolið á leiðinni. Samgöngurnar voru ekki sem greiðastar í þá tíð. En mikið varst þú vegsamaður þá meðal landa fyrir fréttirnar.

Bréf var ég að fá að vestan frá Halldóri Hermannssyni, og kvað hans þín myndu saknað af öllum löndum þar vestra.

Sjálfsagt er það vandasamt starf sem þú hefur tekist á hendur, og hefur mér skilist að sumum kollegum þínum hér á Norðurlöndum hafi ekki tekist að gera öllum til hæfis.

Svo er konungum að fylgja, stendur í Heimskringlu, að þeir menn hafa metnað mikinn, en oft verða þeir í lífsháska, og verður hvorutveggja vel að kunna.

Það mun vera svipað hvort men fylgja heldur konungi, eða forseta eins og þú.

Já þetta var ekkert bréf, ekkert erindi, heldur marklaust rabb sem ég bið þig virða á betri veg. Ég vildi bara óska alls góðs í starfinu. --

Nýr danskur sendiherra er kominn til Íslands, Bodil Begtrup, sem var skólasystir Helga í hagfræðináminu í Khöfn. Þeim líkaði vel hvoru við annað þar til hann gaf út bókina Island með Hans Malmberg ljósmyndara. Hún fyrirtist nokkuð við orð hans um Dani í bókinni. En hún blíðkaðist þegar Helgi veiktist skömmu síðar. Hann mildaðist líka því í enskri útgáfu bókarinnar dró hann nokkuð úr hlöðnum orðum um Dani.

Þá er farinn frá Íslandi Bruun, sendiherra Dana, sem ekki er séð eftir, því illmáll var hann og bar litla virðingu fyrir landinu. Helgi átti síðar eftir að hitta hann víðar í sendistörfum þeirra.

Rvík, 27.11.'48. Friede Pálsdóttir Briem skrifar Helga P. Briem.

-- Ég hitti okkar kæra forsætisráðherra² á laugardaginn var við opnun listsýningar. Hann kom til mín og fór að segja mér frá Stokkhólmsdvöl sinni, og þá sérstaklega viðtökur þínar og alla hugulsemi við sig, sem hann sagði að hefði verið óvenjuleg og sérstök.

Eins sagði hann mér að þú kynnir réttu tókin á Svíunum og að þeir væru mjög ánægðir með þig. Lýsti hann þessu með mörgum fögrum orðum -- ég

¹ Prófessor í Höfn.

² Stefán Jóh. Stefánsson.

fann að hreinskilni lá á bak við, en ekki smjaður. Eins sagði hann að sérstaklega hefði verið gott að koma á heimilið.

Helst að fréttu af Helga að mikið er gengið á hann að taka við sendiráðinu í Moskvu, sem hann færðist mjög undan. Þá var fækkað fólki í sendiráðinu frá því Vilhjálmur Finsen var þar og sérstaklega þótti honum slæmt að besta fólkið var flutt frá honum. Saknaði hann mest Haraldar Kröjer.¹

Stokkhólmi, 21.12.'49. Helgi P. Briem skrifar Friede Pálsdóttur Briem.

-- Ekki heyrst neitt frá Bjarna (Benediktssyni) um hvað verði hér eða um mig, nema hvað hann lækkaði launin mín um 20% um leið og aðrir fá hækkanir. Og ég vinn fram á kvöld á hverjum degi -- En sjálfsagt ætlar hann að koma mér úr starfi á þennan hátt eins og Ó(lafur) Th(ors) á stríðsárunum.

Þegar stúdentarnir hérna heyrðu að ætti að flytja mig vildu þeir fara að senda undirskriftaskjal um að ég yrði hérna áfram, en ég afstýrði því. Hvar sem ég verð er ég viss um að það verður mér til góðs. --

Helsta alfræðabók á Norðurlanda var send Helga til yfirlstrar í árslok. Var kafli um Ísland svo vitlaus að Helgi varð að leiðrétta hann allan og umskrifa. Var það erfitt þar sem hann hafði litla hjálp á skrifstofunni.

Stokkhólmi, 25.1.'50. Helgi P. Briem skrifar Álfheiði Briem.

Segir frá veislu utanríkisráðherra.

- hitti ýmsa sem ég þekkti ekki fyrir. Meðal þeirra var ambassadör von Dardel, sem hefur verið í Khöfn í fjölda mörg ár --

Strax og ég var kynntur fyrir honum sagði hann afar blátt áfram:

Jag kanner eders kollega í Köpenhamn. Men han är inte als en lämplig man ..

og var þetta dálítið generandi fyrir mig þegar hann lét dæluna ganga á lítið diplomatískan hátt. Ég reyndi að berja í brestina og sagði að hann væri víst alltaf mjög lasinn. En Dardel vildi nú ekki láta sig og sagði:

Ja, men varför säger så inte karlen det. Det kunde skapa litet sympati för honom.

Stokkhólmi, 22.2.'50. Helgi P. Briem skrifar Álfheiði Briem.

Var beðinn um að skrifa bók um Suðurlönd (f. Þjóðvinafélagið). Segir frá veislu í háskólanum.

-- þar var einnig Jón Leifs og hans nýja kona. Hann gifti sig þann 3. þ.m. en eins og gengur varð það nokkuð sögulegt. Hann vildi nefnilega hvergi

¹ Haraldur Kröyer (1921-95). Síðar sendiherra.

gifta sig nema í Gömlu Uppsölum, þar sem kirkjan stendur við þrjá hauga sem heita Óðinshaugur, Þórshaugur og Freyshaugur, en sjálf kirkjan er byggð á gömlu musteri frá heiðni og er hægt að sjá rústir þeirra í kjallara kirkjunnar.

Bað Jón mig um að vera svaramann, en ég var upptekinn þann eftirmiðdag og gat því ekki, en fannst það vera hálf harðbrjósta samt, svo ég losaði mig og ók uppeftir með þau hjónaefnin og son konunnar, því hún á uppkominn son frá fyrsta hjónabandi, en þetta var það þriðja.

En þegar ég ók upp að húsinu til að sækja þau festist eitthvað í mótornum, því það var mikið frost. En af því ég hafði verið í lunch, þá hafði giftingunni verið frestað frá kl. 4 til 4.30. En nú komst maður ekki, fyrir bragðið, af stað fyrr en 45 mínútum seinna, því það þurfti að fá viðgerðarmann, og þeir eru nú rólegir í tíðinni hér. Svo gekk nú allt greiðlega þangað til maður átti eftir eitthvað 17 km., en þá voru vegirnir orðnir svo flughálar að maður varð að fara hægt til að fjúka ekki út af þeim. Loksins komumst við nú til Gamla Uppsala.

Jón hafði, svona okkar á milli sagt, beðið prestinn að vígja sig niðri í kirkjunni, yfir heiðna hofinu, en aumingja presturinn fórnaði upp yfir sig höndunum og neitað að víkja spor frá altarinu. Þegar við komum aftur út var náttúrlega svartamyrkur. Síðan áttum við að fara að borða brullaupsmiddag í Stokkhólmi klukkan sex, og svo átti að verða móttaka fyrir gesti kl. 8. En jafnvel þó maður hefði farið af stað kl. 3 hefði það verið ómögulegt að aka 160 km. og hafa veisluna á þrem klukkutímum.

Þegar við fórum frá Uppsölum þóttust Svíarnir þekkja styttri veg en við komum, svo við fórum hann, en svo reyndist hann gjörsamlega ófær, svo við urðum að snúa við til Uppsala og fara svo venjulega leið.

En þegar maður er kominn langt út fyrir alla siðmenningu þá sprakk á öðru afturhjólinu, varð maður nú að skipta um hjól í miklu roki og frosti og algeru myrkri. Tók það uppundir hálf tíma, því maður sá ekkert og varð að þreifa sig áfram með allt. En svo fór það nú að ganga, en það var orðið nærri nú þegar við komum heim til frú Leifs til að drekka kampavínið og þá matarlaus.

Svo fórum vil loks á restaurantinn kl. 11 og fengum allra besta mat og heim kl. eitt. Hafði þetta þá allt gengið með töfum. En það er talið mikið lukkumerki að svona óhöpp komi fyrir á leið í brúðkaup.

Konan á ágætis pensjónat úti í Saltsjöbaden, og þjuggum við þar um skeið í heimilisleysinu 1948, svo við þekkjum hana þaðan. Ég held hún muni hafa góð áhrif á Jón, því hún hefur sans fyrir húmor og tekur hann ekki eins voðalega alvarlega og Annie Leifs. Svo heitir hún Dorothea Duzaine, því hún var tólfta barn foreldra sinna. --

Á von á Bjarna Benediktssyni á utanríkisráðherrafund. En á erfitt með að ná sambandi við hann við undirbúninginn.

Stokkhólmi 15.3.1950. Helgi P. Briem skrifar Álfheiði Briem.

-- hefi staðið í töluvert ströngu og setið utanríkisráðherrafundi fyrir Bjarna, sem ekki gat komið. Er það auðvitað mikill heiður en dálítið erfitt, því allir komu með 5-6 manna nefndir, en ég sat einn og var auk þess minn eigin skrifari. Þorði ég ekki annað en setjast strax við á sunnudagsmorgun að skrifa skýrslu og sat fram á nótt, en þá var hún líka búin. En Svíarnir sem höfðu sérstakan fundarskrifara eru ekki búnir með sína ennpá, en þeir ætluðu að lána mér hana. -- Meðal þeirra dönsku var *udenrigsrådet* C.A.C. Bruun¹ og varð fagnaðarfundur okkar á milli. Hann bað kærlega að heilsa --- Tove vinnur í arkivi utanríkisráðuneytisins, en Erik er ennpá í skóla og gengur illa. Ætlar faðirinn friði að láta hann fara í Grönlands Styrelse, og þá líklega til Grænlands. En Oluf: *Han er skå begavet kan De tro* og sagði mér margt til sannindamerkis um hvað Oluf væri gáfaður - tíu ára gamall. --

Um þessar mundir skrifar Helgi fréttir af ýmsum menntamönnum í Svíþjóð. Einkum er honum annt um Sven B.F. Jansson rúnafræðing, prófessor og síðast þjóðminjavörð Svía. Var hann og fjölskylda hans nánustu vinir Helga og fjölskyldu í Svíþjóð, ásamt Dag Strömbäck, prófessor í þjóðsagnafræði í Uppsölum. Um þessar mundir var báðum veitt fálkaorðan og voru hrifnir af og mikil gleði í kringum þann viðburð.

Rvík, 19.3.'50. Friede Pálsdóttir Briem skrifar Helga.P. Briem.

Segist vera að reyna að losna við Gunnar Viðar, sem leigjanda á Bergstaðastræti 69 í því skyni að geta hjálpað Páli Lindal, systursyni hennar,² um íbúð en hann hefur

-- fengið ágæta stöðu hjá borgarstjóra vegna þess að hann er réttu megin í stjórnmalum, og auðvitað tel ég víst að hann sé bráðduglegur, en guði sé lof er hann reglusamur á vín. --

Okkar kæri frændi Hálfván Helgason,³ var nú rétt búinn að gera talsverða skyssu -- Guðmundur⁴ í Miðdal er nú loksins skilinn við konuna, eftir að hafa búið og átt börn með stjúpdóttur sinni í níttján ár. Vildi hann fá að giftast Lydiu barnsmóður sinni, en það er ein af fyrstu greinunum í hjúskaparlögunum, að maður fær ekki að giftast stjúpdóttur sinni, en þessu var Hálfván búinn að gleyma, en Gústav Jónasson⁵ afstýrði giftingunni með því að hringja til Hálfváns og var hann heldur feginn. --

¹ Fyrirnefndur. Hann hafði sem sendiráðsfulltrúi um árabíl búið í Tjarnargötu 22, nágrenni fjölskyldu Helga, ásamt börnum sínum, Tove og Erik, nánnum vinum okkar Páls bróður míns. C.A.C. Bruun varð seinna sendiherra á Íslandi. Ekki hafði hann þá eða síðar samband við fyrri nágrenna. Erik sonur hans kom einu sinni í heimsókn eftir að hann var fluttur til Grænlands, átti í einhverjum vandræðum með sjálfan sig.

² Enn voru húsaleigulög í gildi og ekki hægt að segja upp leigumálum nema til að rýma fyrir skyldmönnum.

³ Hálfván Helgason (1897-1954). Sonur Jóns biskups Helgasonar, prestur á Mosfelli.

⁴ Guðmundur Einarsson (1895-1963) frá Miðdal, listamaður.

⁵ Gústav Jónasson, ráðuneyttistjóri. Sagt var að með þessari ábendingu hefði hann bjargað Hálfváni frá að missa kjól og kall!

Rvík., 20.4.'50. Friede Pálsdóttir Briem skrifar Helga P. Briem.

Undirbýr ferð til Norðurlanda og ætlar sér að koma við hjá bróður sínum í Stokkhólmi. Er mjög spennt með fyrstu flugferð sína.

--Það er mikill dagur hjá okkur í dag, þar sem opnun Þjóðleikhússins á að fara fram í kvöld og eru eins og þú getur nærri margir móðgaðir við slíkt tækifæri -- og Guðlaugi Rósenkranz hefur tekist að móðga alla bæjarstjórnina í einu. Geri aðrir betur. Aðferðin var auðvitað sú að bjóða ekki bæjarfulltrúum fyrst í stað, heldur sletta í þá miðum þegar hann þurfti að hafa gott af þeim og þá að úthluta þeim hanabjálkasætum.

Guðlaugur var búinn að bjóða til veislu tvö kvöld, án þess að vera búinn að fá leyfi til þess áður, en hann hafði nasasjón af því að það væri siður erlendis og fannst auðvitað sjálfsagt að apa það eftir. Til málamynda sneri hann sér til Björns Ólafssonar til að fá fé til veisluhaldanna, en hann brást reiður við og sagðist ekki samþykkja nema eina veislu og var svo harðorður að Guðl. varð að hrökklast frá honum hálfgrátandi og ráðalaus -- Fór hann þá til Gunnars Thoroddsen² og var Gunnlaugur nú vonbetri, en þó ennþá með grátstafinn í kverkunum, en heppnin var nú með því Gunnari fannst auðvitað sjálfsagt að bærinn legði sitt til að fullkomna þessa hátíð. Þá kom þetta nýja vandamál, bæjarfulltrúarnir, og hvað skyldi gera til að þóknast þeim. En það fór svo að hann sendi eitthvað miðarusl til þeirra, daginn eftir fékk hann þá alla í hausinn aftur --

Friede skrifar eftir heimsókn til Helga í Stokkhólmi. Þar var einnig Guðrún Guðmundsdóttir Bergström mágkona hennar og Einar sonur hennar.³ Fóru öll saman á veitingastað.

Hälsingborg, 19.6.'50. Friede Pálsdóttir Briem skrifa Eggert Ásgeirssyni.

-- Við skemmtum okkur prýðilega, en það var ansi óþægilegt með málið, Einar og Álfheiður Sýlvía skilja ekki íslensku, ensku skilur Guðrún ekki og Einar illa, svo ef eitthvað er fyndið og skemmtilegt er alltaf einhver utan við. Aumingja Helgi var allan daginn að fórna sér fyrir aðra, þó það væri afmælið hans, það er gott að hann hefur ánægju af því að gleðja aðra, en hann hefur svo mikið að gera og ansi mikið arg utan skrifstofutímans, að honum veitti sannarlega ekki af því að fá að hvíla sig, um helgar að minnsta kosti. --

Stokkhólmi, 23.9.'50. Helgi P. Briem skrifar Friede Pálsdóttur Briem.

-- P.S. Sendi bestu kritikar J. Leifs. Fleiri komu mjög ókurteisar. Einn sagði symphonían (hefði) verið eins og ópolandi tannverkur. Maður hefði alltaf vonað að það hlyti að batna, en hafi alltaf orðið verra!

¹ Björn Ólafsson 1895-1974). Menntamálaráðherra.

² Gunnar Thoroddsen (1910-83). Borgarstjóri.

³ Guðrún Guðmundsdóttir (1893-1988) frá Nesi, mágkona Friede; átti Karl Bergström, þingmann og ritstjóra í Hälsingborg. Einar sonur þeirra var flugvélafræðingur.

Eitthvað breyttust hagir Helga til hins betra í lok þessa árs en heilsan var ekki vel góð. Þá kom út bókin *Island* með textum eftir hann og myndir Hans Malmberg¹ og var vel tekið. Þá skrifaði hann grein um Hrafna-Flóka og tóku ýmsir henni vel þótt ekki hafi hún breytt söguskoðun Íslendinga. Hann fékk sendiherratign og breytti það stöðu hans eitthvað; eins var hann skipaður sendiherra í Finnlandi, Rússlandi og Íran. Seinna líka í Júgóslavíu. Þá fékk hann aðstoðarmann, sem átti að létta störfum af honum, en fór ekki alveg eins og hann gerði sér vonir um.

Helgi fór aftur að reyna við rússneskuna, eins og hann hafði áður gert á samningarárum sínum þar.

Heldur var óþægilegt fyrir hann að bandaríski herinn kom til Íslands daginn áður en hann fór til Rússlands til að afhenda sendiherraskilríki sín. Settu blöðin það í samband við hvervendarsamninginn á Íslandi. Í Teheran veiktist Helgi af gulu og átti lengi í henni.

Nágrannafjölskyldan, Ólöf, Agnar og dæturnar, Anna og Áslaug² fluttust til London þar sem Agnar varð sendiherra. Var þeirra mjög saknað úr Tjarnargötunni.

Rvík, 4. 1. '51. Friede Pálsdóttir Briem skrifar Helga P. Briem.

Agnar er ógurlega ánægður yfir því að fara til London sem sendiherra þar. -- Ekki veitir af að bæta sendiráðið í London því það er mesta skömm hvernig allt hefur verið þar. Námsfólk sem verið hefur á Englandi og sem þurfti að leita þangað fékk sjaldnast nokkra afgreiðslu, enda hætti það með öllu að snúa sér þangað. -- Sóðaskapur var hræðilegur þarna, ég vissi um konu sem kom þangað í sumar, hitti Eirík Benedikz með vikuskegg á vöngunum, konan kveikti í sígarettu en fann engan öskubakka og spurði hann, en Eiríkur sagði henni að setja öskuna á gólfið, það gerðu þeir alltaf, enda sá á gólfinu! Ef einhverjar góðgerðir eru veittar hjá Stefáni Þorvarðarsyni þá er það vín með víni.

Annars er Stefán víst ógurlega taugaveiklaður og heilsulaus, svo ekki er danskinum gert hátt undir höfði með fulltrúana, hvorn eftir annan.³ --

Veikindi Helga voru nokkuð löng og margt gerðist á sama tíma, dauði Sveins Björnssonar forseta og Svíakonungs. Helga var boðið veikindafri, en hann harkaði af sér og valdi fremur þann kost að taka heldur lengra sumarleyfi 1952. Og svo tók við undirbúningur íslenskrar viku í Stokkhólmi, málverkasýningar og síðan samningar um sölu á síld til landsins vinna að hjónabandslöggjöf. Þá var mikið rætt um að Halldór Laxness fengi Nóbelsverðlaunin og stúss í kringum það sem reyndar ekki varð þá af.

Bók Helga um Suðurlönd kom út 1953 og vakti hrifningu vegna hnyttins texta og hugkvæmni.

Rvík, 13.12. '53. Friede Pálsdóttir Briem skrifar Helga P. Briem.

-- Menntu eru mjög hrifnir af bókinni þinni um Suðurlönd, enda finnst mér hún bæði skemmtileg og bráðfyndin. -- Eggert Ólafur er í -- málfundafélagi -- og var síðasti fundurinn hjá honum. Auðvitað hafa sjálfsagt verið

¹ Hans Malmberg (1927-1977), einn fremsti ljósmyndari Svía.

² Ólöf Bjarnadóttir (1919-1999). Dóttir séra Bjarna Jónssonar vígslubiskups og Áslaugar Ágústsdóttur. Kona Agnars Kl. Jónssonar sendiherra. Anna Agnarsdóttir, síðar prófessor og Áslaug, yfirmaður í Landsbókasafni. Bjarni var þá ófæddur.

³ Stefán var að flytja til Hafnar.

mikilvæg dagskrármál, en umræðurnar urðu miklu styttri vegna þess að Þór Vilhjálmsson¹ (sonur Vilhjálms útvarpsstjóra og tengdasonur Helga Tomm)² greip bókinu og fór að lesa hátt ýmsa kafla sem honum hafði þótt með afbrigðum skemmtilegir - og menn vildu fá meira að heyra, því sumir höfðu ekki séð bókinu. -- Þór var stórhreifinn af bókinni. --

Annir sendiherra eru gjarnan tengdar opinberum heimsóknum. Vorið 1954 fór Ásgeir Ásgeirsson forseti í heimsókn til Norðurlanda. Þurfti Helgi að undirbúa heimsóknina bæði til Svíþjóðar og Finnlands og vera að auki hjálplegur hinum sendiherrum Íslands á norðurlöndum, enda voru þeir ekki atvinnudiplómatar, ef svo má segja. Þetta tók svo mjög á hann, að hann veiktist alvarlega og var um skeið frá vinnu, m.a. til endurhæfingardvalar á S-Englandi. Friede spurði Áslaugu³ sendiráðsritara um hvernig veikindin hefðu borið að höndum.

Stokkhólmi, 21.5.'54. Áslaug Skúladóttir skrifar Friede Pálsdóttur Briem.

-- Já það var reglulega leiðinlegt að Helgi skyldi leggja svona hart að sér, að hann skyldi veikjast. -- var það ég sem kom að honum þegar hann féll saman. Ég leit inn á skrifstofuna til hans -- og þá var hann að skrifa bréf, en þegar ég kom inn leit hann svo þreytulega á mig og sagði: *Mikið er þetta skrytið, mér finnst eins og ég sé alveg að brotna saman*, svo lagðist hann fram á hendur sér. Ég bauðst til að aðstoða hann inn í svefnherbergið, en það var eins og hann treysti sér ekki til þess, sagðist heldur vilja leggjast á gólfið, svo við létum hann gera það og breiddum yfir hann. Þar lá hann í tæpan kl. eins og hann svæfi, en Doris hjálpaði honum inn í rúm. Við hringdum á lækni og var hann hjá honum nokkuð lengi, á meðan sat ég hjá Dorisi sem var algerlega róleg -- Svo kom læk'nirinn út og talaði við hana og sagði að þetta mundi vera aðkenning af slagí -- fyrirskipaði algera hvíld í tvo mánuði og að hann ætti að liggja í þrjár vikur.

Svo þegar ég kom á mánudaginn fannst mér hann líta ósköp illa út og ég vildi sem (minnst) trufla hann. En nú fer honum fram á hverjum degi. Hann sagðist hafa lamast í tungunni og öðrum handleggnum, en það er alveg horfið núna. Það er verst að hann er svo *vital* að honum finnst hann vera hressari en hann er - og svo þreytir hann sig. Við reynum auðvitað að trufla hann sem minnst, en hann hringir á okkur og til þess að ergja hann ekki verðum við að fara inn til hans. En í það heila held ég að ég geti með vissu sagt að honum stórfær fram. --⁴

París, 25.5.'54. Pétur Benediktson skrifar Helga P. Briem.

¹ Þór Vilhjálmsson (1930). Síðar prófessor og hæstaréttardómari.

² Helga Tómassonar frændi þeirra, föður Ragnhildar alþingismanns og ráðherra.

³ Áslaug Skúladóttir (1924-2003) sendiráðsritari, síðar líka í Bonn, aldavinur fjölskyldunnar; rómaður starfsmaður utanríkisráðuneytisins.

⁴ Sendiráð þau er Helgi kom upp, í Svíþjóð og Þýskalandi, voru bæði þannig að sendiráðsskrifstofan og húsnæði sendiherra var samtengt í hagkvæmniskyndi, en olli ónæði fyrir einkalíf fjölskylduna.

Sendir þakkarbréf frá ítölum vegna suðurlandabókar Helga.

-- Hingað hafa borist fréttir um að þú værir veikur, hefðir sligast undir krossburði í sambandi við forsetaförina.

Ég vona að þú hafir ekki misst allan smekk fyrir gamansemi -- svo þú fyrirgefir þessa athugasemd og takir minni bestu kveðju. --

Stokkhólmi, 30.5.'54. Helgi P. Briem skrifar Álfheiði Briem.

Lætur vel af sér en segist samt ekki treysta sér til að skrifa fleirum en mömmu sinni. Segist einnig að talfærin séu ekki alveg í lagi. Skrifarinn sem hann nefnir og segir vera úr Tjarnargötu er Birgir Möller sendiráðsritari, sem alinn var upp í Tjarnargötu 11, sonur Guðrúnar¹ dóttur Eiríks Bjarnasonar járnsmiðs. Hann starfaði alla tíð í utanríkisráðuneytinu.

-- Nú er ég alveg orðinn góður og eiginlega betri en það, því nú loks hef ég fengið skrifara --

P.s. Ég skrifaði þetta sjálfur.

Stokkhólmi, 13.9.'54. Helgi P. Briem skrifar Friede Pálsdóttur Briem.

-- En svo er annað, sem er algert leyndarmál, enn sem komið er. K.G.² hefur spurt hvort ég vilji fara til Bonn, og ég hef tekið því líklega, því þó það sé alltaf nokkuð erfitt að koma sér upp heimili og alveg nýju sendiráði í framandi landi, hygg ég að þar verði samt minni erill en nú, að minnsta kosti fyrst um sinn. --

Þetta reyndist ekki flugufregn og þau fluttu til Þýskalands.

Þýskaland

Bad Godesberg, 5.1.'55. Helgi P. Briem skrifar Álfheiði Briem.

Jólin voru ekki þau áhrifamestu eða gleðilegustu sem þau höfðu lifað. Áslaug Skúladóttir var ritarinn, sem fylgt hafði Helga frá Svíþjóð. Kom hún á hótelið til þeirra til að njóta jólanna með þeim og syngja jólasálma. Húsið fer senn að komast í lag. Allir sendiherrarnir reyna að njóta Adenauers, hins áttæða kanslara.

Janúar hafði snúist auk undirbúnings brottfarar um Norðurlandafund í Stokkhólmi. Margir komu frá Íslandi til fundarins og var fátt rætt sem Íslandi kom við, nema um loftferðasamninginn sem Svíar höfðu sagt upp. Í nefnd, sem það mál heyrði undir, sat Emil Jónsson³ sem vildi ekki að minnst yrði á málið.

¹ "Lilla" Fontenay, kona danska sendiherrans. Faðir hans var Tage Möller hljóðfæraleikari.

² Kristinn Guðmundsson utanríkisráðherra, vinur frá Berlín og Kiel.

³ Emil Jónsson (1902-86), verkfræðingur og bankastjóri. Hann var þá alþingismaður, lengi ráðherra, en þá utan ríkisstjórnar.

Stokkhólmi, 5.2.'55. Helgi P. Briem skrifar Álfheiði Briem.

-- Sigurður Bjarnason¹ var miklu betri og kallaði hann saman fund landanna og leiddum við Emil okkar hesta saman. Mér virtust hinir alþingismennirnir vera á mínu máli. Sagði ég að mér þætti hart að þeir kæmu sex til viku dvalar hér og mættu svo ekkert segja um okkar málstað, (ekki) í eina mínútu --

Emil tók mig á orðinu og sagðist skyldi segja það í eina mínútu ef ég vildi skrifa það.

Tók ég hann aftur á orðinu og skrifaði ræðubrot sem tók nákvæmlega eina mínútu að halda og sem útskýrði málið. Í 15 mínútna ræðu hans voru þær setningar birtar í flestum blöðum hér, en ekkert annað.

Og svo skrifaði *Svenska Dagbladet* að þessar setningar og ein norsk ræða hafi verið: *välgörande inslag i debatten*--

Þetta vor snúast fjölskyldubréfaskriftirnar um tilraunir til að koma Álfheiði Sylvíu til sumardvalar í sveit. Eftir leit og málaleitun datt Páli Ásgeirssyni í hug að leita til fjölskyldu Jóns Helgasonar bekkjarbróður síns um dvöl fyrir hana að Seglbúðum í Landbroti hjá móður hans Gyðríði Pálsdóttur.² Gekk Margrét³ systir hans í málið. Tókst dvölin í alla staði vel, og stuðlaði að því að gera telpuna - væntanlega - að þeim góða íslendingi sem hún er.

Eyða er nú eins og stundum áður í bréfaskriftirnar þegar fjölskyldan fór í heimsókn til Íslands.

Svo snýr Helgi sér aftur að því að segja fréttir frá Svíþjóð ekki síst hvað varðar kveðjuveislur haldnar honum til heiðurs bæði í Svíþjóð og Finnlandi.⁴ Fjölskyldan fór til Bonn til að leita að sendiráðshúsi. Leit vel út með húsnæði í Bad Godesberg, rétt hjá höfuðborginni Bonn. Varð úr að það var keypt. Þegar heim var komið héldu flugferðasamningar áfram við Svía.

Stokkhólmi, 14.6.'55. Helgi P. Briem skrifar Álfheiði Briem.

-- Þann fyrsta júní hélt Samfundet Sverige Island samsæti fyrir okkur og töluðu þar konsúllinn, Dag Strömbäck og Sven B.F. Jansson sem hélt einhverja þá fyndnustu ræðu sem við höfum nokkurn tíma heyrt. --

Bréfin um sumarið fjalla mest um sumardvöl Álfheiðar Sylvíu og flutninginn til Bad Godesberg og ýmiskonar erfiðleika í sambandi við húsið sem ríkið keypti fyrir sendiráðið.

Svo tekur við tilstand í sambandi við afhendingu trúnaðarbréfs sendiherra í Þýskalandi 13. sept., auk vinnu í við opinbera heimsókn Ólafs Thors forsætisráðherra sem þá var væntanlegur.

Álfheiður Sylvía skrifaði fjölda skemmtilegra bréfa sem minna mjög á bréf föður hennar þegar hann var sjálfur í sveit.

¹ Sigurður Bjarnason frá Vigur (1915). Alþingismaður N. Ísafj.s. og ritstj. Morgunbl.

² Jón Helgason (1931), bóndi í Seglbúðum, alþingismaður og landbúnaðarráðherra.

³ Margrét Jónsdóttir (1922-2010), kona Erlendar Einarssonar forstjóra SÍS.

⁴ Hér, eins og víðar, er sleppt að rekja mikinn fjölda embættisbréfa eða *vinabréfaskipta* samstarfsmanna í utanríkisráðuneytinu og öðrum sendiráðum.

Þá bárust fréttirnar um að Halldór Laxness hefði fengið nóbélinn. Þurfti Helgi þá að fara til Stokkhólms og sjá af hálfu ríkisins um skipulag atburðarins, ef ekki yrði búið að fá nýjan sendiherra, sem ekki varð.

Annars eru fréttir ekki glaðlegar frá Íslandi vegna þess að þar gekk mænuveikifaraldur yfir landið og fjöldi fólks sýktist.

Þau H.P.B höfðu mikið að gera við að koma öllu fyrir í nýju húsi sendiráðsins í Þýskalandi og stjórna endurbótum á því.

Svo fóru þau til Stokkhólms.

Bad Godesberg, 18.12.´55. Helgi P. Briem skrifar Álfheiði Briem.

-- Þegar við komum í Kommendörsgötuna 35 voru öll húsgögnin í hlaða í forstofunni, því Birgi mínum hafði dottið það í hug að láta mála stofurnar vikuna áður en átti að taka á móti nokkur hundruð gestum. Lágu því gardínurnar í einni hrúgu, teppin í annarri og húsgögnin yfir öllu saman. En Birgir sagði það gera ekkert til því þessir málarar væru svo miklir listamenn að þeir mundu koma öllu í samt lag aftur. En listamennirnir sporuðu út alla íbúðina svo að hreingerningakonan sem við höfðum haft í sjö ár sagði upp!

Doris þótti þetta ekki að öllu tryggt, svo hún fór strax í að láta þvo og strauja gardínurnar og var þá nokkuð í essinu sínu. Listamennirnir luku við málningu seint á laugardegi, svo við fórum upp eftir¹ á sunnudaginn og hengdum upp gardínur og málverkin og komum húsgögnunum í nokkurt lag, en þurftum að bíða með það sem síðast var málað meðan þornaði. Svo á mánudaginn þegar eftirmiðdagsboðið átti að fara fram lukum við að koma öllu í lag, brenndum reykelsi af krafti vegna málningarlyktarinnar og var þetta allt orðið sémilegt þegar gestirnir komu. --

Segir frá því sem þau voru að gera, Sýlvía fór í gamla skólann sinn og hitti vini sína.

-- Ég geri nú ráð fyrir að þið hafið heyrt meira og vitið meira um nóbélhátíðina en við sem vorum þar. Það sem okkur þótti mest til koma var að sjá Eggert Ólaf í kjól, með hvítt um hálsinn.² --

Hér kemur útgáfa sögu, sennilega sú rétta, enda skrifuð næst í tíma.

-- Fór það miklu betur en hjá Jóni prófessor Helgasyni. Er Jón var kominn í Konserthúsið í fullum skrúða og ætlaði að setjast, greip hann til kjóllafanna til að setjast ekki á þau - en greip í tómt. Er hann hafði athugað þessi undarlegheit nokkuð fór hann að skoða kjólinn betur og

¹ Sendiráðið var á Kommendörsgatan 35, Östermalm. Þau bjuggu á Grand Hotel, á Blasieholmen þar sem HKL bjó einnig.

² Við landar sem boðnir vorum á hátíðina tókum hátíðlega fyrirmælin um kjölföt; leigðum allt er tilheyrði fyrir ærna fé. Gestirnir frá Uppsölum og einhverjir fleiri komu og höfðu fataskipti í herbergi mínu á Upplandsgatan nr. 89. Var það kostuleg fylking er við gengum út á torgið áleiðis í *tunnelbanan*, allir í VÍR-úlpum, sem var þjóðbúningur ísl karlanna, með kjöllöfin niður af.

reyndist það vera gamli blái jakkinn hans. Hafði hann farið í hann yfir kjólskyrtu og vesti í venjulegri prófessorsleiðslu. Varð honum svo mikið um að hann stökk heim á hótél og missti af byrjun hátíðarinnar.¹

Hátíðin fór fram með venjulegu sniði, nema hvað við Doris og Álfheiður Sylvía sátum á fremsta bekk á undan öllum kollegum, því ég var talinn vera en mission speciale. Álfheiður kom með gullbelti og skuplu. Var hún eiginlega eina manneskjan í salnum sem bar nokkurn lit svo öll blöðin töluðu um den lustiga röða toppmössan² og sum sögðu að hún hefði verið með regnskydd og munu hafa átt við skupluna. Það var verið að segja um allt húsið að hún mundi vera frú Laxness, en þegar andlitið virtist heldur unglegt, að hún væri dóttir hennar. Svo þú sérð að gullbeltið góða hefur oft komið í góðar þarfir --

Strax og athöfnin var búin förum við í veislu í ráðhúsinu, en afhentum Álfheiði Sylvíu til Eggerts frænda, og kom sér vel að hafa frændstýrkinn.

Við flýttum okkur eins og við gátum niður eftir, því ég hafði það skylduverk að kynna Laxness fyrir allri konungssættinni, eða að minnsta kosti þeim sjö, sem voru viðstaddir hátíðan. Tókst það furðu vel enda hjálpaði það til að familían hafði glápt á hann í nokkrar klukkustundir.

Margir töldu ræðu Laxness einhverja þá bestu sem haldin hafi verið á nóbélhátíð. Gladdi það mig, en hann hafði kvefast á leiðinni norður, svo hann var ekki eins vel fyrirkallaður og æskilegt hefði verið. Um kvöldið talaði hann mikið í háreystinni og dansinum svo hann var raddlaus maður er hann fór heim og lá í rúminu næsta dag með trefil um hálsinn. Það brá samt svo af honum að hann gat farið til kóngsins um kvöldið og vorum við Doris þar, en Eggert Ólafur sá um Álfheiði okkar.

Það var eiginlega herramiðdagur, en drottningin fékk að vera þar og þær helstu af prinsessunum og svo konur nóbelsverðlaunamannanna, kona ameríska sendiherrans og Doris. Kvenfólkið var ekki nema dropi í hafi hundrað karla.

Svo næsta dag, mánudaginn, var cocktailboð okkar og var þar mikill mannfjöldi og troðningur -- en ég hafði verið svo forsjáll að bjóða löndum hálfum öðrum tíma seinna en öðrum, en samt var mikill troðningur. Við það bættist að það var mikill fjöldi ljósmyndara og kvikmyndamanna. Svo komu landarnir með blys og var það mjög ánægjulegt.³

¹ Vitni voru þau hjón Svava Jakobsdóttir (1930-2004), rithöfundur, þá ritari í sendiráðinu, og Jón Hnefill Adalsteinsson (1927-2010), síðar prófessor, sem var við nám í Stokkhólmi. Hafði gestur frá Uppsöllum orðið seinn fyrir og biðu þau í anddyrinu með miðann hans. Dyrnar opnuðust, J.H. þusti út, og sagði við þau: *Ég fór í vitlausar buxur*. (Þessi saga er endurtekin til að sýna hve litlir atburðir geta breyst í frásögnum).

² Lýsir þjóðbúningi hennar með skauti, eftirlíkingu af gamla þjóðbúningnum sem oft hafði athygli vakið. Skuplan var eftirlíking af faldi/skauti.

³Blysför okkar landa var glæsileg, vakti mikla athygli.

Þar sem ég vildi að flaggið væri uppi þótt dimmt væri orðið setti ég lampa út á svalirnar sem köstuðu ljósi á fánann en hafði svo ljósmyndaperu í sem gaf 500 kerta ljós, svo fáninn var mjög vel upplýstur. Sveinn, sonur Einars Ólafs prófessors, sagði nokkur orð og góð og söng ljóð, en síðan sagði Laxness þakkarorð þó rámur væri, en klökknaði nokkuð og gat ekki haldið áfram. Kallaði ég þá til þeirra blysberanna að koma upp og þiggja hressingu og glumdi þá í hópnum og voru þeir ekki lengi að slökkva á blysunum. --

Við losnuðum fyrst við gestina kl. 8,15, en ég hafði boðið nokkrum vinum Halldórs okkar í kvöldverð og gat nú einu sinni haft skyldmenni okkar, þar sem var margnefndur Eggert Ólafur, en auk hans: Peter Hallberg, Sigurður Nordal, Jón Helgason, prófessor Jansson og nokkrir fleiri, alls 16.¹ En því hófi slitum við klukkan rúmlega ellefu og fórum á stúdentafund og sungu þar stúdentarnir mjög vel og skemmtilega; og var þá sá dagur búinn.

Næsta dag fórum við með kvöldlest suður á bóginn --

Eftirminnilegt var að fylgja íslenska vinahópnum á brautarstöðina. Allir voru í besta skapi eftir að hafa verið í miðju íslenska alheimsins fáa daga.

Helgi komst fljótt kominn í samband við frændfólk, afkomendur Jóhönnu fögru Briem/Schütz,² afasystur sinnar, í Þýskalandi; einkum Gretelotte Schütz sem enn er enn í sambandi við frændfólkið á Íslandi, 102ja ára. Ástæðan var sú m.a. að Eggert bróðir Helga vann að undirbúningi niðjatala og naut aðstoðar Helga við útvegun upplýsinga.³

Skömmu síðar kom Ólafur Thors forsætis- og Kristinn Guðmundsson utanríkisráðherra í opinbera heimsókn til Bonn. Undirbúningur var mikill og heimsóknin í maí tókst vel. Allt erfiðið hafði þau áhrif að Helgi fékk aðkenningu af blóðrásartruflun, svipaðri og hann hafði áður fengið í Stokkhólmi.

Friede systir Helga var í heimsókn um vorið ásamt undirrituðum sem var við námsdvöl í Köln. Var heilmikil hátíð þá um vorið þegar 40 íslendingar komu saman 7. júní til að kjósa til Alþingis og gera sér dagamun. 17. júní var aftur efnt til móttöku, en þá voru þeir íslendingar sem voru í Köln. En skemmtilegt var fyrir okkur sem fengum að njóta. Litlu seinna fékk Helgi eftirköst af gulu sem hann hafði sýkst af í Íran.

Friede segir frá heimsókninni og hvað við vorum að sýsla.

Bad Godesberg, 10.6.'56. Friede Pálsdóttir Briem skrifar Þórdísi Briem.

-- Helgi lánar okkur bíl og bílstjóra til Bruxelles. Hann er alveg á móti því að við leigjum bílstjóralausán bíl -- Það er auðvitað mjög vel boðið, en við kunnum dálítið illa við að þiggja það, sérstaklega ef hann vantar bílinn. --

¹ Með mökum sem áttu. Þá voru þar auk mín, Birgir Möller sendiráðsritari, Halla Bergs, fulltrúi í utanríkisráðuneytinu, útnefnd sérstök aðstoðarkona Laxnesshjonanna, og Ólafur Ólafsson menntaskólakennari er var þar við framhaldsnám.

² Jóhanna Kristjana Gunnlaugsd. Briem g. Schütz (1805-86) kölluð *bin fagra*. Mikil ætt af henni komin.

³ Niðjatal Briemsættar kom út 1990.

Þann 17.6. vil ég heldur vera í London. -- hreinskilnislega sagt langar mig ekki til að hitta diplómatana. --aumingja hjónin keppast við að skemmta mér -- Einn daginn vorum við Eggert saman í Köln, þá var indælt veður og ég naut dagsins, við vorum frjáls og gátum get hvað sem við vildum, fengum okkur kaffi og koníak og nutum dagsins í ríkum mæli.

Ég vona að þetta megi ekki skilja sem vanþakklæti hjá mér, en ég verð svolítið ófrjáls þar sem er mikið af þjónustufólki sem alltaf ávarpar mann sem *gnädige Frau*. Það lærði ég í þýskubókinni í gamla daga en hafði ekki hugmyndaflug til þess að ímynda mér að nokkurn tíma yrðu notuð á mig.

Álfheiður Sýlvía er alveg yndisleg, eins og alltaf, góð og sjarmerandi, en hún er í skólanum alla daga, er dálítið leið á því, þar sem hana langar til að fara margt sem hún fær ekki vegna skólans. Hún kemur ekki til Íslands í sumar þar sem fríð er svo stutt og þýskan er ennþá erfið fyrir hana, þar sem hún aðallega umgengst enskumælandi fólk. --

Helgi ræðir mikið í bréfum sínum um skólagöngu Álfheiðar Sýlviu. Allir skólar voru orðnir fullir þótt leitað væri. Varð það úr að hún fór í alþjóðlegan skóla í Sviss og féll námið og félagskapurinn vel.

Þá var Helgi að losna við Hannes Jónsson sendifulltrúa og átti von á Pétri Eggerz í staðinn.¹ Voru eilíf vandræði með starfsliðið, annað en Áslaugu Skúladóttur sem alltaf var dyggur starfsmaður og náinn vinur fjölskyldunnar alla tíð. Meðan Áslaug fór í frí var hann stundum einn í sendiráðinu.

Rvík, 21.10.´56. Friede Pálsdóttir Briem skrifar Helga P. Briem.

Segir frá miklum hátíðahöldum vegna 100 ára afmælis tvíburasystkinanna Páls afa þeirra og Elínar Briem, stofnun sjóða, samkomuhalds og fyrirlestra um systkinin.

Mamma fékk framúrskarandi skemmtilegt bréf frá Álfheiði Sýlviu, hún lýsir skólalífínu svo vel og lifandi fyrir henni að mamma gæti sjálf verið orðin skólastúlka í miðjum hópnum. Hún er svo ánægð með lífið og hamingjusöm að þið skylduð velja þennan skóla fyrir hana -- Álfheiður Sýlvía veit ekki sjálf að það er hennar dýrmæta vöggugjöf sem hún hefur hlotið, að öllum þykir vænt um hana vegna hennar sjálfrar, yndispokka og gáfna. Guð gæfi henni að vera alltaf með því fólk sem kæmi auga á þessa kosti og kynni að meta þá. --

Bad Godesberg, 17.11.´56. Helgi P. Briem skrifar Álfheiði Briem.

-- Ég hef verið með einhverja linku og verð afar þreyttur svo mér hefur ekki fundist það náttúrulegt, þó loftslagið hér sé talið mjög þreytandi. Var ég í vor hjá lækni, en hann sagði mér að koma aftur í haust.

Var ég hjá honum nú, en hann var ekki vel ánægður með blóðþrýstinginn -- og nú þykir hann hafa fundið bólgu í einhverjum kyrtli, sem heitir

¹ Pétur Eggerz (1913-94) var líka fulltrúi hjá Evrópuráðinu í Strassborg og vegna þess mikið fjarri. Helgi var ekki yfirmaður hans í því embætti.

*pankreas*¹ og telur að ég þurfi að fara í baðstað og drekka vatn, sem sýni þessum *pankreas* í tvo heimana, og heitir Bad Kissingen. Er ég nú hálf vantrúaður á hvort það sé nokkur *pankreas* í mér, hann hefur að minnsta kosti aldrei verið kynntur fyrir mér, og þykist ég því mega ignórera dónann –

Þar sem Pétur verður hér í tvær vikur er ég að hugsa um að fara burtu viku tíma og drekka vatnið í Kissingen, og vita hvort *pankreas* verður ekki skikkanlegur, ef hann er þá til. Það verður a.m.k. hvíld í því. -- maður er hálf áhyggjufullur út af þessum alþjóðamálum. Maður er þakklátur fyrir það að ófriðurinn er langt frá blessuðu landinu okkar. --

Mikið rætt um framtíð Álfheiðar Sylvíu sem gengur vel í skólanum, en tók nú upp á því að byrja að reykja! Pabbi hennar gerði samning við um verðlaunagreiðslur ef hún reykti ekki í 1-2 vetur.

Um sumarið kom fjölskyldan til Íslands og var tækifærið notað til að ferma Álfheiði Sylvíu 17. ágúst í dómkirkjunni með fjölskylduveislu í Tjarnarkaffi í Oddfellowhúsinu.

Bréfin til fjölskyldunnar snúast æ meir um Álfheiði Sylvíu og nám hennar. Henni gengur vel í skólanum og er yndi foreldra sinna. Þá er ýmiskonar stúss við milliríkjasamninga og ferðalög, mikil ferðalög innanlands í sambandi við sýningar o.fl. sem íslendingar áttu hlut að og þurfti að hafa samskipti við sendiherra og annað fólk í diplómatastétt. Á þessum tíma voru fiskveiðideilur og samningar í samband við þær og tók Helgi þátt í þeim og ráðstefnum hjá alþjóðastofnunum. Þá skrifaði hann mikið einkum um landhelgismál í þýsk og ensk blöð og hélt uppi vörnum fyrir land sitt og sparaði ekki stóru orðin.²

Virðast nokkrir árekstrar hafa verið við Pétur Eggerz sendiherra, sem átti að vera Helga til aðstoðar, en var mikið fjarverandi vegna starfa við Evrópuráðið í Strassborg og alþjóðastofnanir í Vínarborg. Þetta kom sér illa, sérstaklega vegna þess að Helgi var ekki heill heilsu, án þess að séð væri hvað amaði að honum. Hann kvartar yfir þreytu og þarf að leggja sig á daginn.

Helgi skrifast í auknum mæli á við fjölskylduna á Íslandi. Friede systir hans var mikill bréfritari og dugleg að láta hann fylgjast með líðan hennar, sérstaklega Álfheiðar móður þeirra, og miðlaði allskonar skemmtilegum fréttum úr stórrí fjölskyldu, þroskasagna og veikinda, auk kjaftasagna úr bæjarlífinu. Hún fylgdist vel með stjórnmálum, menningarlífi, sögusögnum og skrifaði bréf sem hann svaraði upplýftur af miklu fjöri. Ekki síst var hún ánægð með að vera komin með bílpróf og eigin bíl orðin 58 ára.³



Álfheiður Silvíu, Helgi og Doris í Bad Godesberg

¹ Briskyrtilinn.

² T.d.: *The biggest fish conservation plan on earth*. Vélritað handrit.

³ Hún og Páll, er átti hlut í bílnum, nutu hjálpar Helga við kaupin þar eð gjaldeyrishömlur voru. Fékk hún gjaldeyri keyptan af honum; greidd hann svo á reikning hans á Ísl. Var eina misklíð þeirra systkina að einhverju sinni virtist hann hafa gleymt fyrirkomulagi þessara samskipta og lét á sér skilja að hafa hjálpað henni peningalega. Það var ekki

Rvík, 19.10.58. Friede Pálsdóttir Briem skrifar Helga P. Briem.

-- Ég held ég hafi aldrei lesið svona frábærlega vel skrifaða minningargrein eins og þína grein um próf. Halldór Hermannsson. Það er eins og stundum þegar Nordal semur eitthvað, efnið er svo samþjappað og fróðleikurinn svo mikill í næstum hverri setningu, að maður verður að staldra við og njóta lestursins við og við. Mér finnst þér hafa tekist mjög vel, góðvild þín til hans og mat þitt á hæfileikum hans er svo einlægt og satt, án nokkurrar væmni. --

Lífið heldur áfram. Annir eru miklar hjá Helga á fundum, ráðstefnum og í samningum í ýmsum löndum. Mikið var um opinberar heimsóknir og litla aðstoð að fá. Álfheiður Sylvía lauk stúdentsprófi, fór í háskóla og ákvað 1960 að innrita sig í íslensku við Háskóla Íslands.

Heim

Um svipað leyti var Helga tilkynnt að hann skyldi flytjast heim og taka að sér verkefni sem lengi hafði staðið til að framkvæma. Kom þessi breyting á óvart, en þau voru fljót að jafna sig á því og urðu spennt fyrir því loksins að flytjast til Íslands eftir 30 ára óslitna burtveru og enn lengri þegar námsárin bætast við. Eins og fram kemur við lok ævisögudraga hans sögðu þjóðverjar að svo löng útivera væri einstæð.

Undanfarin ár hafði Helgi ekki verið við góða heilsu og hálfgerð slen í honum, þreyta eða vanlíðan. Það átti eftir að breytast til batnaðar er heim kom.

Helgi gekk fljótlega til samninga um kaup á tveim íbúðum í Sólheimum 23 og snerist áhugi hans nú að verulegu leyti um sameina þær og koma í lag. Tókst mjög vel og tókst þeim Dorisi að koma sér upp stórfallegu heimili með góðri vinnuástöðu fyrir hann.

Þegar heim kom fyrri hluta árs 1961 hófst nýr kafli í lífi fjölskyldunnar. Þau komu sér fyrir í nýju íbúðinni sem reyndist vel.

Meginverkefni hans fyrir utanríkisráðuneytið var útgáfa ritsins: Samningar Íslands við erlend ríki, 1435 bls. sem út kom árið 1963. Sagt var að mörgum hefði áður verið fengið þetta verkefni án þess að því hefði verið lokið. Lýsir það hvílikur atorkumaður Helgi var.

Í Landsbókasafni Íslands eru skráð nokkur fleiri rit eftir Helga en hér hefur verið minnst á: Aldarminning Vilhjálms Stefánssonar (Almanak Hins íslenska Þjóðvinafélags) og tvö sagnfræðileg rit sem birtust í Ganglara: Landvættir Íslands og Um átrúnað forfeðra vorra.

Í skjalasafni Helga er að finna fjölda fyrirlestra sem hann flutti ýmsum félögum, Varðbergi, samtökum um vestræna samvinnu, Guðspekifélagi Íslands og Sálarrannsóknarfélagi Íslands. Einkum eru þó fyrirferðarmiklir fyrirlestrar sem hann flutti í Frímúrarareglunni, sem hann gekk í fljótlega eftir að hann fluttist heim aftur. Mun hann hafa verið í tengslum við þá reglu í Svíþjóð.

Eftir ferð þeirra Dorisar til Egyptalands sýndi hann mörgum myndir þaðan og sagði okkur frá egyptskum fræðum, sem hann hreifst af. Áheyrundur skynjuðu að fróðleikurinn og áhuginn væri tengdur einhvers konar stúkuspeki.

Þá má nefna miklar rannsóknir hans á fornfræðum N.-Ameríku. Hann hafði lengi áhuga á því máli. Sýnist það hafa byrjað með umfjöllun um Kensington steininn og fleiru sem kom í ljós í

aldeilis að hennar skapi að þiggja. Skjalið sem hún geymdi best í skjalsafni sínu, vildi tryggja að erfingjarnir myndu ekki efast: *Reikningsskil bílakaupa*.

sambandi við rannsókn hans. Það leiddi hann á spor sem hann fylgdi lengi, þ.e. vísbendingar um ferðir norrænna manna um N. Ameríku sem hann þóttist hafa fundið. Mikil gögn er að finna um málið í skjalasafni hans en sem honum mun að lokum hafaorðið ljóst að ekki væri nógu traust sagnfræði. Lét hann þá þann þráð þá niður falla.

Gleði þeirra Dorisar og Helga var samt sú helst, þegar halla tók undan fæti, að Álfheiður Sýlvía og Magnús Pálsson bjuggu lengi í návist þeirra og eignuðust mörg börn og mannvænleg.

Doris Mildred Parker kona Helga stóð traust við hans hlið alla tíð, sjálfstæð og ákveðin kona. Þegar hún kom til Íslands öðru sinni til langdvalar hóf hún þátttöku í þýðingarmiklum félags- og líknarstörfum með mikilvægu hlutverki, tengslum við fjölda fólks. Entist það henni fram á grafarbakkann.



Fjölskylda Álfheiðar Sýlvíu og Magnúsar

Ljósmynd: Ágúst Guðmundsson

Helgi Pálsson Briem fæddist 18. júní 1902 á Akureyri og dó í Reykjavík 2. ágúst 1981.

Doris Mildred Parker Briem fæddist 18. sept. 1902 í Birmingham á Englandi og dó í Reykjavík 28. október 1999.

Eggert Ásgeirsson:

Fréttabréfa- og bréfamiðlun Helga P. Briem 1940-1942

Í miðju verki við skráningu bréfa Helga P. Briem í handritadeild Landsbókasafnsins og fjölskyldubréfasafns míns hafði Rúnar Þór Stefánsson tæknifræðingur samband við mig. Hann spurði hvort ég vissi eitthvað um bréfasendingar Helga P. Briem á stríðsárunum. Rúnar, sem er frímerkjasafnari, hafði rekist á umslög frá Helga með handskrifuðum tölum, sem hann vildi fá skýringar á. Kom í ljós að þær voru með rithönd hans. Hafði hann rannsakað málið lengi án þess að finna fullnægjandi skýringar á þessu atriði og fleiri þáttum málsins.

Ég var þá líka að vinna að ævisögu Helga og gat því upplýst hann um sitthvað. Móðir mín Friede Pálsdóttir Briem, systir Helga, var samstarfsmaður hans á Íslandi og sá um dreifingu sendibréfa fólks af meginlandinu þar og veitti honum ýmsa aðra aðstoð. Þá höfðum við bræður, Páll og ég, 10 og 11 ára, tekið þátt í dreifingu bréfanna. Þjó ég því yfir minningum um þetta merkilega mál og hafði undir höndum skjöl um það.

Helgi P. Briem varð sendifulltrúi í Portúgal í júlí 1940 og kom þangað um mánaðamót okt./nóv. og bjó þar uns hann fluttist til New York vorið 1942.

Um bréfamiðlun Helga skrifaði Rúnar Þór grein: *Bréfadreifing Helga P. Briem í Portúgal 1940-1942* og birti í *Frímerkjablaðinu*, 1. tbl. 2010. Endurprentuð í þessu riti. Þá höfðum við farið saman í gegnum nokkur skjöl og bréf Helga og fundið gögn sem komu honum vel við heimildavinnu og ritun greinarinnar. Fyrsta þætti rannsóknar Rúnars á bréfamiðlun Helga lauk með ritun greinarinnar. Enn var þó ýmislegt óljóst. Málið hafði aldrei verið rannsakað og Helgi sjálfur aldrei, svo kunnugt sé, haft um það mörg orð.

Athuganir okkar Rúnars sannfærðu mig um að nauðsynlegt væri að gera málinu frekari skil, ekki aðeins vegna bréfamiðlunarinnar heldur einnig vegna dreifingar á *Fréttum frá Íslandi* og *Fréttum frá Færeyjum*. Fréttabréfin voru áður órannsökuð eins og bréfadreifingin.

Í skjalasafni Helga í handritadeild Landsbókasafnsins voru fimm tölublöð af *Fréttum frá Íslandi*. Blaðið var einnig til í fréttabréfasafni þjóðdeildar safnsins ásamt útsendingalista Helga. Var þá óljóst hvaðan þau voru þangað komin eða hvernig á þeim stóð. Var jafnvel talið að þau hefðu verið gefin út af Félagi íslenskra stúdenta í Khöfn. Svo reyndist ekki vera, nema hvað stúdentar höfðu tekið þátt í dreifingu þeirra. Með því að athuga þetta hvort tveggja saman fékkst nokkuð heilleg mynd. Í þjóðdeildinni var auk fréttabréfa útsendingarlisti, sennilega tilkominn vegna dreifingar fréttabréfsins.

Þá voru í safninu *Fréttir frá Færeyjum*, með sama handbragði og hitt fréttabréfið og ekki augljóst hvernig væri til komið.

Þegar tími gafst eftir að hafa tekið saman ævisögu Helga og búið gögn hans til prentunar aflaði ég nánari upplýsinga. Helgi P. Briem var safnari og má segja að hann hafi ekki fargað neinum gögnum sem hann átti í sínum fórum. Er því um mikið gagnasafn frá honum að ræða. Ef segja á sögu dreifingar fréttabréfsins og bréfa er fjöldi heimilda og erfitt að gera málinu tæmandi skil. Með því að tína til sýnishorn héðan og þaðan má segja að tekist hafi verið að fá yfirlit um starf Helga á þessu sviði og viðbrögð fólksins sem naut þjónustunnar á Íslandi og á meginlandinu.

Er Helgi P. Briem var kominn til Lissabon sagði hann frá því í bréfi 1.1.1941 til Álfheiðar Briem, móður sinnar, að hann hafi fengið bréf frá Jóni Leifs, ritað 11.12.'40. Í því spurði hann um fjölskyldu sína á Íslandi. Þeir Jón voru æskuvinir. Feður þeirra, Páll Briem og Þorleifur Jónsson, höfðu stundað nám saman og verið samstarfsmenn í stjórn málum og blaðaútgáfu. Helgi hafði verið við nám og störf í Khöfn, Berlín og víðar, starfað í fleiri borgunum og var í kynnum við marga íslendinga, einkum í Kaupmannahöfn og Berlín, m.a. Jón Leifs. Helgi sagði Jón láta vel af sér. Rauði krossinn var með skilaboðþjónustu á stríðsárum, takmörkunum háð. Bréfin máttu, skv. fyrirmælum ritskoðunar Breta, ekki vera lengri en tuttugu og fimm orð; vera til ættingja og vina og þurfti að koma þeim í skrifstofu Rauða kross Íslands í Hafnarstræti 5, Rvík.¹ Svipaðar reglur voru um önnur slík skilaboð sem fóru í gegnum ferðaskrifstofu Thomas Cook & Son, Ltd. í London.

Potsdam, 15.1.'41. Jón Leifs skrifar Helga P. Briem.

--Við hér höfum engar fregnir frá Fróni nema línurnar í gegnum Rauða krossinn dagsettar í júlí síðastl. -- Er engin leið með að þú getir komið fréttabréfi til íslensku nýlendunnar hér við og við. --

Ekki er ósennilegt að hugdetta Jóns um fréttabréf hafi haft áhrif á Helga. Jafnvel líka orð hans um skilaboðin er fóru í gegnum Rauða krossinn. Jón Leifs var, eins og þjóð veit, hugmyndaríkur maður. Mál þróuðust skjótt á eftir.

Helga hefur orðið ljóst að hann gat haft mikilvægu hlutverki að gegna fyrir landa sína, starfandi í hlutlausu landi, milli stríðsafla sem ekki leyfðu beint samband borgara heimshluta milli. Vitaskuld vakti það samúð hans að stríðsþjáðir vinir hans í fleiri löndum voru slitnir úr fjölskyldutengslum. Sjálfur hafði hann náin kynni af ófriði og stjórn málaerjum í Evrópu, eins og kemur fram í ævisögu hans.

¹ Ódags. fjölrit frá bresku ritskoðuninni. Ekki er kunnugt um að skilaboðþjónusta R.K.Í. á stríðsárunum hafi verið skoðuð, en mikið fór af slíkum boðum um hendur hans og afrit geymd í safni samtakanna.

Nú var hann búsettur í Portúgal, hlutlausu friðarlandi. Hér var tækifæri fyrir velviljaðan áhugamann.

Helgi tvínónaði ekki í þessu máli fremur en oft, bæði fyrir og síðar. Tveim og fjórum vikum síðar skrifaði hann þrjú bréf frá Lissabon. Hugmyndin um Fréttabréf var mótuð en bréfamiðlunin ekki komin í höfn. Hann var gallharður að koma henni í framkvæmd. En háður hjálp á Íslandi.

Jón Krabbe starfaði í sendiráði Íslands í Khöfn og gat verið Helga hjálplegur með útsendingu fréttabréfanna. Það gerði hann síðar, en virðist hafa farið á bak við Helga, að einhverju leyti með breytingum á efni þeirra.

Hér segir Helgi frá bréfamiðluninni.

Lissabon, 2.2.'41. Helgi P. Briem skrifar Jóni Krabbe, sendiráði Íslands í Khöfn.

-- Ég vil líka vera milliliður milli landsmanna heima og úti, þannig að ég hef gefið þeim leyfi til að senda mér bréf til þeirra -- heima, sem ég sendi svo áfram. Mér skilst að englendirar hafi *ekkert* á móti þessu svo framarlega sem bréfin séu ritskoðuð. Ef ég á þennan hátt get gert gagn, að sjálfsögðu er þetta einkaframtak¹ mitt, myndi það að sjálfsögðu gleðja mig. --

Tveim vikum eftir bréfið frá Jóni Leifs skrifar hann móður sinni og systur. Er hann þá búinn að hrinda Fréttabréfi frá Íslandi í framkvæmd og farinn að taka á móti bréfum frá meginlandinu. Nú sendir hann Friede Ingibjörgu, systur sinni, að henni fornspurðri, fyrstu bréfin frá Íslendingum á meginlandinu.

Lissabon, 29.1. og 3.2.'41. Helgi P. Briem skrifar Álfheiði Briem.

-- Annars get ég ekki kvartað því ég er að fréttast frá kunningjunum í Þýskalandi og þeir hafa ekkert frétt síðan í fyrravor, nema hvað Jón Leifs fékk bréfspjald Rauða krossins í júlí. Er ég nú að sjóða saman mikið fréttablað upp úr blöðunum að heiman og tek af því mörg afrit og sendi til kunningjanna, sitt í hvorum bæ til að þeir fái fréttir. Hef ég setið við í allan dag að skrifa þetta.

Þegar fréttist til mín hér á millistöðinni geri ég ráð fyrir að ýmsir biðji mig að koma bréfum heim og þar sem það verður að vera algerlega sem privátmál mitt er ég að hugsa um að biðja Friede að taka við bréfum sem ég kann að senda í flugpósti og koma þeim áfram til móttakenda á Íslandi. Byrja ég þegar með að senda nokkur bréf sem ég ætla að biðja hana að setja frímerki á og koma áfram. --

¹ Hér sést að Helga er ljós áreksrahætta ef þeir er nyttu þjónustu tengdu málið stjórnmöldum. Það kom líka í síðar í ljós með sendiráðið í Khöfn, öndvert við það er hann ætlaði.

Lissabon, 3.2.1941 Helgi P. Briem skrifar Friede Pálsdóttur Briem.

-- Landarnir hérna úti eru heldur fréttafáir. Þeir hafa ekkert frétt að heiman síðan fyrir nærri ári, svo ég tók mig til og skrifaði mikið fréttabréf með upplýsingum um tíðarfarið og afkomuna, skömmtnunina og að nú væri farið að skammta sparisjóðsinnstæður og mættu menn ekki hafa meira en 25.000 á bókinni sinni, til mikils бага fyrir flesta vini okkar. Einnig skrifaði ég dánardægur manna, sagði frá bókum og neftóbaksleysinu o.fl. þeim til fróðleiks. Hektógrafaðil ég 20-30 afrit af þessu og sendi kunningjum í þeim löndum sem ég vissi um Íslendinga. Var þetta 7 foliosíður, mjög þétt vélritaðar.

En svo var ég að hugsa um annað. Það var hvort ég gæti ekki orðið miðstöð fyrir bréf milli landa, hér og heima. Var mér að detta í hug að leyfa löndum að skrifa mér þannig að það kæmist hingað, en hefðu adressu réttis móttakanda í horninu neðst vinstra megin. Ég sendi síðan bréfin fleiri saman í flugpósti til London og áfram til Íslands, en bæði einhvern heima að vera viðtakanda og datt þú helst í hug. Mundi viðtakandi þá setja hvert bréf í umslag til endanlegs móttakanda og frímerkja það og senda áfram innanlands. Auðvitað á minn kostnað, bæði fyrir vinnu og kostnað. Ég má ekki blanda þessu saman við fulltrúastörf mín og því gæti verið að þetta yrði allt að vera á nafni Dorisar, og því vil ég ekki senda bréfin til ráðuneytisins. Væri ef til vill hentugt að fá sér stimpil og segja á honum:

Svar við þessu bréfi má senda til: H.P.Briem, Rua de Victoria 7-3, Lisboa. Nefnið ekki adressu móttakanda, en takið fram númer bréfsins. Hann hefur skrá með adressunni skv. númerinu.

Ellegar mætti setja þetta á miða með bréfinu. Mér er þetta töluvert áhugamál og þætti því vænt um ef þú gætir gert þetta, en auðvitað skuldað mig fyrir. --

P.S. 12.2.

Ég var afar rogginn af þessari góðu og fljótu ferð sem ég fékk fyrir bréfin til ykkar, en svo fékk ég þau öll aftur í gær og sendi þau vanalega boðleið til London í dag. Ætla ég að biðja þig um að slá utan um innlögð bréf og senda þau til móttakanda. --

Friede brást skjótt við og lét bréfunum fylgja miða með þessum texta:

¹ Hektograf, var frumstæð fjölföldun er tíðkaðist á níttjándu öld og fyrstu áratugi þeirrar tuttugustu. Nafnið gefur til kynna að talið sé hægt að taka 100 eintök. Hjá Helga tókst það ekki alltaf svo vel enda virðast tækin hafa verið farin að ganga úr sér enda ný tækni komin til skjalanna: fjölrítun.

Svarbréf má senda til dr. Helga P. Briem, Rua de Victoria 73, Lissabon, Portugal. Ef það kemst í hans hendur, mun hann senda það áleiðis til viðtakanda.

Nafn og heimili viðtakanda skrifist á sjálft bréfið, sem síðan er sett í umslag með utanáskrift H.P. Briem.

Ef þér þurfið frekari upplýsingar munu þær vera láttnar í té á Fjölritunarstofu Friede Briem, sími 2250.

Þannig hófst þetta starf, sem stóð yfir, reyndar allt of stutt, eða þar til Helgi fluttist burt til New York. Reyndi hann að koma því svo fyrir að framhald yrði á, eftir að hann fór frá Portúgal, með því að biðja norskan samstarfsmann og vin Sr. Sigurd Dundas¹ að halda málinu áfram. Ekki hefur fundist vísbendingu um að það hafi tekist.

Hér skal brotakennd saga þessarar bréfamíðlunar rakin eins og hún kemur fram í bréfum sem fundist hafa. Þurfti talsverða útsjónarsemi, skipulag og skrásetningu til þess að þetta gæti tekist og fólk í mörgum löndum skildi hvernig þetta gengi fyrir sig. Þá þurfti allt að vera traustvekjandi fyrir ritskoðun yfirvalda, í Þýskalandi og á Bretlandseyjum.

Fundur í félagi íslenskra stúdenta í Kaupmannahöfn
19.2.1941 vottar Helga P. Briem bestu þakkir fyrir það
góðverk sem hann hefur gert á fréttapýrstum stúdentum í
framandi landi.
Stjórn félagsins²

Jakob Benediktsson³ málfræðingur, lengst ritstjóri orðabókar H.Í., virðist á þessum tíma hafa verið ásamt Jóni Helgasyni prófessor í forystuliði íslenskra stúdenta í Höfn. Þeir Helgi höfðu skrifast á einkum um bókmenntir, m.a. vegna milligöngu Helga vegna þýðinga Jakobs og Grethe konu hans á verkum Halldórs Laxness. Þeir Helgi skrifuðust á um bókmenntamál, en fóru nú að fjalla um annað og meira aðkallandi.

¹ Of mikil bjartsýni var að ætla að þetta gæti haldið áfram í höndum skrifstofu S. Dundas. Hann var norskur, með fyrirtæki í sama húsi og Helgi var með sína skrifstofu. Tókst vinátta með fjölskyldunum. Dundas var skírnarvottur Álfheiðar Sylvíu Helgadóttur Briem. Helgi skrifaði 4.11.'40: --*Sr. Dundas er Norðmaður en þrátt fyrir það allra besti maður sem selur fisk fyrir okkur -- Höfum við verið löluvert mikið saman hér --*

² Formaður félagsins var Hjalti Gestsson (1916-2009) landbúnaðarráðunautur frá Hæli.

³ Jakob Benediktsson (1907-99), lengst forstöðumaður Orðabókar H.Í.

Khöfn, 20.2.'41. Jakob Benediktsson skrifar Helga P. Briem.

-- Bestu þakkir fyrir þrjú bréf, sem öll hafa verið mér harla nytsamleg og sýna meiri höfðingsskap og greiðvikni en mér hafði dottið í hug að búast við af nokkrum manni á þessum síðustu og verstu tímum. Sérstakar þakkir kann ég þér fyrir þitt risavaxna fréttabréf, sem er ein sú besta sending sem hingað hefur komið í langan tíma. Ég hef þegar farið að orðum þínum um að koma því í gang og bæði skrifað það upp í nokkrum eintökum og útbýtt því og auk þess lesið það upp á stúdentafundi sem haldinn var í gær. Vakti það geysilegan fögnuð og vottaði fundurinn þér þakkir fyrir sem félagsstjórnin sjálf ætlaði að senda þér. En þú mátt búast við að margir verði til að senda þér bréf til fyrirgreiðslu og sjálfur sendi ég þér nú þegar eitt --

Lissabon 5.3.'41?. Helgi P. Briem skrifar Friede Pálsdóttur Briem.

-- sendi ég þér nokkur fleiri bréf til fyrirgreiðslu. Þú sérð adressurnar. Mér var að detta í hug, ef þú hefur ekki fengið fyrri bréf mín, að fólk gæti sent mér svörin og segði þá aðeins í stað adressu: *Svar við bréfi nr. t.d. 41 -38 etc.* því þá veit ég hvert á að senda það. Vekur það e.t.v. minni eftirtekt í ritskoðuninni þannig. Ég er töluvert interesseraður að vita hvenær bréfin koma fram, þætti vænt um að þú vildir senda mér skeyti, auðvitað á minn kostnað, adr.; BRIEM SADNUDS Lissabon, framkomið t.d. 31/41 etc. --

Ekki fór alla tíð vel á með þeim félögum eins og komið hefur fram í avisögubrotum Helga. Kristján hafði notið gistivínáttu Helga er hann bjó í íbúð hans í Berlín rétt fyrir stríð. En að hann skuli skrifa til að þakka fyrir sig með þeim hætti sem hann gerir, sýnir hvílíkt erkiðhald hann var, kannski ófinn pappír. Fréttabréfin voru fróðleiksnáma og áreiðanlega ógjörningur að koma þeim saman nema notfæra sér öll tiltæk gögn. Leiðinda athugasemd þessari lét Helgi ósvarað, enda má spyrja: Hvernig má svara fordómum?

Berlín, 8.3.'41. Kristján Albertsson skrifar Helga P. Briem.

-- bréf þín með fréttunum hafa komið til skila. Að ég ekki fyrr hefi þakkað þér þitt ágæta fréttabréf, sem er sú mesta velgerðarstarfsemi, sem við landar hér höfum orðið aðnjótandi í útleð okkar, og nú gengur undir nafninu *Tíminn, meginlandsútgáfan* --

Khöfn, 4.5.'41. Jakob Benediktsson skrifar Helgi P. Briem.

-- Bestu þakkir fyrir þann mannkærleika sem þú sýnir oss voluðum í fréttapistlum þínum, að þessu sinni sér í lagi fyrir bréf þitt með öðrum fréttabálkinum frá Ísl.

Lissabon, 6.5.1941. Helgi P. Briem skrifar Friede Pálsdóttur Briem.

-- Mikið þakka ég þér fyrir bréf frá 17.2. sem kom í gær, og símskeyti frá 1.5. sem kom í fyrradag. Þótti mér afar vænt um hvort tveggja, en skildi bara ekki í að þú símar að bréf nr. 29/84 hafi komið fram, en ekki 32/49, sem eru eldri, en ég byrjaði á því númeri til þess að það ruglaðist ekki saman við númer sem sendendur bréfanna kynnu að setja á þau. Ef fyrstu 17 bréfin hafa ekki komið fram skilur þú auðvitað ekki almennilega í þessum bréfum sem þér berast.

En svo er mál með vexti að bréfin teyfjast svo afskaplega í ritskoðun, nema þau séu send með flugpósti, að ég hef tekið við bréfum til fyrirgreiðslu frá löndum á meginlandinu og ætlaði að biðja þig um að setja þau í umslög og senda þau áfram, auðvitað á minn reikning. Er nafn móttakanda neðst á hverju bréfi, en ég hef númerað þau og bað þig um að leggja miða með hverju bréfi er segði eitthvað á þá leið, að svar við þessu bréfi mætti senda mér, en í stað adressu væri nóg að nota númerið, því þá hef ég adressu sendandans.

Nú skilst mér samt að hægt sé að setja bréf í flugpóst heima, svo kannski er þessa ekki þörf, en það gæti ef til vill létt undir með að bréfin kæmust. Mér þótti verst ef bréfin hafa tapast, nr. 32-48, því meðal annars var bréf nr. 47 til tengadmóður þinnar frá frú Wennerström og nr. 48 frá henni til Helgu Ólafs.

Eins og þú sérð á því sem að ofan segir þætti mér vænt um að fá bréf frá ykkur sem væru minna en tíu vikna gömul, ef þið vilduð setja þau í flugpóst heima. Og að auki langar mig til að biðja þig síma mér, t.d. fyrsta hvers mánaðar stutt skeyti um hvernig fjölskyldan hefur það, auðvitað á minn kostnað. --

Lissabon, 14.5.'41. Helgi P. Briem skrifar Jakobi Benediktssyni.

-- Það gladdi mig að heyra um þá efnilegu kandiata. Ég er orðinn svo mikill journalisti að ég ætla að biðja þig um að senda mér sem nákvæmastar fréttir af prófum, svo ég geti skýrt frá þeim í F.f.Í. vegna þeirra sem eru utan Danmerkur. --

Hér eru F.f.Í., 3. tölublað og er það nú heldur hörnulegt blað. Ég hef alltaf sent stúdentafélaginu eintak, en það fyrsta hefur víst misfarist. Var ég alltaf heldur adressulaus og reyndi að dreifa þeim, en hélt að þitt eintak myndi ganga milli þeirra eldri Academicsi - kólfsmanna¹ etc.

¹ Kólfur, félag eldri stúdenta í Höfn, undir stjórn *forkólfs* Sigfúsar Blöndal.

Lissabon, 29.5.1941. Helgi P. Briem skrifar Álfheiði Briem.¹

-- Eins og þú veist hef ég reynt að koma bréfum á milli, en nú skilst mér að lagt hafi verið bann við því að senda mér bréf til áframsendingar. Það er bannað að senda bréf til Ameríku í loftpósti til Íslands og nokkrum dögum síðar kom bann við að senda bréf til Íslands um Lissabon. Hættu því allt í einu bréf að koma og hafa aðeins komið þrjú, sem hér með fylgja, síðustu vikuna. Sýnist það heldur meinbægni, varla er hægt að hugsa sér meinlausari pistla en þessa, sem maður er að reyna að koma á milli. --

Kaupmannahöfn, 1.6.'41. Erlendur Patursson² skrifar Helga P. Briem.

-- Fréttabréf yðar fékk ég fyrir nokkrum dögum.³ Get ég ekki nógssamlega vottað yður þakklæti mitt. Þetta eru fyrstu verulegu fréttir sem okkur hafa borist að heiman síðan í byrjun apríl í fyrra svo þér getið gert yður í hugarlund hve þær komu vel við. Allir færeyingar hér í bæ þakka yður fyrir. Er það von mín og ósk að samvinna íslendinga og færeyinga muni hafa mikinn hag af því, en íslendingar varla skaða! - Einu sinni enn: kærar þakkir fyrir bréfið. --

Dalrose (Danm.), 15.6.'41. Anna (Kylle) Sveinsdóttir Patursson⁴ skrifar Helga P. Briem.

Skrifar bréfið á dönsku og biður um að Helgi miðli bréfum þeirra hjóna áfram.

Lissabon, 25.6.1941. Til Álfheiðar Briem.

-- Eins og þú sérð fæ ég alltaf mikið af pósti og sendi hann áfram til Friedu. Einnig held ég uppi blaðamannastarfsemi nokkurri og sendi *Fréttir frá Íslandi* til landa hér á meginlandinu, sem eru mjög þakklátir fyrir það, því ella heyrir ekkert að heiman, nema það sem stundum kemur í norska útvarpinu frá London -- Hafa margir tekið afrit af þeim handa sínum kunningjum, svo þetta hefur breiðst út mjög víða og er ég alltaf öðru hvoru að fá þakkarávörp fyrir og beiðni um að fá eintak sent.

En nú hefur Krabbe farið að gefa út fjölda eintaka, svo ég slepp við að senda nema eitt til Danmerkur. Er ég svo að fá fréttirnar aftur, og stundum afbakaðar í sænskum blöðum sem ég sé. --

¹ Hér kemur enn fram að HPB skifar bréfin til móður sinnar og reiknar með að það sé lesið af öllum í húsinu Tjarnarg. 24/fjölskyldunni.

² Erlendur (1913-86), sonur Jóhannesar Paturssonar kóngsbónda í Færeyjum og k.h. Guðnýjar Eiríksdóttur frá Karlsskála. Tók stúdentspr. frá MR árið '33, hagfræðipr. frá Khöfn '42; ritstjóri, rithöfundur. Róttækur stjórnmálamaður í Færeyjum. Skrifaði íslensku.

³ Fyrsta Fréttabréfið frá Færeyjum, dags. 15.5.'41?

⁴ Anna Catharina Ágot Sveinsd. Patursson (1911-52) eiginkona Sverris Paturssonar (1905-'88), dýralæknis í Danm., bróður Erlendar. Hún var önnur í röð sex barna Georgiu og Sveins Björnssonar, síðar forseta.

Lissabon, 27. 6. '41. Helgi P. Briem skrifar Erlendi Paturssyni.

Ávarpar Helgi Erlend sem kollega; hann nam hagfræði í Khöfn og lauk prófi litlu síðar. Þakkar bréf 4.6. (sem ekki finnst). Erlendur hefur líklega óskað eftir einhverjum hagfræðiupplýsingum sem Helgi segist ekki hafa, annað en verslunarstatistik ásamt sögulegum upplýsingum. Býðst til að hafa upp á upplýsingum ef Erlendur óski. Segir að ekki fáist neitt til margföldunar bréfa nema kalkerpappír og sé erfitt að skrifa það oftast en einu sinni. Vísar honum á Jón Krabbe -

-- og segja að ég hafi vísað á þeirra hurðir og þeir eigi jafnvel eintök af eldri bréfum. --

Lissabon, 22.7.'41. Helgi P. Briem skrifar Jakobi Benediktssyni.

-- og eins og ég vona að þú hafir orðið var við hefur mín journalistastarfsemi haldið áfram. Þó með þeirri breytingu, að vegna þess hvað þetta var orðið umfangsmikið bauðst Krabbe til að senda þeim sem ég hafði áður sent, beint frá sendiráðinu. Var mér það nokkur léttir að þurfa ekki að margskrifa fréttirnar handa þeim í Danmörku og var ég sammála þeim sem líkti því við að skrifa upp sín eigin bréf við að éta spýju sína. Vona ég að þú hafir fengið þitt eintak frá Krabbe. --¹

Khöfn, 8.8.'41. Jakob Benediktsson skrifar Helga P. Briem.

Þakkar fréttabréfin sem hann fékk frá sendiráðinu. Segir fréttir af giftingum og námi íslendinga. Yfirleitt skrifast þeir Helgi á um bókmenntir og Halldór Laxness, það hafði nú breyst.

Lissabon, 16.10.'41. Helgi P. Briem skrifar Jakobi Benediktssyni.

-- Ég sendi þér nú afrit af fréttabréfinu, því mér skilst að elskulegur Krabbe hafi sleppt úr þeim sitt af hverju --- Hefði ég gaman af að fréttu við tækifæri hvað það er sem hann sleppir úr þessu. --

Lissabon, 11.11.1941. Helgi P. Briem skrifar Álfheiði Briem.

-- Ég hef fengið mikinn póst frá Íslandi í þessum mánuði. Fyrir viku komu um 60 bréf og í gær 43 í einu, fyrir utan smávegis sem alltaf drífur að, og var ég að koma því frá mér í gær og fór dagurinn í það. Í fyrri hríðinni komu bréf frá maí til miðs júlí, en í gær frá júlí til miðs október og var ég mjög feginn að sjá að þetta er farið að ganga aftur. Ég var hræddur um að það væri alveg stöðvað þegar ekkert kom fram í tæpa tvo mánuði.

¹ Hér kemur fram að Jón Krabbe tók að sér fjölföldun fréttabréfanna, en brást trausti HPB með því að breyta/ritskoða efni þeirra. Sést ekki að J.K. hafi látið HPB af því vita og þurfti hann að halda uppi spurnum um breytingarnar, því hann virðist ekki hafa fengið afrit bréfanna sent.

Aumingja fólkio er ákaflega þakklátt fyrir þetta, enda er eins og hver sjái sjálfan sig. --

Líka sendi ég út fréttir á eins til tveggja mánaða fresti til landa og eru þær vel þagnar og kemur töluvert af því í blöðum Norðurlanda. Er þar vandlega gætt að ekkert komi sem þjóðverjum gæti verið gagn að, eða okkur til vansa. Hafa margir skrifað mér að þeir beinlínis *lifi fyrir fréttirnar*. Skilst mér að víða séu Íslendingamót þegar þær koma og þær lesnar við raust. Hef ég haft töluverða ánægju af að gera þetta og fundist ég gera löndum greiða með því. --

Rvík, 16.11.1941. Friede Pálsdóttir Briem skrifar Helga P. Briem.

-- Þakka fyrir bréf og kveðjur sem fylgt hafa bréfum til áframsendingar. Fólk er alltaf mjög þakklátt fyrir þessa greiðasemi og því meira sem aðrar leiðir verða erfiðari, eins fæ ég minn skerf af þakklæti í ríkum mæli. --

Bréf móttækin 3. nóv. voru nr. 315-328, 340-343, 400-411 og í dag 395-397, bréf 398-99 til töntu Maríu (Helgason) og Inger¹ eru komin fram til mikillar gleði.

Inger var hér á afmælinu hennar mömmu og var ánægð með að geta sagt fréttir af sínu fólki, því þær hafa ekki verið miklar, en hún hefur staðið sig prýðilega. --

Nú segir Jakob Benediktsson, auk annars, frá vaxandi félagslífi í Khöfn, þar sem sambandsleysi ýtir undir þörf fólks til að hitta landa sína, m.a. vegna þarfar fyrir að fylgjast með bókmenntum. Stúdentafélagið fékk styrk sem Jón Helgason lagði viturlega, eins og sagt var, til að yrði notaður í þessu skyni. Íslendingafélagið fékk líka styrk, en ekki vitað til hvers hann skyldi notaður. Hér örlar á gamalkunnri togstreitu milli félaganna. Nokkru seinna þakkar hann kaffibaunasendingu Helga. Sendir tólf breytt heimilisföng.

Khöfn, 21.12.'41. Jakob Benediktsson skrifar Helga P. Briem.

-- sendiráðið sleppti nokkru úr, einkum hagskýrsluupplýsingum, en annars bættu þeir ýmsu við, því þeir hafa um skeið haft einhverjar aðrar heimildir, sem þeir fara þó dult með.² --

Lissabon, 27.12.'41. Helgi P. Briem skrifar Jakobi Benediktssyni.

--Í gær sendi ég þér allmikið bréf því ég tók mér það bessaleyfi að koma á þig -- um 10 bréfum til landa í Kaupinhöfn. -- því ég er orðinn of nískur til að senda nema fyrsta bréf til hvers í flugpósti, en tími samt ekki að láta landa bíða eftir þeim, -- eftir venjulegum leiðum. En í gær og í dag hef ég fengið -- nærri tvö hundruð (bréf) --

¹ Kona og tengdadóttir Jóns biskups Helgasonar, móðurbróður þeirra Helga.

² Fyrir suma landa skiptu hagsýsluupplýsingar miklu máli.

Khöfn, 12.1.'42. Jakob Benediktsson skrifar Helga P. Briem.

-- Bestu þakkir fyrir bréf þín og sendingar, sem nú koma eitt í hóp og tvö í lest, þótt öll hafi farið af stað um sama leyti. Fyrst kom kaffið, svo fréttabréfið -- og síðast bréfasendingin -- Sú síðasta var mér ekki síst kærkomin, því hún flutti mér fyrsta bréfið heiman að í nærri tvö ár. Auk bréfsins til mín voru í þessari sendingu 18 bréf að heiman og sem ég setti í póst undireins.

Ég er fús til að halda því starfi áfram ef þér er nokkur þægð í, því það er svo lítið ómak, en ekki þarftu að senda mér eins mikið af frímerkjum og þú gerðir í þetta sinn. Niðurstaðan á þeim frímerkjareikningi var sú að ég hafði 70 auru afgangss --

Um fréttabréfið er það að segja að ég get ekki orðið við tilmælum þínum að senda þér afrit sendiráðsins af því vegna þess að það hafði rétt áður sent út tilsvareandi bréf, sem að efni til líktist mjög þínu, en heimildir eru ókunnar.

Þó var ýmislegt fleira í þínu bréfi og las ég það upp á stúdentafundi þann 8. s.l. En sendiráðið ætlar að taka upp úr bréfi þínu þá kafla sem þú hafðir fram yfir þeirra bréfi næst er þeir senda eitthvað frá sér. Hinsvegar get ég nú sagt þér hverju þeir munu sleppa - og hefðu sleppt ef þitt bréf hefði verið afritað í heild - nefnil. öllum tölunum úr kaflanum um afkomu og kaflanum um sambúð við setuliðið. Ástæður þeirra hirði ég ekki að greina, en þú munt geta giskað á þær. --

Lissabon, 29.1.'42. Helgi P. Briem skrifar Önnu (Kylle) Sveinsdóttur Patursson.

-- hef þá ánægju að senda yður bréf frá föður yðar -- einnig í dag fékk ég bréf frá honum skrifað 8. þ.m. sem ég ætla að taka upp úr handa yður og bræðrum yðar:

-- þá veitist manni sú ánægja að halda jól í sveit á Íslandi. Sumarrigning á aðfangadag, fjúk og frost á 1. og dásamleg vetrarheiðríkja á 2. og logn. Og enginn smiður að hamast í húsinu alla dagana. Slíkt er veruleg hvíld eftir að hafa lifað á verkstæði í tvo mánuði. Nú er bjartsýni svo mikil að ég held að húsið klárast fyrir næstu mánaðamót - en óvíst þó. -- Það er ánægjulegt starf, þótt stundum sé þreytandi að byggja upp gamalt hús og nýtt embætti.¹ --

Ég bað Björn bróður yðar víst einhvern tíma að segja yður að bréf sem þér senduð foreldrum yðar í júní kom ekki fram, því miður. --

¹ Ríkisstjórahjónin voru að flytja inn á Bessastaði.

Khöfn, 12.2.'42. Erlendur Patursson skrifar Helga P. Briem.

-- Ég þakka yður ennþá einu sinni fyrir greiðvikni þá er þér sýnduð mér síðastliðið ár, þegar þér senduð mér fréttir frá Færeyjum úr íslensku blöðunum. Um tíma höfðum við skeytasamband við Færeyjar, en síðastliðna 2-3 mánuði hefur ekkert heyrst og búumst við þess vegna við að skeytin hafi verið stöðvuð. -

Ef svo skyldi vera að þér fáið íslensk blöð ennþá, og að þar standi eitthvað um Færeyjar, þætti okkur auðvitað mikill fengur í að fá það. Við höfum blað meðal Færeyinga hér í landinu og birtum í því allar fréttir sem við náum í, þar á meðal það sem hefur staðið í fréttabréfum yðar til íslenska stúdentafélagsins. Ég sendi yður að gamni nokkur sýnishorn af þessu blaði. --

Davos, 17.2.'42. Ögmundur Jónsson¹ skrifar Helga P. Briem.

-- Skömmu áður en ég fór frá Berlín fengum við fréttabréf frá þér skrifað 18.12. Okkur þótti mjög vænt um að fá það því að það höfðu gengið miklar tröllasögur um ástandið heima. Er það til of mikils mælst að biðja þig um að senda mér hingað fréttabréf? --

Khöfn, 7.3.'42. Jakob Benediktsson skrifar Helga P. Briem.

-- Bið þig mikillega að fyrirgefa hvað lengi hefur dregist fyrir mér að svara bréfum þínum. Ég fékk frá þér þrjú bréf með 39 bréfum innan í ca. 13. febr. og sendi þau öll af stað tafarlaust að mestu. Nokkrar af utanáskriftunum varð þó fyrst að grafa upp, en það tókst að lokum með þær allar. Annað olli dálitlu umstangi, en það var að öllum umslögnum hafði verið lokað, en síðan höfðu þau verið klippt upp í ritskoðuninni og aðeins ysta umslaginu lokað aftur Kona mín sat því heilt kvöld við að líma bréfin aftur áður en þau yrðu send.

Ennfremur hef ég í dag fengið frá þér eitt bréf af þremur, eftir því sem þú skrifar, með tíu bréfum innan í og eru þau öll komin í póst. --

Latur fylgja lista yfir tólf breytt heimilisföng ásamt fréttum af lokaprófum fimm íslendinga.

Lissabon, 8.3.1942. Helgi P. Briem skrifar Erlendi Paturssyni.

-- Bréf yðar dags. 12. f.m. barst mér í hendur í fyrradag og með sama pósti blöð frá Íslandi. Stóð svo einkennilega á að einmitt þann 12. f.m. birtist viðtal við mann sem var nýkominn frá Færeyjum -- Sendi ég yður viðtalið við hann. --Annað sem komið hefur um færeyinga í íslensku blöðunum hef ég sett í *Fréttir frá Íslandi*, þar sem mér skildist sem þér sæjuð þær, og sé að svo hefur verið. -- Þakka yður kærlega fyrir þá hugulemi að senda mér nokkur eintök af blaði yðar í Höfn. --

¹ Ögmundur Jónsson (1910-'79). Verkfræðingur 1937 T.H. í Berlín. Þá berklaveikur og var um tíma á hæli í Sviss.

Lissabon, 18.3.1942. Helgi P. Briem skrifar Jakobi Benediktssyni.

-- fylgir einn af þeim ömurlegu fréttapistlum og nokkur bréf að auki. --
Gladdi mig að þú skyldir lesa upp kaflann um sambúðina við setuliðið og skil ekki hví Kr(ebbe) slepti þeim, því kunningi minn einn skrifaði mér að sá kafli hefði glatt sig hvað mest vegna þeirra tröllasagna sem um hana hefur gengið. --

Lissabon, 28.3.1942. Helgi P. Briem skrifar Þórdísi Briem.¹

-- Ég er farinn að hafa mikið samviskubit út af því hvað þið (systur) hafið mikla aukavinnu vegna þessara bréfa; eina bótin er að manni finnst maður vera til einhvers gagns með því og að ég eigi eftir að borga allan þennan tíma og fyrirhöfn (ykkar), þó það sé ekki nema partur af öllu saman. Mér hefir satt að segja fundist svo slæmt að fara frá því, að ég hef ákveðið að þó ég fari héðan að fá mann til að gegna því áfram þangað til stríðið er búið. Má þá áfram senda bréfin á Rua Victoria⁷, og verður þar séð um bréfin sem koma úr báðum áttum. En bréfin að heiman fara til eins manns í hverju landi, sem sér um útsendinguna þar, því adressurnar eru oft svo ófullnægjandi, að það þarf að vera kunnugur maður sem sér um þær. Enda eru margir móttakendur skólafólk og einhleypingar sem flytja oft.

Þið skuluð því segja fólki að senda mér bréfin óhrætt áfram þó ég fari héðan, það verður séð um bréfin fyrir því (einnig þó adressa sé ófullkomin ef móttakandi er Íslendingur). Er ég þegar byrjaður á því að senda bréf sem hafa ófullkomna adressu til góðs vinar sitt í hvoru landi. Hér skil ég bara eftir umslög áprentuð til hvors aðila fyrir sig, svo öll bréf til Svíaríkis fari til eins manns, öll til Þýskalands til annars o.s.frv. Það var dálítið slæmt ef pósturinn hafði ekki upp á manni sem flutti, að ég fékk ekki bréfið endursent fyrr en tveim mánuðum seinna, en nú gengur þetta miklu betur. Hvaða önnur leið er til sem þú talar um? sé mjög kompliceruð. --

Lissabon, 9.4.1942. Helgi P. Briem skrifar Erlendi Paturssyni.

--Bréf yðar dags. 12. f.m. barst mér í hendur í fyrradag og með sama pósti blöð frá Íslandi. Stóð svo einkennilega á að einmitt þann 12. f.m. birtist viðtal við mann sem var nýkominn frá Færeyjum eftir fimm mánaða dvöl þar. Sendi ég yður viðtalið við hann, þó því miður sé ekki eins mikið á því að græða eins og viðtali við færeyinga sem þekkja staðhætti betur. --

¹ Þórdís starfaði hjá Friede systur sinni á fjölritunarstofunni. Helgi dreifir fréttum og þakklæti sínu milli systrana og móður sinnar.

Þakkar hugulsemi Erlendar að hann sendi blað færeyinga, en hefur ekki enn fengið það í hendur.

Lissabon, 9.4.1942. Helgi P. Briem skrifar Jakobi Benediktssyni.

- Sendi - 25 bréf - í þremur umslögum og ávísun upp á 50 kr. til frímerkjakaupa. - Það berst alltaf nokkur hríð af bréfum beggja megin að, en nú eru þau farin að koma dreifðar en áður, þó oft séu það um 50 sem koma í einu --

Kaupmannahöfn, 10.4.'42. Jakob Benediktsson skrifar Helga P. Briem.

-- Bestu þakkir fyrir bréf þitt 18/3 ásamt fréttabréfi. Fréttabréfið hefur Kr(ebbe) þegar sent út og engu sleppt nema glefsunni eftir sænska sendiherrann. Menn tóku fréttunum fegins hendi, því langt var síðan að nokkuð slíkt hefur hingað komið -- (Biður um ákveðinn frágang á bréfunum o.fl.)

Lissabon, 12.4.'42. Helgi P. Briem skrifar Friede Pálsdóttur Briem.

-- Í fyrsta sinn nú hef ég ekki fengið neitt skeyti um hvaða bréf hafi komið fram -- Annars virðist sem töluvert sé farið að herða á ritskoðuninni því í fjöldanum af síðustu bréfum er minnst á, að myndir hafi verið lagðar með þeim, en í engu þeirra var miði frá *ensor* um að þær hafi ekki verið þar, eins og áður. -- Þó maður fari héðan mun kunningi minn hér sjá áfram um bréf sem koma í báðar áttir. Síðan hef ég séð að það er nú að rakna úr bréfaskiptum, en sýnist það þó dálítið erfitt, sérstaklega ef ekki má skrifa á íslensku, svo þú mátt segja að það haldi áfram þó ég fari --

Khöfn, 15.4.'42. Erlendur Patursson skrifar Helga P. Briem.

-- Þakka yður bréf og fréttir - er okkur afar mikill fengur í þeim. Aðeins er það leitt að við getum ekki launað yður þessa hugulsemi -- Þó leyfum við okkur hér eftir að senda yður blaðið (okkar) jafnóðum og það kemur. Eitthvað hefur verið um það rætt að íslendingar hér gæfu út blað eða tímarit, en ekki veit ég hvernig gengur með að koma því á laggirnar. En þangað til verðið þér að láta yður nægja þennan færeyska *landa*. Flestallt nú á tímum er *ersatz*--

Lissabon, 21.4.'42. Helgi P. Briem skrifar Jakobi Benediktssyni.

Tilkynnir Jakobi að hann sé að flytja til New York og að honum þætti leitt ef samskiptaleiðin lokaðist milli landanna. Hann hafi gert samkomulag við kunningja um að halda henni opinni. Sá hængur sé á að hann skilji ekki íslensku. Sé það slæmt því bréf að heiman séu með mjög vitlausum adressum. Hefur hann því helst von

um það takist ef maðurinn gæti sent bréfin til einhvers eins og þeim síðan dreift þaðan. Gerir hann sér vonir um að Jakob vilji taka þetta að sér.

Lissabon, 21.4.'42. Helgi P. Briem skrifar Erlendi Paturssyni.

Þakkar bréf. Hér kallast hann óbeint á við: a) Jón Krabbe sem strikaði pólitíkina út þegar hann ritskoðaði fréttabréf Helga og: b) Íslendinga sem ekki sýndu sama frumkvæði og Færeyingar. Blað þeirra heitir: Rúgvín.

-- Dáist ég að dugnaði Færeyinga að halda úti hálfsmánaðarblaði með fréttum og myndum og jafnvel pólitískum greinum og færi vel á því að við íslendingar erlendis tækjum ykkur til fyrirmyndar um svo frábæran myndarskap. -- Rúgvínum hef ég ráðstafað -- til Íslands - og það um að koma honum til Færeyinga þar --

Lissabon, 26.5.'42. Helgi P. Briem skrifar Álfheiði Briem.

-- Ég hef alltaf mikið samband við fólk víðsvegar um Evrópu og hef sent þeim fréttir heimanað en hef sjálfur ekki fengið nein blöð síðan í apríl að ég fékk blöð til miðs mars. Þótti mér slæmt að þau skyldu hætta --

Rvík, 13.10.'42. Friede Pálsdóttir Briem skrifar Helga P. Briem.

-- Í gær komu hingað ca. 70 bréf frá Danmörku og Þýskalandi til fólks hér og eins til þín, og þau legg ég hér með. En bréf sem send eru héðan endursendir breska ritskoðunin víst oftast nær, að minnsta kosti hafa mörg bréf komið hingað til mín þar sem heimilisfang sendanda hefur verið ófullnægjandi, en fólk hér er ógurlega niðurdregið yfir því að geta engan veginn skrifað lengur, þar sem þetta gekk svo vel meðan þú varst í Lissabon. Pósthúsið hér tekur alls ekki við bréfum til Danmerkur nema eftir krókaleiðum --

Þar með lauk þeirri umfjöllun þessara bréfasendinga sem ég hef rekist fundið í bréfasöfnum. Hef ég ekki hirt um að rekja fjölda þakkarorða sem hann fékk frá ýmsum þeirra sem nutu hjálpar hans í bréfaskiptum þeirra.

Sjálfsagt á ýmislegt fleira áhugavert eftir að koma í ljós.

Fréttabréf Helga P. Briem frá Portúgal

Til Íslendinga á meginlandi Evrópu

1. Fréttir frá Íslandi

1.	Ódags.	<i>Um Fréttir frá Íslandi vil ég geta þess að ýmsir vinir og kunningjar hafa bedið mig segja sér fréttir að heiman. Þótti mér rétt að skrifa þeim í þessu formi þær fréttir, sem ég vildi sagt hafa ef það gæti bætt úr fréttaskorti þeirra sem ég þekki persónulega og reyna að taka sem flest af þessum ómerkilegu blöðum handa sem flestum löndum og biðja þá sem fá þau að lofa öðrum að sjá þau, ef þeir hefðu gaman af því, ef það gæti orðið kveðja frá þeim mörgu, sem hugsa til þeirra heima. Átíla ég að reyna að senda svipuð bréf í hvert skipti sem ég fæ blöð að heiman, en oft getur orðið dráttur á því. Hingað til hef ég ekki getað fengið hektógraf eða eitthvað til að margfalda þetta (með), nema sem sama sem ónothæft af elli og því er frágangurinn afleitur - afsakið hann.</i>
FRÉTTIR	6 bls.	<i>Þó mér væri kært að þessi blöð næðu til sem flestra vil ég biðja um að ekkert verði birt opinberlega sem hér er sagt. Ég hef utanáskriftir manna í Kaupmannahöfn, Stokkhólmi, Berlín, Hamborg og Arósum, en vantar utanáskriftir manna í öðrum bæjum. Væri mér því kært ef þeir sem ættu kunningja í öðrum bæjum vildu senda mér utanáskriftir þeirra, ef þeir héldu að þeir hefðu gaman af Fréttum frá Íslandi. -- Því miður er það litla efni sem ég gat fengið hér til að margfalda þessi blöð með nú að þrotum komið, svo afrit eru illa læsileg. --</i>
FRÁ	Jan.	<i>Þó landar á meginlandinu sakni þess að fá ekki fréttir að heiman er söknuðurinn síst minni hjá þeim sem heima eru. Vildi ég því mjög gjarnan reyna að greiða fyrir bréfaskriftum ef landar vildu senda mér bréf til fyrirgreiðslu. Þyrftu þau þá að vera með utanáskriftinni: H. P. Briem, Rua da Victoria 7-3, Lissabon. Þyrftu þau að vera á sem þynnstum pappír og helst ekki nema ein örk, en adressa móttakanda skrifuð neðst í horninu til vinstri. Þó þarf ekki að nefna Ísland og bæjarnafnið má vera skammstafað. Sendi ég síðan bréfin og mun kunningi minn¹ þar setja þau í umslög skv. adressum neðst til vinstri á hverju blaði. Ég get auðvitað ekki tekið neina ábyrgð á þeim, og vil biðja um að hafa efnið svo að hvorug ritskoðunin hafi neitt út á þau að setja. Það er best að hafa adressu sendanda aðeins aftan á umslaginu en ekki á bréfinu, geymi ég umslagid og kem svarinu (áfram) eftir þeirri utanáskrift.</i>
ÍSLANDI	1940?	<i>Ég vil taka það fram að það þarf ekkert bréf til mín og einungis það að ég geri þetta algjörlega sem einstaklingur, án afskipta ríkisstjórnarinnar, og því má ekki geta mín sem stjórnarindreka.</i>
Til ársloka		<i>Með kærnum kveðjum og góðum óskum yður til handa.</i>
1940		<i>Helgi P. Briem</i>
Ótölus.		<i>Bréfið er fræðandi og er síðasta fréttin frá 31. des. Ýmislegt er upplifgandi eins og batnandi afkoma ríkissjóðs og góðar fréttir úr menningarlífi. Þá eru fréttir um fyrirhugaða lýðveldisstofnun. Fróðlegt er að lesa um utanríkismálin. Sveinn Björnsson hafði enn ekki verið kjörinn ríkisstjóri en sinnti störfum fyrir utanríkisþjónustuna og vann ásamt syninum Henrik Sv. Björnssyni að því að safna saman alþjóðasamningum Íslands, grundvallar framtíðarskipulag utanríkisþjónustunnar, starf sem Helgi hafði áður unnið að með þeim, meðan hann var í Reykjavík. Samninga Íslands átti hann svo eftir að gefa út fyrir starfslok sín.</i>

¹ Er Helgi ræðir um *kunningja sinn* er hann ekki búinn að finna neinn til að hjálpa sér, ekki búinn að nefna það við systur sína, Friede, en sem svo tók þegar að sér dreifingu bréfanna á Íslandi.

<p>2. FRÉTTIR FRÁ ÍSLANDI II. Til febrúar- loka 1941</p>	<p>Ódags. 8 bls. 10/4 m. riðhönd H.P.B.</p>	<p>ÍSLANDSFERÐIR. Það hafa ýmsir skrifað mér fyrirspurnir um möguleika til að komast heim héðan, eða um Ameríku. Vegna annarra sem ef til vill eru að hugsa um þetta sem möguleika vil ég setja upplýsingar hér. Hinsvegar hefur mér skilist að alltaf sé von um að skip fari frá Danmörku með efnið í hitaveituna og er það auðvitað langhentugasta ferð sem nú er hægt að fá. Geri ég ráð fyrir að menn séu þegar skráðir hjá sendiráðinu í Kaupmannahöfn, svo það geti alltaf haft samband við þá.</p> <p>E.s. Edda mun koma hingað 5. til 10. apríl og fara beint heim. Strax og ég frétti um þá ferð símaði ég þeim sem höfðu spurt mig og eins til sendiráðanna í Khöfn og Stokkhólmi, ef einhverjum skyldi liggja mjög á að komast heim. Eftir þá ferð er naumast hægt að búast við ferð héðan eða frá Spáni fyrr en í september, því öll líkindi eru til, að lítið verði framleitt af saltfiski í ár og því muni skip ekki verða send hingað suður. Ef það yrði mun ég láta sendiráðin vita um slíkar ferðir.</p> <p>Það er töluverðum erfiðleikum bundið að fá vegabréfsáritun, bæði til Spánar, og eins hingað til Portúgal. eru hér tugir, ef ekki hundruð þúsunda flóttamanna. Og þó portúgalsmenn vilji leysa hvers manns vandræði með hjálpfýsi, sem allir hljóta að dást að, eiga þeir óhægt með að taka við fleirum, nema þeir hafi ákveðna von um ferð úr landi. Ferðir til New York eru al greiðar, en panta verður far með minnst þriggja mánaða fyrirvara, og greiðsla, ekki minni en 60 dollarar að fylgja pöntun. Ódýrasta káeta kostar 300 dollara, þar í talið fæði. Karlmennt geta þó fengið matressu og gólfpláss fyrir hana í göngum skipsins eða reykskála fyrir 250 dollara. Ferðin tekur 10 daga. Frá New York til Reykjavíkur kostar farið 500 kr. Og fæði 10.50 á dag í 11 daga. Ég hef verið spurður hvort íslenska stjórnin muni ekki geta sent skip hingað til að sækja landa og hafa þeir verið taldir 50-70. Ef von um hitaveituskíp bregst geri ég ráð fyrir að ríkisstjórnin muni gera það sem hún getur til að landar komist heim, en þá væri líklega réttast að áskorun um slíkt kæmi frá Kaupmannahöfn þar sem þeir munu vera flestir.</p> <p>BRÉFASKIPTI. Hingað hefur komið mikill fjöldi bréfa og nokkuð í rokam, líklega vegna rítskoðunar. Hafa þau verið send áfram samdægurs. Bréf mín hafa undanfarið komist heim á 3-4 vikum send í flugpósti. Nú er ekki hægt að senda bréf í flugpóst heima og kostar því 1 kr. undir bréfið. Hef ég fengið bréf þannig 22 daga gömul.</p> <p>Ég þakka fyrir þá huguleysi að senda bréfin á flugpóstappír, en hef orðið var við að menn taka það heldur hátíðlega að hafa hvert bréf ekki nema eina örk. Auðvitað skulu menn ekki taka sér slíkt í бага. Hinsvegar þykir mönnum heima oft betra að fá bréf oft og einnig getur það bætt úr vanhöldum. Þó hefur ekki frést að annar póstur hafi glatast en sá sem kom til New York 18. des. Auk pósts frá Ameríku var þar mikið af pósti frá Norðurlöndum, aðallega Svíþjóð. Alls fórst póstur í 16 pokum, þar af einn með ábyrgðarpósti.</p> <p>Ýmsir landar hafa verið svo elskulegir að senda mér persónulega kveðju með bréfum. Hefur mér þótt vænt um það og þakka kærlega fyrir. Vinsamlega látið þetta eintak ganga til annarra landa.</p> <p>Með kærnum kveðjum og --- (ólæsilegt).</p> <p>Bréfið er skemmtilegt því H.P.B var fundvís á áhugaverðar fréttir. Þetta voru spennandi tímar er mikið var um að vera í stjórn málum á Ísl. Félagasamtök skoruðu á alþingi að lýsa landið lýðveldi og kalla saman þjóðfund og kjósa forseta. Segir hann það einkum vera framsóknarmenn. Þeir lögðu einnig til að rauður krossinn skyldi numinn brott út fánanum, þar eð hann væri frá Dönum kominn. Þá voru flugufréttir um að bandaríkjamenn athuguðu að nota Reykjavík sem millistöð flutninga til Bretlands til að spara herskipafylgd.</p> <p>Sagt frá dauða Einars Benediktssonar. Birtist í Morgunblaðinu erfiljóð sem eitt góðskáldanna hafði ort. Var skáldið hróðugt með það. Er það hitti Tómas borgarskáld Guðmundsson skömmu síðar brá því en á mælti hann fyrir ræktarleysi við minningu þjóðskálds. Þá mælti Tómas:</p> <p>Þegar strengir stærsta skáldsins brustu, / er stoltast kvað og söng af mestum krafti, / Öllum nema landsins lélegustu, / leirskáldum fannst best að halda kjafi.</p>
--	---	--

3. FRÉTTIR FRÁ ÍSLANDI III. Til 22.4.1941	Ódags. M. riðhönd H.P.B.: 14/5 og 15/5. 7 bls.	<i>BRÉF HEIM sem landar hafa sent mér til fyrirgreiðslu hafa að því leytir sem ég hef frétt komist heim á 4 vikum. Hingað hafa þau flest komið vikugömul í flugpósti, en 2-3 vikna í venjulegum pósti. Ég vil endurtaka að það er velkomið að koma bréfum áfram til Íslands í flugpósti héðan til London og þaðan í venjulegum pósti. Burðargjald þarf ekki að senda. Með kærnum kveðjum og öllum góðum óskum yður til handa. Helgi P. Briem Úr bréfinu: Margvíslegar fréttir eru frá Íslandi að segja, fyrst og fremst voveiflegar slysafréttir, afleiðing stýrjaldarinnar. Settu þjóðverjar hafnbann á Ísland, skólum var lokað og börn send í sveit. Kepptust stjórnmálaforingjar um greinarskrif í sjálfstæðismálinu og virtist samkomulag í höfn. Lítt fréttist af Alþingi. Menning blómstrar.</i>
4. FRÉTTIR FRÁ ÍSLANDI IV. Til 28.5.1941.	29.6.'41. 5 bls.	<i>Þar sem sendiráðið í Kaupmannahöfn hefur gert mér þann greiða að bjóðast til að taka áfrít af þessum fréttum handa þeim er ég óskaði eftir, munu þeir, sem ég hef sent þær beint undanfarið í framtíðinni fá þær frá sendiráðinu. H.P.B. Með kærnum kveðjum og öllum góðum óskum til landa. Helgi P. Briem Úr bréfinu: Ekki eftirmáli höfundar. Í ljós kom síðar að sendiráðið brást Helga með eins konar ritskoðun. Helstu tíðindi eru um sjálfstæðismál og ályktun Alþingis 17.5.: Alþingi telur Ísland hafa öðlast fullan rétt til sambandsflita og lýðveldisstofnunar. Gladdi það menn að Stauning forsætisráðherra dana tók vel í málið.</i>
5. FRÉTTIR FRÁ ÍSLANDI V. Til 18.7.1941.	15.8.'41? 9 bls.	<i>Í Fréttabréfinu segir frá ákvörðun póststjórnar um að ekki verði sendur póstur frá Íslandi til Danmerkur eða landa á valdi þjóðverja. Hygg ég að þannig þetta geti naumast náð til bréfa sem mér eru send til fyrirgreiðslu að heiman, enda hef ég númerað hvert bréf og látið fylgja þau boð að senda megir mér bréfið utanáskriftarlaust en með númerinu, því ég hafi skrá yfir sendendur skv. því. Bréf sem mér hafa verið send frá meginlandinu gengu mjög vel til að byrja með, en í júní komu aðeins fram 11 bréf, í júlí komu hinsvegar fram tæplega hundrað, sum þeirra orðin þriggja mánaða gömul. Þó vantar nokkur bréf inn í sem líklega koma fram síðar, því ekki er vitað til að annar póstur hafi tapast á leið til Íslands en mestmegnis frá Bandaríkjunum. Eins og áður er mér ánægja að reyna að koma bréfum á milli og fæ alltaf töluverða hríð af bréfum til fyrirgreiðslu. HEIMFERÐ. Það var gert ráð fyrir í vor að saltfiskjarmur kæmi hingað til Portúgal í haust og þá fengist ferð með því skipi heim. Nú hefur svo farið að Bretar kaupa allan saltfisk okkar og verður ekkert afgang handa þessum gömlu viðskiptavinum hér. Er ég sá hvað verða vildi símaði ég utanríkisráðuneytinu og spurdist fyrir um hvort ekki myndu verða einhverjar skipaferðir hingað til meginlandsins. Svaraði ráðuneytið að það sé engi möguleika til skipaferða til suðurlanda fyrst um sinn. Símaði ég þessar upplýsingar til sendiráðanna í Kaupmannahöfn og Stokkhólmi og eins til þeirra manna sem spurst höfðu fyrir um ferðir. Þeir sem getu komist hingað til Portúgal myndu þó fljótlega geta fengið far í flugvél til Írlands, en það kostar rúmar 800 kr. danskar. (3.600 escudos). Þaðan mun frekar auðvelt að komast heim. Þó get ég ekki ráðlagt mönnum að brjótaст í slíkt ferðalag, nema alveg sérstaklega brýn nauðsyn beri til. Með kærnum kveðjum og öllum góðum óskum til landa. Helgi P. Briem Úr bréfinu: 7. júlí hófst herseta Bandaríkjanna þegar floti þeirra sigldi inn í Rvíkurhöfn. Segir Helgi vel frá þeim atburðum öllum. Er þeir og samningar við Bandaríkjamenn meginefni Fréttabréfsins sem og kjör Sveins Björnssonar sem ríkisstjóra, ræða hans og ákvörðun um ríkisstjórasetrið á Bessastöðum. Var tíð mjög góð og sumarferðalög meiri en áður á landinu.</i>
FRÉTTIR FRÁ ÍSLANDI. Í ágúst 1941	Ódags. 6 bls.	<i>Þetta mun vera Fréttabréf sendiráðsins, væntanl. unnið upp úr Fréttabréfi Helga nr. 5. Dreifið Helgi sínu bréfi víða en sendiráðið eingöngu til landa í Danmörku. Trínáðarmál. Bedið um að það sé látið berast meðal landa. Efnissafnið er áþekkt bréfum Helga, þó er hans ekki getið. Er því vafamál að þetta bréf sé frá honum komið, sérstaklega þar sem næsta bréf er tölusett VI.</i>

6. FRÉTTIR FRÁ ÍSLANDI Tölus.: VI. Til 14.9.1941	16. okt. 1941. 5 bls.	<i>Þess skal getið að í blöð þau sem hér er stuðst við vantar tölublöði frá 4. til 14. ágúst Með kærnum kveðjum og öllum góðum óskum til landa. Lissabon, 16. október 1941. Helgi P. Briem</i>
7. FRÉTTIR FRÁ ÍSLANDI Tölus.: VII. Til 18.11. 1941.	18.12.19 41. 9 bls.	<i>-- Bréf að heiman eru nú farin að koma í stórum skriðum til mín. Áður komu þau ekki nema á stangli, en 5. nóv., 15.-16. nóv. og 16.-17. desember hafa komið nokkur hundruð með skipum. Í nóv. komu bréf sem voru orðin gömul, sum allt frá því í maí, en síðan hafa þau flest verið eins til tveggja mánaða gömul, auðsjáanlega geymd í ritskoðun. Þar sem þau voru flest með flugburðargjaldi sínaði ég póststjóminni heima til að reyna að fá því kippið í lag að slík bréf teyðust ekki svo lengi. Bréfin sendi ég áfram samdægurs til að reyna að koma þeim fyrir jólin til móttakenda þó lítil von sé til þess. Það gekk mjög stirt að koma bréfum á milli seinni hlutann í sumar og komu sum ekki fram fyrir en eftir þrjá mánuði, en nokkur töpuðust. Voru það 20 bréf frá því í apríl og 24 sem eru stimpluð, flest í Khöfn 11.-16. júní. Nú sýnast bréfasendingar aftur ganga skár og hefur víst lítið glatast af bréfum síðan í júní. Verður alltaf að gera ráð fyrir að þau taki 2 mánuði hvora leið og væri því rétt að skrifa á 4-6 vikna fresti þar til sambandið er komið á. Mér er ánægja að koma bréfum á milli og greiða fyrir þeim eftir getu. Fyrsta bréf til hvers hér úti sendi ég með flugpósti, því þá munu menn bráðastir í fréttirnar, en mun ekki halda því áfram með seinni bréf til sama móttakanda. -- Með bestu óskum um gleðuleg jól og farsæld og frið árið 1942. Monte Estoril, Portúgal, 18. desember 1941. Helgi P. Briem Þar sem næsta Fréttabréf hefur væntanlega verið sent út af sendiráðinu í Khöfn og að einhverju leyti samið upp úr þessu hefur þetta fréttabréf Helga ekki dreifst nema til þeirra sem hann var í beinu bréfasambandi við í Danmörku; á öðrum Norðurlöndum og Þýskalandi.</i>
FRÉTTIR FRÁ ÍSLANDI Á tímabilinu 1.10. – 15.11.1941	Ódags.. 7 bls.	Fréttabréf sendiráðsins (væntanlega unnið upp úr fréttabréfi Helga, dreift um Danmörku. Helgi hefur þá dreift sínu bréfi til annarra landa og vina í Danmörku. <i>Látið berast meðal landa. Óundirritað.</i> Viðbætur er með þessari útgáfu sendiráðsins: <i>Útdráttur úr greinargerð Hermanns Jónassonar forsætisráðherra dags. 24. október 1941 og lausnarbeiðni ríkisstjórnarinnar. -- (N.b. Því skal skotið hér inn til skýringar, að hinir stjórnarflokkarnir og blöð þeirra hafa ánmælt forsætisráðherra fyrir lausnarbeiðnina.)</i>
8. FRÉTTIR FRÁ ÍSLANDI Tölus.: VIII. Til janúarloka 1942.	Ódags.. 7 bls.	<i>Með bestu kveðjum og öllum góðum óskum til landa. Helgi P. Briem</i> Þetta fréttabréf er í tveim útgáfum, þetta bréf Helga og hið næsta. Vísað er í athugasemdir með bréfi nr. 7.
FRÉTTIR FRÁ ÍSLANDI Ótölus.: Til janúarloka 1942	Ódags.. 6 bls.	Fréttabréf sendiráðsins samið upp úr fréttabréfi Helga nr. 8. <i>Fréttir frá Íslandi til janúarloka 1942 í frásögn Helga P. Briem.</i>

9. FRÉTTIR FRÁ ÍSLANDI. Tölusett: IX. Til 17.3.1942	30.5.194 2. 5 bls.	<p><i>FRÉTTIR FRÁ ÍSLANDI. Þar sem ég er nú á förun vestur um haf hættu Fréttir frá Íslandi að koma héðan frá Portúgal. Þykir mér það leitt því þau mörgu og vinsamlegu bréf sem landar hafa sent mér hafa samfært mig um nauðsyn þess að flytja löndum fréttir að heiman nú þegar hið prentaða mál telst óferjandi. Ekki aðeins vegna þess hvað löndunum hér úti líður betur, heldur einnig vegna landsins og álits þess út á við. Í fréttaleysi koma oft upp einkennilegustu og skadlegustu kviksögur.</i></p> <p><i>Ég vonast til þess að landar leggi saman og fái sér fréttaritara heima til að segja tíðindin. Hafa færeyingar haldið úti hálfsmánaðarblaði í Kaupmannahöfn um nokkurt skeið og ætti Íslendingum því ekki að verða skotaskuld úr því, enda eigum við fjöldamarga ágætlega pennaferna menn, einmitt meðal meginlanda.</i></p> <p><i>BRÉFASAMBANDIÐ HEIM. virðist einnig hafa uppfyllt nokkra þörf, því það eru orðin nokkur þúsund bréf sem komið hafa við hér á leið heim og heiman.</i></p> <p><i>Þó ég fari héðan frá Lissabon hef ég ákveðið að hafa skrifstofu áfram í mínu nafni á Rua Victoria 7 og mun þar maður sjá um bréfin sem koma til mín og senda þau báðar leiðir þó ég sé hvergi nærri. Utanáskrift mín breytist því ekki, en gott væri að nafn og heimilisfang móttakenda væri á hverri örk og sérstaklega að smámyndir séu vel merktar. Hafa þær komist í gegnum ritskoðun að jafnaði, nema þær séu upplýndar.</i></p> <p><i>Þar eð utanáskriftir heimanad eru stundum allrangar og ófullnægjandi, t.d. N.N. Þýskalandi og ekkert annað þarf kannugur maður að fjalla um þau. Hefur Jakob Benediktsson cand. mag. gert móttakendum og mér þann greiða að taka að sér að sjá um útsendingu bréfanna, enda eru þau langflest til Danmerkur. Mun hann reyna að hafa uppi á móttakendum ef hann fær bréf til baka með rangri utanáskrift --.</i></p> <p><i>Utanáskrift mín í New York er -- Kveð ég svo landa með óskum um góða líðan og góða heimkomu að stríði loknu til okkar fjarlæga en ætíð nálæga Íslands. Megi því ætíð vegna vel og íslensku þjóðinni hvar sem hún er á vegi stöð.</i></p> <p><i>Lissabon, 30. maí 1942.</i></p> <p><i>Helgi P. Briem</i></p> <p>Þetta bréf er í tveim útgáfum sjá eftirfarandi.</p>
FRÉTTIR FRÁ ÍSLANDI. Ótölus. Til 17.3.1942	Ódagsett. 4 bls.	<p>Fréttabréf sendiráðsins samið upp úr fréttabréfi Helga nr. 9. Útgáfa sendiráðsins af nr. 9.</p> <p><i>Fréttir frá Íslandi til 17. marz 1942 í frásögn Helga P. Briem.</i></p> <p>Niðurlagsorð Helga eru birt stytt og ýmsu breytt.</p> <p>Bætt við að Helgi P. Briem hafi verið skipaður aðalræðismaður í New York.</p>
<p>Má geta þó það komi þessu máli ekki beint við: Eftir að bréfasendingum þeim lauk, er tengdust H.P.B., eru: Fréttir frá Íslandi 23. nóv. til 22. des. 1942 og frá sept. 1944, í þjóðdeild Lbs. Þá eru þar og þjóðhátíðasöngvar Huldu og Jóhannesar úr Kötulum frá 17. júní 1944, sem virðast hafa verið sendir sem dreifibréf.</p>		
<p>2. Fréttir frá Færeyjum.</p> <p>Rituð á íslensku með sama handbragði H.P.B. og Fréttir frá Íslandi.</p>		
1. FRÉTTIR FRÁ FÆR- EYJUM Ótölus.	15.5.194 1? 4 bls.	<p><i>Inngangur: Erlendur Patursson stud. polit. skrifði mér til að biðja mig um að segja sér og öðrum Færeyingum það sem ég kynni að hafa séð í íslensku blöðunum um ástandið í Færeyjum, bæði stjórnarfræðilega og atvinnulega. Mér er það auðvitað ljúft, þó ég geti því miður ekki endurgoldið þá kurteisi hans að skrifa mér á ágætri íslensku með því að skrifa þetta á færeysku, enda er það látið fylgja Fréttum frá Íslandi, því ég veit að Íslendingar vilja gjaman fylgjast með hvað skedur hjá þessari vösku frændþjóð.¹</i></p> <p><i>Megi Færeyjum ætíð vegna vel.</i></p> <p>Engin undirskrift.</p> <p>Bréf það frá Erlendi Paturssyni, sem Helgi minntist á; hefur ekki fundist. Sjá bréf E.P. 1.6.41.</p>
2. FRÉTTIR FRÁ FÆR- EYJUM Ódags., ótölus.	Rithönd H.P.B.: 15.5.194 1.	<p>Með rithönd HPB.</p> <p>Þetta gæti verið fyrsta tölublaðið, en dagsetning blaðanna sé óviss. Á eintakið sem varðveist hefur er ritað með hönd Helga: <i>Sendi einnig F.f.F. dags. 22.4. að mestu viðtal við Ú.P.² í Alþbl. 21.4. '41 og eingöngu byggt á því – sent 15.</i></p> <p>Þetta verður að teljast sérstakt tölublað þó ekki hafi fundist.</p>

¹ Inngangurinn bendir til að þetta sé fyrsta tölublaðið.

² Úlfar Þórðarson fór í augnlækniserindum til Færeyja og segir skilmerkilega frá hve mjög Færeyingar urðu fyrir árásum þjóðverja vorið 1941. Þýskar flugvélar komu stundum daglega. Færeyingar misstu á mánaðartíma fjögur skip, þ.a.m.

3. FRÉTTIR FRÁ FÆR- EYJUM II. Ódags.	Til 2.4.1941. Ein bls.	Með rithönd HPB: <i>Tvö eintök til Erlendar Paturssonar¹ send 15.5.</i> Ekkert ávarp eða undirskrift.
4. FRÉTTIR FRÁ FÆR- EYJUM. Ótölus., ó dags.	Um 9.4.1942 Tvær bls.	Eftir að Erlendur Patursson skrifaði HPB 12.3.'42 þakkir fyrir Fréttabréf frá Íslandi svaraði HPB honum 9.4.'42. (sjá nánar síðar) m.a.: <i>Stóð svo einkennilega á að einmitt þann 12. f.m. birtist viðtal við mann sem var nýkominn frá Færeyjum eftir fimm mánaða dvöl þar. Fréttabréfið er mest frásögn Lárusar Ólafssonar² lyfjafræðings í Morgunblaðinu 12.2.'42.</i> Auk frásagnar Lárusar segir Helgi frá nýþýddri bók, <i>Fedgum á ferð</i> eftir Heiðinn Brú og birtir kvæði eftir J.H.O. Djurhus úr Norrænum jólum, jólahefti Norræna félagsins. Röð bréfanna og fjöldi er ekki öruggur.

Ályktun: Helgi P. Briem skrifaði frá Portúgal til Íslendinga á meginlandinu nífu tölublöð af Fréttabréfi frá Íslandi á tímabilinu frá árslokum 1940 til maí 1942. Til viðbótar skrifaði hann fjögur tölublöð af Fréttum frá Færeyjum.

Áskrifendalistar að Fréttum frá Íslandi.

- A) Í skjalasafni Helga P. Briem öskju nr. 31 í handritadeild Lbs. er ljósrit leiðrétts og þvælds útsendingarlista, með nöfnum og dagsetningum útsendinga á 9 tölublöðum fréttabréfsins til samtals 28 manns, einkum í Svíþjóð, Noregi, Þýskalandi og á Ítalíu auk nokkurra í Danmörk sem Helgi hefur væntanlega sent sjálfur. Á listann er skrifaðurður útsendingardagur til hvers einstaklings. Listinn er þéttskrifaður og sýnist líklegt að ekki hafi komist fleiri nöfn fyrir og þá annar listi tekið við, ef Helgi hefur haldið skráningu áfram.³ Frumrit sama lista er í þjóðdeild. Gæti það bent til þess að Helgi hafi sent frumritið til Hafnar þegar hann hætti ritun F.f.Í.
- B) Í Lbs., þjóðdeild, er vélrituð/ódagsett kópía annars áskrifendalista, sennilega gerður af Helga P. Briem og með handbragði hans. Á listanum eru 230 nöfn í mörgum löndum. Sennilega hefur Helgi sent Íslendingafélaginu; væntanlega einnig sendiráðinu, listann til notkunar v. útsendingar til Íslendinga. Eintakið í þjóðdeildinni er ónotað og því ekki vinnueintak. Nokkur nöfn eru á lista A, en ekki B.

stærsta togara sinn. Fjórátan manns fórust á skipunum. Tveggja skipa saknað að auki. Ráðast þjóðverjar á flestöll skip sem þeir koma auga á, jafnvel róðrabáta. 26.3. var gerð loftárás á Þórshöfn.

¹ Þeir bræður, Erlendur, Sverrir Paturssynir og Anna Sveinsdóttir Patursson, kona hans, rita nöfn sín á víxl með einu eða tveim essum.

² Lárus Ólafsson (1911-'87) lyfjafr. frá Vestmannaeyjum. Lyfjafræðingatal, '04 segir hann hafa verið aðstoðarlyfjafræðingur í Þórshöfn í Færeyjum árið 1943. Bendir það til að hann hafi verið kominn þangað fyrr.

³ Í bréfum segist HPB sjálfur senda fyrsta bréf til hvers einstaklings en láti svo aðra, Jakob Benediktsson eða einhvern annan taka við næstu bréfum. Þetta gerði hann til að fólk sem aldrei hafði fengið bréf áður þyrfti ekki að bíða nema sem styst.

Helgi P. Briem:

Jón Helgason biskup.

Drög eða upphaf greinar um hann.

Alltaf er nokkrum erfiðleikum bundið að reyna að skilja þá sem eru heilli kynslóð eldri en sjálfur maður. Er ég reyni það nú er það af því að ég þykist hafa kynnst persónuleika, sem ég tel svo mikils virði, að ég vildi að aðrir gætu notið hans með mér.

Ég leit oft inn til hans á skrifstofu hans í Tjarnargötu 26.¹ Stofan hans bar merki um manninn. Út við gluggann stóð allstórt skrifborð, gamaldags með skúffum, troðfullum af öllum mögulegum gömlum skjölum. Til beggja handa voru bókaskápar sem náðu upp í loft. Við suðurvegg var skrifpúlt, því hann stóð oft við skriftir. Í púltinu var mappa full af teikningum og myndum, en venjulega stóðu málverk eftir hann uppi á púltinu. Til beggja handa voru bókaskápar. Á vesturvegg voru lágir bókaskápar, en þar yfir voru veggirnir þéttsettir ljósmyndum af hinum og öðrum merkisklerkum. Þar yfir voru málverk eftir biskup.

Norðurveggurinn var jafn mikið hlaðinn myndum, bæði mannamyndum og málverkum eftir sjálfan hann. Mannamyndirnar voru af ættingjum og vinum og allmargar frá því hann var í skóla og af skólabræðrum hans.

Sófi var við vegg, gamaldags, með geymslum í stöplum beggja megin. Þar geymdi hann gömul bréf úr ætt sinni er farið höfðu milli föður hans og afa, ræður Tómasar Sæmundssonar, gamlar dagbækur og almanök frá liðnum öldum, því forfeður hans, sem og sjálfur hann, voru geymnir á allt það sem skrifað var á pappír.

Að skapferli var hann kennari og spámaður, með kosti og galla hvors tveggja.

Þegar ég segi að hann sé spámaður á ég við það að sterkasti þátturinn í skaplyndi hans var að bera sannleikanum vitni, eins og hann sá hann, hverjar afleiðingar sem það kynni að hafa. Hann kunni ekki að fara í felur með tilfinningar sínar eða álit.

Skoðanir hans í guðfræði voru all róttækar er hann kom heim frá námi. Skilningur hans neitaði að skoða það allt bókstaflegan sannleika sem stóð í biblíunni, eða telja fyrstu Mósebók heppilega undirstöðubók í náttúruvísindum. Slíkt var þá skoðað ganga villutrú næst.

Honum var ekki nóg að kenna í Prestaskólanum það sem hann taldi rétt. Hann gaf einnig út tímarit. Í fimmtán ár predikaði hann annan hvorn sunnudag í

¹ Húsið stendur með framhliðina að Tjörninni móti austri. Það var í tíð biskupsins rauðmálað með gulum gluggum, skv. því sem Þórdís Briem sagði.

Reykjavík, ekki sér til launa eða dýrðar, því hvorugt fékk hann, heldur af spámannlegri þörf til að bera sannleikanum vitni.

Hann hafði ákaflega gott minni, þó það væri ekki fullkomlega traust, frekar en hjá öðrum mönnum. Hann mundi ekki aðeins eftir mönnum, heldur einnig landslagi og það sem mér þótti merkilegast, eftir löngu horfnum húskofum.

Minnugir menn virðast oft drekka í sig endurminningar fram að vissum aldri. Þar eftir fer skilningurinn að hafna minningum sem ekki hafa sérstakt gildi. Sérstaklega minnast menn æskuára sinna og æskufélaga og halda tryggð við þá, svo vinátta helst við æskufélaga þó áratugir líði svo þeir sjáist ekki.

Líkast til gerir þetta góða minni frá æskuárunum menn að góðum kennurum. Lífandi endurminning um æskuárin hjálpar til að meta erfiðleika þeirra sem þeir kenna og skilja unglunga.

Hann naut þess mjög að segja frá og hafði mikla frásagnargáfu. Er hann talaði vandaði hann ekki mál sitt, en það sem hann sagði var lífandi, dró upp mynd og var dramatískt. Kennarinn verður að sleppa smáatriðum og stikla á því stóra; þar sem vísindamaðurinn telur aðalatriðin kunn; leggur því alla áhersluna á smáatriðin, sem öðrum finnast oft og einatt fánýt. Jón biskup hafði þennan eiginleika í háum mæli. Hann kunnir ógrynni af sögum, hnyttum tilsvörum og skrýtnum orðatiltækjum og hvernig á þeim stóð. Gat hann gert löngu dauða karla og kerlingar lífandi fyrir manni og leikið þau með málrómi og ýmsum kækjum þeirra.

Er hann varð biskup taldi hann ekki rétt að hafa sérskoðanir sínar í guðfræði mjög á oddinum. Taldi hann sitt starf vera að sameina kirkjunnar þjóna en ekki sundra. En hann missti einnig hið persónulega samband við guðfræðistúdenta. Ég held að hann hafi alltaf saknað þess.

Starfsþrekið heimtaði útrás. Hann hætti við fjórða bindið af kirkjusögu sinni til þess að taka ekki fram fyrir hendurnar á eftirmanni sínum. Beið það því í 17 ár að við þá bók væri lokið, bók sem hann taldi lífsverkið sitt.

Er hann sagði frá, þá tókst hann allur á loft, talaði með sínum sterka rómi svo að glumdi í stofunni og hló svo undir tók þegar hann var búinn að skila rúsinunni í sögunni. Þessar löngu liðnu manneskjur stóðu svo lífandi fyrir hugskotssjónum þeirra sem hlustuðu á, eins og þær hefðu sjálfar verið í stofunni. Og hann lifði svo í sögunni að hann gerði sig nefmæltan eða gormæltan, blestan eða loðmæltan, eins og átti við og var jafnvel reiður andstæðingur sögupersónunnar um stund á eftir.

Er hann lýsti einhverjum varð það ákaflega lífandi og litauðugt. Frásagnir hans urðu því þeim sem á hlýddu ógleymanlegar. Líkast til hjálpaði þetta honum til að vera góður kennari.

Ég sat einhvern tíma hjá kunningja er þangað kom ungur prestur er var nýbúinn að taka við brauði. Var hann furðulega daufur í dálkinn. Er hann var inntur eftir hverju það sætti, þá sagðist hann vera nýkominn frá Jóni biskupi. Hafi hann bent sér á smáskissu sem sér hafi orðið á, en all eftirminnilega.

Stóð svo á að skömmu eftir að hann kom að brauði sínu átti hann erindi við stjórnarráðið og skrifaði því bréf. Hann vildi vanda sig og skrifaði yfir þvera örkina með stóru letri: *Erindisbréf*. Einhvern veginn hafði merking þess orðs farið framhjá honum. Er hann hitti Jón biskup sagði hann að slíkt væri ekki að verja, því erindisbréf væru bréf er yfirvöld gæfu starfsmönnum, leiðbeiningar um hvernig þeim bæri að rækja starf sitt. Presturinn skildi þetta auðvitað strax, en biskup hélt áfram að hamra þetta inn í höfuðið á honum, enda tókst það svo vel að ég er viss um að enginn viðstaddur notar þetta orð í rangri merkingu, þó þeir verði hundrað ára gamlir. Heyrðu þeir það þó frá öðrum.

Þessi kennsluáferð tekur ef til vill ekki tillit til tilfinninga nemandans, en hún verður furðu minnisstæð. Hinsvegar mun fullorðnum mönnum ekki falla hún og munu þeir sumir hafa haft heldur horn í síðu biskups, að minnsta kosti aldrei komist í það náíð samband við hann að þeir hafi getað losnað við vissan skóladrengjaótta við hann.

Þessi skortur á millistígum bagaði hann allmjög. Menn nutu sín oft ekki í návist hans og mildir menn komu lítt að skoðunum sínum; missti hann því af samneyti við menn og þeirri gleði að blanda við þá geði. Varð hann því einmana er gamlir kunningjar og vinir á hans reki féllu frá hver eftir annan. En hinsvegar varð hann mildari og ljúfari og sóttu þá unglingar til hans og börn, sem heldur höfðu forðast hann, er hann var í fullu fjöri og blóma.

Hann var meira en meðalmaður á hæð og hár til hnésins og all stórbeinóttur. Hann var grannur alla sína ævi, magur, gat maður sagt, þó hann þyngdist örlítið síðustu árin sem hann lifði. Höfuðið var vel mótað og ennið hátt með djúpum hoffmannavikum. Augun voru dökkblágrá, áberandi skær fram á ellidaga. Hárið var skolleit en skeggið rauðgult. Bar hann alla daga yfirvaraskegg og hökutopp sem hvort tveggja varð því smærra sem árunum fjölgaði. Hann hafði aðeins hálfar augnabryr og lítil augnahár.

Þó var allt yfirbragðið skörulegt og gáfulegt, mikið skap í augabrunum og enni, en hakan og niðurandlitið allt fíngert og nærri viðkvæmt. Hendurnar voru allstórar og hnúarnir stórir.

Hann gekk að jafnaði í diplomatfrakka og hékk gylltur kross í festi um hálsinn¹ og lét fingurna leika við festina, því fjörið var meira en svo að hann ætti hægt með

¹ Þetta var kross úr gulli með gullfesti sem Prestafélagið mun hafa gefið honum á merkisafmæli. Hann lét krossinn ganga til eftirmanns síns. Mun sami kross og keðja enn notuð af biskupi Íslands. Eftirmaður var lægri vexti en Jón og þótti

að sitja alveg hreyfingarlaus. Auk giftingarhringsins bar hann ætíð steinhring er átt hafði Árni stiftsprófastur Helgason í Görðum. Hann var glær og glær í *steininum* og sagði hann ófeiminn frá því.

Hann hafði ekkert lag á að auglýsa sig um neitt. Ef hann fékk lof, dró hann strax úr því, eða þakkaði öðrum. Hann hefur málað eina fallegustu Þingvallamynd sem ég hef séð. Minntist ég einhvern tíma á að mér þætti sú mynd vel heppnuð og sérstaklega góðir litir í henni. *En Ásgrímur á mótívið*, sagði hann strax og þakkaði Ásgrími fyrir að hafa fundið þann stað sem hann hafði málað; séð fegurð Þingvalla þaðan, er hann málaði þessa mynd.

Er hann fékk áhuga fyrir einhverju máli rannsakaði hann það til þrautar og gróf alla útanga. Var hann furðu glaður er hann fékk einhvern til að hlusta á fyrirlestur um það mál og útskýrði nákvæmlega allar hliðar þess, og gerði það skemmtilega, þó ekki væri annað ern prestmata¹ í útkjálkabrauði. Var hann þá ákaflega viss í sinni sök, en hafði samt mjög gaman af ef hann gat fengið skynsamlega gagnrýni á því. Yfirleitt var hann ekki mjög rýninn á heimildir; þótti nóg að hafa góðs manns orð fyrir að eitthvað væri svo háttað, þó heimildarmaður hans hefði varla haft nema ómerkilegan orðróm að styðjast við, eins og t.d. Espólín.

En þó hann væri svona viss í sinni sök, var hann ákaflega auðmjúkur maður undir niðri. Þakklátur fyrir góðar gjafir guðs; alveg laus við nokkurn hroka. Ef til vill þótti honum störf sín af vanmætti gerð. Að minnsta kosti tók hann gagnrýni á þeim mjög vel. Og þegar hann varð fyrir heldur dónalegu aðkasti vegna sálmabókarviðbættisins tók hann því með mildu skapi og reyndi ekki einu sinni að verja sig.

Eins kunnir hann ekki að auglýsa neitt af verkum sínum. Enginn Íslendingur mun hafa skrifað eins mikið af sagnfræðiritum. Þó munu bækur hans yfirleitt hafa verið lítt kunnar.

Þessi tryggð Jóns biskups við æskuárin, og æskuáhrifin, hefði auðveldlega getað eyðilagt allt hans líf. Mér þykir líklegt að hann hafi valið sér guðfræðináms, af virðingu fyrir föður sínum og forfeðrum, því hann hafði mikla ættartilfinningu. Það náms átti ekki við hann, fremur að skrásetja athuganir sínar og sagnfræði.

Þegar hann kom út fyrir pollinn, tók hann að leggja stund á guðfræði. Varð hann fljótt vinsæll meðal félaganna sinna, ekki aðeins íslenskra - hann og séra Haraldur Nielsson voru óaðskiljanlegir vinir - heldur einnig danskra. Héldust þau vináttubönd, t.d. við stiftsprófast Hoffmeyer, meðan þeir lifðu. Hann var því einn af þeim fáu íslensku menntamönnum, sem átti góða vini í Danmörku, og gat því

keðjan of löng, stytta hana, og gaf dóttur sinni það sem af gekk sem armband. Var lítil hrifning í fjölskyldunni af þessari gjörð.

¹ Smjörgjald til prests af bændakirkjujörð.

ekki tekið undir þá pólitískur andúð gegn þeim sem mjög tíðkaðist hér á Íslandi. Skildi það hann að vissu leyti frá mörgum samtíðarmönnum sínum.

Á Hafnarárum hans kenndu í háskólanum feðgar sem Scharling hétu. Var sagt að guðfræðideildin hefði föðurinn, soninn, en vantaði aðeins heilagan anda. Þá var að komast í tísku einkennileg náttúruvísindastefna í guðfræði. Guðfræðingar áttu erfitt með að verjast ásókn þeirra manna sem fannst þeir hafa höndlað allan sannleika með kenningum Darwins og annarra náttúrufræðinga um framþróun tegundanna og eilífan breytileik lífsins.

Í stað þess að leita til upphafs allra hluta og líta upp; spyrja hver hafi skapað sólina og ganga út í rökkrunu, sjá fjarlægjar sólir verða sýnilegar gegn bláma himinsins; spyrja hver skapað hafi festinguna, þá settust þeir við olíulampann sinn og fóru að reyna að laga til í biblíunni. Var það heil vísindagrein að rannsaka biblíuna og útskýra hana.

Gamla testamentið gátu þeir eiginlega ekkert gert með og vildu helst láta það falla í gleymsku. Eftir var Nýja testamentið og Kristur. Auðvitað skildu þýskir prófessorar ekki Krist, en þeir skildu postulann Pál, og hefur hann mjög skyggt á Krist í kirkjunni hjá lærisveinum þessarar stefnu. Þeir reyndu þó að skilja hann og skapa hann í sinni mynd og gera úr honum heiðvirðan þýskan prófessor og son heiðvirðra foreldra. Til dæmis þótti þeim sjálfsagt að kenna að Jósef væri faðir Krists. Voru sumir að þrjála með og lýsa því yfir af predikunarstólum við hátíðleg tækifæri.

Þóttu sumir forvígismenn þessarar stefnu gera kirkjunni stórkostlegan greiða með vinnu sinni til að samræma trú og þá þekkingu sem menn þóttust hafa fengið í lögmálum efnisheimsins.

Þegar Jón Helgason kom til Hafnar drakk hann auðvitað í sig þessar kenningar með sínum mikla dugnaði og gleymdi þeim aldrei. Er hann hafði tekið próf fór hann til frekara náms í Þýskalandi til þess að drekka af lindum þessara fræða.

Eftir að hafa starfað við kirkjuna í Kaupmannahöfn var hann kallaður heim til að taka við kennslu föður síns, sem þá var rétt að deyja.

Svo hreinum, beinum og hreinskilnum manni sem Jóni Helgasyni var auðvitað ómögulegt að dylja þann sannleika sem hann þóttist hafa höndlað. Hinsvegar mun ást hans og virðing fyrir föður hans hafa hamlað því að hann gæti lent í deilum við hann.

Nú er lítt kunnugt um starf hans hin fyrstu árin. Hann mun ekki hafa fengið fullnægingu í vinnu sinni við Prestaskólann. Á þessum árum teiknaði hann mikið og málaði og jafnvel mótaði töluvert í leir; tók gífsafsteypur sér til gamans.

En sagnfræði var honum alltaf mikið hjartans mál jafnvel á námsárunum.

Taldi hann það skyldu sína sem biskups að reyna að starfa að sameiningu, en ekki segja neitt það er gæti vakið sundrunu hjá íslenskri prestastétt.

Hann hætti því að rita um guðfræði.

Þar sem Jóni Helgasyni var ætíð mikil þörf á að vita sögulegan gang mála var hans fyrsta verk sem biskup auðvitað að kynna sér akta alla og skjöl er embætti hans fylgdu. Það var skylda hans, sem og hvers góðs embættismanns er tekur við nýju embætti. Honum var það áreiðanlega ljúft verk og með sínu venjulega vinnuþreki mun hann hafa lesið megnið af skjalasafni biskupsembættisins fyrstu biskupsár sín.

Þá fyrst mun hann hafa komist í frumheimildir að nokkru ráði og þær tóku huga hans fanginn. Það var ekki aðeins að hann fyndi þessi sömu viðfangsefni heldur safnaði hann að sér efni í ævisögur. Var það mörgum kunnugt. T.d. leitaði Kristian Kálund bókavörður all mjög til hans um ævisögur þeirra Íslendinga sem birtar voru í *Biografísk Lexikon* og getur einhvers staða um það. Upphafsstafir Jóns Helgasonar voru þó með fæstum þeirra.

Er hann byrjaði að kenna við Prestaskólann vöktu þessar nýju kenningar hans bæði eftirtekt og andúð. En með sínu mikla starfsþreki komst hann brátt í sókn og fóru þeir séra Haraldur, Þórhallur biskup og hann að gefa út tímaritið *Verði ljós* til að varpa ljósi inn í dimm hugskot trúarlífsins.

Lenti hann í stælum við ýmsa og voru það nokkurs konar skylmingar, sem hann þreytti við t.d. dæmdan lögfræðing sem þá var atvinnulaus.

Um eitt skeið gerðist það að honum var boðið rektorsembættið við Menntaskólann. Var hann víst nokkuð að hugsa um að taka því, en til allrar hamingju varð ekki úr því. Er einkennilegt hve mjög sumir ráðandi menn missáu sig á mönnum að detta í hug hann, sem sjálfsagt var góður kennari. Ógnar manni að hugsa til þess að hann hefði beitt dugnaði sínum og starfsþreki til að reyna að beygja hinn mjúka kvist ungrar sálar, sem eitthvað kynni að brjóta þröngan skólaaga í fjöri sínu og lífslöngun, en þurfti skilning, samúð og umfram allt nærgætni. Í þessum eiginleika var hann ekki ákjósanlegur.

Hann, sem prófessor í kirkjusögu, var mjög farinn að leggja stund á sagnfræði og draga úr þeim skrifum sínum um guðfræði, sem andúð vöktu.

Það var hins vegar mikið happ fyrir hann að vera skipaður biskup 1917. Hann taldi það skyldu sína sem biskups að reyna að starfa að sameiningu, en eigi segja neitt það er gæti vakið sundrunu hjá íslenskri prestastétt. Hann hætti því að rita um guðfræði.

Þar sem Jóni Helgasyni var ætíð mikið þörf á að vita sögulegan gang mála, var hans fyrsta verk sem biskups auðvitað að kynna sér öll akta¹ og skjöl er embætti hans fylgdu. Það var því skylda hans sem góðs embættismanns, er tekur við nýju embætti. Honum var það áreiðanlega ljúft verk. Með sínu venjulega vinnuþreki mun hann hafa lesið megnið af skjalasafni biskupsdæmisins fyrstu ár sín í embætti.

Þá fyrst mun hann hafa komist í frumheimildir að nokkru ráði og þær tóku huga hans fanginn.

Það var ekki aðeins að hann fyndi þar sömu viðfangsefnin og hann hafði sjálfur átt við eða var að komast inn í.

Hann kynntist þar fjölda þeirra manna sem verið hafa prýði biskupsstólsins og þjóðarinnar allrar. Hann kynntist þeim ekki aðeins sem mildum mannvinum og mælskum predikurum og ströngum yfirvöldum sem voru að vandræðast með að halda bókum sínum óblautum í hriplekum húsunum í Skálholti; hafa nóg fyrir sig að leggja í sívaxandi dýrtíð, eins og Geir Vídalín, og vera að reyna að koma handritum sínum á prent eins og Finnur biskup.

Þetta allt gerði hann mildari og skilningsbetri á menn og málefni og varð til þess að hann fór að skrifa og gefa út ævisögur merkisklerka.

Það var þó einkennandi fyrir hann hvaða klerka hann skrifaði um. Það voru hinir skrifandi klerkar. Það er sagt að í hverju ritverki sé einhver hluti af höfundi falinn og venjulega í efnisvali.

Jón Helgason valdi sér þá merkisklerka sem oft voru nærri því að verða biskupar, en urðu það ekki að jafnaði, en sátu á friðarstóli með fræði sín. Er enginn vafi á því að Jón Helgason hefði unað sér vel í slíkri aðstöðu, eins og Jón í Hítardal.

--

Greinardrögin voru lengri; runnu út reyndar út í sandinn er Helgi fer að fjalla um sálarrannsóknir sem Jón biskup var lítt uppnæmur fyrir. Hafa skoðanir Helga og Dorisar sennilega verið honum lítt að skapi. Bróðir hans, Eggert P. Briem og Sigríður kona hans, voru miklir sálarrannsóknamenn eins og víðar kemur fram.

Er mér í barnsminni er Helgi og fjölskyldan gisti hjá okkur í Tjarnargötu 24, sem var oft. Var þá gjarnan efnt til miðilsfunda, sem mamma tók þátt í. Ég fékk reyndar ekki að fylgjast með þeim, því slík skemmtun er ekki ætluð börnum og unglingum, þótt einkennilegt sé. Reyndum við bræður þó að fylgjast með, kíkja og leggja augu og eyru að bilinu milli rennihurðanna á milli stofanna.

Kemur sálarrannsókná huginn víða fram í bréfaskiptum bræðranna. Voru líka náin tengsl Helga við forystumenn sálarrannsókna á Englandi. Um það bera vott bréfaskipti þeirra hjóna við Maurice Barbanell og konu hans. Hann mun hafa verið ritstjóri helsta sálarrannsóknablaðs Bretlands. Komu hann og kona hans í heimsókn til Helga til Barcelóna og voru gestir þeirra, einmitt þegar þau þurftu að flýja landið og voru samferða þeim þaðan, eins og HELGI P. BRIEM lýsti í ýmsum frásögnum sínum um flóttann.

¹ Skjöl.

Sennilegt má telja að greinardrögin séu rituð árið 1941, eftir að Jón Helgason dó. Samband Helga og fjölskyldu biskup virðist hafa verið náð eins og kemur fram í bréfum Marie, konu Jóns til Helga, en hún mat hann mikils.

Þetta sálarrannsóknatímabil í Íslandsögunni virðist vera við að gleymast. Og þó! Sálarrannsóknir eiga sér enn stað og miðlar í hávegum hafðir, sums staðar.

Er Jón biskup dó vildi fjölskyldan ánafna Helga skjölum hans. Hafa þau talið hann frænda líklegastan til að halda við þræðinum í sögulegum rannsóknum. Var honum skrifað um það til Portúgal. Svaraði hann og sagði varasamt að senda skjölin yfir hafið, það fjölskylduna um að láta gögnin ganga til Landsbókasafns. Þar væru þau vel geymd. Það mun hafa verið gert, þótt einn maður hafi efast um það.¹

¹ Jakob Benediktsson. Formáli útgáfu Ferðabókar Tómasar Sæmundssonar, Rvík, 1947. Segir hann frumrit bréfa Tómasar til Fjölnismanna ekki hafa komið fram eftir lát Jóns biskups. Ég tel hann hafa fengið þau lánuð frá Danmörku og skilað þeim aftur þangað. Sjá og: Skrá yfir handrita- og skjalasafn dr. theol. Jóns Helgasonar biskups. Móttekið af Landsbókasafni 30.7.1942. Sjá og útgáfu E.Á á æviminningum J.H.: Það sem á dagana dreif, og fleira efni honum tengt. Lbs.

Helgi P. Briem:

Jón Krabbe

Handritsdrög að ævisögu¹

Jón Krabbe lést níráður 20. október 1964. Hann var fæddur 5. janúar 1874, daginn sem konungur gaf landinu löggjafarvald og sjálfstæði. Er þá fallin frá sá maður sem hvað lengst hefur starfað sem íslenskur embættismaður. Er hann hætti á 72. aldursári árið 1945 hafði hann starfað sem íslenskur embættismaður í 47 ár.

Hann byrjaði að vinna í íslensku stjórnardeildinni í Kaupmannahöfn árið 1899 og hafði þá þegar hlotið námsframa því 22ja ára gamall hafði hann lokið lögfræðiprófi við Hafnarháskóla og tveim árum síðar einnig hagfræðiprófi.

Jón Krabbe er af gamalli danskri aðalsætt, sjálfsagt besta fólki, en þar sem ekki bar á gáfum eða andlegu atgervi fyrir en hjá föður hans² Haraldi Krabbe, sem tók læknapróf 24 ára og doktorsgráðu 26 ára. Varð hann kennari og prófessor við dýralækna- og landbúnaðarháskólann. Þó varð einn Krabbe, Christoffer, dugandi stjórnámálaður og meðal annars fulltrúi Dana í sambandsnefndinni 1908 sem gerði uppkastið fræga.

Að beiðni dönsku stjórnarinnar fór Harald Krabbe til Íslands til að rannsaka sullaveikina og benti hann fyrstur manna á samband hennar við bandorma í hundum, fé og mönnum.

Hér í Reykjavík kynntist hann Kristínu systur Jóns Guðmundssonar; giftust þau og settust að á Friðriksbergi, sem þá var að byggjast upp sem uppáhaldsstaður efnaðra dana. Móðir mín hefur sagt mér frá að hún kom þangað sem ung stúlka; hafi heimilið verið íslenskra en mörg í Reykjavík. Frú Kristín sat með þrjónana sína og talaði við gesti, helst um íslensk mál. Hún talaði íslensku við syni sína fjóra, alla ágætismenn: Oluf, varð dómari, Jón, næstelstur, Thorvald, starfaði hér sem vitamálastjóri og Knud sem varð kunnur læknir.

Jón var skírður í höfuð afa síns og Jóns Sigurðssonar. Allir bræðurnir kölluðu sig Haraldssen og munu það íslensk áhrif, en synir Jóns kölluðu sig Jonsen.

Þegar Jón Krabbe varð aðstoðarmaður í íslensku stjórnarskrifstofunni var Ólafur Halldórsson þar skrifstofustjóri, en Dybdal ráðuneytisstjóri í dómsmálaráðuneytinu. Þeir voru skipaðir aðstoðarmenn sama dag, 28. júní 1899, Jón Krabbe og Jón Hermannsson, svo segja má að þekking á Íslandi væri aðallega hjá Jóni Hermannssyni sem var 26 ára gamall og hafði lokið lögfræðiprófi tveim dögum áður.

¹ Handritsdrögin voru sýnilega ófyrlesin af HPB. Villur kunna því að leynast.

² - eða ömmu og móður.

Ólafur Halldórsson var fræðimaður góður, starfaði að tveim síðustu bindum *Lovsamlig for Island*; gaf síðan út Jónsbók; fyrirmyndarútgáfu. En hann þekkti lítið til Íslands, var geðstírður og tók aldrei á heilum sér. Var það kölluð ímyndunarveiki, því læknað gátu ekki læknað hann. Honum var boðið að verða fyrsti ráðherra Íslands, en afþakkaði vegna heilsuleysis síns og var það vel farið.

Jón Krabbe hafði þó komið til Íslands, því á stúdentsárum sínum fór hann með hvalveiðiskipi til Ísafjarðar til að heimsækja móðurbróður sinn, Þorvald lækni Jónsson.

Hann byrjaði því á skrifstofunni þegar einsræðisstjórn Estrups var á fallandi fæti, en áður en embættisferli hans lauk hafði honum verið falið að tilkynna konungi Íslands og Danmerkur að 95% af íslendingum hefðu greitt atkvæði með lýðveldi og mundi það verða 15 dögum seinna.

Þegar heimastjórnin gekk í gildi var íslenska stjórnarskrifstofan lögð niður og þeim sem þar unnu sagt upp. Í staðinn var stofnuð skrifstofa ráðuneytis Íslands í Khöfn. Var Ólafur Halldórsson ráðinn skrifstofustjóri hennar en Jón Hermannsson varð skrifstofustjóri í II. deild.

Jón Krabbe sótti um aðstoðarmannsstöðu þrátt fyrir að Ólafur Halldórsson réði honum frá því og benti honum á að hann gæti ekki átt von á neinum embættisframa með því að verða íslenskur embættismaður. En svo var römm taug móðurættar hans að hann lét það ekki á sig fá, sótti um stöðuna og fékk. Launin voru 100 kr. á mánuði þangað til hann varð skrifstofustjóri árið 1909.

Ekki var mikið að gera á skrifstofunni svo hann varð fljótlega málafærslumaður við landsréttinn. Árið 1899 kvongaðist hann myndar- og gerðarkonu frú Margarethe f. Casse og var talin efnuð. Eignuðust þau fimm börn. Ég hygg að Jón Krabbe hafi aldrei flutt mál eða lagt það til dóms. Sem málafærslumaður starfaði hann aðallega að búskiptum og eignausjón og fékk fljótt orð á sig sem stálheiðarlegur maður með mikla útsjónarsemi. Von bráðar var honum trúað fyrir sumum mestu búskiptum í Danmörku svo sem búi Otto Mönsted, sem lét eftir sig um 30 millj. d. kr. og var það mikill auður fyrir stríð.

Til að létta sér þetta starf stofnaði Jón sérstakt fyrirtæki h.f. Investor, þannig að félagið keypti hlutabréf og önnur verðbréf en hann gat þá komið eignum búa fyrir í hlutabréfum Investors, sem áttu víða stoðir. Dreifði hann þannig áhættunni við að kaupa hlutabréf en búin fengu hærri vexti en ella. Þegar ég var við nám á árunum fyrir 1930 var talið að Jón Krabbe væri einn af milljónerum Danmerkur og þótti það stórt orð.

Þó ég væri ekki nema rúm tvö ár af námsárum mínum í Khöfn tók Jón Krabbe ástfóstri við mig, bauð mér heim til sín í Rosenvængs Allé 39, þar sem hann átti

heima, þangað til fyrir skömmu að hann afhenti syni sínum, sem á sjö börn þetta stóra hús, sem bar vitni gömlum efnum, fyrirmennsku og menningu.

Minnist ég þess að þar var mér meira að segja boðið í kvöldverð, svo finan að maður átti að klæðast smokingfötum. En ég man einnig að hann bauð okkur Stefáni Þorvarðarsyni, síðar sendiherra, út í sveitasetur sitt skammt frá Helsingör. Hét það Fanny Hill, því sá sem byggt hafði húsið og komið garðinum í rækt var breskur ræðismaður í Helsingör. Þegar sundtollurinn var tekinn af skipum var það mikið embætti. Man ég enn stóran, fagran garð og kirsuberjatré sem við klifrudum upp í til að tína ber.

Vorum við þar ógleymanlega viku og eiginlega fannst mér alltaf að þar hafi ég kynnst því besta í dönsku yfirstéttarlífi. Þar var enginn íburður, manni var vísað á hvar maður gæti burstað skóna sína, en mild spaugsemi vinsemd og elskulegheit ríktu. Fékk ég mikið hrós fyrir það að ég álpaðist til að finna geitungahreiddur mikið, en geitungarnir höfðu verið þeim til ama um nokkurt skeið. Er ég kom síðar til Hafnar bauð Jón Krabbe mér venjulega heim til sín með fáum kunningjum.

Minnist ég að ég kom til Hafnar 1937 þegar hann var 63ja ára gamall; hitti hann fyrir utan íslenska sendiráðið. Það var þurrakuldi og fjúk eins og veður getur verið andstyggilegast í Khöfn. Hann var að fara af stað á hjólhesti sínum og ég sagði eitthvað á þá leið að hann væri í fullum krafti og spurði hvernig heilsa hans væri. Hann svaraði: *Já maður verður að vinna meðan maður hefur krafta til þess.* Enda mun hann hafa verið heilsuhraustur maður alla ævi. Er hann var 4ra ára fékk hann einhverja veiki sem lagðist svo illa í eyru hans að hann heyrði mjög lítið alla ævi, en fékk þó mikla hjálp með heyrnartækjum.

Hann varð snemma gráhærður en annars frísklegur maður, grannholda alla ævi. Hann var meðalmaður á hæð, hreyfði sig hvatlega, ætíð brosmildur og gamansamur í tali.

Sigurjón Ólafsson gerði höggmynd af höfði hans sem íslenska ríkið á og stendur í skrifstofu ráðuneytisstjóra utanríkisráðuneytisins. Þar er gert heldur mikið úr blíðu hans eða mildi, en vantar stálið í skapferli hans.

Það var einkennilegt að þessi maður virtist aldrei sækjast eftir neinum ytri vegtyllum eða glingri þessa heims. Hann var fyrst aðstoðarmaður en síðar skrifstofustjóri. Þegar sendiráð Íslands var stofnaði í Khöfn varð titill hans sendiráðritari og sendifulltrúi í fjarveru sendiherra.

Þegar heimastjórnin hófst var Jón Krabbe aðstoðarmaður í skrifstofu stjórnarráðs íslenska ráðuneytisins. Þessi skrifstofa var einhvers konar upplýsingaskrifstofa til að vera hjálpleg í ýmsu smáu, því auðvitað skrifaði ráðherra Íslands beint til ráðuneytanna í Khöfn eins og önnur ráðuneyti sem biðja um

aðstoð annarra ráðuneyta. Hún hafði því hvorki skipulag með höndum eða vald og eiginlega erfitt að átta sig á starfssviði skrifstofunnar. Þar við bætist að Ólafur Halldórsson var svo til ætíð veikur og kom sjaldan í skrifstofuna svo vinnan lenti á aðstoðarmanninum. Hann hafði þó venjulega íslenska stúdenta sér til aðstoðar. Magnús Guðmundsson ráðherra mun hafa verið fyrstur þeirra. Síðar var þar m.a. Skúli Skúlason ritstjóri.

Jón Krabbe hefur þó ekki kvartað undan að vinnan væri mikil. En hún fór þó vaxandi. Er uppkastið var felldu voru þeir Danir sem okkur voru velviljaðir bæði sárir og móðgaðir. Féllu þá allmörg óþægðarorð um Íslendinga. Var þá gott að menn gætu snúið sér til einhverrar skrifstofu, enda var aðstoðarmaðurinn sem varð fyrir svörum taktvís og kurteis.

Árið 1909 var geðveiki Ólafs Halldórssonar orðin svo mikil að hann var settur á hæli og tók ekki við stöfum aftur. Hann dó 1930. Varð Jón Krabbe þá skrifstofustjóri skrifstofu Stjórnarráðs Íslands.

Það hefur löngum viljað brenna við að Íslendingar hafa lítt skeytt bréfaskriftum. Hannes Hafstein sendi konungi reglulega bréf með ýmsum upplýsingum eins og venjulega í kunningjabréfum um afla og heyskap, afkomuna og almennt heilbrigðisástand ásamt horfum í stjórnámálum.

Þegar hann lét af ráðherrastörfum hélt Björn Jónsson ekki áfram með þessar bréfaskriftir. Saknaði konungur þeirra upplýsinga, því lítið var um íslenskar fréttir í dönskum blöðum að jafnaði; helst æsifregnir.

Bað Friðrik VIII. Björn Jónsson þá um leyfi til að kalla Jón Krabbe til sín til að fá fréttir frá Íslandi. Staða hans var þá svipuð og fulltrúa í stjórnarráðinu og ráðherrann gat talið það óviðeigandi að þjóðhöfðinginn kallað á embættismann til að fá fréttir.

Veitti Björn auðvitað samþykki sitt tafarlaust og meðan Friðrik VIII. lifði fór Krabbe reglulega til hans til að skýra honum frá hvað væri að gerast á Íslandi. En jafnframt fól konungurinn honum að síma til helstu stjórnámálamanna og biðja þá um ýmsar upplýsingar, því hann fékk þær ekki frá ráðherra sínum á Íslandi.

Þó skrifstofa Stjórnarráðs Íslands væri heldur ankannaleg stofnun fékk hún mikla þýðingu fyrir persónulega eiginleika Jóns Krabbe. Brátt kom að því að allir treystu honum enda mátti það. T.d. sendi Björn Jónsson honum nokkur skeyti sem ætluð voru konungi til þess að vara við að skipa Kristján dómstjóra Jónsson ráðherra. Má það kallast einkennilegur málarekstur að ráðherra sími undirmanni sínum til að vara konunginn við eftirmanni sínum. Björn var þá orðinn sjúkur maður.

Þegar Kristján X. varð konungur óskaði hann ekki eftir að fá slíkar skýrslur frá Jóni Krabbe og lét hann vita að hann myndi fá allar upplýsingar fyrir tilstilli konungsrítara, sem auðvitað var danskur þó hann fengi íslenskan konungsrítara eftir sambandslagasamninginn 1918. Konungsrítari sneri sér þá til Krabbe til að fá góð ráð og var það Krabbe sem réði konungi að ræða við þremenningana Einar Arnórsson, Svein Björnsson og Guðmund Hannesson. Varð það til þess að Einar tók við ráðherrastöðu í maí 1915, þá 35 ára gamall. En þó þetta gæti gengið meðan maður eins og Jón Krabbe var á þessum stað, er svona fyrirkomulag óhæfilegt til frambúðar.

Þegar fyrri heimstyrjöld hófst uxu snögglega störf skrifstofunnar og hlóðust mikil störf og ábyrgðarmikil á Krabbe.

Eins og menn vita tóku Bretar allan útflutning Íslands og skömmtuðu verðið, en aðfluttar vörur hækkuðu gríðarlega í verði að þar var enginn sem skammtaði verðið. Bretar létu okkur frá kol og salt, hvort tveggja treglega. En aðrar matvörur höfðum við fengið frá Danmörku að langmestu leyti. Við keyptum allmikið frá Ameríku, en vörur þaðan urðu mjög dýrar; mikið til vegna fragtar og stríðstryggingar.

Það var miklu ódýrara að fá vörur frá Danmörku. Verðinu var haldið niðri með stjórnarráðstöfunum og styrkjum. Danir höfðu haldið því fram að Ísland væri hluti af danska ríkinu. Ef íslendingur hefði verið fulltrúi í Danmörku á þessum árum hefði hann ef til vill átti í vissum erfiðleikum með að halda því fram að Danir ættu að selja vörur til Íslands með niðurgreiddu verði. Jón Krabbe, sem danskur ríkisborgari gat talað máli Íslendinga með góðri samvisku og bent Dönum á að þeir ættu að senda vöru að venju til Íslands. Þetta gerði hann á sinn taktvísa og góðlátlega hátt og keypti fyrir hönd Íslands stórkostlega mikið magn af rúgmjöli, sykri og þeim óteljandi smávörum sem við kaupum enn í dag frá Danmörku.

Árið 1914 var útflutningur dana til Íslands 3 millj. kr., 1915 var hann 6 millj., 1916 var hann 9 millj. og 1917, 12 millj. kr. Mjög mikið af þessum vörum voru keyptar beint og þurfti að fá útflutningsleyfi, og síðan leyfi Breta til að senda vörurnar, en við sáum um sendingu þeirra af skrifstofunni beint til Landsverslunar.

Auk þess stóð Jón Krabbe í að útvega skip, helst seglskip, til þess að þau tefðust ekki við að taka kol í Bretlandi. Var t.d. búið að selja Sterling til Svíþjóðar svo Krabbe fór þangað, keypti skipið og fékk útflutningsleyfi fyrir því. Kom hér að góðu haldi hans víðtæka þekking á verslun og atvinnumálum á Norðurlöndum og kunnugleiki af mönnum. Alla lögfræðisamninga gerði hann einnig.

Það mun nú ekki venja að stjórnin láti í ljós viðurkenningu á starfi embættismanna. Út af þessari reglu var brugðið. Jón Magnússon ráðherra skrifaði Krabbe þakkarbréf og sagði að hann skyldi reikna sér hærri laun en áður fyrir þessa

stórkostlegu vinnu. Jón Krabbe færðist undan en sagðist vera þakklátur fyrir að geta gefið aðstoðarfólki sínu smá uppbót á kaup þess. Meðal aðstoðarmanna hans á þessum árum voru, Jón Sveinbjörnsson, síðar konungsritari, Héðinn Valdimarsson, sem þá stundaði hagfræðináám í Kaupmannahöfn og Kristinn Ármannsson, síðar rektor, sem tók við störfum hans. Einnig Tryggvi Sveinbjarnarson, sem síðar starfaði í sendiráði Íslands, þar til skömmu fyrir dauða sinn. Minntist Jón Krabbe aldrei svo á Kristin að hann gæti ekki um hvílikur afbragðsmaður hann hafi reynst sér, enda munu allir vera honum sammála um það.

Um það leyti sem stríðinu lauk gekk sambandssamningurinn við Dani í gildi. Jón Krabbe sagði að það hafi eiginlega verið eina skiptið í lífinu sem hann hafi skipt sér af stjórn málum er sambandssamningurinn var í undirbúningi. Þá talaði hann bæði við Zahle, danska forsætisráðherrann, og við tvo nefndarmennina, J.C. Christensen, sem einnig hafði verið í uppkastsnefndinni 1908, og Hage, sem þá var ráðherra, og varð formaður dönsku samninganefndarinnar. Hófsamur og rökvis málfutningur hans varð til þess að Hage bað hann að koma með samninganefndinni til Íslands, en hann benti á að hann gæti það ekki því hann væri íslenskur embættismaður. Bað hann samningamenn að gæta sín á þeirri hugsun að ætla sér að klípa eitthvað af frelsiskröfum Íslendinga.

Hann var yfirleitt ánægður með samninginn, en benti á það í uppkasti samningsins, meðan það var í deiglu, og honum var sýnt, að óheppilegt væri að segja í upphafi 7. gr. hans: *Danmörk fer með utanríkismál Íslands í umboði þess.* Hefði verið réttara að binda þetta ekki svo fast, heldur hafa ákvæði eins og um hæstarétt, en um hann segir að hæstiréttur Danmerkur hefur á hendi æðsta dómssvald í íslenskum málum *þar til Ísland kynni að ákveða að stofna æðsta dómstól í landinu sjálfu.*

Eins hefði átt að vera þarna: *Danmörk fer með utanríkismál Íslands í umboði þess þar til Ísland kynni að ákveða að taka þau í sínar hendur.*

Þessari athugasemd var svarað á þá leið að vegna konungs þyrfti að láta utanríkispólitíkina vera samstæða, sem þó var ómögulegt vegna þess að Ísland hlaut að hafa aðra stefnu í utanríkismálum, æ ofan í æ, vegna þess að hagsmunir Íslands og Danmerkur eru ekki samstæðir, enda hefur utanríkisstefna landanna sýnt það í æ ríkara mæli.

Er aðstaða landanna breyttist þyrfti að breyta aðstöðu hinnar gagnlegu, en formlega afkáralegu, skrifstofu stjórnarráðs Íslands, en sendiráð var þó ekki stofnað fyrr en Sveinn Björnsson var skipaður sendiherra í ágúst 1920, nærri tveim árum eftir sambandssamninginn. Þangað til var Krabbe áfram skrifstofustjóri hennar.

Í sambandssamningnum segir í 7. gr. að *Í utanríkisstjórnarráðið skal skipta eftir ósk íslensku stjórnarinnar og í samráði við hana trúnaðarmann er hafi þekkingu á íslenskum*

málum" og bað Jón Magnússon Krabbe um að taka það starf að sér og varð það svo.

Um sama leyti og stríðinu lauk viðurkenndu Danir það sem Íslendingar höfðu haldið fram í sjálfstæðisbaráttu sinni að Ísland væri sjálfstætt ríki, enda hafði það auðvitað verið það frá árinu 930, þegar alþingi var stofnað.

--

Það er eins og unga kynslóðin núna álíti að Ísland hafi orðið sjálfstætt ríki með samningum við Dani. Þetta er auðvitað firra og er hart að lesa það, um leið og Jón Sigurðsson er vegsamaður, að menn haldi fram skoðunum andstæðinga hans og sem hann eyddi miklu af lífi sínu í að afsanna.

Þó við höfum gert samning við Hákon gamla og játað honum skatt hefur Ísland ekki misst sjálfstæði sitt sem ríki frekar en Danmörk eða Noregur hafi jástast undir Þ Friðrik 1662 er það breyting á stjórnarformi, en ekki afsal ríkisréttinda.

Gat ég ekki neitað mér um þennan útúrdúr vegna þess hve lengi ég hef hneykslast á því að þetta atriði, sem feður okkar börðust fyrir, sé svo gersamlega misskilið að jafnvel í kennslu er talað um að Ísland hafi orðið sjálfstætt ríki 1918 í stað þess sem segir í sambandssamningnum að Ísland væri viðurkennt sjálfstætt og fullvalda ríki.

Kirkjan í Róm viðurkenndi ekki að jörðin snerist og fékk Galileo til að sverja fyrir það. En jörðin snerist samt þó það væri ekki viðurkennt

--

En með þeirri breytingu var breyting á afstöðu til hinnar einkennilegs stjórnarskrifstofu Íslands í Khöfn. Það þurfti að leggja hana niður sem fyrst og stofna sendiráð. Jafnframt var ákveðið í 7. gr. sambandssamningsins að skipa skuli í danska *utanríkisstjórnarráðinu*; eins og utanríkisráðuneytið var þá nefnt, *trúnaðarmann er hafi þekkingu á íslenskum lögum, til þess að starfa að íslenskum málum*. Íslenska stjórnin, þ.e. Jón Magnússon, óskaði að skipa Jón Krabbe í þetta embætti og gildi frá 1. des. 1918. Þó starfaði hann áfram í hinni gömlu skrifstofu sinni sem trúnaðarmaður Íslands.

Það dróst nokkuð að gengið væri frá frambúðarfyrirkomulagi á skrifstofu Íslands í Kaupmannahöfn. Jóni Magnússyni datt í hug að skipa Sigurð Eggerz sem sendiherra í Khöfn, en Jón Krabbe gaf ekki kost á sér til samstarfs við hann, en það þótti mikils virði að við misstum hann ekki alveg yfir í danska utanríkisráðið þar sem enginn Íslendingur hafði starfað að utanríkismálum.

Ekki var þetta þó vegna þess að Jón bæri óvildarhug til Sigurðar, heldur annað. Er Sigurður hafði áður verið í Khöfn gátu þeir setið allan daginn og rætt einhvern smá orðamun og það fram á kvöld. En þegar Jón kom heim símaði Sigurður til

hans og bað hann koma til viðtals. Þá var sami orðamunurinn ræddur langt fram á nótt.

Það var því að Sveinn Björnsson var skipaður sendiherra í Kaupmannahöfn 16. ágúst 1920. Jón Krabbe var sendiráðsritari í hinu nýstofnaða sendiráði. Hófst þá samvinna þessara tveggja ágætu trúnaðarmanna Íslands og ævilöng vinátta þeirra. Þeir þekktust þó lítillega áður, en höfðu ekki unnið saman. Þó hygg ég að Sveinn hafi skrifað Jóni Krabbe er hann var í fyrstu milliríkjasamningum Íslands í London vorið 1916, til þess að Krabbe gæti fylgst með samningunum.

Þeir Jón og Sveinn voru undarlega líkir í skapferli, enda má segja að hver dregur dóm af sínum sessunaut. Get ég ekki varist þeirri hugsun að þeir hafi verið svo kurteisir og tillitssamir hvor við annan, að það hafi verið þeim persónulega til boga. Ég minnst þess, að Sveinn kvartaði einhvern tíma undan þreytu við mig, er við hittumst í Höfn. Hann hafði þá ekki tekið sér sumarfrí í nokkur ár, svo ég spurði hann hvort hann gæti ekki tekið sér mánaðarfrí um sumarið og algera hvíld frá störfum.

Sveinn svaraði nokkuð seint og sagði að það væri ekki svo auðvelt. Krabbe væri um sextugt, sjö árum eldri en hann og yrði að taka tillit til hans sem eldri manns. Mér fannst auðvelt að ráða bót á því og bauðst til að minnst á það við Krabbe að þeir kæmu sér saman um mánaðartíma sem Sveinn gæti verið í burtu. Vissum við það báðir að Krabbe myndi fús til að gera allt til að Sveinn gæti fengið sér sumarfrí, en Sveinn var hræddur um að Krabbe tæki sér í óhag í þessu máli. Hann bað mig þess lengstra orða að minnst ekki á þetta mál.

Einkennileg staða Jón Krabbe, að vera trúnaðarmaður Íslands í danska utanríkisráðuneytinu og sendiráðsritari í íslenska sendiráðinu í Khöfn, var ýmsum að gamanmálum, enda var starfinu svo háttað að er íslenska ríkisstjórnin bað um aðstoð utanríkisráðuneytis Danmerkur; skrifaði þá sendiráðið t.d. sendiráðsritarinn Jón Krabbe og skýrði málið fyrir trúnaðarmanni Íslands í utanríkisráðuneytinu sem var Jón Krabbe. Skrifaði hann síðan sendiráði Íslands í Khöfn um málið.

Þó þetta væri gert að gamanmálum var þetta ágæt tilhögun því Jón Krabbe hafði tækifæri til að ræða málið við starfsmenn ráðuneytisins sem fóru með málið, heyra þeirra undirtektir og hvað hægt væri að gera í málinu og leggja á ráðin um hvornig fyrir máli dönskum sendiherrum skyldu send og fylgjast með málinu; betra en ef þarna hefðu verið tveir men að verki.

Krabbe var einnig vel séður af öllum og öfundlaus maður, því enginn í ráðuneytinu taldi hann keppinaut sinn, en það hefur þótt alláberandi meðal starfsmanna danska utanríkisráðuneytisins að þeir teldu sig keppinauta frekar en samstarfsmenn.

Engin vafi er á að Jóni Krabbe stóðu allir vegir opnir, bæði sem málfærslumaður og í utanríkisþjónustunni. En hann kaus að starfa áfram fyrir land móður sinnar og skipti á titlinum skrifstofustjóra og fékk titilinn sendiráðsritari í íslenska sendiráðinu enda var hann hlédrægur og sóttist ekki eftir öðru, hvorki að á sér bæri, eða metorðum. En jafnframt hætti Jón Sveinbjörnsson fulltrúastarfi í skrifstofu stjórnarráðs Ísland og var skipaður konungsritari.

Auk venjulegs starfs sín í sendiráðinu mætti Krabbe á fundum til að gera ýmsa Norðurlandasamninga á árunum eftir 1930 um innheimtu meðlaga, viðurkenningu dóma og fullnustu þeirra; um gjaldþrotaskipti og dánarbú. Heldur eru slíkir samningafundir leiðinlegir. Danir og Svíar reyndu að samræma ýmis réttarhugtök og getur margur klukkutíminn farið í það að þeir geri grein fyrir mismunandi merkingu svipaðra orða og yfirleitt erfitt að komast að niðurstöðu.

Þar sem Krabbe heyrði ekki nema með heyrnartóli var honum óspart brugðið um að hann slökkti á tólinu við slíkar orðaræður. Öfunduðu aðrir nefndarmenn hann fyrir. En Krabbe tók slíku spaugi hið besta og lét skína í að það gæti komið sér vel að hafa litla heyrn, en viðurkenndi það aldrei beinlínis.

Sveinn Björnsson hafði gert þann samning við Jón ráðherra Magnússon að skipun hans gildi ekki nema til tveggja ára. Væri honum frjálst að leggja niður embætti og snú heim aftur að þeim tíma liðnum. Notaði hann sér þetta og kom heim aftur í júní 1924 eftir tæplega fjögurra ára starf. Varð Krabbe sendifulltrú í rúm tvö ár, en Sveinn tók aftur við störfum sem sendiherra í júlí 1926. Síðan var hann sendifulltrú þar til hann lét af störfum árið 1953.

Fyrir Svein Björnsson hefur það hlotið að vera ómetanlegt að hafa Jón Krabbe til aðstoðar sendiherraár sín. Jón þekkti af löngu embættisstarfi alla þá menn sem þurfti að komast í samband við og hafði auk þess einhver bestu fjármálasambönd í Danmörku og gat hann rætt málin frá öllum hliðum við kunnugan og fróðan mann.

Það er oft erfitt á frumbýlingsárum utanríkisþjónustu að geta aldrei blandað geði og rætt hvernig taka skuli á málum. Sveinn skrifaði Krabbe á 70 ára afmæli hans og sagði að ef einhver myndi spyrja hann af hverjum hann hafi lært mest á allri ævi sinni hefði verið erfitt fyrir hann að nefna nokkurn annan en Jón Krabbe.

Ég hygg hinsvegar að ef við hinir sem starfað höfum í utanríkisþjónustu Íslands; en af þeim er ég elstur og hef lengstan embættisferil, ættum að svara þeirri sömu spurningu, mundum við svara að við hefðum lært mest af Sveini Björnssyni. Má því segja að þessir tveir menn hafi lagt grundvöllinn að utanríkisþjónustu Íslands.

Krabbe hefur oft talað um það hve öllum embættismönnum sé nauðsynlegt að hafa hið rétta þjónustuhugarfar og láta ekki stjórnast af metorðagirnd, ágirnd eða

orðulöngun. Og allir kannast við orð Sveins Björnssonar er hann tók við starfi ríkisstjóra: En frammar öllu lít ég á starf mitt sem þjónustu, þjónustu við heill og hag íslensku þjóðarinnar, þjónustu við málstað íslendinga, hvað sem framundan kann að vera. Vona ég að sjónarmið þessara tveggja ágætu manna megi sem lengsts ráða í utanríkisþjónustu Íslands.

Þegar Sveinn Björnsson var kallaður heim í apríl 1940 tók Jón Krabbe einn við sem sendifulltrúi. Það var hann sem bar á milli síðustu boðin til Kristjáns X. og þar með að 95% íslendinga hefðu kosið lýðveldi í stað konungsríkis. Þetta voru honum mikil vonbrigði, því hann hélt að hann væri vinsæll maður á Íslandi.

Í bók Jóns Krabbe: *Frá Hafnarstjórn til lýðveldis. Minningar frá löngum embættisferli*, sem gefin var út árið 1959 af Hinu íslenska fræðafélagi í Khöfn á dönsku en af Almenna bókafélaginu á íslensku, er einn kafli um Kristján konung X. og hygg ég að allir íslendingar megi vera Jóni Krabbe þakklátir fyrir, því þar segir hann frá framkomu konungsins við íslendinga, sem alltaf var kaldsinna, en oft ruddaleg í garð þessara þegna sinna. Raunar má segja að framkoma hans væri svo við alla þegna sína, því það er á almanna vitorði að hann var lítið ástsæll í Danmörku og síst meðal menntaðra manna þar fyrir stríðið.

Ég tel ég megi nú segja frá því, þar sem 25 ár eru liðin, að vorið 1939 var haldinn fundur háskólakennara þar í landi. Í kvöldboði datt mönnum í hug að láta fara fram leynilega atkvæðagreiðslu um það hvort menn vildu heldur konungdæmi eða lýðveldi í Danmörku. En meirihlutinn var svo yfirgnæfandi með lýðveldi að þátttakendur brenndu atkvæðaseðlana og bundust þagnarheiti um að láta engan vita um niðurstöðurnar.

Þess ber þó að geta að Kristján X. hafði alls engan áhuga á menningu, listum eða vísindum, svo ef til vill hafa vinsældir hans verið öllu minni meðal háskólakennara en annarra. Þetta breyttist við hernám Danmerkur. Þjóðin varð fyrir miklum vonbrigðum af stjórnámálamönnum sínum og fann þar hvorki þá stoð né leiðsögn sem hún vonaðist til. Konungur sýndi Þjóðverjum sama þyrnkingsháttinn sem öðrum, en vegna þess hve þeir voru lítið vinsælir, féll framkoma konungs þegnum hans vel í geð og spunnust um hann margar sögur. Þar við bættist að konungur féll af hestbaki og fótbrotnaði og fékk ekki lækningu af fótbrotninu. Rann mönnum þá til rifja eynd hans, sjúkleiki og einmanaleiki, svo mönnum hlýnaði til hans á þessum eymdarárum hans og þjóðarinnar. Tóku þeir því upp hanskann fyrir konung er íslendingar stofnuðu lýðveldi og féllu þá mörg hatursfull orð til Íslendinga, eins og þar er venja á nokkurra ára bili, um það hve illa Íslendingar hafi komið fram við konung.

Í bók sinni segir Krabbe frá framkomu Kristján X. gagnvart íslensku þjóðinni og einstökum íslendingum. Megum við Íslendingar vera honum þakklátir fyrir það,

Því það var á einskis manns færi annars. Dönum var ókunnugt um það, en íslendingar gátu naumast sagt frá viðskiptum sínum við konung eftir að hann var fallinn frá konungdómi á Íslandi.

Björn Þórðarson hefur reyndar sagt nokkuð frá því en af samviskusemi sinni gerir hann hlut konungs betri en efni standa til.

Er Sveinn Björnsson fór heim og Krabbe tók við stjórn sendiráðsins var hann 66 ára gamall og var nú einn fulltrúi Íslands í sex ár þangað til Jakob Möller var skipaður sendiherra árið 1946. Vinnan var mjög mikil og þarf ekki að nefna annað en allan undirbúning í stríðsbyrjun, vegna landa við að koma þeim heim með Esju yfir Petsamo. Svo og tilraunir til að koma hitaveiturörum heim gegnum hafnbann bæði Breta og Þjóðverja. En í báðum þessum málum var lausn lofað, æ ofan í æ og svikið aftur og aftur.

Auk þess skrifaði hann yfirlit yfir aðstöðu Íslands og Danmerkur til þess að blöðin sem oft vildi renna á berserksgangur er þau minntust á Ísland, gætu haft til hliðsjónar og útskýringar, enda þótt þau birtu ekki yfirlit hans (ólokið) --

Helgi P. Briem:

Albert Einstein

Ódagsett handskrifuð drög eða upphaf greinar.

Einstein kom alltaf seinn í tíma og þegar hann kom stöppuðu 3-4 af öllum þessum sæg (ca. 150 manns) í gólfíð.

Hann er heldur lítill, þrekinn maður í sjakkett, alsvartklæddur, með svarta slaufu (langs) og einfaldan vanalegan flibba.

Hann ber glögglega á sér gyðingsseinkennin, gulur á hörund, með svart skegg og allmikið svart hár sem er farið að grána upp frá enninu og gagnaugum. Er hárið hrokkið og kembt upp frá enninu en slær út frá höfðinu í hring við gagnaugun. Hálsinn er stuttur og hárið nær alveg niður að kraganum.

Höfuðið er stórt og minnir í forminu á höfuð Björns M. Olsen, þó þeir séu ekki líkir að öðru leyti, því hnakkinn gengur alveg slétt niður á hálsinn. Hann notar áreiðanlega stórt hattnúmer.

Hann er allfeitur og ber sérstaklega á því í kinnunum sem ganga, ef svo má segja, í þrem skriðum, ein frá efri vör, önnur frá nefi og þriðja frá augum og kemur skáhallt saman við hinar.

Hakan er tvöföld og hökuspor í en allmikil skeggrót í henni.

Ekki hefur hann sérstakan vilja-þétting. Munnurinn er stór og neðri vörin lafir heldur þegar hann talar og sjást þá tennurnar hægra megin.

Nefið er beint, stórt og mjókkar mjög fram, en íbjúgt í oddinn.

Augun eru lítil og liggja djúpt í höfðinu, augasteinar svartir og litlir og augabrýrnar liggja hátt á enninu og mynda sljótt bogahorn svo hann er eins og hann sé hissa.

Ennið er hátt en all afturdregið og kann að bera meira á því vegna þess hve beinin undir augabrúnunum eru þroskuð.

Öll framkoma hans er mjög látlaus og hann gestíkúlerar lítið og látlaust með smáum höndum. Hann talar án mikilla svipbrigða og er málrómurinn þýður, en slær einstaka sinnum um og verður skrækur þegar hann er að enda setningarnar.

Er hann hinn þrúðmannlegasti í framgöngu og minnir mjög á vanalegan gyðingafatasala.

Hefur hann holu í enni eða þar sem nefbeinið og augabrúnabeinin koma saman.¹

¹ Helgi sótti fyrirlestur Einsteins 1922 eða 1923 þegar Einstein var forstjóri Eðlisfræðistofnunar Vilhálms keisara og prófessor við Humboldt háskólann í Berlín. Því starfi gegndi hann 1914-1932. Fékk Nóbelsverðlaun í eðlisfræði 1921. Sjá Minningar HPB.

Annie Whitehead Bielecka:

Doris Parker Briem

Greinin, sem birtist hér í styttri þýðingu, mun hafa birst árið 1995 í Ruskin Fellowship Magazine. Höfundurinn hafði verið nemandi í Ruskin College í Oxford, en var nú orðinn háskólakennari. Hún hafði tekið að sér að skrifa um fyrstu konurnar sem fengu inngöngu í skólann. Tilefnið hundrað ára afmæli skólans árið 1999. Talsvert er erfiðara að afla upplýsinga um konur á Bretlandeyjum en er hér á landi. Annie Bielecka hóf að leita gagna með því að lýsa eftir þeim í verkalyðsblöðum. Ruskin College mun hafa verið stofnað í tengslum við verkalyðshreyfinguna.

Ekki virðist eftirgrennslan hennar hafa skilað árangri þar til dag einn að Annie var stödd í líkamsræktarstöð sinni. Þar hitti hún Peggy Evans frá Birmingham, sem var nýbyrjuð þar. Samtal þeirra barst að þessu verkefni. Peggy sagði þá frá því að móðursystir hennar, sem inngöngu fékk í Ruskin College árið 1924, byggði nú á Íslandi.

- *Ótrúlegt! Þetta var árið sem Stanley Baldwin myndaði fyrstu ríkisstjórnina sem Verkamannaflokkurinn tók þátt í með stuðningi frjálslyndra. 1926 var stóri strækurinn þar sem námumenn biðu lægri hlut.*
- *Doris hlýtur að vera elsta núlifandi konan sem stundað hefur nám þar og er í hópi fyrstu kevnanna sem fengu aðgang að skólanum.*
- *Við Doris komumst í bréfasamband og hún bauð mér að heimsækja sig í Reykjavík. Þar dvaldi ég svo í viku.*
- *Greinardrögin sem ég sendi áttu eftir að breytast og styttast, því ég fjallaði um fleira í greininni.*

Er Doris kom í Ruskin College árið 1924 var hún í hópi fimm stúlkna og 40 pilta. Ruskin var stofnaður 1899 af hugsjónafólki, konu, manningum hennar og einum manni til, með eindregnum stuðningi Verkamannaflokksins og fleira stuðningsfólks. Tilgangurinn var að bæta menntun fólks úr verkalyðsstétt. Árið 1919 fengu konur fyrst inngöngu í skólann, tveim árum síðar sem fullgildir nemendur. Næsta ár var Oxfordháskóli opnaður þeim.

- *Afstaða samfélagsins til menntunar kevnna var allt önnur en nú. Stúlkur úr verkalyðsstétt urðu að vera í senn bæði ákveðnar og heppnar til að komast úr verksmiðju- og vinnukonustörfum í háskóla. Fólkið mitt og samstarfsmenn skildu ekkert í að ég væri að fara til Oxford, það var utan þeirra veruleika.*
- *Ég er þakklát Cadbury fyrir að veita mér "Súkkulaðistyrkinn" til Ruskin. Kvekaratrú þeirra og viðleitni til að styðja verkafólk var óvenjuleg.*
- *Ég fæddist 1902, þrettánda í sextán barna hópi. Faðir minn starfaði í verksmiðju. Móðir mín var írsk og stuðningsmaður "Votes for Women Campaign".*
- *Ég hætti tólf ára í skóla og fór að starfa við rennibekk í bergagnaverksmiðu við framleiðslu handsprengna vegna fyrri heimstyrjaldarinnar 1914. Ég vona að guð fyrirgefi mér; vona að mínar handsprengjur hafi engan drepid! Ég minnst vel fyrsta*

stéttarfundarins, sem var rétt utan verksmiðjuhlíðsins. Var mér sagt "að í systkinabópi fengju þau sínu framgengt sem óþagust væru." Þetta kenndi okkur börnunum sem unnum í verksmiðjunni að við yrðum að vekja athygli á kjörum okkar; kvarta hiklaust. Þetta gerði mig að verkalýðsinnna.

- *Þó við værum fátæk sögðu foreldrar mínir að við börnin værum ekki of mörg. Barnlausar fjölskyldur báðu um "eitt okkar" er þau sáu hópinn. Ég fór að vinna fyrir þrettán ára aldur. Þar var okkur sagt að þeir sem hefðu náð fullnaðarprófi gætu hætt áður en þau yrðu fjórtán ára. Og ég var þeirra á meðal.*

Síðan, árið 1918 fór Doris að starfa í súkkulaðiverksmiðju *Cadbury* og var í verkalýðsfélaginu og tók þátt í stjórnmalastarfi. Hún hrósar kvekarafjölskyldu *Cadbury* sem umgekkst verkafólkið af virðingu, betur en vopnaframleiðendurnir gerðu. Verkafólkið fékk heita drykki við komu í vinnuna, hreinlætisaðstöðu og fræðslu að loknum starfsdegi.

Doris stundaði nám í *Firecroft menntaskólanum* sem stofnaður var af *Cadbury* fjölskyldunni. Hún fékk að vita að innan verkalýðsfélagsins væri námstyrkjaráð sem gæti sent fólk til *Ruskin College*. Doris ákvað að reyna; var leidd fyrir nefnd *skeggjaðra karla!* Hún var heppin. Varð það úr að hreykin fjölskyldan sendi hana, *súkkulaðistyrkþegann*, til *Oxford* í sept. 1924.

- *Fyrstu önnina bjuggum við fimm stúlkur með gæslukonu spölkorn frá skólanum. Svo fluttum við í aðalbygginguna og bjuggum hver í sínu herbergi á annarri hæð en piltarnir. Ég fagnaði þessu og var ákveðin að nýta mér tækisfarið sem best. Ég hafði borð, bókahillur, hitað herbergi með góðum húsgögnum og tíu sterlingspund á mánuði. Svo auðug hafði ég aldrei verið. Ég var aldrei svöng í *Ruskin*. Við fengum þrjár máltíðir dagleg, nóg af bókum að lesa og eigið herbergi. Þetta var himnesket miðað við mitt fjölmenna heimili. Í skólanum voru fyrirlestrar, námskeið og efnt til kappæðna. Ég gat talað, lært og lesið eins mikið og ég vildi. Svo voru skemmtilegir nemendur af öllu landinu og frá öðrum löndum. Ég sem hafði aldrei farið út fyrir *Birmingham* áður.*

Doris segir að menntunin hafi verið aukin stig af stigi og síðar bætt við leiklist og bókmenntum. Skólameistarinn, *Stephen Schofield*, skrifaði og stjórnaði leikritum sem nemendur tóku þátt í. Doris var með aðalhlutverk í einu: *On the Moors*. Leikendurnir sex fóru og færðu leikinn upp í *Strand Theater* í *London* í sýningaröð sem kölluð var *Leikhús fólksins*. Hinir nemendur skólans fóru með í lest hinum til stuðnings.

- *Við vorum samstilltur hópur, fegin að stríðið var búð, virkir og ábugasamir.*

Doris var kosinn *einræðisherra* sem skyldi stjórna félagslífi og samkomum og sjá um að allir legðu sinn skerf fram.

- Ég sá til þess að ekki væri hægt að ætlast til að við, þessar fáu stelpur, önnuðumst máltíðir og uppvaske. Sumir voru hikandi í fyrstu við þá nýbreytni, en ég sýndi þeim hvað þeim bar.
- Þarna var Japani, Dani, jafnvel einn Íslendingur. Við lærðum margt hvort af öðru. Margir nemendur frá Oxforðháskóla komu til okkar og tóku þátt í félagslífinu. Einn var blíndur. Ég veitti eftirtekt að Helgi Briem var honum sérstaklega hjálplegur. Helgi var guðspekingur, eins og ég. Okkur kom vel saman þótt bakgrunnur okkar væri ólíkur.

Allsherjarverkfallið 1926 varð til þess að Doris steypiti sér út í skipulagsmál og fjáröflun. Hún minnst sérstaklega námsmanna frá Wadham, Manchester og St. Hilda er voru í stjórnarnefndinni. Námumenn frá Wales höfðu gengið alla leið frá Suður-Wales til Oxford til að halda hljótleika í Ruskin College.

- Við vildum hýsa þá zen það var ekki nóg rými fyrir alla - en við gáfum þeim mat, hjálpuðum þeim um fé og studdum eins og við gátum.

Helgi Briem kom frá landi stéttarskiptingar, en úr fjölskyldu sem studdi jöfnuð karla og kvenna. Hann var þátttakandi í stjórnámálum á Íslandi og var hvattur til að fara til Ruskin College af Jónasi Jónssyni, formanni Framsóknaflokksins, sem sjálfur hafði stundað nám við Ruskin árið 1908.

Annie:

- Ég var heppin með að fá að tala við Óttar Eggertsson, dótturson Jónasar Jónssonar. Hann hafði heimsótt Ruskin með afa sínum, skömmu áður en hann dó. Óttar sagði að afa hans, sem varð menntamálaráðherra landsins, hefði notað hvert tækifæri sem gafst til að koma á tengslum við verkahjóðsfélög, ekki fráðslu eingöngu. Hugsjón stofnendanna, Grafflín, Vrooman og Beard var að Ruskinnemar " myndu efla stétt sína; en þó ekki á kostnað hennar." Í tímans rás hafa fleiri íslendingar numið þar vegna tengsla Jónasar við skólann.

Eftir nám við Ruskin fór Doris til Danmerkur og stundaði nám í tungumálum og hagfræði við hjðháskólann í Helsingör. 1929 gekk hún að eiga Helga Briem.

Síðan segir Doris frá lífi sínu sem eiginkona fulltrúa Íslands í mörgum löndum.

- Líf mitt hefur verið reynsluríkt. Hver hefði getað ímyndað sér að ung stúlka frá Birmingham ætti eftir að eiga svo merkilegt líf sem sendiherrafrú, búa í mörgum löndum og kynnast fjölda ábugaverðs fólks. Allt get ég þakkað Ruskin College. Ég held ég geti talað máli allra vina minna þaðan, sem nú eru fallnir frá, að námið í Ruskin College vakti hjá okkur sjálfstraust og gerði okkur kleift að lifa og starfa fyrir hönd hinna sem ekki áttu okkar láni að fagna.
- Ég held að við höfum sýnt í verki það sem stofnendur Ruskin væntu af okkur. Ég vona það að minnsta kosti.



Bréfadreifing Helga P. Briem

Helgi P. Briem var starfsmaður utanríkisþjónustunnar í seinni heimsstyrjöldinni. Í byrjun árs 1940 var ákveðið að Helgi hætti í danska sendiráðinu í Berlín og hæfi störf sem sendifulltrúi á Spáni. Mál þróðust þannig vegna ástandins á Spáni að hann settist að í Portúgal, ásamt konu sinni Doris og

Helga var ljóst að erfitt var fyrir Íslendinga er voru í hernundum löndum að vera í sambandi við fjölskyldur sínar og gildi þetta í báðar áttir. Póststjórnin tilkynnti þann 1. júní 1941 að bannað væri að senda bréf til landa undir stjórn Þjóðverja, gildi þetta bann til stríðsloka. Frá þessum tíma var aðeins hægt að senda bréf til Sviss, Portúgals, Spánar og Svíþjóðar. Allur póstur skildi fara um England.

Þann 2.2. 1941 skrifar Helgi til Krabbe í Kaupmannahöfn.

„Ég vil líka vera milliliður milli landsmanna heima og úti, þannig að ég hef gefið þeim leyfi til að senda mér bréf til þeirra þarna heima, sem ég sendi svo áfram. Mér skilst að Eng-landingarnir hafi ekkert á móti þessu svo framfarlega sem bréfin séu ritkoðuð. Ef ég á þennan hátt get gert gagn, að sjálfsögðu er þetta einkaframtak mitt, myndi það að sjálfsögðu gleðja mig.“ (Úr bréfi á Þjóðskjalasafni)

Þann 3. febrúar skrifar hann Friede systur sinni um hugmynd sína að gerast miðlari með bréf.

„Var mér að detta í hug að leyfa löndum að skrifa mér þannig að það kæmist hingað, en hefðu adressu réttis móttakanda í horninu neðst vinstra megin. Eg sendi síðan bréfin fleiri saman í flugpósti til London og áfram til Íslands, en bæði einhverjum heima að vera viðtakanda og datt í hug helst þú. Mundi viðtakandi þá setja hvert bréf í umslag til endanlegs móttakanda og frimerkja það og senda áfram innanlands. Auðvitað á minn kostnað, bæði fyrir kostnað og vinnu. Eg má ekki blanda þessu saman við fulltrúa-störf mín og því gæti verið að þetta yrði allt að vera á nafni Dorisar og því vil ég ekki senda bréfin til ráðuneytisins. Væri ef til vill hentugt að fá sér stimpil og segja á honum: skrifðu enga adressu en svarið þessu bréfi til H.P.Briem, Rua da Victoria 7-3, Lisboa. Svar við þessu bréfi má senda til: Neftuð ekki adressu móttakanda, en takið fram númer bréfsins. Hann hefir skrá með adressurni skv. númerinu. Ellegar það mætti setja þetta á miða með bréfinu. Mér er þetta töluvert áhugamál og þætti því vænt um ef þú gætir gert þetta, en auðvitað skuldað mig fyrir.“ (Úr bréfi úr einkasafni Eggerts Ásgeirssonar)

Dreifimíði frá Helga, er sendur var með bréfum er komu frá honum og dreift hér innanlands.

Helgi sendir út fréttabréf

Helgi sendi fyrsta fréttabréf sitt út 8.-13. febrúar 1941, til Kaupmannahafnar, Stokkhólms, Berlínar og Hamborgar, en alls sendi hann út 9 fréttabréf með fréttum frá Íslandi. Í þessu fyrsta

fréttabréfi voru upplýsingar til landa hans að hann muni reyna að greiða fyrir bréfaskiptum, ef landar vildu senda sér bréf til fyrirgreiðslu. Hann sendi svo bréfin fleiri saman til London í flugpósti til ritskoðunar. Tekur hann fram að hann geri þetta án afskipta ríkisstjórnarinnar og má því ekki geta hans sem stjórnarindreka.

Þann 12. febrúar segir hann í bréfi til Friede „ætla að biðja þig að slá utanum innlögð bréf og senda til viðtakanda“. (Úr bréfi úr einkasafni Eggerts Ásgeirssonar) Það er því ljóst að fyrsta sending af bréfum þessa leið hafa farið frá Portúgal 12. febrúar 1941.


Helgi fylgdist vel með að bréfin bærust og númeraði hann hvert bréf til að geta séð hvaða bréf týndust, hann sendi þá aftur pakka með þeim bréfum er skiluðu sér ekki.

„Mér var að detta í hug, ef þú hefur ekki fengið fyrri bréf mín að fjólk geti sent mér svörin og segði þá aðeins í stað adressu svar við bréfi nr. T.d. 41-38 etc. því þá veit ég hvert á að senda það. Vekur það ef til vill minni eftirtekt hjá ritskoðuninni þannig. Eg er töluvert interressaður að vita hvenær bréfin koma fram og þætti vænt um að þú vildir senda mér skeyti, auðvitað á minn kostnað adr: BRIEM SADNUSS Lisboa, framkomuð t.d. 31/41 etc.“ (Úr bréfi úr einkasafni Eggerts Ásgeirssonar)

Samkvæmt bréfabók Helga sem geymd er á Landsbókasafni hefur hann sent 1131 bréf til Íslands þar með eru talin einkabréf hans, til hernuminna landa hefur hann sent 898 bréf. Flest voru bréfin til Danmerkur, Kaupmannahafnar, einnig má nefna Noreg, Þýskaland, Svíþjóð og Búlgaríu.



Bréf sent til Portúgals dagsett 25. júlí 1942. Bréfið er líklegast rit- skoðað í Leuchars í Skotlandi. Frá Englandi er bréfið sent með flugi til Lisboa. Bréfið fær stimpilinn OAT sem merkir að það skuli sent áfram með flugi. Samkvæmt dagsetningu bréfsins er Helgi farinn frá Portúgal. Innihaldi þess er því dreift af þeim aðila er tók við af Helga.




Hvernig voru bréfin send?

Það tók oft langan tíma að koma bréfum milli London og Portúgals. Aðallega töfðust þau í ritskoðuninni og einnig ef þau voru send með skipi, því lagði Helgi áherslu á að bréfin væru send með flugpósti milli London og Portúgals, þetta skýrir hvers vegna flest bréf til Helga frá Íslandi eru með flugmíða.

Í Portúgal 1940–1942

varð þar fiskifulltrúi, þar sem portúgölsk stjórnvöld viðurkenndu hann ekki sem sendifulltrúa fyrir Ísland. Helgi kemur til Portúgals 1. nóvember 1940 og starfar þar til 22. júní 1942 er hann heldur til New York og kemur þangað 30. júní 1942. Hann tekur svo við konsúlátinu 14. júlí 1942.



Ljósrit úr bréfabok Helga.

Samkvæmt upplýsingum frá Eggerti Ásgeirssyni, báru hann og bróðir hans Páll út mikið af þessum bréfum í Reykjavík, en þeir eru synir Friede Briem. Önnur voru sett í umslög og póstlögg. Eggert man að eftir stríðið bárust pakkar með bréfum sem talið var að hefðu týnst, en þessi bréf höfðu áður komist til skila þar sem annar pakki með áfritum hafði verið sendur.

Talið hefur verið að Helgi hafi sjálfur borið bréf með sér til Danmerkur og Íslands á þessum árum, samkvæmt upplýsingum (úr einkabréfasafni Eggerts Ásgeirssonar) ferðaðist hann ekki til Íslands eða landa hersetinna af Þjóðverjum á því tímabili er hann starfaði í Portúgal. Það kemur einnig skýrt fram hjá Helga að hann vildi að öll bréf færu í gegnum ritskoðunina, einnig hans eigin bréf. Það má nefna að þegar flutningaskipið Edda kom með fisk til Portúgals, vildi hann ekki biðja skipstjórnann um að taka bréf til Íslands, bæði til að tryggja öryggi skipverja og til að varpa ekki skugga á hans nafn gagnvart ritskoðuninni.

Innanbæjar bréf í Danmörku dagsett 22.6.1942, sem er sami dagur og Helgi siglir til Ameríku. Bréfið er merkt Helga á bakhlíð, krossað er yfir nafn Helga og nafnið J. Benediktsson handskrifað, hann bjó í Danmörku á stríðsárunum. Bréf þetta hefur verið með fleiri bréfum frá Helga til Jakobs Benediktssonar, en Jakob sá um að dreifa bréfum frá Helga í Kaupmannahöfn. Á framhlíð bréfsins er handskrifað SS48 með rit hönd Helga. Samkvæmt bréfasafni sendi Helgi bréf 547-561 til Jakobs Benediktssonar.



Helgi fer frá Portúgal

Þegar leið að því að Helgi færi til New York hafði hann áhyggjur af að þessi þjónusta legðist af. Fékk hann aðila til að taka við þessari þjónustu. Þá er greinilegt að hann og Friede hafa velt fyrir sér þjónustu Thomas Cook en Helgi talið hana of flókna.

„Mér hefir satt að segja fundist svo slæmt að fara frá því, að ég hefji ákveðið að þó ég fari héðan, að fá mann til að gegna því áfram þangað til stríðið er búið. Má þá senda bréfin áfram á Rua Victoria 7, og verður þar séð um bréfin sem koma úr báðum átum. En bréfin heiman að fara til eins manns í hverju landi, sem sjá um útsendinguna þar, því adressurnar eru oft svo ofullnægjandi að það þarf að vera kunnugur maður sem sér um þær. Enda eru margir móttakendur skólafólk og einhley핑ar sem flytja oft. Þið skuluð því segja fólki að senda mér bréfin óhrædd áfram, þó ég fari héðan. Það verður séð um bréfin fyrir því. Einnig þó adressan sé ofullkomin og móttakandi er Íslendingar. Er ég þegar byrjaður á því að senda bréf sem hafa ofullkoma adressu til góðs vinar sitt í hvoru landi. Hér skil ég bara eftir umslög áprentuð til hvors fyrir sig, svo öll bréf til Svíartíks fari til eins manns, öll til Þýskjalandis til annars o.s.frv. Það er dálítið slæmt ef pósturinn hafi ekki upp á manni sem flutti, að ég fékk ekki bréfið endursent fyrir en 2 mánuðum

seinna, en nú gengur þetta miklu betur. Hvaða önnur leið er til sem þú talar um? Þú segir hún sé mjög kompliceruð (á spásíu Hef séð í blöðum)“ (Úr bréfi úr einkasafni Eggerts Ásgeirssonar)

Dregur úr bréfasendingum

Þegar Helgi er kominn til New York fylgist hann með hvernig gangi með póstinum gegnum Portúgal. Bréf eru send til Helga í New York til að koma þeim til Evrópu, hann telur það ekki þjóna neinum tilgangi, þau séu öll stoppuð af ritskoðuninni.

Í bréfi frá Friede til Helga dagsettu 16.11.1942 segir Friede að hún sé enn að fá bréf frá Portúgal og þau síðustu hefðu komið 3. nóvember. Síðasta bréfið er berst til Friede er númer 411 og má gera ráð fyrir að haldið hafi verið áfram með númerkerfið, bréfin til Íslands eru því að minnsta kosti 1411. Ekki er ljóst hvenær bréf hættu að berast en það virðist hafa dregið mjög úr bréfaflögu eftir þessa dagsetningu. Í sama bréfi segir Friede:

„En bréf sem send eru héðan endursendir breksa ritskoðunin víst ofast nær, að minnsta kosti hafa mörg bréf komið hingað til mín, þar sem heimilisfang sendanda hefur verið ofullnægjandi, en fólk hér er ógurlega niðurdregið yfir því að geta engan vegin skrifað lengur, þar sem þetta gekk svo vel þegar þú varst í L“ (Úr bréfi úr einkasafni Eggerts Ásgeirssonar).

Friede, Eggert og Páll aðstoða

Það er ljóst að það voru ekki margir sem komu að þessari bréfaadreifingu, Helgi var frumkvöðullinn og drifkrafturinn, en hann þurfti aðstoð hér heima og sá Friede systir hans um að dreifa bréfunum með hjálp sona sinna, þeirra Eggerts og Páls. Þá komu að þessu aðilar í löndum sem hernuminn voru af Þjóðverjum, seinni hluta þessa tímabils, má þar t.d. nefna Jakob Benediktsson í Kaupmannahöfn. Þetta starf var unnið af óeigingirni og einu launin voru þau að vita af því að Íslendingar í hernumdund löndum gátu verið í sambandi við sitt fólk. Eggert sagði að móðir sín og Helgi hafi fengið mikið þakklæti frá fólki er naut þessarar þjónustu þeirra Helga og Friede.

Ég vil þakka Eggerti Ásgeirssyni fyrir ómetanlega hjálp við gerð þessarar greinar.

Rúnar Þór Stefánsson

HEIMILDIR:

Einkabréfasafn Eggerts Ásgeirssonar, bréfabók Helga á Landsbókasafni, munnlegar upplýsingar frá Eggerti Ásgeirssyni. Bréf á Þjóðskjalasafni. Bréf úr safni Rúnars Þórs Stefánssonar.

Handritadeild Landsbókasafn Íslands.

Skjalasafn Helga P. Briem. 78 öskjur. Skráð af E.Á.

1.

Gögn tengd Álfheiði Sylvíu Briem.

- Skólaganga hennar, o.fl. henni tengt. Einkum 1955-56.
- Bréf til hennar og frá.
- H.P.B. til Gyðriðar Pálsdóttur í Seglbúðum í Landbroti þar sem ÁSB var í sveit.
- Ferming ÁSB, m.a. ræða H.P.B. í fermingarveislunni.
- Heimildir tengdir skólum sem hún sótti.
- Grein H.P.B. í Tidskrift för Samfundet Island. 1. h. 1. árg. 1951

Aðföng og uppköst af greininni.

Bréf frá próf. Halldóri Hermanss. 24.5.1951

Bréf v. heimsóknar Ásgeir Ásgeirsson forseta til Stokkhólms og Helsinki 1954.

Ýmis gögn.

Bréfritarar:

- Ásgeir Ásgeirsson
- Bjarni Ásgeirsson
- Bjarni Guðmundsson
- Grönwall, R.
- Helgi P. Briem
- Henrik Sv. Björnsson
- Juuranto, Erik
- Magnús V. Magnússon
- Páll Jónsson
- Strömbäck, Dag
- Wälíkangas, E.

Myndir Júgóslavía – Tito

Nafngift Íslands.

Myndir frá Júgóslavíu. Afhendingu trúndarþreft H.P.B.

2.

Helgi P. Briem:

Ritgerðir, handrit og drög.

- Problems of the fishing industry (skráð undir: Food and Agriculture Org. (FAO). Ódags. Ræðir vandamál og vinnslu, einkum í N-Atlantshafi.
- Ullarmálið, frumrit. Birtist í Eimreiðinni 1938, bls. 257-276. Fjallar um viðskiptamál Íslands frá árinu 1956/1916 og áfram.
- Mæðiveikin (handrit)
- Jörundur hundadagakóngur, handrit á ensku.
- Sjávarbotnin kringum Ísland. Handritsdrög.
- Jón Helgason biskup, handrit. 1941?
- Viking Remains in America. Vélritað handrit. 1943?
- Iceland. Handrit á ensku.
- Jarðfræði Íslands. Handrit. Vantar upphaf.
- Jörundur og Khöfn. Handritsdrög.
- Einar Ól. Sveinsson: Páls saga biskups. Sérprent.

3.

Doris Briem: Skólaritgerðir.

Vottorð f. Dorísi Briem

Bréf frá erlendum vinum og fjölskyldu / svör Íslenskir bréfritarar:

- Gerður Jónasdóttir
- Sigríður Skúladóttir Briem

4.

Eggert P. Briem og fjölskylda.

Bréf til og frá þeim.

- Eggert P. Briem
- Sigríður Skúladóttir Briem
- Ragnheiður Briem
- Steinunn Briem.

Aðrir bréfitarar, einkum tengdir dvöl hennar í

Róm:

Agnar Kl. Jónsson, konsúll Ísl. í Róm, La Rocca, Hilmar Kristjánsson, Pétur Eggerz, utanríkisráðuneytið, Gunnar Einarsson, Hálfán Bjarnason.

Bréfaskipti H.P.B. og próf. Stefáns Einarssonar

Íslenskir bréfitarar/svör):

- Áslaug Skúladóttir
- Bragi Kristjánsson
- Gyðriður Pálsd.,
- Hálfán Bjarnason
- Ingibjörg Eyfells
- Páll Ásgeirsson
- Páll Hafstað
- Sigvaldi Hjálmarsson
- Svanbjörg Einarsdóttir
- Þorleifur Thorlacius

Frímúraramál.

5.

Helgi P. Briem:

- Í borgarastyrjöldinni á Spáni. Bókarhandrit I og II
- Utanríkisráðuneytið 1947, reikningsskil
- Sigurd Dundas, konsúll í Lissabon, bréfaskipti 1950-52

Íslenskir bréfitarar og svör. Þ.m.t. V.-Íslendingar

- Árni G. Eggertsson
- Árni Helgason
- Einar Páll Jónsson
- Guðmann Levy

- Guðmudr F. Jónasson
- Guðmundur Grímsson
- H.E. Magnússon
- Haraldur Bessason
- Helgi og Áslaug Sívertsen
- J.J. Bildfell
- Jón T. Beck
- Jónas Jónsson
- Jónas Þorbergsson
- Ólafur Björnsson
- Ólafur Pétursson
- Páll S. Pálsson
- Philip Pétursson
- Richard Beck
- Sigurður Júl. Jóhannesson
- Sigurður Steinþórsson
- Sóffonías Thorkelsson
- Stanley Ólafsson
- Stefán Einarsson
- Thorlaksson. Gladys
- Valdimar Björnsson
- Valdimar Eyland

6.

Helgi P. Briem:

- Drög að sjálfsævisögu H.P.B.
- Minningar 1902-39.
- Utanríkisþjónustan í mótun.
- Minningargrein um Þóru Sigurðardóttur
- Ævisaga Sigurðar Sigurðssonar búnaðarmálastjóra.

7.

Úrklippur, Nóbels hátíð 1955

Myndir, filmur, frímerki o.fl.

Bréf til utanríkisráðuneytisins frá H.P.B. um Verslunarsamningur v. V. Þýskaland

Bréf v. ágreinings H.P.B. og Péturs Eggerz

Júgóslavía

Hafréttarmál

Hús sendiráðsins í Bad Godesberg

Reikningsskil sendiráðsins í Bonn

Skeyti o.fl.

Einnig bréf/svör

- Henrik Sv. Björnsson
- Ásgeir Ásgeirsson
- Loftleiðir
- Magnús Magnússon

8.

Bréf tengd Jónfríði Þorleifsdóttur

Garðyrkja v. sendiráðið í Bad Godesberg

Ýmislegt tengt fjölskyldunni (erlendir bréfritarar).

Ýmis gögn, m.a. útgáfumál, garðyrkja, fjármál.

9.

Helgi P. Briem:

- Yfirlit, ætt Álfheiðar Helgadóttur Briem
- Tafla um fiskútflutning 1934-39
- Drög að bréfi til forsætis. og utanríkisráðherra
- "Um Briemana", handrit og skrár
- Æviatriði Páls Briem, úr gögnum í Þjóðskjalasafni
- Skjalaskrá. M.a. tengt Páli Briem og Hannesi Hafstein.
- Drög á ensku. M.a. um Benedikt Gröndal, Pétur Havstein, Jón Jónsson, Sölva Helgason og Jón á Draflastöðum

10.

Helgi P. Briem:

- Minnispunktar um sögu Spánar
- Ræða og fundarskýrsla, Rvík 6.11.1933
- Ræða og minnisblöð varðandi Spán og starf H.P.B.

Gögn varðandi Hannes Jónsson

- Prófskráteini
- Reikningsskil

Bréf

- H.P.Briem
- Kristinn Guðmundsson
- Utanríkisráðuneyti
- Hörður Bjarnason
- Þýskir bréfritarar

Erlendir bréfritarar og svör

Íslenskir bréfritarar/svör

- Aðalheiður
- Álfheiður Briem
- Álfheiður Líndal Jetzek
- Áslaug Skúladóttir
- Bergljót Líndal
- Finnur Sigmundsson
- Halldór Ó. Jónsson
- Haraldur Hamar
- Hákon Bjarnason
- Hermann Jónasson
- H.P.B.
- Jón Leifs
- Jóna Einaradóttir
- Jónas Jónsson
- Páll Ásgeirsson
- Sigurður Líndal
- Stefán Einarsson
- Steingerður Guðmundsdóttir
- Theodór B. Líndal
- Þórdís Briem

Fjölskyldubréf og gögn

11.

Helgi P. Briem:

- "Mount Hekla Eruption 1946". Á ensku
- Ísland og Marshalláætlunin. Tvær greinar á ensku
- Ísland lýðveldi 1944, á ensku
- Um Guðmund Einarsson. Á dönsku
- Greinarnar ódags. og höf. ekki getið.

ASF American Scandinavian Found. bréfask.

Minnispunktur og bréf, einkum 1937

Íslenskir bréfritarar og svör:

- Agnar Kl. Jónss.. 1942-50
- Björn Ólafsson
- Jónfríður Þorleifsd.
- Steingerður Guðmundsd.

12.

Helgi P. Briem:

- Problems of the fish industry. Sennil. tengt umsókn H.P.B. um stöðu hjá FAO 1946.

Úrklippur og dómar um bók hans Iceland and the Icelanders.

Ísl. bréfritarar / svör:

- Krist Guðnason
- Gunnar Einarss.
- Rúnar Bjarnas.
- Árni G. Eylands
- Halldór K. Laxness
- Hálfán Bjarnason
- Hannes Kjartansson
- Jón Krabbe
- Helgi Lárusson
- Stefán Einarsson

Utannríkisþjónustan:

- •Henrik Sv. Björnsson
- •Thor Thors
- •H.P.B.:
Ferðakostnaðarreikningar ca.
1939
- Grein/fyrirlestur um fiskveiðar.

13.

Helgi P. Briem:

- Eftirmáli bókar hans:
Suðurlönd
- Útgáfusamningur, ritdómar og bréf.

Erlendir bréfritarar/svör

Ísl. bréfritarar og svör:

- Árni Tryggvason
- Friede P. Briem
- Gerður Jónasdóttir
- Hálfán Bjarnason
- Jóhannes Gunnarsson
- Jóhannes Halldórss.
- Jónas Jónsson
- Karl Þorsteins
- Kristján Karlsson
- Magnús Víglundss.
- Ólafur Hanss.
- Páll Ásgeirsson
- Páll Þorleifsson
- Pétur Benediktsson
- Richard Beck
- Sigurður Helgason
- Sigurður Líndal
- Sveinn Kaaber
- Sveinn Þórðarson

Fjölsk.br., einkum til og frá Doris Briem, Álfheiði Sylvíu og börnunum

Utannríkisráðuneytið og svör. Bréfritarar:

- Agnar Kl. Jónsson
- Gunnar Schram
- Hannes Kjartansson.
- Haraldur Kröjfer
- Henrik Sv. Björnsson
- Pétur Thorsteinsson

14.

Frímráðaskjöl.

15.

Helgi P. Briem:

- Ýmislegt tengt útgáfu
Island/Iceland, ljósmyndir,
1956, eftir Hans Malmberg.
Texti eftir H.P.B.
Bréf Bodil Begtrup, sendiherra
Dana á Ísl. 13.8.1954.
- Drög að svari til Bodil Begtrup
sendiherra Dana á Ísl.
- Bréf Tage Erlander
forsætisráðherra Svía.

- Nafnlaust skammarbréf.
- Úttsendingarlisti bókarinnar.
- Blaðauklippur

Bréfaskipti v. Guaranty Trust Co.

Ljósmyndakopíur frá 1956

16.

Íslenski bréfitarar:

- Agnar Kl. Jónsson
- Áslaug Skúlad.
- Guðrún Guðmd. Bergström,
- Hans G. Andersen
- Lóa Guðmd. Wennerström
- Páll Árdal

Erlendir bréfitarar og svör:

- Collinder Björn
- Malmberg, Hans
- Assarson,
- Willers, Uno
- Nordenstieng, Rolf
- Sven BF Jansson

Myndir/filmur

Vegabréf

Bréfspjöld

17.

Helgi P. Briem:

- Fyrirlestur um Ísland
- Um guðspeki

Ísl. bréfitarar/svör:

- Ásta Ellingsen
- Bjarni Guðmundss.
- Eggert P. Briem
- Grettir L. Jóhanns.
- Guðmundur F. Jonass.
- Haraldur Árnason verkfr.
- Haraldur Árnason, kaupm.
- Helgi Þorsteinss.
- Henrik Sv. Björnss.
- Jón Leifs
- Kristján Gestss.
- Lárus Fjeldsted

- Magnús Kjaran
- Ófeigur J. Ófeigss.
- Runólfur Sveinss.
- Sigurður Skúlason
- Sveinn Björnsson

Útanríkisþjónustan. Ýmis bréf, einkum um
sumarleyfi H.P.B. og fyrirgreiðslu f.
Íslendinga.

Útgáfa Iceland and the Icelanders

Blaðauklippur, Lögberg 1945

Guðspekimál.

18.

Helgi P Briem:

- Minning Jóns Krabbe, handrit
1964
- Ritdómur: Danmark og
Færöerne ettir Jørgen-Frantz
Jacobesen, Khöfn 1927. handrit
- "Dagger", ódags. handrit
- Ýmis minnisatriði
- Ýmsar innisgreinar/tilvitnanir

Doris Briem: Skólaritgerð á ensku

Íslenskir bréfitarar.

- Agnar Kl. Jónsson
- Helgi Briem Magnússon
- Jón Júlíusson
- Páll Ásgeirsson
- Páll Línadal
- Vigfús Sigurgeirsson
- Þjóðminjasafn, Guðm.
Ólafsson

Erlendir bréfitarar, m.a. Harald Hertell (tvær
myndir eftir hann).

Íslandskort; Reykjavíkurtort

Bækur og grein:

Kallstenius: Efterskörd till Jonas Rugmans
samling av isländska talesätt, 1928

J.F. Jacobsen: Danm. og Færöerne. Khöfn,
1927

Skúli Skúlason; Republikken Island

Epstein: Iceland, 1952

H. Kuhn: Islands. Das Heimland der Sagas.

Sérprentuð grein eftir Sig. Þórarinnss.

19.

Helgi P. Briem

- Um hvalveiðar, handrit
- Minning: Gustav II Adolf, útv. erindi
- Erindi um frímúrararafræði.
- "Daggar", handrit

20.

Helgi P. Briem

Sinn er siður í landi hverju. Handrit.

21.

Helgi P. Briem:

- Geldingahnappur. Handrit
- Dulræn reynsla, Vikan 1965
- The biggest fish conservation Plan on Earth. Vérlitað handrit
- Three Murals in Mesoamerica. Vérlitað greinarhandrit
- Digest of European art influence in America.
- Tvær greinar/þýðing á sögum eftir Ólaf Jóh Sigurðss. Eftir Ute Jacobshagen? Handrit
- "Agent í USA" I. Bréfaskipti við útgefendur um bók H.P.B. um áhrif norrænna manna í Ameríku fyrir daga Columbusar.
- Agent USA" II. Bréfaskipti/svör

Bréfritarar m.a.:

- Hal Linker
- Hallberg Hallmundsson
- Henrik Sv. Björnsson
- Hörður Helgason
- Hörður Helgason
- Ingvi Ingvarsson

- Jóhannes Newton
- Magnus Magnusson
- Niels P. Sigurðsson
- Prof Einar Haugen

Samningar Íslands:

Ýmis gögn og bréf.

Bréfritarar m.a.:

- Henrik Sv. Björnsson
- Ingvi Ingvarsson
- Agnar Kofoed Hansen
- Agnar Kl. Jónsson
- Ármann Snævarr
- Kjartan Ragnars.

Utánríksráðuneytið. Gögn v. heimflutnings H.P.B., 1961-2

Nokkur bréf H.P.B. og svör.

- Magnús Kjaran
 - Morgunblaðið
 - Pétur Ólafsson
 - Sigurður Helgason

22.

Helgi P. Briem:

- Minnisgrein v. Péturs Eggerz
- Ramon Miró, húsgagnsmiður í Barcelóna.
- "Embættismenn"

Erlendir bréfritarar/svör

Ísl. bréfritarar/svör

- Agnar Kl. Jónss.
- Árni Tryggvas.
- Áslaug Skúladóttir
- Birgir Möller
- Hannes Kjartansson
- Haraldur Kröjer
- Ingvi Ingvarsson.
- Kristinn Guðmundss.
- Kristján Albertsson
- Magnús v. Magnúss.
- Ólafur Egilss.
- Pétur Benediktss.
- Pétur Eggerz

- Pétur Thorsteinn.
- Sigurður Bjarnason
- Sigurður Hafstað
- Sigurður Nordal
- Sveinn Pálsson
- Vilhjámur Finsen
- Þorleifur Thorlacius

23.

Helgi P. Briem:

- Fyrir utanríkisráðuneytið:
- Skjöl varðandi Ísland í skjalasöfnum á Bretlandi, í Danmörku, Svíþjóð, Bandaríkjunum NA og Þýskalandi.
- Kúrdar. Gögn tengd áhugamönnum um mál Kúrda. M.a. bréfaskipti við Rauða krossinn.
- "Kanadamenn":

Bréfritarar/svör:

- Áskell Löve
- Evelyn Stefanson Nef
- Ingibjörg Jónsson
- Richard Beck

"Starfið í Rvík" / utanríkisráðuneytið

Bréfritarar/svör H.P.B.:

- Agnar Kl. Jónss.
- Emil Jónsson
- Harraldur Kröjer
- Guðmundur I Guðmundss.
- Henrik Sv. Björnss.
- Jón Sigurðss.
- Niels P. Sigurðss.
- Pétur Eggerz

Utanríkisráðuneytið:

•Samkomulag H.P.B. um framhaldverkefni í Rvík 1960.

•Guðmundur I. Guðmundsson

Perónuleg gögn: Passamyndir, augnvottorð, fæðingarvottorð og ökuskríteini.

24.

Fasteignamál

Myndir

Reikningar Reykjavíkur apóteks

25.

Ásmundur Sveinss.: Drög að merki Útvegsbanka Íslands

Ljósmyndir

Frimúraramál

Teikningar:

Guðmundar Einarssonar. Ævifélagaskírteini H.P.B. í Ferðafél. Ísl.

Eftir þýskan listamann

Ýmsl. varð. fiskifulltr.á Spáni & sendifulltr. í Berlín

Gögn varðandi Briemsættina í Þýskalandi. Myndir; listar

Afrit úr: Ein sommer auf Island, eftir Kahle. Berlín 1900

Bréf /svör . M.a.

- Blum, Margaretha
- Blum; Hildegard
- Dervedde, Emma
- Heyn, Rolf
- Hübner, Gertrud
- Paul, Walgerdur
- Schüler, Gerda-Maria
- Schüler, Robert
- Schütz, E.H.
- Schütz, Gretelotte

Bréfaskipti H.P.B. og Jóhanns Briem listmálara. Ýmsl. varðandi mynd af Gunnlaugi G. Briem.

Listi yfir fiskinnflytjendur í Genúa. Ódags.

Skýrsla um fiskverslunarstarfið á Spáni og Þýskal. 1933-37.

Bréfaskipti við ríkisstjórnina. Bréfritarar:

- Ásgeir Ásgeirsson
- Haraldur Guðmundsson

26.

Helgi P. Briem:

- Um Ísland. Handritsdrög á sænsku. Ódags.
- Ræða á bókasýningu í Stokkh. Vérlit '53
- Ræða á bókasýn. í Noregi. Ódagsett vérlit
- Skýrsla til Stúdentaráðs um stúd.mót í Lundi '27. Vérlit
- Studentlivet í Island. Ræða/grein '27
- Samvinnutryggingar. Ódagsett handrit
- Hugmyndir útlendinga um Ísl., handr
- Minnisatriði - fyrirheit, Ódags. punktár

Íslenskir bréfritarar:

- Sigfús Elíasson
- Kristinn Guðmundss.
- Sigurgeir Sigurjónss.
- Kvörtun. ferðahóps Sunnu

Erl. bréfritarar/svör: Einkum Doris Briem

Ýmisl.: Myndir, úrklippur, vegabréf

27.

Helgi P. Briem:

- Dagbók / minnisbók
- Grein um skátastarfið., sennil. birt í Mbl.
- Minnisbók um skátastarfið.
- Skrá um námsbókakaup '22
- Útgjöld
- Vegabréf, smárit, dagbók
- Sjálfstæði Íslands. Ýmis útgáfukostnaður 1935-38

Bréf Álfheiðar Briem til Valtýrs Guðmundssonar, 1922. (Ekki sent).

Ísl. bréfritarar ./ svör

- Agnar Kl. Jónsson
- Auður Jónasdóttir
- Álfheiður Helgadóttir Briem

- Áslaug Sívertsen
- Áslaug Skúladóttir
- Birgir Möller
- Björn Kristjánsson
- Br. Tómasson
- Davíðs Stefánsson
- Eggert Ásgeirsson
- Eggert P. Briem
- Friede P. Briem
- Gerður Jónasdóttir
- Gils Guðmundsson
- Gísli Sveinss.
- Guðmundur Kamban
- Hagstofa Ísl.
- Haraldur (Seyðisf.)
- Helga Sigurðard.
- Ingim. Steinsson,
- Jóhann Hliðar
- Jóhann Sæmundsson
- Jón Beckmann
- Jón Björnsson
- Jón Helgason
- Jónas Jónss.
- Jónas Þorbergsson
- Kristinn Guðmundss.
- Lárus Fjeldsted
- Mímir, bókaverslun
- Páll Árdal
- Páll Ásgeirsson
- Páll Einarsson
- Pétur Benediktsson
- Pétur Thorsteinn.
- Ríkharður Jónsson
- Sigr. Skúlad. Briem
- Sveinn Björnsson
- Sveinn Sigurðsson
- Sæmundur Helgason
- Theodór B. Líndal
- Þorvaldur Þórarinnss.
- Þórdís Briem

Fjölskyldubréf: H.P.B., Doris & Álfh Sýlvía Br.

28.

Helgi P. Briem:

- Íslendingar í Ameríku. Úrelt handrit

- The Cod War. Sunday Times, '75
- Fisksöllumál í Evrópu. Fyrirlæstur f. alþingismenn. Ódags.
- Memorandum frá sendinefnd Ísl., Berlín. Á þýsku. '37
- Fisksöllumál.
- Ýmis bréf
- Fundargerð yfirfiskmatism. 1935. Þar voru og H.P.B. og Sveinn Árnason
- Bréf/svör H.P.B. m.a. til Runólfs Sigurðssonar

Íslenskir bréfritarar/svör:

- Auður Jónasd.
- Álfheiður Ólad.
- Álfheiður Sýlvía Briem,
- Ásgeir Ásgeirss.
- Áslaug Skúlad.
- Birgir Möller
- Bjarni Vilhjálmsson,
- Eggert Ásgeirsson
- Einar Jónsson
- Eiríkur Pálss
- Georgia Björnsson
- Gunnar Gunnarss.
- Gyðríður Pálsd.
- Hannes á horninu
- Helga Sigurðard.
- H.P.B.
- Jóna Einarsd.
- Kristján Albertss.
- Páll Árdal
- Páll Zophoniasson
- Pétur Thorsteinss.
- Richard Beck,
- Sigurst. Magnúss.
- Sveinn Björnsson,
- Vilhj. Finsen
- Þórdís Briem
- Þórhildur Helgas.

Myndir frá Ísl. og af sir Joseph Banks

Erlendir bréfritarar/svör m.a. Peter Hallberg,
Uno Willers og Sigurd Dundas

29.

Helgi P. Briem:

- Sigurður Sigurðsson búnaðarmálstj. Handrit að ævisögu.
- Hvar bjó Hrafna-Flóki? Vélr. handrit
- Um Papa á Íslandi. Birt 6.1.'76. Óvist hvar
- Híbýli á Íslandi. Fyrirl. Ódags. handrit. Gæti verið hluti af: Sinn er síður.
- Drög að fyrirl. f. V.Íslendinga. Ódag.
- Skáldsaga á ensku, handrit, drög/þýðing?
- Stjórnarskrárbreyt. og sambandslit. Vérlit að handrit, að auki ýmis drög.

Til utanríkisráðuneytisins m.a. um afhendingu ýmissa trúnaðarbréfa og samskipti Ísl. og Rússa. Höf. ekki getið.

- Íslenska vikan í Stokkhólmi 1951 Eiga Íslendingar að taka leigu af landi? Úrklippa. Mbl. 21.5.76
- Kanadíska reglan. Úrklippa.Mbl. 19.2.76
- Um Papa á Íslandi. Úrklippa Mbl. 16.1.76
- Landgrunnid og landhelgin. Úrk.l. Mbl.22.2.77
- Leiðbeiningar um kjöræðismenn. Mbl.20.7.80
- Þurfum við að óttast Skeiðarárhlaup. 6.8.71. Vérlit
- Um gjafir fátæka mannsins. Vérlit 14.2.76
- Um sjónvarpið. Til Velvakanda Mbl.14.2.75
- Gísli Sigurbjörnsson sjötugur. Vérlit. 29.10.77
- Fiðlusnillingu á miðilsfundi. Vérlit 14.5.76
- The Cod War. Sunday Times. 7.1.75
- Um þorskastríðið. Sent til birtingar í Time forum 9.3.76
- Hans Malmberg. Sent Mbl. 8.9.77.

30.

Helgi P. Briem: Ræður / fyrirlestrar / greinar

- Ráðstefnur Varðbergs 9.5.63 og 9.3.63
- Kanadíska reglan. Handrit, ódags.
- Forsaga Reykjavíkur. Rotary, '66
- Minni kvenna. Systrakvöld Frímúrara? 1970
- Drög að ýmsum fyrirlestrum.
- Þýsk þingmannahémsókn 7.9.73
- Kílarvikan 1960. Ræður o.fl.
- Utanríkisþjónustan, útvarpsþáttur 1972
- Portúgal, útvarpsrindi. Ódags. handrit

Guðspekimál

Frímúraramál

31.

Helgi P. Briem

- Fréttir frá Íslandi, 1-5, 1940-41. Tbl. 6-9 eru í tímaritasafni Lbs.

Guðrún Stefánsdóttir, minningargrein 1963.

Óvist hvar hún birtist.

Erlendir bréfitrarar. Einkum Knud Nielsen

Landkynningarljósmyndir

Frímúraramál

Guðspekimál3

32.

Helgi P. Briem:

- Íslensk myndlistarsýning í Stokkhólmi, 1952. Ræða við opnun -úrklippur
- Islänningar - bokvänner. Vérlitað, ódagsett
- Á 175 ára afmæli Vetenskaps- och vitterhetssamhället i Gautaborg. Ræða, 24.1.1953

- Hátíð Föreningen Norden, 11.4.53. Ræða í Ráðhúsinu í Stokkhólmi.
- Adenauer og Þýskaland. Útvarpsrindi 25.4.67.
- Svíþjóð og Ísland. Útvarpsfyrirlestur, 7.8.1949.
- Ferð á hreindýraslóðir 1961. Handrit/minnisgreinar.
- Til Egyptalands '58. Vérlituað ferðasaga

Íslenskir bréfitrarar/svör

- Eggert Ásgeirsson
- Helgi Péturs
- Leifur Bjarnason
- Páll Einarsson
- Pétur Benediktsson
- Sigurður Línal
- Vilhjálmur Briem

Gunnar Einarss. bókaútg. Þýdd grein eftir hann

Peningaseðlar

Litskyggnur H.P.B. Flug yfir Rvík og Þingv. '67

Guðspekimál

Frímúraramál

33.

Helgi P. Briem:

- Réttarstaða Íslands 1809. Fyrri og síðari hl. Ódags. vérlitað handrit.

34.

Bréfsþjóla og tóm umslög m. frímerkjum

35.

Bréf, einkum tengd Doris Briem

Íslenskir bréfitrarar/svör:

- Theodór B. Línal
- Þórhildur Briem Línal
- Bergljót Línal

- Halldór Hermannson

36.

Bréfspjöld og umslög m. frímerkjum

37.

Helgi P. Briem

- Um landhelgismál. Fyrirl. á ensku. Vélrit/óðags.

Doris Briem: Dagbók frá árinu 1936

Bréf/svör: Einkum tengd Doris Briem

Bréf/svör: Álfrheiður Sylvía Briem einkum tengt skólagöngu hennar.

Erlendir bréfritarar.

- M.a.: Sven B. F. Jansson.

Íslenskir bréfritarar/svör:

- Álfrheiður Briem
- Barbara Árnason
- Eggert P. Briem
- Friede Pálsd. Briem
- G. Helgason
- Gunnlaugur S. Briem
- Helga Krabbe
- Helgi Pálsson
- Helgi Tómasson
- Kristinn P. Briem
- Ríkharður Jónsson
- Sigríður Tómasdóttir
- Sigrún Briem
- Þórhildur Briem Líndal

38.

Ýmis gögn tengd Samningum Íslands

Ísl. bréfritarar/svör:

- Auður Jónasd.
- Árni Friðriksson
- Árni G. Eylands
- Áslaug Skúlad.
- Ásta Jónsd. Ásgeirss.
- Benjamín Eiríkss.
- Birgir Möller

- Bjarni Guðmundss.
- Búnaðarfélag Ísl.
- Eggert Ásgeirss.
- Eggert P., Sigr. Briem
- Eggert V. & Cathrine Briem
- Emil Jónss.
- Evelyn Stefanss. Nef
- Eysteinn Jónss.
- Gerður Jónasdóttir
- Guðm. Hlíðdal
- Gunnhildur Ólafsson
- Gunnl. E. Briem
- Gunnl. S. Briem
- Halldór K. Laxness
- Hálfán Bjarnas.
- Henrik Sv. Björnss.
- Ísleifur Briem
- Jón E. Vestdal
- Jón Jónss.
- Jón Krabbe
- Jónas Guðmundss.
- Kristinn P. Briem
- Kristj. G. Kristj.ss.
- Magnús V. Magnúss.
- Magnús Z. Sigurðss.
- Páll Árdal
- Páll Líndal
- Pétur Eggerz
- Pétur Ólafss.
- Reynir Karlsson
- Rich. Beck
- Sig. Þórarinss.
- Sigurbj. Einarss.
- Sigurður Nordal
- Skattstofa
- Stefán Einarss.
- Steinunn E. Briem
- Sveinn Ásgeirss.
- Theodór Líndal
- Tíminn. ritstj.
- Unnur Briem
- Utanríkisráðun.
- Úlfur Ragnarss.
- Valgarð Briem
- Valgerður Coghill
- Valla
- Viðskiptan.
- Valgarð Briem
- Valgerður Coghill

- Vilhj. Briem
- Þorl. Einarss.
- Þórdís Briem

Erl. bréfrít. m.a. Peter Hallberg, Hans Malmberg, Sven BF og Tuss Jansson. Bertil Olhlin, Rolf Nordenstreng

Ýmisl.: Mynd af Eggert G. Briem, fæðingarvottorð H.P.B., sögnskrá.l;

39.

Helgi P. Briem:

- List of illustrations tengt drögum að riti um vesturferðir hinar fyrstu.

Ísl. bréfritarar

- Arnbjörn Kristínsson
- Auður Sveinsdóttir
- Árni Friðriksson
- Árni G. Eggertsson
- Ásgeir Ásgeirsson
- Ásta Jónsd. Ásgeirsson
- Björn Arnórsson
- Eysteinn Jónsson
- Gísli Sigurbjörnsson
- Guðmundur Einarsson
- Guðmundur Kristjánsson
- Guðrún Bjarnason
- Halldór K. Laxness
- Hermann Jónasson
- Hjörtur Pálsson
- Jón Árnason bankastj.
- Jón Árnason prentari
- Jón G. Mariásson
- Jón Stefánss., Möðrud.
- Kristján Einarsson
- Kristmann Guðmundsson
- Magnús Kjaran
- Margrét Guðm.d. Malmberg
- Páll Þorleifsson
- Pétur Guðjónsson
- Ríkarður Jónsson
- Sigurður Helgason
- Sigurður Steinþórsson
- Sigurgeir Sigurðsson
- Steingrímur Þorsteins.
- Steinunn Bjarnad. Vasulka

- Sveinn Björnsson
- Sæmundur Helgason
- Trausti Einarsson
- Úlfur Ragnarsson
- Þorkell Jóhannesson

40.

Helgi P. Briem:

- Um Jónas Jónsson. Drög að minningargrein
- Curriculum Vitea, á þýsku
- Minnisgreinar:
- Frá Oslo '64 Ódags.
- Minnisgrein, '62
- Minnisg. um Danmarks Sjöterritorium o.fl. '27
- Úr bréfum Gísla Skúlas. til Jóns Helgasonar: Um Pál Briem í Khöfn
- Ástand Ísl. 1908-9. Minnisblöð
- Ways and means of reducing inequalities of income from the work of men and women. Ritg. m. athugas. kennara. Oxford? Ódags handrit
- Skrá yfir rit um sögu Danm. í heimsstyrjöldinni
- Ýmsar heimildir í sænskum söfnum
- Um rétt almennings. Punktur/danska

Ísl. bréfritarar/svör

- Agnar Tryggvason
- Álfheiður Briem
- Birgir Thorlacius
- Björn Jóhannesson
- Eggert Ásgeirsson
- Friðgeir Grímsson
- Friede P. Briem
- Magnús Magnússon
- Páll Ásgeirsson
- Sigurður Pétursson
- Sigurður Þórarinnsson
- Stefán Einarsson
- Sveinbjörn Jóns.
- Trausti Einarson
- Utanríkisráðun.

- Þorleifur Einarsson

Erlendir bréfritarar/svör.

M.a. Oscar Just og Max Adenauer.

41.

Helgi P. Briem

- Early ships. Um vesturferðir hinar fyrstu. Ameríka og landnám. Heimildir. Ódags. handrit.

42.

Helgi P. Briem:

- Fundur Ameríku og landnám: Ódags. vélritað handrit
- Traces of Christianity;
- Vefnaður;
- The human head.

43.

Helgi P. Briem:

- Fundur Ameríku. Ódags. vélritað ódags. handrit
- Ships;
- Serpent & Dragon; o.fl.

44.

Helgi P. Briem:

- Sjálfstæði Ísl. 1809, vélritað ódags. handrit.
- Bréf til Dagbl. Vísis. 20.4.1931
- Innflutningur-útflutningur-verslunarjöfnuður. Ódags. 1930? fyrirl.
- Íslands banker og sparekasser, ódags. handrit. (Gæti verið lokaprófsritgerð)
- Um Ísland og Íslendinga. Fyrirlestur á íslensku. Ódags. vélrit. Sennil. fluttur 1940.
- Um Ísland. Fyrirlestur á ensku. Ódags. handrit. 1933?

- Fjárhagsástand Íslandsbanka. Nefndarálit (H.P.B., Sveinbjörn Jónsson og Stefán Jóh. Stefánsson) til fjármálaráðherra. 26.2.30
- Bráðabirgðaskýrsla um mat á Íslandsbanka. Sömu höfundar. Sama dags.
- Bréf til yfirkjörstjórnar í Rvík. Ódags.
- Bréf til fjármálaráðherra, 1930
- Handskrifaðar athugasemdir við vörn í lögtaksmáli
- Frumvarp ríl laga um sjávarútvegsbanka Íslands og um Íslandsbanka.

Yfirlit um skuldir og eignir nokkurra fyrirtækja. Ósags. handrit.

Leiðbeiningar um fiskverkun 1933

Skýrsla Samvinnuskólans 1928-9

Stóra bomban, úrklippt grein Jónasar frá Hríflu í Tímanum 26.8.1930

Mynd frá Spáni, m.a. með Héðni Valdimarss.

45

Helgi P. Briem:

- Myndir, handrit, próförk: Iceland and the Icelanders.

46.

Helgi P. Briem:

- Handrit að: Suðurlönd. Ítalía, Portúgal, Malta o.fl.
- Bókamerki

47.

Helgi P. Briem:

- Geology, bls. 1-459. Vélritað handrit á ensku.
- Minnisatriði til frekari athugunar. Virðist H.P.B. vera að vinna að athugnu sinni 1949.

48.

Helgi P. Briem

- Geology of Iceland, framhald bls. 460-794 Vélritað handrit á ensku.

49.

Helgi P. Briem:

- Den största fridlysningen på jorden. Ódagsett handrit á sænsku
- Die Isländische Fischereigrenze. Vélritað handrit að grein. 7.9. '59
- Hafréttarmál. Vélrituð greinargerð á ensku. 7.9. '59
- Der Fischereikonflikt zwischen Island und England. Svar við grein. Die Weltwoche 14.11. '58.
- The Biggest Fish Conservation Scheme on Earth. Handrit á ensku. ódags.
- Statistík yfir fiskveiðar 1906-1952. Rannsókn H.P.B.. Handrit. Ódags. 1959?
- Úrklippur, erlendar, um landhelgismál.

Íslenskir bréfritarar/svör:

- Árni Friðrikss.
- Birgir Möller
- Utanríkisráðuneytið
- Niels P. Sigurðss.
- Guðmundur
- Í Guðmundsson

Útvafrsefni: Schinkler ræðir landhelgisdeiluna. Norddeutscher rundfunk. 1.9. '58

"Friðun miða". Stálskjöldur Ofnasmiðjunnar.

50.

Helgi P. Briem:

- Heimildir varðandi Sjálfstæði Íslands 1809. Möppur I-II
- Bréf Þjóðskjalasafns

51.

Helgi P. Briem:

- Three Murals in Mesoamerica. Vantar myndir. Vélritað handrit. Ódags.
- Die Isländische Landschaft, ódags. vélrit. Sennil. ræða flutt á sýningu málarans Oskar Just í Hamborg '61.
- Veislugestir '54-'55. Minnisbók frá Stokkhólmi
- Veislugestir '57-'60, Minnisbók frá Þýskalandi.
- Briemar í Þýskalandi. Úrklippur Bréfritarar Gerda Maria Schüler, E. Ehrentraut, Gretelotte Schütz.

Íslenskir bréfritarar:

- Eggert Ásgeirsson - einkum v. innrétingar íbúðar Sólheimum 23, R.
- Sigurður Helgason
- Utanríkisráðuneytið, lausnarbréf

Erlendir bréfritarar. M.a. Oskar Just, Maurice Barbanel, Theodor Heuss

Bréfaskipti v. öflunar heimilda um fund Ameríku

Barnabréf

52.

Helgi P. Briem:

- The Changing Iceland. Vélritað handrit til prentunar. Formáli f. enskri útg. ljósmyndabókar Hans Malmberg um Ísland
- Die Entdeckung Americas durch die Isländer. Fyrirlestur í Giessen 6.7.60
- Viking Remains in America. Fyrirlestur í Íslendingafél. New York, apríl '43
- Minnisbækur, /seðlar og úrklippur varðandi Pál Briem og fjölskyldu

Íslenskir bréfritarar/svör

- Ólafur Thors. Bréfaskipti 1956.
- Sigurður Þórarinnsson og bréf tengd honum '57
- Thor Thors. Bréfaskipti þeirra H.P.B. og hans 1943.
- Þorvaldur Þórarinnsson og bréf tengd honum '42-'43

Briemar í Þýskalandi

Guðspekimál

Vinnukonumál ca. '69

53.

Helgi P. Briem:

- Vilhjálmur Stefánsson.: ógleymanl. maður. Vélr. handr. Gögn um hann, m.a. bréfaskipti v. hann og Evelyn Stefánsson (Nef).
- Utanríkisþjónustan í myndun. Ódags.. handr.
- Er Hverfjall eldfjall? Vélr. handr. Gr. Náttúrufræðingur '61?, enskt ágríp.

Ólafur Jóh. Sigurðsson. gögn er hann varða.

Utanríkisráðun. bréfaskipti H.P.B.. Bréfrít. og svör:

- Bjarni Benediktss.
- Emil Jónss.
- Eysteinn Jónss.
- Guðm. Í. Guðmundss.
- Haraldur Guðm.s.
- Hermann Jónass.
- Kristinn Guðms.
- Sigurður Hafstað
- Stefán Jóh. Stefánss.,

Skeyti, athugas., reikningsski

Skjaldarmerki Gunnl. sýslum Briem, skýringar, teikningar.

Guðspekimál

Frímúraramál

54.

Helgi P. Briem

- Handrit ævisögu Sigurðar Sigurðss. búnaðarmálastj., ódags. handr., minnispunktar

Ísl. bréfritarar/svör:

- Finnur Sigmundss.,
- Guðm. Hliðdal
- Hólmfríður Péturss.,
- Ingibjörg Stefánsd.,
- Jónfríður Þorleifsd.
- Pétur Eggerz,
- Sveinbjörn Finss.,
- Sæm. Helgas.,
- Utanríkisráðun.,
- Þór Magnúss.,

Landhelgismálið; ýmislegt; drög; minnispunktar;

Landhelgismálið: bréf, greinar til blaða, úrklippur.

Myndir

Landhelgismálið / utanríkisráðun. bréfask.:

- Agnar Kl. Jónss.,
- Bjarni Guðmundss.,
- Guðm. I. Guðmundss.
- Hannes Jónss.,
- Henrik Sv. Björnss.,
- H.P.B.
- Utanríkisráðun. Þýskal,

Erlendir bréfritarar/svör.

55.

Helgi P. Briem:

- Frímúraramál: Fyrirlestrar H.P.B.; danskt efni um málið.
- Guðspekimál

56.

Landhelgismálið, ýmis gögn

Erlendir bréfritarar/svör

Myndir

Frímúraramál; guðspekimál.

57.

Helgi P. Briem:

- Minnisblöð og ræðupunktur

Fjölskyldubr., einkum v. fjölsk. Doris Briem

Bréfaskipti: Doris og Álfheiðar Sýlvía Briem.

Erlendir bréfritarar/svör m.a. frá Sigurd Dundas

Utánríkisráðuneytið, embættisbréf:

Greinargerðir H.P.B. og skýrslur sendiráðs.

Grein Ásgeirs Ásgeirssonar

Minnisblöð og trúnaðarbréf

Bréfritarar/svör:

- Agnar Kl. Jónss.
- Áslaug Skúlad.
- Birgir Thorlacius
- Bjarni Benediktsson
- Bjarni Guðm.s.
- Hannes Kjartanss

Ísl. bréfritarar/svör:

- Álfheiður Briem
- Árni Friðrikss
- Áslaug Skúlad.
- Barbara Árnason
- Benedikt Gröndal
- Eggert Ásgeirss.
- Eggert P. Briem
- Friðrik Á. Brekkan
- Friede P. Briem
- Georgja Björnss.
- Gyðriður Pálsd.
- Halldór K. Laxness
- Helgi Hjörvar
- Jón Júlíuss.
- Jón Löve
- Jónas Jónss.
- Jónfríður Þorleifsd.
- Krist Guðnason
- Kristján Eldjárn
- Magnús Á. Árnas.
- Pétur Sigurgeirss.,

- Sigríður Briem
- Stefán Einarss.
- Steing. Guðmundsd.
- Sveinn Björnsson
- Theodór Líndal.
- Þórdís Briem

58.

Íslenskir bréfritarar/svör:

- Álfheiður Briem
- Baldvin
- Bened. Sveinss.
- Eggert P. Briem
- Friðrik Á. & Estrid Brekkan
- Friede P. Briem
- Gulli
- Gunnar Árnas.
- Helga Krabbe
- Helga Siguðard.
- Helgi Páls.
- Helgi Tómass. & Kristín
- Ingibjörg Björnsd.
- Jón Helgas.
- Jón Krabbe
- Jóna Einarssd. Vestmann
- Jónas Jónss.
- Jónas Jósteins.
- Kristinn Guðmundss.
- Kristinn P. Briem
- María Helgason
- Páll Ásgeirss.
- Páll Þorleifss.
- Rannveig Þorsteinsd.
- Sigríður Dagbjartsd.
- Sigríður Tómasd.
- Sigurður P. Sívertsen
- Sigurður Sigurðss.
- Sigurður Thorlacius
- Sigurgeir Friðrikss.
- Stefán Einarss.
- Sveinn Björnss.,
- Theodór Líndal
- Tove Kjarval
- Valdimar Þórðarson
- Valgard Claessen
- Þórdís Briem
- Þórhildur Briem Líndal

59.

Bréf til Doris Briem einkum frá fjölskyldu hennar á Englandi.

60.

Bréf frá Helga P. Briem til Doris Briem 1928

61.

Bréf frá Helga P. Briem til Doris Briem 1929.

62.

Helgi P. Briem

- Viðskipti. við Ráðstjórnarríkin. Skýrsla, Khöfn. 1936. Vélrit, 18 síður
- Diskontoens Indflydelse på Vexelkursen, '24. Skrifað fyrir Axel Nielsen, 25.2.'24 (A.N. var prófessor H.P.B.; hafði fengið verkefni frá Jóni Þorlákss. fjármálaráðh. Fékk HPB til hjálpar.
- Bréf H.P.B. til Mbl. og Tímans um þorsktungu.
- Utanríkisþjónustan og fiskfulltrúinn. Bréf/drög. Portúgal.

Ýmis bókfærslugögn

Gögn varðandi fiskfulltrúastarf H.P.B.:

Fskversl. í S-Evr. Skýrsla Helga Guðmundss.:
Um starf hans sem fiskfulltrúa 1929-31.

Skipunarbréf

Erindisbr. v..fiskfulltr.starfs.

Reikningar og útl. Kostnaður.

Bréf, myndir o.fl. v. heims. Ólafs Thors til Þýskalands '55

Doris Briem, bréfaskipti hennar og H.P.B. - myndir.

63.

Íslenskir bréfritarar/svör: '39-42.:

- Augusta Thomsen
- Áskell Löve
- Erlendur Paturss.
- Fél. stúdenta í Khöfn
- Geir R. Tómass.
- Guðni Þorsteinss.
- Gunnar Gunnarss.
- Halldór Laxness
- Hálfán Bjarnas.
- Helga Gad
- Helga Keil
- Högni Björnss.
- Ingim. Steinss.
- Íslendingar í Leipzig
- Jón Árnas.
- Jón Helgas. Biskup
- Jón Helgason próf.
- Jón Leifs
- Jóna Einarsd. Vestmann
- Jónas Jónss.
- Karl Kroner,
- Kristín Thoroddsen Kress
- Kristján Albertss.
- Kristján Einarss.
- Kyle Paturson
- L.H.Möller
- Leifur Möller
- Lóa Wennerström
- Marie Helgas.
- Magnús Víglundsson
- Matthías Þórðars.
- Ó. Proppé
- Ólafur Eiríkss.
- Páll og Inger Helgason
- Páll A. Pálss.
- Páll Einarss.
- Páll Líndal
- Pálmi Hanness.
- Regína Bjarnad.
- Salome Nagel
- Sigurðsson, frú
- Sigurður Jónasson
- Sigurður Skagfield
- Sigurður Þórarinss.
- Sigurður Þórarinsson
- Stefán Þorvarðars.
- Stefán Jóh. Stefánsson
- Steinunn Briem

- Tove Kjarval
- Tómas Zoëga
- Tryggvi Briem
- Tryggvi Sveinbjörnss.
- Úlfur Gunnarss.
- Viggó Zadig
- Viggó Zadig
- Þorvarður Jón Júlíuss.
- Þórarinn Jónss. (lagstúfur)
- Þórður Albertss.
- Ögmundur Jónsson

- Helgi Guðmundsson
- Jakob Jónss.
- Jóhannes Áskelss.
- Jón Baldvinsson
- Jón Krabbe
- Jónfríður Þorleifsd.
- Óskar Guðlaugss.
- Páll Þorleifss.
- Stefán Þorvarðarson
- Þorkell Jóhanness.
- Þórdís Briem

64.

Helgi P. Briem:

- Klukkan tvö þann 10. jan. 1809 (Jörundur), ódags. Vérlit.
- Um Jónas Jónsson, ódags. Vérlit.
- Seðlaútgáfa. Handritsdrög að bréfi til fjármálaráðherra (1931?)
- Bréf skattstofunnar, vélritað handrit að blaðagrein, 16.3.1929
- The Income Tax in Germany during the Inflation. Vérlit ásamt bréfum til Kings College, '27-28
- "Cooper: The right to fly". Um loftferðasamning USA og Ísl. Vérlit 27.1.1945
- "Bernhard Shaw nóbelsverðlaunaður". Vérlitað, ódags. Handrit. Vantar niðurl.
- Styrkumsóknir o.fl.
- Skattframtal.
- Ýmsir minnispointar, drög, skýslur o.fl.

Erl. bréfaskipti

Doris Briem skrifar H.P.B. 1928-29

Ísl. bréfitrarar/svör:

- Álfheiður Sýlvía Briem
- Eggert P. Briem
- Eysteinn Jónsson
- Friede P. Briem
- Halldór Ó Jónss.
- "Hannes á horninu"

65.

Helgi Briem og Doris Briem: Bréfaskipti

Erlendir bréfitrarar/svör

Doris Briem:

- Minnisbók '19;
- atvinnuleysisbók '28-29;
- flokksskírteini '24

Íslenskir bréfitrarar:

- Barbara Árnason
- Birna Hjaltested
- Eggert P. Briem
- G. Helgason.
- Guðbjörg Bjarnad.
- Guðrún Stefánsd.
- Jóna Einarsd. Vestmann
- Jónfríður Þorleifsd.
- Theodór B. Líndal
- Þór Whitehead
- Þórhildur Briem Líndal

66.

Bréf Doris Briem til H.P.B., einkum 1928

67.

Erlendir bréfitrarar, einkum vinir og fjölskylda
Doris Briem

Bréfaskipti Doris Briem og H.P.B.. '27, '37-38

Íslenskir bréfitrarar:

- Álfheiður Sýlvía Briem
- Jón Guðmundss.

- Kristinn Guðmundss.
- Sigurður Steinþórs

68.

Helgi P. Briem:

- Um ríkisfjármál. Ódags. handrit á ensku
- Háskólar í Þýskal., handrit, ódags.
- Wembleysýningin. Ódags. drög
- Hagfræði. 1.-2. kafli. Ódags./véfrit
- Lágengi og fitun krónunnar. 18.7. Ár vantar. Blaðgrein send Mbl?
- Lágengi - blaðgrein. Tíminn?, des. 1923

Myndir

Ýmis gögn, vegabréf, drög að umsókn um starf hjá ILO, minnisseðlar.

Erlendir bréfritarar.

H.P.B. til Doris Briem '26-27, '29,'33-34.

Doris Briem til H.P.B.

Íslenskir bréfritarar:

- Eggert P. Briem
- Einar Baldvin Guðmundsson
- Gunnlaugur Björnss.
- Helgi Hálfánarson
- Helgi Pálss.
- Kalli/Svenni
- Karl Sig. Jónasson
- Sigurður Birkis

69.

Helgi P. Briem:

Ýmislegt:

- Styrkveitingar
- Þátttökuskirteini
- Innritunarvottorð

Íslenskir bréfritarar:

- Aðalbjörg Stefánsdóttir
- Álfheiður Briem

- Benedikt Sveinss.
- Eggert P. Briem
- Einar Olgeirsson
- Friðrik Á. Brekkan
- Friede P. Briem
- Guðrún Stefánsd.
- Gunnar Gunnarss.
- Helga Krabbe
- Jónas Jónss.
- Helgi Tómasson
- Kristinn Guðmundss.
- Kristinn P. Briem
- Óskar Þórðarson
- Páll Þorleifss.
- R. Halldórss.
- Rannveig Þorsteinsd.
- Sigr. Tómasd.
- Sigurður Sigurðss.
- Skúli Skúlas.
- Theodór B. Líndal
- Tove Kjarval
- Þórdís Briem
- Þórhildur Briem Líndal

70.

Íslenskir bréfritarar:

- Álfheiður Helgadóttir Briem
- Álfheiður Sýlvía Briem
- Ásgeir Pétursson
- Benedikt Sveinss.
- Doris Briem
- Eggert P. Briem
- Friede P. Briem
- Guðrún Stefánsd.
- Jón Sverriss.
- Jónas Jónss.
- Jónas Jónss.
- Jónas Jósteinss.
- Kristinn Guðmundss.
- Kristján Blöndal,
- Matthías Þórðars.
- Óskar Guðlaugss.
- Runólfur Sigurðss.
- Sigríður Tómasd.
- Sigurgeir Friðrikss.
- Steinunn Pétursd. Briem
- Svenni og Kalli
- Theodór B. Líndal

- Þórhildur Briem Líndal

Erlendir bréfr., einkum til og frá Doris Briem

Ýmisli.: Umsóknir, myndir

71.

Helgi P. Briem:

- Discuss and Criticise a) The Subsistence Theory of Wages b) The Wages fund Theory
- Punktur, sennil. úr þyskum fyrirlestrum
- Punktur um samábyrgð, v. skrifa Mbl.
- Íslendingaheimili í Höfn, drög að tillögu
- Wages Fund Theory, enska
- Den første Dag i Oxford. Handr., þýð?
- Sósíalismi í Þýskalandi o.fl., drög.
- Ferðasaga frá Bretlandi, drög.
- Stúdentahæimili í Khöfn, ódags. drög að framsögu?
- I hvad Mon kan en Reduktion af Statens Udgifter afhjælpe Produktionskrisen, vélr.
- Ýmislegt: Stundatafla
- Úrklippur
- Höf. óþekktur: Saltfiskþvottur/verkun
- Ráðstefnulistu norræns blaðamannaf. H.P.B. fulltrúi Tímans.

Fundarboð Fél. stúdenta í Khöfn. H.P.B. ræðir: Stælufundir.

Saltfiskþvottur - handrit. Höf. óþekktur.

72

Helgi P. Briem:

- Á Ísland að ganga í þjóðabandalagið? Ræða?
- Nationalism. Skólaritg. m. gagnrýni kennara
- Skattamál, hluti ræðu, 10.1.'29
- Uppskriftir

Íslensk sagnablöð II

Lovsamling for Island, 7.

Erlendir bréfritarar

Bréf Doris Briem til H.P.B. 1933" Ýmis drög.

73.

Helgi P. Briem:

- Þjóðræknisþing, Winnipeg 1945
- Íslendingamót, ræða, New York, 1945
- Saltfiskur. Mat, flokkun. '31. Höf. óþekktur.
- Náttúrufræðingurinn Olaf Rudbeck. Handrit, 11.6.'26. Svíþjóð
- Málariinn Anders Zorn
- Minnisbók, '25-'26, persónul fjármál

Álfheiður Sylvía Briem, skjöl, bréf til for.

H.P.B. og Doris Briem: Bréfaskipti

Erlendir bréfr.-einkum v. Doris Briem

Erlendi bréfritarar

Íslenskir bréfritarar:

- Aðalheiður
- Agnar Kl. Jónsson
- Álfheiður Briem
- Árni Friðriksson
- Árni Skúlason
- Áslaug Skúlad.
- Bened. Sveinss.
- Bergljót Líndal
- Eggert P. Briem
- Eggert Steinþórss.
- Fasteignæig. fél. Rvíkur
- Friðgeir Ólason
- Friðrik Á. Brekkan
- Gerður Jónasd.
- Gígja Börnss.
- Guðm. Hlíðdal
- Gunnar Árnas.
- Hans G. Anders.
- Helgi Tómasson
- Herm. Jónass.

- Jón Krabbe,
- Jóna Einarsd.
- Jónas Jónss.
- Jónas Jósteinnss.
- Jónfríður Þorleifsdóttir
- Krist Guðnason
- Kristinn Guðmundss.
- Lauga
- O. Ólafss.
- Páll Þorleifss.
- Páll Þormar
- Ragnhildur Ólafsson
- Sigríður Skúlad. Briem
- Soffonias Þorkelss.
- Theodór B. Líndal
- Vigdís Steingrimsdóttir

74.

Helgi P. Briem:

Minnisbók um bréfaskeipti: Íslendingar á meginlandinu 1941-2

Erl. bréfritarar, einkum til Doris Briem

Ísl. bréfritarar/svör:

- Álfheiður Briem
- Björn Bjarnas.
- Eggert P. Briem
- Einar Bendiktss.
- Friede Pálsd. Briem
- Hans Erlendur Kroner
- Jón Jónss.
- Magnús Víglundss.
- Sigurjón Péturss.
- Victor Urbancic
- Þórdís Briem

75.

Bréfaskeipti H.P.B. og Doris Briem.

76.

Bréf Doris Briem til Helga P. Briem 1926-27

77.

Helgi P. Briem:

- •Minnispunktar / drög
- •Tafla á ensku um þjóðfélagsmál og samvinnustarf. Væntanl. skólaritg. m. leiðr. kennarar. Ódags.
- Politica Theory - ódags. drög
- Ferð um Mið-Svíþjóð, Eimreiðin '25. Einnig handrit
- Bréf til ritstjóra blaðs um greiðslur til sjómanna
- Lýsing á Albert Einstein. Virðist H.P.B. hafa sótt fyrir. AE. í Berlín.
- Bókalisti
- Punktar, kvæðisuppskrift

Doris Briem: Minnisbók 1927

Erlendir bréfritarar, einkum til Doris Briem.

Áskorun 1863 um kirkju í Hafnarf. til Helga

Hálfðánarsonar Garðaprests.

Fjölskyldubr., m.a. frá H.P.B. til Doris Briem,

Rvík '33 og Khöfn '37

Íslenskir bréfritarar:

- Álfheiður Briem
- Bibi Eskildsen
- Eggert P. Briem
- Friede P. Briem
- G. Helgas.
- Helga Krabbe
- Helgi Pálss.
- Jón Krabbe
- Jónas Jónss.;
- Kristinn Guðmundss.,
- Páll Þorleifss.
- Richard Beck
- Sigurður Helgas.
- Sigurður Sigurðss.
- Sigurður Thorlacius
- Skúli Skúlas.
- Sveinn Björnss.
- Sverni og Kalli
- Tove Kjarval
- Valdimar Þórðars.
- Þórdís Briem
- Þórhildur Briem Líndal

Óþekktir bréfritarar (3)

Fjölskyldubréf, m.a. frá H.P.B. til Doris Briem frá Rvík '33 og Khöfn

- Skógrækt ríkisins
- Utanríkisráðun.
- Þorleifur Thorlacius

78.

Helgi P. Briem:

- Samningur um húsnæði í Stokkh.
- Gögn varðandi Péturs Eggerz

Smásaga, höf. óþekktur.

Erlendir bréfritarar og svör, m.a. Maj Lijs Homberg og Sven BF Jansson

Ísl. bréfrít. /svör:

- Agnar Kl. Jónss.
- Agnar Tryggvas.
- Annie Helgas.
- Auður Jónasd.
- Álfheiður Briem
- Ásgeir Ásgeirss.
- Áslaug Skúlad.
- Barabara Árnas.
- Birgir Möller
- Birgir Thorlacius
- Dóra Þórhallsdóttir
- Eysteinn Jónss.
- Ferðaskrifst. Ísl.
- Friðrik Ólafss.
- Grétar Fells
- Guðmundur Einarss.
- Gunnar Árnas.,
- Gunnar Bjarnas.
- Gylfi Þ. Gíslas.
- Hannes Kjartanss.
- Hákon Bjarnas.
- Hermann Jónass.
- Jón Helgas.
- Jón Jónss.
- Jóna Einarsd.
- Kristinn Guðmundsson
- Magnús V. Magnúss.
- Magnús Z. Sigurðss.
- Niels P. Sigurðss.
- Ólafur Jóhann Sigurðss.
- Ólafur M. Ólafss.
- Sigurður Nordal,

79.

Helgi P. Briem:

- Nýársávarp í ríkisútvaprinu, '57

Ræða í Lübeck, ódags.

Ræða í Sviss, 26.3. '57

Ritdómur um Iceland eftir Þorstein Þorsteinsson, Eimeriðin '27

Opnun málverkasýningar í München, 14.4.'56

Ritdómur á þýsku um íslenska kaflann í Länderlexikon, 1956

Úrklippur Afmælisgrein um H.P.B., Vísir 1962, ritdómur um bók H.P.B., Samtíðin 1951

Erlendir bréfritarar (aðall. til Doris Briem)

Íslenskir bréfritarar/svör:

- Haraldur Bessas.,
- Henrik Sv. Björnss.
- Magnús V. Magnúss.,
- Páll Árdal,
- Richard Beck,
- Sigurður Þórarinnss.,
- Sveinn Þórðars.,
- Úlfur Ragnass.,
- Vilhjálmur Þ. Gíslas.,
- Vilhjálmur Þór,
- Þorkell Jóhanness.,

80.

Helgi P. Briem

- Um eyðingu Vestribyggðar á grænlandi, ódags. vérlit. Ætlað Lesbók Mbl. '79
- Vilhjálmur Stefánss., minning, 1962
- Röng aðferð við mótmæli v. Norðm., Dagblaðið, ágúst '79,
- Hvernig ég sannfærðist (um spiritisma), ódag. vérlit

Íslenskir bréfritarar:

- Artie Helgason
- Auður Jónasd.
- Áskell Löve
- Áslaug Skúladóttir
- Eggert P. Briem
- Guðmundur Jörgenss.
- Guðmundur Kristinss.
- Guðrún Bjarnad. (Arnþrúður frá Felli)
- Gunnar Guðbjartss.
- Haraldur Krójer
- Ívar Guðmundss.
- Jón L. Þórðars.
- Jóna Einasd.
- Jónfríður Þorleifsd.,
- Lúðvig Guðmundsson
- Nikulás Jónss.
- Oddgeir Jóhanns.
- Ólafur Egilss.
- Pétur Sigurðss.
- Sigurður Helgas.
- Sigurður Þórðars.
- Sigurveig Guðmundsd.,
- Þór Whithead

- Þórhildur Briem Líndal
- Örygur Hálfánars.

81.

Annie Whithead Bielecka: Grein um Doris Briem í Ruskin Fellowship Magazine, Nóv. 1995 (ásamt bréfaskiptum)

Fjölskyldubréf einkum nánasta fjölskylda og vinir Doris Briem

Íslenskir bréfritarar:

- Aðalbjörg Ásgeirsdóttir
- Álfheiður Briem
- Álfheiður Sylvía Briem
- Guðmundur Jörgenson

Helgi P. Briem til Doris, m.a. 1938 og 1951

Þórdís Briem

82.

Umslög með frímerkjum

83.

Orðuskjöl, skipana og lausnarbréf í embætti